Stjórnartíðindi
2000 - C-deild

Útgáfa 2.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu

Gallar á bls. V, 24, 169, 207, 303, 349, 393, 461, 626, 639, og 642-643.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

STJÓRNARTÍÐINDI

2000

C-DEILD



REYKJAVÍK 2003

GUTENBERG

Útgefandi: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið.

Efnisyfirlit

í tímaröð.

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
1	21. jan.	Auglýsing um samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) ásamt breytingum	1-96
2	21. jan.	Auglýsing um breytingu á samningi um réttindi barnsins	97
3	21. jan.	Auglýsing um Haag-samning um vernd barna og samvinnu varðandi ættleiðingu milli landa	97-112
4	23. feb.	Auglýsing um breytingar á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu og nýjan viðauka I við samninginn	112-120
5	23. feb.	Auglýsing um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins	120-123
6	23. feb.	Auglýsing um uppsögn alþjóðasamnings um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar	123
7	23. feb.	Auglýsing um uppsögn alþjóðasamnings um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar	123
8	10. mars	Auglýsing um samning um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati, vottorðum og merkingum milli Nýja-Sjálands og Íslands, Liechtenstein og Noregs	123-137
9	6. júní	Auglýsing um bókun við alþjóðasamning um hleðslumerki skipa	137
10	6. júní	Auglýsing um bókun við alþjóðasamning um öryggi mannslífa á hafinu	137
11	6. júní	Auglýsing um viðbótarsamning við samning um flutning dæmdra manna	138-142
12	6. júní	Auglýsing um Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn	143-235
13	6. júní	Auglýsing um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana	236-241
14	28. júní	Auglýsing um bókun um stjórnun veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum í Norðaustur-Atlantshafi á árinu 2000	241-245
15	28. júní	Auglýsing um samning við Færeyjar um stjórn veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum á árinu 2000	245-246
16	28. júní	Auglýsing um samkomulag við Noreg um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands, efnahagslögsögu Noregs og fiskveiðilögsögu Jan Mayen á árinu 2000	247-248
17	28. júní	Auglýsing um samkomulag við Rússland um veiðiheimildir innan efnahagslögsögu Íslands á árinu 2000	248-249
18	28. júní	Auglýsing um samning við Færeyjar um fiskveiðar innan íslenskrar og færeyskrar lögsögu á árinu 2000	250-253
19	28. júní	Auglýsing um samning við Noreg um ívilnandi tollkvóta fyrir tilteknar vörur sem falla undir svið landbúnaðar	253-256

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
20	28. júní	Auglýsing um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 156 um jafna möguleika og jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu: Starfsfólk með fjölskylduábyrgð	257-263
21	28. júní	Auglýsing um samning sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gera með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	263-273
22	28. júní	Auglýsing um samning sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gera með sér um að koma á réttindum og skyldum milli Írlands og Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar og Íslands og Noregs hins vegar á þeim sviðum Schengen-gerðanna sem taka til þessara ríkja	273-277
23	28. júní	Auglýsing um samning um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn	278-381
24	10. júlí	Auglýsing um samning um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati, vottorðum og merkingum milli Ástralíu og Íslands, Liechtenstein og Noregs	381-394
25	8. ágúst	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	395-415
26	20. sept.	Auglýsing um samning við Rússland um samstarf á sviði sjávarútvegs	416-421
27	20. sept.	Auglýsing um samstarfssamning þeirra ríkja sem eru aðilar að Schengen-samkomulaginu og Schengen-samningnum og Íslands og Noregs um afnám persónueftirlits á sameiginlegum landamærum	421-428
28	16. okt.	Auglýsing um þróunarsamvinnusamning við Úganda	429-438
29	16. okt.	Auglýsing um breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT	438-456
30	29. nóv.	Auglýsing um bráðabirgðasamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu	456
31	29. nóv.	Auglýsing um breytingar á bókunum við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls	457-671
32	29. nóv.	Auglýsing um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna	672-675
33	31. des.	Auglýsing um breytingu á samningi um afnám vegabréfsáritana milli Íslands og Lettlands	675
34	31. des.	Auglýsing um tvísköttunarsamning við Tékkland	675-695
35	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Eistlands	696
36	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Lettlands	696

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
37	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Litháens	697
38	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Marokkós	697
39	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands	698
40	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu	698
41	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóvakíu	699
42	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Slóveníu	699
43	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tékklands	70ʊ
44	31. des.	Auglýsing um breytingar á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Tyrklands	700
45	31. des.	Auglýsing um breytingu á fríverslunarsamningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands	701
46	31. des.	Auglýsing um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum á árinu 1999	701-731
47	31. des.	Auglýsing um gildistöku ákvarðana sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingar á EES-samningnum sem teknar voru með stjórnskipulegum fyrirvara samkvæmt 103. gr. samningsins á árinu 1998	732
48	31. des.	Auglýsing um framlengingu Norðurlandasamnings um aðgang að æðri menntun	733

STJÓRNARTÍÐINDI C1 – 2000

21. janúar 2000 1 Nr. 1

AUGLÝSING

um samning um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES) ásamt breytingum.

Hinn 3. janúar 2000 var utanríkisráðuneyti Sviss afhent aðildarskjal Íslands vegna samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu sem gerður var í Washington 3. mars 1973 og vegna breytinga á samningnum sem gerðar voru í Bonn 22. júní 1979 og Gaborone 30. apríl 1983. Alþingi hafði með ályktun 14. desember 1999 heimilað að Ísland gerðist aðili að samningnum og breytingunum.

Samningurinn og breytingin frá 1979 öðluðust gildi að því er Ísland varðar 2. apríl 2000. Tilkynnt verður um gildistöku breytingarinnar frá 1983 síðar.

Samningurinn með breytingunni frá 1979 er birtur sem fylgiskjal 1 með auglýsingu þessari og breytingin frá 1983 sem fylgiskjal 2.

Ísland gerði fyrirvara við samninginn samkvæmt a-lið 2. tölul. 23. gr. samningsins og eru þeir birtir sem fylgiskjal 3 með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 21. janúar 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.

Undirritaður í Washington D.C. 3. mars 1973.
Breytt í Bonn 22. júní 1979.

Samningsríkin:

viðurkenna að villt dýra- og plöntulíf í öllum hinum fögru og mismunandi myndum sínum sé óaðskiljanlegur hluti hinnar náttúrulegu lífkeðju jarðar sem ber að vernda fyrir þessa kynslóð sem og komandi kynslóðir,

gera sér ljóst stöðugt vaxandi gildi villts dýra- og plöntulífs frá fagurfræðilegum, vísindalegum, menningarlegum, frístunda- og hagfræðilegum sjónarmiðum,

viðurkenna að þjóðir og ríki eru og eiga að vera best til þess fallin að varðveita villt dýra- og plöntulíf sitt,

CONVENTION
on International Trade in Endangered Species of Wild Fauna and Flora

Signed at Washington, D.C., on 3 March 1973
Amended at Bonn, on 22 June 1979

The Contracting States,

Recognizing that wild fauna and flora in their many beautiful and varied forms are an irreplaceable part of the natural systems of the earth which must be protected for this and the generations to come;

Conscious of the ever-growing value of wild fauna and flora from aesthetic, scientific, cultural, recreational and economic points of view;

Recognizing that peoples and States are and should be the best protectors of their own wild fauna and flora;

viðurkenna einnig að alþjóðleg samvinna sé nauðsynleg til að vernda vissar tegundir villtra dýra og plantna gegn ofnýtingu af völdum alþjóðlegrar verslunar,

eru sannfærð um að brýnt sé að gera viðeigandi ráðstafanir til að þessum markmiðum verði náð, og

hafa komið sér saman um eftirfarandi:

1. gr.

Skilgreiningar.

Í samningi þessum merkir, nema samhengið segi til um annað:

a. „tegund“ sérhverja tegund, undirtegund eða landfræðilega aðskilið afbrigði hennar;

b. „eintak“:
i) sérhvert dýr eða plöntu, hvort sem er lifandi eða dauða;
ii) ef um er að ræða dýr, hvað snertir tegundir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka, sérhvern auðþekkjanlegan hluta eða afleiðslu þeirra og hvað snertir tegundir sem tilgreindar eru í III. viðauka, sérhvern auðþekkjanlegan hluta eða afleiðslu þeirra sem tilgreind er í III. viðauka í tengslum við þær tegundir; og
iii) ef um er að ræða plöntu, hvað snertir tegundir sem tilgreindar eru í I. viðauka, sérhvern auðþekkjanlegan hluta eða afleiðslu þeirra og hvað snertir tegundir sem tilgreindar eru í II. og III. viðauka, sérhvern auðþekkjanlegan hluta eða afleiðslu þeirra sem tilgreind er í II. og III. viðauka í tengslum við þær tegundir;

c. „verslun“ útflutning, endurútflutning, innflutning og aðflutning úr sjó;

d. „endurútflutningur“ útflutning á sérhverju eintaki sem áður hefur verið flutt inn;

e. „aðflutningur úr sjó“ innflutning á eintaki af sérhverri tegund sem tekin hefur verið úr sjó utan lögsögu ríkja;

f. „vísindalegt stjórnvald“ vísindalegt stjórnvald ríkis sem tilnefnt er í samræmi við 9. gr.;

g. „umsjónarstjórnvald“ stjórnvald ríkis sem tilnefnt er í samræmi við 9. gr.;

h. „aðili“ ríki sem þessi samningur hefur öðlast gildi gagnvart.

Recognizing, in addition, that international cooperation is essential for the protection of certain species of wild fauna and flora against overexploitation through international trade;

Convinced of the urgency of taking appropriate measures to this end;

Have agreed as follows:

Article I

Definitions

For the purpose of the present Convention, unless the context otherwise requires:

a) “Species” means any species, subspecies, or geographically separate population thereof;

b) “Specimen” means:
i) any animal or plant, whether alive or dead;
ii) in the case of an animal: for species included in Appendices I and II, any readily recognizable part or derivative thereof; and for species included in Appendix III, any readily recognizable part or derivative thereof specified in Appendix III in relation to the species; and

iii) in the case of a plant: for species included in Appendix I, any readily recognizable part or derivative thereof; and for species included in Appendices II and III, any readily recognizable part or derivative thereof specified in Appendices II and III in relation to the species;

c) “Trade” means export, re-export, import and introduction from the sea;

d) “Re-export” means export of any specimen that has previously been imported;

e) “Introduction from the sea” means transportation into a State of specimens of any species which were taken in the marine environment not under the jurisdiction of any State;

f) “Scientific Authority” means a national scientific authority designated in accordance with Article IX;

g) “Management Authority” means a national management authority designated in accordance with Article IX;

h) “Party” means a State for which the present Convention has entered into force.

2. gr.
Grundvallarreglur.

1. I. viðauki skal ná yfir allar tegundir sem eru í útrýmingarhættu og verslun hefur, eða getur haft, áhrif á. Verslun með eintök af þessum tegundum verður að vera háð sérstaklega ströngum reglum svo að þeim sé ekki stefnt í frekari útrýmingarhættu og verður aðeins leyfð í undantekningartilvikum.
2. II. viðauki skal ná yfir:
   a. allar tegundir sem, þótt þær séu það ekki nú, gætu orðið í útrýmingarhættu, nema verslun með eintök af þeim verði háð ströngum reglum til þess að koma í veg fyrir nýtingu sem ekki samrýmist tilvist þeirra; og
   b. aðrar tegundir sem verða að vera háðar reglum til þess að verslun með eintök af vissum tegundum, sem vísað er til í a-lið þessarar málsgreinar, verði undir virku eftirliti.
3. III. viðauki skal ná yfir allar tegundir sem aðili hefur staðfest að séu háðar reglum innan lögsögu hans til að hindra eða takmarka nýtingu og þarfnist samvinnu annarra aðila við eftirlit með verslun með þær.

4. Aðilar skulu ekki heimila verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í I., II. og III. viðauka nema í samræmi við ákvæði þessa samnings.

3. gr.
Reglur um verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í I. viðauka.

1. Öll verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í I. viðauka skal vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
2. Útflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í I. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu og framvísuðu útflutningsleyfi. Útflutningsleyfi skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:
   a. vísindalegt stjórnvald útflutningslandsins hefur staðfest að slíkur útflutningur stefni viðkomandi tegund ekki í útrýmingarhættu;
   b. umsjónarstjórnvald útflutningslandsins hefur fullvissað sig um að eintakið hafi ekki verið tekið í blóra við lög landsins um vernd dýra- og plöntulífs;
   c. umsjónarstjórnvald útflutningslandsins hefur fullvissað sig um að búið verði

Article II
Fundamental Principles

1. Appendix I shall include all species threatened with extinction which are or may be affected by trade. Trade in specimens of these species must be subject to particularly strict regulation in order not to endanger further their survival and must only be authorized in exceptional circumstances.
2. Appendix II shall include:
   a) all species which although not necessarily now threatened with extinction may become so unless trade in specimens of such species is subject to strict regulation in order to avoid utilization incompatible with their survival; and
   b) other species which must be subject to regulation in order that trade in specimens of certain species referred to in subparagraph (a) of this paragraph may be brought under effective control.
3. Appendix III shall include all species which any Party identifies as being subject to regulation within its jurisdiction for the purpose of preventing or restricting exploitation, and as needing the co-operation of other Parties in the control of trade.
4. The Parties shall not allow trade in specimens of species included in Appendices I, II and III except in accordance with the provisions of the present Convention.

Article III
Regulation of Trade in Specimens of Species Included in Appendix I

1. All trade in specimens of species included in Appendix I shall be in accordance with the provisions of this Article.
2. The export of any specimen of a species included in Appendix I shall require the prior grant and presentation of an export permit. An export permit shall only be granted when the following conditions have been met:
   a) a Scientific Authority of the State of export has advised that such export will not be detrimental to the survival of that species;
   b) a Management Authority of the State of export is satisfied that the specimen was not obtained in contravention of the laws of that State for the protection of fauna and flora;
   c) a Management Authority of the State of export is satisfied that any living speci-

þannig um sérhvert lifandi eintak og það flutt þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð; og

d. umsjónarstjórnvald útflutningslandsins hefur fullvissað sig um að innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir eintakinu.

3. Innflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í I. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu og framvísuðu innflutningsleyfi og annaðhvort útflutningsleyfi eða endurútflutningsvottorði. Innflutningsleyfi skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:
   a. vísindalegt stjórnvald innflutningslandsins hefur staðfest að innflutningurinn muni vera í tilgangi sem ekki stefnir tegundinni sem í hlut á í útrýmingarhættu;
   b. vísindalegt stjórnvald innflutningslandsins hefur fullvissað sig um að fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi útbúnað til þess að hýsa og sjá um það; og
   c. umsjónarstjórnvald innflutningslandsins hefur fullvissað sig um að eintakið verði ekki aðallega notað í viðskiptalegum tilgangi.
4. Endurútflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í I. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu og framvísuðu endurútflutningsvottorði. Endurútflutningsvottorð skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:
   a. umsjónarstjórnvald endurútflutningslandsins hefur fullvissað sig um að eintakið hafi verið flutt inn til landsins í samræmi við ákvæði þessa samnings;

   b. umsjónarstjórnvald endurútflutningslandsins hefur fullvissað sig um að búið verði þannig um sérhvert lifandi eintak og það flutt þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð; og
   c. umsjónarstjórnvald endurútflutningslandsins hefur fullvissað sig um að innflutningsleyfi hafi verið veitt fyrir sérhverju lifandi eintaki.
5. Aðflutningur úr sjó á sérhverju eintaki af tegund sem tilgreind er í I. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu vottorði frá umsjónarstjórnvaldi aðflutningslandsins. Vottorð skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

men will be so prepared and shipped as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment; and

d) a Management Authority of the State of export is satisfied that an import permit has been granted for the specimen.

3. The import of any specimen of a species included in Appendix I shall require the prior grant and presentation of an import permit and either an export permit or a re-export certificate. An import permit shall only be granted when the following conditions have been met:
   a) a Scientific Authority of the State of import has advised that the import will be for purposes which are not detrimental to the survival of the species involved;
   b) a Scientific Authority of the State of import is satisfied that the proposed recipient of a living specimen is suitably equipped to house and care for it; and

   c) a Management Authority of the State of import is satisfied that the specimen is not to be used for primarily commercial purposes.
4. The re-export of any specimen of a species included in Appendix I shall require the prior grant and presentation of a re-export certificate. A re-export certificate shall only be granted when the following conditions have been met:
   a) a Management Authority of the State of re-export is satisfied that the specimen was imported into that State in accordance with the provisions of the present Convention;
   b) a Management Authority of the State of re-export is satisfied that any living specimen will be so prepared and shipped as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment; and

   c) a Management Authority of the State of re-export is satisfied that an import permit has been granted for any living specimen.

5. The introduction from the sea of any specimen of a species included in Appendix I shall require the prior grant of a certificate from a Management Authority of the State of introduction. A certificate shall only be granted when the following conditions have been met:

a. vísindalegt stjórnvald aðflutningslandsins staðfestir að aðflutningurinn muni ekki stefna tegundinni sem í hlut á í útrýmingarhættu;
b. umsjónarstjórnvald aðflutningslandsins hefur fullvissað sig um að fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi útbúnað til þess að hýsa og sjá um það; og
c. umsjónarstjórnvald aðflutningslandsins hefur fullvissað sig um að eintakið verði ekki aðallega notað í viðskiptalegum tilgangi.

4. gr.

Reglur um verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka.

1. Öll verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka skal vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
2. Útflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í II. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu og framvísuðu útflutningsleyfi. Útflutningsleyfi skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

   a. vísindalegt stjórnvald útflutningslandsins hefur staðfest að slíkur útflutningur muni ekki stefna tegundinni í útrýmingarhættu;

   b. umsjónarstjórnvald útflutningslandsins hefur fullvissað sig um að eintakið hafi ekki verið tekið í blóra við lög landsins um vernd dýra- og plöntulífs; og

   c. umsjónarstjórnvald útflutningslandsins hefur fullvissað sig um að búið verði þannig um sérhvert lifandi eintak og það flutt þannig að sem allra minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.
3. Vísindalegt stjórnvald hvers aðila skal fylgjast bæði með útgáfu útflutningsleyfa sem ríkið veitir vegna eintaka af tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka og raunverulegum útflutningi þessara eintaka. Hvenær sem vísindalegt stjórnvald ákveður að takmarka beri útflutning á eintökum ákveðinnar tegundar til þess að viðhalda tegundinni á útbreiðslusvæði hennar, í samræmi við hlutverk hennar í þeim vistkerfum sem hún tilheyrir og vel yfir þeim mörkum þar sem komið gæti til álita að fella hana undir I. viðauka, skal vísindalega stjórnvaldið tilkynna viðkomandi umsjónarstjórnvaldi um

a) a Scientific Authority of the State of introduction advises that the introduction will not be detrimental to the survival of the species involved;
b) a Management Authority of the State of introduction is satisfied that the proposed recipient of a living specimen is suitably equipped to house and care for it; and
c) a Management Authority of the State of introduction is satisfied that the specimen is not to be used for primarily commercial purposes.

Article IV

Regulation of Trade in Specimens of Species Included in Appendix II

1. All trade in specimens of species included in Appendix II shall be in accordance with the provisions of this Article.
2. The export of any specimen of a species included in Appendix II shall require the prior grant and presentation of an export permit. An export permit shall only be granted when the following conditions have been met:
   a) a Scientific Authority of the State of export has advised that such export will not be detrimental to the survival of that species;
   b) a Management Authority of the State of export is satisfied that the specimen was not obtained in contravention of the laws of that State for the protection of fauna and flora; and
   c) a Management Authority of the State of export is satisfied that any living specimen will be so prepared and shipped as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment.
3. A Scientific Authority in each Party shall monitor both the export permits granted by that State for specimens of species included in Appendix II and the actual exports of such specimens. Whenever a Scientific Authority determines that the export of specimens of any such species should be limited in order to maintain that species throughout its range at a level consistent with its role in the ecosystems in which it occurs and well above the level at which that species might become eligible for inclusion in Appendix I, the Scientific Authority shall advise the appropriate Management Authority of suitable

viðeigandi aðgerðir til þess að takmarka veitingu leyfa til útflutnings á eintökum af þeirri tegund.

4. Innflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í II. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram framvísuðu útflutningsleyfi eða endurútflutningsvottorði.
5. Endurútflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í II. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu og framvísuðu endurútflutningsvottorði. Endurútflutningsvottorð skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:
   a. umsjónarstjórnvald endurútflutningslandsins hefur fullvissað sig um að eintakið hafi verið flutt inn til landsins í samræmi við ákvæði þessa samnings; og

   b. umsjónarstjórnvald endurútflutningslandsins hefur fullvissað sig um að búið verði þannig um sérhvert lifandi eintak og það flutt þannig að sem allra minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.
6. Aðflutningur úr sjó á sérhverju eintaki af tegund sem tilgreind er í II. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu vottorði frá umsjónarstjórnvaldi aðflutningslandsins. Vottorð skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:

   a. vísindalegt stjórnvald aðflutningslandsins staðfestir að aðflutningurinn muni ekki stefna tegundinni sem í hlut á í útrýmingarhættu; og
   b. umsjónarstjórnvald aðflutningslandsins hefur fullvissað sig um að sérhvert lifandi eintak verði meðhöndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.
7. Vottorð þau, sem vísað er til í 6. tölul. þessar greinar, má veita samkvæmt meðmælum vísindalegs stjórnvalds í samráði við önnur vísindaleg stjórnvöld landsins eða, eftir því sem við á, alþjóðlegar vísindastofnanir fyrir tímabil, ekki lengra en eitt ár, fyrir heildarfjölda þeirra eintaka sem flytja skal að úr sjó á nefndu tímabili.

5. gr.

Reglur um verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í III. viðauka.

1. Öll verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í III. viðauka skal vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

measures to be taken to limit the grant of export permits for specimens of that species.

4. The import of any specimen of a species included in Appendix II shall require the prior presentation of either an export permit or a re-export certificate.
5. The re-export of any specimen of a species included in Appendix II shall require the prior grant and presentation of a re-export certificate. A re-export certificate shall only be granted when the following conditions have been met:
   a) a Management Authority of the State of re-export is satisfied that the specimen was imported into that State in accordance with the provisions of the present Convention; and
   b) a Management Authority of the State of re-export is satisfied that any living specimen will be so prepared and shipped as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment.

6. The introduction from the sea of any specimen of a species included in Appendix II shall require the prior grant of a certificate from a Management Authority of the State of introduction. A certificate shall only be granted when the following conditions have been met:
   a) a Scientific Authority of the State of introduction advises that the introduction will not be detrimental to the survival of the species involved; and
   b) a Management Authority of the State of introduction is satisfied that any living specimen will be so handled as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment.
7. Certificates referred to in paragraph 6 of this Article may be granted on the advice of a Scientific Authority, in consultation with other national scientific authorities or, when appropriate, international scientific authorities, in respect of periods not exceeding one year for total numbers of specimens to be introduced in such periods.

Article V

Regulation of Trade in Specimens of Species Included in Appendix III

1. All trade in specimens of species included in Appendix III shall be in accordance with the provisions of this Article.

2. Útflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í III. viðauka frá ríki sem hefur tilgreint þessa tegund í III. viðauka skal vera samkvæmt fyrirfram útgefnu og framvísuðu útflutningsleyfi. Útflutningsleyfi skal aðeins veitt hafi eftirfarandi skilyrðum verið fullnægt:
   a. umsjónarstjórnvald útflutningslandsins hefur fullvissað sig um að eintakið hafi ekki verið tekið í blóra við lög landsins um vernd dýra- og plöntulífs; og

   b. umsjónarstjórnvald útflutningslandsins hefur fullvissað sig um að búið verði þannig um sérhvert lifandi eintak og það flutt þannig að sem allra minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.
3. Innflutningur sérhvers eintaks af tegund sem tilgreind er í III. viðauka, með undantekningum sem kveðið er á um í 4. tölul. þessarar greinar, skal vera samkvæmt fyrirfram framvísuðu upprunavottorði og, þar sem innflutningurinn er frá ríki sem hefur tilgreint þessa tegund í III. viðauka, útflutningsleyfi.
4. Þegar um endurútflutning er að ræða skal vottorð, sem umsjónarstjórnvald endurútflutningslandsins gefur um að eintakið hafi verið skráð í því landi eða sé endurútflutt, viðurkennt af innflutningslandinu sem sönnun þess að ákvæðum þessa samnings hafi verið fylgt með tilliti til þess eintaks sem í hlut á.

6. gr.
Leyfi og vottorð.

1. Leyfi og vottorð, sem veitt eru samkvæmt ákvæðum 3., 4. og 5. gr., skulu vera í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

2. Útflutningsleyfi skal hafa að geyma þær upplýsingar sem tilgreindar eru í fyrirmyndinni í IV. viðauka og má aðeins nota innan sex mánaða frá þeim degi sem það er veitt.
3. Sérhvert leyfi eða vottorð skal hafa að geyma heiti þessa samnings, nafn og staðfestingarstimpil þess umsjónarstjórnvalds sem veitir það og eftirlitsnúmer úthlutað af umsjónarstjórnvaldinu.
4. Sérhvert afrit leyfis eða vottorðs sem gefið er út af umsjónarstjórnvaldi skal vera greinilega merkt sem afrit og ekkert slíkt afrit má nota í stað frumrits, nema að því marki sem staðfest áritun á því segir til um.

2. The export of any specimen of a species included in Appendix III from any State which has included that species in Appendix III shall require the prior grant and presentation of an export permit. An export permit shall only be granted when the following conditions have been met:
   a) a Management Authority of the State of export is satisfied that the specimen was not obtained in contravention of the laws of that State for the protection of fauna and flora; and
   b) a Management Authority of the State of export is satisfied that any living specimen will be so prepared and shipped as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment.

3. The import of any specimen of a species included in Appendix III shall require, except in circumstances to which paragraph 4 of this Article applies, the prior presentation of a certificate of origin and, where the import is from a State which has included that species in Appendix III, an export permit.
4. In the case of re-export, a certificate granted by the Management Authority of the State of re-export that the specimen was processed in that State or is being re-exported shall be accepted by the State of import as evidence that the provisions of the present Convention have been complied with in respect of the specimen concerned.

Article VI
Permits and Certificates

1. Permits and certificates granted under the provisions of Articles III, IV, and V shall be in accordance with the provisions of this Article.
2. An export permit shall contain the information specified in the model set forth in Appendix IV, and may only be used for export within a period of six months from the date on which it was granted.
3. Each permit or certificate shall contain the title of the present Convention, the name and any identifying stamp of the Management Authority granting it and a control number assigned by the Management Authority.
4. Any copies of a permit or certificate issued by a Management Authority shall be clearly marked as copies only and no such copy may be used in place of the original, except to the extent endorsed thereon.

5. Sérstakt leyfi eða vottorð þarf fyrir hverja sendingu eintaka.
6. Umsjónarstjórnvald innflutningslands sérhvers eintaks skal ógilda og varðveita útflutningsleyfið eða endurútflutningsskírteinið og samsvarandi innflutningsleyfi sem framvísað er vegna innflutnings þess eintaks.

7. Þar sem við á og mögulegt er má umsjónarstjórnvaldið festa merki á sérhvert eintak til þess að aðstoða við að auðkenna það. Í þessu sambandi þýðir „merki" hvers konar óafmáanlegt merki, blýinnsigli eða annað til auðkenningar á eintaki sem hannað er þannig að það fyrirbyggi að svo miklu leyti sem unnt er að óviðkomandi aðilar geti gert eftirlíkingu af því.

5. A separate permit or certificate shall be required for each consignment of specimens.
6. A Management Authority of the State of import of any specimen shall cancel and retain the export permit or re-export certificate and any corresponding import permit presented in respect of the import of that specimen.
7. Where appropriate and feasible a Management Authority may affix a mark upon any specimen to assist in identifying the specimen. For these purposes "mark" means any indelible imprint, lead seal or other suitable means of identifying a specimen, designed in such a way as to render its imitation by unauthorized persons as difficult as possible.

7. gr.

Undanþágur og önnur sérákvæði varðandi verslun.

1. Ákvæði 3., 4. og 5. gr. skulu ekki ná til flutnings eða umskipunar eintaka gegnum eða á landsvæði aðila meðan eintökin eru í vörslu tollyfirvalda.

2. Hafi umsjónarstjórnvald útflutningslandsins eða endurútflutningslandsins fullvissað sig um að eintaks hafi verið aflað áður en ákvæði þessa samnings öðluðust gildi að því er eintakið varðar skulu ákvæði 3., 4. og 5. gr. ekki ná til þess þegar umsjónarstjórnvaldið gefur út vottorð þar um.

3. Ákvæði 3., 4. og 5. gr. skulu ekki eiga við um þau eintök sem eru persónuleg eign manna eða höfð í húsum þeirra. Undanþága þessi á ekki við:
   a. í þeim tilvikum þegar eintaka tegundar sem tilgreind er í I. viðauka var aflað af eigandanum utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og þau eru flutt inn til þess lands; eða
   b. þegar um er að ræða eintök af tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka:
      i) eigandinn hefur aflað þeirra utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og í landi þar sem brottflutningur úr villtu umhverfi átti sér stað;
      ii) þau eru flutt inn til þess lands sem eigandinn hefur venjulega búsetu í; og
      iii) landið þar sem brottflutningur úr villtu umhverfi átti sér stað krefst þess að útflutningsleyfi séu gefin út áður en útflutningur slíkra eintaka fer fram;

Article VII

Exemptions and Other Special Provisions Relating to Trade

1. The provisions of Articles III, IV and V shall not apply to the transit or transhipment of specimens through or in the territory of a Party while the specimens remain in Customs control.
2. Where a Management Authority of the State of export or re-export is satisfied that a specimen was acquired before the provisions of the present Convention applied to that specimen, the provisions of Articles III, IV and V shall not apply to that specimen where the Management Authority issues a certificate to that effect.
3. The provisions of Articles III, IV and V shall not apply to specimens that are personal or household effects. This exemption shall not apply where:
   a) in the case of specimens of a species included in Appendix I, they were acquired by the owner outside his State of usual residence, and are being imported into that State; or
   b) in the case of specimens of species included in Appendix II:
      i) they were acquired by the owner outside his State of usual residence and in a State where removal from the wild occurred;
      ii) they are being imported into the owner's State of usual residence; and
      iii) the State where removal from the wild occurred requires the prior grant of export permits before any export of such specimens;

nema umsjónarstjórnvald hafi fullvissað sig um að eintökin hafi verið fengin áður en ákvæði þessa samnings öðluðust gildi að því er slík eintök varðar.

4. Eintök dýrategunda sem tilgreindar eru í I. viðauka sem alin eru í vörslu manna í viðskiptaskyni, eða eintök plöntutegunda sem tilgreindar eru í I. viðauka sem eru gervifjölfaldaðar í viðskiptaskyni, skulu talin vera eintök af þeim tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka.
5. Hafi umsjónarstjórnvald útflutningslandsins fullvissað sig um að eintak af dýrategund hafi verið alið í vörslu manna eða að eintak af plöntutegund hafi verið gervifjölfaldað, eða sé hluti af slíku dýri eða plöntu eða eigi rætur að rekja til þeirra, skal vottorð þess umsjónarstjórnvalds tekið til greina í stað þeirra leyfa eða vottorða sem krafist er samkvæmt ákvæðum 3., 4. eða 5. gr.

6. Ákvæði 3., 4. og 5. gr. skulu ekki eiga við um lán sem ekki er viðskiptalegs eðlis, gjafir eða skipti milli vísindamanna eða vísindastofnana sem umsjónarstjórnvald ríkis þeirra hefur skráð, á eintökum úr plöntusöfnum, öðrum varðveittum, þurrkuðum eða innsteyptum safneintökum og lifandi plöntuefni sem bera merki sem gefið er út eða viðurkennt af umsjónarstjórnvaldi.
7. Umsjónarstjórnvald sérhvers ríkis getur fallið frá kröfum þeim sem gerðar eru í 3., 4. og 5. gr. og heimilað flutning eintaka sem eru hluti af ferðadýragarði, fjölleikahúsi, dýra- eða plöntusýningu eða annarri farandsýningu án leyfa eða vottorða ef:

   a. útflytjandi eða innflytjandi skráir allar upplýsingar um þessi eintök hjá umsjónarstjórnvaldinu;
   b. eintökin eru í öðrum hvorum flokknum sem tilgreindir eru í 2. og 5. tölul. þessarar greinar; og
   c. umsjónarstjórnvaldið hefur fullvissað sig um að sérhvert lifandi eintak verði flutt og meðhöndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

unless a Management Authority is satisfied that the specimens were acquired before the provisions of the present Convention applied to such specimens.

4. Specimens of an animal species included in Appendix I bred in captivity for commercial purposes, or of a plant species included in Appendix I artificially propagated for commercial purposes, shall be deemed to be specimens of species included in Appendix II.
5. Where a Management Authority of the State of export is satisfied that any specimen of an animal species was bred in captivity or any specimen of a plant species was artificially propagated, or is a part of such an animal or plant or was derived there from, a certificate by that Management Authority to that effect shall be accepted in lieu of any of the permits or certificates required under the provisions of Article III, IV or V.
6. The provisions of Articles III, IV and V shall not apply to the non-commercial loan, donation or exchange between scientists or scientific institutions registered by a Management Authority of their State, of herbarium specimens, other preserved, dried or embedded museum specimens, and live plant material which carry a label issued or approved by a Management Authority.
7. A Management Authority of any State may waive the requirements of Articles III, IV and V and allow the movement without permits or certificates of specimens which form part of a travelling zoo, circus, menagerie, plant exhibition or other travelling exhibition provided that:
   a) the exporter or importer registers full details of such specimens with that Management Authority;
   b) the specimens are in either of the categories specified in paragraph 2 or 5 of this Article; and
   c) the Management Authority is satisfied that any living specimen will be so transported and cared for as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment.

8. gr.

Ráðstafanir gerðar af aðilum.

1. Aðilar skulu gera viðeigandi ráðstafanir til þess að framfylgja ákvæðum þessa samnings og banna verslun með eintök sem brýtur í

Article VIII

Measures to Be Taken by the Parties

1. The Parties shall take appropriate measures to enforce the provisions of the present Convention and to prohibit trade in specimens in

bága við þau. Ráðstafanir skulu m.a. fela í sér:

a. að gera verslun með eða eign á slíkum eintökum, eða hvort tveggja, refsiverða; og

b. að sjá til þess að slík eintök séu gerð upptæk eða þau flutt aftur til útflutningslandsins.

2. Til viðbótar ráðstöfunum skv. 1. tölul. þessarar greinar getur aðili, þegar hann álítur það nauðsynlegt, gert ráðstafanir til að fá endurgreiddan þann kostnað heima fyrir sem kemur til af því að eintak, sem verslað er með í blóra við ráðstafanir vegna framkvæmdar á ákvæðum þessa samnings, er gert upptækt.

3. Aðilar skulu, eftir því sem tök eru á, sjá til þess að eintök komist með sem minnstri töf í gegnum þau formsatriði sem verslunarviðskipti krefjast. Til þess að auðvelda slíkan flutning getur aðili tilnefnt ákveðnar útflutnings- eða innflutningshafnir, þangað sem flytja verður eintök til afgreiðslu. Aðilar skulu enn fremur tryggja að á meðan á flutningi, geymslu eða umskipun stendur sé búið þannig um öll lifandi eintök að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

4. Þegar lifandi eintak er gert upptækt vegna ráðstafana sem getið er um í 1. tölul. þessarar greinar:

a. skal eintakið falið í vörslu umsjónarstjórnvalds þess lands sem gerir það upptækt;

b. skal umsjónarstjórnvaldið, eftir að það hefur ráðfært sig við útflutningslandið, endursenda eintakið til þess lands á kostnað þess eða til björgunarmiðstöðvar eða annars þess staðar sem umsjónarstjórnvaldið telur viðeigandi og í samræmi við markmið þessa samnings; og

c. getur umsjónarstjórnvaldið óskað eftir ráðum hins vísindalega stjórnvalds eða, hvenær sem það telur það æskilegt, borið málið undir skrifstofu samningsins til þess að auðvelda ákvörðun skv. b-lið þessa töluliðar, þar á meðal val á björgunarmiðstöð eða öðrum stað.

5. Björgunarmiðstöð, eins og vitnað er til í 4. tölul. þessarar greinar, merkir stofnun sem tilnefnd er af umsjónarstjórnvaldinu til þess að líta eftir velferð lifandi eintaka, sér í lagi þeirra sem hafa verið gerð upptæk.

violation thereof. These shall include measures:

a) to penalize trade in, or possession of, such specimens, or both; and

b) to provide for the confiscation or return to the State of export of such specimens.

2. In addition to the measures taken under paragraph 1 of this Article, a Party may, when it deems it necessary, provide for any method of internal reimbursement for expenses incurred as a result of the confiscation of a specimen traded in violation of the measures taken in the application of the provisions of the present Convention.

3. As far as possible, the Parties shall ensure that specimens shall pass through any formalities required for trade with a minimum of delay. To facilitate such passage, a Party may designate ports of exit and ports of entry at which specimens must be presented for clearance. The Parties shall ensure further that all living specimens, during any period of transit, holding or shipment, are properly cared for so as to minimize the risk of injury, damage to health or cruel treatment.

4. Where a living specimen is confiscated as a result of measures referred to in paragraph 1 of this Article:

a) the specimen shall be entrusted to a Management Authority of the State of confiscation;

b) the Management Authority shall, after consultation with the State of export, return the specimen to that State at the expense of that State, or to a rescue centre or such other place as the Management Authority deems appropriate and consistent with the purposes of the present Convention; and

c) the Management Authority may obtain the advice of a Scientific Authority, or may, whenever it considers it desirable, consult the Secretariat in order to facilitate the decision under sub-paragraph (b) of this paragraph, including the choice of a rescue centre or other place.

5. A rescue centre as referred to in paragraph 4 of this Article means an institution designated by a Management Authority to look after the welfare of living specimens, particularly those that have been confiscated.

6. Sérhver aðili skal halda skrár um verslun með eintök af tegundum sem tilgreindar eru í I., II. og III. viðauka og skulu þær hafa að geyma:
   a. nöfn og heimilisföng útflytjenda og innflytjenda; og
   b. fjölda og gerð leyfa og vottorða sem veitt hafa verið, þau ríki sem slík verslun hefur verið við, fjölda eða magn og gerðir eintaka, nöfn tegunda, eins og tilgreint er í I., II. og III. viðauka, og, þar sem við á, stærð og kyn eintakanna sem í hlut eiga.

7. Sérhver aðili skal með reglulegu millibili gera skýrslur um framkvæmd sína á samningnum og skal senda skrifstofunni:
   a. árlega skýrslu sem hefur að geyma samantekt á upplýsingum sem tilgreindar eru í b-lið 6. tölul. þessarar greinar; og
   b. skýrslu á tveggja ára fresti um lög og reglugerðir sem sett hafa verið og stjórnsýsluákvarðanir sem teknar hafa verið til þess að framfylgja ákvæðum þessa samnings.
8. Upplýsingar þær sem vitnað er til í 7. tölul. þessarar greinar skulu vera aðgengilegar almenningi þar sem það er ekki andstætt lögum þess aðila sem í hlut á.

9. gr.

Umsjónarstjórnvöld og vísindaleg stjórnvöld.

1. Sérhver aðili skal tilnefna að því er þennan samning varðar:
   a. eitt eða fleiri umsjónarstjórnvöld sem eru bær til þess að veita leyfi eða vottorð fyrir hönd þess aðila; og
   b. eitt eða fleiri vísindaleg stjórnvöld.
2. Ríki sem afhendir skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild skal á þeim tíma upplýsa vörsluríki samningsins um nafn og heimilisfang umsjónarstjórnvaldsins sem hefur fengið umboð til þess að hafa samband við aðra aðila og við skrifstofuna.
3. Viðkomandi aðili skal tilkynna sérhverjar breytingar á tilnefningum eða umboði samkvæmt ákvæðum þessarar greinar til skrifstofunnar sem tilkynnir öllum hinum aðilunum þar um.
4. Sérhvert umsjónarstjórnvald sem vitnað er til í 2. tölul. þessarar greinar skal, ef skrifstofan eða umsjónarstjórnvald annars aðila óskar þess, senda því sýnishorn af ástimplun stimpils, innsiglis eða annars búnaðar sem notaður er til þess að fullgilda leyfi eða vottorð.

6. Each Party shall maintain records of trade in specimens of species included in Appendices I, II and III which shall cover:
   a) the names and addresses of exporters and importers; and
   b) the number and type of permits and certificates granted; the States with which such trade occurred; the numbers or quantities and types of specimens, names of species as included in Appendices I, II and III and, where applicable, the size and sex of the specimens in question.
7. Each Party shall prepare periodic reports on its implementation of the present Convention and shall transmit to the Secretariat:
   a) an annual report containing a summary of the information specified in sub-paragraph (b) of paragraph 6 of this Article; and
   b) a biennial report on legislative, regulatory and administrative measures taken to enforce the provisions of the present Convention.
8. The information referred to in paragraph 7 of this Article shall be available to the public where this is not inconsistent with the law of the Party concerned.

Article IX

Management and Scientific Authorities

1. Each Party shall designate for the purposes of the present Convention:
   a) one or more Management Authorities competent to grant permits or certificates on behalf of that Party; and
   b) one or more Scientific Authorities.
2. A State depositing an instrument of ratification, acceptance, approval or accession shall at that time inform the Depositary Government of the name and address of the Management Authority authorized to communicate with other Parties and with the Secretariat.
3. Any changes in the designations or authorizations under the provisions of this Article shall be communicated by the Party concerned to the Secretariat for transmission to all other Parties.
4. Any Management Authority referred to in paragraph 2 of this Article shall, if so requested by the Secretariat or the Management Authority of another Party, communicate to it impression of stamps, seals or other devices used to authenticate permits or certificates.

10. gr.
Verslun við ríki sem ekki eru aðilar að samningnum.

Þegar um er að ræða útflutning eða endurútflutning til ríkis eða innflutning frá ríki sem ekki er aðili að þessum samningi má sérhver aðili taka til greina sambærileg skjöl frá bærum stjórnvöldum í viðkomandi ríki sem eru í aðalatriðum í samræmi við kröfur þessa samnings varðandi leyfi og vottorð, í þeirra stað.

11. gr.
Þing aðila.

1. Skrifstofan skal boða til þings aðila eigi síðar en að tveimur árum liðnum eftir að samningur þessi hefur öðlast gildi.

2. Eftir það skal skrifstofan boða til reglulegra funda að minnsta kosti á tveggja ára fresti, nema þingið ákveði annað, og sérstakra funda hvenær sem er samkvæmt skriflegri beiðni að minnsta kosti eins þriðja hluta aðila.

3. Á fundum, hvort sem er reglulegum eða sérstökum, skulu aðilar meta framkvæmd þessa samnings og geta:

   a. gert þær ráðstafanir sem teljast nauðsynlegar til þess að gera skrifstofunni kleift að framkvæma skyldur sínar, og samþykkja fjárhagsleg ákvæði;
   b. athugað og samþykkt breytingar á I. og II. viðauka í samræmi við 15. gr.;

   c. metið hvernig enduruppbyggingu og vernd tegunda sem tilgreindar eru í I., II. og III. viðauka hefur miðað;

   d. tekið við og skoðað allar skýrslur sem lagðar eru fram af skrifstofunni eða af aðila; og
   e. þegar við á, gert tillögur í því skyni að auka virkni samningsins.

4. Á sérhverjum reglulegum fundi geta aðilar ákveðið stað og stund næsta reglulegs fundar sem halda á í samræmi við 2. tölul. þessarar greinar.
5. Á sérhverjum fundi geta aðilar ákveðið og samþykkt málsmeðferðarreglur fyrir þann fund.
6. Sameinuðu þjóðirnar, sérstofnanir þeirra og Alþjóðakjarnorkumálastofnunin, svo og sérhvert ríki sem ekki er aðili að þessum samn-

Article X
Trade with States not Party to the Convention

Where export or re-export is to, or import is from, a State not a Party to the present Convention, comparable documentation issued by the competent authorities in that State which substantially conforms with the requirements of the present Convention for permits and certificates may be accepted in lieu thereof by any Party.

Article XI
Conference of the Parties

1. The Secretariat shall call a meeting of the Conference of the Parties not later than two years after the entry into force of the present Convention.
2. Thereafter the Secretariat shall convene regular meetings at least once every two years, unless the Conference decides otherwise, and extraordinary meetings at any time on the written request of at least one-third of the Parties.
3. At meetings, whether regular or extraordinary, the Parties shall review the implementation of the present Convention and may:
   a) make such provision as may be necessary to enable the Secretariat to carry out its duties, and adopt financial provisions;

   b) consider and adopt amendments to Appendices I and II in accordance with Article XV;
   c) review the progress made towards the restoration and conservation of the species included in Appendices I, II and III;
   d) receive and consider any reports presented by the Secretariat or by any Party; and

   e) where appropriate, make recommendations for improving the effectiveness of the present Convention.
4. At each regular meeting, the Parties may determine the time and venue of the next regular meeting to be held in accordance with the provisions of paragraph 2 of this Article.
5. At any meeting, the Parties may determine and adopt rules of procedure for the meeting.
6. The United Nations, its Specialized Agencies and the International Atomic Energy Agency, as well as any State not a Party to the present

ingi, geta haft áheyrnarfulltrúa sem hafa rétt til þátttöku í fundum en ekki atkvæðisrétt.

7. Sérhver stofnun eða deild, sem er tæknilega hæf til að annast vernd, varðveislu eða stjórnun á villtu dýra- og plöntulífi, í eftirfarandi greinum, og tilkynnt hefur skrifstofunni að hún hafi hug á að taka þátt í fundum þingsins með áheyrnarfulltrúum, skal leyfður aðgangur, nema að minnsta kosti einn þriðji hluti viðstaddra aðila greiði atkvæði gegn því:
   a. alþjóðlegar stofnanir eða aðilar, hvort sem er á vegum ríkisvalds eður ei, og innlendar ríkisstofnanir og -aðilar; og

   b. innlendar stofnanir eða aðilar sem ekki eru á vegum ríkisvalds en hafa fengið viðurkenningu þess ríkis þar sem þau eru staðsett.

Hafi þessir áheyrnarfulltrúar fengið aðgang skulu þeir hafa rétt til þátttöku en ekki atkvæðisrétt.

Convention, may be represented at meetings of the Conference by observers, who shall have the right to participate but not to vote.

7. Any body or agency technically qualified in protection, conservation or management of wild fauna and flora, in the following categories, which has informed the Secretariat of its desire to be represented at meetings of the Conference by observers, shall be admitted unless at least one-third of the Parties present object:
   a) international agencies or bodies, either governmental or non-governmental, and national governmental agencies and bodies; and
   b) national non-governmental agencies or bodies which have been approved for this purpose by the State in which they are located.

Once admitted, these observers shall have the right to participate but not to vote.

12. gr.

Skrifstofan.

1. Við gildistöku þessa samnings skal framkvæmdastjóri Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna láta í té skrifstofu fyrir samninginn. Að því marki og á þann hátt sem hann telur viðeigandi má hann leita aðstoðar hjá viðeigandi alþjóðlegum eða innlendum ríkisstofnunum eða félagasamtökum sem eru tæknilega hæf til að annast vernd, varðveislu og stjórnun á villtu dýra- og plöntulífi.

2. Hlutverk skrifstofunnar skal vera:
   a. að undirbúa og hafa umsjón með fundum aðila;
   b. að hrinda í framkvæmd þeim verkefnum sem henni eru falin samkvæmt ákvæðum 15. og 16. gr. þessa samnings;
   c. að takast á hendur vísindalegar og tæknilegar athuganir samkvæmt áætlunum sem staðfestar eru á þingi aðila sem geta bætt framkvæmd þessa samnings, meðal annars athuganir á þeim kröfum sem gerðar eru til viðeigandi undirbúnings og flutnings lifandi eintaka og aðferða til þess að auðkenna eintök;

   d. að athuga skýrslur aðila og biðja þá um frekari upplýsingar viðvíkjandi skýrslunum eftir því sem nauðsynlegt telst til þess að tryggja framkvæmd þessa samnings;

Article XII

The Secretariat

1. Upon entry into force of the present Convention, a Secretariat shall be provided by the Executive Director of the United Nations Environment Programme. To the extent and in the manner he considers appropriate, he may be assisted by suitable inter-governmental or non-governmental international or national agencies and bodies technically qualified in protection, conservation and management of wild fauna and flora.
2. The functions of the Secretariat shall be:
   a) to arrange for and service meetings of the Parties;
   b) to perform the functions entrusted to it under the provisions of Articles XV and XVI of the present Convention;
   c) to undertake scientific and technical studies in accordance with programmes authorized by the Conference of the Parties as will contribute to the implementation of the present Convention, including studies concerning standards for appropriate preparation and shipment of living specimens and the means of identifying specimens;
   d) to study the reports of Parties and to request from Parties such further information with respect thereto as it deems necessary to ensure implementation of the present Convention;

e. að beina athygli aðila að sérhverju máli sem varðar markmið þessa samnings;

f. að gefa reglulega út og dreifa til aðila nýjum útgáfum af I., II. og III. viðauka, ásamt upplýsingum sem geta auðveldað greiningu eintaka af tegundum sem tilgreindar eru í þessum viðaukum;

g. að útbúa ársskýrslur til aðila um starf sitt og um framkvæmd þessa samnings og aðrar skýrslur sem fundir aðila kunna að óska eftir;

h. að gera tillögur um framkvæmd markmiða og ákvæða þessa samnings, meðal annars að skiptast á vísindalegum og tæknilegum upplýsingum;

i. að framkvæma sérhver önnur verkefni sem aðilar kunna að fela henni.

13. gr.
Alþjóðlegar ráðstafanir.

1. Telji skrifstofan fullvíst, í ljósi upplýsinga sem hún hefur fengið, að tegund sem tilgreind er í I. eða II. viðauka verði fyrir neikvæðum áhrifum vegna verslunar með eintök af þeirri tegund, eða að ákvæði þessa samnings séu ekki framkvæmd réttilega, skal hún senda þær upplýsingar til umsjónarstjórnvalds aðilans eða aðilanna sem hlut eiga að máli.
2. Þegar aðili fær tilkynningu skv. 1. tölul. þessarar greinar skal hann svo fljótt sem verða má upplýsa skrifstofuna um þær staðreyndir sem máli skipta að svo miklu leyti sem lög hans leyfa og, þar sem við á, leggja til úrbætur. Þegar aðilinn telur að rannsókn sé æskileg geta einn eða fleiri menn framkvæmt hana sem sérstaklega eru tilkvaddir af aðilanum.
3. Upplýsingarnar sem koma frá aðilanum eða leiðir af niðurstöðum rannsóknar, eins og tilgreint er í 2. tölul. þessarar greinar, skulu koma til athugunar á næsta þingi aðila sem getur samþykkt hver þau tilmæli sem það telur viðeigandi.

14. gr.
Áhrif á landslög og alþjóðasamninga.

1. Ákvæði þessa samnings skulu á engan hátt hafa áhrif á rétt aðila til þess að:

e) to invite the attention of the Parties to any matter pertaining to the aims of the present Convention;
f) to publish periodically and distribute to the Parties current editions of Appendices I, II and III together with any information which will facilitate identification of specimens of species included in those Appendices;
g) to prepare annual reports to the Parties on its work and on the implementation of the present Convention and such other reports as meetings of the Parties may request;
h) to make recommendations for the implementation of the aims and provisions of the present Convention, including the exchange of information of a scientific or technical nature;
i) to perform any other function as may be entrusted to it by the Parties.

Article XIII
International Measures

1. When the Secretariat in the light of information received is satisfied that any species included in Appendix I or II is being affected adversely by trade in specimens of that species or that the provisions of the present Convention are not being effectively implemented, it shall communicate such information to the authorized Management Authority of the Party or Parties concerned.
2. When any Party receives a communication as indicated in paragraph 1 of this Article, it shall, as soon as possible, inform the Secretariat of any relevant facts insofar as its laws permit and, where appropriate, propose remedial action. Where the Party considers that an inquiry is desirable, such inquiry may be carried out by one or more persons expressly authorized by the Party.
3. The information provided by the Party or resulting from any inquiry as specified in paragraph 2 of this Article shall be reviewed by the next Conference of the Parties which may make whatever recommendations it deems appropriate.

Article XIV
Effect on Domestic Legislation and International Conventions

1. The provisions of the present Convention shall in no way affect the right of Parties to adopt:

a. setja strangari reglur innanlands hvað varðar skilyrði fyrir verslun með, töku, eignarhald eða flutning á eintökum af tegundum sem tilgreindar eru í I., II. og III. viðauka eða algjört bann við þessu; eða
b. setja reglur innanlands sem takmarka eða banna verslun með, töku, eignarhald eða flutning á tegundum sem ekki eru tilgreindar í I., II. eða III. viðauka.

2. Ákvæði þessa samnings skulu á engan hátt hafa áhrif á innlend ákvæði eða skuldbindingar aðila sem leiðir af milliríkjasamningum eða -samkomulagi er eiga við aðrar hliðar verslunar með, töku, eignarhalds eða flutnings á eintökum og eru í gildi eða kunna að taka gildi síðar að því er aðila varðar. Þetta gildir m.a. um ákvæði varðandi tolla, almennt heilsufar og mál sem snerta sóttkví dýra eða plantna.

3. Ákvæði þessa samnings skulu á engan hátt hafa áhrif á þau ákvæði eða þær skuldbindingar sem leiðir af milliríkjasamningum eða -samkomulagi sem gert hefur verið eða kann að verða gert milli ríkja er mynda bandalag eða svæðisbundinn viðskiptasamning sem stofnar til eða viðheldur sameiginlegu ytra tollaeftirliti og afnemur tollaeftirlit á milli viðkomandi aðila að svo miklu leyti sem um er að ræða verslun milli aðildarríkja bandalagsins eða viðskiptasamningsins.
4. Aðildarríki þessa samnings, sem einnig er aðili að öðrum milliríkjasamningi eða -samkomulagi sem er í gildi við gildistöku þessa samnings og veitir með ákvæðum sínum sjávardýrum sem tilgreind eru í II. viðauka vernd, skal leysa undan skuldbindingum samkvæmt ákvæðum þessa samnings að því er varðar verslun með eintök tegunda sem tilgreindar eru í II. viðauka sem veidd eru af skipum skráðum í því ríki og í samræmi við ákvæði slíks milliríkjasamnings eða -samkomulags.

5. Þrátt fyrir ákvæði 3., 4. og 5. gr. skal útflutningur eintaks sem tekið er skv. 4. tölul. þessarar greinar aðeins háður vottorði umsjónarstjórnvalds aðflutningslandsins um að eintakið hafi verið tekið í samræmi við ákvæði viðkomandi milliríkjasamnings eða -samkomulags.

a) stricter domestic measures regarding the conditions for trade, taking, possession or transport of specimens of species included in Appendices I, II and III, or the complete prohibition thereof; or

b) domestic measures restricting or prohibiting trade, taking, possession or transport of species not included in Appendix I, II or III.

2. The provisions of the present Convention shall in no way affect the provisions of any domestic measures or the obligations of Parties deriving from any treaty, convention, or international agreement relating to other aspects of trade, taking, possession or transport of specimens which is in force or subsequently may enter into force for any Party including any measure pertaining to the Customs, public health, veterinary or plant quarantine fields.
3. The provisions of the present Convention shall in no way affect the provisions of, or the obligations deriving from, any treaty, convention or international agreement concluded or which may be concluded between States creating a union or regional trade agreement establishing or maintaining a common external Customs control and removing Customs control between the parties thereto insofar as they relate to trade among the States members of that union or agreement.
4. A State party to the present Convention, which is also a party to any other treaty, convention or international agreement which is in force at the time of the coming into force of the present Convention and under the provisions of which protection is afforded to marine species included in Appendix II, shall be relieved of the obligations imposed on it under the provisions of the present Convention with respect to trade in specimens of species included in Appendix II that are taken by ships registered in that State and in accordance with the provisions of such other treaty, convention or international agreement.
5. Notwithstanding the provisions of Articles III, IV and V, any export of a specimen taken in accordance with paragraph 4 of this Article shall only require a certificate from a Management Authority of the State of introduction to the effect that the specimen was taken in accordance with the provisions

6. Ekkert í þessum samningi skal hafa áhrif á skráningu og þróun hafréttar á hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem kallað var til samkvæmt ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna 2750 C(XXV) né á kröfur og lagasjónarmið sérhvers ríkis, nú eða í framtíðinni, að því er varðar hafrétt og eðli og umfang lögsögu strandríkja og fánaríkja.

15. gr.

Breytingar á I. og II. viðauka.

1. Eftirfarandi ákvæðum skal beitt hvað varðar breytingar á I. og II. viðauka á fundum á þingi aðila:

   a. Sérhver aðili getur borið fram tillögu um breytingu á I. eða II. viðauka til athugunar á næsta fundi. Texti breytingartillögunnar skal sendur skrifstofunni í seinasta lagi 150 dögum fyrir fundinn. Skrifstofan skal bera tillöguna undir hina aðilana og þá sem hlut eiga að máli í samræmi við ákvæði b- og c-liða 2. tölul. þessarar greinar og skal senda öllum aðilum svörin eigi síðar en 30 dögum fyrir fundinn.

   b. Breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum þeirra aðila sem eru viðstaddir og greiða atkvæði. Í þessu sambandi merkir „þeir aðilar sem eru viðstaddir og greiða atkvæði“ þá aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti. Aðilar sem ekki greiða atkvæði skulu ekki taldir til þeirra tveggja þriðju hluta sem þarf til þess að breytingin verði samþykkt.

   c. Breytingar sem samþykktar hafa verið á fundi skulu öðlast gildi 90 dögum eftir fundinn að því er alla aðila varðar nema þá sem gera fyrirvara í samræmi við 3. tölul. þessarar greinar.

2. Eftirfarandi ákvæðum skal beitt hvað varðar breytingar á I. eða II. viðauka milli þingfunda:

   a. Sérhver aðili getur borið fram tillögu um breytingu á I. eða II. viðauka til athugunar milli þingfunda með þeirri póstmeðferð sem kveðið er á um í þessum tölulið.

of the other treaty, convention or international agreement in question.

6. Nothing in the present Convention shall prejudice the codification and development of the law of the sea by the United Nations Conference on the Law of the Sea convened pursuant to Resolution 2750 C (XXV) of the General Assembly of the United Nations nor the present or future claims and legal views of any State concerning the law of the sea and the nature and extent of coastal and flag State jurisdiction.

Article XV

Amendments to Appendices I and II

1. The following provisions shall apply in relation to amendments to Appendices I and II at meetings of the Conference of the Parties:

   a) Any Party may propose an amendment to Appendix I or II for consideration at the next meeting. The text of the proposed amendment shall be communicated to the Secretariat at least 150 days before the meeting. The Secretariat shall consult the other Parties and interested bodies on the amendment in accordance with the provisions of sub-paragraphs (b) and (c) of paragraph 2 of this Article and shall communicate the response to all Parties not later than 30 days before the meeting.

   b) Amendments shall be adopted by a two-thirds majority of Parties present and voting. For these purposes "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote. Parties abstaining from voting shall not be counted among the two-thirds required for adopting an amendment.

   c) Amendments adopted at a meeting shall enter into force 90 days after that meeting for all Parties except those which make a reservation in accordance with paragraph 3 of this Article.

2. The following provisions shall apply in relation to amendments to Appendices I and II between meetings of the Conference of the Parties:

   a) Any Party may propose an amendment to Appendix I or II for consideration between meetings by the postal procedures set forth in this paragraph.

b. Þegar skrifstofan hefur fengið texta breytingartillögu um sjávartegundir í hendur skal hún þegar í stað senda hann áfram til aðila. Hún skal einnig hafa samráð við milliríkjastofnanir sem starfa í sambandi við þessar tegundir, einkum með það fyrir augum að afla vísindalegra gagna sem þessar stofnanir kunna að láta í té og tryggja samræmingu við aðrar verndarráðstafanir sem stofnanirnar hafa komið á. Skrifstofunni ber að senda þær hugmyndir sem fram koma og þau gögn sem berast frá þessum stofnunum, svo og sínar eigin niðurstöður og tillögur, til aðila svo fljótt sem verða má.

c. Þegar skrifstofan hefur fengið texta breytingartillögu um aðrar tegundir en sjávartegundir í hendur skal hún þegar í stað senda hann áfram til aðila og, eins fljótt og mögulegt er eftir það, sínar eigin tillögur.

d. Sérhver aðili getur innan 60 daga frá þeim tíma sem skrifstofan sendir tillögur sínar til aðila skv. b- eða c-lið þessa töluliðar látið skrifstofunni í té athugasemdir við breytingartillöguna ásamt viðeigandi vísindalegum gögnum og upplýsingum.

e. Skrifstofan skal senda svörin sem berast, svo og sínar eigin tillögur, áfram til aðila svo fljótt sem verða má.

f. Berist skrifstofunni engin mótmæli gegn breytingartillögunni innan 30 daga frá því að svörin og tillögurnar voru sendar skv. e-lið þessa töluliðar skal breytingin öðlast gildi 90 dögum síðar að því er varðar alla aðila aðra en þá sem gera fyrirvara í samræmi við 3. tölul. þessarar greinar.

g. Berist skrifstofunni mótmæli frá aðila skal breytingartillagan borin undir atkvæði í pósti í samræmi við ákvæði h-, i- og j-liða þessa töluliðar.

h. Skrifstofan skal tilkynna aðilum um að mótmæli hafi borist.

i. Berist skrifstofunni ekki atkvæði með, á móti eða um hjásetu frá að minnsta kosti helmingi aðila innan 60 daga frá því að

b) For marine species, the Secretariat shall, upon receiving the text of the proposed amendment, immediately communicate it to the Parties. It shall also consult intergovernmental bodies having a function in relation to those species especially with a view to obtaining scientific data these bodies may be able to provide and to ensuring co-ordination with any conservation measures enforced by such bodies. The Secretariat shall communicate the views expressed and data provided by these bodies and its own findings and recommendations to the Parties as soon as possible.

c) For species other than marine species, the Secretariat shall, upon receiving the text of the proposed amendment, immediately communicate it to the Parties, and, as soon as possible thereafter, its own recommendations.

d) Any Party may, within 60 days of the date on which the Secretariat communicated its recommendations to the Parties under sub-paragraph (b) or (c) of this paragraph, transmit to the Secretariat any comments on the proposed amendment together with any relevant scientific data and information.

e) The Secretariat shall communicate the replies received together with its own recommendations to the Parties as soon as possible.

f) If no objection to the proposed amendment is received by the Secretariat within 30 days of the date the replies and recommendations were communicated under the provisions of sub-paragraph (e) of this paragraph, the amendment shall enter into force 90 days later for all Parties except those which make a reservation in accordance with paragraph 3 of this Article.

g) If an objection by any Party is received by the Secretariat, the proposed amendment shall be submitted to a postal vote in accordance with the provisions of sub-paragraphs (h), (i) and (j) of this paragraph.

h) The Secretariat shall notify the Parties that notification of objection has been received.

i) Unless the Secretariat receives the votes for, against or in abstention from at least one-half of the Parties within 60 days of

tilkynningin skv. h-lið þessa töluliðar er dagsett skal breytingartillögunni vísað til næsta fundar þingsins til frekari athugunar.

j. Að því tilskildu að atkvæði berist frá helmingi aðila skal breytingin samþykkt af tveimur þriðju hlutum þeirra aðila sem greiða atkvæði með eða á móti.

k. Skrifstofan skal tilkynna öllum aðilum um niðurstöðu atkvæðagreiðslunnar.

l. Ef breytingartillagan er samþykkt skal breytingin öðlast gildi 90 dögum eftir að tilkynning skrifstofunnar um samþykki hennar er dagsett að því er varðar alla aðila aðra en þá sem gera fyrirvara í samræmi við 3. tölul. þessarar greinar.

3. Á því 90 daga tímabili sem kveðið er á um í c-lið 1. tölul. eða l-lið 2. tölul. þessarar greinar getur sérhver aðili gert fyrirvara varðandi breytinguna með því að tilkynna það skriflega til vörsluríkisins. Þar til slíkur fyrirvari er dreginn til baka skal aðilinn skoðast sem ríki sem ekki er aðili að samningi þessum að því er varðar verslun með þá tegund sem í hlut á.

16. gr.

III. viðauki og breytingar á honum.

1. Sérhver aðili getur hvenær sem er sent skrifstofunni lista yfir tegundir sem hann staðfestir að séu háðar reglum innan lögsögu sinnar í því skyni sem getið er um í 3. tölul. 2. gr. III. viðauki skal hafa að geyma nöfn þeirra aðila sem tilgreina tegundir í þennan viðauka, vísindaleg nöfn tegundanna og hluta eða afleiðslu þeirra dýra eða plantna sem í hlut eiga og tilgreindir eru í sambandi við tegundirnar að því er varðar b-lið 1. gr.

2. Sérhvern lista, sem lagður er fram samkvæmt ákvæðum 1. tölul. þessarar greinar, skal skrifstofan senda aðilum eins fljótt og tök eru á eftir að hún hefur tekið við honum. Listinn skal taka gildi sem hluti af III. viðauka 90 dögum eftir dagsetningu slíkrar sendingar. Sérhver aðili getur hvenær sem er eftir viðtöku slíks lista tilkynnt vörsluríkinu skriflega um fyrirvara varðandi sérhverja tegund eða hluta eða afleiðslu hennar. Þar til slíkur fyrirvari er dreginn til baka skal aðilinn

the date of notification under sub-paragraph (h) of this paragraph, the proposed amendment shall be referred to the next meeting of the Conference for further consideration.

j) Provided that votes are received from one-half of the Parties, the amendment shall be adopted by a two-thirds majority of Parties casting an affirmative or negative vote.

k) The Secretariat shall notify all Parties of the result of the vote.

l) If the proposed amendment is adopted it shall enter into force 90 days after the date of the notification by the Secretariat of its acceptance for all Parties except those which make a reservation in accordance with paragraph 3 of this Article.

3. During the period of 90 days provided for by sub-paragraph (c) of paragraph 1 or sub-paragraph (l) of paragraph 2 of this Article any Party may by notification in writing to the Depositary Government make a reservation with respect to the amendment. Until such reservation is withdrawn the Party shall be treated as a State not a Party to the present Convention with respect to trade in the species concerned.

Article XVI

Appendix III and Amendments thereto

1. Any Party may at any time submit to the Secretariat a list of species which it identifies as being subject to regulation within its jurisdiction for the purpose mentioned in paragraph 3 of Article II. Appendix III shall include the names of the Parties submitting the species for inclusion therein, the scientific names of the species so submitted, and any parts or derivatives of the animals or plants concerned that are specified in relation to the species for the purposes of sub-paragraph (b) of Article I.

2. Each list submitted under the provisions of paragraph 1 of this Article shall be communicated to the Parties by the Secretariat as soon as possible after receiving it. The list shall take effect as part of Appendix III 90 days after the date of such communication. At any time after the communication of such list, any Party may by notification in writing to the Depositary Government enter a reservation with respect to any species or any parts or derivatives, and until such reservation is

skoðast sem ríki sem ekki er aðili að samningi þessum að því er varðar verslun með þessa tegund eða hluta eða afleiðslu hennar.

3. Aðili sem tilkynnt hefur tegund til skráningar í III. viðauka getur afturkallað skráninguna hvenær sem er með því að tilkynna það til skrifstofunnar sem sendir tilkynningu um afturköllun áfram til allra aðila. Afturköllunin tekur gildi 30 dögum eftir dagsetningu slíkrar tilkynningar.
4. Sérhver aðili, sem sendir lista samkvæmt ákvæðum 1. tölul. þessarar greinar, skal senda skrifstofunni afrit af öllum innlendum lögum og reglugerðum sem eiga við um vernd slíkra tegunda ásamt skýringum sem aðilinn telur viðeigandi eða skrifstofan óskar eftir. Aðilanum ber, svo lengi sem tegundin er skráð í III. viðauka, að senda sérhverja breytingu á slíkum lögum og reglugerðum eða skýringar þegar þær eru samþykktar.

17. gr.
Breytingar á samningnum.

1. Skrifstofunni ber að kalla saman aukafund þings aðila samkvæmt skriflegri beiðni að minnsta kosti eins þriðja hluta aðila til þess að skoða og samþykkja breytingar á þessum samningi. Slíkar breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum þeirra aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði. Í þessu sambandi merkir „þeir aðilar sem viðstaddir eru og greiða atkvæði“ þá aðila sem viðstaddir eru og greiða atkvæði með eða á móti. Aðilar sem ekki greiða atkvæði skulu ekki taldir til þeirra tveggja þriðju hluta sem þarf til þess að breytingin verði samþykkt.
2. Skrifstofan skal senda öllum aðilum texta sérhverrar breytingartillögu eigi síðar en 90 dögum fyrir fundinn.
3. Breyting öðlast gildi að því er þá aðila varðar sem hafa staðfest hana 60 dögum eftir að tveir þriðju hlutar aðila hafa afhent skjal um staðfestingu á breytingunni til vörsluríkisins. Eftir það skal breytingin öðlast gildi að því er sérhvern annan aðila varðar 60 dögum eftir að sá aðili afhendir skjal sitt um staðfestingu á breytingunni.

18. gr.
Lausn deilumála.

1. Sérhver deila sem upp kann að koma milli

withdrawn, the State shall be treated as a State not a Party to the present Convention with respect to trade in the species or part or derivative concerned.

3. A Party which has submitted a species for inclusion in Appendix III may withdraw it at any time by notification to the Secretariat which shall communicate the withdrawal to all Parties. The withdrawal shall take effect 30 days after the date of such communication.
4. Any Party submitting a list under the provisions of paragraph 1 of this Article shall submit to the Secretariat a copy of all domestic laws and regulations applicable to the protection of such species, together with any interpretations which the Party may deem appropriate or the Secretariat may request. The Party shall, for as long as the species in question is included in Appendix III, submit any amendments of such laws and regulations or any interpretations as they are adopted.

Article XVII
Amendment of the Convention

1. An extraordinary meeting of the Conference of the Parties shall be convened by the Secretariat on the written request of at least one-third of the Parties to consider and adopt amendments to the present Convention. Such amendments shall be adopted by a two-thirds majority of Parties present and voting. For these purposes "Parties present and voting" means Parties present and casting an affirmative or negative vote. Parties abstaining from voting shall not be counted among the two-thirds required for adopting an amendment.
2. The text of any proposed amendment shall be communicated by the Secretariat to all Parties at least 90 days before the meeting.
3. An amendment shall enter into force for the Parties which have accepted it 60 days after two-thirds of the Parties have deposited an instrument of acceptance of the amendment with the Depositary Government. Thereafter, the amendment shall enter into force for any other Party 60 days after that Party deposits its instrument of acceptance of the amendment.

Article XVIII
Resolution of Disputes

1. Any dispute which may arise between two or

tveggja eða fleiri aðila um túlkun eða beitingu ákvæða þessa samnings skal leyst með samningaviðræðum milli hlutaðeigandi aðila.

2. Ef ekki reynist unnt að leysa deiluna skv. 1. tölul. þessarar greinar geta aðilar með gagnkvæmu samkomulagi sín í milli lagt deiluna í gerð, einkum til Alþjóðagerðardómstólsins í Haag, og skulu aðilar gerðarmálsins bundnir af gerðardómsúrskurðinum.

19. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar í Washington til 30. apríl 1973, en eftir það í Bern fram til 31. desember 1974.

20. gr.
Fullgilding, staðfesting og samþykki.

Samningur þessi skal háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skal komið í vörslu hjá ríkisstjórn Sviss sem skal vera vörsluaðili.

21. gr.
Aðild.

Samningur þessi skal vera opinn fyrir aðild hvenær sem er. Skjölum um aðild skal komið til vörslu hjá vörsluríki.

22. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi 90 dögum eftir þann dag sem tíunda skjalinu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er komið til vörslu hjá vörsluríki.

2. Að því er varðar ríki, sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir samning þennan eða gerist aðili að honum eftir að tíunda skjalinu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er komið til vörslu, öðlast samningurinn gildi 90 dögum eftir að viðkomandi ríki kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

23. gr.
Fyrirvarar.

1. Ákvæði þessa samnings skulu ekki vera háð

more Parties with respect to the interpretation or application of the provisions of the present Convention shall be subject to negotiation between the Parties involved in the dispute.

2. If the dispute can not be resolved in accordance with paragraph 1 of this Article, the Parties may, by mutual consent, submit the dispute to arbitration, in particular that of the Permanent Court of Arbitration at The Hague, and the Parties submitting the dispute shall be bound by the arbitral decision.

Article XIX
Signature

The present Convention shall be open for signature at Washington until 30th April 1973 and thereafter at Berne until 31st December 1974.

Article XX
Ratification, Acceptance, Approval

The present Convention shall be subject to ratification, acceptance or approval. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Government of the Swiss Confederation which shall be the Depositary Government.

Article XXI
Accession

The present Convention shall be open indefinitely for accession. Instruments of accession shall be deposited with the Depositary Government.

Article XXII
Entry into Force

1. The present Convention shall enter into force 90 days after the date of deposit of the tenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, with the Depositary Government.
2. For each State which ratifies, accepts or approves the present Convention or accedes thereto after the deposit of the tenth instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the present Convention shall enter into force 90 days after the deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article XXIII
Reservations

1. The provisions of the present Convention

almennum fyrirvörum. Gera má sérstaka fyrirvara í samræmi við ákvæði þessarar greinar og 15. og 16. gr.

2. Sérhvert ríki getur, þegar það kemur skjali sínu um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu, gert sérstakan fyrirvara að því er varðar:
   a. sérhverja tegund sem tilgreind er í I., II. eða III. viðauka; eða
   b. sérhvern hluta eða afleiðslu sem tiltekin er í tengslum við tegund sem tilgreind er í III. viðauka.
3. Þar til aðili afturkallar fyrirvara sinn sem gerður er samkvæmt ákvæðum þessarar greinar skal hann skoðast sem ríki sem ekki er aðili að samningi þessum að því er varðar verslun með þær tegundir eða hluta eða afleiðslu þeirra sem tilgreindar eru í þeim fyrirvara.

24. gr.
Úrsögn.

Sérhver aðili getur hvenær sem er sagt samningi þessum upp með skriflegri tilkynningu til vörsluríkis. Úrsögnin skal taka gildi 12 mánuðum eftir að vörsluríkið hefur tekið við tilkynningunni.

25. gr.
Vörsluaðili.

1. Frumrit þessa samnings er á ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku og eru allir textarnir jafngildir. Frumritið skal varðveitt hjá vörsluríkinu sem sendir staðfest afrit af því til allra ríkja sem hafa undirritað hann eða komið skjali um aðild að honum til vörslu.
2. Vörsluríkið skal tilkynna öllum ríkjum sem undirritað hafa samninginn eða gerst aðilar að honum, svo og skrifstofunni, um undirskriftir, afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild, gildistöku þessa samnings, breytingar á honum, fyrirvara sem gerðir eru eða afturkallaðir og tilkynningar um úrsögn.
3. Um leið og þessi samningur öðlast gildi skal vörsluríkið senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest afrit af samningum til skráningar og birtingar í samræmi við 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

shall not be subject to general reservations. Specific reservations may be entered in accordance with the provisions of this Article and Articles XV and XVI.

2. Any State may, on depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, enter a specific reservation with regard to:
   a) any species included in Appendix I, II or III; or
   b) any parts or derivatives specified in relation to a species included in Appendix III.
3. Until a Party withdraws its reservation entered under the provisions of this Article, it shall be treated as a State not a Party to the present Convention with respect to trade in the particular species or parts or derivatives specified in such reservation.

Article XXIV
Denunciation

Any Party may denounce the present Convention by written notification to the Depositary Government at any time. The denunciation shall take effect twelve months after the Depositary Government has received the notification.

Article XXV
Depositary

1. The original of the present Convention, in the Chinese, English, French, Russian and Spanish languages, each version being equally authentic, shall be deposited with the Depositary Government, which shall transmit certified copies thereof to all States that have signed it or deposited instruments of accession to it.
2. The Depositary Government shall inform all signatory and acceding States and the Secretariat of signatures, deposit of instruments of ratification, acceptance, approval or accession, entry into force of the present Convention, amendments thereto, entry and withdrawal of reservations and notifications of denunciation.
3. As soon as the present Convention enters into force, a certified copy thereof shall be transmitted by the Depositary Government to the Secretariat of the United Nations for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað undir samning þennan.

In witness whereof the undersigned Plenipotentiaries, being duly authorized to that effect, have signed the present Convention.

Gjört í Washington, 3. mars 1973.

Done at Washington this third day of March, One Thousand Nine Hundred and Seventy-three.

I. og II. viðauki.

Samþykktir af ráðstefnu aðila, í gildi frá 18. september 1997
(endurprentaðir með leiðréttingum 30. júní 1998).

SKÝRINGAR

1. Til tegunda sem tilgreindar eru í þessum viðaukum er vísað sem hér segir:
   a. með heiti viðkomandi tegundar; eða
   b. sem allra þeirra tegunda sem tilheyra stærri flokkunareiningu eða tilgreindum hluta hennar.
2. Skammstöfunin „spp.“ táknar allar tegundir í flokkunareiningu sem er ofar tegund.
3. Tilvitnanir í flokkunareiningar ofar tegund eru einungis til fróðleiks og veita upplýsingar um stöðu viðkomandi lífveru eða lífvera í flokkunarkerfinu.
4. Eftirfarandi skammstafanir eru hafðar um þær flokkunareiningar plantna sem eru smærri en tegund:
   a. „ssp.“ táknar undirtegund;
   b. „var(s).“ táknar afbrigði; og
   c. „fa.“ táknar tilbrigði.
5. Táknið „p.e.“ er haft um tegundir sem kunna að vera aldauða.
6. Stjarna (*) sem stendur með heiti tegundar eða stærri flokkunareiningar merkir að einn eða fleiri land fræðilega aðskildir stofnar, undirtegundir eða tegundir viðkomandi tegundar eða flokkunareiningar séu tilgreind í I. viðauka en ekki í II. viðauka.
7. Tvær stjörnur (**) sem standa með heiti tegundar eða stærri flokkunareiningar merkja að einn eða fleiri landfræðilega aðskildir stofnar, undirtegundir eða tegundir viðkomandi tegundar eða flokkunareiningar séu tilgreind í II. viðauka en ekki í I. viðauka.
8. Táknið (-) sem stendur með tölu við heiti tegundar eða stærri flokkunareiningar merkir að tilgreindir landfræðilega aðskildir stofnar, tegundir, hópar tegunda eða ættir viðkomandi tegundar eða flokkunareiningar heyri ekki undir viðkomandi viðauka, svo sem hér segir:
   -101 Stofn í Vestur-Grænlandi
   -102 Stofnar í Bútan, Indlandi, Nepal og Pakistan
   -103 Stofnar í Botsvana, Namibíu og Zimbabve
   -104 Stofn í Ástralíu
   -105 Stofnar af tegundinni Pecari tajacu í Mexíkó og Bandaríkjum Norður-Ameríku
   -106 – Argentína: stofn í Jujuy-héraði og hálfvilltir stofnar í héruðunum Jujuy, Salta, Catamarca, La Rioja og San Juan
   – Bólivía: stofnar á verndarsvæðunum í Mauri-Desaguadero, Ulla Ulla og Lípez-Chichas sem hafa engan árlegan útflutningskvóta
   – Chile: hluti stofns í Parinacota-héraði, 1. umdæmi Tarapacá
   – Perú: allur stofninn
   -107 Stofnar í Afganistan, Bútan, Indlandi, Mjanmar, Nepal og Pakistan
   -108 Hrævar (ættin Cathartidae)
   -109 *Melopsittacus undulatus, Nymphicus hollandicus* og *Psittacula krameri*
   -110 Stofn í Argentínu
   -111 Stofn í Ekvador sem fær engan árlegan útflutningskvóta fyrr en skrifstofa CITES og sérfræðinganefnd IUCN/SSC um krókódíla hefur fallist á árlegan útflutningskvóta
   -112 Stofnar í Botsvana, Eþíópíu, Kenýa, Madagaskar, Malaví, Mósambík, Suður-Afríku, Úganda, Sameinuðu lýðveldi Tansaníu, Zambíu og Zimbabve

Auk dýra sem alin eru á útigangi mun Sameinað lýðveldi Tansaníu einungis heimila útflutning 1100 villtra dýra (innifalin 100 dýr nýtt sem veiðiminjagripir) árin 1998, 1999 og 2000

-113 Stofnar í Ástralíu, Indónesíu og Papúa Nýju-Gíneu
-114 Stofn í Chile
-115 Allar tegundir aðrar en þykkblöðungar (safaplöntur)
-116 *Aloe vera;* einnig undir heitinu *Aloe barbadensis.*

9. Táknið (+) sem stendur með tölu við heiti tegundar, undirtegundar eða stærri flokkunareiningar merkir að einungis tilgreindir landfræðilega aðskildir stofnar viðkomandi tegundar, undirtegundar eða flokkunareiningar heyri undir viðkomandi viðauka, svo sem hér segir:

+201 Stofnar í Bútan, Indlandi, Nepal og Pakistan
+202 Stofnar í Bútan, Kína, Mexíkó og Mongólíu
+203 Stofnar í Kamerún og Nígeríu
+204 Stofn í Asíu
+205 Stofnar í Mið- og Norður-Ameríku
+206 Stofnar í Bangladess, Indlandi og Tælandi
+207 Stofn í Indlandi
+208 Stofnar í Botsvana, Namibíu og Zimbabve
+209 Stofn í Ástralíu
+210 Stofn í Suður-Afríku
+211 – Argentína: stofn í Jujuy-héraði og hálfvilltir stofnar í héruðunum Jujuy, Salta, Catamarca, La Rioja og San Juan
– Bólivía: stofnar á verndarsvæðunum í Mauri-Desaguadero, Ulla Ulla og Lípez-Chichas, sem hafa engan árlegan útflutningskvóta
– Chile: hluti stofns í Parinacota-héraði, 1. umdæmi Tarapacá
– Perú: allur stofninn
+212 Stofnar í Afganistan, Bútan, Indlandi, Mjanmar, Nepal og Pakistan
+213 Stofn í Mexíkó
+214 Stofnar í Alsír, Búrkína Fasó, Kamerún, Mið-Afríkulýðveldinu, Tsjad, Malí, Máritaníu, Marokkó, Níger, Nígeríu, Senegal og Súdan
+215 Stofn á Seychelleseyjum
+216 Stofn í Evrópu, að undanskildu því svæði sem áður tilheyrði Sovétríkjunum
+217 Stofn í Chile.

10. Táknið (=) sem stendur með tölu við heiti tegundar, undirtegundar eða stærri flokkunareiningar merkir að skilja beri heiti viðkomandi tegundar, undirtegundar eða flokkunareiningar svo sem hér segir:

=301 Einnig undir heitinu *Phalanger maculatus*
=302 Nær einnig yfir ættina Tupaiidae
=303 Taldist áður til ættarinnar Lemuridae
=304 Áður undirtegund *Callithrix jacchus*
=305 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Leontideus*
=306 Taldist áður til tegundarinnar *Saguinus oedipus*
=307 Taldist áður *Alouatta palliata*
=308 Áður undir heitinu *Alouatta palliata (villosa)*
=309 Nær einnig til samheitisins *Cercopithecus roloway*
=310 Áður með ættkvíslinni *Papio*
=311 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Simias*
=312 Nær einnig til samheitisins *Colobus badius kirkii*
=313 Nær einnig til samheitisins *Colobus badius rufomitratus*
=314 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Rhinopithecus*
=315 Einnig undir heitinu *Presbytis entellus*
=316 Einnig undir heitinu *Presbytis geei* og *Semnopithecus geei*
=317 Einnig undir heitinu *Presbytis pileata* og *Semnopithecus pileatus*
=318 Nær einnig til samheitanna *Bradypus boliviensis* og *Bradypus griseus*
=319 Nær einnig til samheitisins *Priodontes giganteus*

=320 Nær einnig til samheitisins *Physeter macrocephalus*
=321 Nær einnig til samheitisins *Eschrichtius glaucus*
=322 Áður með ættkvíslinni *Balaena*
=323 Áður með ættkvíslinni *Dusicyon*
=324 Nær einnig til samheitisins *Dusicyon fulvipes*
=325 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Fennecus*
=326 Einnig undir heitinu *Selenarctos thibetanus*
=327 Einnig undir heitinu *Aonyx microdon or Paraonyx microdon*
=328 Áður með ættkvíslinni *Lutra*
=329 Áður með ættkvíslinni *Lutra;* nær einnig til samheitanna *Lutra annectens, Lutra enudris, Lutra incarum og Lutra platensis*
=330 Nær einnig til samheitisins *Eupleres major*
=331 Einnig undir heitinu *Hyaena brunnea*
=332 Einnig undir heitinu *Felis caracal* og *Lynx caracal*
=333 Áður með ættkvíslinni *Felis*
=334 Einnig undir heitinu *Felis pardina* eða *Felis lynx pardina*
=335 Áður með ættkvíslinni *Panthera*
=336 Einnig undir heitinu *Equus asinus*
=337 Taldist áður til tegundarinnar *Equus hemionus*
=338 Einnig undir heitinu *Equus caballus przewalskii*
=339 Einnig undir heitinu *Choeropsis liberiensis*
=340 Einnig undir heitinu *Cervus porcinus calamianensis*
=341 Einnig undir heitinu *Cervus porcinus kuhlii*
=342 Einnig undir heitinu *Cervus porcinus annamiticus*
=343 Einnig undir heitinu *Cervus dama mesopotamicus*
=344 Nær einnig til samheitisins *Bos frontalis*
=345 Nær einnig til samheitisins *Bos grunniens*
=346 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Novibos*
=347 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Anoa*
=348 Einnig undir heitinu *Damaliscus dorcas dorcas* eða *Damaliscus pygargus dorcas*
=349 Taldist áður til tegundarinnar *Naemorhedus goral*
=350 Einnig undir heitinu *Capricornis sumatraensis*
=351 Nær einnig til samheitisins *Oryx tao*
=352 Nær einnig til samheitisins *Ovis aries ophion*
=353 Áður undir heitinu *Ovis vignei* (sjá einnig ákvarðanir ráðstefnu aðila sem beint er til aðila og varða þá ráðstöfun að bæta *Ovis vignei vignei* við í I. viðauka)
=354 Einnig undir heitinu *Rupicapra rupicapra ornata*
=355 Einnig undir heitinu *Pterocnemia pennata*
=356 Einnig undir heitinu *Sula abbotti*
=357 Einnig undir heitinu *Ciconia ciconia boyciana*
=358 Nær einnig til samheitanna *Anas chlorotis* og *Anas nesiotis*
=359 Einnig undir heitinu *Anas platyrhynchos laysanensis*
=360 Líklega blendingur *Anas platyrhynchos* og *Anas superciliosa*
=361 Einnig undir heitinu *Aquila heliaca adalberti*
=362 Einnig undir heitinu *Chondrohierax wilsonii*
=363 Einnig undir heitinu *Falco peregrinus babylonicus* og *Falco peregrinus pelegrinoides*
=364 Einnig undir heitinu *Crax mitu mitu*
=365a Áður með ættkvíslinni *Aburria*
=365b Áður með ættkvíslinni *Aburria;* einnig undir heitinu *Pipile pipile pipile*
=366 Taldist áður til tegundarinnar *Crossoptilon crossoptilon*
=367 Taldist áður til tegundarinnar *Polyplectron malacense*
=368 Nær einnig til samheitisins *Rheinardia nigrescens*
=369 Einnig undir heitinu *Tricholimnas sylvestris*
=370 Einnig undir heitinu *Choriotis nigriceps*

=371 Einnig undir heitinu *Houbaropsis bengalensis*
=372 Einnig undir heitinu *Amazona dufresniana rhodocorytha*
=373 Heitið oft ranglega skráð í viðskiptum sem *Ara caninde*
=374 Einnig undir heitinu *Cyanoramphus novaezelandiae cookii*
=375 Einnig undir heitinu *Opopsitta diophthalma coxeni*
=376 Einnig undir heitinu *Pezoporus occidentalis*
=377 Taldist áður til tegundarinnar *Psephotus chrysopterygius*
=378 Einnig undir heitinu *Psittacula krameri echo*
=379 Áður með ættkvíslinni *Gallirex;* einnig undir heitinu *Tauraco porphyreolophus*
=380 Einnig undir heitinu *Otus gurneyi*
=381 Einnig undir heitinu *Ninox novaeseelandiae royana*
=382 Áður með ættkvíslinni *Glaucis*
=383 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Ptilolaemus*
=384 Áður með ættkvíslinni *Rhinoplax*
=385 Einnig undir heitinu *Pitta brachyura nympha*
=386 Einnig undir heitinu *Muscicapa ruecki* eða *Niltava ruecki*
=387 Einnig undir heitinu *Dasyornis brachypterus longirostris*
=388 Einnig undir heitinu *Meliphaga cassidix*
=389 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Xanthopsar*
=390 Áður með ættkvíslinni *Spinus*
=391 Einnig undir ættkvíslarheitinu *Damonia*
=392 Áður undir heitinu *Kachuga tecta tecta*
=393 Nær einnig til ættkvíslarsamheitanna *Nicoria* og *Geoemyda* (að hluta)
=394 Einnig undir heitinu *Geochelone elephantopus;* einnig með ættkvíslinni *Testudo*
=395 Einnig með ættkvíslinni *Testudo*
=396 Einnig með ættkvíslinni *Aspideretes*
=397 Taldist áður *Podocnemis* spp.
=398 Nær til breiðtrýninga (Alligatoridae), eiginlegra krókódíla (Crocodylidae) og langtrýninga (Gavialidae)
=399 Einnig undir heitinu *Crocodylus mindorensis*
=400 Einnig með ættkvíslinni *Nactus*
=401 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Rhoptropella*
=402 Taldist áður *Chamaeleo* spp.
=403 Nær einnig til ættkvíslarsamheitanna *Calumma* og *Furcifer*
=404 Nær til ættanna Bolyeriidae og Tropidophiidae sem teljast undirættir
=405 Einnig undir heitinu *Constrictor constrictor occidentalis*
=406 Nær einnig til samheitisins *Python molurus pimbura*
=407 Nær einnig til samheitisins *Sanzinia manditra*
=408 Nær einnig til samheitisins *Pseudoboa cloelia*
=409 Einnig undir heitinu *Hydrodynastes gigas*
=410 Nær einnig til samheitanna *Naja atra, Naja kaouthia, Naja oxiana, Naja philippinensis, Naja samarensis, Naja sputatrix* og *Naja sumatrana*
=411 Nær einnig til ættkvíslarsamheitisins *Megalobatrachus*
=412 Taldist áður Nectophrynoides spp.
=413 Taldist áður *Dendrobates* spp.
=414 Einnig með ættkvíslinni *Rana*
=415 *Sensu* D'Abrera
=416 Nær einnig til samheitanna *Pandinus africanus* og *Heterometrus roeseli*
=417 Nær einnig til *Aphonopelma albiceps, Aphonopelma pallidum* og *Brachypelmides klaasi*
=418 Einnig undir heitinu *Conchodromus dromas*
Any Contracting State may declare to the depositary of the Convention that it will not be bound under this Convention to recognize adoptions made in accordance with an agreement concluded by application of Article 39, paragraph 2.

26. gr.

1. Í viðurkenningu á ættleiðingu felst viðurkenning á:
   a. lagalegum tengslum foreldra og barns á milli barnsins og kjörforeldra þess;
   b. foreldraskyldum kjörforeldra gagnvart barninu;
   c. niðurfellingu lagalegra tengsla barnsins og kynforeldra þess, ef ættleiðingin hefur þau réttaráhrif í því samningsríki þar sem hún fór fram.
2. Hafi ættleiðing þau réttaráhrif að lagaleg tengsl barns og kynforeldra þess falli niður skal barnið njóta í móttökuríkinu og í hverju því samningsríki öðru þar sem ættleiðingin er viðurkennd samsvarandi réttinda og leiða af ættleiðingu með þeim áhrifum í hverju slíku samningsríki.
3. Undanfarandi töluliðir koma ekki í veg fyrir að beitt sé reglum sem eru barninu hagstæðari og í gildi eru í samningsríki sem viðurkennir ættleiðinguna.

Article 26

1. The recognition of an adoption includes recognition of:
   a) the legal parent-child relationship between the child and his or her adoptive parents;
   b) parental responsibility of the adoptive parents for the child;
   c) the termination of a pre-existing legal relationship between the child and his or her mother and father, if the adoption has this effect in the Contracting State where it was made.
2. In the case of an adoption having the effect of terminating a pre-existing legal parent-child relationship, the child shall enjoy in the receiving State, and in any other Contracting State where the adoption is recognized, rights equivalent to those resulting from adoptions having this effect in each such State.
3. The preceding paragraphs shall not prejudice the application of any provision more favourable for the child, in force in the Contracting State which recognizes the adoption.

27. gr.

1. Hafi ættleiðing sem heimiluð hefur verið í upprunaríkinu ekki þau áhrif að fella niður lagaleg tengsl barns og kynforeldra þess má í því móttökuríki sem viðurkennir ættleiðinguna samkvæmt samningi þessum breyta henni í ættleiðingu sem hefur slík áhrif:
   a. ef lög móttökuríkisins leyfa það; og
   b. ef samþykki það, sem vísað er til í c- og d-liðum 4. gr., hefur verið eða er veitt vegna slíkrar ættleiðingar.
2. Ákvæði 23. gr. gildir um þá ákvörðun sem breytir ættleiðingunni.

Article 27

1. Where an adoption granted in the State of origin does not have the effect of terminating a pre-existing legal parent-child relationship, it may, in the receiving State which recognizes the adoption under the Convention, be converted into an adoption having such an effect:
   a) if the law of the receiving State so permits; and
   b) if the consents referred to in Article 4, sub-paragraphs c) and d), have been or are given for the purpose of such an adoption.
2. Article 23 applies to the decision converting the adoption.

VI. KAFLI
Almenn ákvæði.

28. gr.

Samningur þessi hefur engin áhrif á lög upprunaríkis sem mæla svo fyrir að ættleiðing barns sem á búsetu í því ríki fari fram þar eða sem banna að barni sé komið fyrir í eða það flutt til móttökuríkisins áður en ættleiðing fer fram.

CHAPTER VI
General Provisions

Article 28

The Convention does not affect any law of a State of origin which requires that the adoption of a child habitually resident within that State take place in that State or which prohibits the child's placement in, or transfer to, the receiving State prior to adoption.

29. gr.

Væntanlegir kjörforeldrar og kynforeldrar barns eða aðrir sem hafa umsjá barns með höndum skulu ekki hafa neitt samband sín á milli þar til skilyrðum a- til c-liða 4. gr. og a-liðar 5. gr. hefur verið fullnægt, nema ættleiðing eigi sér stað innan ættar eða sambandið sé í samræmi við þau skilyrði sem bært stjórnvald upprunaríkisins ákveður.

Article 29

There shall be no contact between the prospective adoptive parents and the child's parents or any other person who has care of the child until the requirements of Article 4, sub-paragraphs a) to c), and Article 5, sub-paragraph a), have been met, unless the adoption takes place within a family or unless the contact is in compliance with the conditions established by the competent authority of the State of origin.

30. gr.

1. Bær stjórnvöld samningsríkis skulu tryggja að upplýsingar um uppruna barns, einkum upplýsingar um hverjir foreldrar þess eru, svo og upplýsingar um heilsufar, séu varðveittar.
2. Þau skulu sjá til þess að barnið eða umboðsmaður þess hafi, með viðeigandi leiðsögn, aðgang að slíkum upplýsingum, að því marki sem lög viðkomandi ríkis leyfa.

Article 30

1. The competent authorities of a Contracting State shall ensure that information held by them concerning the child's origin, in particular information concerning the identity of his or her parents, as well as the medical history, is preserved.
2. They shall ensure that the child or his or her representative has access to such information, under appropriate guidance, in so far as is permitted by the law of that State.

31. gr.

Með fyrirvara um ákvæði 30. gr. skulu upplýsingar um einkamálefni sem safnað er eða sendar eru samkvæmt samningi þessum, einkum

Article 31

Without prejudice to Article 30, personal data gathered or transmitted under the Convention, especially data referred to in Articles 15 and 16,

þær sem fjallað er um í 15. og 16. gr., aðeins notaðar í þeim tilgangi sem söfnun þeirra eða sending beindist að.

32. gr.

1. Starfsemi sem varðar ættleiðingu milli landa má ekki verða neinum til óhæfilegs ávinnings, fjárhagslega eða á annan hátt.
2. Aðeins má krefja um og greiða kostnað og útgjöld, þar með talið sanngjarna sérfræðilega þóknun þeirra sem við ættleiðinguna fást.
3. Ekki má greiða forstöðumönnum, stjórnendum eða starfsmönnum stofnana sem við ættleiðingar fást þóknun sem er óhæfilega há miðað við þau störf sem unnin eru.

33. gr.

Verði bært stjórnvald þess vart að eitthvert ákvæði samnings þessa hefur ekki verið virt eða að veruleg hætta sé á að það verði ekki virt skal það þegar í stað tilkynna miðstjórnvaldi ríkis síns um það. Skal miðstjórnvaldið sjá um að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar.

34. gr.

Óski bært stjórnvald þess ríkis þar sem skjal er móttekið þess skal leggja fram þýðingu sem staðfest er að sé í samræmi við frumritið. Sé ekki mælt fyrir um annað skulu væntanlegir kjörforeldrar bera kostnað af slíkri þýðingu.

35. gr.

Bær stjórnvöld samningsríkja skulu flýta meðferð ættleiðingarmála.

36. gr.

Að því er varðar ríki sem hefur tvö eða fleiri réttarkerfi að því er ættleiðingar varðar sem gilda á mismunandi svæðum:

a. skal litið svo á að með tilvísun til búsetu í því ríki sé vísað til búsetu á svæði í því ríki;

b. skal litið svo á að með tilvísun til laga þess ríkis sé vísað til þeirra laga sem eru í gildi á viðkomandi svæði;

c. skal litið svo á að með tilvísun til bærra stjórnvalda eða til almennra stjórnvalda þess ríkis sé vísað til þeirra sem bær eru til aðgerða á viðkomandi svæði;

shall be used only for the purposes for which they were gathered or transmitted.

Article 32

1. No one shall derive improper financial or other gain from an activity related to an intercountry adoption.
2. Only costs and expenses, including reasonable professional fees of persons involved in the adoption, may be charged or paid.
3. The directors, administrators and employees of bodies involved in an adoption shall not receive remuneration which is unreasonably high in relation to services rendered.

Article 33

A competent authority which finds that any provision of the Convention has not been respected or that there is a serious risk that it may not be respected, shall immediately inform the Central Authority of its State. This Central Authority shall be responsible for ensuring that appropriate measures are taken.

Article 34

If the competent authority of the State of destination of a document so requests, a translation certified as being in conformity with the original must be furnished. Unless otherwise provided, the costs of such translation are to be borne by the prospective adoptive parents.

Article 35

The competent authorities of the Contracting States shall act expeditiously in the process of adoption.

Article 36

In relation to a State which has two or more systems of law with regard to adoption applicable in different territorial units:

a) any reference to habitual residence in that State shall be construed as referring to habitual residence in a territorial unit of that State;
b) any reference to the law of that State shall be construed as referring to the law in force in the relevant territorial unit;
c) any reference to the competent authorities or to the public authorities of that State shall be construed as referring to those authorized to act in the relevant territorial unit;

d. skal litið svo á að með tilvísun til viðurkenndra stofnana þess ríkis sé vísað til stofnana sem viðurkenndar eru innan viðkomandi svæðis.

37. gr.

Að því er varðar ríki sem hefur tvö eða fleiri réttarkerfi að því er ættleiðingar varðar sem taka til mismunandi hópa manna skal litið svo á að með tilvísun til laga þess ríkis sé vísað til þess réttarkerfis sem lög þess tilgreina.

38. gr.

Ríki þar sem mismunandi svæði hafa sín eigin lög að því er ættleiðingar varðar skal ekki bundið af ákvæðum samningsins í þeim tilvikum þegar ríki með eitt réttarkerfi væri ekki bundið.

39. gr.

1. Samningur þessi hefur engin áhrif á alþjóðlega gerninga sem samningsríki eru aðilar að og hafa að geyma ákvæði um málefni sem skipað er með samningi þessum, nema aðilar að slíkum gerningum gefi yfirlýsingu um hið gagnstæða.
2. Samningsríki getur gert samninga við eitt eða fleiri samningsríki í því skyni að bæta framkvæmd samnings þessa í gagnkvæmum samskiptum þeirra. Með slíkum samningum má ekki víkja frá öðrum ákvæðum en þeim sem eru í 14.–16. gr. og 18.–21. gr. Ríki sem hafa gert slíkan samning skulu senda afrit af honum til vörsluaðila samnings þessa.

40. gr.

Ekki má gera fyrirvara við samning þennan.

41. gr.

Samningur þessi skal gilda um sérhvert tilvik þar sem tekið hefur verið við umsókn skv. 14. gr. eftir að samningurinn hefur öðlast gildi að því er móttökuríkið og upprunaríkið varðar.

42. gr.

Aðalframkvæmdastjóri Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt skal með reglulegu millibili kveðja saman sérnefnd til að fara yfir framkvæmd samnings þessa.

d) any reference to the accredited bodies of that State shall be construed as referring to bodies accredited in the relevant territorial unit.

Article 37

In relation to a State which with regard to adoption has two or more systems of law applicable to different categories of persons, any reference to the law of that State shall be construed as referring to the legal system specified by the law of that State.

Article 38

A State within which different territorial units have their own rules of law in respect of adoption shall not be bound to apply the Convention where a State with a unified system of law would not be bound to do so.

Article 39

1. The Convention does not affect any international instrument to which Contracting States are Parties and which contains provisions on matters governed by the Convention, unless a contrary declaration is made by the States Parties to such instrument.
2. Any Contracting State may enter into agreements with one or more other Contracting States, with a view to improving the application of the Convention in their mutual relations. These agreements may derogate only from the provisions of Articles 14 to 16 and 18 to 21. The States which have concluded such an agreement shall transmit a copy to the depositary of the Convention.

Article 40

No reservation to the Convention shall be permitted.

Article 41

The Convention shall apply in every case where an application pursuant to Article 14 has been received after the Convention has entered into force in the receiving State and the State of origin.

Article 42

The Secretary General of the Hague Conference on Private International Law shall at regular intervals convene a Special Commission in order to review the practical operation of the Convention.

VII. KAFLI
Lokaákvæði.

43. gr.

1. Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu þeirra ríkja sem aðild áttu að Haag-ráðstefnunni um alþjóðlegan einkamálarétt á þeim tíma er 17. fundur hennar var haldinn, og þeirra ríkja annarra sem þátt tóku í þeim fundi.
2. Hann skal fullgiltur, staðfestur eða samþykktur og skal skjölum um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki komið til vörslu hjá utanríkisráðuneyti konungsríkisins Hollands, vörsluaðila samningsins.

44. gr.

1. Sérhvert annað ríki getur gerst aðili að samningnum eftir að hann hefur öðlast gildi skv. 1. tölul. 46. gr.
2. Aðildarskjali skal komið til vörslu hjá vörsluaðila.
3. Slík aðild hefur einungis gildi að því er varðar samskipti ríkis sem gerist aðili og þeirra samningsríkja sem ekki hafa andmælt aðild þess innan sex mánaða eftir að tilkynningu skv. b-lið 48. gr. er veitt viðtaka. Slík andmæli mega ríki einnig hafa uppi er þau fullgilda, staðfesta eða samþykkja samninginn eftir aðild. Öll slík andmæli skulu tilkynnt vörsluaðila.

45. gr.

1. Ef í ríki eru tvö eða fleiri svæði þar sem mismunandi réttarkerfi gilda um atriði er samningur þessi fjallar um getur það við undirritun, fullgildingu, staðfestingu, samþykkt eða aðild lýst því yfir að samningur þessi skuli taka til allra svæða þess eða einungis til eins þeirra eða fleiri, og getur það hvenær sem er breytt þeirri yfirlýsingu með því að gefa aðra yfirlýsingu.
2. Sérhver slík yfirlýsing skal tilkynnt vörsluaðila og skal þar tilgreina skýrt þau svæði sem samningurinn tekur til.
3. Gefi ríki ekki neina yfirlýsingu samkvæmt þessari grein skal samningurinn taka til allra svæða þess ríkis.

46. gr.

1. Samningur þessi skal öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að þrír mánuðir eru liðnir

CHAPTER VII
Final Clauses

Article 43

1. The Convention shall be open for signature by the States which were Members of the Hague Conference on Private International Law at the time of its Seventeenth Session and by the other States which participated in that Session.
2. It shall be ratified, accepted or approved and the instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Ministry of Foreign Affairs of the Kingdom of the Netherlands, depositary of the Convention.

Article 44

1. Any other State may accede to the Convention after it has entered into force in accordance with Article 46, paragraph 1.
2. The instrument of accession shall be deposited with the depositary.
3. Such accession shall have effect only as regards the relations between the acceding State and those Contracting States which have not raised an objection to its accession in the six months after the receipt of the notification referred to in sub-paragraph b) of Article 48. Such an objection may also be raised by States at the time when they ratify, accept or approve the Convention after an accession. Any such objection shall be notified to the depositary.

Article 45

1. If a State has two or more territorial units in which different systems of law are applicable in relation to matters dealt with in the Convention, it may at the time of signature, ratification, acceptance, approval or accession declare that this Convention shall extend to all its territorial units or only to one or more of them and may modify this declaration by submitting another declaration at any time.
2. Any such declaration shall be notified to the depositary and shall state expressly the territorial units to which the Convention applies.
3. If a State makes no declaration under this Article, the Convention is to extend to all territorial units of that State.

Article 46

1. The Convention shall enter into force on the first day of the month following the expi-

frá afhendingu þriðja skjals um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skv. 43. gr.

2. Eftir það skal samningurinn öðlast gildi:

   a. að því er varðar sérhvert ríki sem fullgildir, staðfestir eða samþykkir hann síðar eða gerist aðili að honum, á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að þrír mánuðir eru liðnir frá afhendingu skjals þess um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
   b. að því er varðar svæði sem samningurinn hefur verið látinn ná til skv. 45. gr., á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá tilkynningu þeirri sem vísað er til í þeirri grein.

ration of three months after the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval referred to in Article 43.

2. Thereafter the Convention shall enter into force:
   a) for each State ratifying, accepting or approving it subsequently, or acceding to it, on the first day of the month following the expiration of three months after the deposit of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
   b) for a territorial unit to which the Convention has been extended in conformity with Article 45, on the first day of the month following the expiration of three months after the notification referred to in that Article.

47. gr.

1. Samningsríki getur sagt upp samningi þessum með skriflegri tilkynningu til vörsluaðila.
2. Uppsögn öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að liðnir eru tólf mánuðir frá því að vörsluaðili tók við tilkynningu. Sé lengri uppsagnarfrestur tilgreindur í tilkynningunni öðlast uppsögnin gildi þegar sá frestur er liðinn frá því að vörsluaðili veitti tilkynningunni viðtöku.

Article 47

1. A State Party to the Convention may denounce it by a notification in writing addressed to the depositary.
2. The denunciation takes effect on the first day of the month following the expiration of twelve months after the notification is received by the depositary. Where a longer period for the denunciation to take effect is specified in the notification, the denunciation takes effect upon the expiration of such longer period after the notification is received by the depositary.

48. gr.

Vörsluaðili skal tilkynna aðildarríkjum Haagráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt, öðrum ríkjum sem tóku þátt í 17. fundi hennar og þeim ríkjum sem hafa gerst aðilar skv. 44. gr. um eftirfarandi:

   a. undirritanir, fullgildingar, staðfestingar og samþykki skv. 43. gr.;
   b. aðild og andmæli gegn aðild skv. 44. gr.;
   c. þann dag er samningurinn öðlast gildi skv. 46. gr.;
   d. yfirlýsingar og tilnefningar sem vísað er til í 22., 23., 25. og 45. gr.;
   e. samninga skv. 39. gr.;
   f. uppsagnir skv. 47. gr.

Article 48

The depositary shall notify the States Members of the Hague Conference on Private International Law, the other States which participated in the Seventeenth Session and the States which have acceded in accordance with Article 44, of the following:
   a) the signatures, ratifications, acceptances and approvals referred to in Article 43;
   b) the accessions and objections raised to accessions referred to in Article 44;
   c) the date on which the Convention enters into force in accordance with Article 46;
   d) the declarations and designations referred to in Articles 22, 23, 25 and 45;
   e) the agreements referred to in Article 39;
   f) the denunciations referred to in Article 47.

Þessu til staðfestu hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, ritað nafn sitt undir samning þennan.

In witness whereof the undersigned, being duly authorized thereto, have signed this Convention.

Gjört í Haag 29. maí 1993, á ensku og frönsku, og eru báðir textarnir jafngildir, í einu eintaki sem skal varðveitt í skjalasafni ríkisstjórnar konungsríkisins Hollands, og skal senda staðfest eftirrit eftir diplómatískum leiðum til sérhvers aðildarríkja Haag-ráðstefnunnar um alþjóðlegan einkamálarétt á þeim tíma er hún hélt 17. fund sinn og til sérhverra annarra ríkja sem tóku þátt í þeim fundi.

Done at The Hague, on the 29th of May 1993, in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Government of the Kingdom of the Netherlands, and of which a certified copy shall be sent, through diplomatic channels, to each of the States Members of the Hague Conference on Private International Law at the date of its Seventeenth Session and to each of the other States which participated in that Session.

Nr. 4 23. febrúar 2000

AUGLÝSING

um breytingar á samningi um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu og nýjan viðauka I við samninginn.

Hinn 2. febrúar 2000 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á 9. og 38. gr. samnings um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu frá 4. janúar 1960 og nýs viðauka I við samninginn sem samþykkt voru af EFTA-ráðinu 19. júní 1997, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1970 þar sem samningurinn er birtur. Breytingarnar og viðaukinn öðluðust gildi sama dag.

Breytingarnar og viðaukinn eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

BREYTING
á EFTA-samningnum.
Breytingar á 9. og 38. gr. og innleiðsla nýs viðauka I.

1. Ný 9. gr.

„Samvinna á sviði tollamála."

„1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal á sviði stjórnunarsamvinnu, til að tryggja að ákvæði 3. til 7. gr. og viðauka A og B séu framkvæmd til hlítar og á sem samræmdastan hátt. Við þá framkvæmd skal hafa í huga nauðsyn þess að draga, svo sem unnt er, úr þeim formkröfum sem eru gerðar í viðskiptum og einnig nauðsyn þess að finna lausn sérhverra þeirra vandamála sem spretta af framkvæmd þessara ákvæða og allir geta vel við unað.

AMENDMENT
to the EFTA Convention
Amendments to Articles 9 and 38 and Introduction of a New Annex I

1. Article 9 of the Convention shall be amended as follows:

"Co-operation in customs-related matters"

"1. Member States shall take appropriate measures, including arrangements regarding administrative co-operation, to ensure that the provisions of Articles 3 to 7 and of Annexes A and B are effectively and harmoniously applied, taking account of the need to reduce as far as possible the formalities imposed on trade and of the need to achieve mutually satisfactory solutions of any difficulties arising out of the operation of those provisions.

2. Aðildarríkin skulu almennt veita hvert öðru aðstoð í tollamálum í samræmi við ákvæði viðauka I og sjá þannig til þess að tollalögum þeirra sé beitt með réttum hætti.

3. Ákvæði viðauka I skulu gilda um allar framleiðsluvörur óháð því hvort þær falla undir ákvæði þessa samnings.
4. Ráðið getur ákveðið að breyta ákvæðum viðauka I.“

2. Ný 38. gr.

„Viðaukarnir við samning þennan eru óaðskiljanlegur hluti hans og eru þeir sem hér segir:

Viðauki A	Grunntollar
Viðauki B	Ákvæði um hæfi vara til svæðismeðferðar
Viðauki C	Skrá yfir ríkisstyrki sem um getur í 1. mgr. 13. gr.
Viðauki D	Skrá yfir landbúnaðarvörur og vörur unnar úr hráefnum frá landbúnaði sem um getur í 1. mgr. 21. gr.
Viðauki E	Bráðabirgðafyrirkomulag sem gildir um fisk og aðrar sjávarafurðir
Viðauki F	Skrá yfir landsvæði sem 2. mgr. 43. gr. gildir um
Viðauki G	Sérfyrirkomulag fyrir Portúgal vegna innflutningstolla og magntakmarkana á útflutningi
Viðauki H	Hvernig tilkynna ber um drög að tæknilegum reglum
Viðauki I	Samningur um gagnkvæma stjórnunaraðstoð í tollamálum.“

3. Bæta ber textanum, sem er settur fram í viðaukanum við ákvörðun þessa, við sem viðauka I við samninginn.
4. Breytingarnar hér að framan öðlast gildi þegar öll aðildarríkin hafa afhent vörsluaðila, sem tilkynnir öllum hinum samningsaðilum um það, skjöl sín um staðfestingu til vörslu.

5. Aðalframkvæmdastjóri Fríverslunarsamtaka Evrópu skal afhenda vörsluaðila texta þessarar ákvörðunar til vörslu.

2. Member States shall assist each other in customs matters in general in accordance with the provisions of Annex I in order to ensure that their customs legislation is correctly applied.
3. Annex I shall apply to all products whether or not covered by the provisions of this Convention.
4. The Council may decide to amend the provisions of Annex I.”

2. Article 38 of the Convention shall be amended as follows:

“The Annexes to this Convention are an integral part of it and are the following:

Annex A	Basic duties
Annex B	Provisions relating to the eligibility of goods for Area tariff treatment
Annex C	List of government aids referred to in paragraph 1 of Article 13
Annex D	Lists of agricultural goods and goods processed from agricultural raw materials referred to in paragraph 1 of Article 21
Annex E	Transitional arrangements applicable to fish and other marine products
Annex F	List of territories to which paragraph 2 of Article 43 applies
Annex G	Special arrangments for Portugal in regard to import duties and quantitative export restrictions
Annex H	Procedure for the notification of draft technical regulations
Annex I	Agreement on mutual administrative assistance in customs matters.”

3. The text set out in the Annex to this Decision shall be added as Annex I to the Convention.

4. The above amendments shall enter into force when the instruments of acceptance have been deposited by all the States Parties with the Depositary, which shall notify all the other States Parties.
5. The Secretary-General of the European Free Trade Association shall deposit the text of this Decision with the Depositary.

VIÐAUKI I
um gagnkvæma stjórnunaraðstoð í tollamálum.

1. gr.
Skilgreiningar.

Í samningi þessum hafa eftirfarandi hugtök þá merkingu sem hér greinir:

a) „vörur“ merkir allar vörur, sem falla undir 1. til 97. kafla samræmdu tollskrárinnar, þrátt fyrir gildissvið samningsins um stofnun Fríverslunarsamtaka Evrópu, hér á eftir nefndur „EFTA-samningurinn“;

b) „tollalög“ merkir ákvæði laga og reglugerða sem einstök EFTA-ríki, hér á eftir nefnd „aðildarríkin“, setja og fjalla um inn-, út- og umflutning vara og tollafgreiðslu þeirra, þar með taldar ráðstafanir sem lúta að banni, takmörkunum og eftirliti;

c) „yfirvald sem óskar eftir aðstoð“ merkir lögbært stjórnvald sem aðildarríki hefur tilnefnt í því skyni og leggur fram beiðni um aðstoð í tollamálum;

d) „yfirvald sem er beðið um aðstoð“ merkir lögbært stjórnvald sem aðildarríki tilnefnir til þess að taka við beiðnum um aðstoð í tollamálum;

e) „brot á tollalögum“ merkir brot á tollalögjöf eða tilraun til slíks brots.

2. gr.
Gildissvið.

1. Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað, á þeim sviðum sem valdsvið þeirra nær til og með þeim hætti og skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessum viðauka, við að tryggja að tollalögin komi til framkvæmda með réttum hætti, einkum með því að koma í veg fyrir, ljóstra upp um og rannsaka starfsemi sem brýtur í bága við þau lög.
2. Aðstoð í tollamálum, eins og mælt er fyrir um í þessum viðauka, skal gilda um sérhvert stjórnvald í aðildarríkjunum sem er til þess bært að beita ákvæðum þessa viðauka. Slík aðstoð hefur engin áhrif á reglur um gagnkvæma aðstoð í sakamálum. Hún nær ekki til upplýsinga sem er aflað eftir umboði sem er nýtt að beiðni dómsmálayfirvalda, nema slík-

ANNEX I
on Mutual Administrative Assistance in Customs Matters

Article 1
Definitions

For the purposes of this Annex:

(a) "Goods" shall mean all goods falling within Chapters 1 to 97 of the Harmonized System, irrespective of the scope of the convention establishing the European Free Trade Association, hereinafter referred to as "EFTA Convention";
(b) "customs legislation" shall mean any legal or regulatory provision adopted by the individual EFTA Member States, hereinafter referred to as the "Member States", governing the import, export, and transit of goods and their placing under any customs procedure, including measures of prohibition, restriction and control;
(c) "applicant authority", shall mean a competent administrative authority which has been appointed by a Member State for this purpose and which makes a request for assistance in customs matters;
(d) "requested authority", shall mean a competent administrative authority which has been appointed by a Member State for this purpose and which receives a request for assistance in customs matters;
(e) "breaches of customs legislation" shall mean any violation or attempted violation of that legislation.

Article 2
Scope

1. The Member States shall assist each other, in the areas within their competence, in the manner and under the conditions laid down in this Annex, in ensuring that the customs legislation is correctly applied, in particular by the prevention, detection and investigation of operations in breach of that legislation.

2. Assistance in customs matters, as provided for in this Annex, shall apply to any administrative authority of the Member States which is competent for the application of this Annex. It shall not prejudice the rules governing mutual assistance in criminal matters. Nor shall it cover information obtained under powers exercised at the request of the judicial

ar upplýsingar séu látnar í té að fenginni heimild fyrrnefndra yfirvalda.

3. gr.
Aðstoð samkvæmt beiðni.

1. Yfirvald, sem er beðið um aðstoð, skal, að beiðni yfirvalds, sem óskar eftir aðstoð, láta síðarnefnda yfirvaldinu í té allar upplýsingar sem skipta máli og kunna að gera því kleift að tryggja að fyrirmælum samkvæmt tollalögum sé fylgt, þar með taldar upplýsingar um starfsemi sem er veitt eftirtekt eða er ráðgerð og kynni að brjóta í bága við slík lög.
2. Yfirvald, sem er beðið um aðstoð, skal, að beiðni yfirvalds, sem óskar eftir aðstoð, upplýsa síðarnefnda yfirvaldið um hvort vörur, sem eru fluttar út frá landsvæði eins aðildarríkis, hafi verið fluttar inn til landsvæðis hins aðildarríkisins á réttan hátt og tilgreina, eftir atvikum, þá tollafgreiðslu sem vörurnar fengu.
3. Yfirvald, sem er beðið um aðstoð, skal, að beiðni yfirvalds, sem óskar eftir aðstoð, og í samræmi við lög sín, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að sérstakt eftirlit sé haft með:
   a) einstaklingum eða lögpersónum sem nægileg ástæða er til að ætla að séu eða hafi gerst sekar um brot á tollalögum;

   b) stöðum þar sem vörur eru geymdar á þann hátt sem vekur grun um að þær séu aðföng til starfsemi sem brýtur í bága við tollalög;
   c) vöruflutningi sem tilkynnt er um að kunni að hafa í för með sér alvarlegt brot á tollalögum;
   d) flutningatækjum sem nægileg ástæða er til að ætla að hafi verið, séu eða kunni að verða notuð í tengslum við stafsemi sem brýtur í bága við tollalög.

4. gr.
Aðstoð að eigin frumkvæði.

Aðildarríkin skulu veita hvert öðru aðstoð, að eigin frumkvæði og í samræmi við lög sín, reglur og aðra löggerninga, telji þau það nauðsynlegt til þess að tryggja rétta framkvæmd tollalaga, einkum ef þeim berast upplýsingar um:

- starfsemi sem brýtur eða virðist brjóta í bága við fyrrnefnd lög og kann að varða hagsmuni hins aðildarríkisins;

authorities, except where communication of such information has the prior authorization of the said authorities.

Article 3
Assistance on Request

1. At the request of the applicant authority, the requested authority shall furnish it with all relevant information which may enable it to ensure compliance with customs legislation, including information regarding operations noted or planned which are or might be in breach of such legislation.

2. At the request of the applicant authority, the requested authority shall inform it whether goods exported from the territory of one of the Member States have been properly imported into the territory of the other Member State, specifying, where appropriate, the customs procedure applied to the goods.
3. At the request of the applicant authority, the requested authority shall, within the framework of its laws, take the necessary steps to ensure special surveillance of:

   (a) natural or legal persons of whom there are reasonable grounds for believing that they are or have been in breach of customs legislation;
   (b) places where goods are stored in a way that gives grounds for suspecting that they are intended to supply operations in breach of customs legislation;
   (c) movements of goods notified as possibly giving rise to substantial breaches of customs legislation;
   (d) means of transport for which there are reasonable grounds for believing that they have been, are or may be used in operations in breach of customs legislation.

Article 4
Spontaneous Assistance

The Member States shall provide each other, at their own initiative and in accordance with their laws, rules and other legal instruments, with assistance if they consider that to be necessary for the correct application of customs legislation, particularly when they obtain information pertaining to:

- operations which are or appear to be in breach of such legislation and which may be of interest to the other Member State;

- nýjar leiðir eða aðferðir til þess að stunda slíka starfsemi;
- vörur sem vitað er að alvarleg brot á tollalögum eru framin vegna;
- einstaklinga eða lögpersónur sem nægileg ástæða er til að ætla að brjóti eða hafi brotið tollalög gróflega;

- flutningatæki sem nægileg ástæða er til að ætla að hafi verið, séu eða kunni að verða notuð í tengslum við stafsemi sem brýtur gróflega í bága við tollalög.

- new means or methods employed in carrying out such operations;
- goods known to be subject to substantial breaches of customs legislation;
- natural or legal persons of whom there are reasonable grounds for believing that they are or have been in substantial breach of customs legislation;
- means of transport for which there are reasonable grounds for believing that they have been, are or may be used in operations in substantial breach of customs legislation.

5. gr.
Afhending/tilkynningar.

Yfirvald, sem er beðið um aðstoð, skal, að beiðni yfirvalds, sem óskar eftir aðstoð, og í samræmi við lög sín, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess:

- að afhenda öll skjöl,
- að tilkynna allar ákvarðanir og aðrar viðeigandi aðgerðir, sem eru hluti af þeirri málsmeðferð sem um ræðir, sem falla undir gildissvið þessa viðauka, viðtakanda sem hefur búsetu eða staðfestu á landsvæði þess. Í slíku tilviki gilda ákvæði 3. mgr. 6. gr. um beiðni um afhendingu eða tilkynningu.

Article 5
Delivery/Notification

At the request of the applicant authority, the requested authority shall, in accordance with its legislation, take all necessary measures in order:

- to deliver all documents,
- to notify all decisions, as well as any other relevant act which forms part of the procedure in question, falling within the scope of this Annex to an addressee, residing or established in its territory. In such a case, Article 6 (3) shall apply to the request for delivery or notification.

6. gr.
Form og efni beiðna um aðstoð.

1. Beiðni samkvæmt þessum viðauka skal vera skrifleg. Beiðninni skulu fylgja nauðsynleg gögn til þess að unnt sé að verða við henni. Heimilt er að taka við munnlegri beiðni beri brýna nauðsyn til þess, en staðfesta skal hana skriflega án tafar.

2. Beiðni skv. 1. mgr. skulu fylgja eftirfarandi upplýsingar:
   a) yfirvaldið sem óskar eftir aðstoð og leggur beiðnina fram;
   b) sú ráðstöfun sem beðið er um;
   c) verkefnið sem beiðnin varðar og ástæður hennar;
   d) lög, reglur og lagaleg frumatriði sem málið snýst um;
   e) vísbendingar, eins skýrar og alhliða og frekast er unnt, um þá einstaklinga og lögpersónur sem rannsóknirnar beinast að;
   f) samantekt um staðreyndir málsins og þær

Article 6
Form and Substance of Requests for Assistance

1. Requests pursuant to this Annex shall be made in writing. They shall be accompanied by the documents necessary to enable compliance with the request. When required because of the urgency of the situation, oral requests may be accepted, but must be confirmed in writing immediately.
2. Requests pursuant to paragraph 1 shall include the following information :
   (a) the applicant authority making the request;
   (b) the measure requested;
   (c) the object of and the reason for the request;
   (d) the laws, rules and other legal elements involved;
   (e) indications as exact and comprehensive as possible on the natural or legal persons who are the target of the investigations;
   (f) a summary of the relevant facts and of the

rannsóknir, sem þegar hafa farið fram, nema í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 5. gr.

3. Beiðni skal senda á opinberu tungumáli yfirvaldsins, sem er beðið um aðstoð, eða öðru tungumáli sem það yfirvald samþykkir.
4. Heimilt er að fara fram á að beiðni sé leiðrétt eða fullgerð uppfylli hún ekki formkröfur; heimilt er þó að fara fram á að varúðarráðstafanir séu gerðar.

7. gr.
Meðferð beiðna.

1. Yfirvaldið, sem er beðið um aðstoð, skal, í því skyni að verða við beiðni um aðstoð, ganga fram, innan marka valdsviðs síns og eins og fjárhagur leyfir, eins og um eigin hagsmuni sé að ræða eða beiðni annarra yfirvalda sama aðildarríkis, með því að láta í té upplýsingar sem það býr yfir, framkvæma viðeigandi rannsóknir eða gera ráðstafanir til þess að þær séu framkvæmdar. Þetta ákvæði gildir einnig um þá stjórnsýslueiningu sem yfirvaldið, sem er beðið um aðstoð, beinir henni til þegar það er ófært um að sinna beiðninni eitt síns liðs.
2. Farið skal með beiðnir um aðstoð í samræmi við lög, reglur og aðra löggerninga aðildarríkisins sem er beðið um aðstoð.

3. Opinberum starfsmönnum aðildarríkis, sem til þess hafa fullt umboð, er heimilt, með samþykki hins aðildarríkisins sem málið varðar og þeim skilyrðum sem það síðarnefnda setur, að afla, hjá skrifstofum yfirvaldsins, sem er beðið um aðstoð, eða annars yfirvalds, sem hið fyrrnefnda er í forsvari fyrir, upplýsinga um starfsemi sem brýtur eða kann að brjóta í bága við tollalög og sem yfirvaldið, sem óskar eftir aðstoð, þarfnast vegna rannsóknar sem varðar ákvæði þessa viðauka.
4. Opinberum starfsmönnum aðildarríkis er heimilt, með samþykki hins aðildarríkisins sem málið varðar og þeim skilyrðum sem það síðarnefnda setur, að vera viðstaddir þegar rannsóknir fara fram á landsvæði þess síðarnefnda.

8. gr.
Í hvaða formi ber að senda upplýsingar.

1. Yfirvald, sem er beðið um aðstoð, skal senda yfirvaldi, sem óskar eftir aðstoð, niðurstöður

enquiries already carried out, except in cases provided for in Article 5.

3. Requests shall be submitted in an official language of the requested authority or in a language acceptable to that authority.
4. If a request does not meet the formal requirements, its correction or completion may be requested; precautionary measures may, however, be ordered.

Article 7
Execution of Requests

1. In order to comply with a request for assistance, the requested authority shall proceed, within the limits of its competence and available resources, as though it were acting on its own account or at the request of other authorities of that same Member State, by supplying information already possessed, by carrying out appropriate enquiries or by arranging for them to be carried out. This provision shall also apply to the administrative department to which the request has been addressed by the requested authority when the latter cannot act on its own.
2. Requests for assistance shall be executed in accordance with the laws, rules and other legal instruments of the requested Member State.
3. Duly authorized officials of a Member State may, with the agreement of the other Member State involved and subject to the conditions laid down by the latter, obtain from the offices of the requested authority or other authority for which the requested authority is responsible, information relating to operations which are or may be in breach of customs legislation which the applicant authority needs, in the context of an enquiry, for the purposes of this Annex.

4. Officials of a Member State may, with the agreement of the other Member State involved and subject to the conditions laid down by the latter, be present at enquiries carried out in the latter's territory.

Article 8
Form in which Information is to be Communicated

1. The requested authority shall communicate results of enquiries to the applicant authority

rannsókna í formi skjala, staðfestra afrita af skjölum, skýrslna og í álíka formi.
2. Í stað þeirra upplýsinga, sem kveðið er á um í 1. mgr., er heimilt að senda upplýsingar í tölvutæku formi sem eru veittar í sama tilgangi.

9. gr.
Undanþágur frá þeirri skyldu að veita aðstoð.

1. Aðildarríki geta neitað að veita aðstoð, eins og kveðið er á um í þessum viðauka, ef slík aðstoð myndi:
   a) að líkindum hafa áhrif á fullveldi, allsherjarreglu, öryggi eða aðra grundvallarhagsmuni aðildarríkis; eða
   b) varða reglur um gjaldmiðla og skatta aðrar en tollalög; eða
   c) rjúfa iðnaðar- eða viðskiptaleynd eða faglega leynd.
2. Fari yfirvald, sem óskar eftir aðstoð, fram á aðstoð sem það myndi sjálft vera ófært um að veita yrði það beðið um slíka aðstoð skal það vekja athygli á því í beiðninni. Yfirvaldið, sem er beðið um aðstoð, skal síðan ákveða hvernig beri að bregðast við slíkri beiðni.
3. Sé beiðni hafnað skal tilkynna yfirvaldinu, sem óskaði eftir aðstoð, án tafar um þá ákvörðun og ástæður hennar.

10. gr.
Þagnarskylda.

1. Allar upplýsingar, sem eru látnar í té í hvaða formi sem er samkvæmt þessum viðauka, skulu vera trúnaðarupplýsingar eða takmörkunum háðar. Um þær skal gilda opinber þagnarskylda og þær ber að vernda líkt og hliðstæðar upplýsingar samkvæmt viðeigandi lögum þess ríkis sem fær þær í hendur.
2. Því aðeins er heimilt að skiptast á persónulegum gögnum, það er hverjum þeim upplýsingum sem varða einstakling sem borin hafa verið eða unnt er að bera kennsl á, að aðildarríkið, sem við þeim tekur, skuldbindi sig til þess að vernda slík gögn a.m.k. með sama hætti og gildir um hið tiltekna mál í aðildarríkinu sem lætur gögnin í té.

11. gr.
Notkun upplýsinga.

1. Upplýsingar, sem er aflað, skal aðeins nota að því er varðar þennan viðauka. Óski aðildarríki eftir að nota slíkar upplýsingar í öðrum tilgangi skal það biðja yfirvaldið, sem lét upplýsingarnar í té, um skriflegt leyfi fyrir

in the form of documents, certified copies of documents, reports and the like.
2. The documents provided for in paragraph 1 may be replaced by computerized information produced in any form for the same purpose.

Article 9
Exceptions to the Obligation to Provide Assistance

1. The Member States may refuse to give assistance as provided for in this Annex, where to do so would:
   (a) be likely to prejudice the sovereignty, public policy, security or other essential interests of a Member State; or
   (b) involve currency or tax regulations other than customs legislation; or
   (c) violate an industrial, commercial or professional secret.
2. Where the applicant authority requests assistance which it would itself be unable to provide if so asked, it shall draw attention to that fact in its request. It shall then be for the requested authority to decide how to respond to such a request.
3. If assistance is refused, the decision and the reasons therefor must be notified to the applicant authority without delay.

Article 10
Confidentiality

1. Any information communicated in whatsoever form pursuant to this Annex shall be of a confidential or restricted nature. It shall be covered by the obligation of official secrecy and shall enjoy the protection extended to similar information under the relevant laws of the Member State which received it.
2. Personal data, that is all information relating to an identified or identifiable individual, may be exchanged only where the receiving Member State undertakes to protect such data in at least an equivalent way to the one applicable to that particular case in the supplying Member State.

Article 11
Use of Information

1. Information obtained shall be used solely for the purposes of this Annex. Where one of the Member States requests the use of such information for other purposes, it shall ask for the prior written consent of the authority

fram. Öll slík notkun skal síðan háð takmörkunum sem fyrrnefnt yfirvald mælir fyrir um. Heimilt er að láta öðrum yfirvöldum, sem taka þátt í baráttunni gegn ólöglegum viðskiptum með fíkniefni með beinum hætti, fyrrnefndar upplýsingar í té.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir að upplýsingar séu notaðar í málarekstri fyrir dómstóli eða stjórnvöldum sem er hafinn vegna brota á tollalögum. Tilkynna ber lögbæra stjórnvaldinu, sem lét upplýsingarnar í té, um slíka notkun án tafar.
3. Aðildarríkjunum er heimilt, í skrám sínum yfir sönnunargögn, skýrslum og vitnisburði og í málarekstri og kærum sem eru lagðar fyrir dómstóla, að nota sem sönnunargögn upplýsingar, sem hefur verið aflað, og skjöl, sem flett hefur verið upp í, í samræmi við ákvæði þessa viðauka.

12. gr.
Sérfræðingar og vitni.

Unnt er að heimila embættismanni yfirvalds, sem er beðið um aðstoð, að koma fram, samkvæmt því umboði sem honum er veitt, sem sérfræðingur eða vitni í málarekstri fyrir dómstóli eða stjórnvöldum í lögsögu hins aðildarríkisins vegna úrlausnarefna, sem er fjallað um í þessum viðauka, og leggja fram nauðsynleg gögn, skjöl eða staðfest afrit af þeim vegna fyrrnefnds málareksturs. Þegar óskað er eftir að embættismaður komi fram með fyrrgreindum hætti skal taka sérstaklega fram um hvað og í krafti hvaða starfsheitis eða menntunar og hæfis stendur til að yfirheyra hann.

13. gr.
Kostnaður vegna aðstoðar.

Aðildarríkin skulu falla frá öllum kröfum á hendur hverju öðru um endurgreiðslu kostnaðar, sem er lagt í samkvæmt þessum viðauka, nema, eftir atvikum, þegar um ræðir kostnað vegna sérfræðinga og vitna og túlka og þýðenda sem eru ekki í þjónustu hins opinbera.

14. gr.
Framkvæmd.

1. Fela skal tollyfirvöldum aðildarríkjanna framkvæmd þessa viðauka. Fyrrnefnd yfirvöld skulu ákvarða allar nauðsynlegar og verklegar ráðstafanir og fyrirkomulag vegna framkvæmdar hans, að teknu tilliti til gildandi reglna um gagnavernd.

which furnished the information. Such use shall then be subject to any restrictions laid down by that authority. Such information may be communicated to other authorities directly involved in the combat of illicit drug traffic.

2. Paragraph 1 shall not impede the use of information in any judicial or administrative proceedings instituted for failure to comply with customs legislation. The competent authority which supplied that information shall be notified of such use without delay.
3. The Member States may, in their records of evidence, reports and testimonies and in proceedings and charges brought before the courts, use as evidence information obtained and documents consulted in accordance with the provisions of this Annex.

Article 12
Experts and Witnesses

An official of a requested authority may be authorized to appear, within the limitations of the authorization granted, as an expert or witness in judicial or administrative proceedings regarding the matters covered by this Annex in the jurisdiction of the other Member State, and produce such objects, documents or authenticated copies thereof, as may be needed for the proceedings. The request for an appearance must indicate specifically on what matters and by virtue of what title or qualification the official will be questioned.

Article 13
Assistance Expenses

The Member States shall waive all claims on each other for the reimbursement of expenses incurred pursuant to this Annex, except, as appropriate, for expenses to experts and witnesses and to interpreters and translators who are not public service employees.

Article 14
Application

1. The application of this Annex shall be entrusted to the customs authorities of the Member States. They shall decide on all practical measures and arrangements necessary for its application, taking into consideration the rules in force in the field of data protection.

2. Aðildarríkin skulu hafa samráð sín á milli og í framhaldi af því upplýsa hvert annað, fyrir atbeina stjórnarskrifstofu EFTA, um ítarlegar framkvæmdarreglur sem eru samþykktar í samræmi við ákvæði þessa viðauka. Þau skulu einkum skiptast á skrám yfir lögbær stjórnvöld sem hafa heimild til íhlutunar samkvæmt þessum samningi.

15. gr.
Fylling.

Viðauki þessi skal koma til fyllingar en ekki hindra framkvæmd samninga um gagnkvæma stjórnsýsluaðstoð sem aðildarríkin og þriðju lönd hafa gert eða kunna að gera sín á milli og aðildarríki Evrópubandalaganna og EFTA-ríkin og/eða þriðju lönd. Þá útilokar viðauki þessi ekki víðtækari gagnkvæma aðstoð sem er veitt samkvæmt slíkum samningum.

2. The Member States shall consult each other and subsequently keep each other informed through the EFTA Secretariat of the detailed rules of implementation which are adopted in accordance with the provisions of this Annex. In particular, they shall exchange the list of competent authorities authorized to intervene under this Annex.

Article 15
Complementarity

This Annex shall complement and not impede application of any agreements on mutual administrative assistance which have been concluded or may be concluded between Member States and third countries as well as between Member States of the European Communities and the EFTA Member States and/or third countries. Nor shall it preclude more extensive mutual assistance granted under such agreements.

Nr. 5 23. febrúar 2003

AUGLÝSING

um breytingu á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

Hinn 8. febrúar 2000 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna breytingar á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins frá 16. september 1987, sem gerð var í Montreal 17. september 1997, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1989, þar sem samningurinn er birtur, 15/1993 og 1/1994. Breytingin öðlast gildi 8. maí 2000.

Breytingin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

BREYTING
á Montreal-bókuninni sem var samþykkt á 9. fundi aðila.

1. gr.
Breyting.

A. 4. gr., 1. tl. C.

Eftirfarandi töluliður bætist við á eftir 1. tl. B í 4. gr. bókunarinnar:

1 C. Innan árs frá því er töluliður þessi öðlast gildi skal hver aðili banna

AMENDMENT
to the Montreal Protocol adopted by the Ninth Meeting of the Parties

Article 1
Amendment

A. Article 4, paragraph 1 qua.

The following paragraph shall be inserted after paragraph 1 ter of Article 4 of the Protocol:

1 qua. Within one year of the date of entry into force of this paragraph, each

innflutning á takmörkunarskylda efninu í viðauka E frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

B. 4. gr., 2. tl. C.

Eftirfarandi töluliður bætist við á eftir 2. tl. B í 4. gr. bókunarinnar:

2 C. Einu ári eftir að töluliður þessi öðlast gildi skal hver aðili banna útflutning á takmörkunarskylda efninu í viðauka E til sérhvers þess ríkis sem ekki er aðili að bókun þessari.

C. 4. gr., 5., 6. og 7. tl.

Í 5., 6. og 7. tl. 4. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

og flokki II í viðauka C

skal setja:

, flokki II í viðauka C og viðauka E

D. 4. gr., 8. tl.

Í 8. tl. 4. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

grein 2G

skal setja:

greinum 2G og 2H

E. Grein 4A: Eftirlit með verslun við ríki sem eru aðilar.

Eftirfarandi grein bætist við bókunina sem grein 4A:

1. Ef aðila er ekki kleift, í lok þess aðlögunartíma er gildir gagnvart honum um takmörkunarskylt efni, að hætta framleiðslu á því efni til neyslu heima fyrir nema til notkunar sem fellur undir skilgreiningu aðila á bráðanotkun, þrátt fyrir að hafa gert allar þær ráðstafanir sem unnt er til að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt bókuninni, skal hann banna útflutning á notuðu, endurunnu og endurheimtu magni efnisins, nema því sem ætlað er til förgunar.
2. 1. tl. greinar þessarar gildir með fyrirvara um beitingu 11. gr. samningsins og þá málsmeðferð um vanefndir sem ákveðin er samkvæmt 8. gr. bókunarinnar.

F. Grein 4B: Leyfisveiting.

Eftirfarandi grein bætist við bókunina sem grein 4B:

1. Hver aðili skal, eigi síðar en 1. janúar 2000 eða innan þriggja mánaða frá gildistöku greinar þessarar gagnvart honum, hvort sem seinna er, stofna og starfrækja leyfisveit-

Party shall ban the import of the controlled substance in Annex E from any State not party to this Protocol.

B. Article 4, paragraph 2 qua.

The following paragraph shall be inserted after paragraph 2 ter of Article 4 of the Protocol:

2 qua. Commencing one year after the date of entry into force of this paragraph, each Party shall ban the export of the controlled substance in Annex E to any State not party to this Protocol.

C. Article 4, paragraphs 5, 6 and 7

In paragraphs 5, 6 and 7 of Article 4 of the Protocol, for the words:

and Group II of Annex C

there shall be substituted:

, Group II of Annex C and Annex E

D. Article 4, paragraph 8

In paragraph 8 of Article 4 of the Protocol, for the words:

Article 2G

there shall be substituted:

Articles 2G and 2H

E. Article 4A: Control of trade with Parties

The following Article shall be added to the Protocol as Article 4A:

1. Where, after the phase-out date applicable to it for a controlled substance, a Party is unable, despite having taken all practicable steps to comply with its obligation under the Protocol, to cease production of that substance for domestic consumption, other than for uses agreed by the Parties to be essential, it shall ban the export of used, recycled and reclaimed quantities of that substance, other than for the purpose of destruction.

2. Paragraph 1 of this Article shall apply without prejudice to the operation of Article 11 of the Convention and the non-compliance procedure developed under Article 8 of the Protocol.

F. Article 4B: Licensing

The following Article shall be added to the Protocol as Article 4B:

1. Each Party shall, by 1 January 2000 or within three months of the date of entry into force of this Article for it, whichever is the later, establish and implement a system for lic-

ingarkerfi fyrir innflutning og útflutning á nýjum, notuðum, endurunnum og endurheimtum takmörkunarskyldum efnum í viðaukum A, B, C og E.

2. Þrátt fyrir 1. tl. þessarar greinar er hverjum aðila, sem beitir 1. tl. 5. gr. og kemst að þeirri niðurstöðu að honum sé ekki kleift að stofna og starfrækja leyfisveitingarkerfi fyrir innflutning og útflutning á takmörkunarskyldum efnum í viðaukum C og E, heimilt að fresta þessum aðgerðum til 1. janúar 2005 annars vegar og 1. janúar 2002 hins vegar.
3. Hver aðili skal, innan þriggja mánaða frá því að hann innleiðir leyfisveitingarkerfi sitt, tilkynna stofnun og starfrækslu þess kerfis til skrifstofunnar.
4. Skrifstofan skal með vissu millibili útbúa og dreifa til allra aðila skrá um þá aðila er hafa tilkynnt henni leyfisveitingarkerfi sín og skal senda þessar upplýsingar til framkvæmdanefndarinnar sem fjallar um þær og leggur viðeigandi tillögur fyrir aðila.

2. gr.

Tengsl við breytinguna frá 1992.

Engu ríki eða svæðisstofnun um efnahagssamvinnu er heimilt að afhenda fullgildingar-, staðfestingar-, samþykktar- eða aðildarskjal vegna þessarar breytingar nema hafa áður eða samtímis afhent slíkt skjal vegna breytingarinnar sem samþykkt var á fjórða fundi aðila í Kaupmannahöfn 25. nóvember 1992.

3. gr.

Gildistaka.

1. Breyting þessi skal öðlast gildi 1. janúar 1999, enda hafi að minnsta kosti tuttugu ríki eða svæðisstofnanir um efnahagssamvinnu, sem eru aðilar að Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, afhent fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjöl sín vegna þessarar breytingar. Hafi þessu skilyrði ekki verið fullnægt fyrir þann dag skal breytingin öðlast gildi á nítugasta degi eftir þann dag sem skilyrðinu er fullnægt.

2. Hvað 1. tl. snertir skal skjal, sem svæðisstofnun um efnahagssamvinnu afhendir, ekki talið sem viðbót við skjöl sem aðildarríki hennar afhenda.

3. Eftir gildistöku breytingar þessarar, eins og

ensing the import and export of new, used, recycled and reclaimed controlled substances in Annexes A, B, C and E.

2. Notwithstanding paragraph 1 of this Article, any Party operating under paragraph 1 of Article 5 which decides it is not in a position to establish and implement a system for licensing the import and export of controlled substances in Annexes C and E, may delay taking those actions until 1 January 2005 and 1 January 2002, respectively.
3. Each Party shall, within three months of the date of introducing its licensing system, report to the Secretariat on the establishment and operation of that system.
4. The Secretariat shall periodically prepare and circulate to all Parties a list of the Parties that have reported to it on their licensing systems and shall forward this information to the Implementation Committee for consideration and appropriate recommendations to the Parties.

Article 2

Relationship to the 1992 Amendment

No State or regional economic integration organization may deposit an instrument of ratification, acceptance, approval or accession to this Amendment unless it has previously, or simultaneously, deposited such an instrument to the Amendment adopted at the Fourth Meeting of the Parties in Copenhagen, 25 November 1992.

Article 3

Entry into Force

1. This Amendment shall enter into force on 1 January 1999, provided that at least twenty instruments of ratification, acceptance or approval of the Amendment have been deposited by States or regional economic integration organizations that are Parties to the Montreal Protocol on Substances that Deplete the Ozone Layer. In the event that this condition has not been fulfilled by that date, the Amendment shall enter into force on the ninetieth day following the date on which it has been fulfilled.
2. For the purposes of paragraph 1, any such instrument deposited by a regional economic integration organization shall not be counted as additional to those deposited by member States of such organization.
3. After the entry into force of this Amendment,

kveðið er á um í 1. tl., skal breytingin öðlast gildi gagnvart sérhverjum öðrum aðila að bókuninni á nítugasta degi eftir að fullgildingar-, staðfestingar- eða samþykktarskjal hans er afhent.

as provided under paragraph 1, it shall enter into force for any other Party to the Protocol on the ninetieth day following the date of deposit of its instrument of ratification, acceptance or approval.

23. febrúar 2000 Nr. 6

AUGLÝSING

um uppsögn alþjóðasamnings um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar.

Hinn 10. febrúar 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent uppsagnarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar frá 29. nóvember 1969, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980, þar sem samningurinn er birtur, 15/1995 og 25/1998. Uppsögnin öðlast gildi 10. febrúar 2001.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

23. febrúar 2000 Nr. 7

AUGLÝSING

um uppsögn alþjóðasamnings um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar.

Hinn 10. febrúar 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent uppsagnarskjal Íslands vegna alþjóðasamnings um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar frá 18. desember 1971, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 10/1980, þar sem samningurinn er birtur, 16/1995 og 26/1998. Uppsögnin öðlast gildi 10. febrúar 2001.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 23. febrúar 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um samning um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati, vottorðum og merkingum milli Nýja-Sjálands og Íslands, Liechtenstein og Noregs.

Samningur um gagnkvæma viðurkenningu á samræmismati, vottorðum og merkingum milli ríkisstjórnar Nýja-Sjálands og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs, sem gerður var í Brussel 29. apríl 1999, öðlaðist gildi 1. mars 2000.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 10. mars 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats, vottorða og merkinga milli ríkisstjórnar Nýja-Sjálands og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs.

Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein og konungsríkið Noregur, hér á eftir nefnd EES-ríkin innan EFTA, annars vegar og ríkisstjórn Nýja-Sjálands hins vegar („samningsaðilar"),

hafa í huga að þau hafa um langan aldur verið tengd vináttuböndum,

hafa í huga það sameiginlega kappsmál sitt að stuðla að auknum vörugæðum í því skyni að tryggja þegnum sínum góða heilsu, að ábyrgjast öryggi þeirra og að vernda umhverfi þeirra,

æskja þess að gera samning þar sem kveðið er á um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats-aðferða hvers og eins sem er skilyrði fyrir því að unnt sé að veita aðgang að mörkuðum á landsvæðum samningsaðilanna,

hafa hliðsjón af bættum viðskiptaskilyrðum milli samningsaðila sem gagnkvæm viðurkenning prófunarskýrslna og samræmisvottorða mun hafa í för með sér,

eru meðvituð um þau jákvæðu áhrif sem gagnkvæm viðurkenning getur haft, áhrif sem stuðla að aukinni samræmingu staðla og reglna ríkja í milli,

AGREEMENT
on Mutual Recognition in Relation to Conformity Assessment, Certificates and Markings between the Government of New Zealand and the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein and the Kingdom of Norway

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Kingdom of Norway, hereafter referred to as the EFTA EEA States, on the one hand, and the Government of New Zealand, on the other hand, ("the Parties"),

considering the traditional links of friendship that exist between them,

considering their shared commitment to promoting the enhancement of product quality, with a view to ensuring the health, safety and environment of their citizens,

desiring to conclude an agreement providing for the mutual recognition of the respective conformity assessment procedures required for market access to the territory of the Parties,

taking into account the improved conditions of trade between the Parties which the mutual recognition of test reports and certificates of conformity will bring about,

aware of the positive contribution that mutual recognition can have in encouraging greater international harmonisation of standards and regulations,

veita athygli nánum tengslum milli Nýja-Sjálands og Ástralíu, sem samningurinn um nánari efnahagstengsl Ástralíu og Nýja-Sjálands og fyrirkomulag gagnkvæmrar viðurkenningar, sem ríkin beggja vegna Tasmanhafs hafa samið um, eru til vitnis um, og aukinni samþættingu samræmismatsgrunnvirkja Ástralíu og Nýja-Sjálands með samningnum um stofnun ráðs sameiginlegs faggildingarkerfis fyrir Ástralíu og Nýja-Sjáland (JAS-ANZ),

veita athygli nánum tengslum milli Íslands, Liechtenstein og Noregs annars vegar og Evrópubandalagsins hins vegar með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem kalla á að þessi hliðstæði samningur milli Nýja-Sjálands og þessara landa um gagnkvæma viðurkenningu verði gerður sem yrði jafngildur samningnum milli Nýja-Sjálands og Evrópubandalagsins um gagnkvæma viðurkenningu samræmismats, vottorða og merkinga,

hafa í huga stöðu sína sem aðilar að samningnum um stofnun Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar og gera sér einkum grein fyrir skuldbindingum sínum samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir,

og hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.
Skilgreiningar.

1. Í samningi þessum skal litið á EES-ríkin innan EFTA, það er lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein og konungsríkið Noreg, sem einn og sama aðila að samningi þessum og koma þau fram sem slíkur.
2. Í samningi þessum og viðaukum við hann skal merking almennra hugtaka vera sú sem þeim er gefin í skilgreiningum í 2. leiðbeiningariti Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðlega raftækniráðsins (IEC) frá 1991 „Almenn hugtök og skilgreiningar þeirra viðvíkjandi stöðlun og skyldri starfsemi“ og í EN 45020 ritröðinni (útg. 1993), nema samhengið krefjist annars. Að auki skal merking og skilgreining eftirfarandi hugtaka í samningi þessum vera sem hér segir:

„samræmismat“: kerfisbundin athugun sem er gerð í því skyni að komast að því að hvaða marki vara, vinnsluferli eða þjónusta fullnægir tilgreindum kröfum;

„samræmismatsstofnun“: stofnun sem hefur með höndum starfsemi og beitir sérþekkingu sem felst meðal annars í því að ljúka öllum áföngum samræmismatsferlisins eða einhverjum þeirra;

noting the close relationship between New Zealand and Australia as confirmed in the Australian and New Zealand Closer Economic Relations Trade Agreement and the Trans-Tasman Mutual Recognition Arrangement as well as the growing level of integration of the Australian and New Zealand conformity assessment infrastructures through the Agreement concerning the establishment of the Council of the Joint Accreditation System of Australia and New Zealand (JAS-ANZ),

noting the close relationship between Iceland, Liechtenstein and Norway and the European Community through the Agreement on the European Economic Area, which makes it appropriate to conclude this parallel mutual recognition agreement between New Zealand and these countries equivalent to the Mutual Recognition Agreement in relation to conformity assessment, certificates and markings between New Zealand and the European Community,

bearing in mind their status as Contracting Parties to the Agreement establishing the World Trade Organisation, and conscious in particular of their obligations under the World Trade Organisation Agreement on Technical Barriers to Trade,

have agreed as follows:

Article 1
Definitions

1. For the purpose of this Agreement, the EFTA EEA States of the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Kingdom of Norway, shall be referred to and act as one Party to this Agreement.
2. General terms used in this Agreement and its Annexes shall have the meaning given in the definitions contained in ISO/IEC Guide 2 (1991) "General terms and their definitions concerning standardisation and related activities" and in EN 45020 (1993 edition) unless the context otherwise requires. In addition, the following terms and definitions shall apply for the purpose of this Agreement:

"Conformity assessment" means systematic examination to determine the extent to which a product, process or service fulfils specified requirements;

"Conformity assessment body" means a body whose activities and expertise include performance of all or any stage of the conformity assessment process;

„tilnefning“: heimild sem tilnefningaryfirvald veitir samræmismatsstofnun til að stunda starfsemi á sviði samræmismats; „tilnefndur“ hefur hliðstæða merkingu;

„tilnefningaryfirvald“: stofnun með löghæfi til að tilnefna samræmismatsstofnun eða nema úr gildi tímabundið eða afturkalla tilnefningu samræmismatsstofnunar sem heyrir undir valdsvið hennar;

3. Hugtökin „samræmismatsstofnun“ og „tilnefningaryfirvald“ gilda að breyttu breytanda um aðrar stofnanir og yfirvöld sem gegna samsvarandi hlutverkum og um getur í sumum starfsgreinatengdum viðaukum.

"Designation" means the authorisation by a designating authority of a conformity assessment body to perform conformity assessment activities; "designated" has a corresponding meaning;

"Designating authority" means a body with the legal power to designate, suspend or withdraw designation of conformity assessment bodies under its jurisdiction.

3. The terms "conformity assessment body" and "designating authority" apply mutatis mutandis to other bodies and authorities with corresponding functions referred to in some Sectoral Annexes.

2. gr.
Almennar skuldbindingar.

1. Ríkisstjórn Nýja-Sjálands skal viðurkenna staðfestingu á samræmi, meðal annars prófunarskýrslur, vottorð, leyfi og samræmismerkingar, eins og krafist er samkvæmt lögum og reglum sem er að finna í starfsgreinatengdu viðaukunum sem tilnefndar samræmismatsstofnanir í EES-ríkjunum innan EFTA gefa út samkvæmt samningi þessum.
2. EES-ríkin innan EFTA skulu viðurkenna staðfestingu á samræmi, meðal annars prófunarskýrslur, vottorð, leyfi og samræmismerkingar, eins og krafist er samkvæmt lögum og reglum sem er að finna í starfsgreinatengdu viðaukunum sem tilnefndar samræmismatsstofnanir á Nýja-Sjálandi gefa út samkvæmt samningi þessum.
3. Í samningi þessum felst hvorki gagnkvæmt samþykki staðla eða tæknireglugerða samningsaðilanna né gagnkvæm viðurkenning á jafngildi slíkra staðla eða tæknireglugerða.

Article 2
General Obligations

1. The Government of New Zealand shall accept attestations of conformity including test reports, certificates, authorisations and marks of conformity as required by legislation and regulations identified in the Sectoral Annexes issued by designated conformity assessment bodies in the EFTA EEA States in accordance with this Agreement.
2. The EFTA EEA States shall accept attestations of conformity including test reports, certificates, authorisations and marks of conformity as required by legislation and regulations identified in the Sectoral Annexes, issued by designated conformity assessment bodies in New Zealand in accordance with this Agreement.
3. This Agreement shall not entail mutual acceptance of the standards or technical regulations of the Parties or mutual recognition of the equivalence of such standards or technical regulations.

3. gr.
Starfsgreinatengd umfjöllun.

1. Samningur þessi fjallar um samræmismatsaðferðir til þess að fullnægja lögboðnum kröfum sem starfsgreinatengdu viðaukarnir fjalla um.
2. Hver starfsgreinatengdur viðauki skal almennt innihalda eftirfarandi upplýsingar:
   a) yfirlýsingu um gildissvið hans og umfjöllun;
   b) laga- og stjórnsýslukröfur er varða samræmismatsaðferðirnar (I. þáttur);
   c) skrá yfir tilnefndar samræmismatsstofnanir (II. þáttur);

Article 3
Sectoral Coverage

1. This Agreement concerns the conformity assessment procedures to satisfy mandatory requirements covered by the Sectoral Annexes.
2. Each Sectoral Annex shall, in general, contain the following information:
   (a) a statement of its scope and coverage;
   (b) the legislative, regulatory, and administrative requirements pertaining to the conformity assessment procedures (Section I);
   (c) a list of the designated conformity assessment bodies (Section II);

d) tilnefningaryfirvöld (III. þáttur);
e) þær aðferðir sem er beitt við tilnefningu samræmismatsstofnana (IV. þáttur); og
f) viðbótarákvæði eftir því sem þörf krefur (V. þáttur).

(d) the designating authorities (Section III);
(e) a set of procedures for the designation of conformity assessment bodies (Section IV); and
(f) additional provisions as required (Section V).

4. gr.
Uppruni.

1. Samningur þessi gildir um vörur sem eru upprunnar í ríkjum samningsaðila samkvæmt upprunareglunum sem veita ekki fríðindi.

2. Stangist reglur á eru þær reglur ákvarðandi sem veita ekki fríðindi og gilda á landsvæði þess samningsaðila þar sem vörurnar eru markaðssettar.
3. Að því marki sem einnig er fjallað um sömu vörurnar í starfsgreinatengdum viðauka við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu að því er varðar samræmismat milli EES-ríkjanna innan EFTA og Ástralíu skal samningur þessi jafnframt gilda um vörur sem eru upprunnar í Ástralíu.
4. Að því marki sem einnig er fjallað um sömu vörurnar í starfsgreinatengdum viðauka við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu að því er varðar samræmismat milli Nýja-Sjálands og Evrópubandalagsins skal samningur þessi jafnframt gilda um vörur sem eru upprunnar í Evrópubandalaginu.

Article 4
Origin

1. This Agreement shall apply to products originating in the Parties to the Agreement according to the non-preferential rules of origin.
2. In case of conflicting rules, the non-preferential rules of the Party on whose territory the goods are marketed are determinative.

3. To the extent that the same products are also covered in a Sectoral Annex to the Agreement on Mutual Recognition in relation to conformity assessment between the EFTA EEA States and Australia, the present Agreement shall also apply to products of Australian origin.
4. To the extent that the same products are also covered in a Sectoral Annex to the Agreement on Mutual Recognition in relation to conformity assessment between New Zealand and the European Community, the present Agreement shall also apply to products originating in the European Community.

5. gr.
Samræmismatsstofnanir.

Hvor samningsaðili viðurkennir, í samræmi við skilmála 1. viðauka og starfsgreinatengdu viðaukanna, að samræmismatsstofnanirnar, sem hinn samningsaðilinn tilnefnir, fullnægi skilyrðum um hæfi til að meta samræmi með hliðsjón af kröfum þeirra, eins og tilgreint er í starfsgreinatengdu viðaukunum. Samningsaðilar skulu, þegar slíkar stofnanir eru tilnefndar, tilgreina umfang þeirrar starfsemi á sviði samræmismats sem tilnefning þeirra nær til.

Article 5
Conformity Assessment Bodies

In accordance with the terms of Annex 1 and the Sectoral Annexes, each Party recognises that the conformity assessment bodies designated by the other Party fulfil the conditions of eligibility to assess conformity in relation to their requirements as specified in the Sectoral Annexes. In designating such bodies, the Parties shall specify the scope of the conformity assessment activities for which they have been designated.

6. gr.
Tilnefningaryfirvöld.

1. Samningsaðilar skulu tryggja að tilnefningaryfirvöld, sem annast tilnefningu samræmismatsstofnananna sem tilgreindar eru í starfsgreinatengdu viðaukunum, hafi það umboð sem þurfa þykir og séu til þess bær að tilnefna slíkar stofnanir, nema tilnefningu tímabundið úr gildi, aflétta slíkri ógildingu og afturkalla tilnefningu þeirra.

Article 6
Designating Authorities

1. The Parties shall ensure that the designating authorities responsible for designating the conformity assessment bodies specified in the Sectoral Annexes shall have the necessary power and competence to designate, suspend, remove suspension and withdraw the designation of such bodies.

2. Tilnefningaryfirvöld skulu, þegar fyrrnefndar tilnefningar og afturkallanir fara fram, beita þeim tilnefningaraðferðum, sem settar eru fram í 12. gr. samnings þessa og 1. viðauka við hann, nema annað sé tilgreint í starfsgreinatengdu viðaukunum.
3. Sé tilnefning numin tímabundið úr gildi eða slíkri ógildingu aflétt skal tilnefningaryfirvald hlutaðeigandi samningsaðila tilkynna hinum samningsaðilanum og sameiginlegu nefndinni um það án tafar. Samræmismat, sem samræmismatsstofnun, sem svipt hefur verið starfsleyfi tímabundið, framkvæmir áður en til slíkrar sviptingar kemur, skal gilda áfram, nema hlutaðeigandi tilnefningaryfirvald ákveði annað.

7. gr.
Sannprófun tilnefningaraðferða.

1. Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum um þær aðferðir sem beitt er til að tryggja að tilnefndar samræmismatsstofnanir, sem starfa á þeirra ábyrgð og tilgreindar eru í starfsgreinatengdu viðaukunum, fullnægi laga- og stjórnsýslukröfunum, sem settar eru fram í starfsgreinatengdu viðaukunum, og hæfiskröfunum sem tilgreindar eru í 1. viðauka.

2. Samningsaðilar skulu bera saman aðferðir sem er beitt í því skyni að sannreyna að tilnefndar samræmismatsstofnanir fullnægi laga- og stjórnsýslukröfunum, sem er lýst í starfsgreinatengdu viðaukunum, og hæfiskröfunum sem eru tilgreindar í 1. viðauka. Heimilt er að nota gildandi fyrirkomulag beggja samningsaðila á faggildingu samræmismatsstofnana við slíkan samanburð.

3. Fyrrnefndan samanburð skal gera í samræmi við þær verklagsreglur sem sameiginlega nefndin, sem komið er á fót skv. 12. gr. samnings þessa, mun ákveða.

8. gr.
Sannprófun þess að samræmismatsstofnanirfullnægi settum kröfum.

1. Hvor samningsaðili um sig skal tryggja að samræmismatsstofnanir, sem tilnefningaryfirvald hefur tilnefnt, verði tiltækar vegna sannprófunar á tæknilegri færni þeirra og því hvort þær fullnægi öðrum viðeigandi kröfum.
2. Hvor samningsaðila á rétt á að véfengja tæknilega færni samræmismatsstofnana, sem heyra undir valdsvið hins samningsaðilans,

2. In making such designations and withdrawals, designating authorities shall, unless specified otherwise in the Sectoral Annexes, observe the procedures for designation set out in Article 12 and Annex 1 of this Agreement.

3. In case of suspension of a designation or removal of such a suspension, the designating authority of the Party concerned shall immediately inform the other Party and the Joint Committee. Conformity assessment carried out by a suspended conformity assessment body before its suspension shall remain valid unless otherwise determined by its designating authority.

Article 7
Verification of Designation Procedures

1. The Parties shall exchange information concerning the procedures used to ensure that the designated conformity assessment bodies under their responsibility and specified in the Sectoral Annexes comply with the legislative, regulatory and administrative requirements outlined in the Sectoral Annexes and the competence requirements specified in Annex 1.
2. The Parties shall compare methods used to verify that the designated conformity assessment bodies comply with the legislative, regulatory and administrative requirements outlined in the Sectoral Annexes and the competence requirements specified in Annex 1. Existing systems for the accreditation of conformity assessment bodies in the two Parties may be used for such comparison procedures.
3. Such comparison shall be carried out in accordance with the procedures to be determined by the Joint Committee established under Article 12 of this Agreement.

Article 8
Verification of Compliance of Conformity Assessment Bodies

1. Each Party shall ensure that conformity assessment bodies designated by a designating authority will be available for verification of their technical competence and compliance with other relevant requirements.
2. Each Party has the right to contest the technical competence and compliance of conformity assessment bodies under the juris-

og það að þær fullnægi settum kröfum. Þessa réttar skal aðeins neytt við sérstakar aðstæður.

3. Rökstyðja ber slíkt véfengi á hlutlægan hátt og skriflega gagnvart hinum samningsaðilanum og formanni sameiginlegu nefndarinnar.
4. Ákveði sameiginlega nefndin að nauðsynlegt sé að sannprófa tæknilega færni eða það að settum kröfum sé fullnægt skulu samningsaðilar gera það í sameiningu og tímanlega með þátttöku viðkomandi tilnefningaryfirvalda.
5. Ræða skal niðurstöður þessarar sannprófunar í sameiginlegu nefndinni í því augnamiði að leysa málið eins fljótt og unnt er.
6. Ákveði sameiginlega nefndin ekki annað skal til þess bært tilnefningaryfirvald leysa samræmismatsstofnunina, sem er véfengd, tímabundið frá störfum, sé hún meðal þeirra sem taldar eru upp í II. þætti starfsgreinatengds viðauka, frá því að ágreiningur kemur fram með formlegum hætti í sameiginlegu nefndinni uns samkomulag hefur náðst innan hennar um stöðu fyrrnefndrar samræmismatsstofnunar.

9. gr.

Gagnkvæm skipti á upplýsingum.

1. Samningsaðilar skulu skiptast á upplýsingum um framkvæmd laga- og stjórnsýslufyrirmælanna sem tilgreind eru í starfsgreinatengdu viðaukunum.
2. Hvor samningsaðili skal tilkynna hinum, í samræmi við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um tæknilegar viðskiptahindranir, um þær breytingar er hann hyggst gera á laga- og stjórnsýslufyrirmælunum, sem tengjast viðfangsefni samnings þessa, og skal tilkynna hinum samningsaðilanum um nýju fyrirmælin minnst 60 dögum áður en þau öðlast gildi, nema í þeim tilvikum þegar öryggis-, heilbrigðis- og umhverfisvernd kallar á brýnni aðgerðir.

10. gr.

Einsleitni samræmismatsaðferða.

Í því skyni að stuðla að einsleitri beitingu samræmismatsaðferða, sem lög og reglur samningsaðila kveða á um, skulu tilnefndar samræmingarmatsstofnanir taka, eftir því sem við á, þátt í samræmingu og samanburði sem hvor

diction of the other Party. This right will be exercised under exceptional circumstances only.

3. Such contestation has to be justified in an objective and argued manner and in writing to the other Party and the Chair of the Joint Committee.
4. Where the Joint Committee decides that verification of technical competence or compliance is required, it will be carried out in a timely manner jointly by the Parties with the participation of the relevant designating authorities.
5. The result of this verification will be discussed in the Joint Committee with a view to resolving the issue as soon as possible.
6. Except when decided otherwise by the Joint Committee, the contested conformity assessment body, where it is included in Section II of a Sectoral Annex, will be suspended by the competent designating authority from the time disagreement has been established in the Joint Committee until agreement has been reached in the Joint Committee on the status of that Body.

Article 9

Exchange of Information

1. The Parties shall exchange information concerning the implementation of the legislative, regulatory and administrative provisions identified in the Sectoral Annexes.
2. Consistent with their obligations under the World Trade Organisation Agreement on Technical Barriers to Trade, each Party shall inform the other Party of the changes it intends to make to the legislative, regulatory and administrative provisions relating to the subject matter of this Agreement and shall, except where considerations of safety, health and environmental protection warrant more urgent action, notify the other Party of the new provisions at least 60 days before their entry into force.

Article 10

Uniformity of Conformity Assessment Procedures

In the interests of promoting a uniform application of the conformity assessment procedures provided for in the laws and regulations of the Parties, the designated conformity assessment bodies shall take part, as appropriate, in co-

samningsaðila vinnur að á viðeigandi sviðum sem fjallað er um í starfsgreinatengdu viðaukunum við samning þennan.

11. gr.
Samningar við önnur lönd.

Samningsaðilar eru sammála um að í samningum um gagnkvæma viðurkenningu, sem annar hvor samningsaðila gerir við land, sem er ekki aðili að samningi þessum, skuli ekki á neinn hátt felast skuldbinding gagnvart hinum samningsaðilanum þess efnis að hann samþykki prófunarskýrslur, vottorð, leyfi og samræmismerkingar, sem samræmismatsstofnanir í þriðja landi gefa út, nema um það ríki sérstakt samkomulag milli samningsaðila.

12. gr.
Sameiginlega nefndin.

1. Koma skal á fót sameiginlegri nefnd skipaðri fulltrúum beggja samningsaðila. Nefndin ber ábyrgð á skilvirkri framkvæmd samningsins.

2. Sameiginlega nefndin setur sér starfsreglur. Hún tekur ákvarðanir og samþykkir tilmæli með almennu samkomulagi. Hún getur ákveðið að fela undirnefndum sérstök verkefni.
3. Sameiginlega nefndin kemur saman eigi sjaldnar en einu sinni á ári nema hún ákveði annað. Halda ber aukafund eða -fundi gerist þess þörf í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd samnings þessa og fari annar hvor samningsaðila fram á það.
4. Sameiginlegu nefndinni er heimilt að fjalla um hvert það mál er tengist framkvæmd samnings þessa. Hún skal einkum bera ábyrgð á eftirfarandi:
   a) að breyta starfsgreinatengdu viðaukunum til framkvæmdar ákvörðun tilnefningaryfirvalds um að tilnefna tiltekna samræmismatsstofnun;
   b) að breyta starfsgreinatengdu viðaukunum til framkvæmdar ákvörðun tilnefningaryfirvalds um að afturkalla tilnefningu tiltekinnar samræmismatsstofnunar;
   c) að skipst sé á upplýsingum um þær aðferðir sem annar hvor samningsaðila beitir í því skyni að tryggja að samræmismatsstofnanirnar, sem eru tilgreindar í starfsgreinatengdu viðaukunum, viðhaldi færni sinni í þeim mæli sem nauðsyn krefur;

ordination and comparison exercises conducted by each of the Parties in the relevant areas covered by the Sectoral Annexes to this Agreement.

Article 11
Agreements with Other Countries

The Parties agree that mutual recognition agreements concluded by either Party with a country which is not a party to this Agreement shall in no way entail an obligation upon the other Party to accept test reports, certificates, authorisations and marks of conformity issued by conformity assessment bodies in that third country, save where there is an express agreement between the Parties.

Article 12
Joint Committee

1. A Joint Committee made up of representatives of the two Parties shall be established. It is responsible for the effective functioning of the Agreement.
2. The Joint Committee shall determine its own rules of procedure. It shall take its decisions and adopt its recommendations by consensus. It can decide to delegate specific tasks to subcommittees.
3. The Joint Committee will meet at least once a year unless it decides otherwise. If required for the effective functioning of this Agreement, and at the request of either Party, an additional meeting or meetings will be held.

4. The Joint Committee may consider any matter related to the functioning of this Agreement. In particular, it shall be responsible for:
   a) amending the Sectoral Annexes to give effect to the decision by a designating authority to designate a particular conformity assessment body;
   b) amending the Sectoral Annexes to give effect to the decision by a designating authority to withdraw designation of a particular conformity assessment body;
   c) exchanging information concerning the procedures used by either Party to ensure that the conformity assessment bodies specified in the Sectoral Annexes maintain the necessary level of competence;

d) að skipa, í samræmi við ákvæði 8. gr., sameiginlegan hóp eða hópa sérfræðinga sem er ætlað að sannprófa tæknilega færni samræmismatsstofnunar og hvort hún fullnægi öðrum kröfum sem skipta máli;
e) að skipst sé á upplýsingum og að samningsaðilum sé tilkynnt um breytingar á laga- eða stjórnsýslufyrirmælum, sem um er getið í starfsgreinatengdu viðaukunum, meðal annars þeim sem krefjast breytinga á starfsgreinatengdu viðaukunum;
f) að leysa hvers kyns vafamál er tengjast beitingu ákvæða samnings þessa og starfsgreinatengdra viðauka við hann; og
g) að stuðla að því að gildissvið samnings þessa verði víkkað og nái til fleiri starfsgreina.

5. Formaður sameiginlegu nefndarinnar skal tilkynna hvorum samningsaðila skriflega og án tafar um allar breytingar á starfsgreinatengdum viðaukum sem eru gerðar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.
6. Eftirfarandi málsmeðferð gildir um innfellingu eða brottfellingu samræmismatsstofnunar í eða úr starfsgreinatengdum viðauka:

a) samningsaðili, sem gerir tillögu um breytingu á starfsgreinatengdum viðauka til framkvæmdar ákvörðun tilnefningaryfirvalds um að tilnefna samræmismatsstofnun eða afturkalla tilnefningu hennar, skal senda hinum samningsaðilanum skriflega tillögu sína og fylgiskjöl með beiðninni;
b) senda ber formanni sameiginlegu nefndarinnar afrit af tillögunni og fylgiskjölum;

c) samþykki hinn samningsaðilinn tillöguna eða líði 60 dagar án þess að andmælum sé komið á framfæri skal innfelling samræmismatsstofnunar í eða brottfelling úr starfsgreinatengdum viðauka koma til framkvæmda; og

d) vefengi hinn samningsaðilinn, samkvæmt ákvæðum 8. gr., tæknilega færni samræmismatsstofnunar eða það að hún fullnægi settum kröfum áður en framangreindur 60 daga frestur er út runninn getur sameiginlega nefndin ákveðið að sannprófa færni hlutaðeigandi stofnunar í samræmi við ákvæði fyrrnefndrar greinar.

d) in accordance with the provisions of Article 8, appointing a joint team or teams of experts to verify the technical competence of a conformity assessment body and its compliance with other relevant requirements;
e) exchanging information and notifying the Parties of modifications of legislative, regulatory and administrative provisions referred to in the Sectoral Annexes including those which require modification of the Sectoral Annexes;
f) resolving any questions relating to the application of this Agreement and its Sectoral Annexes; and
g) facilitating the extension of this Agreement to further sectors.

5. Any amendments to Sectoral Annexes made in accordance with the provisions of this Article will be notified promptly in writing by the Chair of the Joint Committee to each Party.
6. The following procedure shall apply in relation to the inclusion in or withdrawal from a Sectoral Annex of a conformity assessment body:

a) a Party proposing an amendment to a Sectoral Annex to give effect to a decision by a designating authority to designate or withdraw designation of a conformity assessment body shall forward its proposal to the other Party in writing, adding supporting documentation to the request;
b) a copy of the proposal and documentation shall be sent to the Chair of the Joint Committee;
c) in the event that the other Party consents to the proposal or upon the expiry of 60 days without an objection having been lodged, the inclusion in or withdrawal from the Sectoral Annex of the conformity assessment body shall take effect; and
d) in the event, that under the provisions of Article 8, the other Party contests the technical competence or compliance of a conformity assessment body within the afore-mentioned 60-day period, the Joint Committee may decide to carry out a verification of the body concerned, in accordance with the provisions of that Article.

7. Sé tilnefnd samræmismatsstofnun felld brott úr starfsgreinatengdum viðauka skal samræmismat, sem hún vann áður en brottfellingin kom til framkvæmda, halda gildi sínu nema sameiginlega nefndin ákveði annað. Verði ný samræmismatsstofnun felld inn í starfsgreinatengdan viðauka skal samræmismat, sem hún vinnur, gilda frá og með þeim degi er samningsaðilar samþykkja að fella viðkomandi samræmismatsstofnun inn í starfsgreinatengda viðaukann.

8. Taki samningsaðili upp nýjar samræmismatsaðferðir eða viðbótarsamræmismatsaðferðir, sem varða starfsgrein sem fellur undir starfsgreinatengdan viðauka, mun sameiginlega nefndin, nema samningsaðilar komi sér saman um annað, fella slíkar aðferðir undir fyrirkomulag á framkvæmd gagnkvæmrar viðurkenningar sem er komið á með samningi þessum.

7. In the event that a designated conformity assessment body is withdrawn from a Sectoral Annex, conformity assessment carried out by that conformity assessment body before the date of effect of its withdrawal shall remain valid unless otherwise determined by the Joint Committee. In the case of the inclusion of a new conformity assessment body, conformity assessment carried out by such a conformity assessment body shall be valid from the date the Parties agree to its inclusion in the Sectoral Annex.
8. Where a Party introduces new or additional conformity assessment procedures affecting a sector covered by a Sectoral Annex, the Joint Committee will, unless the Parties agree otherwise, bring such procedures within the mutual recognition implementing arrangements established by this Agreement.

13. gr.
Svæðisbundið gildissvið.

Samningur þessi skal annars vegar gilda að því er varðar landsvæði lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs og hins vegar að því er varðar landsvæði Nýja-Sjálands. Samningur þessi skal ekki gilda um Tókelá nema samningsaðilar hafi skipst á orðsendingum þar sem samþykktir eru skilmálar er gilda skulu um framkvæmd samnings þessa.

Article 13
Territorial Application

This Agreement shall apply, on the one hand, to the territories of the Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, and the Kingdom of Norway, and on the other hand, to the territory of New Zealand. This Agreement shall not apply to Tokelau unless the Parties have exchanged Notes agreeing the terms on which this Agreement shall apply.

14. gr.
Gildistaka og gildistími.

1. Samningur þessi öðlast gildi á fyrsta degi annars mánaðar eftir þann dag er samningsaðilar hafa skipst á orðsendingum er staðfesti að lokið sé málsmeðferð hjá hvorum um sig vegna gildistöku samnings þessa.

2. Sérhverju ríki, sem er aðili að samningi þessum, er heimilt að segja honum upp með því að senda skriflega tilkynningu þar að lútandi til hinna aðildarríkja samningsins með sex mánaða fyrirvara.

Article 14
Entry into Force and Duration

1. This Agreement shall enter into force on the first day of the second month following the date on which the Parties have exchanged Notes confirming the completion of their respective procedures for the entry into force of this Agreement.
2. Each State Party to this Agreement may withdraw therefrom with six months notice by means of a written notification to the other State Parties.

15. gr.
Lokaákvæði.

1. 1. viðauki við samning þennan er óaðskiljanlegur hluti hans.
2. Samningi þessum verður einungis breytt með gagnkvæmu samkomulagi samningsaðila.

Article 15
Final Provisions

1. Annex 1 to this Agreement forms an integral part of it.
2. Any amendment to this Agreement shall be done by mutual agreement.

3. Samningsaðilar skulu ganga frá starfsgreinatengdum viðaukum, sem ákvæði 2. gr. gilda um, en þeir mynda ramma um framkvæmd samnings þessa.
4. Samningsaðilar munu staðfesta breytingar á starfsgreinatengdu viðaukunum fyrir atbeina sameiginlegu nefndarinnar.
5. Frumrit af samningi þessum er gert á ensku í fjórum eintökum.

Gjört í Brussel 29. apríl 1999.

3. The Parties shall conclude Sectoral Annexes, to which the provisions of Article 2 apply, which will provide the implementing arrangements for this Agreement.
4. Amendments to the Sectoral Annexes shall be determined by the Parties through the Joint Committee.
5. This Agreement is drawn up in four originals in the English language.

Done at Brussels on the twenty-ninth day of April in the year one thousand nine hundred and ninety-nine.

1. VIÐAUKI
Aðferðir við tilnefningu samræmismatsstofnana og eftirlit með þeim.

A. Almennar kröfur og skilyrði.

1. Tilnefningaryfirvöld skulu einungis tilnefna lögformlega aðila sem samræmismatsstofnanir.
2. Tilnefningaryfirvöld skulu einungis tilnefna samræmismatsstofnanir sem geta sýnt fram á að þær hafi skilning á því, og reynslu og getu til slíks, hvernig beri að framfylgja kröfum og beita aðferðum samræmismats sem stofnanirnar eru tilnefndar til þess að gera og laga- og stjórnsýslufyrirmæli hins samningsaðilans fjalla um.
3. Þegar sýna ber fram á tæknilega færni skal miða við eftirfarandi:
   - tækniþekkingu á viðkomandi vörum, vinnsluferlum eða þjónustu;
   - skilning á tæknilegum stöðlum og almennum kröfum um vernd gegn áhættu sem leitað er eftir tilnefningu vegna;
   - reynslu er lýtur að gildandi laga- og stjórnsýslufyrirmælum;
   - raunverulega getu til að stunda þá starfsemi á sviði samræmismats sem um ræðir;
   - fullnægjandi stjórn á þeirri starfsemi á sviði samræmismats sem um ræðir; og
   - hverjar þær aðstæður aðrar sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja að sú starfsemi á sviði samræmismats sem um ræðir fari fram á fullnægjandi hátt að staðaldri.

ANNEX 1
Procedures for the Designation and Monitoring of Conformity Assessment Bodies

A. General Requirements and Conditions

1. Designating authorities shall only designate legally identifiable entities as conformity assessment bodies.
2. Designating authorities shall only designate conformity assessment bodies able to demonstrate that they understand, have experience relevant to, and are competent to apply the conformity assessment requirements and procedures of the legislative, regulatory and administrative provisions of the other Party for which they are designated.
3. Demonstration of technical competence shall be based on:
   - technological knowledge of the relevant products, processes or services;
   - understanding of the technical standards and the general risk protection requirements for which designation is sought;
   - the experience relevant to the applicable legislative, regulatory and administrative provisions;
   - the physical capability to perform the relevant conformity assessment activity;
   - an adequate management of the conformity assessment activities concerned; and
   - any other circumstance necessary to give assurance that the conformity assessment activity will be adequately performed on a continuous basis.

4. Viðmiðanir, sem gilda um tæknilega færni, skulu grundvallaðar á skjölum, sem eru viðurkennd á alþjóðavettvangi, að við bættum sérstökum skjölum til skýringa sem eru samin öðru hverju eftir því sem við á.
5. Samningsaðilar skulu hvetja til þess að tilnefningar- og samræmismatsaðferðir verði samræmdar með samvinnu milli tilnefningaryfirvalda og samræmismatsstofnana sem fer fram á samræmingarfundum, með aðild að fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar og á fundum vinnuhópa. Ef faggildingarstofnanir taka þátt í tilnefningarferlinu ber að hvetja þær til þátttöku í fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar.

B. Skipulag til þess að staðfesta færni samræmismatsstofnana.

6. Tilnefningaryfirvöldum er heimilt að beita eftirfarandi aðferðum til þess að staðfesta tæknilega færni samræmismatsstofnana. Ef nauðsyn krefur mun samningsaðili benda tilnefningaryfirvaldi á hvernig sýna megi fram á færni.
   a) **Faggilding**
      Í faggildingu felst að litið er svo á að tæknileg færni sé fyrir hendi með tilliti til krafna hins samningsaðilans þegar:

      i) faggildingarferlinu er stýrt í samræmi við viðeigandi alþjóðleg gögn (ritröðina EN 45000 eða leiðbeiningarit Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðlega raftækniráðsins (IEC)); og annaðhvort
      ii) faggildingarstofnunin er þátttakandi í fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar sem lýtur jafningjamati, sem felst í mati einstaklinga með viðurkennda sérþekkingu á sviði þeirrar vinnu sem er verið að meta, á færni faggildingarstofnana og samræmismatsstofnana sem hafa verið faggiltar með fyrrnefndu fyrirkomulagi; eða
      iii) faggildingarstofnunin, sem starfar eftir umboði sem tilnefningaryfirvald veitir, tekur þátt, samkvæmt verklagi sem eftir er að semja um, í samanburðaráætlunum og gagnkvæmum skiptum á tæknilegri starfsreynslu í því skyni að tryggja áframhaldandi tiltrú á tæknilegri færni faggildingarstofnananna og sam-

4. The technical competence criteria shall be based on internationally accepted documents supplemented by specific interpretative documents developed as appropriate from time to time.
5. The Parties shall encourage harmonisation of designation and conformity assessment procedures through co-operation between designating authorities and conformity assessment bodies by means of co-ordination meetings, participation in mutual recognition arrangements, and working group meetings. Where accreditation bodies participate in the designation process they should be encouraged to participate in mutual recognition arrangements.

B. System to Determine Conformity Assesment Bodies Competence

6. The designating authorities may apply the following processes to determine the technical competence of conformity assessment bodies. If necessary, a Party will indicate to the designating authority the possible ways to demonstrate competence.
   (a) **Accreditation**
      Accreditation shall constitute a presumption of technical competence in relation to the requirements of the other Party when:
      (i) the accreditation process is conducted in conformance with the relevant international documentation (EN 45000 series or ISO/IEC guides); and either

      (ii) the accreditation body participates in mutual recognition arrangements where they are subject to peer evaluation which involves evaluation by individuals with recognised expertise in the field of the work being evaluated, of the competence of accreditation bodies and conformity assessment bodies accredited by them; or

      (iii) the accreditation body, operating under the authority of a designating authority, takes part, in accordance with procedures to be agreed, in comparison programmes and exchanges of technical experience in order to ensure the continued confidence in the technical competence of the accreditation bodies and

ræmismatsstofnananna. Í slíkum áætlunum getur falist sameiginlegt mat, sérstakar samvinnuáætlanir eða jafningjamat.

Hafi samræmismatsstofnun aðeins fengið faggildingu til að meta hvort vara, vinnsluferli eða þjónusta sé í samræmi við tilteknar tækniforskriftir skal takmarka tilnefningu við þær tækniforskriftir.

Leiti samræmismatsstofnun eftir tilnefningu til að meta hvort tiltekin vara, vinnsluferli eða þjónusta sé í samræmi við grundvallarkröfur skal faggildingarferlið ná til þátta sem gera kleift að meta færni samræmismatsstofnunarinnar (tækniþekkingu og skilning á almennt fram bornum kröfum um vernd gegn áhættu með tilliti til vörunnar, vinnsluferlisins eða þjónustunnar eða notkunar hennar eða þess) til að meta hvort þessum grundvallarkröfum sé fullnægt.

b) **Aðrar aðferðir**

Sé ógerlegt að viðhafa viðeigandi faggildingu eða þegar um sérstakar aðstæður er að ræða skulu tilnefningaryfirvöld gera kröfur um að samræmismatsstofnanir sýni fram á færni sína með öðrum hætti, til dæmis með:

- þátttöku í sameiginlegu viðurkenningarfyrirkomulagi eða vottunarkerfi, svæðisbundnu eða á alþjóðavísu;
- með reglubundnu jafningjamati;
- hæfniprófunum; og
- samanburði milli samræmismatsstofnana.

C. Tilnefningarfyrirkomulag metið.

7. Þegar hvor samningsaðili um sig hefur skilgreint tilnefningarfyrirkomulag, sem hann hyggst nota til þess að meta hæfi samræmismatsstofnana, getur hinn samningsaðilinn, í samráði við tilnefningaryfirvöld, kynnt sér hvort fyrrnefnt fyrirkomulag tryggi til hlítar að tilnefning samræmismatsstofnananna fullnægi kröfum hans.

D. Formleg tilnefning.

8. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð við samræmismatsstofnanir, sem heyra undir valdsvið þeirra, í því skyni að kanna vilja þeirra til þess að verða tilnefndar samkvæmt skilmálum samnings þessa. Samráð skyldi einnig haft við samræmismatsstofnanir sem starfa ekki í samræmi við viðeigandi laga- og

conformity assessment bodies. Such programmes may include joint assessments, special cooperation programmes or peer evaluation.

When a conformity assessment body is only accredited to evaluate a product, process or service for compliance with particular technical specifications, designation shall be limited to those technical specifications.

When a conformity assessment body seeks designation to evaluate a particular product, process or service for compliance with essential requirements, the accreditation process shall incorporate elements which will permit assessments of the capability (technological knowledge and understanding of the generally stated risk protection requirements of the product, process or service or their use) of the conformity assessment body to evaluate compliance with those essential requirements.

(b) **Other means**

When appropriate accreditation is not available or when special circumstances apply, the designating authorities shall require the conformity assessment bodies to demonstrate their competence through other means such as:

- participation in regional/international mutual recognition arrangements or certification systems;
- regular peer evaluations;
- proficiency testing; and
- comparisons between conformity assessment bodies.

C. Evaluation of the Designation System

7. Once the designation systems to evaluate the competence of conformity assessment bodies have been defined by each Party, the other Party may, in consultation with the designating authorities, check that the systems give sufficient assurance that the designation of the conformity assessment bodies satisfies its requirements.

D. Formal Designation

8. Designating authorities shall consult the conformity assessment bodies within their jurisdiction in order to determine their willingness to be designated under the terms of this Agreement. Such consultation should include those conformity assessment bodies who do not operate under the respective legi-

stjórnsýslukröfur eigin samningsaðila en kynnu, engu að síður, að hafa áhuga á og getu til að starfa í samræmi við laga- og stjórnsýslukröfur hins samningsaðilans.

9. Tilnefningaryfirvöld skulu tilkynna fulltrúum samningsaðila síns í sameiginlegu nefndinni, sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum, um þær samræmismatsstofnanir sem fella á inn í eða brott úr II. þætti starfsgreinatengdu viðaukanna. Tilnefning samræmismatsstofnana, tímabundin ógilding tilnefningar eða afturköllun skal fara fram í samræmi við ákvæði samnings þessa og starfsreglur sameiginlegu nefndarinnar.

10. Tilnefningaryfirvöld skulu, er þau veita fulltrúa samningsaðila síns í sameiginlegu nefndinni, sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum, ráðgjöf um þær samræmismatsstofnanir sem fella á inn í starfsgreinatengdu viðaukana, láta í té eftirfarandi upplýsingar um hverja samræmismatsstofnun:
    a) nafn hennar;
    b) póstfang hennar;
    c) bréfsímanúmer hennar;
    d) flokk vörutegunda, vinnsluferla, staðla eða þjónustu sem samræmismatsstofnuninni er heimilt að meta;
    e) þær samræmismatsaðferðir sem samræmismatsstofnuninni er heimilt að nota; og
    f) hvaða tilnefningaraðferð er notuð til þess að staðfesta færni.

E. Eftirlit.

11. Tilnefningaryfirvöld skulu halda uppi, eða láta halda uppi, stöðugu eftirliti með tilnefndum samræmismatsstofnunum með reglulegri úttekt eða mati. Tíðni og eðli þessarar starfsemi skal vera í samræmi við bestu framkvæmd á alþjóðavísu eða samkvæmt ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar.
12. Tilnefningaryfirvöld skulu gera kröfu um að tilnefndar samræmismatsstofnanir taki þátt í hæfniprófunum eða öðrum viðeigandi samanburði, sé slíkur samanburður tæknilega framkvæmanlegur innan eðlilegra kostnaðarmarka.
13. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa nauðsynlegt samráð við önnur samsvarandi yfirvöld í því skyni að viðhalda tiltrú á samræmismatsferlum og -aðferðum. Slíkt samráð getur

slative, regulatory, and administrative requirements of their own Party, but which may, nevertheless, be interested and capable of working to the legislative, regulatory, and administrative requirements of the other Party.

9. Designating authorities shall inform their Party's representatives on the Joint Committee, established under this Agreement, of the conformity assessment bodies to be included in or withdrawn from Section II of the Sectoral Annexes. Designation, suspension or withdrawal of designation of conformity assessment bodies shall take place in accordance with the provisions of this Agreement and the rules of procedure of the Joint Committee.

10. When advising their Party's representative on the Joint Committee established under this Agreement, of the conformity assessment bodies to be included in the Sectoral Annexes, the designating authority shall provide the following details in respect of each conformity assessment body:
    (a) the name;
    (b) the postal address;
    (c) the facsimile (fax) number;
    (d) the range of products, processes, standards or services it is authorised to assess;
    (e) the conformity assessment procedures it is authorised to carry out; and
    (f) the designation procedure used to determine competence.

E. Monitoring

11. Designating authorities shall maintain, or cause to maintain, ongoing surveillance over designated conformity assessment bodies by means of regular audit or assessment. The frequency and nature of such activities shall be consistent with international best practices or as agreed by the Joint Committee.
12. Designating authorities shall require designated conformity assessment bodies to participate in proficiency testing or other appropriate comparison exercises where such exercises are technically possible within reasonable cost.
13. Designating authorities shall consult as necessary with their counterparts, to ensure the maintenance of confidence in conformity assessment processes and procedures. This

verið fólgið í sameiginlegri þátttöku í úttektum sem tengjast starfsemi á sviði samræmismats eða annars konar mati á tilnefndum samræmismatsstofnunum, þar sem slík þátttaka er við hæfi og tæknilega framkvæmanleg innan eðlilegra kostnaðarmarka.

14. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð, eftir því sem nauðsyn krefur, við hlutaðeigandi stjórnsýsluyfirvöld hins samningsaðilans í því skyni að tryggja að höfð sé hliðsjón af öllum stjórnsýslukröfum og þær teknar fyrir með viðhlítandi hætti.

consultation may include joint participation in audits related to conformity assessment activities or other assessments of designated conformity assessment bodies, where such participation is appropriate and technically possible within reasonable cost.

14. Designating authorities shall consult, as necessary, with the relevant regulatory authorities of the other Party to ensure that all regulatory requirements are identified and are satisfactorily addressed.

6. júní 2000 Nr. 9

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um hleðslumerki skipa.

Hinn 12. maí 2000 var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna bókunar við alþjóðasamning um hleðslumerki skipa frá 5. apríl 1966, sem gerð var í London 11. nóvember 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 19/1970 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 12. ágúst 2000.

Bókunin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

6. júní 2000 Nr. 10

AUGLÝSING

um bókun við alþjóðasamning um öryggi mannslífa á hafinu.

Hinn 12. maí 2000 var var aðalframkvæmdastjóra Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar afhent aðildarskjal Íslands vegna bókunar við alþjóðasamning um öryggi mannslífa á hafinu frá 17. júní 1960, sem gerð var í London 11. nóvember 1988, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1965 þar sem samningurinn er birtur. Bókunin öðlast gildi að því er Ísland varðar 12. ágúst 2000.

Bókunin liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að henni.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um viðbótarsamning við samning um flutning dæmdra manna.

Hinn 25. maí 2000 var aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins afhent fullgildingarskjal Íslands vegna viðbótarsamnings við samning frá 21. mars 1983 um flutning dæmdra manna sem gerður var í Strassborg 18. desember 1997, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21/1993 þar sem samningurinn er birtur. Alþingi hafði með ályktun 14. desember 1999 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda viðbótarsamninginn. Viðbótarsamningurinn öðlast gildi að því er Ísland varðar 1. september 2000.

Viðbótarsamningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARSAMNINGUR við samning um flutning dæmdra manna.

Formáli.

Aðildarríki Evrópuráðsins og önnur ríki sem undirritað hafa viðbótarsamning þennan,

vilja auðvelda framkvæmd samningsins um flutning dæmdra manna er lagður var fram til undirritunar í Strassborg 21. mars 1983 (hér eftir nefndur „samningurinn“) og einkum fylgja eftir viðurkenndum markmiðum hans um að stuðla að réttlæti og félagslegri endurhæfingu dæmdra manna,

er ljóst að mörg ríki geta ekki framselt eigin ríkisborgara,

telja æskilegt að auka við samninginn í tilteknum atriðum og

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. gr.
Almenn ákvæði.

1. Orð og orðtök, sem notuð eru í þessum viðbótarsamningi, skal túlka á sama veg og í samningnum.
2. Ákvæði samningsins skulu eiga við að því marki sem þau eru samrýmanleg ákvæðum þessa viðbótarsamnings.

2. gr.
Menn sem flúið hafa dómsríki.

1. Þegar ríkisborgari aðila, sem hlotið hefur endanlegan dóm á landsvæði annars aðildar-

ADDITIONAL PROTOCOL to the Convention on the Transfer of Sentenced Persons

Preamble

The member States of the Council of Europe, and the other States signatory to this Protocol,

Desirous of facilitating the application of the Convention on the Transfer of Sentenced Persons opened for signature at Strasbourg on 21 March 1983 (hereinafter referred to as "the Convention") and, in par ticular, pursuing its acknowledged aims of furthering the ends of justice and the social rehabilitation of sentenced persons;

Aware that many States cannot extradite their own nationals;

Considering it desirable to supplement the Convention in certain respects,

Have agreed as follows:

Article 1
General provisions

1. The words and expressions used in this Protocol shall be interpreted within the meaning of the Convention.
2. The provisions of the Convention shall apply to the extent that they are compatible with the provisions of this Protocol.

Article 2
Persons having fled from the sentencing State

1. Where a national of a Party who is the subject of a sentence imposed in the territory of

ríkis, leitast við að komast hjá fullnustu eða frekari fullnustu dómsins í dómsríkinu með því að flýja til landsvæðis fyrrnefnds aðila áður en hann hefur afplánað dóminn getur dómsríkið óskað eftir því að hinn aðilinn taki yfir fullnustu dómsins.

2. Að beiðni dómsríkisins getur fullnusturíkið, áður en fylgiskjöl með beiðni hafa borist eða áður en tekin hefur verið ákvörðun um beiðni, handtekið dómþola eða gert hverja aðra ráðstöfun til að tryggja að dómþoli verði áfram á landsvæði þess þar til tekin hefur verið ákvörðun um beiðni. Beiðnir um bráðabirgðaráðstafanir skulu hafa að geyma upplýsingar sem um getur í 3. mgr. 4. gr. samningsins. Staða dómþola með tilliti til refsifullnustu skal ekki vera lakari vegna þess tíma sem hann hefur verið í haldi á grundvelli þessarar málsgreinar.
3. Ekki þarf samþykki dómþola vegna flutnings á fullnustu dóms.

another Party as a part of a final judgment, seeks to avoid the execution or further execution of the sentence in the sentencing State by fleeing to the territory of the former Party before having served the sentence, the sentencing State may request the other Party to take over the execution of the sentence.
2. At the request of the sentencing State, the administering State may, prior to the arrival of the documents supporting the request, or prior to the decision on that request, arrest the sentenced person, or take any other measure to ensure that the sentenced person remains in its territory, pending a decision on the request. Requests for provisional measures shall include the information mentioned in paragraph 3 of Article 4 of the Convention. The penal position of the sentenced person shall not be aggravated as a result of any period spent in custody by reason of this paragraph.
3. The consent of the sentenced person shall not be required to the transfer of the execution of the sentence.

3. gr.

Dómþolar sem á að vísa eða flytja úr landi.

1. Samkvæmt beiðni dómsríkisins getur fullnusturíkið, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, fallist á flutning dómþola án samþykkis hans þegar dómur á hendur honum eða stjórnvaldsákvörðun, sem leiðir af dómi, felur í sér ákvörðun um brottvísun, flutning úr landi eða aðra ráðstöfun sem leiðir til þess að viðkomandi dómþola er óheimilt að dveljast lengur á landsvæði dómsríkisins þegar honum er sleppt úr fangelsi.

2. Fullnusturíkið skal ekki veita samþykki sitt skv. 1. mgr. án þess að taka til athugunar afstöðu dómþola.

3. Við beitingu þessarar greinar skal dómsríkið láta fullnusturíkinu í té:

   a. yfirlýsingu um afstöðu dómþola til væntanlegs flutnings hans og

   b. afrit af ákvörðun um brottvísun, flutning eða hverri annarri ákvörðun sem hefur þau áhrif að dómþola er óheimilt að dveljast lengur á landsvæði dómsríkisins þegar honum er sleppt úr fangelsi.

Article 3

Sentenced persons subject to an expulsion or deportation order

1. Upon being requested by the sentencing State, the administering State may, subject to the provisions of this Article, agree to the transfer of a sentenced person without the consent of that person, where the sentence passed on the latter, or an administrative decision consequential to that sentence, includes an expulsion or deportation order or any other measure as the result of which that person will no longer be allowed to remain in the territory of the sentencing State once he or she is released from prison.
2. The administering State shall not give its agreement for the purposes of paragraph 1 before having taken into consideration the opinion of the sentenced person.
3. For the purposes of the application of this Article, the sentencing State shall furnish the administering State with:
   a) a declaration containing the opinion of the sentenced person as to his or her proposed transfer, and
   b) a copy of the expulsion or deportation order or any other order having the effect that the sentenced person will no longer be allowed to remain in the territory of the sentencing State once he or she is released from prison.

4. Ekki skal sækja til sakar mann sem fluttur er samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, dæma hann eða hafa í haldi til fullnustu dóms eða ákvörðunar um frjálsræðissviptingu vegna einhvers annars brots en liggur til grundvallar dómi til fullnustu og framið var fyrir flutning dómþola, eða skal frelsi dómþola af öðrum ástæðum skert nema í eftirfarandi tilvikum:

   a. þegar dómsríkið heimilar: beiðni um heimild skal leggja fram og henni fylgja öll viðeigandi skjöl og staðfest endurrit hvers kyns framburðar sakfellds manns; heimild ber að veita þegar brotið, sem beiðni varðar, mundi sjálft geta leitt til framsals að lögum dómsríkisins eða þegar framsal væri útilokað eingöngu vegna þyngdar refsingar;

   b. þegar dómþoli, sem hefur haft tækifæri til að fara frá landsvæði fullnusturíkisins, hefur ekki gert það innan 45 daga frá því hann var endanlega látinn laus eða ef hann hefur komið aftur á landsvæðið eftir að hafa yfirgefið það.

5. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. getur fullnusturíkið gripið til allra nauðsynlegra ráðstafana að eigin lögum, þar á meðal höfðað mál að sakborningi fjarstöddum, til að koma í veg fyrir hvers kyns réttaráhrif fyrningar.
6. Samningsríki getur með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins gefið til kynna að það muni ekki taka yfir fullnustu dóms við þær aðstæður sem lýst er í þessari grein.

4. Any person transferred under the provisions of this Article shall not be proceeded against, sentenced or detained with a view to the carrying out of a sentence or detention order, for any offence committed prior to his or her transfer other than that for which the sentence to be enforced was imposed, nor shall he or she for any other reason be restricted in his or her personal freedom, except in the following cases:
   a) when the sentencing State so authorises: a request for authorisation shall be submitted, accompanied by all relevant documents and a legal record of any statement made by the convicted person; authorisation shall be given when the offence for which it is requested would itself be subject to extradition under the law of the sentencing State or when extradition would be excluded only by reason of the amount of punishment;
   b) when the sentenced person, having had an opportunity to leave the territory of the administering State, has not done so within 45 days of his or her final discharge, or if he or she has returned to that territory after leaving it.
5. Notwithstanding the provisions of paragraph 4, the administering State may take any measures necessary under its law, including proceedings in absentia, to prevent any legal effects of lapse of time.
6. Any contracting State may, by way of a declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, indicate that it will not take over the execution of sentences under the circumstances described in this Article.

4. gr.
Undirritun og gildistaka.

1. Viðbótarsamningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu aðildarríkja Evrópuráðsins og annarra ríkja sem undirritað hafa samninginn. Hann skal vera háður fullgildingu, staðfestingu eða samþykki. Undirritunarríki getur ekki fullgilt, staðfest eða samþykkt viðbótarsamninginn nema það hafi áður eða samtímis fullgilt, staðfest eða samþykkt samninginn. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins til vörslu.
2. Viðbótarsamningur þessi skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að

Article 4
Signature and entry into force

1. This Protocol shall be open for signature by the member States of the Council of Europe and the other States signatory to the Convention. It shall be subject to ratification, acceptance or approval. A Signatory may not ratify, accept or approve this Protocol unless it has previously or simultaneously ratified, accepted or approved the Convention. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary General of the Council of Europe.
2. This Protocol shall enter into force on the first day of the month following the

liðnir eru þrír mánuðir frá afhendingu þriðja skjalsins um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki.
3. Að því er varðar ríki, sem undirritar viðbótarsamning þennan en afhendir síðar skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki til vörslu, öðlast viðbótarsamningurinn gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá afhendingu skjalsins.

5. gr.
Aðild.

1. Ríki, sem ekki á aðild að Evrópuráðinu en hefur gerst aðili að samningnum, getur gerst aðili að viðbótarsamningi þessum eftir gildistöku hans.
2. Að því er varðar ríki, sem gerist aðili að viðbótarsamningnum, öðlast hann gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðildarskjal er afhent til vörslu.

6. gr.
Landsvæði er viðbótarsamningurinn tekur til.

1. Við undirritun viðbótarsamnings þessa, eða þegar skjal um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, getur ríki tilgreint það landsvæði eða þau landsvæði sem viðaukasamningurinn skal taka til.
2. Samningsríki getur hvenær sem er síðar, með yfirlýsingu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, fært gildi viðbótarsamningsins út til annars landsvæðis sem er nánar tilgreint í yfirlýsingunni. Að því er slíkt landsvæði varðar öðlast viðbótarsamningurinn gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri yfirlýsingu.
3. Yfirlýsingar, sem gefnar eru skv. 1. og 2. mgr., má, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjórans, afturkalla með tilliti til hvaða landsvæðis sem er sem tilgreint hefur verið í slíkri yfirlýsingu. Afturköllunin öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

7. gr.
Gildistími.

Viðbótarsamningi þessum skal beitt um fullnustu refsinga hvort sem þær hafa verið dæmdar fyrir eða eftir gildistöku hans.

expiration of a period of three months after the deposit of the third instrument of ratification, acceptance or approval.
3. In respect of any signatory State which subsequently deposits its instrument of ratification, acceptance or approval, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of deposit.

Article 5
Accession

1. Any non-member State which has acceded to the Convention may accede to this Protocol after it has entered into force.

2. In respect of any acceding State, the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of the deposit of the instrument of accession.

Article 6
Territorial application

1. Any State may at the time of signature or when depositing its instrument of ratification, acceptance, approval or accession, specify the territory or territories to which this Protocol shall apply.
2. Any Contracting State may, at any later date, by declaration addressed to the Secretary General of the Council of Europe, extend the application of this Protocol to any other territory specified in the declaration. In respect of such territory the Protocol shall enter into force on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such declaration by the Secretary General.
3. Any declaration made under the two preceding paragraphs may, in respect of any territory specified in such declaration, be withdrawn by a notification addressed to the Secretary General. The withdrawal shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of such notification by the Secretary General.

Article 7
Temporal application

This Protocol shall be applicable to the enforcement of sentences imposed either before or after its entry into force.

8. gr.
Uppsögn.

1. Samningsríki getur hvenær sem er, með tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Evrópuráðsins, sagt upp viðbótarsamningi þessum.

2. Slík uppsögn skal öðlast gildi fyrsta dag þess mánaðar sem hefst eftir að liðnir eru þrír mánuðir frá þeim degi er aðalframkvæmdastjórinn tekur við slíkri tilkynningu.

3. Viðbótarsamningur þessi skal þó áfram gilda um fullnustu refsinga þeirra manna sem fluttir hafa verið bæði samkvæmt ákvæðum samningsins og þessa viðbótarsamnings fyrir gildistökudag uppsagnarinnar.

4. Uppsögn samningsins leiðir sjálfkrafa til uppsagnar viðbótarsamnings þessa.

9. gr.
Tilkynningar.

Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal tilkynna aðildarríkjum þess, öllum ríkjum sem hafa undirritað samninginn, öllum ríkjum sem eiga aðild að samningnum og öllum öðrum ríkjum, sem hefur verið boðin aðild að samningnum, um:

a. sérhverja undirritun;
b. afhendingu sérhvers skjals um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild;
c. sérhvern gildistökudag viðbótarsamnings þessa skv. 4. og 5. gr.;
d. sérhverja aðra aðgerð, yfirlýsingu, tilkynningu eða orðsendingu sem varðar viðbótarsamning þennan.

Þessu til staðfestu hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað viðbótarsamning þennan.

Gjört í Strassborg 18. desember 1997 á ensku og frönsku, í einu eintaki sem varðveitt skal í skjalasafni Evrópuráðsins, og eru báðir textar jafngildir. Aðalframkvæmdastjóri Evrópuráðsins skal senda staðfest endurrit til sérhvers aðildarríkis Evrópuráðsins, til annarra ríkja sem undirritað hafa samninginn og til sérhvers ríkis sem boðin er aðild að honum.

Article 8
Denunciation

1. Any Contracting State may at any time denounce this Protocol by means of a notification addressed to the Secretary General of the Council of Europe.
2. Such denunciation shall become effective on the first day of the month following the expiration of a period of three months after the date of receipt of the notification by the Secretary General.
3. This Protocol shall, however, continue to apply to the enforcement of sentences of persons who have been transferred in conformity with the provisions of both the Convention and this Protocol before the date on which such denunciation takes effect.
4. Denunciation of the Convention automatically entails denunciation of this Protocol.

Article 9
Notifications

The Secretary General of the Council of Europe shall notify the member States of the Council of Europe, any Signatory, any Party and any other State which has been invited to accede to the Convention of:

a) any signature;
b) the deposit of any instrument of ratification, acceptance, approval or accession;
c) any date of entry into force of this Protocol in accordance with Articles 4 or 5;
d) any other act, declaration, notification or communication relating to this Protocol.

In witness whereof the undersigned, being duly authorised thereto, have signed this Protocol.

Done at Strasbourg, this eighteenth day of December 1997, in English and in French, both texts being equally authentic, in a single copy which shall be deposited in the archives of the Council of Europe. The Secretary General of the Council of Europe shall transmit certified copies to each member State of the Council of Europe, to the other States signatory to the Convention and to any State invited to accede to the Convention.

AUGLÝSING

um Rómarsamþykkt um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Hinn 25. maí 2000 var aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjal Íslands vegna Rómarsamþykktar um Alþjóðlega sakamáladómstólinn sem gerð var í Róm 17. júlí 1998. Alþingi hafði með ályktun 8. maí 2000 heimilað ríkisstjórninni að fullgilda samþykktina fyrir Íslands hönd. Tilkynnt verður um gildistöku samþykktarinnar síðar.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

RÓMARSAMÞYKKT
um Alþjóðlega sakamáladómstólinn.

Inngangsorð.

Ríkin, sem eru aðilar að samþykkt þessari,

gera sér grein fyrir því að allar þjóðir eru tengdar sameiginlegum böndum og menningararfur þeirra er samofinn en jafnframt óttast þau að þessi fíngerði vefur kunni að bresta hvenær sem er,

eru minnug þess að á þessari öld hafa milljónir barna, kvenna og karla orðið fórnarlömb óskiljanlegra grimmdarverka sem hafa gróflega misboðið samvisku mannkynsins,

viðurkenna að alvarlegir glæpir sem þessir ógni friði, öryggi og velferð í heiminum,

lýsa því yfir að ekki megi láta órefsað fyrir hina alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna og tryggja þurfi að raunverulega sé sótt til saka fyrir þessa glæpi með því að gera ráðstafanir á innlendum vettvangi og efla alþjóðasamvinnu,

eru staðráðin í að binda enda á refsileysi gerenda þessara glæpa og á þann hátt stuðla að því að koma í veg fyrir slíka glæpi,

minna á að það er skylda sérhvers ríkis að beita refsilögsögu sinni gagnvart þeim sem bera ábyrgð á alþjóðaglæpum,

ítreka markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna, einkum að ekkert ríki skuli beita hótunum eða valdi gegn friðhelgi yfirráðasvæðis eða stjórnmálalegu sjálfstæði annars ríkis eða með annarri þeirri aðferð sem ekki samrýmist markmiðum Sameinuðu þjóðanna,

ROME STATUTE
of the International Criminal Court

PREAMBLE

The States Parties to this Statute,

Conscious that all peoples are united by common bonds, their cultures pieced together in a shared heritage, and concerned that this delicate mosaic may be shattered at any time,

Mindful that during this century millions of children, women and men have been victims of unimaginable atrocities that deeply shock the conscience of humanity,

Recognizing that such grave crimes threaten the peace, security and well-being of the world,

Affirming that the most serious crimes of concern to the international community as a whole must not go unpunished and that their effective prosecution must be ensured by taking measures at the national level and by enhancing international cooperation,

Determined to put an end to impunity for the perpetrators of these crimes and thus to contribute to the prevention of such crimes,

Recalling that it is the duty of every State to exercise its criminal jurisdiction over those responsible for international crimes,

Reaffirming the Purposes and Principles of the Charter of the United Nations, and in particular that all States shall refrain from the threat or use of force against the territorial integrity or political independence of any State, or in any other manner inconsistent with the Purposes of the United Nations,

leggja áherslu á í þessu sambandi að engin ákvæði samþykktar þessarar beri að skilja á þann veg að aðildarríki sé heimilt að blanda sér í hernaðarátök eða innanríkismál annars ríkis,

eru staðráðin í að stofna í þessu skyni og í þágu núlifandi og komandi kynslóða sjálfstæðan og varanlegan alþjóðlegan sakamáladómstól, í tengslum við Sameinuðu þjóðirnar, sem hafi lögsögu yfir alvarlegustu glæpum sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna,

leggja áherslu á að Alþjóðlegi sakamáladómstóllinn, sem stofnaður er með samþykkt þessari, skuli vera til fyllingar refsilögsögu einstakra ríkja,

einsetja sér að tryggja til frambúðar virðingu fyrir alþjóðlegri réttvísi og framkvæmd hennar,

og hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

1. kafli: Stofnun dómstólsins.

1. gr.

Dómstóllinn.

Alþjóðlegur sakamáladómstóll („dómstóllinn“) er hér með stofnaður. Hann skal vera varanleg stofnun og hafa vald til þess að beita lögsögu sinni gagnvart einstaklingum fyrir hina alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna og tilgreindir eru í samþykkt þessari og skal hann vera til fyllingar refsilögsögu einstakra ríkja. Um lögsögu og starfsemi dómstólsins fer eftir ákvæðum þessarar samþykktar.

2. gr.

Tengsl dómstólsins við Sameinuðu þjóðirnar.

Dómstóllinn skal vera tengdur Sameinuðu þjóðunum með samningi sem þing aðildarríkja þessarar samþykktar skal samþykkja og gerir síðan forseti dómstólsins samninginn fyrir hans hönd.

3. gr.

Aðsetur dómstólsins.

1. Dómstóllinn skal hafa aðsetur í Haag í Hollandi („gistiríkið“).

2. Dómstóllinn skal gera samning um höfuðstöðvar sínar við gistiríkið sem þing aðildarríkja þessarar samþykktar skal samþykkja og gerir síðan forseti dómstólsins samninginn fyrir hans hönd.
3. Telji dómstóllinn það æskilegt getur hann komið saman annars staðar í samræmi við þessa samþykkt.

Emphasizing in this connection that nothing in this Statute shall be taken as authorizing any State Party to intervene in an armed conflict or in the internal affairs of any State,

Determined to these ends and for the sake of present and future generations, to establish an independent permanent International Criminal Court in relationship with the United Nations system, with jurisdiction over the most serious crimes of concern to the international community as a whole,

Emphasizing that the International Criminal Court established under this Statute shall be complementary to national criminal jurisdictions,

Resolved to guarantee lasting respect for and the enforcement of international justice,

Have agreed as follows:

PART 1. ESTABLISHMENT OF THE COURT

Article 1

The Court

An International Criminal Court ("the Court") is hereby established. It shall be a permanent institution and shall have the power to exercise its jurisdiction over persons for the most serious crimes of international concern, as referred to in this Statute, and shall be complementary to national criminal jurisdictions. The jurisdiction and functioning of the Court shall be governed by the provisions of this Statute.

Article 2

Relationship of the Court with the United Nations

The Court shall be brought into relationship with the United Nations through an agreement to be approved by the Assembly of States Parties to this Statute and thereafter concluded by the President of the Court on its behalf.

Article 3

Seat of the Court

1. The seat of the Court shall be established at The Hague in the Netherlands ("the host State").
2. The Court shall enter into a headquarters agreement with the host State, to be approved by the Assembly of States Parties and thereafter concluded by the President of the Court on its behalf.
3. The Court may sit elsewhere, whenever it considers it desirable, as provided in this Statute.

4. gr.

Réttarstaða og valdheimildir dómstólsins.

1. Dómstóllinn skal hafa réttarstöðu sem alþjóðlegur lögaðili. Hann skal einnig hafa það rétthæfi sem honum er nauðsynlegt til að starfa og ná markmiðum sínum.
2. Dómstóllinn getur innt störf sín af hendi og beitt valdheimildum sínum eins og kveðið er á um í samþykkt þessari á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis og, samkvæmt sérstökum samningi, á yfirráðasvæði hvaða ríkis annars sem er.

2. kafli: Lögsaga, skilyrði þess að mál sé tækt til meðferðar og réttarheimildir.

5. gr.

Glæpir sem falla undir lögsögu dómstólsins.

1. Lögsaga dómstólsins skal takmarkast við hina alvarlegustu glæpi sem varða gjörvallt samfélag þjóðanna. Eftirtaldir glæpir falla undir lögsögu dómstólsins í samræmi við þessa samþykkt:
   a) hópmorð;
   b) glæpir gegn mannúð;
   c) stríðsglæpir;
   d) glæpir gegn friði.
2. Dómstóllinn skal beita lögsögu sinni að því er varðar glæpi gegn friði þegar samþykkt hefur verið ákvæði í samræmi við 121. og 123. gr. þar sem glæpirnir eru skilgreindir og sett eru skilyrði fyrir því að dómstóllinn beiti lögsögu sinni að því er þessa glæpi varðar. Það ákvæði skal vera í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

6. gr.

Hópmorð.

Í þessari samþykkt merkir „hópmorð“ einhvern eftirtalinna verknaða sem framdir eru í þeim tilgangi að útrýma með öllu eða að hluta þjóð, þjóðernishópi, kynstofni eða trúflokki, sem slíkum:

a) að drepa einstaklinga úr viðkomandi hópi;
b) að valda einstaklingum úr viðkomandi hópi alvarlegum líkamlegum eða andlegum skaða;
c) að þröngva viðkomandi hópi af ásetningi til þess að búa við lífsskilyrði sem miða að líkamlegri eyðingu hópsins eða hluta hans;
d) að beita þvingunaraðgerðum sem miða að því að koma í veg fyrir barnsfæðingar í hópnum;
e) að flytja börn með valdi úr hópnum til annars hóps.

Article 4

Legal status and powers of the Court

1. The Court shall have international legal personality. It shall also have such legal capacity as may be necessary for the exercise of its functions and the fulfilment of its purposes.
2. The Court may exercise its functions and powers, as provided in this Statute, on the territory of any State Party and, by special agreement, on the territory of any other State.

PART 2. JURISDICTION, ADMISSIBILITY AND APPLICABLE LAW

Article 5

Crimes within the jurisdiction of the Court

1. The jurisdiction of the Court shall be limited to the most serious crimes of concern to the international community as a whole. The Court has jurisdiction in accordance with this Statute with respect to the following crimes:
   (a) The crime of genocide;
   (b) Crimes against humanity;
   (c) War crimes;
   (d) The crime of aggression.
2. The Court shall exercise jurisdiction over the crime of aggression once a provision is adopted in accordance with articles 121 and 123 defining the crime and setting out the conditions under which the Court shall exercise jurisdiction with respect to this crime. Such a provision shall be consistent with the relevant provisions of the Charter of the United Nations.

Article 6

Genocide

For the purpose of this Statute, "genocide" means any of the following acts committed with intent to destroy, in whole or in part, a national, ethnical, racial or religious group, as such:

(a) Killing members of the group;

(b) Causing serious bodily or mental harm to members of the group;

(c) Deliberately inflicting on the group conditions of life calculated to bring about its physical destruction in whole or in part;

(d) Imposing measures intended to prevent births within the group;

(e) Forcibly transferring children of the group to another group.

7. gr.

Glæpir gegn mannúð.

1. Í þessari samþykkt merkir „glæpir gegn mannúð“ einhvern eftirtalinna verknaða þegar þeir eru framdir sem hluti af víðtækri eða kerfisbundinni atlögu sem beint er gegn óbreyttum borgurum, vitandi vits um atlöguna:
   a) morð;
   b) útrýmingu;
   c) þrælkun;
   d) brottvísun eða nauðungarflutning íbúa;
   e) fangelsun eða aðra alvarlega frelsissviptingu sem stríðir gegn grundvallarreglum þjóðaréttar;
   f) pyndingar;
   g) nauðgun, kynlífsþrælkun, þvingun til vændis, þungunar eða ófrjósemisaðgerðar eða annað álíka alvarlegt kynlífsofbeldi;
   h) ofsóknir gegn afmörkuðum hópi eða samfélagi vegna stjórnmálaskoðana, kynþáttar, ríkisfangs, þjóðernis, menningar, trúarbragða, kynferðis eins og það er skilgreint í 3. mgr., eða af öðrum ástæðum sem almennt er viðurkennt að fái ekki staðist að þjóðarétti, í tengslum við einhvern þann verknað, sem um getur í þessari málsgrein, eða einhvern þann glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins;
   i) mannshvörf af manna völdum;
   j) kynþáttaaðskilnað;
   k) aðra ómannúðlega verknaði af svipuðum toga sem ætlað er að valda miklum þjáningum eða alvarlegu líkamstjóni eða tjóni á andlegu eða líkamlegu heilbrigði.
2. Í 1. mgr.:
   a) merkir „atlaga sem beint er gegn óbreyttum borgurum“ háttsemi sem felur í sér röð margendurtekinna verknaða, sem um getur í 1. mgr. og beint er gegn óbreyttum borgurum, í samræmi við eða til að framfylgja stefnu ríkis eða samtaka um að gera slíka atlögu;
   b) felur „útrýming“ það í sér að þröngva íbúunum af ásetningi til þess að búa við lífsskilyrði sem ætlað er að eyða hluta íbúanna, meðal annars þau að svipta þá aðgangi að mat og lyfjum;
   c) merkir „þrælkun“ að beita einhverjum eða öllum þeim heimildum sem tengjast eignarrétti yfir einstaklingi, þar á meðal sem liður í mansali, einkum kvenna og barna;

Article 7

Crimes against humanity

1. For the purpose of this Statute, “crime against humanity” means any of the following acts when committed as part of a widespread or systematic attack directed against any civilian population, with knowledge of the attack:
   (a) Murder;
   (b) Extermination;
   (c) Enslavement;
   (d) Deportation or forcible transfer of population;
   (e) Imprisonment or other severe deprivation of physical liberty in violation of fundamental rules of international law;
   (f) Torture;
   (g) Rape, sexual slavery, enforced prostitution, forced pregnancy, enforced sterilization, or any other form of sexual violence of comparable gravity;
   (h) Persecution against any identifiable group or collectivity on political, racial, national, ethnic, cultural, religious, gender as defined in paragraph 3, or other grounds that are universally recognized as impermissible under international law, in connection with any act referred to in this paragraph or any crime within the jurisdiction of the Court;
   (i) Enforced disappearance of persons;
   (j) The crime of apartheid;
   (k) Other inhumane acts of a similar character intentionally causing great suffering, or serious injury to body or to mental or physical health.
2. For the purpose of paragraph 1:
   (a) “Attack directed against any civilian population” means a course of conduct involving the multiple commission of acts referred to in paragraph 1 against any civilian population, pursuant to or in furtherance of a State or organizational policy to commit such attack;
   (b) “Extermination” includes the intentional infliction of conditions of life, inter alia the deprivation of access to food and medicine, calculated to bring about the destruction of part of a population;
   (c) “Enslavement” means the exercise of any or all of the powers attaching to the right of ownership over a person and includes the exercise of such power in the course of trafficking in persons, in particular women and children;

d) merkir „brottvísun eða nauðungarflutningur íbúa“ nauðungarflutninga á fólki, með brottvísun eða öðrum þvingunaraðgerðum, af svæði þar sem fólkið er statt og hefur lögvarinn rétt til dvalar, án ástæðna sem eru heimilaðar að þjóðarétti;

e) merkir „pyndingar“ það ásetningsverk að valda manni, sem er í haldi hjá ákærða eða á valdi hans, miklum sársauka eða þjáningum, líkamlegum eða andlegum; í hugtakinu felst þó ekki sársauki eða þjáningar sem orsakast eingöngu af, felast í eða eru til komnar vegna löglegra refsiaðgerða;

f) merkir „þvingun til þungunar“ ólöglega frelsisskerðingu konu sem hefur verið gert barn með nauðung, með þeim ásetningi að hafa áhrif á samsetningu þjóðernishóps viðkomandi íbúa eða fremja önnur alvarleg brot að þjóðarétti. Þessa skilgreiningu ber á engan hátt að túlka þannig að hún hafi áhrif á lög einstakra ríkja um þungun;

g) merkir „ofsóknir“ vísvitandi og alvarlega sviptingu grundvallarréttinda sem stríðir gegn þjóðarétti, vegna þess hver hópurinn eða samfélagið er;

h) merkir „kynþáttaaðskilnaður“ ómannúðlega verknaði svipaðs eðlis og um getur í 1. mgr. sem framdir eru innan stofnanabundins kerfis þar sem einn kynþáttur kúgar annan eða aðra kynþætti með kerfisbundnum hætti og drottnar yfir honum eða þeim með þeim ásetningi að viðhalda því kerfi;

i) merkir „mannshvörf af manna völdum“ handtöku, hald eða brottnám manna af hálfu ríkis eða stjórnmálasamtaka eða með leyfi þeirra, stuðningi eða samþykki og þau neita síðan að viðurkenna að viðkomandi hafi verið sviptir frelsi eða neita að veita upplýsingar um örlög eða verustað þeirra með þeim ásetningi að svipta þá réttarvernd um lengri tíma.

3. Í þessari samþykkt er með hugtakinu „kynferði“ átt við bæði kynin, karl og konu, eins og það er notað í þjóðfélagslegu samhengi. Þetta hugtak gefur ekki til kynna neina aðra merkingu en þá sem greinir hér að framan.

(d) "Deportation or forcible transfer of population" means forced displacement of the persons concerned by expulsion or other coercive acts from the area in which they are lawfully present, without grounds permitted under international law;

(e) "Torture" means the intentional infliction of severe pain or suffering, whether physical or mental, upon a person in the custody or under the control of the accused; except that torture shall not include pain or suffering arising only from, inherent in or incidental to, lawful sanctions;

(f) "Forced pregnancy" means the unlawful confinement of a woman forcibly made pregnant, with the intent of affecting the ethnic composition of any population or carrying out other grave violations of international law. This definition shall not in any way be interpreted as affecting national laws relating to pregnancy;

(g) "Persecution" means the intentional and severe deprivation of fundamental rights contrary to international law by reason of the identity of the group or collectivity;

(h) "The crime of apartheid" means inhumane acts of a character similar to those referred to in paragraph 1, committed in the context of an institutionalized regime of systematic oppression and domination by one racial group over any other racial group or groups and committed with the intention of maintaining that regime;

(i) "Enforced disappearance of persons" means the arrest, detention or abduction of persons by, or with the authorization, support or acquiescence of, a State or a political organization, followed by a refusal to acknowledge that deprivation of freedom or to give information on the fate or whereabouts of those persons, with the intention of removing them from the protection of the law for a prolonged period of time.

3. For the purpose of this Statute, it is understood that the term "gender" refers to the two sexes, male and female, within the context of society. The term "gender" does not indicate any meaning different from the above.

8. gr.
Stríðsglæpir.

1. Dómstóllinn skal hafa lögsögu að því er varðar stríðsglæpi, einkum þegar þeir eru framdir sem þáttur í áætlun eða stefnu eða sem hluti af umfangsmiklum glæpaverkum af því tagi.
2. Í þessari samþykkt er merking hugtaksins „stríðsglæpir“ sem hér segir:
   a) Alvarleg brot á Genfarsamningunum frá 12. ágúst 1949, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða gegn mönnum eða eignum sem njóta verndar samkvæmt ákvæðum viðkomandi Genfarsamninga:
      i) manndráp af ásetningi;
      ii) pyndingar eða ómannúðleg meðferð, þar með taldar líffræðilegar tilraunir;
      iii) að valda af ásetningi miklum þjáningum eða alvarlegu líkams- eða heilsutjóni;
      iv) umfangsmikil eyðilegging og upptaka eigna, sem ekki er réttlætanleg af hernaðarnauðsyn og er framkvæmd með ólöglegum og gerræðislegum hætti;
      v) að þröngva stríðsfanga eða öðrum, sem nýtur verndar, til að gegna herþjónustu hjá óvinaríki;
      vi) að neita af ásetningi stríðsfanga eða öðrum, sem nýtur verndar, um réttlát og eðlileg réttarhöld;
      vii) ólögleg brottvísun eða flutningur eða ólöglegt varðhald;
      viii) gíslataka.
   b) Önnur alvarleg brot á lögum og venjum sem gilda um vopnuð átök alþjóðlegs eðlis, á viðurkenndum vettvangi þjóðaréttar, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða:
      i) að leggja af ásetningi til atlögu gegn óbreyttum borgurum almennt eða gegn einstökum borgurum sem taka ekki beinan þátt í átökum;
      ii) að ráðast af ásetningi á borgaralega hluti, þ.e. hluti sem hafa ekki hernaðarlegt gildi;
      iii) að leggja af ásetningi til atlögu gegn starfsliði, stöðvum, búnaði, einingum eða ökutækjum sem notuð eru við mannúðaraðstoð eða friðargæslu í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, svo fremi að þeim beri vernd svo sem óbreyttum borgurum eða borgaralegum hlutum samkvæmt þjóðréttarreglum um vopnuð átök;

Article 8
War crimes

1. The Court shall have jurisdiction in respect of war crimes in particular when committed as part of a plan or policy or as part of a large-scale commission of such crimes.

2. For the purpose of this Statute, "war crimes" means:
   (a) Grave breaches of the Geneva Conventions of 12 August 1949, namely, any of the following acts against persons or property protected under the provisions of the relevant Geneva Convention:
      (i) Wilful killing;
      (ii) Torture or inhuman treatment, including biological experiments;
      (iii) Wilfully causing great suffering, or serious injury to body or health;
      (iv) Extensive destruction and appropriation of property, not justified by military necessity and carried out unlawfully and wantonly;
      (v) Compelling a prisoner of war or other protected person to serve in the forces of a hostile Power;
      (vi) Wilfully depriving a prisoner of war or other protected person of the rights of fair and regular trial;
      (vii) Unlawful deportation or transfer or unlawful confinement;
      (viii) Taking of hostages.
   (b) Other serious violations of the laws and customs applicable in international armed conflict, within the established framework of international law, namely, any of the following acts:
      (i) Intentionally directing attacks against the civilian population as such or against individual civilians not taking direct part in hostilities;
      (ii) Intentionally directing attacks against civilian objects, that is, objects which are not military objectives;
      (iii) Intentionally directing attacks against personnel, installations, material, units or vehicles involved in a humanitarian assistance or peacekeeping mission in accordance with the Charter of the United Nations, as long as they are entitled to the protection given to civilians or civilian objects under the international law of armed conflict;

iv) að leggja af ásetningi til atlögu, vitandi að slík atlaga geti, á tilviljunarkenndan hátt, kostað líf óbreyttra borgara eða valdið þeim líkamstjóni eða skemmt borgaralega hluti eða valdið víðtækum, langvarandi og alvarlegum umhverfisspjöllum sem augljóslega væru langt umfram raunverulegan og beinan hernaðarlegan ávinning sem vænst er;

v) að ráðast eða varpa sprengjum, með hvaða hætti sem er, á borgir, þorp, bústaði eða byggingar sem eru óvarðar og hafa ekki hernaðarlegt gildi;

vi) að drepa eða særa hermann sem hefur lagt niður vopn eða hefur engin tök á að verja sig lengur og hefur gefist upp skilyrðislaust;

vii) að misnota griðafána, fána eða einkennismerki og einkennisbúning óvinahers eða Sameinuðu þjóðanna svo og sérstök tákn Genfarsamninganna, þannig að leiði til dauða eða alvarlegra meiðsla á mönnum;

viii) að hernámsríki flytji, beint eða óbeint, hluta eigin óbreyttra borgara inn á hernámssvæði sitt eða vísi á brott eða flytji alla íbúa hernumda svæðisins eða hluta þeirra annaðhvort innan þess svæðis eða út fyrir svæðið;

ix) að ráðast af ásetningi á byggingar, sem eru helgaðar trú, menntun, listum, vísindum eða góðgerðastarfsemi, eða á sögulega minnisvarða, sjúkrahús eða staði þar sem sjúkum og særðum er safnað saman, að því tilskildu að þessir staðir hafi ekki hernaðarlegt gildi;

x) að láta menn, sem eru á valdi óvina sinna, sæta limlestingumeða læknisfræðilegum eða vísindalegum tilraunum af hvaða tagi sem er sem hvorki er unnt að réttlæta sem læknismeðferð eða meðferð hjá tannlækni eða á sjúkrahúsi né meðferð í þeirra þágu og leiða til dauða eða stofna heilsu þeirra í alvarlega hættu;

xi) að drepa eða særa menn sem tilheyra óvinaþjóð eða óvinaher með sviksamlegum hætti;

xii) að lýsa því yfir að engin grið verði gefin;

xiii) að eyðileggja eða leggja hald á eignir óvinanna nema slíkt sé algjörlega óhjákvæmilegt af hernaðarnauðsyn;

(iv) Intentionally launching an attack in the knowledge that such attack will cause incidental loss of life or injury to civilians or damage to civilian objects or widespread, long-term and severe damage to the natural environment which would be clearly excessive in relation to the concrete and direct overall military advantage anticipated;

(v) Attacking or bombarding, by whatever means, towns, villages, dwellings or buildings which are undefended and which are not military objectives;

(vi) Killing or wounding a combatant who, having laid down his arms or having no longer means of defence, has surrendered at discretion;

(vii) Making improper use of a flag of truce, of the flag or of the military insignia and uniform of the enemy or of the United Nations, as well as of the distinctive emblems of the Geneva Conventions, resulting in death or serious personal injury;

(viii) The transfer, directly or indirectly, by the Occupying Power of parts of its own civilian population into the territory it occupies, or the deportation or transfer of all or parts of the population of the occupied territory within or outside this territory;

(ix) Intentionally directing attacks against buildings dedicated to religion, education, art, science or charitable purposes, historic monuments, hospitals and places where the sick and wounded are collected, provided they are not military objectives;

(x) Subjecting persons who are in the power of an adverse party to physical mutilation or to medical or scientific experiments of any kind which are neither justified by the medical, dental or hospital treatment of the person concerned nor carried out in his or her interest, and which cause death to or seriously endanger the health of such person or persons;

(xi) Killing or wounding treacherously individuals belonging to the hostile nation or army;

(xii) Declaring that no quarter will be given;

(xiii) Destroying or seizing the enemy's property unless such destruction or seizure be imperatively demanded by the necessities of war;

xiv) að lýsa yfir að afnumin séu, felld úr gildi um tíma eða lýst ótæk fyrir dómi réttindi og gerðir borgara frá óvinaríkinu;

xv) að neyða borgara óvinaríkis til að taka þátt í stríðsaðgerðum gegn eigin landi jafnvel þótt þeir hafi verið í þjónustu hins stríðsaðilans áður en stríðið hófst;

xvi) að fara ránshendi um borg eða stað jafnvel þótt borgin eða staðurinn hafi verið tekinn með áhlaupi;

xvii) að nota eitur eða eiturvopn;

xviii) að nota kæfandi, eitraðar eða annars konar gastegundir og hvers konar sambærilega vökva, efni eða búnað;

xix) að nota byssukúlur sem auðveldlega þenjast eða fletjast út í mannslíkamanum, svo sem byssukúlur með harðan hjúp sem þekur ekki allan kjarnann eða er settur skorum;

xx) að nota, andstætt þjóðréttarreglum um vopnuð átök, vopn, skotfæri, efni og hernaðaraðferðir sem eru þess eðlis að valda óþarfa áverkum eða þjáningum eða eru í eðli sínu tilviljunarkennd, að því tilskildu að slík vopn, skotfæri, efni og hernaðaraðferðir falli undir allsherjarbann og séu talin upp í viðauka við þessa samþykkt, með breytingu í samræmi við viðeigandi ákvæði 121. og 123. gr.;

xxi) að misbjóða mannlegri reisn, einkum með auðmýkjandi og niðurlægjandi meðferð;

xxii) að nauðga, halda í kynlífsþrælkun, þvinga til vændis, þvinga til þungunar, eins og skilgreint er í f- lið 2. mgr. 7. gr., gera ófrjósemisaðgerð með nauðung eða fremja hvers konar annað kynlífsofbeldi sem telst einnig til alvarlegra brota á Genfarsamningunum;

xxiii) að notfæra sér nærveru óbreytts borgara, eða annars manns sem nýtur verndar, til að ekki sé unnt að beita hernaðaraðgerðum gagnvart tilteknum stöðum, svæðum eða herafla;

xxiv) að ráðast af ásetningi á byggingar, búnað, sjúkraliðseiningar, sjúkraflutningatæki og starfslið sem notar sérstök tákn Genfarsamninganna í samræmi við þjóðarétt;

(xiv) Declaring abolished, suspended or inadmissible in a court of law the rights and actions of the nationals of the hostile party;

(xv) Compelling the nationals of the hostile party to take part in the operations of war directed against their own country, even if they were in the belligerent's service before the commencement of the war;

(xvi) Pillaging a town or place, even when taken by assault;

(xvii) Employing poison or poisoned weapons;

(xviii) Employing asphyxiating, poisonous or other gases, and all analogous liquids, materials or devices;

(xix) Employing bullets which expand or flatten easily in the human body, such as bullets with a hard envelope which does not entirely cover the core or is pierced with incisions;

(xx) Employing weapons, projectiles and material and methods of warfare which are of a nature to cause superfluous injury or unnecessary suffering or which are inherently indiscriminate in violation of the international law of armed conflict, provided that such weapons, projectiles and material and methods of warfare are the subject of a comprehensive prohibition and are included in an annex to this Statute, by an amendment in accordance with the relevant provisions set forth in articles 121 and 123;

(xxi) Committing outrages upon personal dignity, in particular humiliating and degrading treatment;

(xxii) Committing rape, sexual slavery, enforced prostitution, forced pregnancy, as defined in article 7, paragraph 2 (f), enforced sterilization, or any other form of sexual violence also constituting a grave breach of the Geneva Conventions;

(xxiii) Utilizing the presence of a civilian or other protected person to render certain points, areas or military forces immune from military operations;

(xxiv) Intentionally directing attacks against buildings, material, medical units and transport, and personnel using the distinctive emblems of the Geneva Conventions in conformity with international law;

xxv) að nota vísvitandi þá hernaðaraðferð að svelta óbreytta borgara með því að svipta þá hlutum sem eru þeim ómissandi til að lifa af, þar með talið að koma af ásetningi í veg fyrir að þeim berist hjálpargögn, svo sem kveðið er á um í Genfarsamningunum;

xxvi) að kveðja eða skrá í ríkisher börn undir fimmtán ára aldri eða láta þau taka virkan þátt í átökum.

c) Alvarleg brot gegn 3. gr. sem er sameiginleg Genfarsamningunum fjórum frá 12. ágúst 1949, þegar um er að ræða vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða gegn mönnum sem taka ekki virkan þátt í átökum, að meðtöldum einstökum hermönnum sem hafa lagt niður vopn og þeim sem eru ekki vopnfærir vegna veikinda, sára, varðhalds eða af öðrum ástæðum:

i) ofbeldi gegn lífi og limum, einkum hvers kyns morð, limlestingar, misþyrmingar og pyndingar;

ii) að misbjóða mannlegri reisn, einkum með auðmýkjandi og niðurlægjandi meðferð;

iii) gíslataka;

iv) að dæma menn til refsingar og taka þá af lífi án þess að lögbær dómstóll, sem tryggir öll þau mannréttindi sem almennt eru viðurkennd ófrávíkjanleg, hafi áður kveðið upp dóm þar að lútandi.

d) Ákvæði c-liðar 2. mgr. gildir um vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis og á þannig ekki við um óróa og spennu innanlands, til dæmis uppþot, einangruð og tilfallandi ofbeldisverk eða aðra sambærilega verknaði.

e) Önnur alvarleg brot á lögum og venjum sem gilda um vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis, á viðurkenndum vettvangi þjóðaréttar, nánar tiltekið einhver eftirtalinna verknaða:

i) að leggja af ásetningi til atlögu gegn óbreyttum borgurum almennt eða gegn einstökum borgurum sem taka ekki beinan þátt í átökum;

ii) að ráðast af ásetningi á byggingar, búnað, sjúkraliðseiningar, sjúkraflutningatæki og starfslið sem notar sérstök tákn Genfarsamninganna í samræmi við þjóðarétt;

(xxv) Intentionally using starvation of civilians as a method of warfare by depriving them of objects indispensable to their survival, including wilfully impeding relief supplies as provided for under the Geneva Conventions;

(xxvi) Conscripting or enlisting children under the age of fifteen years into the national armed forces or using them to participate actively in hostilities.

(c) In the case of an armed conflict not of an international character, serious violations of article 3 common to the four Geneva Conventions of 12 August 1949, namely, any of the following acts committed against persons taking no active part in the hostilities, including members of armed forces who have laid down their arms and those placed hors de combat by sickness, wounds, detention or any other cause:

(i) Violence to life and person, in particular murder of all kinds, mutilation, cruel treatment and torture;

(ii) Committing outrages upon personal dignity, in particular humiliating and degrading treatment;

(iii) Taking of hostages;

(iv) The passing of sentences and the carrying out of executions without previous judgement pronounced by a regularly constituted court, affording all judicial guarantees which are generally recognized as indispensable.

(d) Paragraph 2 (c) applies to armed conflicts not of an international character and thus does not apply to situations of internal disturbances and tensions, such as riots, isolated and sporadic acts of violence or other acts of a similar nature.

(e) Other serious violations of the laws and customs applicable in armed conflicts not of an international character, within the established framework of international law, namely, any of the following acts:

(i) Intentionally directing attacks against the civilian population as such or against individual civilians not taking direct part in hostilities;

(ii) Intentionally directing attacks against buildings, material, medical units and transport, and personnel using the distinctive emblems of the Geneva Conventions in conformity with international law;

iii) að leggja af ásetningi til atlögu gegn starfsliði, stöðvum, búnaði, einingum eða ökutækjum sem notuð eru við mannúðaraðstoð eða friðargæslu í samræmi við sáttmála Sameinuðu þjóðanna, svo fremi að þeim beri vernd svo sem óbreyttum borgurum eða borgaralegum hlutum samkvæmt þjóðréttarreglum um vopnuð átök;

iv) að ráðast af ásetningi á byggingar sem eru helgaðar trú, menntun, listum, vísindum eða góðgerðastarfsemi, eða á sögulega minnisvarða, sjúkrahús eða staði þar sem sjúkum og særðum er safnað saman, að því tilskildu að þessir staðir hafi ekki hernaðarlegt gildi;

v) að fara ránshendi um borg eða stað jafnvel þótt borgin eða staðurinn hafi verið tekinn með áhlaupi;

vi) að nauðga, halda í kynlífsþrælkun, þvinga til vændis, þvinga til þungunar, eins og skilgreint er í f- lið 2. mgr. 7. gr., gera ófrjósemisaðgerð með nauðung eða fremja hvers konar annað kynlífsofbeldi sem telst einnig til alvarlegra brota gegn 3. gr. sem er sameiginleg Genfarsamningunum fjórum;

vii) að kveðja eða skrá í her eða herflokka börn undir fimmtán ára aldri eða láta þau taka virkan þátt í átökum;

viii) að fyrirskipa flutning á óbreyttum borgurum af ástæðum sem tengjast átökunum, nema því aðeins að öryggi hlutaðeigandi borgara eða brýnar hernaðarástæður krefjist þess;

ix) að drepa eða særa óvinahermann með sviksamlegum hætti;

x) að lýsa því yfir að engin grið verði gefin;

xi) að láta menn, sem eru á valdi annars aðila að átökunum, sæta limlestingum eða gera á þeim læknisfræðilegar eða vísindalegar tilraunir af hvaða tagi sem er, og sem hvorki er unnt að réttlæta sem læknismeðferð eða meðferð hjá tannlækni eða á sjúkrahúsi né meðferð í þeirra þágu og leiða til dauða eða stofna heilsu þeirra í alvarlega hættu;

xii) að eyðileggja eða leggja hald á eignir óvinar nema slíkt sé algjörlega óhjákvæmilegt vegna átakanna.

(iii) Intentionally directing attacks against personnel, installations, material, units or vehicles involved in a humanitarian assistance or peacekeeping mission in accordance with the Charter of the United Nations, as long as they are entitled to the protection given to civilians or civilian objects under the international law of armed conflict;

(iv) Intentionally directing attacks against buildings dedicated to religion, education, art, science or charitable purposes, historic monuments, hospitals and places where the sick and wounded are collected, provided they are not military objectives;

(v) Pillaging a town or place, even when taken by assault;

(vi) Committing rape, sexual slavery, enforced prostitution, forced pregnancy, as defined in article 7, paragraph 2 (f), enforced sterilization, and any other form of sexual violence also constituting a serious violation of article 3 common to the four Geneva Conventions;

(vii) Conscripting or enlisting children under the age of fifteen years into armed forces or groups or using them to participate actively in hostilities;

(viii) Ordering the displacement of the civilian population for reasons related to the conflict, unless the security of the civilians involved or imperative military reasons so demand;

(ix) Killing or wounding treacherously a combatant adversary;

(x) Declaring that no quarter will be given;

(xi) Subjecting persons who are in the power of another party to the conflict to physical mutilation or to medical or scientific experiments of any kind which are neither justified by the medical, dental or hospital treatment of the person concerned nor carried out in his or her interest, and which cause death to or seriously endanger the health of such person or persons;

(xii) Destroying or seizing the property of an adversary unless such destruction or seizure be imperatively demanded by the necessities of the conflict;

f) Ákvæði e-liðar 2. mgr. gildir um vopnuð átök sem ekki eru alþjóðlegs eðlis og á þannig ekki við um óróa og spennu innanlands, til dæmis uppþot, einangruð og tilfallandi ofbeldisverk eða aðra sambærilega verknaði. Það gildir um vopnuð átök á yfir ráðasvæði ríkis þegar langvinn vopnuð átök eiga sér stað milli stjórnvalda og skipulagðra vopnaðra hópa eða milli slíkra hópa.

3. Ekkert í c- og e-liðum 2. mgr. skal hafa áhrif á ábyrgð ríkisstjórnar á að halda uppi eða koma aftur á lögum og reglu í ríkinu eða að verja einingu og óskert forræði ríkisins með öllum löglegum ráðum.

9. gr.

Þáttagreining glæpa.

1. Dómstóllinn skal styðjast við þáttagreiningu glæpa við túlkun og beitingu 6., 7. og 8. gr. Skal hún samþykkt af tveimur þriðju hlutum fulltrúanna á þingi aðildarríkjanna.

2. Eftirtaldir aðilar geta lagt fram tillögur um breytingar á þáttagreiningu glæpa:
   a) aðildarríki;
   b) dómararnir með hreinum meiri hluta;
   c) saksóknarinn.

   Breytingar skulu samþykktar af tveimur þriðju hlutum fulltrúanna á þingi aðildarríkjanna.
3. Þáttagreining glæpa og breytingar á henni skulu vera í samræmi við þessa samþykkt.

10. gr.

Ekkert í þessum kafla skal túlkað þannig að það takmarki eða hafi með einhverjum hætti áhrif á reglur þjóðaréttar sem í gildi eru eða í mótun, að því er varðar önnur svið en þessa samþykkt.

11. gr.

Tímamörk lögsögunnar.

1. Dómstóllinn hefur einungis lögsögu að því er varðar glæpi sem eru framdir eftir að þessi samþykkt öðlast gildi.
2. Ef ríki gerist aðili að þessari samþykkt eftir að hún öðlast gildi getur dómstóllinn einungis beitt lögsögu sinni varðandi glæpi sem framdir eru eftir að samþykktin öðlast gildi að því er þetta ríki varðar, nema ríkið hafi gefið út yfirlýsingu skv. 3. mgr. 12. gr.

(f) Paragraph 2 (e) applies to armed conflicts not of an international character and thus does not apply to situations of internal disturbances and tensions, such as riots, isolated and sporadic acts of violence or other acts of a similar nature. It applies to armed conflicts that take place in the territory of a State when there is protracted armed conflict between governmental authorities and organized armed groups or between such groups.

3. Nothing in paragraph 2 (c) and (e) shall affect the responsibility of a Government to maintain or re-establish law and order in the State or to defend the unity and territorial integrity of the State, by all legitimate means.

Article 9

Elements of Crimes

1. Elements of Crimes shall assist the Court in the interpretation and application of articles 6, 7 and 8. They shall be adopted by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.
2. Amendments to the Elements of Crimes may be proposed by:
   (a) Any State Party;
   (b) The judges acting by an absolute majority;
   (c) The Prosecutor.

   Such amendments shall be adopted by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.
3. The Elements of Crimes and amendments there to shall be consistent with this Statute.

Article 10

Nothing in this Part shall be interpreted as limiting or prejudicing in any way existing or developing rules of international law for purposes other than this Statute.

Article 11

Jurisdiction ratione temporis

1. The Court has jurisdiction only with respect to crimes committed after the entry into force of this Statute.
2. If a State becomes a Party to this Statute after its entry into force, the Court may exercise its jurisdiction only with respect to crimes committed after the entry into force of this Statute for that State, unless that State has made a declaration under article 12, paragraph 3.

12. gr.
Forsendur þess að dómstóllinn beiti lögsögu sinni.

1. Ríki, sem gerist aðili að þessari samþykkt, viðurkennir þar með lögsögu dómstólsins að því er varðar þá glæpi sem tilgreindir eru í 5. gr.
2. Þegar um er að ræða a- eða c-lið 13. gr. getur dómstóllinn beitt lögsögu sinni ef eitt eða fleiri eftirfarandi ríkja eiga aðild að þessari samþykkt eða hafa viðurkennt lögsögu dómstólsins í samræmi við 3. mgr.:
   a) ríki sem ræður því yfirráðasvæði þar sem viðkomandi háttsemi átti sér stað eða, ef glæpurinn var framinn um borð í skipi eða loftfari, skráningarríki skipsins eða loftfarsins;
   b) ríki þar sem sá sem ákærður er fyrir glæpinn á ríkisfang.
3. Ef nauðsynlegt er skv. 2. mgr. að ríki, sem er ekki aðili að þessari samþykkt, viðurkenni lögsögu dómstólsins getur það ríki samþykkt með yfirlýsingu til dómritara að dómstóllinn beiti lögsögu sinni að því er varðar viðkomandi glæp. Ríkið, sem hefur viðurkennt lögsögu dómstólsins, skal án tafar og undantekningarlaust hafa samvinnu við dómstólinn í samræmi við 9. kafla.

Article 12
Preconditions to the exercise of jurisdiction

1. A State which becomes a Party to this Statute thereby accepts the jurisdiction of the Court with respect to the crimes referred to in article 5.
2. In the case of article 13, paragraph (a) or (c), the Court may exercise its jurisdiction if one or more of the following States are Parties to this Statute or have accepted the jurisdiction of the Court in accordance with paragraph 3:
   (a) The State on the territory of which the conduct in question occurred or, if the crime was committed on board a vessel or aircraft, the State of registration of that vessel or aircraft;
   (b) The State of which the person accused of the crime is a national.
3. If the acceptance of a State which is not a Party to this Statute is required under paragraph 2, that State may, by declaration lodged with the Registrar, accept the exercise of jurisdiction by the Court with respect to the crime in question. The accepting State shall cooperate with the Court without any delay or exception in accordance with Part 9.

13. gr.
Beiting lögsögu.

Dómstóllinn getur beitt lögsögu sinni, að því er varðar glæp sem um getur í 5. gr., í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar ef:

a) aðildarríki hefur, í samræmi við 14. gr., vísað til saksóknara aðstæðum þar sem einn eða fleiri slíkir glæpir virðast hafa verið framdir;
b) öryggisráðið hefur, skv. VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna, vísað til saksóknara aðstæðum þar sem einn eða fleiri slíkir glæpir virðast hafa verið framdir; eða
c) saksóknari hefur hafið rannsókn á slíkum glæp í samræmi við 15. gr.

Article 13
Exercise of jurisdiction

The Court may exercise its jurisdiction with respect to a crime referred to in article 5 in accordance with the provisions of this Statute if:

(a) A situation in which one or more of such crimes appears to have been committed is referred to the Prosecutor by a State Party in accordance with article 14;
(b) A situation in which one or more of such crimes appears to have been committed is referred to the Prosecutor by the Security Council acting under Chapter VII of the Charter of the United Nations; or
(c) The Prosecutor has initiated an investigation in respect of such a crime in accordance with article 15.

14. gr.
Aðildarríki vísar aðstæðum til saksóknara.

1. Aðildarríki getur vísað til saksóknara aðstæðum þar sem einn eða fleiri glæpir, sem falla undir lögsögu dómstólsins, virðast hafa verið framdir og óskað þess að hann rannsaki aðstæðurnar í þeim tilgangi að ákvarða hvort

Article 14
Referral of a situation by a State Party

1. A State Party may refer to the Prosecutor a situation in which one or more crimes within the jurisdiction of the Court appear to have been committed requesting the Prosecutor to investigate the situation for the purpose of

einn eða fleiri tilteknir menn skuli ákærðir fyrir glæpina.

2. Ríkið, sem vísar aðstæðum til saksóknara, skal, eftir því sem unnt er, greina í tilvísuninni frá aðstæðum sem máli skipta og leggja fram með henni öll tiltæk stuðningsgögn.

15. gr.
Saksóknari.

1. Saksóknari getur hafið rannsókn proprio motu á grundvelli upplýsinga um glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins.
2. Saksóknari skal kanna hversu alvarlegar þær upplýsingar eru sem honum hafa borist. Í því skyni getur hann leitað viðbótarupplýsinga hjá ríkjum, stofnunum Sameinuðu þjóðanna, milliríkjastofnunum, frjálsum félagasamtökum eða öðrum áreiðanlegum aðilum eins og hann telur við eiga og getur hann móttekið skriflega eða munnlega vitnisburði á aðsetri dómstólsins.
3. Ef saksóknari kemst að þeirri niðurstöðu að gild rök séu til þess að hefja rannsókn skal hann senda forréttarstofu beiðni um heimild til rannsóknar ásamt öllum stuðningsgögnum sem safnað hefur verið. Fórnarlömbum er heimilt að leggja fram athugasemdir í forréttarstofu í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.
4. Telji forréttarstofa, eftir að hafa athugað beiðnina og stuðningsskjöl með henni, að gild rök séu til þess að hefja rannsókn og að málið virðist falla undir lögsögu dómstólsins skal hún heimila að rannsókn verði hafin, með fyrirvara um síðari ákvarðanir dómstólsins um hvort mál falli undir lögsögu hans og sé tækt til meðferðar.
5. Hafni forréttarstofa beiðni um heimild til rannsóknar skal það ekki útiloka að saksóknari geti lagt fram beiðni síðar á grundvelli nýrra staðreynda eða sönnunargagna um sömu aðstæður.
6. Ef saksóknari kemst að þeirri niðurstöðu, að lokinni forrannsókninni sem um getur í 1. og 2. mgr., að upplýsingarnar, sem lagðar hafa verið fram, feli ekki í sér gild rök til rannsóknar skal hann tilkynna það þeim sem veittu upplýsingarnar. Skal það þó ekki útiloka að saksóknari taki til athugunar frekari

determining whether one or more specific persons should be charged with the commission of such crimes.
2. As far as possible, a referral shall specify the relevant circumstances and be accompanied by such supporting documentation as is available to the State referring the situation.

Article 15
Prosecutor

1. The Prosecutor may initiate investigations proprio motu on the basis of information on crimes within the jurisdiction of the Court.
2. The Prosecutor shall analyse the seriousness of the information received. For this purpose, he or she may seek additional information from States, organs of the United Nations, intergovernmental or non-governmental organizations, or other reliable sources that he or she deems appropriate, and may receive written or oral testimony at the seat of the Court.
3. If the Prosecutor concludes that there is a reasonable basis to proceed with an investigation, he or she shall submit to the Pre-Trial Chamber a request for authorization of an investigation, together with any supporting material collected. Victims may make representations to the Pre-Trial Chamber, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.
4. If the Pre-Trial Chamber, upon examination of the request and the supporting material, considers that there is a reasonable basis to proceed with an investigation, and that the case appears to fall within the jurisdiction of the Court, it shall authorize the commencement of the investigation, without prejudice to subsequent determinations by the Court with regard to the jurisdiction and admissibility of a case.
5. The refusal of the Pre-Trial Chamber to authorize the investigation shall not preclude the presentation of a subsequent request by the Prosecutor based on new facts or evidence regarding the same situation.
6. If, after the preliminary examination referred to in paragraphs 1 and 2, the Prosecutor concludes that the information provided does not constitute a reasonable basis for an investigation, he or she shall inform those who provided the information. This shall not preclude the Prosecutor from considering

upplýsingar, sem hann fær og varða sömu aðstæður, í ljósi nýrra staðreynda eða sönnunargagna.

16. gr.
Frestun rannsóknar eða saksóknar.

Ekki má hefja eða halda áfram rannsókn eða saksókn samkvæmt þessari samþykkt næstu 12 mánuði eftir að öryggisráðið hefur lagt fram beiðni í þá veru við dómstólinn í samræmi við ályktun sem samþykkt er skv. VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Ráðið getur endurnýjað beiðnina með sama hætti.

17. gr.
Frávísunarástæður.

1. Með hliðsjón af tíundu málsgrein inngangsorðanna og 1. gr. skal dómstóllinn ákveða að vísa máli frá þegar:
   a) ríki, sem hefur lögsögu í málinu, hefur hafið rannsókn eða saksókn í því, nema ríkið skorti vilja eða getu til að fylgja rannsókninni eða saksókninni eftir af fullri alvöru;
   b) ríki, sem hefur lögsögu í málinu, hefur rannsakað það og ákveðið að sækja ekki viðkomandi mann til saka, nema sú ákvörðun stafi af skorti ríkisins á vilja eða getu til að sækja viðkomandi mann til saka af fullri alvöru;
   c) viðkomandi maður hefur þegar verið dæmdur fyrir þá háttsemi sem er tilefni ákærunnar og dómstólnum er óheimilt að rétta í málinu skv. 3. mgr. 20. gr.;
   d) málið er ekki nógu alvarlegt til að réttlætanlegt sé að dómstóllinn hafist frekar að í því.
2. Til þess að ákvarða hvort um sé að ræða skort á vilja í tilteknu máli skal dómstóllinn meta, með hliðsjón af meginreglum um réttláta málsmeðferð sem viðurkenndar eru að þjóðarétti, hvort um sé að ræða eitt eða fleiri eftirtalinna atriða, eftir því sem við á:
   a) stofnað var eða stofnað er til réttarhaldanna eða ákvörðun hefur verið tekin innanlands um að firra viðkomandi mann refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dómstólsins og getið er í 5. gr.;
   b) óréttmætar tafir hafa orðið á réttarhöldunum sem, miðað við aðstæður, samrýmist ekki þeim ásetningi að leiða viðkomandi mann fyrir rétt;

further information submitted to him or her regarding the same situation in the light of new facts or evidence.

Article 16
Deferral of investigation or prosecution

No investigation or prosecution may be commenced or proceeded with under this Statute for a period of 12 months after the Security Council, in a resolution adopted under Chapter VII of the Charter of the United Nations, has requested the Court to that effect; that request may be renewed by the Council under the same conditions.

Article 17
Issues of admissibility

1. Having regard to paragraph 10 of the Preamble and article 1, the Court shall determine that a case is inadmissible where:
   (a) The case is being investigated or prosecuted by a State which has jurisdiction over it, unless the State is unwilling or unable genuinely to carry out the investigation or prosecution;
   (b) The case has been investigated by a State which has jurisdiction over it and the State has decided not to prosecute the person concerned, unless the decision resulted from the unwillingness or inability of the State genuinely to prosecute;
   (c) The person concerned has already been tried for conduct which is the subject of the complaint, and a trial by the Court is not permitted under article 20, paragraph 3;
   (d) The case is not of sufficient gravity to justify further action by the Court.
2. In order to determine unwillingness in a particular case, the Court shall consider, having regard to the principles of due process recognized by international law, whether one or more of the following exist, as applicable:
   (a) The proceedings were or are being undertaken or the national decision was made for the purpose of shielding the person concerned from criminal responsibility for crimes within the jurisdiction of the Court referred to in article 5;
   (b) There has been an unjustified delay in the proceedings which in the circumstances is inconsistent with an intent to bring the person concerned to justice;

c) réttarhöldin fóru eða fara ekki fram á óháðan eða hlutlausan hátt og fóru eða fara fram með þeim hætti sem, miðað við aðstæður, samrýmist ekki þeirri fyrirætlun að koma lögum yfir viðkomandi mann.

3. Til þess að ákvarða hvort um er að ræða skort á getu í tilteknu máli skal dómstóllinn meta hvort ríkið geti ekki, vegna þess að réttarkerfi þess er með öllu eða að verulegu leyti óstarfhæft, tekið ákærða höndum eða aflað nauðsynlegra sönnunargagna og vitnisburðar eða sé á annan hátt ófært um að rétta í málinu.

18. gr.

Forúrskurðir um hvort mál sé tækt til meðferðar.

1. Þegar aðstæðum hefur verið vísað til dómstólsins í samræmi við a-lið 13. gr. og saksóknari hefur ákvarðað að gild rök séu til þess að hefja rannsókn, eða þegar saksóknari hefur rannsókn skv. c-lið 13. gr. og 15. gr., skal hann tilkynna það öllum aðildarríkjunum og þeim ríkjum sem, samkvæmt þeim upplýsingum sem tiltækar eru, myndu að öllu jöfnu fara með lögsögu að því er varðar þá glæpi sem um ræðir. Saksóknari getur tilkynnt þessum ríkjum þetta í trúnaði og, ef hann telur nauðsynlegt að vernda menn, koma í veg fyrir að sönnunargögn séu eyðilögð eða að menn komist undan, getur hann takmarkað þær upplýsingar sem hann veitir ríkjum.
2. Áður en mánuður er liðinn frá því að ríki móttekur tilkynninguna getur það upplýst dómstólinn um að það sé að rannsaka eða hafi rannsakað eigin ríkisborgara eða aðra sem heyra undir lögsögu þess í tengslum við refsiverða verknaði sem kunna að vera glæpir, sem getið er um í 5. gr., og tengjast upplýsingunum sem koma fram í tilkynningunni til ríkjanna. Að beiðni viðkomandi ríkis eftirlætur saksóknari því ríki að rannsaka þessa menn, nema forréttarstofa ákveði, að beiðni saksóknara, að heimila rannsóknina.
3. Saksóknari getur endurskoðað ákvörðun sína um að eftirláta ríki rannsókn sex mánuðum eftir að hann tók ákvörðunina eða hvenær sem er hafi aðstæður breyst verulega sökum skorts á vilja eða getu til að fylgja rannsókninni eftir af fullri alvöru.
4. Viðkomandi ríki eða saksóknari getur áfrýjað

(c) The proceedings were not or are not being conducted independently or impartially, and they were or are being conducted in a manner which, in the circumstances, is inconsistent with an intent to bring the person concerned to justice.

3. In order to determine inability in a particular case, the Court shall consider whether, due to a total or substantial collapse or unavailability of its national judicial system, the State is unable to obtain the accused or the necessary evidence and testimony or otherwise unable to carry out its proceedings.

Article 18

Preliminary rulings regarding admissibility

1. When a situation has been referred to the Court pursuant to article 13 (a) and the Prosecutor has determined that there would be a reasonable basis to commence an investigation, or the Prosecutor initiates an investigation pursuant to articles 13 (c) and 15, the Prosecutor shall notify all States Parties and those States which, taking into account the information available, would normally exercise jurisdiction over the crimes concerned. The Prosecutor may notify such States on a confidential basis and, where the Prosecutor believes it necessary to protect persons, prevent destruction of evidence or prevent the absconding of persons, may limit the scope of the information provided to States.
2. Within one month of receipt of that notification, a State may inform the Court that it is investigating or has investigated its nationals or others within its jurisdiction with respect to criminal acts which may constitute crimes referred to in article 5 and which relate to the information provided in the notification to States. At the request of that State, the Prosecutor shall defer to the State's investigation of those persons unless the Pre-Trial Chamber, on the application of the Prosecutor, decides to authorize the investigation.
3. The Prosecutor's deferral to a State's investigation shall be open to review by the Prosecutor six months after the date of deferral or at any time when there has been a significant change of circumstances based on the State's unwillingness or inability genuinely to carry out the investigation.
4. The State concerned or the Prosecutor may

úrskurði forréttarstofu til áfrýjunarstofu í samræmi við 82. gr. Áfrýjunin getur fengið flýtimeðferð.

5. Þegar saksóknari hefur eftirlátið ríki rannsóknir í samræmi við 2. mgr. getur hann óskað þess að fá upplýsingar frá viðkomandi ríki með reglubundnu millibili um framvindu rannsóknarinnar og, eftir atvikum, eftirfarandi saksókn. Aðildarríki skulu svara slíkum beiðnum án ótilhlýðilegra tafa.

6. Á meðan beðið er úrskurðar forréttarstofu, eða hvenær sem er þegar saksóknari hefur eftirlátið ríki rannsókn samkvæmt þessari grein, getur saksóknari, í undantekningartilvikum, leitað heimildar forréttarstofu til þess að gera nauðsynlegar ráðstafanir vegna rannsóknarinnar í því skyni að tryggja sönnunargögn ef einstakt færi gefst til að afla mikilvægra sönnunargagna eða ef veruleg hætta er á að slík sönnunargögn verði ekki fáanleg síðar.
7. Ríki, sem hefur mótmælt úrskurði forréttarstofu samkvæmt þessari grein, getur mótmælt því að mál sé tækt til meðferðar skv. 19. gr. á grundvelli annarra upplýsinga, sem hafa verulega þýðingu, eða umtalsvert breyttra aðstæðna.

19. gr.

Mótmæli gegn því að dómstóllinn hafi lögsögu eða að mál sé tækt til meðferðar.

1. Dómstóllinn skal ganga úr skugga um að hann hafi lögsögu í hverju því máli sem er vísað til hans. Dómstóllinn getur ákvarðað að eigin frumkvæði hvort mál sé tækt til meðferðar í samræmi við 17. gr.
2. Eftirfarandi geta borið fram mótmæli gegn því að mál sé tækt til meðferðar eða að dómstóllinn hafi lögsögu af ástæðum sem um getur í 17. gr:
   a) maður sem er ákærður eða maður sem hefur verið gefin út handtökuskipun á eða hefur fengið kvaðningu skv. 58. gr.;
   b) ríki, sem hefur lögsögu í tilteknu máli, á þeim forsendum að það hafi þegar hafið rannsókn eða saksókn í málinu eða lokið henni;
   c) ríki sem krafist er að viðurkenni lögsöguna skv. 12. gr.
3. Saksóknari getur leitað eftir úrskurði dómstólsins að því er lýtur að lögsögu eða hvort mál sé tækt til meðferðar. Í málum, er lúta að

appeal to the Appeals Chamber against a ruling of the Pre-Trial Chamber, in accordance with article 82. The appeal may be heard on an expedited basis.

5. When the Prosecutor has deferred an investigation in accordance with paragraph 2, the Prosecutor may request that the State concerned periodically inform the Prosecutor of the progress of its investigations and any subsequent prosecutions. States Parties shall respond to such requests without undue delay.
6. Pending a ruling by the Pre-Trial Chamber, or at any time when the Prosecutor has deferred an investigation under this article, the Prosecutor may, on an exceptional basis, seek authority from the Pre-Trial Chamber to pursue necessary investigative steps for the purpose of preserving evidence where there is a unique opportunity to obtain important evidence or there is a significant risk that such evidence may not be subsequently available.

7. A State which has challenged a ruling of the Pre-Trial Chamber under this article may challenge the admissibility of a case under article 19 on the grounds of additional significant facts or significant change of circumstances.

Article 19

Challenges to the jurisdiction of the Court or the admissibility of a case

1. The Court shall satisfy itself that it has jurisdiction in any case brought before it. The Court may, on its own motion, determine the admissibility of a case in accordance with article 17.
2. Challenges to the admissibility of a case on the grounds referred to in article 17 or challenges to the jurisdiction of the Court may be made by:
   (a) An accused or a person for whom a warrant of arrest or a summons to appear has been issued under article 58;
   (b) A State which has jurisdiction over a case, on the ground that it is investigating or prosecuting the case or has investigated or prosecuted; or
   (c) A State from which acceptance of jurisdiction is required under article 12.
3. The Prosecutor may seek a ruling from the Court regarding a question of jurisdiction or admissibility. In proceedings with respect to

lögsögu eða hvort mál sé tækt til meðferðar, geta þeir sem hafa vísað aðstæðunum til saksóknara skv. 13. gr., svo og fórnarlömbin, komið athugasemdum á framfæri við dómstólinn.

4. Einstaklingur eða ríki, sem um getur í 2. mgr., getur einungis mótmælt því einu sinni að mál sé tækt til meðferðar eða að dómstóllinn hafi lögsögu. Mótmæli skulu borin fram áður en réttarhöldin hefjast eða við upphaf þeirra. Í undantekningartilvikum getur dómstóllinn leyft að mótmæli séu borin fram oftar en einu sinni eða eftir að réttarhöldin hefjast. Mótmæli gegn því að mál sé tækt til meðferðar, hvort sem þau eru borin fram við upphaf réttarhalda eða síðar með leyfi dómstólsins, er einungis unnt að byggja á c-lið 1. mgr. 17. gr.
5. Ríki, sem um getur í b- og c-liðum 2. mgr., skal bera fram mótmæli við fyrsta tækifæri.

6. Áður en ákæruatriði eru staðfest skal vísa mótmælum gegn því að mál sé tækt til meðferðar eða að dómstóllinn hafi lögsögu til forréttarstofu. Þegar ákæruatriði hafa verið staðfest skal þeim vísað til réttarstofu. Ákvörðunum, er varða lögsögu eða hvort mál sé tækt til meðferðar, má áfrýja til áfrýjunarstofu í samræmi við 82. gr.

7. Ef ríki, sem um getur í b- eða c-lið 2. mgr., ber fram mótmæli skal saksóknari fresta rannsókn þar til dómstóllinn tekur ákvörðun í samræmi við 17. gr.

8. Á meðan beðið er úrskurðar dómstólsins getur saksóknari leitað heimilda hjá dómstólnum til þess að:
   a) gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna rannsóknarinnar og um getur í 6. mgr. 18. gr.;
   b) taka við framburði eða skýrslugjöf vitnis eða ljúka söfnun og athugun sönnunargagna sem hafin var áður en mótmælin voru borin fram; og
   c) koma í veg fyrir undankomu manna, sem saksóknari hefur þegar krafist handtökuskipunar á vegna skv. 58. gr., í samvinnu við viðkomandi ríki.

9. Mótmæli skulu ekki hafa áhrif á gildi aðgerða sem saksóknari hefur gripið til, eða skipana né annarra fyrirmæla sem dómstóllinn hefur gefið út, áður en mótmælin voru borin fram.

jurisdiction or admissibility, those who have referred the situation under article 13, as well as victims, may also submit observations to the Court.

4. The admissibility of a case or the jurisdiction of the Court may be challenged only once by any person or State referred to in paragraph 2. The challenge shall take place prior to or at the commencement of the trial. In exceptional circumstances, the Court may grant leave for a challenge to be brought more than once or at a time later than the commencement of the trial. Challenges to the admissibility of a case, at the commencement of a trial, or subsequently with the leave of the Court, may be based only on article 17, paragraph 1 (c).
5. A State referred to in paragraph 2 (b) and (c) shall make a challenge at the earliest opportunity.
6. Prior to the confirmation of the charges, challenges to the admissibility of a case or challenges to the jurisdiction of the Court shall be referred to the Pre-Trial Chamber. After confirmation of the charges, they shall be referred to the Trial Chamber. Decisions with respect to jurisdiction or admissibility may be appealed to the Appeals Chamber in accordance with article 82.
7. If a challenge is made by a State referred to in paragraph 2 (b) or (c), the Prosecutor shall suspend the investigation until such time as the Court makes a determination in accordance with article 17.
8. Pending a ruling by the Court, the Prosecutor may seek authority from the Court:
   (a) To pursue necessary investigative steps of the kind referred to in article 18, paragraph 6;
   (b) To take a statement or testimony from a witness or complete the collection and examination of evidence which had begun prior to the making of the challenge; and
   (c) In cooperation with the relevant States, to prevent the absconding of persons in respect of whom the Prosecutor has already requested a warrant of arrest under article 58.
9. The making of a challenge shall not affect the validity of any act performed by the Prosecutor or any order or warrant issued by the Court prior to the making of the challenge.

10. Hafi dómstóllinn ákvarðað að máli skuli vísað frá skv. 17. gr. getur saksóknari lagt fram beiðni um endurskoðun þeirrar ákvörðunar þegar hann hefur gengið úr skugga um að komið hafi fram nýjar staðreyndir sem ónýta þann grundvöll sem frávísun málsins skv. 17. gr. var áður byggð á.
11. Ef saksóknari eftirlætur ríki rannsókn, með hliðsjón af því sem segir í 17. gr., getur hann farið fram á að viðkomandi ríki veiti honum upplýsingar um meðferð málsins. Þær upplýsingar skulu, að ósk viðkomandi ríkis, vera trúnaðarmál. Ef saksóknari ákveður síðan að hefja rannsókn skal hann tilkynna það ríkinu sem hann eftirlét rannsóknina.

10. If the Court has decided that a case is inadmissible under article 17, the Prosecutor may submit a request for a review of the decision when he or she is fully satisfied that new facts have arisen which negate the basis on which the case had previously been found inadmissible under article 17.
11. If the Prosecutor, having regard to the matters referred to in article 17, defers an investigation, the Prosecutor may request that the relevant State make available to the Prosecutor information on the proceedings. That information shall, at the request of the State concerned, be confidential. If the Prosecutor thereafter decides to proceed with an investigation, he or she shall notify the State to which deferral of the proceedings has taken place.

20. gr.
Ne bis in idem.

1. Ekki skal réttað yfir manni fyrir dómstólnum vegna háttsemi sem lá til grundvallar glæpum sem dómstóllinn hefur áður sakfellt hann fyrir eða sýknað af, nema kveðið sé á um annað í þessari samþykkt.
2. Ekki skal réttað yfir manni fyrir öðrum dómstóli vegna glæps sem tilgreindur er í 5. gr. og dómstóllinn hefur áður sakfellt hann fyrir eða sýknað af.
3. Ef réttað hefur verið yfir manni fyrir öðrum dómstóli vegna háttsemi sem einnig er bönnuð skv. 6., 7. eða 8. gr. skal ekki réttað yfir honum fyrir dómstólnum vegna sömu háttsemi, nema réttarhöldin fyrir hinum dómstólnum:
   a) hafi farið fram í því skyni að firra viðkomandi mann refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dómstólsins; eða
   b) réttarhöldin hafi að öðru leyti ekki farið fram með óháðum eða óhlutdrægum hætti í samræmi við meginreglur um vandaða málsmeðferð sem viðurkenndar eru að þjóðarétti og hafi, miðað við aðstæður, farið fram með þeim hætti að ekki samrýmdist þeirri fyrirætlun að koma lögum yfir viðkomandi mann.

Article 20
Ne bis in idem

1. Except as provided in this Statute, no person shall be tried before the Court with respect to conduct which formed the basis of crimes for which the person has been convicted or acquitted by the Court.
2. No person shall be tried by another court for a crime referred to in article 5 for which that person has already been convicted or acquitted by the Court.
3. No person who has been tried by another court for conduct also proscribed under article 6, 7 or 8 shall be tried by the Court with respect to the same conduct unless the proceedings in the other court:
   (a) Were for the purpose of shielding the person concerned from criminal responsibility for crimes within the jurisdiction of the Court; or
   (b) Otherwise were not conducted independently or impartially in accordance with the norms of due process recognized by international law and were conducted in a manner which, in the circumstances, was inconsistent with an intent to bring the person concerned to justice.

21. gr.
Réttarheimildir.

1. Dómstóllinn skal beita:
   a) í fyrsta lagi, þessari samþykkt, þáttagreiningu glæpa og reglum sínum um málsmeðferð og sönnun;

Article 21
Applicable law

1. The Court shall apply:
   (a) In the first place, this Statute, Elements of Crimes and its Rules of Procedure and Evidence;

b) í öðru lagi, gildandi alþjóðasamningum og öðrum alþjóðareglum og grundvallarreglum þjóðaréttar, eftir því sem við á, að meðtöldum viðurkenndum grundvallarreglum þjóðaréttar um vopnuð átök;
c) þegar annað þrýtur, almennum grundvallarreglum laga sem dómstóllinn leiðir af landsrétti hinna ýmsu réttarkerfa heims, þar með talinn, þar sem við á, landsréttur ríkja sem að öðru jöfnu hefðu lögsögu yfir viðkomandi glæp, að því tilskildu að þessar grundvallarreglur séu ekki ósamrýmanlegar þessari samþykkt, þjóðarétti og alþjóðlega viðurkenndum reglum og viðmiðum.

2. Dómstóllinn getur beitt grundvallarreglum laga og réttarreglum eins og hann hefur túlkað þær í fyrri dómum sínum.
3. Beiting og túlkun réttarreglna samkvæmt þessari grein verður að samrýmast alþjóðlega viðurkenndum mannréttindareglum og vera án allrar mismununar, til dæmis á grundvelli kynferðis, eins og það er skilgreint í 3. mgr. 7. gr., aldurs, kynþáttar, litarháttar, tungumáls, trúarbragða eða trúar, stjórnmálaskoðana eða annarra skoðana, ríkisfangs, þjóðernis eða félagslegs uppruna, ríkidæmis, ætternis eða annars konar stöðu.

(b) In the second place, where appropriate, applicable treaties and the principles and rules of international law, including the established principles of the international law of armed conflict;
(c) Failing that, general principles of law derived by the Court from national laws of legal systems of the world including, as appropriate, the national laws of States that would normally exercise jurisdiction over the crime, provided that those principles are not inconsistent with this Statute and with international law and internationally recognized norms and standards.

2. The Court may apply principles and rules of law as interpreted in its previous decisions.
3. The application and interpretation of law pursuant to this article must be consistent with internationally recognized human rights, and be without any adverse distinction founded on grounds such as gender as defined in article 7, paragraph 3, age, race, colour, language, religion or belief, political or other opinion, national, ethnic or social origin, wealth, birth or other status.

3. kafli: Grundvallarreglur refsiréttar.

22. gr.

Nullum crimen sine lege.

1. Maður skal ekki bera refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt nema háttsemin sem um ræðir teljist, þegar hún á sér stað, vera glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins.
2. Verknaðarlýsingu glæps skal túlka þröngt og henni verður ekki beitt með lögjöfnun. Í vafatilvikum skal túlka verknaðarlýsinguna þeim í hag sem sætir rannsókn, saksókn eða sakfellingu.
3. Þessi grein kemur ekki í veg fyrir að tiltekin háttsemi sé lýst refsiverð að þjóðarétti, óháð þessari samþykkt.

23. gr.

Nulla poena sine lege.

Maður, sem dómstóllinn hefur sakfellt, getur einungis hlotið refsingu í samræmi við þessa samþykkt.

PART 3. GENERAL PRINCIPLES OF CRIMINAL LAW

Article 22

Nullum crimen sine lege

1. A person shall not be criminally responsible under this Statute unless the conduct in question constitutes, at the time it takes place, a crime within the jurisdiction of the Court.
2. The definition of a crime shall be strictly construed and shall not be extended by analogy. In case of ambiguity, the definition shall be interpreted in favour of the person being investigated, prosecuted or convicted.
3. This article shall not affect the characterization of any conduct as criminal under international law independently of this Statute.

Article 23

Nulla poena sine lege

A person convicted by the Court may be punished only in accordance with this Statute.

24. gr.

Bann við afturvirkni.

1. Enginn skal bera refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt á háttsemi sem átti sér stað áður en samþykktin öðlaðist gildi.
2. Ef réttarreglum, sem við eiga um tiltekið mál, er breytt áður en endanlegur dómur er genginn gilda þær reglur sem eru þeim í hag sem sætir rannsókn, saksókn eða sakfellingu.

25. gr.

Refsiábyrgð einstaklinga.

1. Dómstóllinn skal hafa lögsögu yfir einstakling um samkvæmt þessari samþykkt.
2. Maður, sem fremur glæp er fellur undir lögsögu dómstólsins, ber persónulega ábyrgð á honum og sætir refsingu í samræmi við þessa samþykkt.
3. Í samræmi við þessa samþykkt ber maður refsiábyrgð og sætir refsingu fyrir glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins ef hann:

   a) fremur slíkan glæp, hvort sem hann gerir það einn, með öðrum eða fyrir milligöngu annars, án tillits til þess hvort hinn maðurinn ber refsiábyrgð eða ekki;
   b) fyrirskipar, mælist til eða hvetur til þess að slíkur glæpur sé framinn og hann er síðan í raun framinn eða gerð er tilraun til að fremja hann;
   c) í þeim tilgangi að auðvelda framningu slíks glæps, hjálpar til við að fremja hann, ýtir undir hann eða á að öðru leyti þátt í að fremja hann eða gera tilraun til þess, þar með talið að útvega það sem þarf til verknaðarins;
   d) á einhvern annan hátt stuðlar að því að slíkur glæpur sé framinn, eða að gerð sé tilraun til að fremja hann, af hópi manna sem vinnur að sameiginlegu markmiði. Slíkur atbeini skal hafa verið af ásetningi og annaðhvort:
      i) hafa miðað að því að efla glæpastarfsemi eða glæpsamleg markmið hópsins ef slík starfsemi eða markmið fela í sér framningu glæps sem fellur undir lögsögu dómstólsins; eða
      ii) hafa verið framinn vitandi um fyrirætlun hópsins um að fremja glæpinn;

   e) þegar um hópmorð er að ræða, hefur eggjað aðra beint og opinberlega til þess að fremja hópmorð;

Article 24

Non-retroactivity ratione personae

1. No person shall be criminally responsible under this Statute for conduct prior to the entry into force of the Statute.
2. In the event of a change in the law applicable to a given case prior to a final judgement, the law more favourable to the person being investigated, prosecuted or convicted shall apply.

Article 25

Individual criminal responsibility

1. The Court shall have jurisdiction over natural persons pursuant to this Statute.
2. A person who commits a crime within the jurisdiction of the Court shall be individually responsible and liable for punishment in accordance with this Statute.
3. In accordance with this Statute, a person shall be criminally responsible and liable for punishment for a crime within the jurisdiction of the Court if that person:
   (a) Commits such a crime, whether as an individual, jointly with another or through another person, regardless of whether that other person is criminally responsible;
   (b) Orders, solicits or induces the commission of such a crime which in fact occurs or is attempted;

   (c) For the purpose of facilitating the commission of such a crime, aids, abets or otherwise assists in its commission or its attempted commission, including providing the means for its commission;

   (d) In any other way contributes to the commission or attempted commission of such a crime by a group of persons acting with a common purpose. Such contribution shall be intentional and shall either:

      (i) Be made with the aim of furthering the criminal activity or criminal purpose of the group, where such activity or purpose involves the commission of a crime within the jurisdiction of the Court; or
      (ii) Be made in the knowledge of the intention of the group to commit the crime;
   (e) In respect of the crime of genocide, directly and publicly incites others to commit genocide;

f) gerir tilraun til að fremja slíkan glæp með því að vinna verk, sem markar upphaf framkvæmdarinnar með mikilvægu skrefi, en ekki verður af glæpnum sökum atvika sem eru óháð fyrirætlunum hans. Hins vegar skal sá sem hverfur frá tilraun til að fremja glæp, eða kemur á annan hátt í veg fyrir fullframningu hans, ekki látinn sæta refsingu samkvæmt þessari samþykkt fyrir tilraun til að fremja glæpinn, enda hafi hann með öllu og af sjálfsdáðum horfið frá refsiverðum fyrirætlunum sínum.

4. Ekkert ákvæði í þessari samþykkt varðandi refsiábyrgð einstaklinga skal hafa áhrif á ábyrgð ríkja að þjóðarétti.

(f) Attempts to commit such a crime by taking action that commences its execution by means of a substantial step, but the crime does not occur because of circumstances independent of the person's intentions. However, a person who abandons the effort to commit the crime or otherwise prevents the completion of the crime shall not be liable for punishment under this Statute for the attempt to commit that crime if that person completely and voluntarily gave up the criminal purpose.

4. No provision in this Statute relating to individual criminal responsibility shall affect the responsibility of States under international law.

26. gr.

Dómstóllinn hefur ekki lögsögu yfir einstaklingum undir átján ára aldri.

Dómstóllinn hefur ekki lögsögu yfir neinum einstaklingi sem var undir 18 ára aldri þegar ætlaður glæpur var framinn.

Article 26

Exclusion of jurisdiction over persons under eighteen

The Court shall have no jurisdiction over any person who was under the age of 18 at the time of the alleged commission of a crime.

27. gr.

Menn í opinberum stöðum njóta ekki friðhelgi.

1. Þessi samþykkt gildir jafnt um alla án tillits til opinberrar stöðu. Einkum skal maður í opinberri stöðu, sem er þjóðhöfðingi eða leiðtogi ríkisstjórnar, situr í ríkisstjórn eða á þjóðþingi, er kjörinn fulltrúi eða embættismaður, undir engum kringumstæðum njóta undanþágu frá refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt né heldur skal staða hans sem slík vera ástæða til refsimildunar.

2. Reglur um friðhelgi eða sérstaka málsmeðferð, sem kunna að vera bundnar opinberri stöðu manns samkvæmt landslögum eða þjóðarétti, skulu ekki koma í veg fyrir að dómstóllinn beiti lögsögu sinni gagnvart viðkomandi manni.

Article 27

Irrelevance of official capacity

1. This Statute shall apply equally to all persons without any distinction based on official capacity. In particular, official capacity as a Head of State or Government, a member of a Government or parliament, an elected representative or a government official shall in no case exempt a person from criminal responsibility under this Statute, nor shall it, in and of itself, constitute a ground for reduction of sentence.
2. Immunities or special procedural rules which may attach to the official capacity of a person, whether under national or international law, shall not bar the Court from exercising its jurisdiction over such a person.

28. gr.

Ábyrgð herforingja og annarra yfirmanna.

Auk annarra ástæðna refsiábyrgðar samkvæmt þessari samþykkt vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins:

a) skal herforingi eða maður, sem gegnir í raun stöðu herforingja, bera refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dóm-

Article 28

Responsibility of commanders and other superiors

In addition to other grounds of criminal responsibility under this Statute for crimes within the jurisdiction of the Court:

(a) A military commander or person effectively acting as a military commander shall be criminally responsible for crimes

stólsins og framdir eru af herliði sem er undir raunverulegri stjórn hans og eftirliti eða raunverulegu forræði hans og eftirliti, eftir því sem við á, þegar þeir eru afleiðing þeirrar vanrækslu hans að hafa ekki stjórn á herliðinu sem skyldi, ef:

i) herforinginn eða maðurinn annaðhvort vissi eða hefði mátt vita, miðað við aðstæður á þeim tíma, að herlið hans væri að fremja eða í þann mund að fremja slíka glæpi; og

ii) herforinginn eða maðurinn gerði ekki allar nauðsynlegar og réttmætar ráðstafanir sem í hans valdi voru til þess að koma í veg fyrir að glæpirnir væru framdir, til að bregðast við þeim eða leggja málið fyrir lögbær yfirvöld til rannsóknar og saksóknar.

b) Að því er varðar tengsl yfirmanns og undirmanns, sem ekki er lýst í a-lið, skal yfirmaður bera refsiábyrgð á glæpum sem falla undir lögsögu dómstólsins og framdir eru af undirmönnum sem í raun eru undir forræði hans og eftirliti og eru afleiðing þeirrar vanrækslu hans að hafa ekki stjórn á undirmönnunum sem skyldi, ef:

i) yfirmaðurinn annaðhvort vissi eða hafði vísvitandi að engu upplýsingar sem bentu greinilega til þess að undirmenn hans væru að fremja eða í þann mund að fremja slíka glæpi;

ii) glæpirnir tengdust starfsemi sem í raun var á ábyrgð og undir stjórn yfirmannsins; og

iii) yfirmaðurinn gerði ekki allar nauðsynlegar og réttmætar ráðstafanir sem í hans valdi voru til þess að koma í veg fyrir að glæpirnir væru framdir, til að bregðast við þeim eða leggja málið fyrir lögbær yfirvöld til rannsóknar og saksóknar.

within the jurisdiction of the Court committed by forces under his or her effective command and control, or effective authority and control as the case may be, as a result of his or her failure to exercise control properly over such forces, where:

(i) That military commander or person either knew or, owing to the circumstances at the time, should have known that the forces were committing or about to commit such crimes; and

(ii) That military commander or person failed to take all necessary and reasonable measures within his or her power to prevent or repress their commission or to submit the matter to the competent authorities for investigation and prosecution.

(b) With respect to superior and subordinate relationships not described in paragraph (a), a superior shall be criminally responsible for crimes within the jurisdiction of the Court committed by subordinates under his or her effective authority and control, as a result of his or her failure to exercise control properly over such subordinates, where:

(i) The superior either knew, or consciously disregarded information which clearly indicated, that the subordinates were committing or about to commit such crimes;

(ii) The crimes concerned activities that were within the effective responsibility and control of the superior; and

(iii) The superior failed to take all necessary and reasonable measures within his or her power to prevent or repress their commission or to submit the matter to the competent authorities for investigation and prosecution.

29. gr.

Fyrningarreglur gilda ekki.

Glæpir sem falla undir lögsögu dómstólsins skulu ekki fyrnast.

Article 29

Non-applicability of statute of limitations

The crimes within the jurisdiction of the Court shall not be subject to any statute of limitations.

30. gr.

Huglæg skilyrði.

1. Sé ekki kveðið á um annað skal maður því aðeins bera refsiábyrgð og sæta refsingu fyrir glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins að efnisþættir glæpsins hafi verið framdir viljandi og vitandi vits.

Article 30

Mental element

1. Unless otherwise provided, a person shall be criminally responsible and liable for punishment for a crime within the jurisdiction of the Court only if the material elements are committed with intent and knowledge.

2. Í þessari grein telst maður hafa vilja til verks þegar:
   a) að því er verknað varðar, viðkomandi ætlar sér að fremja hann;
   b) að því er afleiðingar varðar, viðkomandi ætlar sér að valda þessum afleiðingum eða gerir sér grein fyrir að þær muni hljótast af verkinu miðað við venjulega framvindu atvika.
3. Í þessari grein merkir „vitandi vits“ að viðkomandi geri sér grein fyrir því að tilteknar aðstæður eru fyrir hendi eða að tiltekin afleiðing muni hljótast af verkinu miðað við venjulega framvindu atvika. „Vita“ og „vitandi“ skulu túlkuð í samræmi við það.

31. gr.
Refsileysisástæður.

1. Auk annarra refsileysisástæðna, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, skal maður ekki bera refsiábyrgð, ef á þeim tíma sem verknaðurinn var framinn:

   a) viðkomandi var haldinn geðsjúkdómi eða andlegum vanþroska sem eyðilagði getu hans til að skilja ólögmæti eða eðli háttsemi sinnar eða til að hafa stjórn á gerðum sínum í samræmi við kröfur laga;

   b) viðkomandi var í vímu sem eyðilagði getu hans til að skilja ólögmæti eða eðli háttsemi sinnar eða hafa stjórn á gerðum sínum í samræmi við kröfur laga, nema hann hafi sjálfviljugur komið sér í vímu við aðstæður þar sem hann vissi eða virti að vettugi þá áhættu að vegna vímunnar væri hann líklegur til að sýna af sér háttsemi sem telst glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins;

   c) viðkomandi brást við með réttmætum hætti til þess að verja sjálfan sig eða aðra eða, þegar um stríðsglæpi er að ræða, til þess að verja eigur, sem voru honum sjálfum eða öðrum bráðnauðsynlegar til þess að lifa af, eða eigur sem voru bráðnauðsynlegar til þess að ljúka hernaðarlegu verkefni, gegn yfirvofandi og ólögmætri valdbeitingu þannig að í réttu hlutfalli var við hættuna sem vofði yfir honum sjálfum eða öðrum eða eigum sem verið var að verja. Sú staðreynd að viðkomandi tók þátt í varnaraðgerðum her-

2. For the purposes of this article, a person has intent where:
   (a) In relation to conduct, that person means to engage in the conduct;
   (b) In relation to a consequence, that person means to cause that consequence or is aware that it will occur in the ordinary course of events.

3. For the purposes of this article, "knowledge" means awareness that a circumstance exists or a consequence will occur in the ordinary course of events. "Know" and "knowingly" shall be construed accordingly.

Article 31
Grounds for excluding criminal responsibility

1. In addition to other grounds for excluding criminal responsibility provided for in this Statute, a person shall not be criminally responsible if, at the time of that person's conduct:
   (a) The person suffers from a mental disease or defect that destroys that person's capacity to appreciate the unlawfulness or nature of his or her conduct, or capacity to control his or her conduct to conform to the requirements of law;
   (b) The person is in a state of intoxication that destroys that person's capacity to appreciate the unlawfulness or nature of his or her conduct, or capacity to control his or her conduct to conform to the requirements of law, unless the person has become voluntarily intoxicated under such circumstances that the person knew, or disregarded the risk, that, as a result of the intoxication, he or she was likely to engage in conduct constituting a crime within the jurisdiction of the Court;
   (c) The person acts reasonably to defend himself or herself or another person or, in the case of war crimes, property which is essential for the survival of the person or another person or property which is essential for accomplishing a military mission, against an imminent and unlawful use of force in a manner proportionate to the degree of danger to the person or the other person or property protected. The fact that the person was involved in a defensive operation conducted by forces shall not in itself

liðs er ekki í sjálfu sér refsileysisástæða samkvæmt þessum lið;

d) háttsemin, sem haldið er fram að sé glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins, stafaði af nauðung vegna yfirvofandi hættu á bráðum bana eða viðvarandi eða yfirvofandi hættu á alvarlegu líkamstjóni hans sjálfs eða annars manns og brást viðkomandi við af nauðsyn og með réttmætum hætti til að afstýra þessari hættu, að því tilskildu að viðkomandi hafi ekki haft þann ásetning að valda meiri skaða en þeim sem reynt var að komast hjá. Slík hætta getur annaðhvort:

i) stafað frá öðrum mönnum; eða

ii) stafað af öðrum ástæðum sem ekki voru á valdi viðkomandi.

2. Dómstóllinn skal ákvarða hvort þær refsileysisástæður, sem kveðið er á um í þessari samþykkt, eigi við í máli sem lagt er fyrir hann.

3. Við dómsmeðferð getur dómstóllinn tekið til athugunar aðra refsileysisástæðu en þær sem tilgreindar eru í 1. mgr. ef slík ástæða á sér stoð í réttarheimildum skv. 21. gr. Kveðið skal á um málsmeðferð við athugun á slíkri ástæðu í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

constitute a ground for excluding criminal responsibility under this subparagraph;

(d) The conduct which is alleged to constitute a crime within the jurisdiction of the Court has been caused by duress resulting from a threat of imminent death or of continuing or imminent serious bodily harm against that person or another person, and the person acts necessarily and reasonably to avoid this threat, provided that the person does not intend to cause a greater harm than the one sought to be avoided. Such a threat may either be:

(i) Made by other persons; or

(ii) Constituted by other circumstances beyond that person's control.

2. The Court shall determine the applicability of the grounds for excluding criminal responsibility provided for in this Statute to the case before it.

3. At trial, the Court may consider a ground for excluding criminal responsibility other than those referred to in paragraph 1 where such a ground is derived from applicable law as set forth in article 21. The procedures relating to the consideration of such a ground shall be provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

32. gr.

Staðreyndavilla eða lögvilla.

1. Staðreyndavilla skal því aðeins vera refsileysisástæða að hún útiloki að hin huglægu skilyrði fyrir glæpnum hafi verið fyrir hendi.

2. Lögvilla um hvort tiltekin tegund háttsemi sé glæpur, sem fellur undir lögsögu dómstólsins, skal ekki vera refsileysisástæða. Lögvilla getur þó verið refsileysisástæða ef hún útilokar að hin huglægu skilyrði fyrir glæpnum hafi verið fyrir hendi eða ef hún fellur undir 33. gr.

Article 32

Mistake of fact or mistake of law

1. A mistake of fact shall be a ground for excluding criminal responsibility only if it negates the mental element required by the crime.

2. A mistake of law as to whether a particular type of conduct is a crime within the jurisdiction of the Court shall not be a ground for excluding criminal responsibility. A mistake of law may, however, be a ground for excluding criminal responsibility if it negates the mental element required by such a crime, or as provided for in article 33.

33. gr.

Fyrirskipanir yfirboðara og lagafyrirmæli.

1. Sú staðreynd að maður hefur framið glæp, sem fellur undir lögsögu dómstólsins, samkvæmt fyrirskipun ríkisstjórnar eða yfirboðara, hvort heldur yfirboðarinn er hermaður eða óbreyttur borgari, firrir hann ekki refsiábyrgð nema:

a) honum hafi borið lagaleg skylda til að

Article 33

Superior orders and prescription of law

1. The fact that a crime within the jurisdiction of the Court has been committed by a person pursuant to an order of a Government or of a superior, whether military or civilian, shall not relieve that person of criminal responsibility unless:

(a) The person was under a legal obligation

hlýða fyrirskipunum viðkomandi ríkisstjórnar eða yfirboðara;
b) hann hafi ekki vitað að skipunin var ólögleg; og
c) fyrirskipunin hafi ekki augljóslega verið ólögleg.

2. Í skilningi þessarar greinar teljast fyrirskipanir um að fremja hópmorð eða glæpi gegn mannúð augljóslega ólöglegar.

to obey orders of the Government or the superior in question;
(b) The person did not know that the order was unlawful; and
(c) The order was not manifestly unlawful.

2. For the purposes of this article, orders to commit genocide or crimes against humanity are manifestly unlawful.

4. kafli: Skipan og stjórn dómstólsins.

34. gr.
Starfseiningar dómstólsins.

Dómstóllinn skal skiptast í eftirfarandi starfseiningar:
a) dómstjórn;
b) áfrýjunardeild, réttardeild og forréttardeild;
c) skrifstofu saksóknara;
d) skrifstofu dómritara.

PART 4. COMPOSITION AND ADMINISTRATION OF THE COURT

Article 34
Organs of the Court

The Court shall be composed of the following organs:
(a) The Presidency;
(b) An Appeals Division, a Trial Division and a Pre-Trial Division;
(c) The Office of the Prosecutor;
(d) The Registry.

35. gr.
Störf dómara.

1. Allir dómarar, sem kjörnir eru til starfa hjá dómstólnum, skulu gegna fullu starfi og vera reiðubúnir til að starfa á þeim grundvelli frá upphafi starfstíma síns.
2. Dómarar, sem skipa dómstjórn, skulu gegna fullu starfi jafnskjótt og þeir hafa verið kjörnir.
3. Dómstjórn getur á hverjum tíma ákveðið, á grundvelli vinnuálags dómstólsins og í samráði við dómara hans, að hve miklu leyti aðrir dómarar skuli gegna fullu starfi. Slíkt fyrirkomulag skal ekki hafa áhrif á ákvæði 40. gr.
4. Fjárhagsleg skilyrði dómara, sem ekki gegna fullu starfi, skal ákveða í samræmi við 49. gr.

Article 35
Service of judges

1. All judges shall be elected as full-time members of the Court and shall be available to serve on that basis from the commencement of their terms of office.
2. The judges composing the Presidency shall serve on a full-time basis as soon as they are elected.
3. The Presidency may, on the basis of the workload of the Court and in consultation with its members, decide from time to time to what extent the remaining judges shall be required to serve on a full-time basis. Any such arrangement shall be without prejudice to the provisions of article 40.
4. The financial arrangements for judges not required to serve on a full-time basis shall be made in accordance with article 49.

36. gr.
Hæfniskröfur, tilnefning og kjör dómara.

1. Dómarar skulu vera 18 talsins, sbr. þó ákvæði 2. mgr.
2. a) Dómstjórn getur, fyrir hönd dómstólsins, lagt til að dómarar verði fleiri en tilgreint er í 1. mgr. og skal geta um ástæður þess að slíkt er talið nauðsynlegt og réttmætt. Dómritari skal þegar í stað senda öllum aðildarríkjum slíkar tillögur.

Article 36
Qualifications, nomination and election of judges

1. Subject to the provisions of paragraph 2, there shall be 18 judges of the Court.
2. (a) The Presidency, acting on behalf of the Court, may propose an increase in the number of judges specified in paragraph 1, indicating the reasons why this is considered necessary and appropriate. The Registrar shall promptly circulate any such proposal to all States Parties.

b) Allar tillögur þessa efnis skulu teknar til umfjöllunar á þingfundi aðildarríkjanna sem boða skal til í samræmi við 112. gr. Tillagan telst samþykkt ef tveir þriðju hlutar fulltrúa á þingfundi aðildarríkjanna samþykkja hana í atkvæðagreiðslu og öðlast hún gildi þann dag sem þing aðildarríkjanna ákveður.

(b) Any such proposal shall then be considered at a meeting of the Assembly of States Parties to be convened in accordance with article 112. The proposal shall be considered adopted if approved at the meeting by a vote of two thirds of the members of the Assembly of States Parties and shall enter into force at such time as decided by the Assembly of States Parties.

c) i) Þegar tillaga um fjölgun dómara hefur verið samþykkt skv. b-lið skal kjör viðbótardómara fara fram á næsta þingfundi aðildarríkjanna í samræmi við 3. til 8. mgr. og 2. mgr. 37. gr.;

ii) Þegar tillaga um fjölgun dómara hefur verið samþykkt og er komin til framkvæmda skv. b-lið og i-lið c-liðar getur dómstjórn hvenær sem er borið fram tillögu um að fækka dómurum ef vinnuálag við dómstólinn réttlætir það, að því tilskildu að fjöldi dómara fari ekki niður fyrir þá tölu sem tilgreind er í 1. mgr. Fara skal með tillöguna í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í a- og b-liðum. Ef tillagan er samþykkt skal fækka dómurum smám saman eftir því sem starfstími þeirra rennur út uns nauðsynleg fækkun hefur átt sér stað.

(c) (i) Once a proposal for an increase in the number of judges has been adopted under subparagraph (b), the election of the additional judges shall take place at the next session of the Assembly of States Parties in accordance with paragraphs 3 to 8, and article 37, paragraph 2;

(ii) Once a proposal for an increase in the number of judges has been adopted and brought into effect under subparagraphs (b) and (c) (i), it shall be open to the Presidency at any time thereafter, if the workload of the Court justifies it, to propose a reduction in the number of judges, provided that the number of judges shall not be reduced below that specified in paragraph 1. The proposal shall be dealt with in accordance with the procedure laid down in subparagraphs (a) and (b). In the event that the proposal is adopted, the number of judges shall be progressively decreased as the terms of office of serving judges expire, until the necessary number has been reached.

3. a) Dómarar skulu valdir úr hópi hinna grandvörustu manna sem eru óhlutdrægir og heiðarlegir og fullnægja þeim hæfniskröfum sem gerðar eru í heimalandi þeirra við skipun í æðstu dómarastöður.

3. (a) The judges shall be chosen from among persons of high moral character, impartiality and integrity who possess the qualifications required in their respective States for appointment to the highest judicial offices.

b) Sérhver frambjóðandi til kjörs í dómstólinn skal:

i) hafa viðurkennda hæfni á sviði refsiréttar og opinbers réttarfars og nauðsynlega viðeigandi reynslu af meðferð opinberra mála, hvort heldur er sem dómari, saksóknari, lögmaður eða í öðru álíka starfi; eða

ii) hafa viðurkennda hæfni á viðeigandi sviðum þjóðaréttar, svo sem í mannúðar- og mannréttindamálum, og víðtæka reynslu af lögfræðilegum störfum sem skiptir máli í dómstörfum við dómstólinn;

(b) Every candidate for election to the Court shall:

(i) Have established competence in criminal law and procedure, and the necessary relevant experience, whether as judge, prosecutor, advocate or in other similar capacity, in criminal proceedings; or

(ii) Have established competence in relevant areas of international law such as international humanitarian law and the law of human rights, and extensive experience in a professional legal capacity which is of relevance to the judicial work of the Court;

c) Sérhver frambjóðandi til kjörs í dómstólinn skal hafa framúrskarandi þekkingu og ágætt vald á að minnsta kosti einu af vinnumálum dómstólsins.

4. a) Hvert aðildarríki að þessari samþykkt getur tilnefnt frambjóðanda í embætti dómara og skal gera það annaðhvort:
i) samkvæmt málsmeðferð um tilnefningu frambjóðenda í æðstu dómarastöður í viðkomandi ríki; eða

ii) samkvæmt málsmeðferð um tilnefningu frambjóðenda í Alþjóðadómstólinn sem kveðið er á um í samþykktum hans.

Með tilnefningu skal fylgja yfirlýsing þar sem fram kemur með nægilegri nákvæmni hvernig frambjóðandinn uppfyllir kröfurnar sem fram koma í 3. mgr.

b) Hvert aðildarríki getur átt einn frambjóðanda í hverju kjöri og er ekki nauðsynlegt að hann sé ríkisborgari þess ríkis en hann skal vera ríkisborgari aðildarríkis.

c) Þing aðildarríkjanna getur ákveðið, ef við á, að koma á fót ráðgjafarnefnd um tilnefningar. Skal þá þing aðildarríkjanna ákvarða skipan og umboð nefndarinnar.

5. Í kjöri skulu vera tveir listar frambjóðenda:

listi A með nöfnum frambjóðenda og upplýsingum um hæfni þeirra sem tilgreind er í i-lið b-liðar 3. mgr.; og
listi B með nöfnum frambjóðenda og upplýsingum um hæfni þeirra sem tilgreind er í ii-lið b-liðar 3. mgr.
Frambjóðandi, sem hefur nægilega hæfni til að bera til þess að vera á báðum listunum, getur valið um á hvorum listanum hann er. Við fyrsta kjör í dómstólinn skulu minnst níu dómarar kjörnir af lista A og minnst fimm dómarar af lista B. Síðari kjör skulu skipulögð með þeim hætti að sama hlutfall dómara af hvorum lista haldist við dómstólinn.

6. a) Dómararnir skulu kjörnir í leynilegri atkvæðagreiðslu á þingfundi aðildarríkjanna sem boðað er til í þessum tilgangi skv. 112. gr. Með fyrirvara um 7. mgr. skulu þeir 18 frambjóðendur, sem flest atkvæði hljóta, kjörnir í dómstólinn enda hljóti þeir atkvæði tveggja þriðju hluta fulltrúa aðildarríkjanna sem viðstaddir eru og greiða atkvæði.

(c) Every candidate for election to the Court shall have an excellent knowledge of and be fluent in at least one of the working languages of the Court.

4. (a) Nominations of candidates for election to the Court may be made by any State Party to this Statute, and shall be made either:
(i) By the procedure for the nomination of candidates for appointment to the highest judicial offices in the State in question; or
(ii) By the procedure provided for the nomination of candidates for the International Court of Justice in the Statute of that Court.
Nominations shall be accompanied by a statement in the necessary detail specifying how the candidate fulfils the requirements of paragraph 3.

(b) Each State Party may put forward one candidate for any given election who need not necessarily be a national of that State Party but shall in any case be a national of a State Party.

(c) The Assembly of States Parties may decide to establish, if appropriate, an Advisory Committee on nominations. In that event, the Committee's composition and mandate shall be established by the Assembly of States Parties.

5. For the purposes of the election, there shall be two lists of candidates:
List A containing the names of candidates with the qualifications specified in paragraph 3 (b) (i); and
List B containing the names of candidates with the qualifications specified in paragraph 3 (b) (ii).
A candidate with sufficient qualifications for both lists may choose on which list to appear. At the first election to the Court, at least nine judges shall be elected from list A and at least five judges from list B. Subsequent elections shall be so organized as to maintain the equivalent proportion on the Court of judges qualified on the two lists.

6. (a) The judges shall be elected by secret ballot at a meeting of the Assembly of States Parties convened for that purpose under article 112. Subject to paragraph 7, the persons elected to the Court shall be the 18 candidates who obtain the highest number of votes and a two-thirds majority of the States Parties present and voting.

b) Ef ekki er kjörinn nægilegur fjöldi dómara í fyrstu atkvæðagreiðslunni skulu síðari atkvæðagreiðslur fara fram í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í a-lið uns öll sæti eru skipuð.

7. Engir tveir dómarar mega vera ríkisborgarar sama ríkis. Maður, sem gæti talist ríkisborgari fleiri en eins ríkis með tilliti til setu í dómstólnum, skal teljast ríkisborgari þess ríkis þar sem hann neytir venjulega borgaralegra og stjórnmálalegra réttinda.

8. a) Þegar aðildarríkin velja dómara í dómstólinn skulu þau taka tillit til þess að nauðsynlegt er:
i) að helstu réttarkerfi heimsins eigi þar fulltrúa;
ii) að landfræðileg dreifing fulltrúanna sé sanngjörn; og
iii) að dómarastöður séu skipaðar konum og körlum með sanngjörnum hætti.

b) Aðildarríkin skulu einnig taka tillit til þess að nauðsynlegt er að velja dómara sem hafa lögfræðiþekkingu á sérstökum sviðum, þar með talin, en þó ekki takmarkað við, svið er varða ofbeldi gegn konum og börnum.

9. a) Með fyrirvara um ákvæði b-liðar skulu dómarar gegna embætti í níu ár og skulu þeir ekki vera kjörgengir á ný, sbr. þó c-lið og 2. mgr. 37. gr.

b) Í fyrstu kosningu skal þriðjungur kjörinna dómara valinn með hlutkesti til að gegna embætti í þrjú ár, þriðjungur kjörinna dómara skal valinn með hlutkesti til að gegna embætti í sex ár en þeir sem eftir eru skulu gegna embætti í níu ár.

c) Dómari, sem valinn er með hlutkesti til að gegna embætti í þrjú ár skv. b-lið, skal vera kjörgengur á ný heilt starfstímabil.

10. Þrátt fyrir 9. mgr. skal dómari, sem hefur verið skipaður í réttarstofu eða áfrýjunarstofu í samræmi við 39. gr., gegna áfram embætti til þess að ljúka meðferð máls sem er þegar hafin í viðkomandi stofu.

(b) In the event that a sufficient number of judges is not elected on the first ballot, successive ballots shall be held in accordance with the procedures laid down in subparagraph (a) until the remaining places have been filled.

7. No two judges may be nationals of the same State. A person who, for the purposes of membership of the Court, could be regarded as a national of more than one State shall be deemed to be a national of the State in which that person ordinarily exercises civil and political rights.

8. (a) The States Parties shall, in the selection of judges, take into account the need, within the membership of the Court, for:
(i) The representation of the principal legal systems of the world;
(ii) Equitable geographical representation; and
(iii) A fair representation of female and male judges.

(b) States Parties shall also take into account the need to include judges with legal expertise on specific issues, including, but not limited to, violence against women or children.

9. (a) Subject to subparagraph (b), judges shall hold office for a term of nine years and, subject to subparagraph (c) and to article 37, paragraph 2, shall not be eligible for re-election.

(b) At the first election, one third of the judges elected shall be selected by lot to serve for a term of three years; one third of the judges elected shall be selected by lot to serve for a term of six years; and the remainder shall serve for a term of nine years.

(c) A judge who is selected to serve for a term of three years under subparagraph (b) shall be eligible for re-election for a full term.

10. Notwithstanding paragraph 9, a judge assigned to a Trial or Appeals Chamber in accordance with article 39 shall continue in office to complete any trial or appeal the hearing of which has already commenced before that Chamber.

37. gr.
Auð dómarasæti.

1. Verði sæti dómara autt skal fara fram kjör í samræmi við 36. gr. til þess að fylla sætið.

2. Dómari, sem er kjörinn til þess að fylla autt sæti, skal gegna embætti það sem eftir er af starfstíma fyrirrennara hans og, ef um er að ræða þrjú ár eða skemmri tíma, skal hann vera kjörgengur á ný heilt starfstímabil skv. 36. gr.

38. gr.
Dómstjórn.

1. Forseti og fyrsti og annar varaforseti skulu kjörnir með hreinum meiri hluta atkvæða dómaranna. Hver þeirra skal gegna embætti í þrjú ár eða þar til starfstíma þeirra sem dómara lýkur, hvort sem verður fyrr. Þeir eru kjörgengir á ný einu sinni.

2. Ef forseti er forfallaður eða vanhæfur tekur fyrsti varaforseti sæti hans. Annar varaforseti tekur sæti forseta ef bæði hann og varaforsetinn eru forfallaðir eða vanhæfir.

3. Forsetinn og fyrsti og annar varaforseti mynda dómstjórn sem ber ábyrgð á:

   a) að stjórnsýsla dómstólsins, að skrifstofu saksóknara undanskilinni, sé eins og vera ber; og
   b) öðrum störfum sem henni eru falin í samræmi við þessa samþykkt.

4. Dómstjórn skal, er hún sinnir störfum sínum skv. a-lið 3. mgr., hafa samráð við saksóknara og leita eftir samstarfi við hann í öllum málum sem snerta starfssvið beggja.

39. gr.
Stofur.

1. Eins fljótt og auðið er eftir að dómarar hafa verið kjörnir skal dómstóllinn skipa í deildir skv. b-lið 34. gr. Áfrýjunardeild skal skipuð forseta og fjórum öðrum dómurum, í réttardeild skulu vera eigi færri en sex dómarar og í forréttardeild eigi færri en sex dómarar. Skipun dómara í deildir skal grundvölluð á eðli þeirra starfa, sem eru unnin í hverri deild, og hæfni og reynslu dómaranna sem eru kjörnir í dómstólinn, þannig að í hverri deild sé að finna hæfilegt sambland sérþekkingar í refsirétti og opinberu réttarfari og þjóðarétti.

Article 37
Judicial vacancies

1. In the event of a vacancy, an election shall be held in accordance with article 36 to fill the vacancy.
2. A judge elected to fill a vacancy shall serve for the remainder of the predecessor's term and, if that period is three years or less, shall be eligible for re-election for a full term under article 36.

Article 38
The Presidency

1. The President and the First and Second Vice-Presidents shall be elected by an absolute majority of the judges. They shall each serve for a term of three years or until the end of their respective terms of office as judges, whichever expires earlier. They shall be eligible for re-election once.
2. The First Vice-President shall act in place of the President in the event that the President is unavailable or disqualified. The Second Vice-President shall act in place of the President in the event that both the President and the First Vice-President are unavailable or disqualified.
3. The President, together with the First and Second Vice-Presidents, shall constitute the Presidency, which shall be responsible for:
   (a) The proper administration of the Court, with the exception of the Office of the Prosecutor; and
   (b) The other functions conferred upon it in accordance with this Statute.
4. In discharging its responsibility under paragraph 3 (a), the Presidency shall coordinate with and seek the concurrence of the Prosecutor on all matters of mutual concern.

Article 39
Chambers

1. As soon as possible after the election of the judges, the Court shall organize itself into the divisions specified in article 34, paragraph (b). The Appeals Division shall be composed of the President and four other judges, the Trial Division of not less than six judges and the Pre-Trial Division of not less than six judges. The assignment of judges to divisions shall be based on the nature of the functions to be performed by each division and the qualifications and experience of the judges elected to the Court, in such a way that each

Réttardeild og forréttardeild skulu að mestu skipaðar dómurum sem hafa reynslu af dómsmeðferð opinberra mála.

2. a) Stofur skulu fara með dómstörf dómstólsins í hverri deild.

   b) i) Áfrýjunarstofa skal skipuð öllum dómurum áfrýjunardeildar.

   ii) Þrír dómarar réttardeildar skulu starfa í réttarstofu.

   iii) Með störf í forréttarstofu skulu annaðhvort fara þrír dómarar forréttardeildar eða einn dómari í þeirri deild í samræmi við þessa samþykkt og reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

   c) Ekkert í þessari málsgrein skal útiloka að stofnaðar séu fleiri en ein réttarstofa eða forréttarstofa þegar stýring á vinnuálagi dómstólsins krefst þess.

3. a) Dómarar, sem eru skipaðir í réttardeild og forréttardeild, skulu starfa í þessum deildum í þrjú ár og eftir það skulu þeir ljúka meðferð mála sem voru þegar hafin í viðkomandi deild.

   b) Dómarar, sem eru skipaðir í áfrýjunardeild, skulu starfa í þeirri deild allan starfstíma sinn.

4. Dómarar, sem eru skipaðir í áfrýjunardeild, skulu eingöngu starfa í þeirri deild. Ekkert í þessari grein skal þó útiloka að dómarar í réttardeild starfi tímabundið í forréttardeild eða öfugt ef dómstjórn álítur að stýring á vinnuálagi dómstólsins krefjist þess, með þeim fyrirvara að dómari, sem hefur tekið þátt í meðferð máls áður en það kemur fyrir rétt, skal aldrei taka sæti í réttarstofu sem fjallar um málið.

40. gr.

Sjálfstæði dómaranna.

1. Dómararnir skulu vera sjálfstæðir í störfum sín um.
2. Dómarar skulu ekki taka þátt í neinni starfsemi sem er til þess fallin að trufla dómstörf þeirra eða vekja efasemdir um sjálfstæði þeirra.

division shall contain an appropriate combination of expertise in criminal law and procedure and in international law. The Trial and Pre-Trial Divisions shall be composed predominantly of judges with criminal trial experience.

2. (a) The judicial functions of the Court shall be carried out in each division by Chambers.

   (b) (i) The Appeals Chamber shall be composed of all the judges of the Appeals Division;

   (ii) The functions of the Trial Chamber shall be carried out by three judges of the Trial Division;

   (iii) The functions of the Pre-Trial Chamber shall be carried out either by three judges of the Pre-Trial Division or by a single judge of that division in accordance with this Statute and the Rules of Procedure and Evidence;

   (c) Nothing in this paragraph shall preclude the simultaneous constitution of more than one Trial Chamber or Pre-Trial Chamber when the efficient management of the Court's workload so requires.

3. (a) Judges assigned to the Trial and Pre-Trial Divisions shall serve in those divisions for a period of three years, and thereafter until the completion of any case the hearing of which has already commenced in the division concerned.

   (b) Judges assigned to the Appeals Division shall serve in that division for their entire term of office.

4. Judges assigned to the Appeals Division shall serve only in that division. Nothing in this article shall, however, preclude the temporary attachment of judges from the Trial Division to the Pre-Trial Division or vice versa, if the Presidency considers that the efficient management of the Court's workload so requires, provided that under no circumstances shall a judge who has participated in the pre-trial phase of a case be eligible to sit on the Trial Chamber hearing that case.

Article 40

Independence of the judges

1. The judges shall be independent in the performance of their functions.
2. Judges shall not engage in any activity which is likely to interfere with their judicial functions or to affect confidence in their independence.

3. Dómarar, sem eru í fullu starfi við dómstólinn, skulu ekki hafa önnur launuð störf af faglegum toga á hendi.
4. Taka skal ákvörðun um öll mál, er varða beitingu 2. og 3. mgr., með hreinum meiri hluta dómara. Dómari tekur ekki ákvörðun í máli sem varðar hann sjálfan.

41. gr.

Sætisvikning og vanhæfi dómara.

1. Dómstjórn getur, að beiðni dómara og í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, heimilað honum að víkja sæti við meðferð einstakra verkefna samkvæmt þessari samþykkt.
2. a) Dómari skal ekki taka þátt í meðferð máls þar sem með réttmætum hætti mætti draga óhlutdrægni hans í efa af einhverjum ástæðum. Í samræmi við þessa málsgrein skal dómari meðal annars teljast vanhæfur í máli ef hann hefur áður fjallað um það á einhvern hátt fyrir dómstólnum, eða innlent refsimál sem tengist því, þar sem sá sem sætir rannsókn eða saksókn á hlut að máli. Einnig skal dómari teljast vanhæfur af öðrum ástæðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.
   b) Saksóknari eða maður, sem sætir rannsókn eða saksókn, getur farið fram á að dómari víki sæti samkvæmt þessari málsgrein.
   c) Ákvarðanir um vanhæfi dómara skulu teknar með hreinum meiri hluta atkvæða dómara. Dómarinn, sem mótmælin beinast gegn, skal eiga rétt á því að koma sjónarmiðum sínum í málinu að en hann skal ekki eiga þátt í ákvörðuninni.

42. gr.

Skrifstofa saksóknara.

1. Skrifstofa saksóknara skal starfa sjálfstætt sem sérstök starfseining innan dómstólsins. Hún ber ábyrgð á móttöku vísana aðstæðna til saksóknara og rökstuddra upplýsinga um glæpi, sem falla undir lögsögu dómstólsins, könnun þeirra, rannsókn og saksókn fyrir dómstólnum. Starfsmenn skrifstofunnar skulu hvorki leita eftir né bregðast við fyrirmælum frá utanaðkomandi aðilum.
2. Saksóknari veitir skrifstofunni forstöðu. Saksóknari hefur óskorað vald yfir stjórn og

3. Judges required to serve on a full-time basis at the seat of the Court shall not engage in any other occupation of a professional nature.
4. Any question regarding the application of paragraphs 2 and 3 shall be decided by an absolute majority of the judges. Where any such question concerns an individual judge, that judge shall not take part in the decision.

Article 41

Excusing and disqualification of judges

1. The Presidency may, at the request of a judge, excuse that judge from the exercise of a function under this Statute, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

2. (a) A judge shall not participate in any case in which his or her impartiality might reasonably be doubted on any ground. A judge shall be disqualified from a case in accordance with this paragraph if, inter alia, that judge has previously been involved in any capacity in that case before the Court or in a related criminal case at the national level involving the person being investigated or prosecuted. A judge shall also be disqualified on such other grounds as may be provided for in the Rules of Procedure and Evidence.
   (b) The Prosecutor or the person being investigated or prosecuted may request the disqualification of a judge under this paragraph.
   (c) Any question as to the disqualification of a judge shall be decided by an absolute majority of the judges. The challenged judge shall be entitled to present his or her comments on the matter, but shall not take part in the decision.

Article 42

The Office of the Prosecutor

1. The Office of the Prosecutor shall act independently as a separate organ of the Court. It shall be responsible for receiving referrals and any substantiated information on crimes within the jurisdiction of the Court, for examining them and for conducting investigations and prosecutions before the Court. A member of the Office shall not seek or act on instructions from any external source.
2. The Office shall be headed by the Prosecutor. The Prosecutor shall have full authority over

rekstri skrifstofunnar, að meðtöldu starfsliði, aðstöðu og öðru því sem henni viðkemur. Saksóknari skal njóta aðstoðar eins eða fleiri varasaksóknara sem skal heimilt að framkvæma öll þau verkefni sem krafist er af saksóknara samkvæmt þessari samþykkt. Saksóknari og varasaksóknarar skulu vera af ólíku þjóðerni. Þeir skulu gegna fullu starfi.

3. Saksóknari og varasaksóknarar skulu vera í hópi hinna grandvörustu manna, hafa mikla hæfni og víðtæka starfsreynslu í að annast saksókn eða dómsmeðferð í opinberum málum. Þeir skulu hafa framúrskarandi þekkingu og ágætt vald á að minnsta kosti einu af vinnumálum dómstólsins.

4. Saksóknari skal kjörinn leynilegri kosningu með hreinum meiri hluta atkvæða fulltrúa á þingi fulltrúa aðildarríkjanna. Varasaksóknarar skulu kjörnir á sama hátt af frambjóðendalista sem saksóknari leggur fram. Saksóknari skal tilnefna þrjá frambjóðendur í hverja stöðu varasaksóknara sem kjósa á í. Sé ekki tekin ákvörðun um styttri starfstíma þegar þeir eru kjörnir skulu saksóknari og varasaksóknarar gegna embætti í níu ár og eru þeir ekki kjörgengir á ný.

5. Hvorki saksóknari né varasaksóknarar skulu taka þátt í starfsemi sem er til þess fallin að trufla saksóknarastörf þeirra eða vekja efasemdir um sjálfstæði þeirra. Þeir skulu ekki hafa önnur launuð störf af faglegum toga á hendi.

6. Dómstjórn getur heimilað, að beiðni saksóknara eða varasaksóknara, að þeir víki sæti í tilteknu máli.

7. Hvorki saksóknari né varasaksóknarar skulu taka þátt í meðferð máls þar sem með réttmætum hætti mætti draga óhlutdrægni þeirra í efa af einhverjum ástæðum. Í samræmi við þessa málsgrein skulu þeir meðal annars teljast vanhæfir í máli ef þeir hafa áður fjallað um á það einhvern hátt fyrir dómstólnum, eða innlent refsimál sem tengist því, þar sem sá sem sætir rannsókn eða saksókn á hlut að máli.

8. Allar ákvarðanir um vanhæfi saksóknara eða varasaksóknara skulu teknar af áfrýjunarstofu.

   a) Maður, sem sætir rannsókn eða saksókn,

the management and administration of the Office, including the staff, facilities and other resources thereof. The Prosecutor shall be assisted by one or more Deputy Prosecutors, who shall be entitled to carry out any of the acts required of the Prosecutor under this Statute. The Prosecutor and the Deputy Prosecutors shall be of different nationalities. They shall serve on a full-time basis.

3. The Prosecutor and the Deputy Prosecutors shall be persons of high moral character, be highly competent in and have extensive practical experience in the prosecution or trial of criminal cases. They shall have an excellent knowledge of and be fluent in at least one of the working languages of the Court.

4. The Prosecutor shall be elected by secret ballot by an absolute majority of the members of the Assembly of States Parties. The Deputy Prosecutors shall be elected in the same way from a list of candidates provided by the Prosecutor. The Prosecutor shall nominate three candidates for each position of Deputy Prosecutor to be filled. Unless a shorter term is decided upon at the time of their election, the Prosecutor and the Deputy Prosecutors shall hold office for a term of nine years and shall not be eligible for re-election.

5. Neither the Prosecutor nor a Deputy Prosecutor shall engage in any activity which is likely to interfere with his or her prosecutorial functions or to affect confidence in his or her independence. They shall not engage in any other occupation of a professional nature.

6. The Presidency may excuse the Prosecutor or a Deputy Prosecutor, at his or her request, from acting in a particular case.

7. Neither the Prosecutor nor a Deputy Prosecutor shall participate in any matter in which their impartiality might reasonably be doubted on any ground. They shall be disqualified from a case in accordance with this paragraph if, inter alia, they have previously been involved in any capacity in that case before the Court or in a related criminal case at the national level involving the person being investigated or prosecuted.

8. Any question as to the disqualification of the Prosecutor or a Deputy Prosecutor shall be decided by the Appeals Chamber.

   (a) The person being investigated or prose-

getur hvenær sem er farið fram á að saksóknari eða varasaksóknari víki sæti á grundvelli þessarar greinar.

b) Saksóknara eða varasaksóknara, eftir því sem við á, skal heimilt að koma að sjónarmiðum sínum í málinu.

9. Saksóknari skal tilnefna ráðgjafa með lögfræðiþekkingu á sérstökum sviðum, þar með talin, en þó ekki takmarkað við, svið er varða kynlífsofbeldi, kynbundið ofbeldi og ofbeldi gegn börnum.

43. gr.

Skrifstofa dómritara.

1. Skrifstofa dómritara skal annast þann hluta stjórnsýslunnar og þjónustu við dómstólinn sem tengist ekki dómstörfum, sbr. þó störf og valdheimildir saksóknara í samræmi við 42. gr.
2. Dómritari skal vera yfirmaður skrifstofunnar og er hann æðsti embættismaðurinn í stjórnsýslu dómstólsins. Dómritari skal inna störf sín af hendi undir stjórn dómforseta.

3. Dómritari og varadómritari skulu vera í hópi hinna grandvörustu manna, hafa mikla hæfni og framúrskarandi þekkingu og ágætt vald á að minnsta kosti einu af vinnumálum dómstólsins.
4. Dómarar skulu kjósa dómritara með hreinum meiri hluta atkvæða í leynilegri atkvæðagreiðslu, að teknu tilliti til hugsanlegra tilmæla þings aðildarríkjanna. Ef þörf krefur og að tilmælum dómritara skulu dómarar kjósa varadómritara á sama hátt.

5. Dómritari skal gegna embætti í fimm ár, vera kjörgengur á ný einu sinni og gegna fullu starfi. Varadómritari skal gegna embætti í fimm ár eða skemur ef hreinn meiri hluti dómara ákveður það og hann má kjósa á þeim forsendum að kalla megi hann til starfa eftir þörfum.

6. Dómritari skal koma á fót deild fyrir fórnarlömb og vitni hjá skrifstofunni. Í þeirri deild skal, í samráði við skrifstofu saksóknara, veita vitnum, fórnarlömbum sem koma fyrir dómstólinn og öðrum, sem geta verið í hættu vegna framburðar vitna, vernd, öryggi, ráðgjöf og aðra viðeigandi aðstoð. Deildin skal hafa á að skipa starfsliði sem hefur sér-

cuted may at any time request the disqualification of the Prosecutor or a Deputy Prosecutor on the grounds set out in this article.

(b) The Prosecutor or the Deputy Prosecutor, as appropriate, shall be entitled to present his or her comments on the matter.

9. The Prosecutor shall appoint advisers with legal expertise on specific issues, including, but not limited to, sexual and gender violence and violence against children.

Article 43

The Registry

1. The Registry shall be responsible for the non-judicial aspects of the administration and servicing of the Court, without prejudice to the functions and powers of the Prosecutor in accordance with article 42.
2. The Registry shall be headed by the Registrar, who shall be the principal administrative officer of the Court. The Registrar shall exercise his or her functions under the authority of the President of the Court.
3. The Registrar and the Deputy Registrar shall be persons of high moral character, be highly competent and have an excellent knowledge of and be fluent in at least one of the working languages of the Court.
4. The judges shall elect the Registrar by an absolute majority by secret ballot, taking into account any recommendation by the Assembly of States Parties. If the need arises and upon the recommendation of the Registrar, the judges shall elect, in the same manner, a Deputy Registrar.
5. The Registrar shall hold office for a term of five years, shall be eligible for re-election once and shall serve on a full-time basis. The Deputy Registrar shall hold office for a term of five years or such shorter term as may be decided upon by an absolute majority of the judges, and may be elected on the basis that the Deputy Registrar shall be called upon to serve as required.
6. The Registrar shall set up a Victims and Witnesses Unit within the Registry. This Unit shall provide, in consultation with the Office of the Prosecutor, protective measures and security arrangements, counselling and other appropriate assistance for witnesses, victims who appear before the Court, and others who are at risk on account of testimony given by

fræðiþekkingu í sálrænum áföllum, að meðtöldum áföllum vegna glæpa sem felast í kynlífsofbeldi.

44. gr.
Starfslið.

1. Saksóknari og dómritari skulu ráða hæft starfslið til starfa á skrifstofum sínum eftir þörfum. Saksóknari ræður meðal annars rannsóknarmenn til starfa.

2. Við ráðningu starfsliðs skulu saksóknari og dómritari tryggja að þeir sem ráðnir eru séu framúrskarandi duglegir, hæfir og heiðarlegir og skulu þeir, að breyttu breytanda, hafa hliðsjón af þeim viðmiðum sem mælt er fyrir um í 8. mgr. 36. gr.
3. Dómritari skal, að fengnu samþykki dómstjórnar og saksóknara, gera tillögur um starfsmannareglur þar sem meðal annars koma fram skilmálar og skilyrði fyrir ráðningu starfsliðs dómstólsins, kjör þess og starfslok. Þing aðildarríkjanna skal samþykkja starfsmannareglurnar.
4. Í undantekningartilvikum getur dómstóllinn notfært sér sérfræðiþekkingu ólaunaðs starfsliðs sem aðildarríkin, milliríkjastofnanir eða frjáls félagasamtök bjóða fram til aðstoðar við störf í einhverri af starfseiningum dómstólsins. Saksóknari getur þegið slíkt boð fyrir hönd skrifstofu sinnar. Ólaunað starfslið af þessu tagi skal ráðið í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðildarríkjanna setur.

45. gr.
Hátíðleg yfirlýsing.

Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar, dómritari og varadómritari skulu hver um sig, áður en þeir hefja störf samkvæmt þessari samþykkt, gefa hátíðlega yfirlýsingu í heyranda hljóði fyrir dómi um að þeir muni rækja störf sín af óhlutdrægni og samviskusemi.

46. gr.
Lausn frá störfum.

1. Dómari, saksóknari, varasaksóknari, dómritari eða varadómritari skal leystur frá störfum ef ákvörðun þess efnis hefur verið tekin í samræmi við 2. mgr., í þeim tilvikum að hann:
   a) er fundinn sekur um alvarlegt misferli eða alvarlegt brot gegn skyldum sínum samkvæmt þessari samþykkt eins og kveðið

such witnesses. The Unit shall include staff with expertise in trauma, including trauma related to crimes of sexual violence.

Article 44
Staff

1. The Prosecutor and the Registrar shall appoint such qualified staff as may be required to their respective offices. In the case of the Prosecutor, this shall include the appointment of investigators.
2. In the employment of staff, the Prosecutor and the Registrar shall ensure the highest standards of efficiency, competency and integrity, and shall have regard, mutatis mutandis, to the criteria set forth in article 36, paragraph 8.
3. The Registrar, with the agreement of the Presidency and the Prosecutor, shall propose Staff Regulations which include the terms and conditions upon which the staff of the Court shall be appointed, remunerated and dismissed. The Staff Regulations shall be approved by the Assembly of States Parties.
4. The Court may, in exceptional circumstances, employ the expertise of gratis personnel offered by States Parties, intergovernmental organizations or non-governmental organizations to assist with the work of any of the organs of the Court. The Prosecutor may accept any such offer on behalf of the Office of the Prosecutor. Such gratis personnel shall be employed in accordance with guidelines to be established by the Assembly of States Parties.

Article 45
Solemn undertaking

Before taking up their respective duties under this Statute, the judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors, the Registrar and the Deputy Registrar shall each make a solemn undertaking in open court to exercise his or her respective functions impartially and conscientiously.

Article 46
Removal from office

1. A judge, the Prosecutor, a Deputy Prosecutor, the Registrar or the Deputy Registrar shall be removed from office if a decision to this effect is made in accordance with paragraph 2, in cases where that person:
   (a) Is found to have committed serious misconduct or a serious breach of his or her duties under this Statute, as provided

er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun; eða

b) er ófær um að gegna þeim störfum sem krafist er í þessari samþykkt.

2. Ákvörðun um að leysa dómara, saksóknara eða varasaksóknara frá störfum skv. 1. mgr. skal tekin af þingi aðildarríkjanna í leynilegri atkvæðagreiðslu:

a) þegar um dómara er að ræða, með tveimur þriðju hlutum atkvæða aðildarríkjanna samkvæmt tillögu sem samþykkt er af tveimur þriðju hlutum hinna dómaranna;

b) þegar um saksóknara er að ræða, með hreinum meiri hluta atkvæða aðildarríkjanna;

c) þegar um varasaksóknara er að ræða, með hreinum meiri hluta atkvæða aðildarríkjanna, að tillögu saksóknara.

3. Ákvörðun um að leysa dómritara eða varadómritara frá störfum skal tekin af hreinum meiri hluta dómaranna.

4. Ef framferði dómara, saksóknara, varasaksóknara, dómritara eða varadómritara eða hæfi þeirra til að gegna embættisskyldum sínum, eins og kveðið er á um í þessari samþykkt, er vefengt samkvæmt þessari grein skulu þeir hafa fullt tækifæri til þess að leggja fram sönnunargögn og taka við þeim og gera athugasemdir í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun. Viðkomandi skal ekki taka þátt í meðferð málsins með öðrum hætti.

for in the Rules of Procedure and Evidence; or

(b) Is unable to exercise the functions required by this Statute.

2. A decision as to the removal from office of a judge, the Prosecutor or a Deputy Prosecutor under paragraph 1 shall be made by the Assembly of States Parties, by secret ballot:

(a) In the case of a judge, by a two-thirds majority of the States Parties upon a recommendation adopted by a two-thirds majority of the other judges;

(b) In the case of the Prosecutor, by an absolute majority of the States Parties;

(c) In the case of a Deputy Prosecutor, by an absolute majority of the States Parties upon the recommendation of the Prosecutor.

3. A decision as to the removal from office of the Registrar or Deputy Registrar shall be made by an absolute majority of the judges.

4. A judge, Prosecutor, Deputy Prosecutor, Registrar or Deputy Registrar whose conduct or ability to exercise the functions of the office as required by this Statute is challenged under this article shall have full opportunity to present and receive evidence and to make submissions in accordance with the Rules of Procedure and Evidence. The person in question shall not otherwise participate in the consideration of the matter.

47. gr.

Agaviðurlög.

Dómari, saksóknari, varasaksóknari, dómritari eða varadómritari, sem hafa gerst sekir um misferli í starfi sem er ekki eins alvarlegs eðlis og um getur í 1. mgr. 46. gr., skulu sæta agaviðurlögum í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

Article 47

Disciplinary measures

A judge, Prosecutor, Deputy Prosecutor, Registrar or Deputy Registrar who has committed misconduct of a less serious nature than that set out in article 46, paragraph 1, shall be subject to disciplinary measures, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

48. gr.

Forréttindi og friðhelgi.

1. Dómstóllinn skal, á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis, njóta þeirra forréttinda og þeirrar friðhelgi sem nauðsynleg eru til þess að hann geti náð markmiðum sínum.

2. Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar og dómritari skulu, þegar þeir eru að störfum við dómstólinn eða sinna málefnum hans, njóta sömu forréttinda og friðhelgi og yfirmenn

Article 48

Privileges and immunities

1. The Court shall enjoy in the territory of each State Party such privileges and immunities as are necessary for the fulfilment of its purposes.

2. The judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors and the Registrar shall, when engaged on or with respect to the business of the Court, enjoy the same privileges and

sendiskrifstofa og skulu þeir að starfstíma sínum loknum áfram njóta friðhelgi gagnvart hvers konar málarekstri vegna þess sem þeir hafa sagt eða skrifað og aðhafst í embætti sínu.

3. Varadómritari og starfslið á skrifstofum saksóknara og dómritara skal njóta forréttinda og friðhelgi og þeirrar aðstöðu sem þarf til að geta rækt störf sín, í samræmi við samninginn um forréttindi og friðhelgi dómstólsins.

4. Lögmenn, sérfræðingar, vitni og aðrir, sem nauðsynlegt er að séu viðstaddir á aðsetri dómstólsins, skulu hljóta þá meðferð sem nauðsynleg er til að dómstóllinn geti rækt hlutverk sitt með fullnægjandi hætti, í samræmi við samninginn um forréttindi og friðhelgi dómstólsins.
5. Forréttindum og friðhelgi er unnt að svipta:
   a) dómara eða saksóknara með ákvörðun hreins meiri hluta dómara;
   b) dómritara með ákvörðun dómstjórnar;
   c) varasaksóknara og starfslið á skrifstofu saksóknara með ákvörðun saksóknara;
   d) varadómritara og starfslið á skrifstofu dómritara með ákvörðun dómritara.

49. gr.

Laun, hlunnindi og kostnaður.

Dómarar, saksóknari, varasaksóknarar, dómritari og varadómritarar skulu fá laun, hlunnindi og kostnað greidd eins og þing aðildarríkjanna ákveður. Þessi laun og hlunnindi skulu ekki lækka á starfstímanum.

50. gr.

Opinber tungumál og vinnumál.

1. Opinber tungumál dómstólsins skulu vera arabíska, enska, franska, kínverska, rússneska og spænska. Dóma, sem eru kveðnir upp af dómstólnum, svo og aðrar ákvarðanir sem leysa úr grundvallaratriðum fyrir dómstólnum, skal birta á hinum opinberu tungumálum. Dómstjórn skal ákvarða, í samræmi við þau viðmið sem fram koma í reglunum um málsmeðferð og sönnun, hvaða ákvarðanir skuli teljast leysa úr grundvallaratriðum samkvæmt þessari málsgrein.

immunities as are accorded to heads of diplomatic missions and shall, after the expiry of their terms of office, continue to be accorded immunity from legal process of every kind in respect of words spoken or written and acts performed by them in their official capacity.

3. The Deputy Registrar, the staff of the Office of the Prosecutor and the staff of the Registry shall enjoy the privileges and immunities and facilities necessary for the performance of their functions, in accordance with the agreement on the privileges and immunities of the Court.
4. Counsel, experts, witnesses or any other person required to be present at the seat of the Court shall be accorded such treatment as is necessary for the proper functioning of the Court, in accordance with the agreement on the privileges and immunities of the Court.

5. The privileges and immunities of:
   (a) A judge or the Prosecutor may be waived by an absolute majority of the judges;
   (b) The Registrar may be waived by the Presidency;
   (c) The Deputy Prosecutors and staff of the Office of the Prosecutor may be waived by the Prosecutor;
   (d) The Deputy Registrar and staff of the Registry may be waived by the Registrar.

Article 49

Salaries, allowances and expenses

The judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors, the Registrar and the Deputy Registrar shall receive such salaries, allowances and expenses as may be decided upon by the Assembly of States Parties. These salaries and allowances shall not be reduced during their terms of office.

Article 50

Official and working languages

1. The official languages of the Court shall be Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish. The judgements of the Court, as well as other decisions resolving fundamental issues before the Court, shall be published in the official languages. The Presidency shall, in accordance with the criteria established by the Rules of Procedure and Evidence, determine which decisions may be considered as resolving fundamental issues for the purposes of this paragraph.

2. Vinnumál dómstólsins skulu vera enska og franska. Í reglunum um málsmeðferð og sönnun skal kveðið á um í hvaða málum megi nota önnur opinber tungumál sem vinnumál.

3. Dómstóllinn skal, að beiðni málsaðila eða ríkis sem fengið hefur leyfi til aðgangs að meðferð máls, heimila málsaðilanum eða ríkinu að nota annað tungumál en ensku eða frönsku, að því tilskildu að dómstóllinn telji nægar ástæður til að heimila slíkt.

51. gr.

Reglur um málsmeðferð og sönnun.

1. Reglurnar um málsmeðferð og sönnun skulu öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar fulltrúa á þingi aðildarríkjanna hafa samþykkt þær.

2. Eftirtaldir geta gert tillögur um breytingar á reglunum um málsmeðferð og sönnun:
   a) aðildarríki;
   b) hreinn meiri hluti dómara; eða
   c) saksóknari.

   Slíkar breytingar skulu öðlast gildi þegar tveir þriðju hlutar fulltrúanna á þingi aðildarríkjanna hafa samþykkt þær.
3. Eftir að reglurnar um málsmeðferð og sönnun hafa verið samþykktar geta dómarar, í bráðatilvikum og þegar reglurnar ná ekki til sérstaks tilviks fyrir dómstólnum, samþykkt bráðabirgðareglur með tveimur þriðju hlutum atkvæða sem beita skal uns næsti reglulegi fundur eða aukafundur þings aðildarríkjanna samþykkir þær, breytir þeim eða hafnar.
4. Reglurnar um málsmeðferð og sönnun, breytingar á þeim og allar bráðabirgðareglur skulu vera samrýmanlegar þessari samþykkt. Breytingar á reglunum um málsmeðferð og sönnun, svo og bráðabirgðareglur, skulu ekki gilda afturvirkt í óhag manni sem sætir rannsókn eða saksókn eða sakfellingu.

5. Stangist samþykktin og reglurnar um málsmeðferð og sönnun á gengur samþykktin framar.

52. gr.

Reglur dómstólsins.

1. Dómararnir skulu, í samræmi við þessa samþykkt og reglurnar um málsmeðferð og sönnun, samþykkja með hreinum meiri hluta reglur dómstólsins sem nauðsynlegar eru fyrir daglega starfsemi hans.

2. The working languages of the Court shall be English and French. The Rules of Procedure and Evidence shall determine the cases in which other official languages may be used as working languages.
3. At the request of any party to a proceeding or a State allowed to intervene in a proceeding, the Court shall authorize a language other than English or French to be used by such a party or State, provided that the Court considers such authorization to be adequately justified.

Article 51

Rules of Procedure and Evidence

1. The Rules of Procedure and Evidence shall enter into force upon adoption by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.
2. Amendments to the Rules of Procedure and Evidence may be proposed by:
   (a) Any State Party;
   (b) The judges acting by an absolute majority; or
   (c) The Prosecutor.

   Such amendments shall enter into force upon adoption by a two-thirds majority of the members of the Assembly of States Parties.
3. After the adoption of the Rules of Procedure and Evidence, in urgent cases where the Rules do not provide for a specific situation before the Court, the judges may, by a two-thirds majority, draw up provisional Rules to be applied until adopted, amended or rejected at the next ordinary or special session of the Assembly of States Parties.
4. The Rules of Procedure and Evidence, amendments thereto and any provisional Rule shall be consistent with this Statute. Amendments to the Rules of Procedure and Evidence as well as provisional Rules shall not be applied retroactively to the detriment of the person who is being investigated or prosecuted or who has been convicted.
5. In the event of conflict between the Statute and the Rules of Procedure and Evidence, the Statute shall prevail.

Article 52

Regulations of the Court

1. The judges shall, in accordance with this Statute and the Rules of Procedure and Evidence, adopt, by an absolute majority, the Regulations of the Court necessary for its routine functioning.

2. Hafa skal samráð við saksóknara og dómritara þegar reglurnar eru samdar eða þeim er breytt.
3. Reglurnar og breytingar á þeim skulu öðlast gildi þegar þær eru samþykktar nema dómararnir ákveði annað. Jafnskjótt og reglurnar hafa hlotið samþykki skulu þær sendar aðildarríkjunum til umsagnar. Ef ekki berast mótmæli frá meiri hluta aðildarríkjanna innan sex mánaða skulu reglurnar gilda áfram.

2. The Prosecutor and the Registrar shall be consulted in the elaboration of the Regulations and any amendments thereto.
3. The Regulations and any amendments thereto shall take effect upon adoption unless otherwise decided by the judges. Immediately upon adoption, they shall be circulated to States Parties for comments. If within six months there are no objections from a majority of States Parties, they shall remain in force.

5. kafli: Rannsókn og saksókn.

53. gr.

Upphaf rannsóknar.

1. Saksóknari skal, eftir að hafa metið þær upplýsingar sem hann hefur fengið, hefja rannsókn nema hann ákveði að ekki séu gild rök til þess að halda málinu áfram samkvæmt þessari samþykkt. Við mat á því hvort hefja skuli rannsókn skal saksóknari athuga:

   a) hvort fyrir hendi séu gild rök, samkvæmt þeim upplýsingum sem hann hefur undir höndum, til að ætla að framinn hafi verið glæpur eða að verið sé að fremja glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins;
   b) hvort málið sé eða muni verða tækt til meðferðar skv. 17. gr.; og
   c) hvort, þrátt fyrir alvarleika glæpsins og hagsmuni fórnarlambanna, séu engu að síður mikilvægar ástæður til að ætla að rannsókn væri ekki í þágu réttvísinnar.

   Ef saksóknari ákveður, að rannsókn lokinni, að ekki séu gild rök til að halda máli áfram og hann byggir ákvörðun sína eingöngu á ákvæði c-liðar hér að framan skal hann tilkynna það til forréttarstofu.
2. Ef saksóknari telur, að rannsókn lokinni, að ekki sé nægur grundvöllur til saksóknar vegna þess:
   a) að hvorki sé nægur lagagrundvöllur né nægar staðreyndir til að byggja á til þess að leita eftir heimild til handtöku eða kvaðningar skv. 58. gr.;
   b) að málið sé ekki tækt til meðferðar skv. 17. gr.; eða
   c) að saksókn yrði ekki í þágu réttvísinnar, með hliðsjón af öllum aðstæðum svo sem alvarleika glæpsins, hagsmunum fórnarlambanna og aldri eða heilsubresti

PART 5. INVESTIGATION AND PROSECUTION

Article 53

Initiation of an investigation

1. The Prosecutor shall, having evaluated the information made available to him or her, initiate an investigation unless he or she determines that there is no reasonable basis to proceed under this Statute. In deciding whether to initiate an investigation, the Prosecutor shall consider whether:
   (a) The information available to the Prosecutor provides a reasonable basis to believe that a crime within the jurisdiction of the Court has been or is being committed;
   (b) The case is or would be admissible under article 17; and
   (c) Taking into account the gravity of the crime and the interests of victims, there are nonetheless substantial reasons to believe that an investigation would not serve the interests of justice.

   If the Prosecutor determines that there is no reasonable basis to proceed and his or her determination is based solely on subparagraph (c) above, he or she shall inform the Pre-Trial Chamber.
2. If, upon investigation, the Prosecutor concludes that there is not a sufficient basis for a prosecution because:
   (a) There is not a sufficient legal or factual basis to seek a warrant or summons under article 58;
   (b) The case is inadmissible under article 17; or
   (c) A prosecution is not in the interests of justice, taking into account all the circumstances, including the gravity of the crime, the interests of victims and the age

ætlaðs geranda og þátttöku hans í ætluðum glæp,
skal saksóknari tilkynna forréttarstofu og ríkinu, sem vísaði aðstæðunum til hans skv. 14. gr., eða öryggisráðinu í máli, sem fellur undir b-lið 13. gr., um niðurstöður sínar og um forsendur þeirra.

3. a) Að beiðni ríkisins sem vísaði aðstæðunum til saksóknara skv. 14. gr., eða að beiðni öryggisráðsins skv. b-lið 13 gr., getur forréttarstofa endurskoðað ákvörðun saksóknara skv. 1. eða 2. mgr. þess efnis að halda máli ekki áfram og getur hún farið fram á að saksóknari endurskoði þá ákvörðun.
   b) Að auki getur forréttarstofa af sjálfsdáðum endurskoðað ákvörðun saksóknara um að halda máli ekki áfram ef hún er eingöngu byggð á c-lið 1. mgr. eða c-lið 2. mgr. Í slíku tilviki gildir ákvörðun saksóknara því aðeins að forréttarstofa staðfesti hana.
4. Saksóknari getur, hvenær sem er, endurskoðað ákvörðun um hvort hefja skuli rannsókn eða saksókn á grundvelli nýrra staðreynda eða upplýsinga.

54. gr.
Skyldur og valdheimildir saksóknara við rannsókn máls.

1. Saksóknari skal:
   a) til þess að leiða sannleikann í ljós, láta rannsóknina taka til allra staðreynda og sönnunargagna sem máli skipta til að meta hvort um sé að ræða refsiábyrgð samkvæmt þessari samþykkt og skal hann þá kanna jafnt þær aðstæður sem benda til sektar og þær sem benda til sýknu;
   b) gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja skilvirka rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins og taka tillit til hagsmuna og persónulegra aðstæðna fórnarlamba og vitna, svo sem aldurs, kynferðis eins og það er skilgreint í 3. mgr. 7. gr. svo og heilsu og til eðlis glæpsins, einkum ef hann lýtur að kynlífsofbeldi, kynbundnu ofbeldi eða ofbeldi gegn börnum; og
   c) virða að fullu réttindi einstaklinga sem leiðir af þessari samþykkt.
2. Saksóknari getur stjórnað rannsókn á yfirráðasvæði ríkis:

or infirmity of the alleged perpetrator, and his or her role in the alleged crime;
the Prosecutor shall inform the Pre-Trial Chamber and the State making a referral under article 14 or the Security Council in a case under article 13, paragraph (b), of his or her conclusion and the reasons for the conclusion.

3. (a) At the request of the State making a referral under article 14 or the Security Council under article 13, paragraph (b), the Pre-Trial Chamber may review a decision of the Prosecutor under paragraph 1 or 2 not to proceed and may request the Prosecutor to reconsider that decision.
   (b) In addition, the Pre-Trial Chamber may, on its own initiative, review a decision of the Prosecutor not to proceed if it is based solely on paragraph 1 (c) or 2 (c). In such a case, the decision of the Prosecutor shall be effective only if confirmed by the Pre-Trial Chamber.
4. The Prosecutor may, at any time, reconsider a decision whether to initiate an investigation or prosecution based on new facts or information.

Article 54
Duties and powers of the Prosecutor with respect to investigations

1. The Prosecutor shall:
   (a) In order to establish the truth, extend the investigation to cover all facts and evidence relevant to an assessment of whether there is criminal responsibility under this Statute, and, in doing so, investigate incriminating and exonerating circumstances equally;
   (b) Take appropriate measures to ensure the effective investigation and prosecution of crimes within the jurisdiction of the Court, and in doing so, respect the interests and personal circumstances of victims and witnesses, including age, gender as defined in article 7, paragraph 3, and health, and take into account the nature of the crime, in particular where it involves sexual violence, gender violence or violence against children; and
   (c) Fully respect the rights of persons arising under this Statute.
2. The Prosecutor may conduct investigations on the territory of a State:

a) í samræmi við ákvæði 9. kafla; eða

b) með leyfi forréttarstofu skv. d-lið 3. mgr. 57. gr.

3. Saksóknara er heimilt:

a) að safna sönnunargögnum og rannsaka þau;

b) að boða og yfirheyra menn sem sæta rannsókn, fórnarlömb og vitni;

c) að leita eftir samvinnu við hvaða ríki eða milliríkjastofnun eða -fyrirkomulag sem er í samræmi við valdheimildir og/eða umboð hvers um sig;

d) að ganga til samkomulags eða samninga sem kunna að reynast nauðsynlegir til þess að auðvelda samstarf við ríki, milliríkjastofnun eða einstakling og ekki eru ósamrýmanlegir þessari samþykkt;

e) að samþykkja að gera ekki opinber á neinu stigi málsins skjöl eða upplýsingar sem saksóknari fær í hendur með þeim skilyrðum að þau séu trúnaðarmál og eingöngu afhent til þess að fá fram ný sönnunargögn, nema því aðeins að sá sem upplýsingarnar veitir gefi til þess samþykki sitt; og

f) að gera nauðsynlegar ráðstafanir, eða fara fram á að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar, til þess að tryggja að farið sé með veittar upplýsingar sem trúnaðarmál, eða til þess að tryggja vernd einstaklinga eða vernd sönnunargagna.

(a) In accordance with the provisions of Part 9; or

(b) As authorized by the Pre-Trial Chamber under article 57, paragraph 3 (d).

3. The Prosecutor may:

(a) Collect and examine evidence;

(b) Request the presence of and question persons being investigated, victims and witnesses;

(c) Seek the cooperation of any State or intergovernmental organization or arrangement in accordance with its respective competence and/or mandate;

(d) Enter into such arrangements or agreements, not inconsistent with this Statute, as may be necessary to facilitate the cooperation of a State, intergovernmental organization or person;

(e) Agree not to disclose, at any stage of the proceedings, documents or information that the Prosecutor obtains on the condition of confidentiality and solely for the purpose of generating new evidence, unless the provider of the information consents; and

(f) Take necessary measures, or request that necessary measures be taken, to ensure the confidentiality of information, the protection of any person or the preservation of evidence.

55. gr.

Réttindi einstaklinga við rannsókn máls.

1. Við rannsókn samkvæmt þessari samþykkt:

a) skal enginn neyddur til að bera vitni gegn sjálfum sér eða játa sig sekan;

b) skal enginn sæta þvingunum af neinu tagi, nauðung eða hótunum, pyndingum eða annarri grimmilegri, ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu;

c) skal maður, sem er yfirheyrður á öðru tungumáli en máli sem hann talar og skilur að fullu, fá sér að kostnaðarlausu aðstoð hæfs túlks og fá þýdd þau skjöl sem nauðsynleg teljast til að kröfum um réttlæti sé fullnægt; og

d) skal maður ekki tekinn fastur eða hafður í haldi á grundvelli geðþóttaákvörðunar og ekki sviptur frelsi nema af ástæðum og

Article 55

Rights of persons during an investigation

1. In respect of an investigation under this Statute, a person:

(a) Shall not be compelled to incriminate himself or herself or to confess guilt;

(b) Shall not be subjected to any form of coercion, duress or threat, to torture or to any other form of cruel, inhuman or degrading treatment or punishment;

(c) Shall, if questioned in a language other than a language the person fully understands and speaks, have, free of any cost, the assistance of a competent interpreter and such translations as are necessary to meet the requirements of fairness; and

(d) Shall not be subjected to arbitrary arrest or detention, and shall not be deprived of his or her liberty except on such grounds

í samræmi við málsmeðferð sem kveðið er á um í þessari samþykkt.

2. Þegar ástæða er til að ætla að maður hafi framið glæp, sem fellur undir lögsögu dómstólsins, og saksóknari eða innlend yfirvöld, samkvæmt beiðni sem lögð er fram skv. 9. kafla, búast til að yfirheyra hann skal sá maður einnig hafa eftirtalin réttindi sem ber að upplýsa hann um áður en hann er yfirheyrður:

   a) að vera upplýstur um það áður hann er yfirheyrður að ástæða sé til að ætla að hann hafi framið glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins;

   b) að neita að tjá sig, án þess að þögn hans hafi áhrif við mat á sekt hans eða sakleysi;

   c) að fá lögfræðiaðstoð að eigin vali eða, njóti maðurinn engrar lögfræðiaðstoðar, skipa honum lögfræðiaðstoð, þegar nauðsynlegt er talið í þágu réttvísinnar, honum að kostnaðarlausu ef hann skortir efni til að greiða sjálfur fyrir aðstoðina; og

   d) að vera yfirheyrður í viðurvist verjanda nema hann hafi af sjálfsdáðum afsalað sér rétti til verjanda.

56. gr.

Hlutverk forréttarstofu þegar einstakt tækifæri gefst til rannsóknar.

1. a) Ef saksóknari telur við rannsókn máls að fyrir hendi sé einstakt tækifæri til að yfirheyra vitni eða afla framburðar þess eða til að rannsaka, afla eða sannreyna sönnunargögn, sem hugsanlega verður ekki unnt að fá síðar í tengslum við dómsmeðferð málsins, skal saksóknari tilkynna forréttarstofu um það.

   b) Í því tilviki getur forréttarstofa, að beiðni saksóknara, gert þær ráðstafanir sem nauðsynlegar teljast til að tryggja skilvirka og heiðarlega málsmeðferð, einkum til að tryggja réttindi varnaraðila.

   c) Saksóknari skal, nema forréttarstofa mæli fyrir um annað, veita þær upplýsingar, sem máli skipta, manni sem hefur verið handtekinn eða sótt hefur dómþing í tilefni kvaðningar í tengslum við þá rannsókn, sem um getur í a-lið, til þess að

and in accordance with such procedures as are established in this Statute.

2. Where there are grounds to believe that a person has committed a crime within the jurisdiction of the Court and that person is about to be questioned either by the Prosecutor, or by national authorities pursuant to a request made under Part 9, that person shall also have the following rights of which he or she shall be informed prior to being questioned:

   (a) To be informed, prior to being questioned, that there are grounds to believe that he or she has committed a crime within the jurisdiction of the Court;

   (b) To remain silent, without such silence being a consideration in the determination of guilt or innocence;

   (c) To have legal assistance of the person's choosing, or, if the person does not have legal assistance, to have legal assistance assigned to him or her, in any case where the interests of justice so require, and without payment by the person in any such case if the person does not have sufficient means to pay for it; and

   (d) To be questioned in the presence of counsel unless the person has voluntarily waived his or her right to counsel.

Article 56

Role of the Pre-Trial Chamber in relation to a unique investigative opportunity

1. (a) Where the Prosecutor considers an investigation to present a unique opportunity to take testimony or a statement from a witness or to examine, collect or test evidence, which may not be available subsequently for the purposes of a trial, the Prosecutor shall so inform the Pre-Trial Chamber.

   (b) In that case, the Pre-Trial Chamber may, upon request of the Prosecutor, take such measures as may be necessary to ensure the efficiency and integrity of the proceedings and, in particular, to protect the rights of the defence.

   (c) Unless the Pre-Trial Chamber orders otherwise, the Prosecutor shall provide the relevant information to the person who has been arrested or appeared in response to a summons in connection with the investigation referred to in

honum sé unnt að koma að sjónarmiðum sínum í málinu.

2. Ráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 1. mgr., geta meðal annars verið sem hér segir:
   a) að setja fram tilmæli eða fyrirmæli um málsmeðferðina sem fylgja skal;
   b) að fyrirskipa að færð sé bók um réttarhöldin;
   c) að tilnefna sérfræðing til aðstoðar;
   d) að heimila verjanda manns, sem hefur verið handtekinn eða sótt hefur dómþing í tilefni kvaðningar, að taka þátt eða, þegar ekki hefur enn orðið af slíkri handtöku eða sókn í tilefni kvaðningar eða enginn verjandi verið skipaður, að skipa annan verjanda til að vera viðstaddur og gæta hagsmuna varnaraðila;
   e) að tilnefna einn dómara sinna eða, ef þörf krefur, annan dómara úr forréttardeild eða réttardeild til að fylgjast með og setja fram tilmæli eða fyrirmæli um söfnun og varðveislu sönnunargagna og yfirheyrslur;
   f) að gera aðrar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til þess að safna sönnunargögnum eða varðveita þau.

3. a) Hafi saksóknari ekki óskað eftir því að gerðar séu ráðstafanir samkvæmt þessari grein en forréttarstofa telur að slíkt sé nauðsynlegt til þess að varðveita sönnunargögn, sem hún telur vera mikilvæg fyrir varnaraðila við dómsmeðferð, skal hún ráðfæra sig við saksóknara um hvort gildar ástæður hafi verið fyrir því að hann óskaði ekki eftir að slíkar ráðstafanir væru gerðar. Komist forréttarstofa að þeirri niðurstöðu, að því loknu, að ekki séu réttmætar ástæður fyrir því að saksóknari lét hjá líða að gera viðkomandi ráðstafanir getur forréttarstofa gert slíkar ráðstafanir að eigin frumkvæði.
   b) Saksóknari getur áfrýjað ákvörðun forréttarstofu um að aðhafast að eigin frumkvæði samkvæmt þessari málsgrein. Áfrýjunin skal fá flýtimeðferð.

4. Um heimild til framlagningar sönnunargagna, sem hafa verið varðveitt eða hefur verið aflað vegna dómsmeðferðarinnar samkvæmt þessari grein, eða skráningu þeirra, fer, við dómsmeðferð, eftir ákvæðum 69. gr. og ákveður réttarstofa sönnunargildi þeirra.

subparagraph (a), in order that he or she may be heard on the matter.

2. The measures referred to in paragraph 1 (b) may include:
   (a) Making recommendations or orders regarding procedures to be followed;
   (b) Directing that a record be made of the proceedings;
   (c) Appointing an expert to assist;
   (d) Authorizing counsel for a person who has been arrested, or appeared before the Court in response to a summons, to participate, or where there has not yet been such anarrest or appearance or counsel has not been designated, appointing another counsel to attend and represent the interests of the defence;
   (e) Naming one of its members or, if necessary, another available judge of the Pre-Trial or Trial Division to observe and make recommendations or orders regarding the collection and preservation of evidence and the questioning of persons;
   (f) Taking such other action as may be necessary to collect or preserve evidence.

3. (a) Where the Prosecutor has not sought measures pursuant to this article but the Pre-Trial Chamber considers that such measures are required to preserve evidence that it deems would be essential for the defence at trial, it shall consult with the Prosecutor as to whether there is good reason for the Prosecutor's failure to request the measures. If upon consultation, the Pre-Trial Chamber concludes that the Prosecutor's failure to request such measures is unjustified, the Pre-Trial Chamber may take such measures on its own initiative.

   (b) A decision of the Pre-Trial Chamber to act on its own initiative under this paragraph may be appealed by the Prosecutor. The appeal shall be heard on an expedited basis.

4. The admissibility of evidence preserved or collected for trial pursuant to this article, or the record thereof, shall be governed at trial by article 69, and given such weight as determined by the Trial Chamber.

57. gr.
Störf og valdheimildir forréttarstofu.

1. Forréttarstofa skal starfa í samræmi við ákvæði þessarar greinar, nema kveðið sé á um annað í þessari samþykkt.

2. a) Fyrirmæli eða úrskurðir forréttarstofu skv. 15., 18. og 19. gr., 2. mgr. 54. gr., 7. mgr. 61. gr. og 72. gr. verða að hljóta samþykki meiri hluta dómara við stofuna.

   b) Í öllum öðrum tilvikum getur einn dómari við forréttarstofu innt af hendi þau störf sem kveðið er á um í þessari samþykkt nema kveðið sé á um annað í reglunum um málsmeðferð og sönnun eða meiri hluti forréttarstofu ákveði annað.

3. Auk annarra starfa samkvæmt þessari samþykkt getur forréttarstofa:
   a) gefið út, að beiðni saksóknara, þau fyrirmæli og þær heimildir sem þörf er á vegna rannsóknar;

   b) að beiðni manns, sem hefur verið handtekinn eða hefur sótt dómþing í tilefni kvaðningar skv. 58. gr., gefið út fyrirmæli, þ. á m. um þær ráðstafanir sem um getur í 56. gr., eða leitað samstarfs skv. 9. kafla sem kann að vera nauðsynlegt til þess að aðstoða viðkomandi við að undirbúa vörn sína;
   c) gert ráðstafanir til að vernda fórnarlömb og vitni svo og einkalíf þeirra, ef þörf krefur, varðveita sönnunargögn, vernda menn, sem hafa verið handteknir eða hafa sótt dómþing í tilefni kvaðningar, og varðveita upplýsingar um þjóðaröryggi;

   d) heimilað saksóknara að láta hefja sérstakar rannsóknaraðgerðir á yfirráðasvæði aðildarríkis án þess að hafa tryggt sér samvinnu við það ríki skv. 9. kafla, hafi forréttarstofa ákveðið að í því máli sé ríkið augljóslega ófært um að framkvæma beiðni um samstarf vegna þess að ekki eru fyrir hendi yfirvöld eða aðilar í dómskerfinu sem eru til þess bærir að framkvæma beiðni um samstarf skv. 9. kafla, þó þannig að tillit sé tekið til sjónarmiða viðkomandi ríkis eftir því sem unnt er;

   e) leitað samstarfs við ríki skv. k-lið 1. mgr. 93. gr. um að gera verndarráðstafanir vegna

Article 57
Functions and powers of the Pre-Trial Chamber

1. Unless otherwise provided in this Statute, the Pre-Trial Chamber shall exercise its functions in accordance with the provisions of this article.
2. (a) Orders or rulings of the Pre-Trial Chamber issued under articles 15, 18, 19, 54, paragraph 2, 61, paragraph 7, and 72 must be concurred in by a majority of its judges.
   (b) In all other cases, a single judge of the Pre-Trial Chamber may exercise the functions provided for in this Statute, unless otherwise provided for in the Rules of Procedure and Evidence or by a majority of the Pre-Trial Chamber.
3. In addition to its other functions under this Statute, the Pre-Trial Chamber may:
   (a) At the request of the Prosecutor, issue such orders and warrants as may be required for the purposes of an investigation;
   (b) Upon the request of a person who has been arrested or has appeared pursuant to a summons under article 58, issue such orders, including measures such as those described in article 56, or seek such cooperation pursuant to Part 9 as may be necessary to assist the person in the preparation of his or her defence;
   (c) Where necessary, provide for the protection and privacy of victims and witnesses, the preservation of evidence, the protection of persons who have been arrested or appeared in response to a summons, and the protection of national security information;
   (d) Authorize the Prosecutor to take specific investigative steps within the territory of a State Party without having secured the cooperation of that State under Part 9 if, whenever possible having regard to the views of the State concerned, the Pre-Trial Chamber has determined in that case that the State is clearly unable to execute a request for cooperation due to the unavailability of any authority or any component of its judicial system competent to execute the request for cooperation under Part 9.
   (e) Where a warrant of arrest or a summons has been issued under article 58, and

eignaupptöku, einkum vegna hagsmuna fórnarlamba, þegar handtökuskipun eða kvaðning hefur verið gefin út skv. 58. gr. og að teknu tilhlýðilegu tilliti til styrkleika sönnunargagnanna og réttinda viðkomandi aðila eins og kveðið er á um í þessari samþykkt og reglunum um málsmeðferð og sönnun.

58. gr.
Útgáfa forréttarstofu á handtökuskipun eða kvaðningu.

1. Hvenær sem er eftir að rannsókn er hafin skal forréttarstofa, að beiðni saksóknara, gefa út handtökuskipun, eftir að hafa athugað beiðnina og sönnunargögnin eða aðrar upplýsingar sem saksóknari hefur lagt fram, hafi hún sannfærst um:

   a) að gild rök séu til að ætla að maðurinn hafi framið glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins; og
   b) að handtaka mannsins virðist nauðsynleg:

      i) til að tryggja að maðurinn verði viðstaddur dómsmeðferð;
      ii) til að tryggja að maðurinn hindri ekki eða stofni rannsókninni eða dómsmeðferðinni í tvísýnu; eða
      iii) þar sem við á, til að koma í veg fyrir að maðurinn haldi áfram að fremja þennan glæp eða annan glæp, sem tengist honum og fellur undir lögsögu dómstólsins, sem gerist við sömu aðstæður.

2. Í beiðni saksóknara skal eftirfarandi koma fram:
   a) nafn viðkomandi manns og aðrar upplýsingar sem máli skipta til að staðfesta hver hann er;
   b) nákvæm tilvísun í glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins og manninum er gefið að sök að hafa framið;
   c) nákvæm samantekt um þau atvik sem ætlað er að feli í sér slíka glæpi;
   d) skrá yfir þau sönnunargögn og aðrar upplýsingar sem sýna að gild rök séu til þess að ætla að viðkomandi hafi framið þessa glæpi; og
   e) ástæður þess að saksóknari telur nauðsynlegt að handtaka manninn.
3. Í handtökuskipuninni skal eftirfarandi koma fram:

having due regard to the strength of the evidence and the rights of the parties concerned, as provided for in this Statute and the Rules of Procedure and Evidence, seek the cooperation of States pursuant to article 93, paragraph 1 (k), to take protective measures for the purpose of forfeiture, in particular for the ultimate benefit of victims.

Article 58
Issuance by the Pre-Trial Chamber of a warrant of arrest or a summons to appear

1. At any time after the initiation of an investigation, the Pre-Trial Chamber shall, on the application of the Prosecutor, issue a warrant of arrest of a person if, having examined the application and the evidence or other information submitted by the Prosecutor, it is satisfied that:
   (a) There are reasonable grounds to believe that the person has committed a crime within the jurisdiction of the Court; and
   (b) The arrest of the person appears necessary:
      (i) To ensure the person's appearance at trial;
      (ii) To ensure that the person does not obstruct or endanger the investigation or the court proceedings; or
      (iii) Where applicable, to prevent the person from continuing with the commission of that crime or a related crime which is within the jurisdiction of the Court and which arises out of the same circumstances.
2. The application of the Prosecutor shall contain:
   (a) The name of the person and any other relevant identifying information;

   (b) A specific reference to the crimes within the jurisdiction of the Court which the person is alleged to have committed;
   (c) A concise statement of the facts which are alleged to constitute those crimes;
   (d) A summary of the evidence and any other information which establish reasonable grounds to believe that the person committed those crimes; and
   (e) The reason why the Prosecutor believes that the arrest of the person is necessary.
3. The warrant of arrest shall contain:

a) nafn viðkomandi manns og aðrar upplýsingar sem máli skipta til að staðfesta hver hann er;
b) nákvæm tilvísun í þá glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins og leitað er eftir að handaka manninn fyrir; og
c) nákvæm samantekt um þau atvik sem ætlað er að feli í sér slíka glæpi.

4. Handtökuskipunin skal gilda þar til dómstóllinn ákveður annað.
5. Á grundvelli handtökuskipunarinnar getur dómstóllinn krafist handtöku og gæslu eða handtöku og afhendingar manns skv. 9. kafla.

6. Saksóknari getur óskað þess að forréttarstofa breyti handtökuskipun með því að breyta verknaðarlýsingu glæpanna eða bæta fleiri glæpum við. Forréttarstofa skal breyta handtökuskipuninni ef hún telur sýnt að gild rök séu til að ætla að maðurinn hafi framið þá glæpi sem falla undir breytta verknaðarlýsingu eða var bætt við.
7. Í stað þess að leita eftir handtökuskipun getur saksóknari óskað eftir því að forréttarstofa kveðji manninn fyrir dóm. Ef forréttarstofa telur sýnt að gild rök séu til að ætla að maðurinn hafi framið ætlaðan glæp og að kvaðning nægi til þess að tryggja að hann komi fyrir dóm skal hún gefa út kvaðningu, með eða án skilyrða sem takmarka frelsi hans (á annan hátt en með varðhaldi) ef kveðið er á um slíkt í landslögum. Í kvaðningunni skal eftirfarandi koma fram:

a) nafn viðkomandi manns og aðrar upplýsingar sem máli skipta til að staðfesta hver hann er;
b) dagurinn sem viðkomandi er kvaddur fyrir dóm;
c) nákvæm tilvísun í glæpi sem falla undir lögsögu dómstólsins og ætlað er að maðurinn hafi framið; og
d) nákvæm samantekt um þau atvik sem ætlað er að feli í sér glæpinn.

Kvaðningin skal birt viðkomandi manni.

59. gr.

Málsmeðferð við handtöku í gæsluríkinu.

1. Aðildarríki, sem hefur fengið beiðni um handtöku og gæslu eða handtöku og afhendingu, skal þegar í stað gera ráðstafanir til þess að handtaka viðkomandi í samræmi við landslög og ákvæði 9. kafla.

(a) The name of the person and any other relevant identifying information;

(b) A specific reference to the crimes within the jurisdiction of the Court for which the person's arrest is sought; and
(c) A concise statement of the facts which are alleged to constitute those crimes.

4. The warrant of arrest shall remain in effect until otherwise ordered by the Court.
5. On the basis of the warrant of arrest, the Court may request the provisional arrest or the arrest and surrender of the person under Part 9.
6. The Prosecutor may request the Pre-Trial Chamber to amend the warrant of arrest by modifying or adding to the crimes specified therein. The Pre-Trial Chamber shall so amend the warrant if it is satisfied that there are reasonable grounds to believe that the person committed the modified or additional crimes.
7. As an alternative to seeking a warrant of arrest, the Prosecutor may submit an application requesting that the Pre-Trial Chamber issue a summons for the person to appear. If the Pre-Trial Chamber is satisfied that there are reasonable grounds to believe that the person committed the crime alleged and that a summons is sufficient to ensure the person's appearance, it shall issue the summons, with or without conditions restricting liberty (other than detention) if provided for by national law, for the person to appear. The summons shall contain:
(a) The name of the person and any other relevant identifying information;

(b) The specified date on which the person is to appear;
(c) A specific reference to the crimes within the jurisdiction of the Court which the person is alleged to have committed; and
(d) A concise statement of the facts which are alleged to constitute the crime.

The summons shall be served on the person.

Article 59

Arrest proceedings in the custodial State

1. A State Party which has received a request for provisional arrest or for arrest and surrender shall immediately take steps to arrest the person in question in accordance with its laws and the provisions of Part 9.

2. Maður, sem er handtekinn, skal þegar í stað leiddur fyrir lögbært dómsvald í gæsluríkinu sem skal ákveða í samræmi við landslög:

   a) hvort handtökuskipunin eigi við manninn;
   b) hvort maðurinn hafi verið handtekinn í samræmi við lögmæta málsmeðferð; og
   c) hvort réttindi mannsins hafi verið virt.
3. Maður, sem hefur verið handtekinn, skal eiga rétt á að óska eftir því við lögbært yfirvald í gæsluríkinu að hann verði leystur úr haldi tímabundið þar til hann verður afhentur.
3. Nothing in this article shall prejudice the requirements of confidentiality applicable under article 54, paragraph 3 (e) and (f), or the application of article 73.
4. If a State learns that information or documents of the State are being, or are likely to be, disclosed at any stage of the proceedings, and it is of the opinion that disclosure would prejudice its national security interests, that State shall have the right to intervene in order to obtain resolution of the issue in accordance with this article.
5. If, in the opinion of a State, disclosure of information would prejudice its national security interests, all reasonable steps will be taken by the State, acting in conjunction with the Prosecutor, the defence or the Pre-Trial Chamber or Trial Chamber, as the case may be, to seek to resolve the matter by cooperative means. Such steps may include:
   (a) Modification or clarification of the request;
   (b) A determination by the Court regarding the relevance of the information or evidence sought, or a determination as to whether the evidence, though relevant, could be or has been obtained from a source other than the requested State;
   (c) Obtaining the information or evidence from a different source or in a different form; or
   (d) Agreement on conditions under which the assistance could be provided including,

talið með því að útvega samantektir eða umskrifaða útdrætti, takmarka framlagningu, halda dómþing fyrir luktum dyrum (in camera) eða einhliða (ex parte) eða með öðrum verndarráðstöfunum sem heimilar eru samkvæmt þessari samþykkt og reglunum um málsmeðferð og sönnun.

6. Þegar allar réttmætar ráðstafanir hafa verið gerðar til að leysa málið með samstarfi og ríkið telur að það geti ekki með neinu móti eða neinum skilyrðum veitt eða lagt fram upplýsingarnar eða skjölin án þess að skaða öryggishagsmuni sína skal ríkið tilkynna saksóknara eða dómstólnum um það og lýsa nánar ástæðunum fyrir ákvörðun sinni, nema nánari lýsing á ástæðunum myndi óhjákvæmilega skaða öryggishagsmuni ríkisins.

7. Ef dómstóllinn ákvarðar, eftir þetta, að sönnunargögnin skipti máli og séu nauðsynleg til þess að skera úr um sekt eða sakleysi ákærða getur dómstóllinn gert eftirfarandi ráðstafanir:
   a) ef leitað er eftir framlagningu upplýsinganna eða skjalsins í tengslum við beiðni um samstarf skv. 9. kafla eða vegna aðstæðna sem lýst er í 2. mgr. og ríkið hefur borið fyrir sig þá ástæðu fyrir synjuninni sem um getur í 4. mgr. 93. gr.:
      i) getur dómstóllinn, áður en sú niðurstaða fæst sem um getur í ii-lið a-liðar 7. mgr. og í því skyni að taka til athugunar athugasemdir ríkisins, óskað frekara samráðs um ráðstafanir eins og að halda dómþing fyrir luktum dyrum (in camera) eða einhliða (ex parte), eftir því sem við á;
      ii) getur dómstóllinn, ef hann kemst að þeirri niðurstöðu að með því að bera fyrir sig ástæðu fyrir synjun skv. 4. mgr. 93. gr. hafi ríkið sem beiðni er beint til ekki, eins og málið er vaxið, rækt skuldbindingar sínar samkvæmt þessari samþykkt, vísað málinu áfram í samræmi við 7. mgr. 87. gr. og tilgreint nánar ástæðurnar fyrir niðurstöðu sinni; og
      iii) getur dómstóllinn, við dómsmeðferð gegn ákærða, dregið þær ályktanir sem hann telur við eiga við fyrirliggjandi aðstæður um hvort staðreyndir séu fyrir hendi eða ekki; eða
   b) við allar aðrar aðstæður:
      i) getur dómstóllinn fyrirskipað framlagningu; eða

among other things, providing summaries or redactions, limitations on disclosure, use of in camera or ex parte proceedings, or other protective measures permissible under the Statute and the Rules of Procedure and Evidence.

6. Once all reasonable steps have been taken to resolve the matter through cooperative means, and if the State considers that there are no means or conditions under which the information or documents could be provided or disclosed without prejudice to its national security interests, it shall so notify the Prosecutor or the Court of the specific reasons for its decision, unless a specific description of the reasons would itself necessarily result in such prejudice to the State's national security interests.

7. Thereafter, if the Court determines that the evidence is relevant and necessary for the establishment of the guilt or innocence of the accused, the Court may undertake the following actions:
   (a) Where disclosure of the information or document is sought pursuant to a request for cooperation under Part 9 or the circumstances described in paragraph 2, and the State has invoked the ground for refusal referred to in article 93, paragraph 4:
      (i) The Court may, before making any conclusion referred to in subparagraph 7 (a) (ii), request further consultations for the purpose of considering the State's representations, which may include, as appropriate, hearings in camera and ex parte;
      (ii) If the Court concludes that, by invoking the ground for refusal under article 93, paragraph 4, in the circumstances of the case, the requested State is not acting in accordance with its obligations under this Statute, the Court may refer the matter in accordance with article 87, paragraph 7, specifying the reasons for its conclusion; and
      (iii) The Court may make such inference in the trial of the accused as to the existence or non-existence of a fact, as may be appropriate in the circumstances; or
   (b) In all other circumstances:
      (i) Order disclosure; or

ii) fyrirskipi hann ekki framlagningu getur hann, við dómsmeðferð gegn ákærða, dregið þær ályktanir sem hann telur við eiga við fyrirliggjandi aðstæður um hvort staðreyndir séu fyrir hendi eða ekki.

(ii) To the extent it does not order disclosure, make such inference in the trial of the accused as to the existence or non-existence of a fact, as may be appropriate in the circumstances.

73. gr.

Upplýsingar eða skjöl frá þriðja aðila.

Ef aðildarríki fær beiðni frá dómstólnum um að láta í té skjal eða upplýsingar, sem eru í vörslu þess eða eigu eða eru á valdi þess og voru fengin í trúnaði frá ríki, milliríkjastofnun eða alþjóðastofnun, skal aðildarríkið leita eftir samþykki viðkomandi ríkis eða stofnunar fyrir því að leggja fram skjalið eða upplýsingarnar. Ef þessi þriðji aðili er aðildarríki skal hann annaðhvort samþykkja framlagningu upplýsinganna eða skjalsins eða gera ráðstafanir til að leysa málið varðandi framlagninguna ásamt dómstólnum, með fyrirvara um ákvæði 72. gr. Ef þessi þriðji aðili er ekki aðildarríki og neitar að samþykkja framlagningu skal ríkið, sem beiðni er beint til, tilkynna dómstólnum að það geti ekki lagt fram skjalið eða upplýsingarnar vegna fyrri skuldbindinga um trúnað við þennan þriðja aðila.

Article 73

Third-party information or documents

If a State Party is requested by the Court to provide a document or information in its custody, possession or control, which was disclosed to it in confidence by a State, intergovernmental organization or international organization, it shall seek the consent of the originator to disclose that document or information. If the originator is a State Party, it shall either consent to disclosure of the information or document or undertake to resolve the issue of disclosure with the Court, subject to the provisions of article 72. If the originator is not a State Party and refuses to consent to disclosure, the requested State shall inform the Court that it is unable to provide the document or information because of a pre-existing obligation of confidentiality to the originator.

74. gr.

Reglur um dómsákvörðun.

1. Allir dómarar réttarstofu skulu vera viðstaddir á öllum stigum dómsmeðferðarinnar í öllum umræðum. Dómstjórnin getur í hverju einstöku máli tilnefnt til vara, eftir því hverjir eru til taks, einn eða fleiri dómara sem skulu vera viðstaddir á öllum stigum dómsmeðferðarinnar og koma í stað dómara réttarstofu ef einhver þeirra getur ekki lengur verið viðstaddur.
2. Dómur réttarstofu skal byggður á mati hennar á sönnunargögnunum og á dómsmeðferðinni í heild. Dómurinn skal ekki ná lengra en staðreyndir og aðstæður, sem lýst er í ákærunni og hugsanlegum breytingum á henni, gefa tilefni til. Dómstóllinn getur einungis byggt dóm sinn á sönnunargögnum sem lögð eru fram og fjallað er um við dómsmeðferðina.
3. Dómararnir skulu leitast við að taka samhljóða ákvörðun en að öðrum kosti ræður meiri hluti atkvæða.
4. Umræður í réttarstofu skulu vera leynilegar.
5. Dómur skal vera skriflegur og hafa að geyma ítarlega og rökstudda greinargerð réttarstofu um athuganir hennar á sönnunargögnum og

Article 74

Requirements for the decision

1. All the judges of the Trial Chamber shall be present at each stage of the trial and throughout their deliberations. The Presidency may, on a case-by-case basis, designate, as available, one or more alternate judges to be present at each stage of the trial and to replace a member of the Trial Chamber if that member is unable to continue attending.
2. The Trial Chamber's decision shall be based on its evaluation of the evidence and the entire proceedings. The decision shall not exceed the facts and circumstances described in the charges and any amendments to the charges. The Court may base its decision only on evidence submitted and discussed before it at the trial.
3. The judges shall attempt to achieve unanimity in their decision, failing which the decision shall be taken by a majority of the judges.
4. The deliberations of the Trial Chamber shall remain secret.
5. The decision shall be in writing and shall contain a full and reasoned statement of the Trial Chamber's findings on the evidence and

niðurstöðum. Réttarstofa skal kveða upp einn dóm. Ef ekki er um samhljóða niðurstöðu að ræða skulu í dóminum koma fram sjónarmið meiri hlutans og minni hlutans. Dómurinn eða samantekt hans skal kveðin upp í heyranda hljóði.

75. gr.

Skaðabætur til fórnarlamba.

1. Dómstóllinn skal setja meginreglur um skaðabætur til fórnarlamba eða vegna þeirra, þar með talið endurafhending, bótagreiðslur og endurhæfing. Á þeim grundvelli getur dómstóllinn, annaðhvort samkvæmt beiðni eða að eigin frumkvæði við sérstakar aðstæður, ákvarðað gildissvið og umfang tjóns, taps eða skaða fórnarlamba eða vegna þeirra og tilgreint þær meginreglur sem hann byggir ákvörðun sína á.
2. Dómstóllinn getur gefið út fyrirmæli beint til sakfellds manns þar sem tilgreindar eru viðeigandi skaðabætur til fórnarlamba eða vegna þeirra sem geta meðal annars falist í endurafhendingu, bótagreiðslum og endurhæfingu. Dómstóllinn getur mælt svo fyrir, þar sem við á, að greiðsla skaðabóta fari um sjóðinn sem kveðið er á um í 79. gr.
3. Áður en dómstóllinn gefur fyrirmæli samkvæmt þessari grein getur hann lýst eftir og ber að taka tillit til sjónarmiða hins dæmda og fórnarlambanna, eða fulltrúa þeirra, og annarra einstaklinga eða ríkja sem eiga hagsmuna að gæta.
4. Þegar dómstóllinn beitir valdheimildum sínum samkvæmt þessari grein getur hann, eftir að maður hefur verið dæmdur fyrir glæp sem fellur undir lögsögu dómstólsins, ákveðið hvort nauðsynlegt sé að leita eftir því að gerðar séu ráðstafanir skv. 1. mgr. 93. gr. til þess að fyrirmæli, sem dómstóllinn gefur samkvæmt þessari grein, komi til framkvæmda.
5. Aðildarríki skal láta ákvörðun samkvæmt þessari grein koma til framkvæmda eins og ákvæði 109. gr. giltu um þessa grein.
6. Ekkert í þessari grein skal túlkað þannig að það skerði réttindi fórnarlamba samkvæmt landslögum eða þjóðarétti.

76. gr.

Dómsuppkvaðning og ákvörðun refsingar.

1. Ef um sakfellingu er að ræða skal réttarstofa íhuga hver sé hæfileg refsing og taka tillit til þeirra sönnunargagna, sem lögð hafa verið fram, og þeirra athugasemda sem fram hafa

conclusions. The Trial Chamber shall issue one decision. When there is no unanimity, the Trial Chamber's decision shall contain the views of the majority and the minority. The decision or a summary thereof shall be delivered in open court.

Article 75

Reparations to victims

1. The Court shall establish principles relating to reparations to, or in respect of, victims, including restitution, compensation and rehabilitation. On this basis, in its decision the Court may, either upon request or on its own motion in exceptional circumstances, determine the scope and extent of any damage, loss and injury to, or in respect of, victims and will state the principles on which it is acting.
2. The Court may make an order directly against a convicted person specifying appropriate reparations to, or in respect of, victims, including restitution, compensation and rehabilitation.
   Where appropriate, the Court may order that the award for reparations be made through the Trust Fund provided for in article 79.
3. Before making an order under this article, the Court may invite and shall take account of representations from or on behalf of the convicted person, victims, other interested persons or interested States.
4. In exercising its power under this article, the Court may, after a person is convicted of a crime within the jurisdiction of the Court, determine whether, in order to give effect to an order which it may make under this article, it is necessary to seek measures under article 93, paragraph 1.
5. A State Party shall give effect to a decision under this article as if the provisions of article 109 were applicable to this article.
6. Nothing in this article shall be interpreted as prejudicing the rights of victims under national or international law.

Article 76

Sentencing

1. In the event of a conviction, the Trial Chamber shall consider the appropriate sentence to be imposed and shall take into account the evidence presented and submissions made

komið við dómsmeðferðina og máli skipta við ákvörðun refsingar.

2. Að frátöldum tilvikum þegar 65. gr. á við og áður en dómsmeðferðinni lýkur er réttarstofu heimilt, að eigin frumkvæði, en er það skylt að beiðni saksóknara eða ákærða, að halda nýtt dómþing til að kynna sér öll viðbótarsönnunargögn eða athugasemdir er skipta máli við ákvörðun refsingar í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.
3. Þegar 2. mgr. á við skulu sjónarmið, sem fram koma skv. 75. gr., sett fram á hinu nýja dómþingi sem um getur í 2. mgr. og, ef þörf krefur, á sérhverju nýju dómþingi.
4. Dómurinn skal kveðinn upp í heyranda hljóði og, ef unnt er, að ákærða viðstöddum.

7. kafli: Viðurlög.

77. gr.

Viðurlög sem beita má.

1. Með fyrirvara um 110. gr. getur dómstóllinn dæmt mann, sem hefur verið sakfelldur fyrir glæp sem tilgreindur er í 5. gr. þessarar samþykktar, til refsingar sem hér segir:
   a) fangelsi í tiltekinn árafjölda, þó ekki lengur en í 30 ár; eða

   b) lífstíðarfangelsi ef grófleiki glæpsins og persónulegar aðstæður hins sakfellda réttlæta það.

2. Auk fangelsisvistar getur dómstóllinn mælt fyrir um:
   a) sektir samkvæmt þeim viðmiðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun;
   b) upptöku hagnaðar og eigna sem fengnar eru beint eða óbeint með umræddum glæp, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú.

78. gr.

Ákvörðun refsingar.

1. Við ákvörðun refsingar skal dómstóllinn, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, taka tillit til atriða eins og grófleika glæpsins og persónulegra aðstæðna hins sakfellda.
2. Þegar dómstóllinn dæmir mann til fangelsisrefsingar skal draga frá, ef við á, þann tíma sem hann hefur áður setið í haldi í samræmi við fyrirmæli dómstólsins. Dómstóllinn getur

during the trial that are relevant to the sentence.

2. Except where article 65 applies and before the completion of the trial, the Trial Chamber may on its own motion and shall, at the request of the Prosecutor or the accused, hold a further hearing to hear any additional evidence or submissions relevant to the sentence, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.
3. Where paragraph 2 applies, any representations under article 75 shall be heard during the further hearing referred to in paragraph 2 and, if necessary, during any additional hearing.
4. The sentence shall be pronounced in public and, wherever possible, in the presence of the accused.

PART 7. PENALTIES

Article 77

Applicable penalties

1. Subject to article 110, the Court may impose one of the following penalties on a person convicted of a crime referred to in article 5 of this Statute:
   (a) Imprisonment for a specified number of years, which may not exceed a maximum of 30 years; or
   (b) A term of life imprisonment when justified by the extreme gravity of the crime and the individual circumstances of the convicted person.
2. In addition to imprisonment, the Court may order:
   (a) A fine under the criteria provided for in the Rules of Procedure and Evidence;

   (b) A forfeiture of proceeds, property and assets derived directly or indirectly from that crime, without prejudice to the rights of bona fide third parties.

Article 78

Determination of the sentence

1. In determining the sentence, the Court shall, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence, take into account such factors as the gravity of the crime and the individual circumstances of the convicted person.
2. In imposing a sentence of imprisonment, the Court shall deduct the time, if any, previously spent in detention in accordance with an order of the Court. The Court may deduct any

dregið frá allan þann tíma sem viðkomandi kann annars að hafa setið í nauðungarvist fyrir athæfi sem tengist glæpnum.

3. Ef maður hefur verið sakfelldur fyrir fleiri en einn glæp skal dómstóllinn ákvarða refsingu fyrir hvern glæp um sig og heildardóm fyrir þá alla saman þar sem tiltekinn er heildartími fangelsisvistar. Sá tími skal eigi vera skemmri en lengsta einstök refsing sem ákvörðuð var og eigi lengri en 30 ára fangelsi eða lífstíðarfangelsi í samræmi við b-lið 1. mgr. 77. gr.

time otherwise spent in detention in connection with conduct underlying the crime.

3. When a person has been convicted of more than one crime, the Court shall pronounce a sentence for each crime and a joint sentence specifying the total period of imprisonment. This period shall be no less than the highest individual sentence pronounced and shall not exceed 30 years imprisonment or a sentence of life imprisonment in conformity with article 77, paragraph 1 (b).

79. gr.
Sjóður.

1. Stofna skal sjóð með ákvörðun þings aðildarríkjanna til styrktar fórnarlömbum glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins og fjölskyldum þeirra.

2. Dómstóllinn getur mælt svo fyrir að peningar og aðrar eignir, sem fást með sektum eða eignaupptöku, skuli færðar í sjóðinn að fyrirmælum dómstólsins.
3. Sjóðnum skal stjórnað í samræmi við viðmiðunarreglur sem þing aðildarríkjanna tekur ákvörðun um.

Article 79
Trust Fund

1. A Trust Fund shall be established by decision of the Assembly of States Parties for the benefit of victims of crimes within the jurisdiction of the Court, and of the families of such victims.
2. The Court may order money and other property collected through fines or forfeiture to be transferred, by order of the Court, to the Trust Fund.
3. The Trust Fund shall be managed according to criteria to be determined by the Assembly of States Parties.

80. gr.
Engin áhrif á beitingu viðurlaga í einstökum ríkjum né að landsrétti þeirra.

Ekkert sem fram kemur í þessum kafla hefur áhrif á beitingu ríkja á viðurlögum sem mælt er fyrir um í landsrétti þeirra, né á landsrétt ríkja sem kveða ekki á um viðurlög sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

Article 80
Non-prejudice to national application of penalties and national laws

Nothing in this Part affects the application by States of penalties prescribed by their national law, nor the law of States which do not provide for penalties prescribed in this Part.

8. kafli: Áfrýjun og endurupptaka.

81. gr.
Áfrýjun dóms um sýknu, sakfellingu eða refsingu.

1. Heimilt er að áfrýja ákvörðun skv. 74. gr. í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun sem hér segir:
   a) Saksóknari getur áfrýjað af einhverri af eftirfarandi ástæðum:
      i) mistök í málsmeðferð,
      ii) staðreyndavilla, eða
      iii) lögvilla.
   b) Hinn sakfelldi, eða saksóknari fyrir hans hönd, getur áfrýjað af einhverri af eftirfarandi ástæðum:
      i) mistök í málsmeðferð,
      ii) staðreyndavilla,

PART 8. APPEAL AND REVISION

Article 81
Appeal against decision of acquittal or conviction or against sentence

1. A decision under article 74 may be appealed in accordance with the Rules of Procedure and Evidence as follows:
   (a) The Prosecutor may make an appeal on any of the following grounds:
      (i) Procedural error,
      (ii) Error of fact, or
      (iii) Error of law;
   (b) The convicted person, or the Prosecutor on that person's behalf, may make an appeal on any of the following grounds:
      (i) Procedural error,
      (ii) Error of fact,

iii) lögvilla, eða
iv) af hvers konar ástæðum öðrum sem hafa áhrif á réttlæti eða áreiðanleika dómsmeðferðarinnar eða dómsákvörðunarinnar.

2. a) Saksóknara eða hinum sakfellda er heimilt, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun, að áfrýja dómi á þeim forsendum að ekki sé samræmi á milli glæpsins og refsingarinnar.

b) Telji dómstóllinn þegar dómi um refsingu er áfrýjað að forsendur séu fyrir því að hnekkja sakfellingu að hluta eða í heild getur hann boðið saksóknara og hinum sakfellda að tilgreina ástæður skv. a- eða b-lið 1. mgr. 81. gr. og getur tekið ákvörðun um sakfellingu í samræmi við 83. gr.

c) Sama málsmeðferð gildir þegar dómi um sakfellingu eingöngu er áfrýjað og dómstóllinn telur að forsendur séu fyrir refsilækkun skv. a-lið 2. mgr.

3. a) Sakfelldur maður skal sitja í haldi meðan á áfrýjun stendur nema réttarstofa fyrirskipi annað.

b) Ef sakfelldur maður situr lengur í haldi en fangelsisdómur segir til um skal hann leystur úr haldi en lausn getur verið bundin skilyrðum skv. c-lið hér á eftir ef saksóknari áfrýjar einnig.

c) Ef ákærði er sýknaður skal hann þegar í stað leystur úr haldi með fyrirvara um eftirfarandi:
i) við sérstakar aðstæður, meðal annars með hliðsjón af raunverulegri hættu á því að viðkomandi reyni að komast undan, alvarleika glæpsins sem ákært er fyrir og líkum á því að áfrýjun beri árangur, getur réttarstofa, að beiðni saksóknara, haft viðkomandi áfram í haldi meðan á áfrýjuninni stendur;
ii) ákvörðun réttarstofu skv. i-lið c-liðar má áfrýja í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

4. Með fyrirvara um ákvæði a- og b-liða 3. mgr. skal fresta framkvæmd dóms eða refsingar svo lengi sem áfrýjunarfresturinn gildir og meðan á áfrýjun stendur.

(iii) Error of law, or
(iv) Any other ground that affects the fairness or reliability of the proceedings or decision.

2. (a) A sentence may be appealed, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence, by the Prosecutor or the convicted person on the ground of disproportion between the crime and the sentence;

(b) If on an appeal against sentence the Court considers that there are grounds on which the conviction might be set aside, wholly or in part, it may invite the Prosecutor and the convicted person to submit grounds under article 81, paragraph 1 (a) or (b), and may render a decision on conviction in accordance with article 83;

(c) The same procedure applies when the Court, on an appeal against conviction only, considers that there are grounds to reduce the sentence under paragraph 2 (a).

3. (a) Unless the Trial Chamber orders otherwise, a convicted person shall remain in custody pending an appeal;

(b) When a convicted person's time in custody exceeds the sentence of imprisonment imposed, that person shall be released, except that if the Prosecutor is also appealing, the release may be subject to the conditions under subparagraph (c) below;

(c) In case of an acquittal, the accused shall be released immediately, subject to the following:
(i) Under exceptional circumstances, and having regard, inter alia, to the concrete risk of flight, the seriousness of the offence charged and the probability of success on appeal, the Trial Chamber, at the request of the Prosecutor, may maintain the detention of the person pending appeal;
(ii) A decision by the Trial Chamber under subparagraph (c) (i) may be appealed in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

4. Subject to the provisions of paragraph 3 (a) and (b), execution of the decision or sentence shall be suspended during the period allowed for appeal and for the duration of the appeal proceedings.

82. gr.

Áfrýjun annarra ákvarðana.

1. Báðir aðilar geta áfrýjað eftirfarandi ákvörðunum í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun:
   a) ákvörðun um lögsögu dómstólsins eða hvort mál sé tækt til meðferðar;
   b) ákvörðun um að veita manni, sem sætir rannsókn eða saksókn, lausn úr haldi eða synja honum um hana;
   c) ákvörðun forréttarstofu um að hafast að skv. 3. mgr. 56. gr. að eigin frumkvæði;
   d) ákvörðun er varðar mál sem er þess eðlis að það hefði umtalsverð áhrif á að dómsmeðferð sé réttlát og skjót eða á niðurstöður hennar, enda gæti tafarlaus ákvörðun áfrýjunarstofu, að áliti forréttarstofu eða réttarstofu, bætt málsmeðferðina verulega.
2. Viðkomandi ríki eða saksóknari getur, að fengnu leyfi forréttarstofu, áfrýjað ákvörðun forréttarstofu skv. d-lið 3. mgr. 57. gr. Áfrýjunin skal fá flýtimeðferð.
3. Áfrýjun skal ekki í sjálfu sér hafa áhrif til frestunar nema áfrýjunarstofa mæli svo fyrir, að fenginni beiðni, í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.
4. Lögmaður fórnarlambanna, hins sakfellda eða eiganda eignar í góðri trú, sem fyrirmæli skv. 75. gr. hafa skaðað, getur áfrýjað fyrirmælunum í því skyni að fá skaðabætur eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

Article 82

Appeal against other decisions

1. Either party may appeal any of the following decisions in accordance with the Rules of Procedure and Evidence:
   (a) A decision with respect to jurisdiction or admissibility;
   (b) A decision granting or denying release of the person being investigated or prosecuted;
   (c) A decision of the Pre-Trial Chamber to act on its own initiative under article 56, paragraph 3;
   (d) A decision that involves an issue that would significantly affect the fair and expeditious conduct of the proceedings or the outcome of the trial, and for which, in the opinion of the Pre-Trial or Trial Chamber, an immediate resolution by the Appeals Chamber may materially advance the proceedings.
2. A decision of the Pre-Trial Chamber under article 57, paragraph 3 (d), may be appealed against by the State concerned or by the Prosecutor, with the leave of the Pre-Trial Chamber. The appeal shall be heard on an expedited basis.
3. An appeal shall not of itself have suspensive effect unless the Appeals Chamber so orders, upon request, in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.
4. A legal representative of the victims, the convicted person or a bona fide owner of property adversely affected by an order under article 75 may appeal against the order for reparations, as provided in the Rules of Procedure and Evidence.

83. gr.

Málsmeðferð við áfrýjun.

1. Að því er varðar dómsmeðferð skv. 81. gr. og þessari grein skal áfrýjunarstofa hafa sömu valdheimildir og réttarstofa.
2. Ef áfrýjunarstofa telur að dómsmeðferðin, sem er tilefni áfrýjunarinnar, hafi verið órétt lát á þann hátt að haft hafi áhrif á áreiðanleika dómsins eða refsiákvörðunarinnar eða að staðreyndavilla, lögvilla eða mistök í málsmeðferð hafi haft veruleg áhrif á dóminn eða refsiákvörðunina sem er tilefni áfrýjunarinnar getur hún:
   a) fellt dóminn eða refsinguna úr gildi eða kveðið á um breytingar þar á; eða

Article 83

Proceedings on appeal

1. For the purposes of proceedings under article 81 and this article, the Appeals Chamber shall have all the powers of the Trial Chamber.
2. If the Appeals Chamber finds that the proceedings appealed from were unfair in a way that affected the reliability of the decision or sentence, or that the decision or sentence appealed from was materially affected by error of fact or law or procedural error, it may:
   (a) Reverse or amend the decision or sentence; or

b) fyrirskipað nýja dómsmeðferð í annarri réttarstofu.

Í þessu skyni getur áfrýjunarstofa heimvísað álitamáli varðandi efnisatriði til réttarstofunnar sem fór upprunalega með málið og skal réttarstofa taka ákvörðun og gefa skýrslu um málið til hennar eða hún getur sjálf óskað eftir sönnunargögnum til að taka ákvörðun um málið. Þegar hinn sakfelldi, eða saksóknari fyrir hans hönd, hefur áfrýjað dóminum eða refsiákvörðuninni er ekki unnt að gera breytingu hinum sakfellda í óhag.

3. Ef áfrýjunarstofa telur, við áfrýjun refsiákvörðunar, að refsingin sé ekki í réttu hlutfalli við glæpinn getur hún breytt refsingunni í samræmi við 7. kafla.
4. Áfrýjunarstofa skal kveða upp dóm með atkvæðum meiri hluta dómaranna í heyranda hljóði á dómþingi. Í dóminum skal tilgreina forsendur hans. Þegar ekki er um samhljóða niðurstöðu að ræða skulu í dóminum koma fram bæði sjónarmið meiri hlutans og minni hlutans en dómari getur skilað sér atkvæði um lagaleg atriði.

5. Áfrýjunarstofa getur kveðið upp dóm sinn í fjarveru þess sem er sýknaður eða sakfelldur.

(b) Order a new trial before a different Trial Chamber.

For these purposes, the Appeals Chamber may remand a factual issue to the original Trial Chamber for it to determine the issue and to report back accordingly, or may itself call evidence to determine the issue. When the decision or sentence has been appealed only by the person convicted, or the Prosecutor on that person's behalf, it cannot be amended to his or her detriment.

3. If in an appeal against sentence the Appeals Chamber finds that the sentence is disproportionate to the crime, it may vary the sentence in accordance with Part 7.
4. The judgement of the Appeals Chamber shall be taken by a majority of the judges and shall be delivered in open court. The judgement shall state the reasons on which it is based. When there is no unanimity, the judgement of the Appeals Chamber shall contain the views of the majority and the minority, but a judge may deliver a separate or dissenting opinion on a question of law.
5. The Appeals Chamber may deliver its judgement in the absence of the person acquitted or convicted.

84. gr.

Endurupptaka sakfellingar eða refsiákvörðunar.

1. Hinn sakfelldi eða, eftir fráfall hans, maki, börn, foreldrar eða maður, sem var á lífi þegar hinn ákærði lést og hefur fengið skýr skrifleg fyrirmæli frá ákærða um að setja fram slíka kröfu, eða saksóknari fyrir hans hönd, getur leitað eftir endurupptöku endanlegs dóms um sakfellingu eða refsingu við áfrýjunarstofu á eftirfarandi forsendum:

   a) Fundist hafa ný sönnunargögn:
      i) sem ekki lágu fyrir þegar dómsmeðferð fór fram og er þar hvorki með öllu eða að hluta um að kenna þeim sem leggur fram beiðnina; og
      ii) sem eru svo mikilvæg að hefði verið tekið tillit til þeirra við dómsmeðferðina hefðu þau sennilega leitt til annarrar dómsniðurstöðu.
   b) Nýlega hefur uppgötvast að afgerandi sönnunargögn, sem tillit var tekið til við dómsmeðferðina og sakfellingin byggist á, voru svikin eða fölsuð á einn eða annan hátt.

Article 84

Revision of conviction or sentence

1. The convicted person or, after death, spouses, children, parents or one person alive at the time of the accused's death who has been given express written instructions from the accused to bring such a claim, or the Prosecutor on the person's behalf, may apply to the Appeals Chamber to revise the final judgement of conviction or sentence on the grounds that:
   (a) New evidence has been discovered that:
      (i) Was not available at the time of trial, and such unavailability was not wholly or partially attributable to the party making application; and
      (ii) Is sufficiently important that had it been proved at trial it would have been likely to have resulted in a different verdict;
   (b) It has been newly discovered that decisive evidence, taken into account at trial and upon which the conviction depends, was false, forged or falsified;

c) Einn eða fleiri dómarar, sem áttu þátt í sakfellingunni eða staðfestingu ákærunnar, hafa, í þessu máli, framið verknað sem ber að líta á sem alvarlegt misferli eða brot á starfsskyldum sem eru svo alvarleg að þau réttlæta lausn þess dómara eða þeirra dómara úr starfi skv. 46. gr.

2. Áfrýjunarstofa skal hafna beiðninni ef hún telur hana ekki á rökum reista. Ef hún kemst að þeirri niðurstöðu að beiðnin sé á rökum reist getur hún, eftir því sem við á:
   a) kallað upphaflegu réttarstofuna aftur saman;
   b) stofnað nýja réttarstofu; eða
   c) haldið lögsögu í málinu,
   með það fyrir augum að ákvarða hvort dómurinn skuli endurupptekinn, eftir að aðilar hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum á þann hátt sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

(c) One or more of the judges who participated in conviction or confirmation of the charges has committed, in that case, an act of serious misconduct or serious breach of duty of sufficient gravity to justify the removal of that judge or those judges from office under article 46.

2. The Appeals Chamber shall reject the application if it considers it to be unfounded. If it determines that the application is meritorious, it may, as appropriate:
   (a) Reconvene the original Trial Chamber;
   (b) Constitute a new Trial Chamber; or
   (c) Retain jurisdiction over the matter,
   with a view to, after hearing the parties in the manner set forth in the Rules of Procedure and Evidence, arriving at a determination on whether the judgement should be revised.

85. gr.
Skaðabætur til manna sem hafa verið handteknir eða sakfelldir.

1. Hver sá sem hefur verið handtekinn eða hafður í haldi með ólögmætum hætti skal eiga rétt á skaðabótum sem unnt er að fullnusta.
2. Ef maður hefur með endanlegum dómi verið sakfelldur fyrir refsiverðan verknað en dómurinn er síðan felldur úr gildi á þeim forsendum að nýjar eða nýlega framkomnar staðreyndir sýni svo óyggjandi sé að framið hafi verið réttarmorð skal sá sem hefur sætt refsingu vegna slíks dóms fá bætur samkvæmt lögum, nema sannað sé að maðurinn eigi sjálfur sök á því að einhverju eða öllu leyti að hinar ókunnu staðreyndir komu ekki fram á sínum tíma.
3. Við sérstakar aðstæður, þegar dómstóllinn telur að óyggjandi staðreyndir sýni að framið hafi verið alvarlegt og augljóst réttarmorð, getur hann að eigin ákvörðun veitt manni bætur, sem hefur verið sleppt úr haldi eftir að endanlegur dómur um sýknu er upp kveðinn eða eftir að dómsmeðferð lýkur af þessari ástæðu, samkvæmt þeim viðmiðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

Article 85
Compensation to an arrested or convicted person

1. Anyone who has been the victim of unlawful arrest or detention shall have an enforceable right to compensation.
2. When a person has by a final decision been convicted of a criminal offence, and when subsequently his or her conviction has been reversed on the ground that a new or newly discovered fact shows conclusively that there has been a miscarriage of justice, the person who has suffered punishment as a result of such conviction shall be compensated according to law, unless it is proved that the non-disclosure of the unknown fact in time is wholly or partly attributable to him or her.
3. In exceptional circumstances, where the Court finds conclusive facts showing that there has been a grave and manifest miscarriage of justice, it may in its discretion award compensation, according to the criteria provided in the Rules of Procedure and Evidence, to a person who has been released from detention following a final decision of acquittal or a termination of the proceedings for that reason.

9. kafli: Alþjóðasamstarf og réttaraðstoð.

86. gr.

Almenn samstarfsskylda.

Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði þessarar samþykktar, hafa náið samstarf við dómstólinn við rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins.

87. gr.

Beiðnir um samstarf: Almenn ákvæði.

1. a) Dómstólnum skal heimilt að senda aðildarríkjunum beiðnir um samstarf. Beiðnirnar skulu sendar eftir diplómatískum leiðum eða öðrum viðeigandi leiðum sem hvert aðildarríki um sig tilgreinir við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

   Síðari breytingar á þeim leiðum, sem hafa verið tilgreindar, skal hvert aðildarríki gera í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

   b) Eftir atvikum, og með fyrirvara um ákvæði a-liðar, má einnig senda beiðnir gegnum Alþjóðasamtök sakamálalögreglu (Interpol) eða viðeigandi svæðasamtök.

2. Beiðni um samstarf og öll stuðningsskjöl með henni skulu annaðhvort vera, eða henni skal fylgja þýðing, á opinberu tungumáli ríkisins, sem beiðni er beint til, eða á einu af vinnumálum dómstólsins í samræmi við val viðkomandi ríkis við fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild.

   Síðari breytingar á því vali skulu gerðar í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

3. Ríki, sem beiðni er beint til, skal fara með beiðni um samstarf og öll stuðningsskjöl með henni sem trúnaðarmál, nema að því marki sem nauðsynlegt er að veita upplýsingar til að framkvæma beiðnina.
4. Í tengslum við beiðni um aðstoð, sem lögð er fram samkvæmt þessum kafla, getur dómstóllinn gert ráðstafanir, þar á meðal ráðstafanir er varða vernd upplýsinga sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi eða líkamlega eða andlega velferð fórnarlamba, hugsanlegra vitna og fjöl-

PART 9. INTERNATIONAL COOPERATION AND JUDICIAL ASSISTANCE

Article 86

General obligation to cooperate

States Parties shall, in accordance with the provisions of this Statute, cooperate fully with the Court in its investigation and prosecution of crimes within the jurisdiction of the Court.

Article 87

Requests for cooperation: general provisions

1. (a) The Court shall have the authority to make requests to States Parties for cooperation. The requests shall be transmitted through the diplomatic channel or any other appropriate channel as may be designated by each State Party upon ratification, acceptance, approval or accession.
   Subsequent changes to the designation shall be made by each State Party in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.
   (b) When appropriate, without prejudice to the provisions of subparagraph (a), requests may also be transmitted through the International Criminal Police Organization or any appropriate regional organization.
2. Requests for cooperation and any documents supporting the request shall either be in or be accompanied by a translation into an official language of the requested State or one of the working languages of the Court, in accordance with the choice made by that State upon ratification, acceptance, approval or accession.
   Subsequent changes to this choice shall be made in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.
3. The requested State shall keep confidential a request for cooperation and any documents supporting the request, except to the extent that the disclosure is necessary for execution of the request.
4. In relation to any request for assistance presented under this Part, the Court may take such measures, including measures related to the protection of information, as may be necessary to ensure the safety or physical or psychological well-being of any victims, potential witnesses and their families. The

skyldna þeirra. Dómstóllinn getur farið fram á að allar upplýsingar, sem eru gerðar aðgengilegar samkvæmt þessum kafla, skuli látnar í té og með þær farið á þann hátt að öryggi og líkamleg eða andleg velferð fórnarlamba, hugsanlegra vitna og fjölskyldna þeirra sé tryggð.

5. a) Dómstóllinn getur farið þess á leit við hvaða ríki sem er, sem er ekki aðili að þessari samþykkt, að það veiti aðstoð samkvæmt þessum kafla á grundvelli sérstaks fyrirkomulags eða samnings við það ríki eða á einhverjum öðrum viðeigandi grundvelli.
   b) Ef ríki, sem ekki er aðili að þessari samþykkt en hefur gert sérstakt fyrirkomulag eða samning við dómstólinn, verður ekki við beiðnum samkvæmt því fyrirkomulagi eða þeim samningi getur dómstóllinn tilkynnt það til þings aðildarríkjanna, eða til öryggisráðsins hafi öryggisráðið vísað málinu til dómstólsins.

6. Dómstóllinn getur óskað eftir upplýsingum eða skjölum frá hvaða milliríkjastofnun sem er. Dómstóllinn getur einnig óskað eftir annars konar samstarfi og aðstoð sem unnt er að semja um við viðkomandi stofnun og er í samræmi við valdheimildir hennar eða umboð.
7. Ef aðildarríki fer ekki að beiðni um samstarf frá dómstólnum, andstætt ákvæðum þessarar samþykktar, og kemur þannig í veg fyrir að dómstóllinn geti rækt störf sín og beitt valdheimildum sínum samkvæmt þessari samþykkt getur dómstóllinn fært það til bókar og vísað málinu til þings aðildarríkjanna, eða til öryggisráðsins hafi öryggisráðið vísað málinu til dómstólsins.

88. gr.
Málsmeðferð skal vera tiltæk samkvæmt landslögum.

Aðildarríkin skulu tryggja að málsmeðferð varðandi samstarf í hverju því formi sem fjallað er um í þessum kafla sé tiltæk í landslögum þeirra.

89. gr.
Maður afhentur dómstólnum.

1. Dómstóllinn getur sent beiðni um handtöku og afhendingu manns, ásamt stuðningsskjölum sem um getur í 91. gr., til ríkis þar sem maðurinn kann að vera staddur og skal dóm-

Court may request that any information that is made available under this Part shall be provided and handled in a manner that protects the safety and physical or psychological well-being of any victims, potential witnesses and their families.

5. (a) The Court may invite any State not party to this Statute to provide assistance under this Part on the basis of an ad hoc arrangement, an agreement with such State or any other appropriate basis.

   (b) Where a State not party to this Statute, which has entered into an ad hoc arrangement or an agreement with the Court, fails to cooperate with requests pursuant to any such arrangement or agreement, the Court may so inform the Assembly of States Parties or, where the Security Council referred the matter to the Court, the Security Council.
6. The Court may ask any intergovernmental organization to provide information or documents. The Court may also ask for other forms of cooperation and assistance which may be agreed upon with such an organization and which are in accordance with its competence or mandate.
7. Where a State Party fails to comply with a request to cooperate by the Court contrary to the provisions of this Statute, thereby preventing the Court from exercising its functions and powers under this Statute, the Court may make a finding to that effect and refer the matter to the Assembly of States Parties or, where the Security Council referred the matter to the Court, to the Security Council.

Article 88
Availability of procedures under national law

States Parties shall ensure that there are procedures available under their national law for all of the forms of cooperation which are specified under this Part.

Article 89
Surrender of persons to the Court

1. The Court may transmit a request for the arrest and surrender of a person, together with the material supporting the request outlined in article 91, to any State on the territory of

stóllinn óska eftir samstarfi við það ríki um handtöku og afhendingu hans. Aðildarríki skulu, í samræmi við ákvæði þessa kafla og málsmeðferð samkvæmt landslögum sínum, verða við beiðni um handtöku og afhendingu.

2. Ef maðurinn, sem leitað er eftir að fá afhentan, vefengir beiðnina fyrir innlendum dómstóli á grundvelli reglunnar ne bis in idem sem kveðið er á um í 20. gr. skal ríkið, sem beiðni er beint til, þegar í stað ráðfæra sig við dómstólinn til að fá upplýst hvort málið hafi verið úrskurðað tækt til meðferðar. Ef málið hefur verið úrskurðað tækt til meðferðar skal ríkið, sem beiðni er beint til, framkvæma beiðnina. Hafi málið enn ekki verið úrskurðað tækt til meðferðar getur ríkið, sem beiðni er beint til, frestað framkvæmd beiðni um afhendingu mannsins þar til dómstóllinn hefur tekið ákvörðun um hvort málið sé tækt til meðferðar.
3. a) Aðildarríki skal heimila, í samræmi við landslög sín um málsmeðferð, flutning gegnum yfirráðasvæði sitt á manni, sem annað ríki afhendir dómstólnum, nema gegnumferð um það ríki mundi hindra eða tefja fyrir afhendingu.

   b) Beiðni dómstólsins um gegnumferð skal send í samræmi við 87. gr. Í beiðni um gegnumferð skal eftirfarandi koma fram:
      i) lýsing á manninum sem flytja á;

      ii) stutt greinargerð um staðreyndir málsins og lögfræðileg lýsing þeirra; og
      iii) ákvörðun um handtöku og afhendingu.
   c) Maður, sem er fluttur, skal hafður í haldi meðan á gegnumferð stendur.
   d) Ekki er krafist neinnar heimildar ef maðurinn er fluttur flugleiðis og samkvæmt áætlun er ekki gert ráð fyrir að lenda á yfirráðasvæði ríkisins sem farið er gegnum.
   e) Ef lent er á yfirráðasvæði ríkisins sem farið er gegnum án þess að það sé samkvæmt áætlun getur það ríki krafist þess að fá beiðni um gegnumferð frá dómstólnum eins og kveðið er á um í b-lið. Ríkið, sem farið er gegnum, skal hafa manninn, sem fluttur er, í haldi þar til það hefur fengið beiðni um gegnumferð og gegnumferðinni er lokið, að því tilskildu að varðhaldið samkvæmt þessum lið vari

which that person may be found and shall request the cooperation of that State in the arrest and surrender of such a person. States Parties shall, in accordance with the provisions of this Part and the procedure under their national law, comply with requests for arrest and surrender.

2. Where the person sought for surrender brings a challenge before a national court on the basis of the principle of ne bis in idem as provided in article 20, the requested State shall immediately consult with the Court to determine if there has been a relevant ruling on admissibility. If the case is admissible, the requested State shall proceed with the execution of the request. If an admissibility ruling is pending, the requested State may postpone the execution of the request for surrender of the person until the Court makes a determination on admissibility.

3. (a) A State Party shall authorize, in accordance with its national procedural law, transportation through its territory of a person being surrendered to the Court by another State, except where transit through that State would impede or delay the surrender.
   (b) A request by the Court for transit shall be transmitted in accordance with article 87. The request for transit shall contain:
      (i) A description of the person being transported;
      (ii) A brief statement of the facts of the case and their legal characterization; and
      (iii) The warrant for arrest and surrender;
   (c) A person being transported shall be detained in custody during the period of transit;
   (d) No authorization is required if the person is transported by air and no landing is scheduled on the territory of the transit State;

   (e) If an unscheduled landing occurs on the territory of the transit State, that State may require a request for transit from the Court as provided for in subparagraph (b). The transit State shall detain the person being transported until the request for transit is received and the transit is effected, provided that detention for purposes of this subparagraph may not be extended beyond 96 hours from the

ekki lengur en 96 klukkustundir frá því að lent var án þess að það hafi verið samkvæmt áætlun, nema beiðnin hafi verið móttekin innan þess tíma.

4. Ef maðurinn, sem leitað er eftir að fá afhentan, sætir saksókn eða afplánar dóm í ríkinu, sem beiðni er beint til, fyrir annan glæp en þann sem er ástæða þess að dómstóllinn leitar eftir að fá hann afhentan skal ríkið, sem beiðni er beint til, hafa samráð við dómstólinn eftir að hafa tekið ákvörðun um að verða við beiðninni.

unscheduled landing unless the request is received within that time.

4. If the person sought is being proceeded against or is serving a sentence in the requested State for a crime different from that for which surrender to the Court is sought, the requested State, after making its decision to grant the request, shall consult with the Court.

90. gr.

Árekstur beiðna um afhendingu.

1. Aðildarríki, sem fær beiðni frá dómstólnum um að afhenda mann skv. 89. gr., skal, ef það fær einnig beiðni frá öðru ríki um framsal sama manns fyrir sömu háttsemi, sem liggur til grundvallar glæpnum sem dómstóllinn leitar eftir að fá hann afhentan fyrir, tilkynna dómstólnum og ríkinu, sem leggur fram beiðni, um það.
2. Þegar ríkið, sem leggur fram beiðni, er aðildarríki skal ríkið, sem beiðni er beint til, veita beiðni dómstólsins forgang ef:
   a) dómstóllinn hefur úrskurðað, skv. 18. eða 19. gr., að málið, sem er tilefni þess að leitað er eftir afhendingu, sé tækt til meðferðar og í úrskurðinum er tekið tillit til rannsóknar eða saksóknar ríkisins, sem leggur fram beiðni, í tengslum við framsalsbeiðni þess; eða
   b) dómstóllinn úrskurðar á þann veg sem lýst er í a-lið, í samræmi við tilkynningu ríkisins, sem beiðni er beint til, skv. 1. mgr.
3. Hafi dómstóllinn ekki kveðið upp úrskurð skv. a-lið 2. mgr. er ríkinu, sem beiðni er beint til, frjálst, á meðan beðið er úrskurðar dómstólsins skv. b-lið 2. mgr., að taka framsalsbeiðnina frá ríkinu, sem leggur fram beiðni, til umfjöllunar en ekki skal það framselja manninn fyrr en dómstóllinn hefur úrskurðað að málinu skuli vísað frá. Dómstóllinn skal kveða upp úrskurð sinn á grundvelli flýtimeðferðar.
4. Ef ríkið, sem leggur fram beiðni, á ekki aðild að þessari samþykkt skal ríkið, sem beiðni er beint til, ef það er ekki skuldbundið samkvæmt alþjóðasamningi til að framselja manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni, veita beiðni dómstólsins um afhendingu forgang ef dómstóllinn hefur úrskurðað að málið sé tækt til meðferðar.

Article 90

Competing requests

1. A State Party which receives a request from the Court for the surrender of a person under article 89 shall, if it also receives a request from any other State for the extradition of the same person for the same conduct which forms the basis of the crime for which the Court seeks the person's surrender, notify the Court and the requesting State of that fact.
2. Where the requesting State is a State Party, the requested State shall give priority to the request from the Court if:
   (a) The Court has, pursuant to article 18 or 19, made a determination that the case in respect of which surrender is sought is admissible and that determination takes into account the investigation or prosecution conducted by the requesting State in respect of its request for extradition; or
   (b) The Court makes the determination described in subparagraph (a) pursuant to the requested State's notification under paragraph 1.
3. Where a determination under paragraph 2 (a) has not been made, the requested State may, at its discretion, pending the determination of the Court under paragraph 2 (b), proceed to deal with the request for extradition from the requesting State but shall not extradite the person until the Court has determined that the case is inadmissible. The Court's determination shall be made on an expedited basis.
4. If the requesting State is a State not Party to this Statute the requested State, if it is not under an international obligation to extradite the person to the requesting State, shall give priority to the request for surrender from the Court, if the Court has determined that the case is admissible.

5. Ef dómstóllinn hefur ekki úrskurðað að mál skv. 4. mgr. sé tækt til meðferðar er ríkinu, sem beiðni er beint til, frjálst að halda áfram að fjalla um framsalsbeiðnina frá ríkinu sem leggur fram beiðni.
6. Í tilvikum þar sem 4. mgr. á við, nema þegar ríkið, sem beiðni er beint til, er skuldbundið á alþjóðavettvangi til að framselja manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni og er ekki aðili að þessari samþykkt, skal ríkið, sem beiðni er beint til, ákveða hvort það afhendi dómstólnum manninn eða framselji hann til ríkisins sem leggur fram beiðni. Þegar ríkið, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun skal það hafa hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þar með talið, en þó ekki takmarkað við:
   a) dagsetningu beiðnanna;
   b) hagsmuni ríkisins sem leggur fram beiðni, þar á meðal, þegar við á, hvort glæpurinn var framinn á yfirráðasvæði þess og hvert er ríkisfang fórnarlambanna og mannsins sem leitað er afhendingar á; og
   c) möguleika á því að ríkið, sem leggur fram beiðni, afhendi dómstólnum manninn síðar.
7. Ef aðildarríki, sem fær beiðni frá dómstólnum um að afhenda mann, fær einnig beiðni frá ríki um að framselja sama mann vegna háttsemi sem er önnur en glæpurinn sem dómstóllinn leitar eftir að fá manninn afhentan fyrir:
   a) skal ríkið, sem beiðni er beint til, veita beiðni dómstólsins forgang ef það er ekki skuldbundið á alþjóðavettvangi til að framselja manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni;
   b) skal ríkið, sem beiðni er beint til, ef það er skuldbundið á alþjóðavettvangi til að framselja manninn til ríkisins sem leggur fram beiðni, ákveða hvort það afhendi dómstólnum manninn eða framselji hann til ríkisins sem leggur fram beiðni. Þegar ríkið, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun skal það hafa hliðsjón af öllum þáttum sem máli skipta, þar með talið en þó ekki takmarkað við þá sem taldir eru upp í 6. mgr., en það skal taka sérstakt tillit til eðlis og alvarleika háttseminnar sem um ræðir.
8. Þegar dómstóllinn hefur, að fenginni tilkynningu samkvæmt þessari grein, úrskurðað að máli skuli vísað frá og framsali til ríkisins, sem leggur fram beiðni, er synjað í framhaldi

5. Where a case under paragraph 4 has not been determined to be admissible by the Court, the requested State may, at its discretion, proceed to deal with the request for extradition from the requesting State.
6. In cases where paragraph 4 applies except that the requested State is under an existing international obligation to extradite the person to the requesting State not Party to this Statute, the requested State shall determine whether to surrender the person to the Court or extradite the person to the requesting State. In making its decision, the requested State shall consider all the relevant factors, including but not limited to:
   (a) The respective dates of the requests;
   (b) The interests of the requesting State including, where relevant, whether the crime was committed in its territory and the nationality of the victims and of the person sought; and
   (c) The possibility of subsequent surrender between the Court and the requesting State.
7. Where a State Party which receives a request from the Court for the surrender of a person also receives a request from any State for the extradition of the same person for conduct other than that which constitutes the crime for which the Court seeks the person's surrender:
   (a) The requested State shall, if it is not under an existing international obligation to extradite the person to the requesting State, give priority to the request from the Court;
   (b) The requested State shall, if it is under an existing international obligation to extradite the person to the requesting State, determine whether to surrender the person to the Court or to extradite the person to the requesting State. In making its decision, the requested State shall consider all the relevant factors, including but not limited to those set out in paragraph 6, but shall give special consideration to the relative nature and gravity of the conduct in question.
8. Where pursuant to a notification under this article, the Court has determined a case to be inadmissible, and subsequently extradition to the requesting State is refused, the

af því skal ríkið, sem beiðni er beint til, tilkynna dómstólnum um þá ákvörðun.

91. gr.

Efni beiðna um handtöku og afhendingu.

1. Beiðni um handtöku og afhendingu skal vera skrifleg. Ef málið er brýnt má senda beiðni með hvers konar miðli sem getur komið henni skriflega til skila, að því tilskildu að beiðnin sé staðfest eftir þeim leiðum sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 87. gr.

2. Ef um er að ræða beiðni um handtöku og afhendingu manns, sem forréttarstofa hefur, skv. 58. gr., gefið út handtökuskipun á skal eftirfarandi koma fram í beiðninni eða fylgja henni til stuðnings:
   a) nægileg lýsing á manninum, sem leitað er eftir, til þess að staðfesta hver maðurinn er ásamt upplýsingum um líklegan verustað hans;
   b) afrit af handtökuskipuninni; og
   c) skjöl, greinargerðir eða upplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að uppfylla kröfur um málsmeðferð við afhendingu í ríkinu sem beiðni er beint til, nema hvað þær kröfur ættu ekki að vera strangari en þær sem gilda um beiðnir um framsal samkvæmt samningum eða fyrirkomulagi milli ríkisins, sem beiðni er beint til, og annarra ríkja og ættu þær, ef unnt er, að vera minni með tilliti til sérstaks eðlis dómstólsins.
3. Ef um er að ræða beiðni um handtöku og afhendingu manns, sem hefur þegar verið dæmdur, skal koma fram í beiðninni eða fylgja henni til stuðnings:
   a) afrit af sérhverri skipun um handtöku þessa manns;
   b) afrit af dóminum;
   c) upplýsingar sem sýna að maðurinn, sem leitað er eftir, er sá sem um getur í dóminum; og
   d) ef maðurinn, sem leitað er eftir, hefur verið dæmdur til refsingar, afrit af dóminum sem hann fékk og, ef um fangelsisdóm er að ræða, tilgreining þess tíma sem hann hefur þegar afplánað og þess tíma sem hann á eftir að afplána.
4. Að beiðni dómstólsins skal aðildarríki hafa samráð við dómstólinn annaðhvort almennt eða um sérstakt mál er varðar kröfur sem gerðar eru samkvæmt landslögum þess og kunna að eiga við skv. c- lið 2. mgr. Meðan

requested State shall notify the Court of this decision.

Article 91

Contents of request for arrest and surrender

1. A request for arrest and surrender shall be made in writing. In urgent cases, a request may be made by any medium capable of delivering a written record, provided that the request shall be confirmed through the channel provided for in article 87, paragraph 1 (a).
2. In the case of a request for the arrest and surrender of a person for whom a warrant of arrest has been issued by the Pre-Trial Chamber under article 58, the request shall contain or be supported by:
   (a) Information describing the person sought, sufficient to identify the person, and information as to that person's probable location;
   (b) A copy of the warrant of arrest; and
   (c) Such documents, statements or information as may be necessary to meet the requirements for the surrender process in the requested State, except that those requirements should not be more burdensome than those applicable to requests for extradition pursuant to treaties or arrangements between the requested State and other States and should, if possible, be less burdensome, taking into account the distinct nature of the Court.
3. In the case of a request for the arrest and surrender of a person already convicted, the request shall contain or be supported by:
   (a) A copy of any warrant of arrest for that person;
   (b) A copy of the judgement of conviction;
   (c) Information to demonstrate that the person sought is the one referred to in the judgement of conviction; and
   (d) If the person sought has been sentenced, a copy of the sentence imposed and, in the case of a sentence for imprisonment, a statement of any time already served and the time remaining to be served.
4. Upon the request of the Court, a State Party shall consult with the Court, either generally or with respect to a specific matter, regarding any requirements under its national law that may apply under paragraph 2 (c). During the

á samráðinu stendur skal aðildarríkið upplýsa dómstólinn um hinar sérstöku kröfur í landslögum þess.

92. gr.
Handtaka og gæsla.

1. Ef mál er brýnt getur dómstóllinn krafist handtöku og gæslu mannsins sem leitað er eftir uns beiðnin um afhendingu og stuðningsskjöl með henni hafa verið lögð fram eins og tilgreint er í 91. gr.
2. Beiðni um handtöku og gæslu má senda með hvers konar miðli sem getur komið henni skriflega til skila og skal henni fylgja eftirfarandi:
   a) nægileg lýsing á manninum, sem leitað er eftir, til þess að staðfesta hver maðurinn er ásamt upplýsingum um líklegan verustað hans;
   b) stutt lýsing á glæpunum, sem eru ástæða þess að leitað er eftir handtöku mannsins, og staðreyndum um hina ætluðu glæpi, þar með talið stund og staður verknaðar, ef unnt er;
   c) yfirlýsing um að fyrir liggi handtökuskipun eða dómur um sakfellingu mannsins sem leitað er eftir; og
   d) yfirlýsing um að beiðni um afhendingu mannsins, sem leitað er eftir, muni fylgja.
3. Mann, sem er tekinn höndum og hafður í gæslu, má leysa úr haldi ef ríkið, sem beiðni er beint til, hefur ekki fengið beiðni um afhendingu og stuðningsskjöl með henni, eins og tilgreint er í 91. gr., innan þeirra tímamarka sem tilgreind eru í reglunum um málsmeðferð og sönnun. Þó getur viðkomandi maður fallist á afhendingu áður en sá frestur rennur út ef lög ríkisins, sem beiðni er beint til, leyfa það. Í því tilviki skal ríkið, sem beiðni er beint til, afhenda dómstólnum manninn eins fljótt og unnt er.
4. Sú staðreynd að maðurinn, sem leitað er eftir, hefur verið leystur úr haldi skv. 3. mgr. skal ekki koma í veg fyrir að hann verði handtekinn og afhentur síðar ef beiðnin um afhendingu og stuðningsskjöl með henni eru lögð fram seinna.

93. gr.
Önnur form samstarfs.

1. Aðildarríkin skulu, í samræmi við ákvæði þessa kafla og samkvæmt innlendum málsmeðferðarreglum, fara að beiðnum dómstólsins um að veita eftirfarandi aðstoð við rannsókn eða saksókn:

consultations, the State Party shall advise the Court of the specific requirements of its national law.

Article 92
Provisional arrest

1. In urgent cases, the Court may request the provisional arrest of the person sought, pending presentation of the request for surrender and the documents supporting the request as specified in article 91.
2. The request for provisional arrest shall be made by any medium capable of delivering a written record and shall contain:
   (a) Information describing the person sought, sufficient to identify the person, and information as to that person's probable location;
   (b) A concise statement of the crimes for which the person's arrest is sought and of the facts which are alleged to constitute those crimes, including, where possible, the date and location of the crime;
   (c) A statement of the existence of a warrant of arrest or a judgement of conviction against the person sought; and
   (d) A statement that a request for surrender of the person sought will follow.
3. A person who is provisionally arrested may be released from custody if the requested State has not received the request for surrender and the documents supporting the request as specified in article 91 with in the time limits specified in the Rules of Procedure and Evidence. However, the person may consent to surrender before the expiration of this period if permitted by the law of the requested State. In such a case, the requested State shall proceed to surrender the person to the Court as soon as possible.
4. The fact that the person sought has been released from custody pursuant to paragraph 3 shall not prejudice the subsequent arrest and surrender of that person if the request for surrender and the documents supporting the request are delivered at a later date.

Article 93
Other forms of cooperation

1. States Parties shall, in accordance with the provisions of this Part and under procedures of national law, comply with requests by the Court to provide the following assistance in relation to investigations or prosecutions:

a) auðkenning manna, upplýsingar um verustað þeirra eða upplýsingar um hvar hlutir eru niðurkomnir;
b) söfnun sönnunargagna, að meðtöldum framburði eiðsvarinna vitna, og öflun sönnunargagna, að meðtöldum álitsgerðum og skýrslum frá sérfræðingum sem dómstóllinn þarf á að halda;
c) yfirheyrslu manna sem verið er að rannsaka eða saksækja;
d) útvegun skjala, að meðtöldum lagalegum skjölum;
e) að greiða fyrir því að fá einstaklinga til að gefa sig fram sem vitni eða sérfræðingar fyrir dómstólnum;
f) tímabundinn flutning manna eins og kveðið er á um í 7. mgr.;
g) rannsóknir staða, þar með talið uppgröftur og rannsókn á greftrunarstöðum;
h) framkvæmd leitar og löghalds;
i) sendingu skráa og skjala, að meðtöldum opinberum skrám og skjölum;
j) vernd fórnarlamba og vitna og varðveislu sönnunargagna;
k) að finna, rekja og frysta eða leggja hald á hagnað af glæpum, hvers kyns eignir, sem fengnar eru með glæpum, og hluti, sem notaðir eru til þess að fremja brot, í þeim tilgangi að gera þau hugsanlega upptæk, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú; og
l) sérhverja aðra tegund aðstoðar, sem ekki er bönnuð samkvæmt lögum ríkisins sem beiðni er beint til, í þeim tilgangi að greiða fyrir rannsókn og saksókn vegna glæpa sem falla undir lögsögu dómstólsins.

2. Dómstólnum skal heimilt að veita vitni eða sérfræðingi, sem kemur fyrir dómstólinn, tryggingu fyrir því að viðkomandi verði ekki saksóttur, fangelsaður eða látinn sæta takmörkunum á persónufrelsi af hálfu dómstólsins vegna aðgerða eða aðgerðaleysis áður en maðurinn fór brott frá ríkinu sem beiðni er beint til.
3. Ef framkvæmd sérstakrar ráðstöfunar til aðstoðar, sem lýst er í beiðni sem lögð er fram skv. 1. mgr., er bönnuð í ríkinu sem beiðni er beint til samkvæmt gildandi grundvallarreglu í lögum sem hefur almennt gildi skal ríkið, sem beiðni er beint til, tafarlaust hafa samráð við dómstólinn og reyna að leysa málið. Í því samráði ætti að kanna hvort unnt sé að veita aðstoðina með öðru móti eða með

(a) The identification and whereabouts of persons or the location of items;
(b) The taking of evidence, including testimony under oath, and the production of evidence, including expert opinions and reports necessary to the Court;
(c) The questioning of any person being investigated or prosecuted;
(d) The service of documents, including judicial documents;
(e) Facilitating the voluntary appearance of persons as witnesses or experts before the Court;
(f) The temporary transfer of persons as provided in paragraph 7;
(g) The examination of places or sites, including the exhumation and examination of grave sites;
(h) The execution of searches and seizures;
(i) The provision of records and documents, including official records and documents;
(j) The protection of victims and witnesses and the preservation of evidence;
(k) The identification, tracing and freezing or seizure of proceeds, property and assets and instrumentalities of crimes for the purpose of eventual for feiture, without prejudice to the rights of bona fide third parties; and
(l) Any other type of assistance which is not prohibited by the law of the requested State, with a view to facilitating the investigation and prosecution of crimes within the jurisdiction of the Court.

2. The Court shall have the authority to provide an assurance to a witness or an expert appearing before the Court that he or she will not be prosecuted, detained or subjected to any restriction of personal freedom by the Court in respect of any act or omission that preceded the departure of that person from the requested State.
3. Where execution of a particular measure of assistance detailed in a request presented under paragraph 1, is prohibited in the requested State on the basis of an existing fundamental legal principle of general application, the requested State shall promptly consult with the Court to try to resolve the matter. In the consultations, consideration should be given to whether the

skilyrðum. Ef málið er enn óleyst að loknu samráði skal dómstóllinn breyta beiðninni eins og þurfa þykir.

4. Í samræmi við 72. gr. getur aðildarríki því aðeins synjað beiðni um aðstoð, að hluta eða með öllu, að beiðnin varði afhendingu skjala eða birtingu sönnunargagna sem lúta að þjóðaröryggi þess.
5. Áður en ríkið, sem beiðni er beint til, synjar beiðni um aðstoð skv. l-lið 1. mgr. skal það kanna hvort unnt sé að veita aðstoðina með tilteknum skilyrðum eða hvort veita megi aðstoðina síðar eða með öðrum hætti, að því tilskildu að þiggi dómstóllinn eða saksóknari aðstoðina með tilteknum skilyrðum skal dómstóllinn eða saksóknari virða þau.

6. Ef beiðni um aðstoð er synjað skal aðildarríkið, sem beiðni er beint til, þegar í stað upplýsa dómstólinn eða saksóknara um ástæðurnar fyrir synjuninni.
7. a) Dómstóllinn getur farið fram á tímabundinn flutning manns sem situr í haldi til þess að staðfesta megi hver maðurinn er eða fá vitnisburð eða aðra aðstoð. Heimilt er að flytja manninn að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
   i) að viðkomandi maður gefi að frjálsum vilja upplýst samþykki sitt fyrir flutningnum; og
   ii) að ríkið, sem beiðni er beint til, samþykki flutninginn með þeim skilyrðum sem það ríki og dómstóllinn kunna að koma sér saman um.
   b) Maðurinn, sem fluttur er, skal hafður áfram í haldi. Þegar tilganginum með flutningnum hefur verið náð skal dómstóllinn skila manninum tafarlaust aftur til ríkisins sem beiðni er beint til.
8. a) Dómstóllinn skal tryggja að farið sé með skjöl og upplýsingar sem trúnaðarmál, nema að því marki sem nauðsynlegt er vegna rannsóknarinnar og málsmeðferðarinnar sem lýst er í beiðninni.
   b) Ríkið, sem beiðni er beint til, getur, ef þörf krefur, sent saksóknara skjöl eða upplýsingar sem trúnaðarmál. Saksóknari getur þá eingöngu notað skjölin eða upplýsingarnar til þess að fá fram ný sönnunargögn.
   c) Ríkið, sem beiðni er beint til, getur, að eigin frumkvæði eða að beiðni saksóknara, samþykkt síðar birtingu slíkra

assistance can be rendered in another manner or subject to conditions. If after consultations the matter cannot be resolved, the Court shall modify the request as necessary.

4. In accordance with article 72, a State Party may deny a request for assistance, in whole or in part, only if the request concerns the production of any documents or disclosure of evidence which relates to its national security.
5. Before denying a request for assistance under paragraph 1 (l), the requested State shall consider whether the assistance can be provided subject to specified conditions, or whether the assistance can be provided at a later date or in an alternative manner, provided that if the Court or the Prosecutor accepts the assistance subject to conditions, the Court or the Prosecutor shall abide by them.
6. If a request for assistance is denied, the requested State Party shall promptly inform the Court or the Prosecutor of the reasons for such denial.
7. (a) The Court may request the temporary transfer of a person in custody for purposes of identification or for obtaining testimony or other assistance. The person may be transferred if the following conditions are fulfilled:
   (i) The person freely gives his or her informed consent to the transfer; and

   (ii) The requested State agrees to the transfer, subject to such conditions as that State and the Court may agree.

   (b) The person being transferred shall remain in custody. When the purposes of the transfer have been fulfilled, the Court shall return the person without delay to the requested State.
8. (a) The Court shall ensure the confidentiality of documents and information, except as required for the investigation and proceedings described in the request.

   (b) The requested State may, when necessary, transmit documents or information to the Prosecutor on a confidential basis. The Prosecutor may then use them solely for the purpose of generating new evidence.
   (c) The requested State may, on its own motion or at the request of the Prosecutor, subsequently consent to the disclosure of

skjala eða upplýsinga. Þá má nota skjölin eða upplýsingarnar sem sönnunargögn samkvæmt ákvæðum 5. og 6. kafla og í samræmi við reglurnar um málsmeðferð og sönnun.

9. a) i) Ef aðildarríki fær fleiri en eina beiðni á sama tíma, aðrar en um afhendingu eða framsal, frá dómstólnum og frá öðru ríki samkvæmt alþjóðlegri skuldbindingu skal aðildarríkið, í samráði við dómstólinn og hitt ríkið, leitast við að verða við beiðni beggja, ef þurfa þykir með því að fresta eða setja skilyrði fyrir annarri beiðninni eða báðum.

ii) Að öðrum kosti skal leysa úr fleiri en einni beiðni sem berast í samræmi við meginreglurnar sem settar eru fram í 90. gr.

b) Þegar beiðni dómstólsins lýtur hins vegar að upplýsingum, eignum eða mönnum sem falla undir stjórn þriðja ríkis eða alþjóðastofnunar samkvæmt alþjóðasamningi skulu ríkin, sem beiðni er beint til, upplýsa dómstólinn um það og beinir hann þá beiðninni til þriðja ríkisins eða alþjóðastofnunarinnar.

10. a) Dómstóllinn getur, sé þess óskað, haft samvinnu við og veitt aðildarríki aðstoð við rannsókn eða réttarhöld að því er varðar háttsemi sem telst vera glæpur sem fellur undir lögsögu dómstólsins eða er alvarlegur glæpur samkvæmt lögum ríkisins sem leggur fram beiðni.

b) i) Aðstoð, sem er veitt skv. a-lið, skal meðal annars felast í:
a. að senda greinargerðir, skjöl eða önnur sönnunargögn sem fengist hafa við rannsókn eða réttarhöld fyrir dómstólnum; og

b. að yfirheyra sérhvern þann mann sem hafður er í haldi að skipun dómstólsins.
ii) Þegar um er að ræða aðstoð skv. a-lið i-liðar í b-lið:
a. ef skjölin eða aðrar tegundir sönnunargagna eru fengin með aðstoð ríkis skal það ríki samþykkja sendinguna;

b. ef greinargerðirnar, skjölin eða aðrar tegundir sönnunargagna eru fengnar frá vitni eða sérfræðingi skal slík sending háð ákvæðum 68. gr.

such documents or information. They may then be used as evidence pursuant to the provisions of Parts 5 and 6 and in accordance with the Rules of Procedure and Evidence.

9. (a) (i) In the event that a State Party receives competing requests, other than for surrender or extradition, from the Court and from another State pursuant to an international obligation, the State Party shall endeavour, in consultation with the Court and the other State, to meet both requests, if necessary by postponing or attaching conditions to one or the other request.
(ii) Failing that, competing requests shall be resolved in accordance with the principles established in article 90.

(b) Where, however, the request from the Court concerns information, property or persons which are subject to the control of a third State or an international organization by virtue of an international agreement, the requested States shall so inform the Court and the Court shall direct its request to the third State or international organization.

10. (a) The Court may, upon request, cooperate with and provide assistance to a State Party conducting an investigation into or trial in respect of conduct which constitutes a crime within the jurisdiction of the Court or which constitutes a serious crime under the national law of the requesting State.

(b) (i) The assistance provided under subparagraph (a) shall include, inter alia:
a. The transmission of statements, documents or other types of evidence obtained in the course of an investigation or a trial conducted by the Court; and
b. The questioning of any person detained by order of the Court;
(ii) In the case of assistance under subparagraph (b) (i) a:
a. If the documents or other types of evidence have been obtained with the assistance of a State, such transmission shall require the consent of that State;
b. If the statements, documents or other types of evidence have been provided by a witness or expert, such transmission shall be subject to the provisions of article 68.

c) Dómstóllinn getur, með þeim skilyrðum sem sett eru í þessari málsgrein, orðið við beiðni um aðstoð samkvæmt þessari málsgrein frá ríki sem ekki er aðili að þessari samþykkt.

(c) The Court may, under the conditions set out in this paragraph, grant a request for assistance under this paragraph from a State which is not a Party to this Statute.

94. gr.
Frestun framkvæmdar beiðni er varðar yfirstandandi rannsókn eða saksókn.

1. Ef tafarlaus framkvæmd beiðni gæti haft truflandi áhrif á yfirstandandi rannsókn eða saksókn annars máls en beiðnin lýtur að getur ríkið, sem beiðni er beint til, frestað framkvæmd beiðninnar í þann tíma sem um semst við dómstólinn. Þó skal frestunin eigi vera lengri en nauðsynlegt er til þess að ljúka viðkomandi rannsókn eða saksókn í ríkinu sem beiðni er beint til. Áður en ríkið, sem beiðni er beint til, tekur ákvörðun um frestun skal það kanna hvort unnt sé að veita aðstoðina tafarlaust með tilteknum skilyrðum.

2. Ef tekin er ákvörðun um frestun skv. 1. mgr. getur saksóknari samt sem áður leitað eftir því að gerðar verði ráðstafanir til þess að varðveita sönnunargögn, í samræmi við j-lið 1. mgr. 93. gr.

Article 94
Postponement of execution of a request in respect of ongoing investigation or prosecution

1. If the immediate execution of a request would interfere with an ongoing investigation or prosecution of a case different from that to which the request relates, the requested State may postpone the execution of the request for a period of time agreed upon with the Court. However, the postponement shall be no longer than is necessary to complete the relevant investigation or prosecution in the requested State. Before making a decision to postpone, the requested State should consider whether the assistance may be immediately provided subject to certain conditions.
2. If a decision to postpone is taken pursuant to paragraph 1, the Prosecutor may, however, seek measures to preserve evidence, pursuant to article 93, paragraph 1 (j).

95. gr.
Frestun framkvæmdar beiðni vegna kröfu um frávísun.

Ef dómstóllinn hefur kröfu um frávísun skv. 18. eða 19. gr. til umfjöllunar getur ríkið, sem beiðni er beint til, frestað framkvæmd beiðni samkvæmt þessum kafla á meðan beðið er ákvörðunar dómstólsins, nema dómstóllinn hafi sérstaklega mælt svo fyrir að saksóknara sé heimilt að halda áfram að safna slíkum sönnunargögnum skv. 18. eða 19. gr.

Article 95
Postponement of execution of a request in respect of an admissibility challenge

Where there is an admissibility challenge under consideration by the Court pursuant to article 18 or 19, the requested State may postpone the execution of a request under this Part pending a determination by the Court, unless the Court has specifically ordered that the Prosecutor may pursue the collection of such evidence pursuant to article 18 or 19.

96. gr.
Efni beiðna um aðrar tegundir aðstoðar skv. 93. gr.

1. Beiðni um aðrar tegundir aðstoðar skv. 93. gr. skal vera skrifleg. Ef málið er brýnt má senda beiðni með hvers konar miðli sem getur komið henni skriflega til skila, að því tilskildu að beiðnin sé staðfest eftir þeim leiðum sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 87. gr.
2. Beiðnin skal, eftir því sem við á, innihalda, eða henni fylgja, eftirfarandi:
   a) gagnorð greinargerð um tilganginn með

Article 96
Contents of request for other forms of assistance under article 93

1. A request for other forms of assistance referred to in article 93 shall be made in writing. In urgent cases, a request may be made by any medium capable of delivering a written record, provided that the request shall be confirmed through the channel provided for in article 87, paragraph 1 (a).
2. The request shall, as applicable, contain or be supported by the following:
   (a) A concise statement of the purpose of the

beiðninni og umbeðinni aðstoð, þar með talið lagagrundvöllur hennar og ástæður fyrir beiðninni;

b) eins ítarlegar upplýsingar og unnt er um verustað eða auðkenni manns eða staðar sem þarf að finna eða staðfesta hver er svo að unnt sé að veita umbeðna aðstoð;

c) gagnorð greinargerð um mikilvægar staðreyndir sem beiðnin er grundvölluð á;

d) rökstudd og ítarleg greinargerð um skilyrði eða málsmeðferð sem þarf að fylgja;

e) upplýsingar sem kann að vera krafist samkvæmt lögum þess ríkis sem beiðni er beint til svo að unnt sé að verða við beiðninni; og

f) aðrar upplýsingar sem máli skipta svo að unnt sé að veita umbeðna aðstoð.

3. Að beiðni dómstólsins skal aðildarríki hafa samráð við dómstólinn annaðhvort almennt eða um sérstakt mál er varðar kröfur sem gerðar eru samkvæmt landslögum þess og kunna að eiga við skv. e- lið 2. mgr. Meðan á samráðinu stendur skal aðildarríkið upplýsa dómstólinn um hinar sérstöku kröfur í landslögum þess.

4. Ákvæði þessarar greinar skulu einnig gilda, eftir því sem við á, fái dómstóllinn beiðni um aðstoð.

request and the assistance sought, including the legal basis and the grounds for the request;

(b) As much detailed information as possible about the location or identification of any person or place that must be found or identified in order for the assistance sought to be provided;

(c) A concise statement of the essential facts underlying the request;

(d) The reasons for and details of any procedure or requirement to be followed;

(e) Such information as may be required under the law of the requested State in order to execute the request; and

(f) Any other information relevant in order for the assistance sought to be provided.

3. Upon the request of the Court, a State Party shall consult with the Court, either generally or with respect to a specific matter, regarding any requirements under its national law that may apply under paragraph 2 (e). During the consultations, the State Party shall advise the Court of the specific requirements of its national law.

4. The provisions of this article shall, where applicable, also apply in respect of a request for assistance made to the Court.

97. gr.

Samráð.

Ef aðildarríki fær beiðni samkvæmt þessum kafla sem það sér að kunni að hafa í för með sér vandamál sem gætu torveldað eða komið í veg fyrir að unnt sé að verða við beiðninni skal viðkomandi ríki tafarlaust hafa samráð við dómstólinn til þess að leysa málið. Slík vandamál geta meðal annars falist í:

a) því að ekki liggi fyrir nægar upplýsingar til að unnt sé að verða við beiðninni;

b) þegar um beiðni um afhendingu er að ræða, þeirri staðreynd að þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að finna manninn sem leitað er eða að rannsókn hefur leitt í ljós að maðurinn í ríkinu, sem beiðni er beint til, er bersýnilega ekki sá sem nafngreindur er í handtökuskipuninni; eða

c) því að framkvæmd beiðninnar í núverandi formi myndi leiða til þess að ríkið, sem beiðni er beint til, neyddist til að rjúfa samningsskuldbindingar sem það hefur áður tekist á hendur gagnvart öðru ríki.

Article 97

Consultations

Where a State Party receives a request under this Part in relation to which it identifies problems which may impede or prevent the execution of the request, that State shall consult with the Court without delay in order to resolve the matter. Such problems may include, inter alia:

(a) Insufficient information to execute the request;

(b) In the case of a request for surrender, the fact that despite best efforts, the person sought cannot be located or that the investigation conducted has determined that the person in the requested State is clearly not the person named in the warrant; or

(c) The fact that execution of the request in its current form would require the requested State to breach a pre-existing treaty obligation undertaken with respect to another State.

98. gr.
Samstarf um afsal á friðhelgi og samþykki fyrir afhendingu.

1. Dómstóllinn getur ekki lagt fram beiðni um afhendingu eða aðstoð sem hefði í för með sér að ríkið, sem beiðni er beint til, yrði að gera eitthvað sem ósamrýmanlegt væri skuldbindingum þess að þjóðarétti að því er varðar ríkisfriðhelgi eða diplómatíska friðhelgi manns eða eigna frá þriðja ríki, nema dómstóllinn hafi áður fengið þriðja ríkið til að afsala friðhelginni.
2. Dómstóllinn getur ekki lagt fram beiðni um afhendingu sem hefði í för með sér að ríkið, sem beiðni er beint til, þyrfti að gera eitthvað sem ósamrýmanlegt væri skuldbindingum þess samkvæmt alþjóðasamningum þar sem krafist er samþykkis sendiríkis fyrir því að afhenda dómstólnum mann frá því ríki, nema dómstóllinn hafi áður fengið samþykki sendiríkisins fyrir afhendingunni.

Article 98
Cooperation with respect to waiver of immunity and consent to surrender

1. The Court may not proceed with a request for surrender or assistance which would require the requested State to act inconsistently with its obligations under international law with respect to the State or diplomatic immunity of a person or property of a third State, unless the Court can first obtain the cooperation of that third State for the waiver of the immunity.
2. The Court may not proceed with a request for surrender which would require the requested State to act inconsistently with its obligations under international agreements pursuant to which the consent of a sending State is required to surrender a person of that State to the Court, unless the Court can first obtain the cooperation of the sending State for the giving of consent for the surrender.

99. gr.
Framkvæmd beiðna skv. 93. og 96. gr.

1. Beiðni um aðstoð skal framkvæmd í samræmi við viðeigandi málsmeðferð samkvæmt lögum ríkisins sem beiðni er beint til og, nema bannað sé í þeim lögum, á þann hátt sem tiltekið er í beiðninni, þar með talið að fylgja þeirri málsmeðferð sem þar greinir eða leyfa mönnum, sem tilgreindir eru í beiðninni, að vera viðstaddir og hjálpa til við framkvæmd beiðninnar.
2. Ef efni beiðninnar er brýnt skal, að beiðni dómstólsins, tafarlaust senda skjölin eða sönnunargögnin sem eru svar við beiðni dómstólsins.
3. Svör ríkisins, sem beiðni er beint til, skulu send á frummálinu og í upprunalegu formi.
4. Með fyrirvara um aðrar greinar þessa kafla, og þegar slíkt reynist nauðsynlegt fyrir árangursríka framkvæmd beiðni sem unnt er að verða við án þess að grípa til þvingunarráðstafana, sérstaklega þegar um er að ræða að hlusta á eða fá vitnisburð gefinn af frjálsum vilja, þar með talið einnig án nærveru yfirvalda aðildarríkisins sem beiðni er beint til ef það hefur úrslitaþýðingu til að beiðnin verði framkvæmd, eða þegar um er ræða að rannsaka vettvang á almannafæri eða annan opinberan stað án þess að breyta þar neinu, getur saksóknari sjálfur látið framkvæma slíka beiðni á yfirráðasvæði ríkis sem hér segir:
   a) Þegar aðildarríki, sem beiðni er beint til,

Article 99
Execution of requests under articles 93 and 96

1. Requests for assistance shall be executed in accordance with the relevant procedure under the law of the requested State and, unless prohibited by such law, in the manner specified in the request, including following any procedure outlined therein or permitting persons specified in the request to be present at and assist in the execution process.
2. In the case of an urgent request, the documents or evidence produced in response shall, at the request of the Court, be sent urgently.
3. Replies from the requested State shall be transmitted in their original language and form.
4. Without prejudice to other articles in this Part, where it is necessary for the successful execution of a request which can be executed without any compulsory measures, including specifically the interview of or taking evidence from a person on a voluntary basis, including doing so without the presence of the authorities of the requested State Party if it is essential for the request to be executed, and the examination without modification of a public site or other public place, the Prosecutor may execute such request directly on the territory of a State as follows:
   (a) When the State Party requested is a State

ræður því yfirráðasvæði þar sem ætlað er að glæpurinn hafi verið framinn og úrskurðað hefur verið að málið sé tækt til meðferðar skv. 18. eða 19. gr. getur saksóknari sjálfur látið framkvæma beiðnina eftir að hafa haft eins náið samráð við aðildarríkið, sem beiðni er beint til, og unnt er.

b) Í öðrum tilvikum getur saksóknari látið framkvæma slíka beiðni að höfðu samráði við aðildarríkið, sem beiðni er beint til, og eftir að hafa tekið tillit til allra eðlilegra skilyrða eða efasemda af hálfu aðildarríkisins. Þegar aðildarríki, sem beiðni er beint til, sér annmarka á að framkvæma beiðni samkvæmt þessum lið skal það þegar í stað hafa samráð við dómstólinn til þess að leysa málið.

5. Ákvæði um að manni, sem er yfirheyrður eða rannsakaður af dómstólnum skv. 72. gr., sé heimilt að skírskota til takmarkana, sem miða að því að koma í veg fyrir að birtar verði trúnaðarupplýsingar sem tengjast öryggi ríkis, eiga einnig við um framkvæmd beiðna um aðstoð samkvæmt þessari grein.

100. gr.

Kostnaður.

1. Almenn útgjöld í tengslum við framkvæmd beiðna á yfirráðasvæði ríkis, sem beiðni er beint til, falla á það ríki, að frátöldum eftirfarandi útgjöldum sem skulu greidd af dómstólnum:

a) útgjöldum vegna ferða og öryggisgæslu vitna og sérfræðinga eða flutnings skv. 93. gr. á mönnum sem eru í gæslu;

b) útgjöldum vegna þýðingar, túlkunar og umritunar;

c) ferða- og uppihaldskostnaði dómara, saksóknara, varasaksóknara, dómritara, varadómritara og starfsliðs starfseininga dómstólsins;

d) útgjöldum vegna álitsgerða eða skýrslna sérfræðinga sem dómstóllinn fer fram á að fá;

e) útgjöldum sem tengjast flutningi manns sem gæsluríki afhendir dómstólnum; og

f) að höfðu samráði, aukaútgjöldum sem framkvæmd á beiðni kann að hafa í för með sér.

2. Ákvæði 1. mgr. skulu, eftir því sem við á, taka til beiðna sem aðildarríki senda dóm-

on the territory of which the crime is alleged to have been committed, and there has been a determination of admissibility pursuant to article 18 or 19, the Prosecutor may directly execute such request following all possible consultations with the requested State Party;

(b) In other cases, the Prosecutor may execute such request following consultations with the requested State Party and subject to any reasonable conditions or concerns raised by that State Party. Where the requested State Party identifies problems with the execution of a request pursuant to this subparagraph it shall, without delay, consult with the Court to resolve the matter.

5. Provisions allowing a person heard or examined by the Court under article 72 to invoke restrictions designed to prevent disclosure of confidential information connected with national security shall also apply to the execution of requests for assistance under this article.

Article 100

Costs

1. The ordinary costs for execution of requests in the territory of the requested State shall be borne by that State, except for the following, which shall be borne by the Court:

(a) Costs associated with the travel and security of witnesses and experts or the transfer under article 93 of persons in custody;

(b) Costs of translation, interpretation and transcription;

(c) Travel and subsistence costs of the judges, the Prosecutor, the Deputy Prosecutors, the Registrar, the Deputy Registrar and staff of any organ of the Court;

(d) Costs of any expert opinion or report requested by the Court;

(e) Costs associated with the transport of a person being surrendered to the Court by a custodial State; and

(f) Following consultations, any extraordinary costs that may result from the execution of a request.

2. The provisions of paragraph 1 shall, as appropriate, apply to requests from States Parties to

stólnum. Í slíkum tilvikum skal dómstóllinn standa straum af almennum útgjöldum vegna framkvæmdar beiðna.

101. gr.
Sérregla.

1. Maður, sem afhentur er dómstólnum samkvæmt þessari samþykkt, skal hvorki saksóttur, sæta refsingu né settur í varðhald vegna háttsemi sem hann gerðist sekur um fyrir afhendingu, annarrar en háttseminnar sem liggur til grundvallar glæpunum sem hann var afhentur fyrir.
2. Dómstóllinn getur leitað eftir undanþágu frá kröfum 1. mgr. hjá ríkinu sem afhenti dómstólnum manninn og skal dómstóllinn, ef þörf krefur, veita viðbótarupplýsingar í samræmi við 91. gr. Aðildarríkin hafa heimild til þess að veita dómstólnum undanþágu og skulu leitast við að gera það.

102. gr.
Hugtakanotkun.

Í þessari samþykkt er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „afhending" merkir að ríki afhendi dómstólnum mann samkvæmt þessari samþykkt;
b) „framsal" merkir að ríki afhendi öðru ríki mann samkvæmt alþjóðasamningi eða landslögum.

10. kafli: Fullnusta.

103. gr.
Hlutverk ríkja við fullnustu fangelsisdóma.

1. a) Fangelsisdómur skal afplánaður í ríki sem dómstóllinn tilnefnir af skrá yfir ríki sem hafa tilkynnt dómstólnum að þau séu reiðubúin til að taka við dæmdum mönnum.
   b) Þegar ríki lýsir yfir vilja sínum til þess að taka við dæmdum mönnum getur það sett skilyrði fyrir samþykki sínu sem þurfa að hljóta samþykki dómstólsins og vera í samræmi við þennan kafla.
   c) Ríki, sem er tilnefnt í tilteknu máli, skal þegar í stað tilkynna dómstólnum hvort það samþykkir tilnefningu dómstólsins.
2. a) Fullnusturíkið skal tilkynna dómstólnum um hverjar þær aðstæður sem gætu haft umtalsverð áhrif á skilmála eða tímalengd

the Court. In that case, the Court shall bear the ordinary costs of execution.

Article 101
Rule of speciality

1. A person surrendered to the Court under this Statute shall not be proceeded against, punished or detained for any conduct committed prior to surrender, other than the conduct or course of conduct which forms the basis of the crimes for which that person has been surrendered.
2. The Court may request a waiver of the requirements of paragraph 1 from the State which surrendered the person to the Court and, if necessary, the Court shall provide additional information inaccordance with article 91. States Parties shall have the authority to provide a waiver to the Court and should endeavour to do so.

Article 102
Use of terms

For the purposes of this Statute:

(a) "surrender" means the delivering up of a person by a State to the Court, pursuant to this Statute;
(b) "extradition" means the delivering up of a person by one State to another as provided by treaty, convention or national legislation.

PART 10. ENFORCEMENT

Article 103
Role of States in enforcement of sentences of imprisonment

1. (a) A sentence of imprisonment shall be served in a State designated by the Court from a list of States which have indicated to the Court their willingness to accept sentenced persons.
   (b) At the time of declaring its willingness to accept sentenced persons, a State may attach conditions to its acceptance as agreed by the Court and in accordance with this Part.
   (c) A State designated in a particular case shall promptly inform the Court whether it accepts the Court's designation.
2. (a) The State of enforcement shall notify the Court of any circumstances, including the exercise of any conditions agreed under

fangelsisvistunar, þar á meðal beitingu skilyrða sem kunna að hafa verið samþykkt skv. 1. mgr. Skal dómstóllinn fá að vita um fyrir fram þekktar eða fyrirsjáanlegar aðstæður með að minnsta kosti 45 daga fyrirvara. Á meðan skal fullnusturíkið ekki hafast neitt það að sem gæti haft áhrif á skuldbindingar þess skv. 110. gr.

b) Ef dómstóllinn getur ekki samþykkt aðstæður sem um getur í a-lið skal hann tilkynna fullnusturíkinu það og halda áfram í samræmi við 1. mgr. 104. gr.

3. Þegar dómstóllinn tilnefnir ríki að eigin vali skv. 1. mgr. skal hann taka mið af eftirfarandi:
   a) meginreglunni um að aðildarríkin skuli deila ábyrgðinni á fullnustu fangelsisdóma í samræmi við meginreglurnar um sanngjarna skiptingu, eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun;
   b) almennt viðurkenndum viðmiðunarreglum alþjóðasamninga sem lúta að meðferð fanga;
   c) sjónarmiðum hins dæmda;
   d) þjóðerni hins dæmda;
   e) öðrum atriðum er varða aðstæður við glæpinn eða hagi hins dæmda, eða skilvirka fullnustu refsingarinnar eftir því sem við á, þegar fullnusturíkið er tilnefnt.

4. Ef ekkert ríki er tilnefnt skv. 1. mgr. skal fangelsisdómurinn afplánaður í fangelsi sem gistiríkið leggur til, í samræmi við skilyrði þau sem sett eru í samningnum um höfuðstöðvar sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Í því tilviki fellur kostnaður vegna fullnustu fangelsisdóms á dómstólinn.

104. gr.

Tilnefningu fullnusturíkis breytt.

1. Dómstóllinn getur hvenær sem er ákveðið að flytja dæmdan mann til fangelsis í öðru ríki.
2. Dæmdur maður getur hvenær sem er sótt um til dómstólsins að vera fluttur frá fullnusturíkinu.

105. gr.

Fullnusta dómsins.

1. Með fyrirvara um skilyrði, sem ríki kann að hafa sett í samræmi við b-lið 1. mgr. 103. gr.,

paragraph 1, which could materially affect the terms or extent of the imprisonment. The Court shall be given at least 45 days' notice of any such known or foreseeable circumstances. During this period, the State of enforcement shall take no action that might prejudice its obligations under article 110.

(b) Where the Court cannot agree to the circumstances referred to in subparagraph (a), it shall notify the State of enforcement and proceed in accordance with article 104, paragraph 1.

3. In exercising its discretion to make a designation under paragraph 1, the Court shall take into account the following:
   (a) The principle that States Parties should share the responsibility for enforcing sentences of imprisonment, in accordance with principles of equitable distribution, as provided in the Rules of Procedure and Evidence;
   (b) The application of widely accepted international treaty standards governing the treatment of prisoners;
   (c) The views of the sentenced person;
   (d) The nationality of the sentenced person;
   (e) Such other factors regarding the circumstances of the crime or the person sentenced, or the effective enforcement of the sentence, as may be appropriate in designating the State of enforcement.

4. If no State is designated under paragraph 1, the sentence of imprisonment shall be served in a prison facility made available by the host State, in accordance with the conditions set out in the headquarters agreement referred to in article 3, paragraph 2. In such a case, the costs arising out of the enforcement of a sentence of imprisonment shall be borne by the Court.

Article 104

Change in designation of State of enforcement

1. The Court may, at any time, decide to transfer a sentenced person to a prison of another State.
2. A sentenced person may, at any time, apply to the Court to be transferred from the State of enforcement.

Article 105

Enforcement of the sentence

1. Subject to conditions which a State may have specified in accordance with article 103,

er fangelsisdómur bindandi fyrir aðildarríkin og geta þau ekki undir neinum kringumstæðum breytt honum.

2. Dómstóllinn hefur einn rétt til þess að úrskurða um umsókn um áfrýjun og endurupptöku. Fullnusturíkið skal ekki koma í veg fyrir að dæmdur maður sendi inn slíka umsókn.

106. gr.

Eftirlit með fullnustu refsidóma og aðstæður í afplánun.

1. Fullnusta fangelsisdóms skal háð eftirliti dómstólsins og vera í samræmi við almennt viðurkennda staðla í alþjóðasamningum sem lúta að meðferð fanga.

2. Um aðstæður í afplánun skal fara eftir lögum fullnusturíkisins og skulu þær vera í samræmi við almennt viðurkenndar viðmiðunarreglur í alþjóðasamningum sem lúta að meðferð fanga. Skulu þær hvorki vera betri né verri en þær aðstæður sem búnar eru föngum sem dæmdir eru fyrir svipuð brot í fullnusturíkinu.

3. Samskipti dæmds manns og dómstólsins skulu vera óhindruð og bundin trúnaði.

107. gr.

Flutningur manns að lokinni afplánun.

1. Að afplánun lokinni má, í samræmi við lög fullnusturíkisins, flytja mann, sem er ekki ríkisborgari í fullnusturíkinu, til ríkis sem er skylt að taka við honum, eða til annars ríkis sem fellst á að taka við honum, að teknu tilliti til óska mannsins sem á að flytja til viðkomandi ríkis, nema fullnusturíkið heimili manninum að vera áfram á yfirráðasvæði sínu.

2. Ef ekkert ríki ber kostnaðinn af flutningi mannsins til annars ríkis skv. 1. mgr. skal dómstóllinn bera þann kostnað.

3. Með fyrirvara um ákvæði 108. gr. getur fullnusturíkið einnig, í samræmi við landslög sín, framselt eða afhent manninn á annan hátt til ríkis sem hefur óskað eftir framsali eða afhendingu hans til þess að kalla hann fyrir rétt eða til fullnustu dóms.

paragraph 1 (b), the sentence of imprisonment shall be binding on the States Parties, which shall in no case modify it.

2. The Court alone shall have the right to decide any application for appeal and revision. The State of enforcement shall not impede the making of any such application by a sentenced person.

Article 106

Supervision of enforcement of sentences and conditions of imprisonment

1. The enforcement of a sentence of imprisonment shall be subject to the supervision of the Court and shall be consistent with widely accepted international treaty standards governing treatment of prisoners.
2. The conditions of imprisonment shall be governed by the law of the State of enforcement and shall be consistent with widely accepted international treaty standards governing treatment of prisoners; in no case shall such conditions be more or less favourable than those available to prisoners convicted of similar offences in the State of enforcement.
3. Communications between a sentenced person and the Court shall be unimpeded and confidential.

Article 107

Transfer of the person upon completion of sentence

1. Following completion of the sentence, a person who is not a national of the State of enforcement may in accordance with the law of the State of enforcement, be transferred to a State which is obliged to receive him or her, or to another State which agrees to receive him or her, taking into account any wishes of the person to be transferred to that State, unless the State of enforcement authorizes the person to remain in its territory.
2. If no State bears the costs arising out of transferring the person to another State pursuant to paragraph 1, such costs shall be borne by the Court.
3. Subject to the provisions of article 108, the State of enforcement may also, in accordance with its national law, extradite or otherwise surrender the person to a State which has requested the extradition or surrender of the person for purposes of trial or enforcement of a sentence.

108. gr.
Takmörkun á saksókn eða refsingu fyrir önnur brot.

1. Dæmdur maður, sem er í haldi í fullnusturíki, skal ekki sæta saksókn eða refsingu, né heldur framsali til þriðja ríkis fyrir háttsemi sem hann gerist sekur um áður en hann er afhentur fullnusturíkinu, nema dómstóllinn hafi samþykkt saksóknina, refsinguna eða framsalið að beiðni fullnusturíkisins.

2. Dómstóllinn skal úrskurða í málinu er hann hefur hlýtt á sjónarmið hins dæmda.
3. Ákvæði 1. mgr. gildir ekki lengur ef hinn dæmdi dvelst af frjálsum vilja lengur en 30 daga á yfirráðasvæði fullnusturíkisins eftir að hann hefur afplánað að fullu þá refsingu sem dómstóllinn dæmdi hann í eða ef hann snýr aftur til yfirráðasvæðis þess ríkis eftir að hafa yfirgefið það.

Article 108
Limitation on the prosecution or punishment of other offences

1. A sentenced person in the custody of the State of enforcement shall not be subject to prosecution or punishment or to extradition to a third State for any conduct engaged in prior to that person's delivery to the State of enforcement, unless such prosecution, punishment or extradition has been approved by the Court at the request of the State of enforcement.
2. The Court shall decide the matter after having heard the views of the sentenced person.
3. Paragraph 1 shall cease to apply if the sentenced person remains voluntarily for more than 30 days in the territory of the State of enforcement after having served the full sentence imposed by the Court, or returns to the territory of that State after having left it.

109. gr.
Fullnusta sektarákvarðana og eignaupptaka.

1. Aðildarríkin skulu láta sektir eða eignaupptöku, sem dómstóllinn mælir fyrir um skv. 7. kafla, koma til framkvæmda, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú og í samræmi við málsmeðferð samkvæmt landslögum þeirra hvers um sig.
2. Ef aðildarríki getur ekki framkvæmt ákvörðun dómstólsins um eignaupptöku skal það gera ráðstafanir til að endurheimta jafnvirði hagnaðar eða eigna sem dómstóllinn hefur mælt fyrir um upptöku á, að óskertum réttindum þriðju aðila í góðri trú.
3. Flytja skal til dómstólsins eignir eða hagnað af sölu fasteigna eða, eftir því sem við á, sölu annarra eigna sem aðildarríki hefur fengið í vörslur sínar í kjölfar fullnustu á ákvörðun dómstólsins.

Article 109
Enforcement of fines and forfeiture measures

1. States Parties shall give effect to fines or forfeitures ordered by the Court under Part 7, without prejudice to the rights of bona fide third parties, and in accordance with the procedure of their national law.

2. If a State Party is unable to give effect to an order for forfeiture, it shall take measures to recover the value of the proceeds, property or assets ordered by the Court to be forfeited, without prejudice to the rights of bona fide third parties.
3. Property, or the proceeds of the sale of real property or, where appropriate, the sale of other property, which is obtained by a State Party as a result of its enforcement of a judgement of the Court shall be transferred to the Court.

110. gr.
Endurskoðun dómstólsins til eftirgjafar refsingar.

1. Fullnusturíkið skal ekki láta mann lausan fyrr en hann hefur afplánað að fullu refsingu þá sem dómstóllinn dæmdi hann í.
2. Dómstóllinn einn hefur rétt til að taka ákvörðun um eftirgjöf refsingar og skal hann úrskurða í málinu eftir að hann hefur hlýtt á viðkomandi.

Article 110
Review by the Court concerning reduction of sentence

1. The State of enforcement shall not release the person before expiry of the sentence pronounced by the Court.
2. The Court alone shall have the right to decide any reduction of sentence, and shall rule on the matter after having heard the person.

3. Þegar maður hefur afplánað tvo þriðju hluta refsingarinnar, eða 25 ár ef um er að ræða lífstíðarfangelsi, skal dómstóllinn endurskoða dóminn til að ákvarða hvort veita skuli eftirgjöf refsingar. Slík endurskoðun skal ekki fara fram fyrir þann tíma.
4. Við endurskoðun skv. 3. mgr. getur dómstóllinn tekið ákvörðun um eftirgjöf refsingar ef hann álítur að eitt eða fleiri af eftirfarandi atriðum séu fyrir hendi:
   a) að maðurinn hafi fljótlega og staðfastlega sýnt vilja til samstarfs við dómstólinn við rannsókn og saksókn;
   b) að maðurinn hafi af frjálsum vilja aðstoðað við fullnustu dóma og fyrirmæla dómstólsins í öðrum málum, einkum hafi hann aðstoðað við að finna eignir sem falla undir sektarákvarðanir, eignaupptöku eða skaðabætur og nota má í þágu fórnarlamba; eða
   c) aðrir þættir sýna greinilega mikið breyttar aðstæður sem nægja til að réttlæta eftirgjöf refsingar eins og kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.
5. Ef dómstóllinn ákveður við fyrstu endurskoðun sína skv. 3. mgr. að ekki sé rétt að veita eftirgjöf refsingar skal hann eftir það endurmeta hvort til eftirgjafar refsingar geti komið með því millibili og með hliðsjón af þeim viðmiðum sem kveðið er á um í reglunum um málsmeðferð og sönnun.

111. gr.
Strok.

Ef sakfelldur maður strýkur úr haldi og flýr frá fullnusturíkinu getur það ríki, að höfðu samráði við dómstólinn, farið fram á að ríkið þar sem maðurinn er niðurkominn afhendi hann samkvæmt gildandi tvíhliða eða marghliða samkomulagi, eða það getur farið fram á að dómstóllinn leiti eftir því að fá manninn afhentan í samræmi við 9. kafla. Dómstóllinn getur ákveðið að maðurinn verði afhentur ríkinu sem hann afplánaði refsinguna í eða öðru ríki sem dómstóllinn tilnefnir.

11. kafli: Þing aðildarríkjanna.

112. gr.
Þing aðildarríkjanna.

1. Þing ríkja, sem aðild eiga að þessari samþykkt, er hér með stofnað. Hvert aðildarríki

3. When the person has served two thirds of the sentence, or 25 years in the case of life imprisonment, the Court shall review the sentence to determine whether it should be reduced. Such a review shall not be conducted before that time.
4. In its review under paragraph 3, the Court may reduce the sentence if it finds that one or more of the following factors are present:
   (a) The early and continuing willingness of the person to cooperate with the Court in its investigations and prosecutions;
   (b) The voluntary assistance of the person in enabling the enforcement of the judgements and orders of the Court in other cases, and in particular providing assistance in locating assets subject to orders of fine, forfeiture or reparation which may be used for the benefit of victims; or
   (c) Other factors establishing a clear and significant change of circumstances sufficient to justify the reduction of sentence, as provided in the Rules of Procedure and Evidence.
5. If the Court determines in its initial review under paragraph 3 that it is not appropriate to reduce the sentence, it shall thereafter review the question of reduction of sentence at such intervals and applying such criteria as provided for in the Rules of Procedure and Evidence.

Article 111
Escape

If a convicted person escapes from custody and flees the State of enforcement, that State may, after consultation with the Court, request the person's surrender from the State in which the person is located pursuant to existing bilateral or multilateral arrangements, or may request that the Court seek the person's surrender, in accordance with Part 9. It may direct that the person be delivered to the State in which he or she was serving the sentence or to another State designated by the Court.

PART 11. ASSEMBLY OF STATES PARTIES

Article 112
Assembly of States Parties

1. An Assembly of States Parties to this Statute is hereby established. Each State Party shall

skal eiga einn fulltrúa á þinginu og með honum mega vera varamenn og ráðgjafar. Öðrum ríkjum, sem hafa undirritað þessa samþykkt eða lokagerðina, er heimilt að hafa áheyrnarfulltrúa á þinginu.

2. Þingið skal:
   a) fjalla um og samþykkja, eftir því sem við á, tilmæli undirbúningsnefndarinnar;
   b) móta almenna stefnu dómstjórnarinnar, saksóknara og dómritara í stjórnsýslu dómstólsins;
   c) fjalla um skýrslur og starfsemi skrifstofunnar sem komið er á fót skv. 3. mgr. og gera viðeigandi ráðstafanir þar að lútandi;
   d) fjalla um og ganga frá fjárhagsáætlun dómstólsins;
   e) ákveða hvort breyta eigi, í samræmi við 36. gr., fjölda dómara;
   f) fjalla, skv. 5. og 7. mgr. 87. gr., um öll mál er varða skort á samvinnu;
   g) inna af hendi hvers konar störf önnur sem samrýmanleg eru þessari samþykkt eða reglunum um málsmeðferð og sönnun.
3. a) Þingið skal hafa skrifstofu með einum forseta, tveimur varaforsetum og 18 fulltrúum sem þingið kýs til þriggja ára.
   b) Skrifstofan skal vera dæmigerð, einkum að því er varðar landfræðilega dreifingu fulltrúa og rétt er að helstu réttarkerfi í heiminum eigi þar fulltrúa.
   c) Skrifstofan skal halda fundi eins oft og þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en einu sinni á ári. Hún skal vera þinginu til aðstoðar við þingstörfin.
4. Þingið getur, ef nauðsyn ber til, komið á fót undirstofnunum, þar á meðal kerfi til að hafa með höndum sjálfstætt eftirlit, mat og rannsókn á dómstólnum til þess að auka skilvirkni hans og fjárhagslega hagkvæmni.
5. Forseti dómstólsins, saksóknari og dómritari eða fulltrúar þeirra mega, eftir atvikum, sitja fundi þingsins og skrifstofunnar.
6. Þingið skal koma saman á aðsetri dómstólsins eða í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna einu sinni á ári og halda aukaþing ef aðstæður krefjast þess. Skrifstofan skal kalla saman aukaþing að eigin frumkvæði eða að beiðni

have one representative in the Assembly who may be accompanied by alternates and advisers. Other States which have signed this Statute or the Final Act may be observers in the Assembly.

2. The Assembly shall:
   (a) Consider and adopt, as appropriate, recommendations of the Preparatory Commission;
   (b) Provide management oversight to the Presidency, the Prosecutor and the Registrar regarding the administration of the Court;
   (c) Consider the reports and activities of the Bureau established under paragraph 3 and take appropriate action in regard thereto;
   (d) Consider and decide the budget for the Court;
   (e) Decide whether to alter, in accordance with article 36, the number of judges;
   (f) Consider pursuant to article 87, paragraphs 5 and 7, any question relating to non-cooperation;
   (g) Perform any other function consistent with this Statute or the Rules of Procedure and Evidence.
3. (a) The Assembly shall have a Bureau consisting of a President, two Vice-Presidents and 18 members elected by the Assembly for three-year terms.
   (b) The Bureau shall have a representative character, taking into account, in particular, equitable geographical distribution and the adequate representation of the principal legal systems of the world.
   (c) The Bureau shall meet as often as necessary, but at least once a year. It shall assist the Assembly in the discharge of its responsibilities.
4. The Assembly may establish such subsidiary bodies as may be necessary, including an independent oversight mechanism for inspection, evaluation and investigation of the Court, in order to enhance its efficiency and economy.
5. The President of the Court, the Prosecutor and the Registrar or their representatives may participate, as appropriate, in meetings of the Assembly and of the Bureau.
6. The Assembly shall meet at the seat of the Court or at the Headquarters of the United Nations once a year and, when circumstances so require, hold special sessions. Except as otherwise specified in this Statute, special

þriðjungs aðildarríkjanna, nema kveðið sé á um annað í samþykkt þessari.

7. Hvert aðildarríki skal hafa eitt atkvæði. Leggja skal áherslu á að ákvarðanir séu samþykktar samhljóða á þinginu og á skrifstofunni. Ef ekki fæst samhljóða samþykki skal eftirfarandi háttur hafður á, nema kveðið sé á um annað í samþykktinni:
   a) Ákvarðanir um efnisatriði skulu teknar með atkvæðum tveggja þriðju hluta fulltrúanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði en skilyrði fyrir ályktunarhæfi við atkvæðagreiðsluna er að hreinn meiri hluti fulltrúa aðildarríkjanna sé viðstaddur.
   b) Ákvarðanir um málsmeðferð skulu teknar með einföldum meiri hluta atkvæða þeirra fulltrúa aðildarríkjanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.
8. Aðildarríki, sem er í vanskilum með greiðslur fjárframlaga vegna kostnaðar við dómstólinn, skal hvorki hafa atkvæðisrétt á þinginu né á skrifstofunni ef fjárhæðin, sem það skuldar, er jafnhá eða hærri en framlag þess hefði átt að vera tvö næstliðin ár. Þó getur þingið heimilað aðildarríki að greiða atkvæði á þinginu og á skrifstofunni ef þinginu þykir sýnt að ástæður þess að aðildarríkið greiðir ekki skuldir sínar eru ekki á valdi þess.

9. Þingið setur sér málsmeðferðarreglur.

10. Opinber tungumál og vinnumál þingsins skulu vera hin sömu og á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

12. kafli: Fjármögnun.

113. gr.
Fjárhagsreglugerðir.

Um öll fjármál, sem tengjast dómstólnum og fundum þings aðildarríkjanna, þar með talið skrifstofu þess og undirstofnunum, fer eftir þessari samþykkt og fjárhagsreglugerðum og -reglum sem þing aðildarríkjanna hefur samþykkt, nema sérstaklega sé kveðið á um annað.

114. gr.
Greiðsla útgjalda.

Útgjöld dómstólsins og þings aðildarríkjanna, þar með talið skrifstofu þess og undirstofnana, skulu greidd úr sjóðum dómstólsins.

sessions shall be convened by the Bureau on its own initiative or at the request of one third of the States Parties.

7. Each State Party shall have one vote. Every effort shall be made to reach decisions by consensus in the Assembly and in the Bureau. If consensus cannot be reached, except as otherwise provided in the Statute:
   (a) Decisions on matters of substance must be approved by a two-thirds majority of those present and voting provided that an absolute majority of States Parties constitutes the quorum for voting;
   (b) Decisions on matters of procedure shall be taken by a simple majority of States Parties present and voting.

8. A State Party which is in arrears in the payment of its financial contributions towards the costs of the Court shall have no vote in the Assembly and in the Bureau if the amount of its arrears equals or exceeds the amount of the contributions due from it for the preceding two full years. The Assembly may, nevertheless, permit such a State Party to vote in the Assembly and in the Bureau if it is satisfied that the failure to pay is due to conditions beyond the control of the State Party.

9. The Assembly shall adopt its own rules of procedure.

10. The official and working languages of the Assembly shall be those of the General Assembly of the United Nations.

PART 12. FINANCING

Article 113
Financial Regulations

Except as otherwise specifically provided, all financial matters related to the Court and the meetings of the Assembly of States Parties, including its Bureau and subsidiary bodies, shall be governed by this Statute and the Financial Regulations and Rules adopted by the Assembly of States Parties.

Article 114
Payment of expenses

Expenses of the Court and the Assembly of States Parties, including its Bureau and subsidiary bodies, shall be paid from the funds of the Court.

115. gr.
Sjóðir dómstólsins og þings aðildarríkjanna.

Útgjöld dómstólsins og þings aðildarríkjanna, þar með talið skrifstofu þess og undirstofnana, eins og kveðið er á um í fjárhagsáætlun sem þing aðildarríkjanna ákveður, skulu greiðast með:

a) föstum framlögum aðildarríkjanna;

b) fé úr sjóðum Sameinuðu þjóðanna, með fyrirvara um samþykki allsherjarþingsins, einkum að því er varðar útgjöld sem leiðir af tilvísunum til aðstæðna frá öryggisráðinu.

116. gr.
Frjáls framlög.

Með fyrirvara um 115. gr. getur dómstóllinn tekið við og notað sem viðbótarsjóði frjáls framlög frá ríkisstjórnum, alþjóðastofnunum, einstaklingum, fyrirtækjum og öðrum aðilum, í samræmi við viðeigandi viðmið sem þing aðildarríkjanna samþykkir.

117. gr.
Framlög ákveðin.

Framlög aðildarríkjanna skulu ákveðin í samræmi við samþykkta kvarða um kostnaðarskiptingu sem er byggð á þeim kvarða sem Sameinuðu þjóðirnar hafa samþykkt fyrir fasta fjárhagsáætlun sína og skal þeim jafnað niður í samræmi við meginreglurnar sem sá kvarði er byggður á.

118. gr.
Árleg endurskoðun.

Óháður endurskoðandi skal árlega endurskoða skjöl, bækur og reikninga dómstólsins, þar með talið ársreikninga hans.

13. kafli: Lokaákvæði.

119. gr.
Lausn deilumála.

1. Allar deilur um dómstörf dómstólsins skulu leystar með ákvörðun dómstólsins.

2. Öllum öðrum deilum á milli tveggja eða fleiri aðildarríkja um túlkun eða beitingu samþykktar þessarar, sem eru ekki leystar með samningum innan þriggja mánaða frá því að þær koma upp, skal vísað til þings aðildarríkjanna. Þingið getur sjálft reynt að leysa

Article 115
Funds of the Court and of the Assembly of States Parties

The expenses of the Court and the Assembly of States Parties, including its Bureau and subsidiary bodies, as provided for in the budget decided by the Assembly of States Parties, shall be provided by the following sources:

(a) Assessed contributions made by States Parties;

(b) Funds provided by the United Nations, subject to the approval of the General Assembly, in particular in relation to the expenses incurred due to referrals by the Security Council.

Article 116
Voluntary contributions

Without prejudice to article 115, the Court may receive and utilize, as additional funds, voluntary contributions from Governments, international organizations, individuals, corporations and other entities, in accordance with relevant criteria adopted by the Assembly of States Parties.

Article 117
Assessment of contributions

The contributions of States Parties shall be assessed in accordance with an agreed scale of assessment, based on the scale adopted by the United Nations for its regular budget and adjusted in accordance with the principles on which that scale is based.

Article 118
Annual audit

The records, books and accounts of the Court, including its annual financial statements, shall be audited annually by an independent auditor.

PART 13. FINAL CLAUSES

Article 119
Settlement of disputes

1. Any dispute concerning the judicial functions of the Court shall be settled by the decision of the Court.
2. Any other dispute between two or more States Parties relating to the interpretation or application of this Statute which is not settled through negotiations within three months of their commencement shall be referred to the Assembly of States Parties. The Assembly

deilu eða lagt fram tillögur um aðrar leiðir til þess að leysa hana, meðal annars vísað henni til Alþjóðadómstólsins í samræmi við samþykktir þess dómstóls.

120. gr.
Fyrirvarar.

Ekki er heimilt að gera fyrirvara við samþykkt þessa.

121. gr.
Breytingar.

1. Öllum aðildarríkjunum er heimilt að leggja til breytingar á samþykkt þessari þegar sjö ár eru liðin frá gildistöku hennar. Texti breytinga, sem gerð er tillaga um, skal lagður fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal þegar í stað senda hann öllum aðildarríkjunum.
2. Eigi fyrr en að þremur mánuðum liðnum frá dagsetningu tilkynningarinnar skal þing aðildarríkjanna, með meiri hluta atkvæða þeirra sem viðstaddir eru og greiða atkvæði, ákveða á næsta fundi hvort tillagan skuli tekin til umfjöllunar. Þingið getur sjálft fjallað um tillöguna eða boðað til endurskoðunarráðstefnu ef málið er þannig vaxið að þurfa þyki.
3. Tvo þriðju hluta atkvæða aðildarríkjanna þarf til að samþykkja breytingu sem ekki næst samstaða um á fundi þings aðildarríkjanna eða á endurskoðunarráðstefnu.
4. Að frátöldum ákvæðum 5. mgr. öðlast breyting gildi að því er öll aðildarríki varðar einu ári eftir að sjö áttundu hlutar ríkjanna hafa afhent fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu hjá aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna.
5. Breytingar á 5., 6., 7. og 8. gr. samþykktar þessarar skulu öðlast gildi að því er þau aðildarríki varðar, sem hafa samþykkt breytinguna, einu ári eftir að þau afhenda fullgildingar- eða staðfestingarskjöl sín til vörslu. Dómstóllinn skal ekki beita lögsögu sinni að því er varðar glæp, sem breytingin tekur til, ef hann er framinn af ríkisborgara aðildarríkis, sem hefur ekki staðfest breytinguna, eða á yfirráðasvæði þess.
6. Hafi breyting verið samþykkt af sjö áttundu hlutum aðildarríkjanna í samræmi við 4. mgr. getur aðildarríki, sem ekki hefur staðfest

may itself seek to settle the dispute or may make recommendations on further means of settlement of the dispute, including referral to the International Court of Justice in conformity with the Statute of that Court.

Article 120
Reservations

No reservations may be made to this Statute.

Article 121
Amendments

1. After the expiry of seven years from the entry into force of this Statute, any State Party may propose amendments thereto. The text of any proposed amendment shall be submitted to the Secretary-General of the United Nations, who shall promptly circulate it to all States Parties.
2. No sooner than three months from the date of notification, the Assembly of States Parties, at its next meeting, shall, by a majority of those present and voting, decide whether to take up the proposal. The Assembly may deal with the proposal directly or convene a Review Conference if the issue involved so warrants.
3. The adoption of an amendment at a meeting of the Assembly of States Parties or at a Review Conference on which consensus cannot be reached shall require a two-thirds majority of States Parties.
4. Except as provided in paragraph 5, an amendment shall enter into force for all States Parties one year after instruments of ratification or acceptance have been deposited with the Secretary-General of the United Nations by seven-eighths of them.
5. Any amendment to articles 5, 6, 7 and 8 of this Statute shall enter into force for those States Parties which have accepted the amendment one year after the deposit of their instruments of ratification or acceptance. In respect of a State Party which has not accepted the amendment, the Court shall not exercise its jurisdiction regarding a crime covered by the amendment when committed by that State Party's nationals or on its territory.
6. If an amendment has been accepted by seven-eighths of States Parties in accordance with paragraph 4, any State Party which has not

breytinguna, sagt upp samþykkt þessari og öðlast uppsögnin gildi þegar í stað, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 127. gr. en sbr. þó 2. mgr. 127. gr., með því að tilkynna uppsögn eigi síðar en einu ári eftir að slík breyting hefur öðlast gildi.

7. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum aðildarríkjunum allar breytingar sem samþykktar eru á fundum þings aðildarríkjanna eða á endurskoðunarráðstefnu.

122. gr.
Breytingar á ákvæðum sem eru stofnanalegs eðlis.

1. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 121. gr. getur sérhvert aðildarríki hvenær sem er gert tillögur um breytingar á þeim ákvæðum samþykktarinnar sem eru eingöngu stofnanalegs eðlis, þ.e. 35. gr., 8. og 9. mgr. 36. gr., 37. gr., 38. gr., 1. (tveir fyrstu málsliðirnir), 2. og 4. mgr. 39. gr., 4. til 9. mgr. 42. gr., 2. og 3. mgr. 43. gr. og 44., 46., 47. og 49. gr. Texti breytingartillagna skal lagður fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna eða annan aðila sem þing aðildarríkjanna tilnefnir og skal hann þegar í stað senda hann öllum aðildarríkjunum og öðrum þátttakendum þingsins.

2. Breytingar samkvæmt þessari grein, sem ekki næst samstaða um, skulu samþykktar á þingi aðildarríkjanna eða á endurskoðunarráðstefnu með atkvæðum tveggja þriðju hluta aðildarríkjanna. Breytingarnar skulu öðlast gildi að því er öll aðildarríki varðar sex mánuðum eftir að þingið eða endurskoðunarráðstefnan, eftir því sem við á, samþykkir þær.

123. gr.
Endurskoðun samþykktarinnar.

1. Sjö árum eftir að samþykkt þessi öðlast gildi skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boða til endurskoðunarráðstefnu til þess að fjalla um breytingar á samþykkt þessari. Slík endurskoðun getur varðað, en skal þó ekki takmarkast við, skrána yfir glæpi í 5. gr. Ráðstefnan skal vera opin öllum þátttakendum á þingi aðildarríkjanna og með sömu skilyrðum.
2. Hvenær sem er eftir það skal aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boða til endurskoðunarráðstefnu, að beiðni aðildarríkis og í þeim tilgangi sem fram kemur í 1.

accepted the amendment may withdraw from this Statute with immediate effect, notwithstanding article 127, paragraph 1, but subject to article 127, paragraph 2, by giving notice no later than one year after the entry into force of such amendment.

7. The Secretary-General of the United Nations shall circulate to all States Parties any amendment adopted at a meeting of the Assembly of States Parties or at a Review Conference.

Article 122
Amendments to provisions of an institutional nature

1. Amendments to provisions of this Statute which are of an exclusively institutional nature, namely, article 35, article 36, paragraphs 8 and 9, article 37, article 38, article 39, paragraphs 1 (first two sentences), 2 and 4, article 42, paragraphs 4 to 9, article 43, paragraphs 2 and 3, and articles 44, 46, 47 and 49, may be proposed at any time, notwithstanding article 121, paragraph 1, by any State Party. The text of any proposed amendment shall be submitted to the Sec retary-General of the United Nations or such other person designated by the Assembly of States Parties who shall promptly circulate it to all States Parties and to others participating in the Assembly.
2. Amendments under this article on which consensus cannot be reached shall be adopted by the Assembly of States Parties or by a Review Conference, by a two-thirds majority of States Parties. Such amendments shall enter into force for all States Parties six months after their adoption by the Assembly or, as the case may be, by the Conference.

Article 123
Review of the Statute

1. Seven years after the entry into force of this Statute the Secretary-General of the United Nations shall convene a Review Conference to consider any amendments to this Statute. Such review may include, but is not limited to, the list of crimes contained in article 5. The Conference shall be open to those participating in the Assembly of States Parties and on the same conditions.
2. At any time thereafter, at the request of a State Party and for the purposes set out in paragraph 1, the Secretary-General of the United Nations shall, upon approval by a

mgr., með samþykki meiri hluta aðildarríkjanna.
3. Ákvæði 3. til 7. mgr. 121. gr. skulu gilda um samþykkt og gildistöku allra breytinga á samþykktinni sem eru til umfjöllunar á endurskoðunarráðstefnu.

124. gr.
Bráðabirgðaákvæði.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. 12. gr. getur ríki lýst því yfir, um leið og það gerist aðili að samþykkt þessari, að fyrstu sjö árin eftir að samþykkt þessi öðlast gildi að því er það varðar gangist það ekki undir lögsögu dómstólsins að því er varðar þann flokk glæpa sem um getur í 8. gr. þegar glæpur er talinn hafa verið framinn af ríkisborgara þess ríkis eða á yfirráðasvæði þess. Ríkið getur hvenær sem er dregið til baka yfirlýsingu samkvæmt þessari grein. Ákvæði þessarar greinar skulu endurskoðuð á endurskoðunarráðstefnunni sem boðað er til í samræmi við 1. mgr. 123. gr.

125. gr.
Undirritun, fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Samþykkt þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í höfuðstöðvum Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna í Róm 17. júlí 1998. Síðan skal hún liggja frammi til undirritunar í utanríkisráðuneyti Ítalíu í Róm til 17. október 1998. Eftir það liggur samþykktin frammi til undirritunar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York til 31. desember árið 2000.

2. Samþykkt þessi er háð fullgildingu, staðfestingu eða samþykki ríkjanna sem undirrita hana. Skjöl um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
3. Öllum ríkjum er frjálst að gerast aðilar að samþykkt þessari. Aðildarskjöl skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

126. gr.
Gildistaka.

1. Samþykkt þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

majority of States Parties, convene a Review Conference.
3. The provisions of article 121, paragraphs 3 to 7, shall apply to the adoption and entry into force of any amendment to the Statute considered at a Review Conference.

Article 124
Transitional Provision

Notwithstanding article 12, paragraphs 1 and 2, a State, on becoming a party to this Statute, may declare that, for a period of seven years after the entry into force of this Statute for the State concerned, it does not accept the jurisdiction of the Court with respect to the category of crimes referred to in article 8 when a crime is alleged to have been committed by its nationals or on its territory. A declaration under this article may be withdrawn at any time. The provisions of this article shall be reviewed at the Review Conference convened in accordance with article 123, paragraph 1.

Article 125
Signature, ratification, acceptance, approval or accession

1. This Statute shall be open for signature by all States in Rome, at the headquarters of the Food and Agriculture Organization of the United Nations, on 17 July 1998. Thereafter, it shall remain open for signature in Rome at the Ministry of Foreign Affairs of Italy until 17 October 1998. After that date, the Statute shall remain open for signature in New York, at United Nations Headquarters, until 31 December 2000.
2. This Statute is subject to ratification, acceptance or approval by signatory States. Instruments of ratification, acceptance or approval shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.
3. This Statute shall be open to accession by all States. Instruments of accession shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

Article 126
Entry into force

1. This Statute shall enter into force on the first day of the month after the 60th day following the date of the deposit of the 60th instrument of ratification, acceptance, approval or accession with the Secretary-General of the United Nations.

2. Að því er varðar hvert ríki sem fullgildir þessa samþykkt, staðfestir hana eða samþykkir eða gerist aðili að henni eftir að 60. skjalið um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild hefur verið afhent til vörslu öðlast samþykktin gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að liðnir eru 60 dagar frá því að ríkið afhenti skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.

127. gr.
Uppsögn.

1. Aðildarríki er heimilt að segja upp samþykkt þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Uppsögnin öðlast gildi einu ári eftir móttöku tilkynningarinnar, nema kveðið sé á um síðari dagsetningu í tilkynningunni.
2. Uppsögn ríkis leysir það ekki undan skuldbindingum sem samþykkt þessi lagði því á herðar á meðan það var aðili að henni, þar á meðal hugsanlegum fjárhagsskuldbindingum. Uppsögn ríkis skal hvorki hafa áhrif á samvinnu þess við dómstólinn í tengslum við rannsókn og saksókn vegna glæpa sem ríkinu, sem sagði samþykktinni upp, bar skylda til að vinna að og var hafin fyrir þann dag sem uppsögnin öðlaðist gildi, né skal hún á nokkurn hátt hafa áhrif á áframhaldandi meðferð máls sem þegar var til meðferðar hjá dómstólnum fyrir þann dag sem uppsögnin öðlaðist gildi.

128. gr.
Gildir textar.

Frumrit samþykktar þessarar, en textar hennar á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru allir jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu og skal hann senda staðfest afrit af því til allra ríkja.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samþykkt þessa.

GJÖRT í Róm hinn 17. júlí 1998.

2. For each State ratifying, accepting, approving or acceding to this Statute after the deposit of the 60th instrument of ratification, acceptance, approval or accession, the Statute shall enter into force on the first day of the month after the 60th day following the deposit by such State of its instrument of ratification, acceptance, approval or accession.

Article 127
Withdrawal

1. A State Party may, by written notification addressed to the Secretary-General of the United Nations, withdraw from this Statute. The withdrawal shall take effect one year after the date of receipt of the notification, unless the notification specifies a later date.
2. A State shall not be discharged, by reason of its withdrawal, from the obligations arising from this Statute while it was a Party to the Statute, including any financial obligations which may have accrued. Its withdrawal shall not affect any cooperation with the Court in connection with criminal investigations and proceedings in relation to which the withdrawing State had a duty to cooperate and which were commenced prior to the date on which the withdrawal became effective, nor shall it prejudice in any way the continued consideration of any matter which was already under consideration by the Court prior to the date on which the withdrawal became effective.

Article 128
Authentic texts

The original of this Statute, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations, who shall send certified copies thereof to all States.

IN WITNESS WHEREOF, the undersigned, being duly authorized thereto by their respective Governments, have signed this Statute.

DONE at Rome, this 17th day of July 1998

AUGLÝSING

um samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana.

Hinn 29. maí 2000 var framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálastofnunarinnar afhent fullgildingarskjal Íslands vegna samþykktar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 182 um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana sem gerð var í Genf 17. júní 1999. Samþykktin öðlast gildi að því er Ísland varðar 29. maí 2001.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 6. júní 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMÞYKKT NR. 182
um bann við barnavinnu í sinni verstu mynd og tafarlausar aðgerðir til að afnema hana.

Allsherjarþing Alþjóðavinnumálastofnunarinnar,

kom saman til 87. þingsetu sinnar í Genf hinn 1. júní 1999 eftir kvaðningu stjórnarnefndar Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar,

telur að þörf sé á að setja ný viðmið um að banna barnavinnu í sinni verstu mynd og afnema hana og að veita beri slíkum aðgerðum sem mestan forgang bæði innan einstakra ríkja og á alþjóðavettvangi, meðal annars með alþjóðlegri samvinnu og aðstoð, til fyllingar samþykkt og tilmælum um lágmarksaldur við vinnu frá 1973, sem áfram eru grundvallarviðmið um barnavinnu,

telur að raunverulegt afnám barnavinnu í sinni verstu mynd krefjist tafarlausra og víðtækra aðgerða þar sem tillit verði tekið til mikilvægis grundvallarmenntunar að kostnaðarlausu og að taka verði börn sem þannig er ástatt um úr allri slíkri vinnu og sjá þeim fyrir endurhæfingu og félagslegri aðlögun um leið og brugðist er við þörfum fjölskyldna þeirra,

minnist ályktunar um afnám barnavinnu sem samþykkt var á 83. alþjóðavinnumálaþinginu árið 1996,

CONVENTION No. 182
concerning the Prohibition and Immediate Action for the Elimination of the Worst Forms of Child Labour

The General Conference of the International Labour Organization,

having been convened at Geneva by the Governing Body of the International Labour Office, and having met in its 87th Session on 1 June 1999, and

considering the need to adopt new instruments for the prohibition and elimination of the worst forms of child labour, as the main priority for national and international action, including international cooperation and assistance, to complement the Convention and the Recommendation concerning Minimum Age for Admission to Employment, 1973, which remain fundamental instruments on child labour, and

considering that the effective elimination of the worst forms of child labour requires immediate and comprehensive action, taking into account the importance of free basic education and the need to remove the children concerned from all such work and to provide for their rehabilitation and social integration while addressing the needs of their families, and

recalling the resolution concerning the elimination of child labour adopted by the International Labour Conference at its 83rd Session in 1996, and

viðurkennir að barnavinna er að miklu leyti afleiðing fátæktar og að langtímalausn á þessu vandamáli felst í viðvarandi hagvexti sem leiðir til félagslegra framfara, einkum til afnáms fátæktar og að allir eigi kost á menntun,

minnist samningsins um réttindi barnsins sem samþykktur var af allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 20. nóvember 1989,

minnist yfirlýsingar Alþjóðavinnumálastofnunarinnar um grundvallarviðmið og réttindi við vinnu og ályktunar um hvernig henni verður fylgt eftir sem samþykktar voru á 86. alþjóðavinnumálaþinginu árið 1998,

minnist þess að aðrir alþjóðlegir gerningar taka til barnavinnu í sinni verstu mynd, einkum samþykkt um nauðungarvinnu eða skylduvinnu frá 1930 og samningur Sameinuðu þjóðanna um afnám þrælahalds og þrælasölu frá 1956,

hefur samþykkt tilteknar tillögur um barnavinnu sem er fjórða mál á dagskrá þingsins,

hefur einsett sér að þessar tillögur verði settar fram í formi alþjóðasamþykktar,

og gerir í dag hinn 17. júní 1999 eftirfarandi samþykkt sem nefna má samþykkt um barnavinnu í sinni verstu mynd, 1999.

1. gr.

Sérhvert aðildarríki sem fullgildir samþykkt þessa skal þegar í stað gera virkar ráðstafanir til að tryggja bann við og afnám barnavinnu í sinni verstu mynd og skal litið á það sem brýnt verkefni.

2. gr.

Í þessari samþykkt merkir orðið „barn“ hvern þann einstakling sem ekki hefur náð 18 ára aldri.

3. gr.

Í þessari samþykkt merkja orðin „barnavinna í sinni verstu mynd“ eftirfarandi:

a. Hvers konar þrælkun eða framkvæmd sem jafna má til þrælkunar, svo sem sala og verslun með börn, skuldaránauð eða önnur ánauð og nauðungar- eða skylduvinna, þar með talið að börn séu neydd eða skylduð til þátttöku í vopnuðum átökum.

b. Notkun, öflun eða framboð barna til vændis, til framleiðslu á klámi eða til klámsýninga.

recognizing that child labour is to a great extent caused by poverty and that the long-term solution lies in sustained economic growth leading to social progress, in particular poverty alleviation and universal education, and

recalling the Convention on the Rights of the Child adopted by the United Nations General Assembly on 20 November 1989, and

recalling the ILO Declaration on Fundamental Principles and Rights at Work and its Follow-up, adopted by the International Labour Conference at its 86th Session in 1998, and

recalling that some of the worst forms of child labour are covered by other international instruments, in particular the Forced Labour Convention, 1930, and the United Nations Supplementary Convention on the Abolition of Slavery, the Slave Trade, and Institutions and Practices Similar to Slavery, 1956, and

having decided upon the adoption of certain proposals with regard to child labour, which is the fourth item on the agenda of the session, and

having determined that these proposals shall take the form of an international Convention;

adopts this seventeenth day of June of the year one thousand nine hundred and ninety-nine the following Convention, which may be cited as the Worst Forms of Child Labour Convention, 1999.

Article 1

Each Member which ratifies this Convention shall take immediate and effective measures to secure the prohibition and elimination of the worst forms of child labour as a matter of urgency.

Article 2

For the purposes of this Convention, the term child shall apply to all persons under the age of 18.

Article 3

For the purposes of this Convention, the term the worst forms of child labour comprises:

(a) all forms of slavery or practices similar to slavery, such as the sale and trafficking of children, debt bondage and serfdom and forced or compulsory labour, including forced or compulsory recruitment of children for use in armed conflict;

(b) the use, procuring or offering of a child for prostitution, for the production of pornography or for pornographic performances;

c. Notkun, öflun eða framboð barna til ólöglegra athafna, sérstaklega til framleiðslu og verslunar með ávana- og fíkniefni eins og þau eru skilgreind í viðeigandi alþjóðasamningum.
d. Störf sem vegna eðlis síns eða þeirra aðstæðna sem þau eru unnin við eru líkleg til að skaða heilsu, öryggi eða siðferði barna.

(c) the use, procuring or offering of a child for illicit activities, in particular for the production and trafficking of drugs as defined in the relevant international treaties;
(d) work which, by its nature or the circumstances in which it is carried out, is likely to harm the health, safety or morals of children.

4. gr.

1. Tilgreina skal hvaða störf falla undir d-lið 3. gr. með landslögum eða -reglum eða af hlutaðeigandi stjórnvöldum að höfðu samráði við viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks að teknu tilliti til viðeigandi alþjóðlegra viðmiða, sérstaklega 3. og 4. mgr. tilmæla um barnavinnu í sinni verstu mynd frá 1999.

2. Hlutaðeigandi stjórnvöld skulu að höfðu samráði við viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks tilgreina hvar störf sem þannig hafa verið ákvörðuð eru stunduð.
3. Skrá um þau störf sem tilgreind eru samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar skal yfirfarin reglulega og endurskoðuð eins og þörf krefur í samráði við viðkomandi samtök atvinnurekenda og launafólks.

Article 4

1. The types of work referred to under Article 3(d) shall be determined by national laws or regulations or by the competent authority, after consultation with the organizations of employers and workers concerned, taking into consideration relevant international standards, in particular Paragraphs 3 and 4 of the Worst Forms of Child Labour Recommendation, 1999.
2. The competent authority, after consultation with the organizations of employers and workers concerned, shall identify where the types of work so determined exist.
3. The list of the types of work determined under paragraph 1 of this Article shall be periodically examined and revised as necessary, in consultation with the organizations of employers and workers concerned.

5. gr.

Sérhvert aðildarríki skal að höfðu samráði við samtök atvinnurekenda og launafólks gera viðeigandi ráðstafanir til að fylgjast með framkvæmd þeirra ákvæða sem ætlað er að tryggja virkni samþykktar þessarar eða fela það viðeigandi aðilum.

Article 5

Each Member shall, after consultation with employers' and workers' organizations, establish or designate appropriate mechanisms to monitor the implementation of the provisions giving effect to this Convention.

6. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal hafa sem forgangsverkefni að setja sér og framkvæma áætlanir um aðgerðir til að uppræta barnavinnu í sinni verstu mynd.
2. Slíkar áætlanir skulu gerðar og framkvæmdar í samráði við viðeigandi stofnanir ríkisvaldsins og samtök atvinnurekenda og launafólks, og taka eins og við kann að eiga tillit til sjónarmiða annarra hópa sem þær varða.

Article 6

1. Each Member shall design and implement programmes of action to eliminate as a priority the worst forms of child labour.

2. Such programmes of action shall be designed and implemented in consultation with relevant government institutions and employers' and workers' organizations, taking into consideration the views of other concerned groups as appropriate.

7. gr.

1. Hvert aðildarríki skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja innleiðingu og framkvæmd þeirra ákvæða sem ætlað er að tryggja

Article 7

1. Each Member shall take all necessary measures to ensure the effective implementation and enforcement of the provisions giving

virkni samþykktar þessarar, þar á meðal með því að mæla fyrir um refsiviðurlög og beita þeim, eða önnur viðurlög eins og við kann að eiga.

2. Með tilliti til mikilvægis menntunar við að uppræta barnavinnu skal sérhvert aðildarríki gera virkar ráðstafanir innan ákveðins frests til að:
   a. koma í veg fyrir að börn séu sett í barnavinnu í sinni verstu mynd,
   b. veita nauðsynlega og viðeigandi beina aðstoð til að taka börn úr barnavinnu í sinni verstu mynd og til endurhæfingar þeirra og félagslegrar aðlögunar,
   c. tryggja aðgang að grundvallarmenntun að kostnaðarlausu og starfsmenntun hvarvetna sem það er mögulegt og viðeigandi, fyrir öll börn sem tekin eru úr barnavinnu í sinni verstu mynd,
   d. finna börn sem háð eru sérstakri áhættu og ná til þeirra, og
   e. taka tillit til sérstakra aðstæðna stúlkna.

3. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina hlutaðeigandi stjórnvald sem ber ábyrgð á innleiðingu þeirra ákvæða sem ætlað er að tryggja virkni samþykktar þessarar.

effect to this Convention including the provision and application of penal sanctions or, as appropriate, other sanctions.

2. Each Member shall, taking into account the importance of education in eliminating child labour, take effective and time-bound measures to:
   (a) prevent the engagement of children in the worst forms of child labour;
   (b) provide the necessary and appropriate direct assistance for the removal of children from the worst forms of child labour and for their rehabilitation and social integration;
   (c) ensure access to free basic education, and, wherever possible and appropriate, vocational training, for all children removed from the worst forms of child labour;
   (d) identify and reach out to children at special risk; and
   (e) take account of the special situation of girls.
3. Each Member shall designate the competent authority responsible for the implementation of the provisions giving effect to this Convention.

8. gr.

Aðildarríki skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að aðstoða hvert annað við að hrinda í framkvæmd ákvæðum samþykktar þessarar með aukinni alþjóðlegri samvinnu og/eða aðstoð, þar með talið stuðningi við félagslega og efnahagslega uppbyggingu, áætlunum um menntun fyrir alla og afnám fátæktar.

Article 8

Members shall take appropriate steps to assist one another in giving effect to the provisions of this Convention through enhanced international cooperation and/or assistance including support for social and economic development, poverty eradication programmes and universal education.

9. gr.

Formleg skjöl um fullgildingu þessarar samþykktar skulu send framkvæmdastjóra Alþjóðavinnumálaskrifstofunnar til skráningar.

Article 9

The formal ratifications of this Convention shall be communicated to the Director-General of the International Labour Office for registration.

10. gr.

1. Þessi samþykkt skal einungis vera bindandi fyrir þau aðildarríki Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem hafa látið framkvæmdastjórann skrá fullgildingar sínar.

2. Hún öðlast gildi tólf mánuðum eftir þann dag er framkvæmdastjórinn hefur skráð fullgildingar tveggja aðildarríkja.

Article 10

1. This Convention shall be binding only upon those Members of the International Labour Organization whose ratifications have been registered with the Director-General of the International Labour Office.
2. It shall come into force 12 months after the date on which the ratifications of two Members have been registered with the Director-General.

3. Þar eftir öðlast þessi samþykkt gildi að því er sérhvert aðildarríki varðar tólf mánuðum eftir þann dag er fullgilding þess hefur verið skráð.

11. gr.

legri ráðgjafarnefnd til þess að gera honum kleift, þegar hann sinnir starfsskyldum sínum, að veita ráðstefnunni, framkvæmdaráðinu eða aðildarríkjunum viðeigandi sérfræðiráðgjöf á sviði vísinda og tækni með tilliti til samnings þessa. Ef svo ber undir skal vísindalega ráðgjafarnefndin skipuð óháðum sérfræðingum sem vinna sjálfstætt og eru tilnefndir, í samræmi við erindisbréf sem ráðstefnan samþykkir, á grundvelli sérfræðiþekkingar sinnar og reynslu á viðkomandi sviðum vísinda sem hafa þýðingu fyrir framkvæmd samnings þessa;

g) gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við V.gr., til þess að tryggja að staðið sé við ákvæði samnings þessa og til þess að lagfæra og ráða bót á hvers kyns aðstæðum sem stangast á við þau;

h) fjalla um og samþykkja, á upphafsfundi sínum, sérhver drög að samningum, tilhögun, ákvæðum, starfsreglum, rekstrarhandbókum, leiðbeiningum og öðrum skjölum sem undirbúningsnefndin semur og gerir tillögu um;

i) fjalla um og samþykkja samninga eða tilhögun sem tækniskrifstofan gerir eða semur um við aðildarríki, önnur ríki og alþjóðastofnanir og framkvæmdaráðið skal ganga frá fyrir hönd stofnunarinnar í samræmi við h-lið 38. mgr.;

j) koma á fót undirstofnunum sem hún telur nauðsynlegar til að geta sinnt hlutverki sínu í samræmi við samning þennan; og

k) uppfæra 1. viðauka við samning þennan eftir þörfum í samræmi við 23. mgr.

C. Framkvæmdaráðið.

Samsetning, starfsreglur og ákvarðanataka.

27. Aðilar að framkvæmdaráðinu skulu vera 51 að tölu. Hvert aðildarríki skal eiga rétt á því að starfa í framkvæmdaráðinu í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

28. Framkvæmdaráðið skal, að teknu tilliti til nauðsynlegrar og jafnrar landfræðilegrar dreifingar, samanstanda af:
   a) tíu aðildarríkjum frá Afríku;
   b) sjö aðildarríkjum frá Austur-Evrópu;
   c) níu aðildarríkjum frá Suður- og Mið-Ameríku og Karíbahafinu;

Advisory Board to enable him or her, in the performance of his or her functions, to render specialized advice in areas of science and technology relevant to this Treaty to the Conference, to the Executive Council or to States Parties. In that case, the Scientific Advisory Board shall be composed of independent experts serving in their individual capacity and appointed, in accordance with terms of reference adopted by the Conference, on the basis of their expertise and experience in the particular scientific fields relevant to the implementation of this Treaty;

g) Take the necessary measures to ensure compliance with this Treaty and to redress and remedy any situation that contravenes the provisions of this Treaty, in accordance with Article V;

h) Consider and approve at its initial session any draft agreements, arrangements, provisions, procedures, operational manuals, guidelines and any other documents developed and recommended by the Preparatory Commission;

i) Consider and approve agreements or arrangements negotiated by the Technical Secre tariat with States Parties, other States and international organizations to be concluded by the Executive Council on behalf of the Organization in accordance with paragraph 38 (h);

j) Establish such subsidiary organs as it finds necessary for the exercise of its functions in accordance with this Treaty; and

k) Update Annex 1 to this Treaty, as appropriate, in accordance with paragraph 23.

C. THE EXECUTIVE COUNCIL

Composition, Procedures and Decision-making

27. The Executive Council shall consist of 51 members. Each State Party shall have the right, in accordance with the provisions of this Article, to serve on the Executive Council.

28. Taking into account the need for equitable geographical distribution, the Executive Council shall comprise:
   a. Ten States Parties from Africa;
   b. Seven States Parties from Eastern Europe;
   c. Nine States Parties from Latin America and the Caribbean;

d) sjö aðildarríkjum frá Austurlöndum nær og Suður-Asíu;
e) tíu aðildarríkjum frá Norður-Ameríku og Vestur-Evrópu;
f) átta aðildarríkjum frá Suðaustur-Asíu, Kyrrahafsvæðinu og Austurlöndum fjær;

Öll ríki frá hverju framangreindu landfræðilegu svæði eru skráð í 1. viðauka við samning þennan. Ráðstefnan skal uppfæra 1. viðauka við samning þennan, eftir því sem við á, í samræmi við 23. mgr. og k-lið 26. mgr. Hvorki skal leiðrétta hann né gera á honum breytingar samkvæmt þeim starfsreglum sem um getur í VII. gr.

29. Ráðstefnan kýs þá aðila sem eiga sæti í framkvæmdaráðinu. Í þessu sambandi skal hvert landfræðilegt svæði tilnefna aðildarríki frá viðkomandi svæði vegna kjörs til setu í framkvæmdaráðinu með eftirfarandi hætti:

a) að minnsta kosti þriðjungur sæta, sem hverju landfræðilegu svæði er úthlutað, skal frátekinn, að teknu tilliti til stjórnmála- og öryggishagsmuna, fyrir aðildarríki á viðkomandi svæði sem eru tilnefnd á grundvelli kjarnorkumátts, sem samningurinn fjallar um, eins og alþjóðleg gögn segja til um og allar eða einhverjar eftirfarandi leiðbeinandi viðmiðanir í þeirri forgangsröð sem er ákveðin á hverju svæði fyrir sig:
   i) fjöldi vöktunarvirkja í alþjóðavöktunarkerfinu,
   ii) sérfræðiþekking og reynsla á sviði vöktunartækni, og
   iii) framlag til árlegrar fjárhagsáætlunar stofnunarinnar;
b) eitt þeirra sæta, sem er úthlutað til hvers landfræðilegs svæðis, skal á víxl skipað því aðildarríki sem stendur fremst í enskri stafrófsröð þeirra aðildarríkja á viðkomandi svæði sem hafa ekki átt sæti í framkvæmdaráðinu í lengstan tíma frá því að þau gerðust aðildarríki eða síðan setu þeirra þar lauk, eftir því hvort tímabilið er styttra. Aðildarríki, sem er tilnefnt á þessum grundvelli, getur ákveðið að gefa sæti sitt eftir. Í því tilviki skal viðkomandi aðildarríki senda aðalframkvæmdastjóranum afsalsbréf og það aðildarríki, sem er næst í röðinni samkvæmt undirgrein þessari, skal skipa sætið; og

c) þau sæti, sem eru eftir og er úthlutað hverju landfræðilegu svæði, skulu skipuð

d. Seven States Parties from the Middle East and South Asia;
e. Ten States Parties from North America and Western Europe; and
f. Eight States Parties from South-East Asia, the Pacific and the Far East.

All States in each of the above geographical regions are listed in Annex 1 to this Treaty. Annex 1 to this Treaty shall be updated, as appropriate, by the Conference in accordance with paragraphs 23 and 26 (k). It shall not be subject to amendments or changes under the procedures contained in Article VII.

29. The members of the Executive Council shall be elected by the Conference. In this connection, each geographical region shall designate States Parties from that region for election as members of the Executive Council as follows:
a. At least one-third of the seats allocated to each geographical region shall be filled, taking into account political and security interests by States Parties in that region designated on the basis of the nuclear capabilities relevant to the Treaty as determined by international data as well as all or any of the following indicative criteria in the order of priority determined by each region:

   a. Number of monitoring facilities of the International Monitoring System;
   b. Expertise and experience in monitoring technology; and
   c. Contribution to the annual budget of the Organization;

b. One of the seats allocated to each geographical region shall be filled on a rotational basis by the State Party that is first in the English alphabetical order among the States Parties in that region that have not served as members of the Executive Council for the longest period of time since becoming States Parties or since their last term, whichever is shorter. A State Party designated on this basis may decide to forgo its seat. In that case, such a State Party shall submit a letter of renunciation to the Director-General, and the seat shall be filled by the State Party following next-in-order according to this sub-paragraph; and
c. The remaining seats allocated to each geographical region shall be filled by

aðildarríkjum sem eru tilnefnd úr hópi allra aðildarríkja á viðkomandi svæði á víxl eða að undangengnu kjöri.

30. Sérhver aðili að framkvæmdaráðinu skal eiga einn fulltrúa í því og má hann hafa í fylgd með sér varamenn og ráðgjafa.

31. Sérhver aðili að framkvæmdaráðinu skal halda stöðu sinni frá lokum þess fundar ráðstefnunnar þegar hann var kjörinn til loka annars reglulegs og árviss fundar ráðstefnunnar þar á eftir, að því undanskildu að í fyrsta kjöri til framkvæmdaráðsins skulu 26 aðilar kjörnir til setu í ráðinu til loka þriðja reglulegs og árviss fundar ráðstefnunnar, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þeirra fjöldahlutfalla sem eru ákveðin og lýst er í 28. mgr.

32. Framkvæmdaráðið skal semja starfsreglur sínar og leggja fyrir ráðstefnuna til samþykktar.
33. Framkvæmdaráðið kýs sér formann úr hópi þeirra aðila sem eiga sæti í ráðinu.
34. Framkvæmdaráðið skal koma saman til reglulegra fundahalda. Þess á milli skal það koma saman eins og þurfa þykir til að fara með umboð sitt og gegna hlutverki sínu.
35. Sérhver aðili að framkvæmdaráðinu skal hafa eitt atkvæði.
36. Framkvæmdaráðið skal taka ákvarðanir um mál sem varða starfsreglur með atkvæðum meirihluta allra aðila að því. Framkvæmdaráðið skal taka ákvarðanir um mál af efnislegum toga með atkvæðum tveggja þriðju hluta allra aðila að því, nema annað sé tilgreint í samningi þessum. Komi upp ágreiningur um það hvort álitamál sé mál af efnislegum toga eða ekki skal fara með álitamálið sem slíkt mál, nema sá meirihluti, sem er tilskilinn til að taka ákvarðanir um mál af efnislegum toga, ákveði annað.

Umboð og hlutverk.

37. Framkvæmdaráðið skal vera framkvæmdaaðili stofnunarinnar. Það skal vera ábyrgt gagnvart ráðstefnunni. Framkvæmdaráðið skal fara með það umboð og hlutverk sem því er falið samkvæmt samningi þessum. Í þeim efnum skal það starfa í samræmi við tilmæli, ákvarðanir og viðmiðunarreglur ráðstefnunnar og tryggja stöðuga og rétta framkvæmd þeirra.
38. Framkvæmdaráðið skal:
    a) stuðla að skilvirkri framkvæmd samnings þessa og því að staðið sé við hann;

States Parties designated from among all the States Parties in that region by rotation or elections.

30. Each member of the Executive Council shall have one representative on the Executive Council, who may be accompanied by alternates and advisers.
31. Each member of the Executive Council shall hold office from the end of the session of the Conference at which that member is elected until the end of the second regular annual session of the Conference thereafter, except that for the first election of the Executive Council, 26 members shall be elected to hold office until the end of the third regular annual session of the Conference, due regard being paid to the established numerical proportions as described in paragraph 28.
32. The Executive Council shall elaborate its rules of procedure and submit them to the Conference for approval.
33. The Executive Council shall elect its Chairman from among its members.
34. The Executive Council shall meet for regular sessions. Between regular sessions it shall meet as may be required for the fulfilment of its powers and functions.
35. Each member of the Executive Council shall have one vote.
36. The Executive Council shall take decisions on matters of procedure by a majority of all its members. The Executive Council shall take decisions on matters of substance by a two-thirds majority of all its members unless specified otherwise in this Treaty. When the issue arises as to whether the question is one of substance or not, that question shall be treated as a matter of substance unless otherwise decided by the majority required for decisions on matters of substance.

Powers and Functions

37. The Executive Council shall be the executive organ of the Organization. It shall be responsible to the Conference. It shall carry out the powers and functions entrusted to it in accordance with this Treaty. In so doing, it shall act in conformity with the recommendations, decisions and guidelines of the Conference and ensure their continuous and proper implementation.
38. The Executive Council shall:
    a. Promote effective implementation of, and compliance with, this Treaty;

b) hafa yfirumsjón með starfsemi tækniskrifstofunnar;
c) beina tilmælum til ráðstefnunnar, eftir því sem nauðsyn krefur, þess efnis að hún fjalli um frekari tillögur um að stuðla að því að markmiðum og tilgangi samnings þessa verði náð;
d) eiga samvinnu við landsskrifstofuna í hverju aðildarríki;
e) fjalla um og leggja fyrir ráðstefnuna drög að árlegri starfsáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar, drög að skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd samnings þessa, skýrsluna um eigin starfsemi og aðrar þær skýrslur sem það telur nauðsynlegar eða ráðstefnan kann að óska eftir;
f) gera ráðstafanir vegna fundahalda ráðstefnunnar, meðal annars semja drög að dagskrá;
g) kanna tillögur um breytingar á bókuninni eða viðaukunum við hana skv. VII. gr. í málum er lúta að stjórnsýslu eða tækni og beina tilmælum til aðildarríkjanna um samþykkt þeirra;
h) að því tilskildu að samþykki ráðstefnunnar liggi fyrir, ganga frá samningum eða tilhögun við aðildarríkin, önnur ríki og alþjóðastofnanir fyrir hönd stofnunarinnar og hafa yfirumsjón með framkvæmd þeirra eða hennar, að undanskildum samningum eða tilhögun sem um getur í i-lið;
i) samþykkja og hafa yfirumsjón með framkvæmd samninga eða tilhögunar sem tengist framkvæmd sannprófunar hjá aðildarríkjum og öðrum ríkjum; og
j) samþykkja sérhverjar nýjar rekstrarhandbækur og sérhverjar breytingar á gildandi rekstrarhandbókum sem tækniskrifstofan kann að leggja til.

39. Framkvæmdaráðið getur farið fram á að ráðstefnan verði kölluð saman til aukafundar.
40. Framkvæmdaráðið skal:
a) greiða, með gagnkvæmum upplýsingaskiptum, fyrir samstarfi milli aðildarríkja og milli aðildarríkja og tækniskrifstofunnar í tengslum við framkvæmd samnings þessa;
b) greiða fyrir samráði og skýringum milli aðildarríkja í samræmi við IV. gr.; og

b. Supervise the activities of the Technical Secretariat;
c. Make recommendations as necessary to the Conference for consideration of further proposals for promoting the object and purpose of this Treaty ;
d. Cooperate with the National Authority of each State Party;
e. Consider and submit to the Conference the draft annual programme and budget of the Organization, the draft report of the Organization on the implementation of this Treaty, the report on the performance of its own activities and such other reports as it deems necessary or that the Conference may request;
f. Make arrangements for the sessions of the Conference, including the preparation of the draft agenda;
g. Examine proposals for changes, on matters of an administrative or technical nature, to the Protocol or the Annexes thereto, pursuant to Article VII, and make recommendations to the States Parties regarding their adoption;
h. Conclude, subject to prior approval of the Conference, agreements or arrangements with States Parties, other States and international organizations on behalf of the Organization and supervise their implementation, with the exception of agreements or arrangements referred to in sub-paragraph (i);
i. Approve and supervise the operation of agreements or arrangements relating to the implementation of verification activities with States Parties and other States; and
j. Approve any new operational manuals and any changes to the existing operational manuals that may be proposed by the Technical Secretariat.

39. The Executive Council may request a special session of the Conference.
40. The Executive Council shall:
a. Facilitate cooperation among States Parties, and between States Parties and the Technical Secretariat, relating to the implementation of this Treaty through information exchanges;
b. Facilitate consultation and clarification among States Parties in accordance with Article IV; and

c) veita viðtöku, fjalla um og bregðast við beiðnum og skýrslum um vettvangsskoðanir í samræmi við IV. gr.

41. Framkvæmdaráðið skal fjalla um hvert það mál sem aðildarríki vekur athygli á og snýst um það að hugsanlega sé ekki staðið við samning þennan og að sá réttur sem samningur þessi veitir sé hugsanlega misnotaður. Þegar slík mál eru til umfjöllunar skal framkvæmdaráðið hafa samráð við hlutaðeigandi aðildarríki og, eftir því sem þörf krefur, fara þess á leit við aðildarríkið að það geri ráðstafanir til þess að ráða bót á aðstæðum innan tiltekins frests. Að svo miklu leyti sem framkvæmdaráðið telur frekari aðgerða þörf skal það m.a. gera eina eða fleiri eftirtalinna ráðstafana:
   a) tilkynna öllum aðildarríkjum um sakarefnið eða málefnið;
   b) vekja athygli ráðstefnunnar á sakarefninu eða málefninu;
   c) beina tilmælum til ráðstefnunnar eða grípa til aðgerða, eftir því sem við á, sem varða ráðstafanir sem eru í samræmi við V. gr. og til þess ætlaðar að bæta aðstæður og tryggja að staðið sé við samninginn.

D. Tækniskrifstofan.

42. Tækniskrifstofan skal aðstoða aðildarríki við framkvæmd samnings þessa. Tækniskrifstofan skal aðstoða ráðstefnuna og framkvæmdaráðið við að gegna hlutverkum sínum. Tækniskrifstofan skal annast sannprófun og skila öðrum hlutverkum sem henni eru falin samkvæmt samningi þessum sem og þeim hlutverkum sem ráðstefnan eða framkvæmdaráðið felur henni í samræmi við samninginn. Alþjóðagagnamiðstöðin skal vera óaðskiljanlegur hluti tækniskrifstofunnar.

43. Hlutverk tækniskrifstofunnar, hvað varðar sannprófun þess að ákvæði samnings þessa séu virt, skulu, í samræmi við IV. gr. og bókunina, meðal annars vera fólgin í því:
   a) að ábyrgjast yfirumsjón með og samræma starfsemi alþjóðavöktunarkerfisins;
   b) að starfrækja Alþjóðagagnamiðstöðina;
   c) að taka reglulega við, vinna úr, greina og skýra frá gögnum úr alþjóðavöktunarkerfinu;
   d) að veita tæknilega aðstoð og stuðning við uppsetningu og starfrækslu vöktunarstöðva;

c. Receive, consider and take action on requests for, and reports on, on-site inspections in accordance with Article IV.

41. The Executive Council shall consider any concern raised by a State Party about possible non-compliance with this Treaty and abuse of the rights established by this Treaty. In doing so, the Executive Council shall consult with the States Parties involved and, as appropriate, request a State Party to take measures to redress the situation within a specified time. To the extent that the Executive Council considers further action to be necessary, it shall take, inter alia, one or more of the following measures:
   a. Notify all States Parties of the issue or matter;
   b. Bring the issue or matter to the attention of the Conference;
   c. Make recommendations to the Conference or take action, as appropriate, regarding measures to redress the situation and to ensure compliance in accordance with Article V.

D. THE TECHNICAL SECRETARIAT

42. The Technical Secretariat shall assist States Parties in the implementation of this Treaty. The Technical Secretariat shall assist the Conference and the Executive Council in the performance of their functions. The Technical Secretariat shall carry out the verification and other function entrusted to it by this Treaty, as well as those functions delegated to it by the Conference or the Executive Council in accordance with this Treaty. The Technical Secretariat shall include, as an integral part, the International Data Centre.

43. The functions of the Technical Secretariat with regard to verification of compliance with this Treaty shall, in accordance with Article IV and the Protocol, include inter alia:
   a. Being responsible for supervising and coordinating the operation of the International Monitoring System;
   b. Operating the International Data Centre;
   c. Routinely receiving, processing, analysing and reporting on International Monitoring System data;
   d. Providing technical assistance in, and support for, the installation and operation of monitoring stations;

e) að aðstoða framkvæmdaráðið í að greiða fyrir samráði og skýringum milli aðildarríkjanna;
f) að taka við beiðnum um vettvangsskoðanir og vinna úr þeim, aðstoða framkvæmdaráðið við að fjalla um slíkar beiðnir, standa að undirbúningi fyrir og veita tæknilega aðstoð við vettvangsskoðanir og gefa framkvæmdaráðinu skýrslu;
g) að gera samninga eða semja um tilhögun við aðildarríki, önnur ríki og alþjóðastofnanir og ganga frá, að því tilskildu að fyrir liggi samþykki framkvæmdaráðsins, öllum slíkum samningum eða tilhögun, sem tengist aðgerðum á sviði sannprófunar, við aðildarríki eða önnur ríki; og
h) að aðstoða aðildarríkin, fyrir atbeina landsskrifstofa þeirra, í öðrum málum er varða sannprófun samkvæmt samningi þessum.

44. Tækniskrifstofan skal, að fengnu samþykki framkvæmdaráðsins, undirbúa og viðhalda rekstrarhandbókum til að leiðbeina um gang hinna ýmsu þátta sannprófunarfyrirkomulagsins í samræmi við IV. gr. og bókunina. Fyrrnefndar handbækur skulu ekki vera óaðskiljanlegir hlutar samnings þessa eða bókunarinnar og getur tækniskrifstofan breytt þeim með samþykki framkvæmdaráðsins. Tækniskrifstofan skal tilkynna aðildarríkjunum tafarlaust um allar breytingar á rekstrarhandbókunum.

45. Hlutverk tækniskrifstofunnar, að því er varðar stjórnsýslu, skulu vera meðal annars:

a) að undirbúa og leggja fyrir framkvæmdaráðið drög að starfsáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar;
b) að undirbúa og leggja fyrir framkvæmdaráðið drög að skýrslu stofnunarinnar um framkvæmd samnings þessa og aðrar þær skýrslur sem ráðstefnan eða framkvæmdaráðið kann að fara fram á;
c) að veita ráðstefnunni, framkvæmdaráðinu og öðrum undirstofnunum aðstoð á sviði stjórnsýslu og tækni;
d) að afgreiða og taka við orðsendingum fyrir hönd stofnunarinnar sem varða framkvæmd samnings þessa; og
e) að gegna stjórnsýslulegum skyldum sem tengjast samningum milli stofnunarinnar og annarra alþjóðastofnana.

e. Assisting the Executive Council in facilitating consultation and clarification among States Parties;
f. Receiving requests for on-site inspections and processing them, facilitating Executive Council consideration of such requests, carrying out the preparations for, and providing technical support during, the conduct of on-site inspections, and reporting to the Executive Council;
g. Negotiating agreements or arrangements with States Parties, other States and inter national organizations and concluding, subject to prior approval by the Executive Council, any such agreements or arrangements relating to verification activities with States Parties or other States; and
h. Assisting the States Parties through their National Authorities on other issues of verification under this Treaty.

44. The Technical Secretariat shall develop and maintain, subject to approval by the Executive Council, operational manuals to guide the operation of the various components of the verification regime, in accordance with Article IV and the Protocol. These manuals shall not constitute integral parts of this Treaty or the Protocol and may be changed by the Technical Secretariat subject to approval by the Executive Council. The Technical Secretariat shall promptly inform the States Parties of any changes in the operational manuals.

45. The functions of the Technical Secretariat with respect to administrative matters shall include:
a. Preparing and submitting to the Executive Council the draft programme and budget of the Organization;
b. Preparing and submitting to the Executive Council the draft report of the Organization on the implementation of this Treaty and such other reports as the Conference or the Executive Council may request;
c. Providing administrative and technical support to the Conference, the Executive Council and other subsidiary organs;
d. Addressing and receiving communications on behalf of the Organization relating to the implementation of this Treaty; and
e. Carrying out the administrative responsibilities related to any agreements between the Organization and other international organizations.

46. Allar beiðnir og tilkynningar frá aðildarríkjunum til stofnunarinnar skal senda aðalframkvæmdastjóranum fyrir atbeina landsskrifstofa þeirra. Beiðnir og tilkynningar skulu vera á einu hinna opinberu tungumála samnings þessa. Í svari sínu skal aðalframkvæmdastjórinn nota það tungumál sem hin innsenda beiðni eða tilkynning er rituð á.
47. Tækniskrifstofan skal, með hliðsjón af því hlutverki sínu að undirbúa og leggja fyrir framkvæmdaráðið drög að starfsáætlun og fjárhagsáætlun stofnunarinnar, ákveða og halda greinargott bókhald yfir allan kostnað vegna hverrar þeirrar aðstöðu sem komið er á fót sem hluta af alþjóðavöktunarkerfinu. Öll önnur starfsemi á vegum stofnunarinnar skal hljóta hliðstæða meðferð í drögum að starfsáætlun og fjárhagsáætlun.

48. Tækniskrifstofan skal upplýsa framkvæmdaráðið án tafar um öll vandamál sem komið hafa upp þegar hún hefur sinnt hlutverki sínu, sem hún hefur fengið vitneskju um í störfum sínum og sem henni hefur ekki tekist að leysa í samráði við viðkomandi aðildarríki.

49. Tækniskrifstofuna mynda aðalframkvæmdastjóri, sem skal vera yfirmaður hennar og aðalstjórnandi, og vísinda- og tæknimenn ásamt öðru starfsliði sem þörf er á. Ráðstefnan skipar aðalframkvæmdastjórann til fjögurra ára, að fengnum meðmælum framkvæmdaráðsins, og er heimilt að framlengja starfstíma hans um önnur fjögur ár en ekki eftir það. Ráðstefnan skipar fyrsta aðalframkvæmdastjórann á upphafsfundi sínum að fengnum meðmælum undirbúningsnefndarinnar.

50. Aðalframkvæmdastjórinn skal vera ábyrgur gagnvart ráðstefnunni og framkvæmdaráðinu að því er varðar skipan starfsliðsins og skipulagningu og starfrækslu tækniskrifstofunnar. Það sem mestu máli skiptir við ráðningu starfsliðsins og við ákvörðun starfsskilyrða skal vera nauðsyn þess að tryggja ýtrustu kröfur um faglega sérþekkingu, reynslu, skilvirkni, hæfi og heiðarleika. Aðeins ríkisborgarar aðildarríkjanna skulu gegna starfi aðalframkvæmdastjóra, skoðunarmanna eða starfa sem fagmenn og aðstoðarmenn. Taka ber eðlilegt tillit til mikilvægi þess að við ráðningu starfsmanna sé landfræðileg dreifing höfð að leiðarljósi eins og frekast er unnt.

46. All requests and notifications by States Parties to the Organization shall be transmitted through their National Authorities to the Director-General. Requests and notifications shall be in one of the official languages of this Treaty. In response the Director-General shall use the language of the transmitted request or notification.
47. With respect to the responsibilities of the Technical Secretariat for preparing and submitting to the Executive Council the draft programme and budget of the Organization, the Technical Secretariat shall determine and maintain a clear accounting of all costs for each facility established as part of the International Monitoring System. Similar treatment in the draft programme and budget shall be accorded to all other activities of the Organization.
48. The Technical Secretariat shall promptly inform the Executive Council of any problems that have arisen with regard to the discharge of its functions that have come to its notice in the performance of its activities and that it has been unable to resolve through consultations with the State Party concerned.
49. The Technical Secretariat shall comprise a Director-General, who shall be its head and chief administrative officer, and such scientific, technical and other personnel as may be required. The Director-General shall be appointed by the Conference upon the recommendation of the Executive Council for a term of four years, renewable for one further term, but not thereafter. The first Director-General shall be appointed by the Conference at its initial session upon the recommendation of the Preparatory Commission.
50. The Director-General shall be responsible to the Conference and the Executive Council for the appointment of the staff and for the organization and functioning of the Technical Secretariat. The paramount consideration in the employment of the staff and in the determination of the conditions of service shall be the necessity of securing the highest standards of professional expertise, experience, efficiency, competence and integrity. Only citizens of States Parties shall serve as the Director-General, as inspectors or as members of the professional and clerical staff. Due regard shall be paid to the importance of recruiting the staff on as wide

Sú meginregla skal gilda um ráðningar að starfsmenn skuli aldrei vera fleiri en nauðsyn krefur til þess að tækniskrifstofan geti unnið skyldustörf sín með eðlilegum hætti.

51. Aðalframkvæmdastjórinn getur, eftir því sem við á og að höfðu samráði við framkvæmdaráðið, sett á fót bráðabirgðavinnuhópa vísindamanna sem er ætlað að setja fram tilmæli um ákveðin mál.
52. Aðalframkvæmdastjórinn, skoðunarmenn, aðstoðarmenn við skoðun og starfsmenn skulu ekki leita eftir eða taka við boðum frá ríkisstjórnum eða öðrum aðilum utan stofnunarinnar. Þeir skulu forðast hvers konar háttsemi sem gæti varpað skugga á stöðu þeirra sem alþjóðlegir starfsmenn sem einungis eru ábyrgir gagnvart stofnuninni. Aðalframkvæmdastjórinn skal bera ábyrgð á störfum skoðunarhópa.

53. Sérhvert aðildarríki skal virða þá staðreynd að hlutverk aðalframkvæmdastjórans, skoðunarmanna, aðstoðarmanna við skoðun og starfsmanna er eingöngu alþjóðlegt í eðli sínu og skal ekki leitast við að hafa áhrif á þá er þeir gegna skyldustörfum sínum.

E. Sérréttindi og friðhelgi.

54. Stofnunin skal, á landsvæði aðildarríkis og alls staðar annars staðar þar sem það hefur lögsögu eða yfirráð, njóta þeirrar réttarstöðu, sérréttinda og friðhelgi sem eru nauðsynleg til þess að hún geti gegnt hlutverki sínu.
55. Sendimenn aðildarríkja, ásamt varamönnum og ráðgjöfum þeirra, fulltrúar kjörinna aðila að framkvæmdaráðinu, ásamt varamönnum og ráðgjöfum þeirra, aðalframkvæmdastjórinn, skoðunarmenn, aðstoðarmenn við skoðun og starfsmenn stofnunarinnar skulu njóta þeirra sérréttinda og friðhelgi sem eru nauðsynleg til þess að þeir geti óháðir gegnt hlutverkum sínum sem tengjast stofnuninni.

56. Skilgreina skal þá réttarstöðu, sérréttindi og friðhelgi, sem um getur í þessari grein, í samningum milli stofnunarinnar og aðildarríkjanna og enn fremur í samningi milli stofnunarinnar og þess ríkis þar sem hún hefur aðsetur. Fjalla ber um slíka samninga og samþykkja í samræmi við h- og i-liði 26. mgr.

57. Þrátt fyrir 54. og 55. mgr. skulu sérréttindi og friðhelgi aðalframkvæmdastjórans, skoðunar-

a geographical basis as possible. Recruitment shall be guided by the principle that the staff shall be kept to the minimum necessary for the proper discharge of the responsibilities of the Technical Secretariat.

51. The Director-General may, as appropriate, after consultation with the Executive Council, establish temporary working groups of scientific experts to provide recommendations on specific issues.
52. In the performance of their duties, the Director-General, the inspectors, the inspection assistants and the members of the staff shall not seek or receive instructions from any Government or from any other source external to the Organization. They shall refrain from any action that might reflect adversely on their positions as international officers responsible only to the Organization. The Director-General shall assume responsibility for the activities of an inspection team.
53. Each State Party shall respect the exclusively international character of the responsibilities of the Director-General, the inspectors, the inspection assistants and the members of the staff and shall not seek to influence them in the discharge of their responsibilities.

E. PRIVILEGES AND IMMUNITIES

54. The Organization shall enjoy on the territory and in any other place under the jurisdiction or control of a State Party such legal capacity and such privileges and immunities as are necessary for the exercise of its functions.
55. Delegates of States Parties, together with their alternates and advisers, representatives of members elected to the Executive Council, together with their alternates and advisers, the Director-General, the inspectors, the inspection assistants and the members of the staff of the Organization shall enjoy such privileges and immunities as are necessary in the independent exercise of their functions in connection with the Organization.
56. The legal capacity, privileges and immunities referred to in this Article shall be defined in agreements between the Organization and the State Parties as well as in an agreement between the Organization and the State in which the Organization is seated. Such agreements shall be considered and approved in accordance with paragraph 26 (h) and (i).
57. Notwithstanding paragraphs 54 and 55, the privileges and immunities enjoyed by the

manna, aðstoðarmanna við skoðun og starfsmanna tækniskrifstofunnar, meðan sannprófunarstörf eru unnin, vera þau sem sett eru fram í bókuninni.

III. gr.
Framkvæmdarráðstafanir innanlands.

1. Sérhvert aðildarríki skal, í samræmi við stjórnarskrárbundna starfshætti sína, gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum. Það skal einkum gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að:
   a) banna einstaklingum og lögaðilum, hvar sem er á landsvæði sínu eða annars staðar þar sem það hefur lögsögu samkvæmt þjóðarétti, að stunda hverja þá starfsemi sem aðildarríki er bannað samkvæmt samningi þessum;
   b) banna einstaklingum og lögaðilum að stunda alla slíka starfsemi hvar sem það hefur yfirráð; og
   c) banna, í samræmi við þjóðarétt, einstaklingum, sem eru ríkisborgarar þess, að stunda alla slíka starfsemi hvar sem er.
2. Sérhvert aðildarríki skal hafa samvinnu við önnur aðildarríki og veita viðeigandi lögfræðilega aðstoð til að stuðla að framkvæmd skuldbindinga skv. 1. mgr.
3. Sérhvert aðildarríki skal tilkynna stofnuninni um þær ráðstafanir sem gerðar eru samkvæmt þessari grein.
4. Sérhvert aðildarríki skal, í því skyni að uppfylla skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum, tilnefna eða setja á stofn landsskrifstofu og tilkynna stofnuninni þar um þegar samningurinn tekur gildi fyrir það. Landsskrifstofan skal annast tengsl við stofnunina og önnur aðildarríki.

IV. gr.
Sannprófun.

A. Almenn ákvæði.

1. Í því skyni að sannreyna að ákvæði samnings þessa séu virt skal koma á sannprófunarfyrirkomulagi sem skal samtvinnað úr eftirtöldum þáttum:
   a) alþjóðavöktunarkerfi;
   b) samráði og skýringum;
   c) vettvangsskoðunum; og

Director-General, the inspectors, the inspection assistants and the members of the staff of the Technical Secretariat during the conduct of verification activities shall be those set forth in the Protocol.

ARTICLE III
NATIONAL IMPLEMENTATION MEASURES

1. Each State Party shall, in accordance with its constitutional processes, take any necessary measures to implement its obligations under this Treaty. In particular, it shall take any necessary measures:
   a. To prohibit natural and legal persons anywhere on its territory or in any other place under its jurisdiction as recognized by international law from undertaking any activity prohibited to a State Party under this Treaty;
   b. To prohibit natural and legal persons from undertaking any such activity anywhere under its control; and
   c. To prohibit, in conformity with international law, natural persons possessing its nationality from undertaking any such activity anywhere.
2. Each State Party shall cooperate with other States Parties and afford the appropriate form of legal assistance to facilitate the implementation of the obligations under paragraph 1.
3. Each State Party shall inform the Organization of the measures taken pursuant to this Article.
4. In order to fulfill its obligations under the Treaty, each State Party shall designate or set up a National Authority and shall so inform the Organization upon entry into force of the Treaty for it. The National Authority shall serve as the national focal point for liaison with the Organization and with other States Parties.

ARTICLE IV
VERIFICATION

A. GENERAL PROVISIONS

1. In order to verify compliance with this Treaty, a verification regime shall be established consisting of the following elements:
   a. An International Monitoring System;
   b. Consultation and clarification;
   c. On-site inspections; and

d) ráðstöfunum sem miða að því að vekja traust.

Við gildistöku samnings þessa skal sannprófunarfyrirkomulagið vera í samræmi við kröfur samnings þessa um sannprófun.

2. Sannprófunarstarf skal byggja á hlutlægum upplýsingum, það skal takmarkast við viðfangsefni samnings þessa og skal unnið með fullri virðingu fyrir fullveldi aðildarríkja og þannig að það valdi sem minnstri ágengni og sé í samræmi við þá meginreglu að markmiðum þess sé náð með skilvirkum hætti og tímanlega. Hvert aðildarríki skal láta hjá líða að misnota réttinn til sannprófunar.
3. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig, í samræmi við samning þennan, til þess að vinna, fyrir atbeina landsskrifstofu þeirrar sem er komið á fót skv. 4. mgr. III. gr., með stofnuninni og öðrum aðildarríkjum að því að auðvelda sannprófun þess að ákvæði samnings þessa séu virt, meðal annars með því:
   a) að koma upp nauðsynlegri aðstöðu til þess að taka þátt í fyrrnefndum sannprófunaraðgerðum og koma á nauðsynlegum boðskiptum;
   b) að láta í té gögn frá innlendum stöðvum sem eru hluti af alþjóðavöktunarkerfinu;
   c) að taka þátt í samráði og eiga hlut að skýringum, eftir því sem við á;
   d) að leyfa að fram fari vettvangsskoðanir; og
   e) að eiga þátt í ráðstöfunum sem miða að því að vekja traust, eftir því sem við á.
4. Öll aðildarríki skulu, án tillits til tæknilegrar og efnahagslegrar getu, njóta jafns réttar til sannprófunar og uppfylla jafnt þá skyldu að leyfa sannprófun.
5. Ekkert aðildarríki skal, að því er varðar samning þennan, útilokað frá því að nota upplýsingar, sem er aflað með innlendum tækniaðferðum við sannprófun, með þeim hætti sem samræmist almennt viðurkenndum meginreglum þjóðaréttar, meðal annars virðingu fyrir fullveldi ríkja.
6. Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til þess að vernda viðkvæman búnað, starfsemi eða staði, sem ekki tengjast samningi þessum, skulu aðildarríki ekki standa í vegi fyrir þáttum sannprófunarfyrirkomulags samnings þessa eða innlendum tækniaðferðum við sannprófun sem eru í samræmi við 5. mgr.
7. Sérhvert aðildarríki skal eiga rétt á því að gera ráðstafanir til þess að vernda viðkvæman

d. Confidence-building measures.

At entry into force of this Treaty, the verification regime shall be capable of meeting the verification requirements of this Treaty.

2. Verification activities shall be based on objective information, shall be limited to the subject matter of this Treaty, and shall be carried out on the basis of full respect for the sovereignty of States Parties and in the least intrusive manner possible consistent with the effective and timely accomplishment of their objectives. Each State Party shall refrain from any abuse of the right of verification.
3. Each State Party undertakes in accordance with this Treaty to cooperate through its National Authority established pursuant to Article III, paragraph 4, with the Organization and with other States Parties to facilitate the verification of compliance with this Treaty by, inter alia:
   a. Establishing the necessary facilities to participate in these verification measures and establishing the necessary communication;
   b. Providing data obtained from national stations that are part of the International Monitoring System;
   c. Participating, as appropriate, in a consultation and clarification process;
   d. Permitting the conduct of on-site inspections; and
   e. Participating, as appropriate, in confidence-building measures.
4. All States Parties, irrespective of their technical and financial capabilities, shall enjoy the equal right of verification and assume the equal obligation to accept verification.
5. For the purposes of this Treaty, no State Party shall be precluded from using information obtained by national technical means of verification in a manner consistent with generally recognized principles of international law, including that of respect for the sovereignty of States.
6. Without prejudice to the right of States Parties to protect sensitive installations, activities or locations not related to this Treaty, States Parties shall not interfere with elements of the verification regime of this Treaty or with national technical means of verification operating in accordance with paragraph 5.
7. Each State Party shall have the right to take measures to protect sensitive installations and

búnað og koma í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar og -gögn, sem ekki tengjast samningi þessum, séu opinberuð.

8. Enn fremur skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að viðhalda leynd sem hvílir á upplýsingum sem varða borgaralega og hernaðarlega starfsemi og virki og er aflað meðan sannprófunarstörf eru unnin.
9. Upplýsingar, sem stofnunin aflar sér með sannprófunarfyrirkomulaginu sem er komið á með samningi þessum, skulu, með fyrirvara um 8. mgr., aðgengilegar öllum aðildarríkjum í samræmi við viðeigandi ákvæði samnings þessa og bókunarinnar.
10. Ákvæði samnings þessa skal ekki túlka með þeim hætti að takmarki alþjóðleg upplýsingaskipti í þágu vísinda.
11. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að vinna með stofnuninni og öðrum aðildarríkjum að því að betrumbæta sannprófunarfyrirkomulagið og kanna sannprófunarkosti viðbótarvöktunartækni, til dæmis rafsegulpúlsmælinga eða gervihnattarvöktunar, í því skyni að undirbúa, þegar það á við, sérstakar ráðstafanir til að auka skilvirka og kostnaðarhagkvæma sannprófun þess að ákvæði samnings þessa séu virt. Fella ber slíkar ráðstafanir, þegar þær eru samþykktar, inn í gildandi ákvæði samnings þessa eða bókunina eða taka þær upp sem viðbótarkafla í bókuninni í samræmi við VII. gr. eða, ef það á við, koma þeim á framfæri í rekstrarhandbókunum í samræmi við 44. mgr. II. gr.
12. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að leitast við að vinna saman til að auðvelda og taka þátt í því að miðla hvert öðru, eftir bestu getu, tækni, sem er notuð við sannprófun þess að ákvæði samnings þessa séu virt, í því skyni að gera öllum aðildarríkjum kleift að efla eigin sannprófunaraðgerðir og hafa gagn af notkun slíkrar tækni í friðsamlegum tilgangi.
13. Beita skal ákvæðum samnings þessa þannig að komist verði hjá því að hamla efnahags- og tækniþróun aðildarríkja sem nýtist til frekari þróunar kjarnorku til friðsamlegrar notkunar.

Ábyrgð tækniskrifstofunnar á sviði sannprófunar.

14. Að því er varðar samning þennan skal tækniskrifstofan, þegar hún, í samvinnu við aðildarríkin, gegnir skyldum sínum á sviði

to prevent disclosure of confidential information and data not related to this Treaty.

8. Moreover, all necessary measures shall be taken to protect the confidentiality of any information related to civil and military activities and facilities obtained during verification activities.
9. Subject to paragraph 8, information obtained by the Organization through the verification regime established by this Treaty shall be made available to all States Parties in accordance with the relevant provisions of this Treaty and the Protocol.
10. The provisions of this Treaty shall not be interpreted as restricting the international exchange of data for scientific purposes.
11. Each State Party undertakes to cooperate with the Organization and with other States Parties in the improvement of the verification regime, and in the examination of the verification potential of additional monitoring technologies such as electromagnetic pulse monitoring or satellite monitoring, with a view to developing, when appropriate, specific measures to enhance the efficient and cost-effective verification of this Treaty. Such measures shall, when agreed, be incorporated in existing provisions in this Treaty, the Protocol or as additional sections of the Protocol, in accordance with Article VII, or, if appropriate, be reflected in the operational manuals in accordance with Article II, paragraph 44.
12. The States Parties undertake to promote cooperation among themselves to facilitate and participate in the fullest possible exchange relating to technologies used in the verification of this Treaty in order to enable all States Parties to strengthen their national implementation of verification measures and to benefit from the application of such technologies for peaceful purposes.
13. The provisions of this Treaty shall be implemented in a manner which avoids hampering the economic and technological development of the States Parties for further development of the application of atomic energy for peaceful purposes.

Verification Responsibilities of the Technical Secretariat

14. In discharging its responsibilities in the area of verification specified in this Treaty and the Protocol, in cooperation with the State Parties

sannprófunar sem tilgreindar eru í samningi þessum og bókuninni:

a) gera ráðstafanir til að taka við og dreifa gögnum og skýrsluefni sem varða sannprófun þess að ákvæði samnings þessa séu virt, sem fer fram í samræmi við ákvæði hans, og viðhalda hnattrænu fjarskiptavirki sem hæfir því verkefni;

b) reglubundið og fyrir atbeina Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar, sem að meginreglu til skal vera þungamiðja tækniskrifstofunnar með tilliti til varðveislu og vinnslu gagna:

i) veita viðtöku beiðnum um gögn og hafa forgöngu um að óska eftir gögnum úr alþjóðavöktunarkerfinu;

ii) taka við gögnum, eftir því sem við á, sem eru árangur samráðs og skýringa, vettvangsskoðana og af ráðstöfunum sem miða að því að vekja traust; og

iii) taka við öðrum viðeigandi gögnum frá aðildarríkjum og alþjóðastofnunum í samræmi við samning þennan og bókunina;

c) hafa yfirumsjón með, samræma og tryggja rekstur alþjóðavöktunarkerfisins, og þeirra þátta sem mynda það, og Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar í samræmi við viðeigandi rekstrarhandbækur;

d) vinna reglulega úr, greina og skýra frá gögnum alþjóðavöktunarkerfisins samkvæmt umsömdum starfsreglum til þess að skilvirk, alþjóðleg sannprófun þess að ákvæði samnings þessa séu virt geti farið fram og að stuðla að því að unnt sé á frumstigi að leysa hvern þann vanda sem lýtur að sannprófun;

e) veita öllum aðildarríkjum aðgang að öllum gögnum, jafnt óunnum sem unnum, og skýrsluefni og skal hvert aðildarríki ábyrgjast notkun gagna alþjóðavöktunarkerfisins í samræmi við 7. mgr. II. gr. og 8. og 13. mgr. þessarar greinar;

f) veita öllum aðildarríkjum jafnan, opinn, auðveldan og tímanlegan aðgang að öllum varðveittum gögnum;

g) varðveita öll gögn, jafnt óunnin sem unnin, og skýrsluefni;

h) samræma og greiða fyrir beiðnum um viðbótargögn úr alþjóðavöktunarkerfinu;

i) samræma beiðnir um viðbótargögn frá einu aðildarríki til annars;

the Technical Secretariat shall, for the purpose of this Treaty:

a. Make arrangements to receive and distribute data and reporting products relevant to the verification of this Treaty in accordance with its provisions, and to maintain a global communications infrastructure appropriate to this task;

b. Routinely through its International Data Centre, which shall in principle be the focal point within the Technical Secretariat for data storage and data processing:

i) Receive and initiate requests for data from the International Monitoring System;

ii) Receive data, as appropriate, resulting from the process of consultation and clarification, from on-site inspections, and from confidence-building measures; and

iii) Receive other relevant data from States Parties and international organizations in accordance with this Treaty and the Protocol;

c) Supervise, coordinate and ensure the operation of the International Monitoring System and its component elements, and of the International Data Centre, in accordance with the relevant operational manuals;

d) Routinely process, analyse and report on International Monitoring System data according to agreed procedures so as to permit the effective international verification of this Treaty and to contribute to the early resolution of compliance concerns;

e) Make available all data, both raw and processed, and any reporting products, to all States Parties, each State Party taking responsibility for the use of International Monitoring System data in accordance with Article II, paragraph 7, and with paragraphs 8 and 13 of this Article;

f) Provide to all States Parties equal, open, convenient and timely access to all stored data;

g) Store all data, both raw and processed, and reporting products;

h) Coordinate and facilitate requests for additional data from the International Monitoring system;

i) Coordinate requests for additional data from one State Party to another State Party;

j) veita tækniaðstoð og stuðning við uppsetningu og rekstur vöktunarvirkja og fjarskipta þeim tengd þegar viðkomandi ríki þarfnast slíkrar aðstoðar og stuðnings;

k) veita hverju aðildarríki, að ósk þess, aðgang að þeirri tækni sem tækniskrifstofan og Alþjóðagagnamiðstöð hennar nota við að safna saman, varðveita, vinna, greina og skýra frá gögnum úr alþjóðavöktunarkerfinu; og

l) fylgjast með, meta og skýra frá heildarafköstum alþjóðavöktunarkerfisins og Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar.

15. Gera skal ítarlega grein fyrir samþykktum starfsreglum, sem tækniskrifstofunni ber að beita þegar hún gegnir þeim skyldum á sviði sannprófunar sem um getur í 14. mgr. og lýst er nákvæmlega í bókuninni, í viðeigandi rekstrarhandbókum.

B. Alþjóðavöktunarkerfið.

16. Alþjóðavöktunarkerfið skal samanstanda af virkjum til jarðskjálftamælinga, mælinga geislavirkra kjarnategunda, þ.m.t. fullgiltum rannsóknarstofum, hljóðmælinga í vatni, lágtíðnihljóðbylgjumælinga og tilheyrandi fjarskiptabúnaði og skal njóta stuðnings Alþjóðagagnamiðstöðvar tækniskrifstofunnar.

17. Tækniskrifstofan skal hafa stjórn alþjóðavöktunarkerfisins á hendi. Öll vöktunarvirki alþjóðavöktunarkerfisins skulu vera í eigu og starfræktar af þeim ríkjum þar sem þau eru staðsett eða sem bera að öðru leyti ábyrgð á þeim í samræmi við bókunina.

18. Hverju aðildarríki skal áskilinn réttur til að taka þátt í alþjóðlegum gagnaskiptum og aðgangur að öllum gögnum sem Alþjóðagagnamiðstöðinni er veittur aðgangur að. Hvert aðildarríki skal hafa samvinnu við Alþjóðagagnamiðstöðina fyrir atbeina landsskrifstofu sinnar.

Fjármögnun alþjóðavöktunarkerfisins.

19. Að því er varðar virki sem eru felld inn í alþjóðavöktunarkerfið og tilgreind í töflum 1-A, 2-A, 3 og 4 í 1. viðauka við bókunina og að því er varðar starfrækslu þeirra, að því marki sem viðkomandi ríki og stofnunin hafa

j) Provide technical assistance in, and support for, the installation and operation of monitoring facilities and respective communication means, where such assistance and support are required by the State concerned;

k) Make available to any State Party, upon its request, techniques utilized by the Technical Secretariat and its International Data Centre in compiling, storing, processing, analysing and reporting on data from the verification regime; and

l) Monitor, assess and report on the overall performance of the International Monitoring System and of the International Data Centre.

15. The agreed procedures to be used by the Technical Secretariat in discharging the verification responsibilities referred to in paragraph 14 and detailed in the Protocol shall be elaborated in the relevant operational manuals.

B. THE INTERNATIONAL MONITORING SYSTEM

16. The International Monitoring System shall comprise facilities for seismological monitoring, radionuclide monitoring including certified laboratories, hydroacoustic monitoring, infrasound monitoring, and respective means of communication, and shall be supported by the International Data Centre of the Technical Secretariat.

17. The International Monitoring System shall be placed under the authority of the Technical Secretariat. All monitoring facilities of the International Monitoring System shall be owned and operated by the States hosting or otherwise taking responsibility for them in accordance with the Protocol.

18. Each State Party shall have the right to participate in the international exchange of data and to have access to all data made available to the International Data Centre. Each State Party shall cooperate with the International Data Centre through its National Authority.

Funding the International Monitoring System

19. For facilities incorporated into the International Monitoring System and specified in Tables 1-A, 2-A, 3 and 4 of Annex 1 to the Protocol, and for their functioning, to the extent that such facilities are agreed by the

samþykkt að slík virki láti Alþjóðagagnamiðstöðinni í té gögn í samræmi við tæknikröfur sem eru settar fram í bókuninni og viðeigandi rekstrarhandbókum, skal stofnunin, eins og tilgreint er í samningum eða tilhögun samkvæmt 4. mgr. I. hluta bókunarinnar, bera kostnað af:

a) uppsetningu nýrra virkja og endurbótum á þeim sem fyrir eru, nema ríkið, sem ber ábyrgð á slíkum virkjum, taki sjálft á sig þennan kostnað;
b) starfrækslu og viðhaldi virkja alþjóðavöktunarkerfisins, þ.m.t. hlutkennt öryggi virkja ef það á við, og málsmeðferð við sannvottun gagna sem hefur verið samþykkt;
c) sendingu gagna alþjóðavöktunarkerfisins (jafnt óunninna sem unninna) til Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar á þann greiðasta og kostnaðarhagkvæmasta hátt sem völ er á, þar með talið, ef nauðsyn krefur, með þar til gerðum fjarskiptabúnaði, frá vöktunarstöðvum, rannsóknarstofum, greiningarstöðvum eða frá innlendum gagnamiðstöðvum eða slíkra gagna (meðal annars sýna, ef við á) til rannsóknarstofa og greiningarstöðva frá eftirlitsstöðvum; og
d) greiningu sýna í þágu stofnunarinnar.

20. Að því er varðar jarðskjálftamælistöðvar stuðningsnetkerfisins, sem eru tilgreindar í töflu 1-B í 1. viðauka við bókunina, skal stofnunin, eins og tilgreint er í samningum eða tilhögun samkvæmt 4. mgr. I. hluta bókunarinnar, einungis bera kostnað af:
a) sendingu gagna til Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar;
b) sannvottun gagna frá slíkum stöðvum;
c) endurnýjun stöðva til þess að þær samrýmist tæknistöðlum eins og krafa er gerð um, nema ríkið, sem ber ábyrgð á slíkum stöðvum, taki sjálft á sig þennan kostnað;
d) ef nauðsyn krefur, uppsetningu nýrra stöðva, að því er varðar samning þennan, þar sem engin viðeigandi virki eru til staðar, nema ríkið, sem ber ábyrgð á slíkum stöðvum, taki sjálft á sig þennan kostnað; og
e) skal bera allan annan kostnað vegna öflunar gagna, sem stofnunin þarf á að halda, eins og tilgreint er í viðeigandi rekstrarhandbókum.

relevant State and the Organization to provide data to the International Data Centre in accordance with the technical requirements of the Protocol and relevant operational manuals, the Organization, as specified in agreements or arrangements pursuant to Part I, paragraph 4 of the Protocol, shall meet the costs of:
a. Establishing any new facilities and upgrading existing facilities unless the State responsible for such facilities meets these costs itself;
b. Operating and maintaining International Monitoring System facilities, including facility physical security if appropriate, and application of agreed data authentication procedures;
c. Transmitting International Monitoring System data (raw or processed) to the International Data Centre by the most direct and cost effective means available, including, if necessary, via appropriate communications nodes, from monitoring stations, laboratories, analytical facilities or from national data centres; or such data (including samples where appropriate) to laboratory and analytical facilities from monitoring stations; and
d. Analysing samples on behalf of the Organization.

20. For auxiliary network seismic stations specified in Table 1-B of Annex 1 to the Protocol the Organization, as specified in agreements or arrangements pursuant to Part I, paragraph 4 of the Protocol, shall meet the costs only of:

a. Transmitting data to the International Data Centre;
b. Authenticating data from such stations;
c. Upgrading stations to the required technical standard, unless the State responsible for such facilities meets these costs itself;

d. If necessary, establishing new stations for the purposes of this Treaty where no appropriate facilities currently exist, unless the State responsible for such facilities meets these costs itself; and

e. Any other costs related to the provision of data required by the Organization as specified in the relevant operational manuals.

21. Stofnunin skal einnig bera kostnað af því að útvega sérhverju aðildarríki umbeðið úrval úr almennu safni skýrsluefnis Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar og flokki þeirrar þjónustu sem hún veitir, eins og tilgreint er í kafla F í I. hluta bókunarinnar. Það aðildarríki, sem biður um hvers kyns viðbótargögn eða -efni, skal bera kostnað af undirbúningi og sendingu slíkra gagna eða efnis.
22. Í samningum eða, ef við á, tilhögun, sem gengið er frá við aðildarríki eða ríki sem taka við eða bera á annan hátt ábyrgð á virki alþjóðavöktunarkerfisins, skal kveðið á um hvernig mæta skuli fyrrnefndum kostnaði. Slík ákvæði kunna að fjalla um þá skipan að aðildarríki beri kostnað, sem um getur í a-lið 19. mgr. og c- og d-liðum 20. mgr., vegna virkja, sem það tekur við eða er ábyrgt fyrir, en á móti komi tilsvarandi lækkun áætlaðs fjárframlags þess til stofnunarinnar. Slík lækkun skal aldrei vera meiri en 50% af árlegu áætluðu fjárframlagi aðildarríkis, en má dreifa yfir nokkur ár í röð. Aðildarríki getur deilt slíkri lækkun með öðru aðildarríki samkvæmt samningi eða tilhögun, sem þau ganga frá sín á milli, og með samþykki framkvæmdaráðsins. Samþykkja ber samninga eða tilhögun, sem um getur í þessari málsgrein, í samræmi við h-lið 26. mgr. og i-lið 38. mgr. II. gr.

Breytingar á alþjóðavöktunarkerfinu.

23. Hvers konar ráðstafanir, sem um getur í 11. mgr. og hafa áhrif á alþjóðavöktunarkerfið þannig að vöktunartækni er aukin eða felld brott, skal, þegar þær eru samþykktar, fella inn í samning þennan og bókunina skv. 1. til 6. mgr. VII. gr.
24. Eftirtaldar breytingar á alþjóðavöktunarkerfinu skal, með fyrirvara um samþykki þeirra ríkja sem verða fyrir beinum áhrifum af þeirra völdum, líta á sem mál er lúta að stjórnsýslu eða tækni skv. 7. og 8. mgr. VII. gr.:
    a) breytingar á fjölda virkja sem eru tilgreind í bókuninni fyrir tiltekna vöktunartækni; og
    b) breytingar á öðrum upplýsingum um tiltekin virki eins og fram kemur í töflunum í 1. viðauka við bókunina (þar sem fram kemur meðal annars hvaða ríki ber

21. The Organization shall also meet the cost of provision to each State Party of its requested selection from the standard range of International Data Centre reporting products and services, as specified in Part I, Section F of the Protocol. The cost of preparation and transmission of any additional data or products shall be met by the requesting State Party.
22. The agreements or, if appropriate, arrangements concluded with States Parties or States hosting or otherwise taking responsibility for facilities of the International Monitoring System shall contain provisions for meeting these costs. Such provisions may include modalities whereby a State Party meets any of the costs referred to in paragraphs 19 (a) and 20 (c) and (d) for facilities which it hosts or for which it is responsible, and is compensated by an appropriate reduction in its assessed financial contribution to the Organization. Such a reduction shall not exceed 50 percent of the annual assessed financial contribution of a State Party, but may be spread over successive years. A State Party may share such a reduction with another State Party by agreement or arrangement between themselves and with the concurrence of the Executive Council. The agreements or arrangements referred to in this paragraph shall be approved in accordance with Article II, paragraphs 26 (h) and 38 (i).

Changes to the International Monitoring System

23. Any measures referred to in paragraph 11 affecting the International Monitoring System by means of addition or deletion of a monitoring technology shall, when agreed, be incorporated into this Treaty and the Protocol pursuant to Article VII, paragraphs 1 to 6.
24. The following changes to the International Monitoring System, subject to the agreement of those States directly affected, shall be regarded as matters of an administrative or technical nature pursuant to Article VII, paragraphs 7 and 8:
    a. Changes to the number of facilities specified in the Protocol for a given monitoring technology; and
    b. Changes to other details for particular facilities as reflected in the Tables of Annex 1 to the Protocol (including, inter alia, State responsible for the facility;

ábyrgð á viðkomandi virki, staðsetning, nafn og gerð virkis og hvort telja megi virki til megin- eða stuðningsnetkerfis jarðskjálftamælistöðva).

Mæli framkvæmdaráðið með því, skv. d-lið 8. mgr. VII. gr., að slíkar breytingar verði samþykktar skal það allajafna einnig mæla með því, skv. g-lið 8. mgr. VII. gr., að slíkar breytingar taki gildi samtímis því að aðalframkvæmdastjórinn tilkynnir um samþykki þeirra.

25. Þegar aðalframkvæmdastjórinn leggur fyrir framkvæmdaráðið og aðildarríkin upplýsingar og matsgerðir í samræmi við b-lið 8. mgr. VII. gr. skal þeim fylgja, þegar um ræðir tillögu sem er lögð fram skv. 24. mgr.:

a) tæknilegt mat á tillögunni;
b) yfirlýsing um stjórnsýsluleg og fjárhagsleg áhrif tillögunnar; og
c) skýrsla um samráð við ríki sem efni tillögunnar hefur bein áhrif á, meðal annars ábending um samþykki þeirra.

Bráðabirgðatilhögun.

26. Verði alvarleg bilun í vöktunarvirki, sem er tilgreint í töflunum í 1. viðauka við bókunina, eða bilun sem ekki er unnt að lagfæra eða í því skyni að mæta tímabundnum samdrætti í vöktun skal aðalframkvæmdastjórinn, í samráði við og með samþykki þeirra ríkja, sem verða fyrir beinum áhrifum, og með samþykki framkvæmdaráðsins, hafa forgöngu um bráðabirgðatilhögun sem eigi skal gilda lengur en eitt ár en framlengja má um eitt ár, ef nauðsyn krefur, með samþykki framkvæmdaráðsins og þeirra ríkja sem verða fyrir beinum áhrifum. Slík tilhögun skal ekki verða til þess að fjöldi virkja alþjóðavöktunarkerfisins í rekstri verði meiri en sá fjöldi sem er tilgreindur fyrir viðkomandi netkerfi; hún skal vera, að því leyti sem við verður komið, í samræmi við tækni- og rekstrarkröfur, sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókum fyrir viðkomandi netkerfi, og framkvæma ber fyrrnefnda tilhögun innan fjárhagsáætlunar stofnunarinnar. Aðalframkvæmdastjórinn skal einnig gera ráðstafanir til þess að ráða bót á aðstæðum og gera tillögur um varanlega lausn málsins. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðildarríkjum um hverja þá ákvörðun sem er tekin samkvæmt þessari málsgrein.

location; name of facility; type of facility; and attribution of a facility between the primary and auxiliary seismic networks).

If the Executive Council recommends, pursuant to Article VII, paragraph 8 (d) that such changes be adopted, it shall as a rule also recommend pursuant to Article VII, paragraph 8 (g) that such changes enter into force upon notification by the Director-General of their approval.

25. The Director-General, in submitting to the Executive Council and States Parties information and evaluation in accordance with Article VII, paragraph 8 (b), shall include in the case of any proposal made pursuant to paragraph 24:
a. A technical evaluation of the proposal;
b. A statement on the administrative and financial impact of the proposal; and
c. A report on consultations with States directly affected by the proposal, including indication of their agreement.

Temporary Arrangements

26. In cases of significant or irretrievable breakdown of a monitoring facility specified in the Tables of Annex 1 to the Protocol, or in order to cover other temporary reductions of monitoring coverage, the Director-General shall, in consultation and agreement with those States directly affected, and with the approval of the Executive Council, initiate temporary arrangements of no more than one year's duration, renewable if necessary by agreement of the Executive Council and of the States directly affected for another year. Such arrangements shall not cause the number of operational facilities of the International Monitoring System to exceed the number specified for the relevant network; shall meet as far as possible the technical and operational requirements specified in the operational manual for the relevant network; and shall be conducted within the budget of the Organization. The Director-General shall furthermore take steps to rectify the situation and make proposals for its permanent resolution. The Director-General shall notify all States Parties of any decision taken pursuant to this paragraph.

Innlend samstarfsvirki.

27. Aðildarríki geta einnig, hvert í sínu lagi, komið á samstarfi við stofnunina í því skyni að Alþjóðagagnamiðstöðin geti orðið sér út um viðbótargögn frá innlendum vöktunarstöðvum sem eru ekki hluti af alþjóðavöktunarkerfinu með formlegum hætti.

28. Koma má slíku samstarfi á með eftirfarandi hætti:

a) tækniskrifstofan skal, að beiðni aðildarríkis og á kostnað þess, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að votta að tiltekið vöktunarvirki standist tækni- og rekstrarkröfur, sem eru tilgreindar í viðkomandi rekstrarhandbókum fyrir virki í alþjóðavöktunarkerfinu, og gera ráðstafanir til þess að sannvotta gögn frá henni. Tækniskrifstofan skal því næst, með fyrirvara um samþykki framkvæmdaráðsins, tilnefna slíkt virki formlega sem innlent samstarfsvirki. Tækniskrifstofan skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að endurnýja vottun sína eins og við á;

b) tækniskrifstofan skal halda gildandi skrá yfir innlend samstarfsvirki og dreifa henni til allra aðildarríkja; og

c) Alþjóðagagnamiðstöðin skal biðja um gögn frá innlendum samstarfsvirkjum, óski aðildarríki þess, í því skyni að auðvelda samráð og skýringar og umfjöllun um beiðnir um vettvangsskoðun. Viðkomandi aðildarríki skal bera kostnað af sendingu gagna.

Skilyrði fyrir því að láta í té viðbótargögn frá slíkum virkjum og fyrir því að Alþjóðagagnamiðstöðin geti beðið um frekari eða fljótvirkari skýrslugjöf eða skýringar skal útlista í þeirri rekstrarhandbók sem gildir fyrir viðkomandi vöktunarnetkerfi.

C. Samráð og skýringar.

29. Aðildarríkjum ber fyrst, með fyrirvara um rétt aðildarríkis til þess að fara fram á vettvangsskoðun og þegar aðstæður leyfa, að reyna til hlítar að skýra og leysa sín á milli, eða fyrir atbeina stofnunarinnar, hvert það mál sem kann að valda áhyggjum af því að hugsanlega sé ekki staðið við meginskuldbindingar samkvæmt samningi þessum.

Cooperating National Facilities

27. States Parties may also separately establish cooperative arrangements with the Organization, in order to make available to the International Data Centre supplementary data from national monitoring stations that are not formally part of the International Monitoring System.

28. Such cooperative arrangements may be established as follows:

a. Upon request by a State Party, and at the expense of that State, the Technical Secretariat shall take the steps required to certify that a given monitoring facility meets the technical and operational requirements specified in the relevant operational manuals for an International Monitoring System facility, and make arrangements for the authentication of its data. Subject to the agreement of the Executive Council, the Technical Secretariat shall then formally designate such a facility as a cooperating national facility. The Technical Secretariat shall take the steps required to revalidate its certification as appropriate;

b. The Technical Secretariat shall maintain a current list of cooperating national facilities and shall distribute it to all States Parties and;

c. The International Data Centre shall call upon data from cooperating national facilities, if so requested by a State Party, for the purposes of facilitating consultation and clarification and the consideration of on-site inspection requests, data transmission costs being borne by that State Party.

The conditions under which supplementary data from such facilities are made available, and under which the International Data Centre may request further or expedited reporting, or clarifications, shall be elaborated in the operational manual for the respective monitoring network.

C. CONSULTATION AND CLARIFICATION

29. Without prejudice to the right of any State Party to request an on-site inspection, States Parties should, whenever possible, first make every effort to clarify and resolve, among themselves or with or through the Organization, any matter which may cause concern about possible non-compliance with the basic obligations of this Treaty.

30. Aðildarríki, sem fær beiðni skv. 29. mgr. beint frá öðru aðildarríki, skal láta aðildarríkinu, sem lagði beiðnina fram, í té skýringar eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að beiðnin berst. Aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, og því, sem móttekur beiðni, er heimilt að upplýsa framkvæmdaráðið og aðalframkvæmdastjórann um beiðnina og svarið.
31. Aðildarríki skal eiga rétt á því að óska eftir því við aðalframkvæmdastjórann að hann aðstoði við að skýra hvert það mál sem kann að valda áhyggjum um að hugsanlega sé ekki staðið við meginskuldbindingar samkvæmt samningi þessum. Aðalframkvæmdastjórinn skal láta í té viðeigandi upplýsingar í vörslu tækniskrifstofunnar sem varða slíkar áhyggjur. Aðalframkvæmdastjórinn skal upplýsa framkvæmdaráðið um beiðnina og þær upplýsingar sem í svarinu felast fari aðildarríkið, sem leggur fram beiðnina, fram á það.
32. Aðildarríki skal eiga rétt á því að óska eftir því við framkvæmdaráðið að það afli skýringa frá öðru aðildarríki um hvert það mál sem kann að valda áhyggjum um að hugsanlega sé ekki staðið við meginskuldbindingar samkvæmt samningi þessum. Í því tilviki gildir eftirfarandi:
    a) framkvæmdaráðið skal koma beiðninni um skýringar á framfæri við hlutaðeigandi aðildarríki fyrir atbeina aðalframkvæmdastjórans eigi síðar en 24 klukkustundum eftir viðtöku hennar;
    b) aðildarríkið, sem fær beiðnina, skal láta framkvæmdaráðinu í té skýringu eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 48 klukkustundum eftir að beiðninni er veitt viðtaka;
    c) framkvæmdaráðið skal gaumgæfa skýringuna og framsenda aðildarríkinu, sem lagði beiðnina fram, eigi síðar en 24 klukkustundum eftir viðtöku hennar;
    d) ef aðildarríkið, sem lagði beiðnina fram, telur skýringuna ófullnægjandi skal það eiga rétt á því að fara þess á leit við framkvæmdaráðið að það afli frekari skýringar hjá aðildarríkinu sem fékk beiðnina.

    Framkvæmdaráðið skal tafarlaust upplýsa öll önnur aðildarríki um hverja beiðni um skýringu samkvæmt þessari málsgrein sem og öll svör sem aðildarríkið, sem fékk beiðnina, veitir.
33. Telji aðildarríkið, sem lagði beiðnina fram, fengna skýringu skv. d-lið 32. mgr. ófull-

30. A State Party that receives a request pursuant to paragraph 29 directly from another State Party shall provide the clarification to the requesting State Party as soon as possible, but in any case no later than 48 hours after the request. The requesting and requested States Parties may keep the Executive Council and the Director-General informed of the request and the response.
31. A State Party shall have the right to request the Director-General to assist in clarifying any matter which may cause concern about possible non-compliance with the basic obligations of this Treaty. The Director-General shall provide appropriate information in the possession of the Technical Secretariat relevant to such a concern. The Director-General shall inform the Executive Council of the request and of the information provided in response, if so requested by the requesting State Party.
32. A State Party shall have the right to request the Executive Council to obtain clarification from another State Party on any matter which may cause concern about possible non-compliance with the basic obligations of this Treaty. In such a case, the following shall apply:
    a. The Executive Council shall forward the request for clarification to the requested State Party through the Director-General no later than 24 hours after its receipt;
    b. The requested State Party shall provide the clarification to the Executive Council as soon as possible, but in any case no later than 48 hours after receipt of the request;
    c. The Executive Council shall take note of the clarification and forward it to the requesting State Party no later than 24 hours after its receipt;
    d. If the requesting State Party deems the clarification to be inadequate, it shall have the right to request the Executive Council to obtain further clarification from the requested State Party.

    The Executive Council shall inform without delay all other States Parties about any request for clarification pursuant to this paragraph as well as any response provided by the requested State Party.
33. If the requesting State Party considers the clarification obtained under paragraph 32 (d)

nægjandi skal það eiga rétt á því að fara fram á að fundur verði haldinn í framkvæmdaráðinu þar sem hlutaðeigandi aðildarríki, sem eru ekki aðilar að framkvæmdaráðinu, eiga rétt til þátttöku. Framkvæmdaráðið skal fjalla um málið á fundinum og getur það lagt til þær ráðstafanir sem eru í samræmi við V. gr.

D. Vettvangsskoðun.

Beiðni um vettvangsskoðun.

34. Sérhvert aðildarríki á rétt á því að fara fram á vettvangsskoðun, í samræmi við ákvæði þessarar greinar og II. hluta bókunarinnar, á landsvæði hvaða aðildarríkis sem er eða annars staðar í lögsögu eða á yfirráðasvæði þess eða á svæði utan lögsögu eða yfirráðasvæðis hvaða ríkis sem er.
35. Eini tilgangur með vettvangsskoðun skal vera að skýra hvort tilraunasprenging hafi verið framkvæmd með kjarnavopnum eða önnur kjarnasprenging, sem er brot á ákvæðum I. gr., og, að því marki sem unnt er, að afla staðreynda sem gætu komið að gagni við að bera kennsl á þann aðila sem hugsanlega hefur gerst sekur um brot á ákvæðum samningsins.
36. Aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, er skylt að takmarka beiðni sína við gildissvið samnings þessa og láta í té upplýsingar með beiðninni í samræmi við 37. mgr. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni, skal ekki leggja fram beiðni um skoðun sem er tilefnislaus eða misbjóðandi.
37. Beiðni um vettvangsskoðun skal byggð á upplýsingum sem alþjóðavöktunarkerfið hefur aflað, tæknilegum upplýsingum sem skipta máli og hefur verið aflað með innlendri sannprófunartækni í samræmi við almennt viðurkenndar meginreglur þjóðaréttar eða á samblöndun þessara upplýsinga. Með beiðninni skulu fylgja upplýsingar skv. 41. mgr. II. hluta bókunarinnar.
38. Aðildarríkið, sem leggur fram beiðni um vettvangsskoðun, skal koma beiðninni á framfæri við framkvæmdaráðið og um leið við aðalframkvæmdastjórann sem hefst þegar handa við afgreiðslu hennar.

Framhaldsaðgerðir í kjölfar afhendingar beiðni um vettvangsskoðun.

39. Framkvæmdaráðið skal hefja umfjöllun sína strax eftir viðtöku beiðni um vettvangsskoðun.

to be unsatisfactory, it shall have the right to request a meeting of the Executive Council in which States Parties involved that are not members of the Executive Council shall be entitled to take part. At such a meeting, the Executive Council shall consider the matter and may recommend any measure in accordance with Article V.

D. ON-SITE INSPECTIONS

Request for an On-Site Inspection

34. Each State Party has the right to request an on-site inspection in accordance with the provisions of this Article and Part II of the Protocol in the territory or in any other place under the jurisdiction or control of any State Party, or in any area beyond the jurisdiction or control of any State.
35. The sole Purpose of an on-site inspection shall be to clarify whether a nuclear weapon test explosion or any other nuclear explosion has been carried out in violation of Article I and, to the extent possible, to gather any facts which might assist in identifying any possible violator.
36. The requesting State Party shall be under the obligation to keep the on-site inspection request within the scope of this Treaty and to provide in the request information in accordance with paragraph 37. The requesting State Party shall refrain from unfounded or abusive inspection requests.
37. The on-site inspection request shall be based on information collected by the International Monitoring System, on any relevant technical information obtained by national technical means of verification in a manner consistent with generally recognized principles of international law, or on a combination thereof. The request shall contain information pursuant to Part II, paragraph 41 of the Protocol.
38. The requesting State Party shall present the on-site inspection request to the Executive Council and at the same time to the Director-General for the latter to begin immediate processing.

Follow-up After Submission of an On-Site Inspection Request

39. The Executive Council shall begin its consideration immediately upon receipt of the on-site inspection request.

40. Eftir viðtöku beiðni um vettvangsskoðun skal aðalframkvæmdastjórinn senda aðildarríkinu, sem lagði beiðnina fram, staðfestingu á móttöku hennar innan tveggja klukkustunda og koma beiðninni á framfæri við aðildarríkið, sem farið er fram á skoðun hjá, innan sex klukkustunda. Aðalframkvæmdastjórinn skal ganga úr skugga um að beiðnin fullnægi kröfunum, sem eru tilgreindar í 41. mgr. II. hluta bókunarinnar, og, ef nauðsyn krefur, aðstoða aðildarríkið, sem sendi beiðnina, við að setja hana fram samkvæmt þeim kröfum og skal koma beiðninni á framfæri við framkvæmdaráðið og öll önnur aðildarríki innan 24 klukkustunda.
41. Fullnægi beiðni um vettvangsskoðun fyrrnefndum kröfum skal tækniskrifstofan hefja undirbúning að vettvangsskoðun án tafar.

42. Þegar aðalframkvæmdastjórinn hefur móttekið beiðni um vettvangsskoðun á svæði í lögsögu aðildarríkis eða sem lýtur yfirráðum aðildarríkis skal hann þegar leita eftir skýringum hjá því aðildarríki, sem beðið er um skoðun hjá, í því skyni að skýra og leysa það áhyggjuefni sem vakið er máls á í beiðninni.
43. Aðildarríki, sem tekur við beiðni um skýringu skv. 42. mgr., skal gefa aðalframkvæmdastjóranum skýringar og veita aðrar fáanlegar upplýsingar, sem máli skipta, eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að það tekur við beiðni um skýringu.
44. Aðalframkvæmdastjórinn skal, áður en framkvæmdaráðið tekur ákvörðun um beiðnina um vettvangsskoðun, senda framkvæmdaráðinu án tafar fyrirliggjandi viðbótarupplýsingar úr alþjóðavöktunarkerfinu eða viðbótarupplýsingar, sem aðildarríki lætur í té, um það atvik sem er tilgreint í beiðninni, þar á meðal allar skýringar, sem eru gefnar skv. 42. og 43. mgr., og allar aðrar upplýsingar frá tækniskrifstofunni sem aðalframkvæmdastjórinn telur skipta máli eða sem framkvæmdaráðið biður um.

45. Framkvæmdaráðið skal taka ákvörðun um beiðnina um vettvangsskoðun í samræmi við 46. mgr., nema aðildarríkið, sem lagði beiðnina fram, telji að það áhyggjuefni, sem er lýst í beiðninni, sé úr sögunni og dragi hana til baka.

40. The Director-General, after receiving the on-site inspection request, shall acknowledge receipt of the request to the requesting State Party within two hours and communicate the request to the State Party sought to be inspected within six hours. The Director-General shall ascertain that the request meets the requirements specified in Part II, paragraph 41 of the Protocol, and, if necessary, shall assist the requesting State Party in filing the request accordingly, and shall communicate the request to the Executive Council and to all other states Parties within 24 hours.

41. When the on-site inspection request fulfils the requirements, the Technical Secretariat shall begin preparations for the on-site inspection without delay.
42. The Director-General, upon receipt of an on-site inspection request referring to an inspection area under the jurisdiction or control of a State Party, shall immediately seek clarification from the StateParty sought to be inspected in order to clarify and resolve the concern raised in the request.
43. A State Party that receives a request for clarification pursuant to paragraph 42 shall provide the Director-General with explanations and with other relevant information available as soon as possible, but no later than 72 hours after receipt of the request for clarification.
44. The Director-General, before the Executive Council takes a decision on the on-site inspection request, shall transmit immediately to the Executive Council any additional information available from the International Monitoring System or provided by any State Party on the event specified in the request, including any clarification provided pursuant to paragraphs 42 and 43, as well as any other information from within the Technical Secretariat that the Director-General deems relevant or that is requested by the Executive Council.
45. Unless the requesting State Party considers the concern raised in the on-site inspection request to be resolved and withdraws the request, the Executive Council shall take a decision on the request in accordance with paragraph 46.

Ákvarðanir framkvæmdaráðsins.

46. Framkvæmdaráðið skal taka ákvörðun um beiðni um vettvangsskoðun eigi síðar en 96 klukkustundum eftir að það tekur við henni frá því aðildarríki sem leggur hana fram. Ákvörðun um að samþykkja beiðni um vettvangsskoðun skal taka með að minnsta kosti 30 meðatkvæðum aðila að framkvæmdaráðinu. Samþykki framkvæmdaráðið ekki skoðunina skal undirbúningi hætt og ekki gripið til frekari aðgerða vegna beiðninnar.
47. Skoðunarhópurinn skal, eigi síðar en 25 dögum eftir að vettvangsskoðun hefur verið samþykkt í samræmi við 46. mgr., senda framkvæmdaráðinu skýrslu, fyrir atbeina aðalframkvæmdastjórans, um framvindu skoðunarinnar. Líta ber svo á að samþykki liggi fyrir um áframhaldandi skoðun, nema meirihluti allra aðila að framkvæmdaráðinu ákveði, eigi síðar en 72 klukkustundum eftir viðtöku skýrslunnar um framvindu skoðunarinnar, að skoðun skuli eigi fram haldið. Ákveði framkvæmdaráðið að skoðun skuli eigi fram haldið skal henni hætt og skoðunarhópurinn yfirgefa skoðunarsvæðið og landsvæði aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, eins fljótt og auðið er í samræmi við 109. og 110. mgr. II. hluta bókunarinnar.

48. Skoðunarhópnum er heimilt, á meðan vettvangsskoðun stendur yfir og fyrir atbeina aðalframkvæmdastjórans, að leggja til við framkvæmdaráðið að boranir fari fram. Framkvæmdaráðið skal taka ákvörðun um slíka tillögu eigi síðar en 72 klukkustundum eftir viðtöku hennar. Meirihluti allra aðila að framkvæmdaráðinu skal taka ákvörðun um að samþykkja boranir.
49. Skoðunarhópurinn getur, fyrir atbeina aðalframkvæmdastjórans, farið þess á leit við framkvæmdaráðið að það framlengi skoðunartímann um allt að 70 daga fram yfir það 60 daga tímabil, sem er tilgreint í 4. mgr. II. hluta bókunarinnar, álíti skoðunarhópurinn að slík framlenging sé nauðsynleg til þess að gera honum kleift að fara að fyrirmælum sínum. Í beiðni sinni skal skoðunarhópurinn gefa til kynna til hvaða aðgerða hann hyggst grípa og hvaða tækni hann hyggst beita, sem um getur í 69. mgr. II. hluta bókunarinnar, á þeim tíma sem veittur er aukalega. Framkvæmdaráðið skal taka ákvörðun um beiðnina um framlengingu eigi síðar en 72 klukku-

Executive Council Decisions

46. The Executive Council shall take a decision on the on-site inspection request no later than 96 hours after receipt of the request from the requesting State Party. The decision to approve the on-site inspection shall be made by at least 30 affirmative votes of members of the Executive Council. If the Executive Council does not approve the inspection, preparations shall be stopped and no further action on the request shall be taken.
47. No later than 25 days after the approval of the on-site inspection in accordance with paragraph 46, the inspection team shall transmit to the Executive Council, through the Director-General, a progress inspection report. The continuation of the inspection shall be considered approved unless the Executive Council, no later than 72 hours after receipt of the progress inspection report, decides by a majority of all its members not to continue the inspection. If the Executive Council decides not to continue the inspection, the inspection shall be terminated, and the inspection team shall leave the inspection area and the territory of the inspected State Party as soon as possible in accordance with Part II, paragraphs 109 and 110 of the Protocol.
48. In the course of the on-site inspection, the inspection team may submit to the Executive Council, through the Director-General, a proposal to conduct drilling. The Executive Council shall take a decision on such a proposal no later than 72 hours after receipt of the proposal. The decision to approve drilling shall be made by a majority of all members of the Executive Council.
49. The inspection team may request the Executive Council, through the Director-General, to extend the inspection duration by a maximum of 70 days beyond the 60-day timeframe specified in Part II, paragraph 4 of the Protocol, if the inspection team considers such an extension essential to enable it to fulfil its mandate. The inspection team shall indicate in its request which of the activities and techniques listed in Part II, paragraph 6 of the Protocol it intends to carry out during the extension period. The Executive Council shall take a decision on the extension request no later than 72 hours after receipt of the request. The decision to approve an extension

stundum eftir viðtöku hennar. Meirihluti allra aðila að framkvæmdaráðinu skal taka ákvörðun um að samþykkja að framlengja skoðunartímann.

50. Skoðunarhópurinn getur, hvenær sem er í kjölfar samþykktar um framhald vettvangsskoðunar í samræmi við 47. mgr., mælst til þess við framkvæmdaráðið, fyrir atbeina aðalframkvæmdastjórans, að skoðun verði hætt. Líta ber svo á að slík tilmæli hafi verið samþykkt nema framkvæmdaráðið ákveði, eigi síðar en 72 klukkustundum eftir að það tekur við tilmælunum og með tveimur þriðju hlutum atkvæða allra aðila að því, að hafna því að skoðun verði hætt. Sé skoðun hætt skal skoðunarhópurinn yfirgefa skoðunarsvæðið og landsvæði aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, eins fljótt og auðið er í samræmi við 109. og 110. mgr. II. hluta bókunarinnar.

51. Aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkinu, sem farið er fram á skoðun hjá, er heimilt að taka þátt í umfjöllun í framkvæmdaráðinu um beiðnina um vettvangsskoðun án þess að greiða atkvæði. Aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni, og aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, er einnig heimilt að taka þátt í síðari umfjöllun um skoðunina í framkvæmdaráðinu án þess að greiða atkvæði.

52. Aðalframkvæmdastjórinn skal, innan 24 klukkustunda, tilkynna öllum aðildarríkjum um allar ákvarðanir framkvæmdaráðsins og skýrslur, tillögur, beiðnir og tilmæli sem er beint til þess skv. 46. til 50. mgr.

Framhaldsaðgerðir í kjölfar þess að framkvæmdaráðið samþykkir vettvangsskoðun.

53. Skoðunarhópur, sem aðalframkvæmdastjórinn tilnefnir í samræmi við ákvæði samnings þessa og bókunarinnar, skal framkvæma vettvangsskoðun, sem framkvæmdaráðið samþykkir, án tafar. Skoðunarhópurinn skal vera á komustað eigi síðar en sex dögum eftir að framkvæmdaráðið tekur við beiðni um vettvangsskoðun frá því aðildarríki sem leggur hana fram.

54. Aðalframkvæmdastjórinn skal gefa út fyrirmæli vegna framkvæmdar vettvangsskoðunar. Upplýsingarnar, sem eru tilgreindar í 42. mgr. II. hluta bókunarinnar, skulu koma fram í skoðunarfyrirmælunum.

of the inspection duration shall be made by a majority of all members of the Executive Council.

50. Any time following the approval of the continuation of the on-site inspection in accordance with paragraph 47, the inspection team may submit to the Executive Council, through the Director-General, a recommendation to terminate the inspection. Such a recommendation shall be considered approved unless the Executive Council, no later than 72 hours after receipt of the recommendation, decides by a two-thirds majority of all its members not to approve the termination of the inspection. In case of termination of the inspection, the inspection team shall leave the inspection area and the territory of the inspected State Party as soon as possible in accordance with Part II, paragraphs 109 and 110 of the Protocol.

51. The requesting State Party and the State Party sought to be inspected may participate in the deliberations of the Executive Council on the on-site inspection request without voting. The requesting State Party and the inspected State Party may also participate without voting in any subsequent deliberations of the Executive Council related to the inspection.

52. The Director-General shall notify all States Parties within 24 hours about any decision by and reports, proposals, requests and recommendations to the Executive Council pursuant to paragraphs 46 to 50.

Follow-up after Executive Council Approval of an On-Site Inspection

53. An on-site inspection approved by the Executive Council shall be conducted without delay by an inspection team designated by the Director-General and in accordance with the provisions of this Treaty and the Protocol. The inspection team shall arrive at the point of entry no later than six days following the receipt by the Executive Council of the on-site inspection request from the requesting State Party.

54. The Director-General shall issue an inspection mandate for the conduct of the on-site inspection. The inspection mandate shall contain the information specified in Part II, paragraph 42 of the Protocol.

55. Aðalframkvæmdastjórinn skal, í samræmi við 43. mgr. II. hluta bókunarinnar, tilkynna aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, um skoðunina eigi síðar en 24 klukkustundum áður en fyrirhugað er að skoðunarhópurinn sé á komustað.

Framkvæmd vettvangsskoðunar.

56. Sérhvert aðildarríki skal heimila stofnuninni að framkvæma vettvangsskoðun á landsvæði sínu eða þar sem það hefur lögsögu eða fer með yfirráð í samræmi við ákvæði samnings þessa og bókunarinnar. Samt sem áður er engu aðildarríki skylt að sætta sig við fleiri en eina vettvangsskoðun samtímis á landsvæði sínu eða þar sem það hefur lögsögu eða fer með yfirráð.

57. Aðildarríki, sem er skoðunarþoli, ber, í samræmi við ákvæði samnings þessa og bókunarinnar:
    a) réttur og skylda til þess að gera allt sem í þess valdi stendur til að sýna fram á að það hafi staðið við samning þennan og, í því skyni, að gera skoðunarhópnum kleift að fara að fyrirmælum sínum;
    b) réttur til þess að gera ráðstafanir, sem það telur nauðsynlegar, til að tryggja þjóðaröryggishagsmuni og koma í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar, sem tengjast ekki markmiðum skoðunarinnar, séu opinberaðar;
    c) skylda til þess að veita aðgang innan skoðunarsvæðisins í þeim tilgangi einum að gera kleift að leiða fram þær staðreyndir, sem varða markmið skoðunarinnar, að teknu tilliti til ákvæða b-liðar og stjórnskipulegra skyldna sem það kann að hafa með tilliti til eignarréttar eða leitar og haldlagningar;
    d) skylda til þess að bera ekki fyrir sig ákvæði þessarar málsgreinar eða 88. mgr. II. hluta bókunarinnar í því skyni að leyna því að það hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt I. gr.; og
    e) skylda til þess að hindra ekki för skoðunarhópsins innan skoðunarsvæðisins og hefta hann ekki við skoðunarstörf sem eru í samræmi við samning þennan og bókunina.

    Aðgangur merkir, að því er varðar vettvangsskoðun, bæði eiginlegan aðgang skoðunarhópsins og aðgang fyrir skoðunarbúnað að skoðunarsvæðinu sem og það að vinna skoðunarstörf innan skoðunarsvæðisins.

55. The Director-General shall notify the inspected State Party of the inspection no less than 24 hours before the planned arrival of the inspection team at the point of entry, in accordance with Part II, paragraph 43 of the Protocol.

The Conduct of an On-Site Inspection

56. Each State Party shall permit the Organization to conduct an on-site inspection on its territory or at places under its jurisdiction or control in accordance with the provisions of this Treaty and the Protocol. However, no State Party shall have to accept simultaneous on-site inspections on its territory or at places under its jurisdiction or control.

57. In accordance with the provisions of this Treaty and the Protocol, the inspected State Party shall have:
    a. The right and the obligation to make every reasonable effort to demonstrate its compliance with this Treaty and, to this end, to enable the inspection team to fulfil its mandate;
    b. The right to take measures it deems necessary to protect national security interests and to prevent disclosure of confidential information not related to the purpose of the inspection;
    c. The obligation to provide access within the inspection area for the sole purpose of determining facts relevant to the purpose of the inspection, taking into account subparagraph (b) and any constitutional obligations it may have with regard to proprietary rights or searches and seizures;
    d. The obligation not to invoke this paragraph or Part II, paragraph 88 of the Protocol to conceal any violation of its obligations under Article I; and
    e. The obligation not to impede the ability of the inspection team to move within the inspection area and to carry out inspection activities in accordance with this Treaty and the Protocol.

    Access, in the context of an on-site inspection, means both the physical access of the inspection team and the inspection equipment to, and the conduct of inspection activities within, the inspection area.

58. Forðast ber ágengni við vettvangsskoðun eins og frekast er unnt og hún skal framkvæmd með þeim hætti að farið sé að skoðunarfyrirmælum tímanlega og með skilvirkum hætti og í samræmi við þær starfsreglur sem settar eru fram í bókuninni. Skoðunarhópurinn skal, þar sem því verður komið við, hefjast handa með sem minnstum ágangi og hefja síðan ágengari aðgerðir aðeins að því marki sem hann telur nauðsynlegt til að safna nægjanlegum upplýsingum til þess að skýra það áhyggjuefni að hugsanlega hafi ekki verið staðið við samning þennan. Skoðunarmenn skulu einungis leita eftir upplýsingum og gögnum, sem eru nauðsynleg vegna skoðunarinnar, og leitast við að valda sem minnstri truflun á venjulegri starfsemi þess aðildarríkis sem er skoðunarþoli.
59. Aðildarríki, sem er skoðunarþoli, skal aðstoða skoðunarhópinn meðan á vettvangsskoðun stendur og auðvelda starf hans.
60. Takmarki aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, aðgang innan skoðunarsvæðisins í samræmi við 86. til 96. mgr. II. hluta bókunarinnar skal það gera það sem í þess valdi stendur, og í samráði við skoðunarhópinn, til að sýna, með annars konar verklagi, fram á að það standi við samning þennan.

Eftirlitsmenn.

61. Eftirfarandi gildir um eftirlitsmenn:

a) aðildarríkinu, sem leggur fram beiðni um vettvangsskoðun, er heimilt, með fyrirvara um samþykki aðildarríkisins sem er skoðunarþoli, að senda fulltrúa, sem skal vera ríkisborgari fyrrnefnda aðildarríkisins eða þriðja aðildarríkis, til þess að fylgjast með framkvæmd vettvangsskoðunarinnar;
b) aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal tilkynna aðalframkvæmdastjóranum um að það samþykki eða hafni þeim eftirlitsmanni, sem tillaga er gerð um, innan 12 klukkustunda frá því að framkvæmdaráðið samþykkir vettvangsskoðunina;
c) ef samþykki er veitt skal aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, veita eftirlitsmanninum aðgang í samræmi við bókunina;
d) almenna reglan skal vera sú að aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, samþykki þann eftirlitsmann sem tillaga er gerð um, en beiti fyrrnefnt aðildarríki neitunarvaldi skal skrá það í skoðunarskýrsluna.

58. The on-site inspection shall be conducted in the least intrusive manner possible, consistent with the efficient and timely accomplishment of the inspection mandate, and in accordance with the procedures set forth in the Protocol. Wherever possible, the inspection team shall begin with the least intrusive procedures and then proceed to more intrusive procedures only as it deems necessary to collect sufficient information to clarify the concern about possible non-compliance with this Treaty. The inspectors shall seek only the information and data necessary for the purpose of the inspection and shall seek to minimize interference with normal operations of the inspected State Party.
59. The inspected State Party shall assist the inspection team throughout the on-site inspection and facilitate its task.
60. If the inspected State Party, acting in accordance with Part II, paragraphs 86 to 96 of the Protocol, restricts access within the inspection area, it shall make every reasonable effort in consultations with the inspection team to demonstrate through alternative means its compliance with this Treaty.

Observer

61. With regard to an observer, the following shall apply:
a. The requesting State Party, subject to the agreement of the inspected State Party, may send a representative, who shall be a national either of the requesting State Party or of a third State Party, to observe the conduct of the on-site inspection;
b. The inspected State Party shall notify its acceptance or non-acceptance of the proposed observer to the Director-General within 12 hours after approval of the on-site inspection by the Executive Council;
c. In case of acceptance, the inspected State Party shall grant access to the observer in accordance with the Protocol;
d. The inspected State Party shall, as a rule, accept the proposed observer, but if the inspected State Party exercises a refusal, that fact shall be recorded in the inspection report.

Hámarksfjöldi eftirlitsmanna samtals frá þeim aðildarríkjum, sem leggja fram beiðni um vettvangsskoðun, skal vera þrír.

Skýrslur um vettvangsskoðun.

62. Skoðunarskýrslur skulu innihalda:
    a) lýsingu á aðgerðum skoðunarhópsins;
    b) niðurstöður skoðunarhópsins, byggðar á staðreyndum, sem hafa þýðingu fyrir markmið skoðunarinnar;
    c) greinargerð um samstarf sem var boðið fram meðan á vettvangsskoðuninni stóð;
    d) lýsingu, byggða á staðreyndum, á því í hve miklum mæli aðgangur var veittur, meðal annars á annars konar verklagi sem skoðunarhópnum stóð til boða meðan á vettvangsskoðuninni stóð; og
    e) hverjar aðrar upplýsingar sem varða markmið skoðunarinnar.

    Heimilt er að greina frá frábrugðnum athugunum skoðunarmanna í viðhengi við skýrsluna.

63. Aðalframkvæmdastjórinn skal veita aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, aðgang að drögum að skoðunarskýrslum. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal eiga rétt á því að leggja athugasemdir sínar og skýringar fyrir aðalframkvæmdastjórann innan 48 klukkustunda og að bera kennsl á hvers kyns upplýsingar og gögn sem að áliti þess eiga ekkert skylt við markmið skoðunarinnar og ætti ekki að dreifa utan tækniskrifstofunnar. Aðalframkvæmdastjórinn skal fjalla um tillögur aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, um breytingar á drögunum að skoðunarskýrslunni og fella þær inn í skýrsluna þar sem því verður komið við. Aðalframkvæmdastjórinn skal einnig auka athugasemdum og skýringum, sem aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, leggur fram, við skoðunarskýrsluna.

64. Aðalframkvæmdastjórinn skal senda aðildarríkinu sem leggur fram beiðni um vettvangsskoðun, aðildarríkinu sem er skoðunarþoli, framkvæmdaráðinu og öllum öðrum aðildarríkjum skoðunarskýrsluna án tafar. Aðalframkvæmdastjórinn skal enn fremur senda framkvæmdaráðinu og öllum öðrum aðildarríkjum allar niðurstöður sýnagreininga í tilteknum rannsóknarstofum tafarlaust og í samræmi við 104. mgr. II. hluta bókunarinnar, gögn, sem máli skipta, frá alþjóðavöktunarkerfinu, matsgerðir aðildarríkisins, sem leggur fram beiðni um vettvangsskoðun,

There shall be no more than three observers from an aggregate of requesting States Parties.

Reports of an On-Site Inspection

62. Inspection reports shall contain:
    a) A description of the activities conducted by the inspection team;
    b) The factual findings of the inspection team relevant to the purpose of the inspection,
    c) An account of the cooperation granted during the on-site inspection;
    d) A factual description of the extent of the access granted, including the alternative means provided to the team, during the on-site inspection; and
    e) Any other details relevant to the purpose of the inspection.

    Differing observations made by inspectors may be attached to the report.

63. The Director-General shall make draft inspection reports available to the inspected State Party. The inspected State Party shall have the right to provide the Director-General within 48 hours with its comments and explanations, and to identify any information and data which, in its view, are not related to the purpose of the inspection and should not be circulated outside the Technical Secretariat. The Director-General shall consider the proposals for changes to the draft inspection report made by the inspected State Party and shall wherever possible incorporate them. The Director-General shall also annex the comments and explanations provided by the inspected State Party to the inspection report.

64. The Director-General shall promptly transmit the inspection report to the requesting State Party, the inspected State Party, the Executive Council and to all other States Parties. The Director-General shall further transmit promptly to the Executive Council and to all other States Parties any results of sample analysis in designated laboratories in accordance with Part II, paragraph 104 of the Protocol, relevant data from the International Monitoring System, the assessments of the requesting and inspected States Parties, as well as any other information that the

og aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, og hverjar aðrar upplýsingar sem aðalframkvæmdastjórinn telur skipta máli. Þegar um ræðir skýrsluna um framvindu skoðunarinnar, sem um getur í 47. mgr., skal aðalframkvæmdastjórinn senda hana framkvæmdaráðinu innan þeirra tímamarka sem eru tilgreind í þeirri málsgrein.

65. Framkvæmdaráðið skal, í samræmi við umboð og hlutverk sitt, endurskoða skoðunarskýrsluna og allt efni, sem er látið í té skv. 64. mgr., og fjalla um hvers kyns áhyggjur af því:
    a) að upp hafi komið tilvik þar sem ekki var staðið við samning þennan; og
    b) að rétturinn til þess að leggja fram beiðni um vettvangsskoðun hafi verið misnotaður.

66. Komist framkvæmdaráðið að þeirri niðurstöðu, að teknu tilliti til umboðs síns og hlutverks, að nauðsynlegt kunni að vera að grípa til frekari aðgerða með tilliti til 65. mgr. skal það gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við V. gr.

Lítilvægar eða misbjóðandi beiðnir um vettvangsskoðun.

67. Samþykki framkvæmdaráðið ekki vettvangsskoðun á þeim forsendum að beiðni um slíka skoðun sé lítilvæg eða misbjóðandi eða sé skoðun hætt af þeim sökum skal það íhuga og ákveða hvort gera skuli viðeigandi ráðstafanir til þess að ráða bót á aðstæðum, meðal annars eftirfarandi:

    a) að krefja aðildarríkið, sem lagði fram beiðni um vettvangsskoðun, um greiðslu kostnaðar við undirbúning af hálfu tækniskrifstofunnar;
    b) að afnema rétt aðildarríkisins, sem lagði fram beiðni um vettvangsskoðun, til þess að fara fram á vettvangsskoðun um tíma sem framkvæmdaráðið ákveður; og
    c) að afnema tímabundið rétt aðildarríkisins, sem lagði fram beiðni um vettvangsskoðun, til setu í framkvæmdaráðinu.

E. Ráðstafanir sem miða að því að vekja traust.

68. Í því skyni að:
    a) stuðla að tímabærri lausn á vanda sem lýtur að sannprófun og kemur upp vegna hugsanlegrar rangtúlkunar á sannprófunargögnum sem varða efnasprengingar; og

Director-General deems relevant. In the case of the progress inspection report referred to in paragraph 47, the Director-General shall transmit the report to the Executive Council within the time-frame specified in that paragraph.

65. The Executive Council, in accordance with its powers and functions, shall review the inspection report and any material provided pursuant to paragraph 64, and shall address any concerns as to:
    a. Whether any non-compliance with this Treaty has occurred; and
    b. Whether the right to request an on-site inspection has been abused.

66. If the Executive Council reaches the conclusion, in keeping with its powers and functions, that further action may be necessary with regard to paragraph 65, it shall take the appropriate measures in accordance with Article V.

Frivolous or Abusive On-Site Inspection Requests

67. If the Executive Council does not approve the on-site inspection on the basis that the on-site inspection request is frivolous or abusive, or if the inspection is terminated for the same reasons, the Executive Council shall consider and decide on whether to implement appropriate measures to redress the situation, including the following:
    a) Requiring the requesting State Party to pay for the cost of any preparations made by the Technical Secretariat;

    b) Suspending the right of the requesting State Party to request an on-site inspection for a period of time, as determined by the Executive Council; and
    c) Suspending the right of the requesting State Party to serve on the Executive Council for a period of time.

E. CONFIDENCE-BUILDING MEASURES

68. In order to:
    a. Contribute to the timely resolution of any compliance concerns arising from possible misinterpretation of verification data relating to chemical explosions, and

b) aðstoða við fínstillingu þeirra stöðva sem eru hluti af netkerfum þátta alþjóðavöktunarkerfisins,

skal hvert aðildarríki skuldbinda sig til þess að vinna með stofnuninni og öðrum aðildarríkjum við að gera viðeigandi ráðstafanir eins og sett er fram í III. hluta bókunarinnar.

V. gr.
Ráðstafanir til þess að ráða bót á aðstæðum og tryggja að staðið sé við samninginn, þar með talin viðurlög.

1. Ráðstefnan skal, meðal annars að teknu tilliti til tilmæla framkvæmdaráðsins, gera nauðsynlegar ráðstafanir, sem settar eru fram í 2. og 3. mgr., til þess að tryggja að staðið sé við samning þennan og hverjar þær aðstæður bættar og lagfærðar sem stangast á við ákvæði samnings þessa.
2. Hafi ráðstefnan eða framkvæmdaráðið farið þess á leit við aðildarríki að það ráði bót á aðstæðum sem skapa vanda með tilliti til þess að það standi við samninginn og aðildarríkið verður ekki við beiðninni innan tiltekins frests getur ráðstefnan, meðal annars, ákveðið að setja hömlur á, eða koma tímabundið í veg fyrir, að hlutaðeigandi aðildarríki noti rétt sinn og sérréttindi samkvæmt samningi þessum þar til ráðstefnan ákveður annað.
3. Í tilvikum þegar það, að ekki er staðið við meginskuldbindingar samnings þessa, kann að skaða tilgang og markmið samningsins getur ráðstefnan mælst til þess við aðildarríki að gerðar verði sameiginlegar ráðstafanir í samræmi við þjóðarétt.
4. Ráðstefnan getur, eða framkvæmdaráðið, þoli málið enga bið, vakið athygli Sameinuðu þjóðanna á málinu, meðal annars upplýsingum og niðurstöðum sem skipta máli.

VI. gr.
Lausn deilumála.

1. Deilur, sem kunna að rísa um beitingu eða túlkun samnings þessa, skal leysa í samræmi við viðeigandi ákvæði samnings þessa og samkvæmt ákvæðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

2. Komi upp deila milli tveggja eða fleiri aðildarríkja, eða milli eins eða fleiri aðildarríkja og stofnunarinnar, um framkvæmd eða túlkun samnings þessa skulu viðkomandi aðilar hafa samráð sín á milli í því skyni að finna skjóta lausn á deilunni með samn-

b. Assist in the calibration of the stations that are part of the component networks of the International Monitoring System,

each State Party undertakes to cooperate with the Organization and with other States Parties in implementing relevant measures as set out in Part III of the Protocol.

ARTICLE V
MEASURES TO REDRESS A SITUATION AND TO ENSURE COMPLIANCE, INCLUDING SANCTIONS

1. The Conference, taking into account, inter alia, the recommendations of the Executive Council, shall take the necessary measures, as set forth in paragraphs 2 and 3, to ensure compliance with this Treaty and to redress and remedy any situation which contravenes the provisions of this Treaty.
2. In cases where a State Party has been requested by the Conference or the Executive Council to redress a situation raising problems with regard to its compliance and fails to fulfil the request within the specified time, the Conference may, inter alia, decide to restrict or suspend the State Party from the exercise of its rights and privileges under this Treaty until the Conference decides otherwise.
3. In cases where damage to the object and purpose of this Treaty may result from non-compliance with the basic obligations of this Treaty, the Conference may recommend to States Parties collective measures which are in conformity with international law.
4. The Conference, or alternatively, if the case is urgent, the Executive Council, may bring the issue, including relevant information and conclusions to the attention of the United Nations.

ARTICLE VI
SETTLEMENT OF DISPUTES

1. Disputes that may arise concerning the application or the interpretation of this Treaty shall be settled in accordance with the relevant provisions of this Treaty and in conformity with the provisions of the Charter of the United Nations.
2. When a dispute arises between two or more States Parties, or between one or more States Parties and the Organization, relating to the application or interpretation of this Treaty, the parties concerned shall consult together with a view to the expeditious settlement of

ingaviðræðum eða eftir öðrum friðsamlegum leiðum að þeirra vali, meðal annars með því að skjóta henni til viðeigandi stofnana, sem um getur í samningi þessum, og, með gagnkvæmu samþykki, til Alþjóðadómstólsins í samræmi við samþykktir hans. Hlutaðeigandi aðilar skulu upplýsa framkvæmdaráðið um þær aðgerðir sem er gripið til.

3. Framkvæmdaráðið getur stuðlað að lausn deilu, sem kann að rísa vegna framkvæmdar eða túlkunar samnings þessa, á hvern þann hátt sem því þykir hæfa, meðal annars með því að bjóðast til að annast sáttatilraunir, hvetja aðildarríkin, sem eiga í deilu, til þess að leita lausnar eftir leiðum að eigin vali, vekja athygli ráðstefnunnar á málinu og mæla með tímatakmörkunum fyrir hverja þá málsmeðferð sem samstaða næst um.

4. Ráðstefnan skal fjalla um álitamál sem tengjast deilum og aðildarríki taka upp eða framkvæmdaráðið vekur athygli hennar á. Ráðstefnan skal, eftir því sem hún telur nauðsynlegt, koma á fót undirstofnunum eða fela slíkum stofnunum verkefni sem tengjast lausn fyrrnefndra deilna í samræmi við j-lið 26. mgr. II. gr.

5. Ráðstefnunni og framkvæmdaráðinu er, hvoru um sig og með fyrirvara um heimild allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna, veitt umboð til þess að fara þess á leit við Alþjóðadómstólinn að hann skili ráðgefandi áliti um hvert það lagalega álitamál sem upp kemur á starfsvettvangi stofnunarinnar. Gengið skal frá samningi í þessu skyni milli stofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna í samræmi við h-lið 38. mgr. II. gr.

6. Grein þessi hefur ekki áhrif á IV. og V. gr.

VII. gr.
Breytingar.

1. Sérhverju aðildarríki er heimilt, hvenær sem er eftir að samningur þessi öðlast gildi, að koma fram með tillögu um breytingu á samningnum, bókuninni eða viðaukunum við bókunina. Hverju aðildarríki er og heimilt að leggja fram tillögu um breytingu á bókuninni eða viðaukunum við hana í samræmi við 7. mgr. Breytingartillögur skulu falla undir málsmeðferðina í 2. til 6. mgr. Breytingartillögur í samræmi við 7. mgr. skulu falla undir málsmeðferðina í 8. mgr.

the dispute by negotiation or by other peaceful means of the parties' choice, including recourse to appropriate organs of this Treaty and, by mutual consent, referral to the International Court of Justice in conformity with the Statute of the Court. The parties involved shall keep the Executive Council informed of actions being taken.

3. The Executive Council may contribute to the settlement of a dispute that may arise concerning the application or interpretation of this Treaty by whatever means it deems appropriate, including offering its good offices, calling upon the States Parties to a dispute to seek a settlement through a process of their own choice, bringing the matter to the attention of the Conference and recommending a time-limit for any agreed procedure.

4. The Conference shall consider questions related to disputes raised by States Parties or brought to its attention by the Executive Council. The Conference shall, as it finds necessary, establish or entrust organs with tasks related to the settlement of these disputes in conformity with Article II, paragraph 26 (j).

5. The Conference and the Executive Council are separately empowered, subject to authorization from the General Assembly of the United Nations, to request the International Court of Justice to give an advisory opinion on any legal question arising within the scope of the activities of the Organization. An agreement between the Organization and the United Nations shall be concluded for this purpose in accordance with Article II, paragraph 38 (h).

6. This Article is without prejudice to Articles IV and V.

ARTICLE VII
AMENDMENTS

1. At any time after the entry into force of this Treaty, any State Party may propose amendments to this Treaty, the Protocol, or the Annexes to the Protocol. Any State Party may also propose changes, in accordance with paragraph 7, to the Protocol or the Annexes thereto. Proposals for amendments shall be subject to the procedures in paragraphs 2 to 6. Proposals for changes, in accordance with paragraph 7, shall be subject to the procedures in paragraph 8.

2. Einungis skal fjalla um breytingartillögu og samþykkja hana á sérstakri ráðstefnu um breytingar.
3. Senda ber aðalframkvæmdastjóranum allar breytingartillögur, sem hann dreifir til allra aðildarríkja og vörsluaðila, og leita álits aðildarríkjanna á því hvort halda beri sérstaka ráðstefnu til þess að fjalla um fram komnar breytingartillögur. Tilkynni meirihluti aðildarríkjanna aðalframkvæmdastjóranum, eigi síðar en 30 dögum eftir að breytingartillögu var dreift, að þau séu því hlynnt að tillagan fái frekari umfjöllun skal aðalframkvæmdastjórinn boða til ráðstefnu um breytingar sem öllum aðildarríkjunum skal boðið til.
4. Halda ber ráðstefnu um breytingar strax að loknum reglulegum fundahöldum ráðstefnunnar, nema öll aðildarríkin, sem eru því hlynnt að haldin verði ráðstefna um breytingar, fari fram á að slík ráðstefna verði haldin fyrr. Ráðstefnu um breytingar skal aldrei halda fyrr en 60 dögum eftir að breytingartillögunni var dreift.
5. Ráðstefnan um breytingar skal samþykkja breytingar með meðatkvæðum meirihluta aðildarríkjanna og án þess að nokkurt aðildarríki greiði atkvæði gegn þeim breytingum sem um ræðir.
6. Breytingar öðlast gildi að því er varðar öll aðildarríki 30 dögum eftir að þau aðildarríki, sem greiddu atkvæði með þeim á ráðstefnunni um breytingar, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu eða staðfestingu.
7. Í því skyni að tryggja nothæfi og skilvirkni samnings þessa skulu I. og III. hluti bókunarinnar og 1. og 2. viðauki við bókunina háðir breytingum samkvæmt 8. mgr. séu þær breytingar, sem lagðar eru til, einungis á sviði stjórnsýslu eða tæknilegs eðlis. Öll önnur ákvæði bókunarinnar og viðaukanna við hana skulu óháð breytingum í samræmi við 8. mgr.
8. Breytingar, sem gerð er tillaga um og um getur í 7. mgr., skulu gerðar í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð:
   a) senda skal aðalframkvæmdastjóranum texta þeirra breytinga sem gerð er tillaga um, ásamt nauðsynlegum upplýsingum. Hverju aðildarríki og aðalframkvæmdastjóranum er heimilt að leggja fram viðbótarupplýsingar í því skyni að leggja mat á fram komna tillögu. Aðalframkvæmdastjórinn skal miðla öllum slíkum tillögum

2. The proposed amendment shall be considered and adopted only by an Amendment Conference.
3. Any proposal for an amendment shall be communicated to the Director-General, who shall circulate it to all States Parties and the Depositary and seek the views of the States Parties on whether an Amendment Conference should be convened to consider the proposal. If a majority of the States Parties notify the Director-General no later than 30 days after its circulation that they support further consideration of the proposal, the Director-General shall convene an Amendment Conference to which all States Parties shall be invited.
4. The Amendment Conference shall be held immediately following a regular session of the Conference unless all States Parties that support the convening of an Amendment Conference request that it be held earlier. In no case shall an Amendment Conference be held less than 60 days after the circulation of the proposed amendment.
5. Amendments shall be adopted by the Amendment Conference by a positive vote of a majority of the States Parties with no State Party casting a negative vote.
6. Amendments shall enter into force for all States Parties 30 days after deposit of the instruments of ratification or acceptance by all those States Parties casting a positive vote at the Amendment Conference.
7. In order to ensure the viability and effectiveness of this Treaty, Parts I and III of the Protocol and Annexes 1 and 2 to the Protocol shall be subject to changes in accordance with paragraph 8, if the proposed changes are related only to matters of an administrative or technical nature. All other provisions of the Protocol and the Annexes thereto shall not be subject to changes in accordance with paragraph 8.
8. Proposed changes referred to in paragraph 7 shall be made in accordance with the following procedures:
   a) The text of the proposed changes shall be transmitted together with the necessary information to the Director-General. Additional information for the evaluation of the proposal may be provided by any State Party and the Director-General. The Director-General shall promptly communicate any such proposals and infor-

og upplýsingum til allra aðildarríkja, framkvæmdaráðsins og vörsluaðila án tafar;

b) aðalframkvæmdastjórinn skal, eigi síðar en 60 dögum eftir að hann fær tillöguna í hendur, leggja mat á hana í því skyni að ákvarða hugsanleg áhrif hennar á ákvæði samnings þessa og framkvæmd hans og miðla slíkum upplýsingum til allra aðildarríkja og framkvæmdaráðsins;

c) framkvæmdaráðið skal yfirfara tillöguna í ljósi allra upplýsinga, sem því eru tiltækar, meðal annars ganga úr skugga um hvort hún samræmist kröfum 7. mgr. Framkvæmdaráðið skal, eigi síðar en 90 dögum eftir viðtöku tillögunnar, greina öllum aðildarríkjum frá tilmælum sínum, ásamt viðeigandi skýringum, í því skyni að gera þeim kleift að taka þau til umfjöllunar. Aðildarríki skulu staðfesta viðtöku innan 10 daga;

d) mælist framkvæmdaráðið til þess við öll aðildarríkin að þau samþykki tillöguna skal hún teljast samþykkt hreyfi ekkert þeirra andmælum innan 90 daga frá viðtöku tilmælanna. Mælist framkvæmdaráðið til þess að tillögunni verði hafnað skal líta svo á að henni hafi verið hafnað hreyfi ekkert þeirra andmælum innan 90 daga frá viðtöku tilmælanna;

e) hljóti tilmæli framkvæmdaráðsins ekki samþykki, eins og krafa er gerð um í d-lið, skal ráðstefnan, næst þegar hún er haldin, taka ákvörðun um tillöguna, meðal annars um það hvort hún samræmist kröfum 7. mgr., eins og um mál af efnislegum toga sé að ræða;

f) aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna öllum aðildarríkjum og vörsluaðila um allar ákvarðanir samkvæmt þessari málsgrein;

g) breytingar, sem eru samþykktar samkvæmt málsmeðferð þessari, skulu öðlast gildi að því er varðar öll aðildarríki 180 dögum frá þeim degi að aðalframkvæmdastjórinn tilkynnir um samþykki þeirra, nema framkvæmdaráðið mæli með eða ráðstefnan ákveði önnur tímamörk.

VIII. gr.
Endurskoðun samningsins.

1. Tíu árum eftir að samningur þessi öðlast gildi skal, nema meirihluti aðildarríkja ákveði

mation to all States Parties, the Executive Council and the Depositary;

b) No later than 60 days after its receipt, the Director-General shall evaluate the proposal to determine all its possible consequences for the provisions of this Treaty and its implementation and shall communicate any such information to all States Parties and the Executive Council;

c) The Executive Council shall examine the proposal in the light of all information available to it, including whether the proposal fulfils the requirements of paragraph 7. No later than 90 days after its receipt, the Executive Council shall notify its recommendation, with appropriate explanations, to all States Parties for consideration. States Parties shall acknowledge receipt within 10 days;

d) If the Executive Council recommends to all States Parties that the proposal be adopted, it shall be considered approved if no State Party objects to it within 90 days after receipt of the recommendation. If the Executive Council recommends that the proposal be rejected, it shall be considered rejected if no State Party objects to the rejection within 90 days after receipt of the recommendation;

e) If a recommendation of the Executive Council does not meet with the acceptance required under sub-paragraph (d), a decision on the proposal, including whether it fulfils the requirements of paragraph 7, shall be taken as a matter of substance by the Conference at its next session;

f) The Director-General shall notify all States Parties and the Depositary of any decision under this paragraph;

g) Changes approved under this procedure shall enter into force for all States Parties 180 days after the date of notification by the Director-General of their approval unless another time period is recommended by the Executive Council or decided by the Conference.

ARTICLE VIII
REVIEW OF THE TREATY

1. Unless otherwise decided by a majority of the States Parties, ten years after the entry into

annað, halda ráðstefnu aðildarríkjanna, sem skal endurskoða rekstur og skilvirkni samningsins, í því skyni að fá fulla vissu fyrir því að verið sé að ná fram þeim markmiðum og tilgangi sem felast í inngangsorðum og ákvæðum hans. Slík endurskoðun skal taka mið af hverjum þeim nýjungum á sviði vísinda og tækni sem hafa þýðingu fyrir samning þennan. Endurskoðunarráðstefnan skal, á grundvelli beiðni aðildarríkis, fjalla um hvort hugsanlegt sé að leyfa kjarnasprengingar neðanjarðar í friðsamlegum tilgangi. Ákveði endurskoðunarráðstefnan, með samhljóða samþykki, að unnt sé að leyfa slíkar kjarnasprengingar skal hún án tafar hefja undirbúning að því að mæla með því við aðildarríkin að viðeigandi breyting verði gerð á samningi þessum sem útiloki hernaðarlegan ávinning af slíkum kjarnasprengingum. Hvaða aðildarríki sem er getur komið slíkri breytingartillögu á framfæri við aðalframkvæmdastjórann og skal fjalla um hana samkvæmt ákvæðum VII. gr.

2. Heimilt er að boða til fleiri endurskoðunarráðstefna í sama tilgangi á tíu ára fresti þar eftir ákveði ráðstefnan þá málsmeðferð árið á undan. Heimilt er að boða til slíkra ráðstefna eftir styttra hlé en tíu ár taki ráðstefnan efnislega ákvörðun þar um.

3. Almenna reglan er sú að halda beri endurskoðunarráðstefnu strax á eftir reglulegum árlegum fundi ráðstefnunnar sem kveðið er á um í II. gr.

IX. gr.
Gildistími og uppsögn.

1. Gildistími samnings þessa skal vera ótakmarkaður.

2. Hvert aðildarríki skal, í krafti fullveldis síns, hafa rétt til að segja samningi þessum upp telji það að sérstök atvik, sem tengjast viðfangsefni samnings þessa, hafi teflt mikilvægustu hagsmunum þess í tvísýnu.

3. Uppsögn skal taka gildi með því að tilkynna öllum öðrum aðildarríkjum, framkvæmdaráðinu, vörsluaðila og öryggisráði Sameinuðu þjóðanna þar um með sex mánaða fyrirvara. Tilkynningu um uppsögn skal fylgja yfirlýsing um það eða þau sérstöku atvik sem aðildarríki telur að tefli mikilvægustu hagsmunum þess í tvísýnu.

force of this Treaty a Conference of the States Parties shall be held to review the operation and effectiveness of this Treaty, with a view to assuring itself that the objectives and purposes in the Preamble and the provisions of the Treaty are being realized. Such review shall take into account any new scientific and technological developments relevant to this Treaty. On the basis of a request by any State Party, the Review Conference shall consider the possibility of permitting the conduct of underground nuclear explosions for peaceful purposes. If the Review Conference decides by consensus that such nuclear explosions may be permitted, it shall commence work without delay, with a view to recommending to States Parties an appropriate amendment to this Treaty that shall preclude any military benefits of such nuclear explosions. Any such proposed amendment shall be communicated to the Director-General by any State Party and shall be dealt with in accordance with the provisions of Article VII.

2. At intervals of ten years thereafter, further Review Conferences may be convened with the same objective, if the Conference so decides as a matter of procedure in the preceding year. Such Conferences may be convened after an interval of less than ten years if so decided by the Conference as a matter of substance.

3. Normally, any Review Conference shall be held immediately following the regular annual session of the Conference provided for in Article II.

ARTICLE IX
DURATION AND WITHDRAWAL

1. This Treaty shall be of unlimited duration.

2. Each State Party shall, in exercising its national sovereignty, have the right to withdraw from this Treaty if it decides that extraordinary events related to the subject matter of this Treaty have jeopardized its supreme interests.

3. Withdrawal shall be effected by giving notice six months in advance to all other States Parties, the Executive Council, the Depositary and the United Nations Security Council. Notice of withdrawal shall include a statement of the extraordinary event or events which a State Party regards as jeopardizing its supreme interests.

X. gr.
Staða bókunarinnar og viðaukanna.

Viðaukarnir við samning þennan, bókunin og viðaukarnir við bókunina eru óaðskiljanlegur hluti samningsins. Sérhver tilvísun í samning þennan nær til viðaukanna við samning þennan, bókunarinnar og viðaukanna við bókunina.

XI. gr.
Undirritun.

Samningur þessi skal opinn öllum ríkjum til undirritunar þar til hann öðlast gildi.

XII. gr.
Fullgilding.

Samningur þessi er háður fullgildingu af hálfu undirritunarríkja í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers þeirra.

XIII. gr.
Aðild.

Hvert það ríki, sem undirritar ekki samning þennan áður en hann öðlast gildi, getur gerst aðili að honum hvenær sem er eftir það.

XIV. gr.
Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi 180 dögum eftir þann dag er öll ríki, sem eru talin upp í 2. viðauka við samning þennan, hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, en eigi fyrr en tveimur árum eftir að hann er lagður fram til undirritunar.
2. Hafi samningur þessi ekki öðlast gildi þremur árum eftir þann dag er hann var lagður fram til undirritunar skal vörsluaðili kalla saman ráðstefnu þeirra ríkja, sem þegar hafa afhent skjöl sín um fullgildingu, að beiðni meirihluta fyrrnefndra ríkja. Ráðstefnan skal kanna að hve miklu leyti kröfunum, sem settar eru fram í 1. mgr., hefur verið fullnægt og skal fjalla um og ákveða með samhljóða samþykki til hvaða ráðstafana megi grípa, í samræmi við þjóðarétt, til að hraða fullgildingarferlinu í því skyni að greiða fyrir skjótri gildistöku samnings þessa.

3. Endurtaka skal þetta ferli árlega, þegar þess er síðar minnst að samningur þessi var lagður fram til undirritunar, þar til hann öðlast gildi, nema ráðstefnan, sem um getur í 2. mgr., eða aðrar slíkar ráðstefnur ákveði annað.

ARTICLE X
STATUS OF THE PROTOCOL AND THE ANNEXES

The Annexes to this Treaty, the Protocol, and the Annexes to the Protocol form an integral part of the Treaty. Any reference to this Treaty includes the Annexes to this Treaty, the Protocol and the Annexes to the Protocol.

ARTICLE XI
SIGNATURE

This Treaty shall be open to all States for signature before its entry into force.

ARTICLE XII
RATIFICATION

This Treaty shall be subject to ratification by signatory States according to their respective constitutional processes.

ARTICLE XIII
ACCESSION

Any State which does not sign this Treaty before its entry into force may accede to it at any time thereafter.

ARTICLE XIV
ENTRY INTO FORCE

1. This Treaty shall enter into force 180 days after the date of deposit of the instruments of ratification by all States listed in Annex 2 to this Treaty, but in no case earlier than two years after its opening for signature.

2. If this Treaty has not entered into force three years after the date of the anniversary of its opening for signature, the Depositary shall convene a Conference of the States that have already deposited their instruments of ratification on the request of a majority of those States. That Conference shall examine the extent to which the requirement set out in paragraph 1 has been met and shall consider and decide by consensus what measures consistent with international law may be undertaken to accelerate the ratification process in order to facilitate the early entry into force of this Treaty.
3. Unless otherwise decided by the Conference referred to in paragraph 2 or other such conferences, this process shall be repeated at subsequent anniversaries of the opening for signature of this Treaty, until its entry into force.

4. Öllum þeim ríkjum, sem undirritað hafa samninginn, skal boðið að sækja ráðstefnuna, sem um getur í 2. mgr., og allar síðari ráðstefnur, sem um getur í 3. mgr., sem áheyrnarfulltrúar.
5. Að því er varðar ríki, sem afhenda skjöl sín um fullgildingu eða aðild eftir að samningur þessi öðlast gildi, skal hann öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er þau afhenda skjöl sín um fullgildingu eða aðild.

XV. gr.
Fyrirvarar.

Enga fyrirvara má gera við greinar samnings þessa og viðaukana við hann. Enga fyrirvara má gera við ákvæði bókunarinnar við samning þennan og viðaukana við bókunina sem samrýmast ekki markmiði og tilgangi samnings þessa.

XVI. gr.
Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa og skal veita viðtöku undirritunum og skjölum um fullgildingu og aðild.
2. Vörsluaðili skal án tafar upplýsa öll ríki, sem hafa undirritað samninginn, og ríki, sem gerst hafa aðilar að honum, um dagsetningu hverrar undirritunar, dagsetningu afhendingar hvers skjals um fullgildingu eða aðild, gildistökudag samnings þessa og um dagsetningu hvers kyns breytinga á honum og viðtöku annarra tilkynninga.
3. Vörsluaðili skal senda ríkisstjórnum þeirra ríkja, sem hafa undirritað samninginn, og þeirra ríkja, sem hafa gerst aðilar að honum, staðfest afrit af samningi þessum.
4. Vörsluaðili skal skrá samning þennan skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

XVII. gr.
Gildir textar.

Afhenda ber samning þennan, en textar hans á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

4. All States Signatories shall be invited to attend the Conference referred to in paragraph 2 and any subsequent conferences as referred to in paragraph 3, as observers.

5. For States whose instruments of ratification or accession are deposited subsequent to the entry into force of this Treaty, it shall enter into force on the 30th day following the date of deposit of their instruments of ratification or accession.

ARTICLE XV
RESERVATIONS

The Articles of and the Annexes to this Treaty shall not be subject to reservations. The provisions of the Protocol to this Treaty and the Annexes to the Protocol shall not be subject to reservations incompatible with the object and purpose of this Treaty.

ARTICLE XVI
DEPOSITARY

1. The Secretary-General of the United Nations shall be the Depositary of this Treaty and shall receive signatures, instruments of ratification and instruments of accession.
2. The Depositary shall promptly inform all States Signatories and acceding States of the date of each signature, the date of deposit of each instrument of ratification or accession, the date of the entry into force of this Treaty and of any amendments and changes thereto, and the receipt of other notices.

3. The Depositary shall send duly certified copies of this Treaty to the Governments of the States Signatories and acceding States.

4. This Treaty shall be registered by the Depositary pursuant to Article 102 of the Charter of the United Nations.

ARTICLE XVII
AUTHENTIC TEXTS

This Treaty, of which the Arabic, Chinese, English, French, Russian and Spanish texts are equally authentic, shall be deposited with the Secretary-General of the United Nations.

1. VIÐAUKI
við samninginn.

Skrá yfir ríki skv. 28. mgr. II. gr.

Afríka

Alsír, Angóla, Benín, Botsvana, Búrkína Fasó, Búrúndí, Djíbútí, Egyptaland, Erítrea, Eþíópía, Fílabeinsströndin, Gabon, Gambía, Gana, Gínea, Gínea-Bissá, Grænhöfðaeyjar, Kamerún, Kenía, Kongó, Kómoreyjar, Lesótó, Líbería, Líbía, Madagaskar, Malaví, Malí, Marokkó, Máritanía, Máritíus, Mið-Afríkulýðveldið, Miðbaugs-Gínea, Mósambík, Namibía, Níger, Nígería, Rúanda, Saír, Sambía, Saó Tóme og Prinsípe, Senegal, Seychelles-eyjar, Simbabve, Síerra Leóne, Sómalía, Suður-Afríka, Súdan, Svasíland, Tansanía, Tógó, Tsjad, Túnis, Úganda.

Austur-Evrópa

Albanía, Armenía, Aserbaídsjan, Bosnía og Hersegóvína, Búlgaría, Eistland, Fyrrum júgóslavneska lýðveldið Makedónía, Georgía, Hvíta-Rússland, Júgóslavía, Króatía, Lettland, Litháen, Moldóvía, Pólland, Rúmenía, Rússneska sambandsríkið, Slóvakía, Slóvenía, Tékkland, Ungverjaland, Úkraína.

Rómanska Ameríka og Karíbaeyjar

Antígva og Barbúda, Argentína, Bahamaeyjar, Barbadoseyjar, Belís, Bólivía, Brasilía, Chile, Dóminíka, Dóminíska lýðveldið, Ekvador, El Salvador, Grenada, Gvatemala, Gvæjana, Haítí, Hondúras, Jamaíka, Kólumbía, Kostaríka, Kúba, Mexíkó, Níkaragva, Panama, Paragvæ, Perú, Sankti Kristófer og Nevis, Sankti Lúsía, Sankti Vinsent og Grenadíneyjar, Súrínam, Trínidad og Tóbagó, Úrúgvæ, Venesúela.

Mið-Austurlönd og Suður-Asía

Afganistan, Banglades, Barein, Bútan, Indland, Írak, Íran, Ísrael, Jemen, Jórdanía, Kasakstan, Katar, Kirgisistan, Kúveit, Líbanon, Maldíveyjar, Nepal, Óman, Pakistan, Sameinuðu arabísku furstadæmin, Sádi-Arabía, Srí Lanka, Sýrland, Tadsjikistan, Túrkmenistan, Úsbekistan.

Norður-Ameríka og Vestur-Evrópa

Andorra, Austurríki, Bandaríkin, Belgía, Breska konungsríkið, Danmörk, Finnland, Frakkland, Grikkland, Holland, Írland, Ísland, Ítalía,

ANNEX 1
TO THE TREATY

LIST OF STATES PURSUANT TO ARTICLE II, PARAGRAPH 28

Africa

Algeria, Angola, Benin, Botswana, Burkina Faso, Burundi, Cameroon, Cape Verde, Central African Republic, Chad, Comoros, Congo, Cote d'Ivoire, Djibouti, Egypt, Equatorial Guinea, Eritrea, Ethiopia, Gabon, Gambia, Ghana, Guinea, Guinea-Bissau, Kenya, Lesotho, Liberia, Libyan Arab Jamahiriya, Madagascar, Malawi, Mali, Mauritania, Mauritius, Morocco, Mozambique, Namibia, Niger, Nigeria, Rwanda, Sao Tome & Principe, Senegal, Seychelles, Sierra Leone, Somalia, South Africa, Sudan, Swaziland, Togo, Tunisia, Uganda, United Republic of Tanzania, Zaire, Zambia, Zimbabwe.

Eastern Europe

Albania, Armenia, Azerbaijan, Belarus, Bosnia and Herzegovina, Bulgaria, Croatia, Czech Republic, Estonia, Georgia, Hungary, Latvia, Lithuania, Poland, Republic of Moldova, Romania, Russian Federation, Slovakia, Slovenia, The former Yugoslav Republic of Macedonia, Ukraine, Yugoslavia.

Latin America and the Caribbean

Antigua and Barbuda, Argentina, Bahamas, Barbados, Belize, Bolivia, Brazil, Chile, Colombia, Costa Rica, Cuba, Dominica, Dominican Republic, Ecuador, El Salvador, Grenada, Guatemala, Guyana, Haiti, Honduras, Jamaica, Mexico, Nicaragua, Panama, Paraguay, Peru, Saint Kitts and Nevis, Saint Lucia, Saint Vincent and the Grenadines, Suriname, Trinidad and Tobago, Uruguay, Venezuela.

Middle East and South Asia

Afghanistan, Bahrain, Bangladesh, Bhutan, India, Iran (Islamic Republic of), Iraq, Israel, Jordan, Kazakstan, Kuwait, Kyrgyzstan, Lebanon, Maldives, Nepal, Oman, Pakistan, Qatar, Saudi Arabia, Sri Lanka, Syrian Arab Republic, Tajikistan, Turkmenistan, United Arab Emirates, Uzbekistan, Yemen.

North America and Western Europe

Andorra, Austria, Belgium, Canada, Cyprus, Denmark, Finland, France, Germany, Greece, Holy See, Iceland, Ireland, Italy, Liechtenstein,

Kanada, Kýpur, Liechtenstein, Lúxemborg, Malta, Mónakó, Noregur, Páfagarður, Portúgal, San Marínó, Spánn, Sviss, Svíþjóð, Tyrkland, Þýskaland.

Suðaustur-Asía, Kyrrahafseyjar og Austurlönd fjær

Ástralía, Brúnei Darússalam, Cook-eyjar, Filippseyjar, Fídjieyjar, Indónesía, Japan, Kambódía, Kína, Kíribatí, Laos, Malasía, Marshall-eyjar, Míkrónesía, Mjanmar, Mongólía, Nárú, Níjúeyja, Norður-Kórea, Nýja Sjáland, Palá, Papúa Nýja-Gínea, Salómonseyjar, Samóa, Singapúr, Suður-Kórea, Taíland, Tonga, Túvalú, Vanúatú, Víetnam.

Luxembourg, Malta, Monaco, Netherlands, Norway, Portugal, San Marino, Spain, Sweden, Switzerland, Turkey, United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, United States of America.

South East Asia, the Pacific and the Far East

Australia, Brunei Darussalam, Cambodia, China, Cook Islands, Democratic People's Republic of Korea, Fiji, Indonesia, Japan, Kiribati, Lao People's Democratic Republic, Malaysia, Marshall Islands, Micronesia (Federated States of), Mongolia, Myanmar, Nauru, New Zealand, Niue, Palau, Papua New Guinea, Philippines, Republic of Korea, Samoa, Singapore, Solomon Islands, Thailand, Tonga, Tuvalu, Vanuatu, Viet Nam.

2. VIÐAUKI
við samninginn.

Skrá yfir ríki skv. XIV. gr.

Skrá yfir ríki sem áttu fulltrúa á afvopnunarráðstefnunni, eins og skráin leit út 18. júní 1996, og tóku með formlegum hætti þátt í störfum fundar ráðstefnunnar 1996 og eru talin upp í töflu 1 í útgáfu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar frá apríl 1996 sem fjallar um „kjarnakljúfa í heiminum til orkuframleiðslu“ og yfir ríki sem áttu fulltrúa á afvopnunarráðstefnunni, eins og skráin leit út 18. júní 1996, og tóku með formlegum hætti þátt í störfum fundar ráðstefnunnar 1996 og eru talin upp í töflu 1 í útgáfu Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar frá desember 1995 sem fjallar um „rannsóknakjarnakljúfa í heiminum“:

Alsír, Argentína, Austurríki, Ástralía, Bangladesh, Bandaríkin, Belgía, Brasilía, Breska konungsríkið, Búlgaría, Chile, Egyptaland, Finnland, Frakkland, Holland, Indland, Indónesía, Íran, Ísrael, Ítalía, Japan, Kanada, Kína, Kólumbía, Mexíkó, Norður-Kórea, Noregur, Pakistan, Perú, Pólland, Rúmenía, Rússneska sambandsríkið, Saír, Slóvakía, Spánn, Suður-Afríka, Suður-Kórea, Sviss, Svíþjóð, Tyrkland, Ungverjaland, Úkraína, Víetnam, Þýskaland.

ANNEX 2
TO THE TREATY

LIST OF STATES PURSUANT TO ARTICLE XIV

List of States members of the Conference on Disarmament as at 18 June 1996 which formally participated in the work of the 1996 session of the Conference and which appear in Table 1 of the International Atomic Energy Agency's April 1996 edition of "Nuclear Power Reactors in the World", and of States members of the Conference on Disarmament as at 18 June 1996 which formally participated in the work of the 1996 session of the Conference and which appear in Table 1 of the International Atomic Energy Agency's December 1995 edition of "Nuclear Research Reactors in the World":

Algeria, Argentina, Australia, Austria, Bangladesh, Belgium, Brazil, Bulgaria, Canada, Chile, China, Colombia, Democratic People's Republic of Korea, Egypt, Finland, France, Germany, Hungary, India, Indonesia, Iran (Islamic Republic of), Israel, Italy, Japan, Mexico, Netherlands, Norway, Pakistan, Peru, Poland, Romania, Republic of Korea, Russian Federation, Slovakia, South Africa, Spain, Sweden, Switzerland, Turkey, Ukraine, United Kingdom of Great Britain and Northern Ireland, United States of America, Viet Nam, Zaire.

BÓKUN
við samninginn um allsherjarbann við tilraunum með kjarnavopn.

I. hluti.
Hlutverk alþjóðavöktunarkerfisins og Alþjóðagagnamiðstöðvarinnar.

A. Almenn ákvæði.

1. Alþjóðavöktunarkerfið skal samanstanda af vöktunarvirkjum, eins og sett er fram í 16. mgr. IV. gr., og tilheyrandi fjarskiptabúnaði.

2. Vöktunarvirkin, sem eru hluti af alþjóðavöktunarkerfinu, skulu samsett úr þeim búnaði sem er tilgreindur í 1. viðauka við bókun þessa. Alþjóðavöktunarkerfið skal fullnægja tækni- og rekstrarkröfunum sem eru tilgreindar í viðeigandi rekstrarhandbókum.

3. Stofnunin skal, í samræmi við II. gr. og í samvinnu og að höfðu samráði við aðildarríkin, önnur ríki og, eftir atvikum, alþjóðastofnanir, koma alþjóðavöktunarkerfinu á fót, samræma rekstur þess og viðhald og sérhverja breytingu og þróun sem verða samþykktar í framtíðinni.

4. Aðildarríki eða annað ríki, þar sem virki alþjóðavöktunarkerfisins eru staðsett eða sem ber að öðru leyti ábyrgð á þeim, og tækniskrifstofan skulu, í samræmi við viðeigandi samninga, tilhögun og starfsreglur, koma sér saman um og vinna saman að því, í samræmi við ákvæði þjóðaréttar, að koma á fót, reka, endurbæta, fjármagna og viðhalda vöktunarvirkjum, fullgiltum rannsóknarstofum þeim tengdum og tilheyrandi fjarskiptabúnaði á svæðum innan lögsögu hlutaðeigandi aðildarríkis eða ríkis eða svæðum sem lúta stjórn þess eða eru annars staðar. Þessi samvinna skal vera í samræmi við þær öryggis- og sannvottunarkröfur og tækniforskriftir sem er að finna í viðeigandi rekstrarhandbókum. Fyrrnefnt ríki skal heimila tækniskrifstofunni aðgang að vöktunarvirki í því skyni að kanna tækjabúnað og fjarskiptasamband og samþykkja að gera nauðsynlegar breytingar á búnaðinum og starfsreglum til þess að vera undir það búið að uppfylla umsamdar kröfur. Tækniskrifstofan skal veita fyrrnefndu ríki þá tækniaðstoð sem framkvæmdaráðið telur nauð-

PROTOCOL TO THE COMPREHENSIVE NUCLEAR TEST-BAN TREATY

PART I
THE INTERNATIONAL MONITORING SYSTEM AND INTERNATIONAL DATA CENTRE FUNCTIONS

A. GENERAL PROVISIONS

1. The International Monitoring System shall comprise monitoring facilities as set out in Article IV, paragraph 16, and respective means of communication.
2. The monitoring facilities incorporated into the International Monitoring System shall consist of those facilities specified in Annex 1 to this Protocol. The International Monitoring System shall fulfil the technical and operational requirements specified in the relevant operational manuals.
3. The Organization, in accordance with Article II, shall, in cooperation and consultation with the States Parties, with other States, and with international organizations as appropriate, establish and coordinate the operation and maintenance, and any future agreed modification or development of the International Monitoring System.
4. In accordance with appropriate agreements or arrangements and procedures, a State Party or other State hosting or otherwise taking responsibility for International Monitoring System facilities and the Technical Secretariat shall agree and cooperate in establishing, operating, upgrading, financing, and maintaining monitoring facilities, related certified laboratories and respective means of communication within areas under its jurisdiction or control or elsewhere in conformity with international law. Such cooperation shall be in accordance with the security and authentication requirements and technical specifications contained in the relevant operational manuals. Such a State shall give the Technical Secretariat authority to access a monitoring facility for checking equipment and communication links, and shall agree to make the necessary changes in the equipment and the operational procedures to meet agreed requirements. The Technical Secretariat shall provide to such States appropriate technical assistance as is deemed by the Executive Council to be required for the

synlega til þess að vöktunarvirkið vinni eðlilega sem hluti af alþjóðavöktunarkerfinu.

5. Skipan fyrrnefndrar samvinnu stofnunarinnar og aðildarríkja eða ríkja, þar sem virki alþjóðavöktunarkerfisins eru staðsett eða sem bera að öðru leyti ábyrgð á þeim, skal setja fram í samningum eða tilhögun, eftir atvikum, í hverju tilviki um sig.

B. Jarðskjálftamælingar.

6. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að skiptast á jarðskjálftagögnum við önnur ríki í því skyni að aðstoða við að sannreyna að ákvæði samnings þessa séu virt. Samvinna þessi er meðal annars fólgin í því að koma á fót og reka hnattrænt netkerfi megin- og stuðningsjarðskjálftamælistöðva. Alþjóðagagnamiðstöðinni skulu berast gögn frá fyrrnefndum stöðvum samkvæmt umsömdu verklagi.

7. Netkerfi meginmælistöðva skal samanstanda af þeim 50 stöðvum sem eru tilgreindar í töflu 1-A í 1. viðauka við bókun þessa. Stöðvarnar skulu uppfylla tækni- og rekstrarkröfurnar sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókinni fyrir jarðskjálftamælingar og fyrir gagnkvæm skipti ríkja á jarðskjálftagögnum. Senda ber Alþjóðagagnamiðstöðinni ósnert gögn frá meginmælistöðvunum innankerfis, beint eða fyrir atbeina innlendrar gagnamiðstöðvar.

8. Að fram kominni beiðni veitir stuðningsnetkerfi 120 stöðva Alþjóðagagnamiðstöðinni upplýsingar til viðbótar meginnetkerfinu, annaðhvort beint eða fyrir atbeina innlendrar gagnamiðstöðvar. Stuðningsstöðvarnar, sem ber að nota, eru taldar upp í töflu 1-B í 1. viðauka við bókun þessa. Stuðningsstöðvarnar skulu uppfylla tækni- og rekstrarkröfurnar sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókinni fyrir jarðskjálftamælingar og fyrir gagnkvæm skipti ríkja á jarðskjálftagögnum. Alþjóðagagnamiðstöðin getur hvenær sem er beðið um gögn frá stuðningsstöðvunum og þau skulu tiltæk án tafar innankerfis í tölvu.

C. Mæling geislavirkra kjarnategunda.

9. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til þess að skiptast á gögnum við önnur ríki um geislavirkar kjarnategundir í því skyni að aðstoða við að sannreyna að ákvæði samnings þessa séu virt. Samvinna þessi er meðal annars fólgin í því að koma á fót og reka

proper functioning of the facility as part of the International Monitoring System.

5. Modalities for such cooperation between the Organization and States Parties or States hosting or otherwise taking responsibility for facilities of the International Monitoring System shall be set out in agreements or arrangements as appropriate in each case.

B. SEISMOLOGICAL MONITORING

6. Each State Party undertakes to cooperate in an international exchange of seismological data to assist in the verification of compliance with this Treaty. This cooperation shall include the establishment and operation of a global network of primary and auxiliary seismological monitoring stations. These stations shall provide data in accordance with agreed procedures to the International Data Centre.

7. The network of primary stations shall consist of the 50 stations specified in Table 1-A of Annex 1 to this Protocol. These stations shall fulfil the technical and operational requirements specified in the Operational Manual for Seismological Monitoring and the International Exchange of Seismological Data. Uninterrupted data from the primary stations shall be transmitted, directly or through a national data centre, on-line to the International Data Centre

8. To supplement the primary network, an auxiliary network of 120 stations shall provide information, directly or through a national data centre, to the International Data Centre upon request. The auxiliary stations to be used are listed in Table 1-B of Annex 1 to this Protocol. The auxiliary stations shall fulfil the technical and operational requirements specified in the Operational Manual for Seismological Monitoring and the International Exchange of Seismological Data. Data from the auxiliary stations may at any time be requested by the International Data Centre and shall be immediately available through on-line computer connections.

C. RADIONUCLIDE MONITORING

9. Each State Party undertakes to cooperate in an international exchange of data on radionuclides in the atmosphere to assist in the verification of compliance with this Treaty. This cooperation shall include the establishment and operation of a global network of

hnattrænt netkerfi stöðva fyrir mælingu geislavirkra kjarnategunda og fullgiltra rannsóknarstofa. Alþjóðagagnamiðstöðinni skulu berast gögn frá fyrrnefndu netkerfi samkvæmt umsömdu verklagi.

10. Netkerfi stöðva fyrir mælingu geislavirkra kjarnategunda í andrúmslofti skal ná yfir 80 stöðvar alls, eins og tilgreint er í töflu 2-A í 1. viðauka við bókun þessa. Öllum stöðvum skal vera unnt að fylgjast með því hvort viðkomandi efnisagnir fyrirfinnist í andrúmslofti. Fjörutíu þessara stöðva skal einnig, við gildistöku samnings þessa, vera unnt að fylgjast með því hvort viðkomandi eðalloftstegundir fyrirfinnist. Ráðstefnan skal í þessu skyni samþykkja, á upphafsfundi sínum, tilmæli undirbúningsnefndarinnar um hvaða 40 stöðvum í töflu 2-A í 1. viðauka við bókun þessa skuli vera unnt að fylgjast með tilvist eðalgastegunda. Ráðstefnan skal, á fyrsta reglulega ársfundi sínum, fjalla um og ákveða áætlun um framkvæmd mælinga eðalloftstegunda vítt og breitt um netkerfið. Aðalframkvæmdastjórinn skal taka saman skýrslu til ráðstefnunnar um skipan slíkrar framkvæmdar. Allar vöktunarstöðvar skulu uppfylla tækni- og rekstrarkröfurnar sem eru tilgreindar í rekstrarhandbókinni fyrir mælingu geislavirkra kjarnategunda og fyrir gagnkvæm skipti ríkja á gögnum um geislavirkar kjarnategundir.

32. Sérhvert aðildarríki skal tilgreina komustaði á landsvæði sínu og láta tækniskrifstofunni í té nauðsynlegar upplýsingar um þá eigi síðar en 30 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er það varðar. Fyrrnefndir komustaðir skulu ákveðnir með það í huga að skoðunarhópur geti komist til hvaða skoðunarsvæðis sem er frá að minnsta kosti einum komustað innan 24 klukkustunda. Tækniskrifstofan skal láta öllum aðildarríkjunum í té upplýsingar um staðsetningu komustaða. Komustaðir geta jafnframt verið brottfararstaðir.
33. Sérhverju aðildarríki er heimilt að breyta komustöðum með því að tilkynna tækniskrifstofunni um slíka breytingu. Breytingar taka gildi 30 dögum eftir að tækniskrifstofunni berst tilkynning um þær til þess að unnt sé að tilkynna öllum aðildarríkjum um þær með viðunandi hætti.
34. Telji tækniskrifstofan að á skorti komustaði til þess að unnt sé að framkvæma skoðanir tímanlega eða að breytingar á komustöðum, sem aðildarríki gerir tillögu um, tefji slíka tímanlega framkvæmd skoðana skal hún efna til samráðs við hlutaðeigandi aðildarríki í því skyni að finna lausn á vandanum.

Fyrirkomulag þar sem loftför, sem eru ekki í áætlunarflugi, eru notuð.

35. Sé ógerlegt að ferðast tímanlega til komustaðar með venjulegu áætlunarflugi getur skoðunarhópur nýtt sér loftfar sem er ekki í áætlunarflugi. Sérhvert aðildarríki skal, eigi síðar en 30 dögum eftir að samningur þessi öðlast gildi að því er það varðar, upplýsa tækniskrifstofuna um fast númer diplómatískrar flugheimildar fyrir loftför sem eru

30. The immunity from jurisdiction of members of the inspection team may be waived by the Director-General in those cases when the Director-General is of the opinion that immunity would impede the course of justice and that it can be waived without prejudice to the implementation of the provisions of this Treaty. Waiver must always be express.
31. Observers shall be accorded the same privileges and immunities accorded to members of the inspection team pursuant to this section, except for those accorded pursuant to paragraph 27 (d).

Points of Entry

32. Each State Party shall designate its points of entry and shall supply the required information to the Technical Secretariat no later than 30 days after this Treaty enters into force for it. These points of entry shall be such that the inspection team can reach any inspection area from at least one point of entry within 24 hours. Locations of points of entry shall be provided to all States Parties by the Technical Secretariat. Points of entry may also serve as points of exit.

33. Each State Party may change the points of entry by giving notice of such change to the Technical Secretariat. Changes shall become effective 30 days after the Technical Secretariat receives such notification, to allow appropriate notification to all States Parties.

34. If the Technical Secretariat considers that there are insufficient points of entry for the timely conduct of inspections or that changes to the points of entry proposed by a State Party would hamper such timely conduct of inspections, it shall enter into consultations with the State Party concerned to resolve the problem.

Arrangements for Use of Non-Scheduled Aircraft

35. Where timely travel to the point of entry is not feasible using scheduled commercial flights, an inspection team may utilize non-scheduled aircraft. No later than 30 days after this Treaty enters into force for it, each State Party shall inform the Technical Secretariat of the standing diplomatic clearance number for non-scheduled aircraft transporting an

ekki í áætlunarflugi og flytja skoðunarhópa og nauðsynlegan tækjabúnað til skoðunar. Loftförum skal beint eftir viðurkenndum alþjóðlegum flugleiðum sem hlutaðeigandi aðildarríki og tækniskrifstofan koma sér saman um sem forsendu fyrir slíkum diplómatískum flugheimildum.

Samþykktur tækjabúnaður til skoðunar.

36. Ráðstefnan skal, á upphafsfundi sínum, fjalla um og samþykkja skrá yfir tækjabúnað til notkunar meðan á vettvangsskoðun stendur. Sérhverju aðildarríki er heimilt að leggja fram tillögur um að tækjabúnaði verði bætt við skrána. Í forskriftum fyrir notkun tækjabúnaðarins, eins og þeim er ítarlega lýst í rekstrarhandbókinni fyrir vettvangsskoðanir, skal tekið mið af öryggis- og þagnarskyldusjónarmiðum þar sem líklegt má telja að slíkur tækjabúnaður verði notaður.

37. Tækjabúnaður til notkunar meðan á vettvangsskoðun stendur skal samanstanda af grunntækjabúnaði fyrir skoðunarstörf og -tækni, sem eru tilgreind í 69. mgr., og nauðsynlegum aukabúnaði til þess að framkvæma vettvangsskoðun tímanlega og með skilvirkum hætti.

38. Tækniskrifstofan skal tryggja að samþykktur tækjabúnaður af öllum gerðum sé tiltækur fyrir vettvangsskoðun þegar nauðsyn krefur. Þegar tækjabúnaðar er þörf vegna vettvangsrannsóknar skal tækniskrifstofan votta á viðeigandi hátt að hann hafi verið fínstilltur, honum haldið við og hann varinn. Tækniskrifstofan skal, í því skyni að auðvelda aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, að yfirfara tækjabúnaðinn á komustað, leggja fram gögn og innsigla tækjabúnaðinn til að staðfesta vottunina.

39. Allur tækjabúnaður, sem er stöðugt til reiðu, skal vera í vörslu tækniskrifstofunnar. Tækniskrifstofan skal annast viðhald og fínstillingu slíks tækjabúnaðar.

40. Tækniskrifstofan skal, eftir atvikum, gera samkomulag við aðildarríki í því skyni að útvega þann tækjabúnað sem um getur í skránni. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu annast viðhald og fínstillingu slíks tækjabúnaðar.

inspection team and equipment necessary for inspection. Aircraft routings shall be along established international airways that are agreed upon between the State Party and the Technical Secretariat as the basis for such diplomatic clearance.

Approved Inspection Equipment

36. The Conference, at its initial session, shall consider and approve a list of equipment for use during on-site inspections. Each State Party may submit proposals for the inclusion of equipment in the list. Specifications for the use of the equipment, as detailed in the Operational Manual for On-Site Inspections, shall take account of safety and confidentiality considerations where such equipment is likely to be used.

37. The equipment for use during on-site inspections shall consist of core equipment for the inspection activities and techniques specified in paragraph 69 and auxiliary equipment necessary for the effective and timely conduct of on-site inspections.

38. The Technical Secretariat shall ensure that all types of approved equipment are available for on-site inspections when required. When required for an on-site inspection, the Technical Secretariat shall duly certify that the equipment has been calibrated, maintained and protected. To facilitate the checking of the equipment at the point of entry by the inspected State Party, the Technical Secretariat shall provide documentation and attach seals to authenticate the certification.

39. Any permanently held equipment shall be in the custody of the Technical Secretariat. The Technical Secretariat shall be responsible for the maintenance and calibration of such equipment.

40. As appropriate, the Technical Secretariat shall make arrangements with States Parties to provide equipment mentioned in the list. Such States Parties shall be responsible for the maintenance and calibration of such equipment.

C. Beiðni um vettvangsskoðun, skoðunarumboð og tilkynning um skoðun.

Beiðni um vettvangsskoðun.

41. Beiðni um vettvangsskoðun skal, skv. 37. mgr. IV. gr., innihalda að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar:
   a) áætluð landfræðileg og lóðrétt hnit þess staðar þar sem atvikið, sem varð tilefni beiðninnar, átti sér stað ásamt ábendingu um hugsanleg skekkjumörk;
   b) áætluð mörk svæðisins, sem til stendur að skoða, sýnd á korti og í samræmi við 2. og 3. mgr.;
   c) aðildarríkið eða -ríkin þar sem til stendur að skoðun fari fram eða ábending um að svæðið, sem skoða á, eða hluti þess sé handan lögsögu ríkis eða lúti ekki yfirráðum ríkis;
   d) hugsanlegar ytri aðstæður atviksins sem varð tilefni beiðninnar;
   e) áætlaðan tíma þegar atvikið, sem varð tilefni beiðninnar, átti sér stað ásamt ábendingu um hugsanleg skekkjumörk;
   f) öll gögn sem beiðnin er grundvölluð á;
   g) persónulegar upplýsingar um eftirlitsmanninn, sem tillaga er gerð um, ef um hann er að ræða; og
   h) niðurstöður samráðs- og skýringaferlis í samræmi við IV. gr. eða, eftir atvikum, útskýringu ástæðna þess að af fyrrnefndu samráði og skýringum hefur ekki orðið.

Skoðunarumboð.

42. Í umboði til vettvangsskoðunar komi eftirfarandi fram:
   a) ákvörðun framkvæmdaráðsins um beiðnina um vettvangsskoðunina;
   b) heiti aðildarríkisins eða -ríkjanna þar sem til stendur að skoðun fari fram eða ábending um að skoðunarsvæðið eða hluti þess sé handan lögsögu ríkis eða lúti ekki yfirráðum ríkis;
   c) staðsetning og mörk skoðunarsvæðisins sýnd á korti, þar sem tekið er mið af öllum upplýsingum sem beiðnin er byggð á og öllum öðrum tiltækum tæknilegum upplýsingum, í samráði við aðildarríkið sem fer fram á skoðun;
   d) það starf skoðunarhópsins sem er fyrirhugað á skoðunarsvæðinu;

C. ON-SITE INSPECTION REQUEST, INSPECTION MANDATE AND NOTIFICATION OF INSPECTION

On-Site Inspection Request

41. Pursuant to Article IV, paragraph 37, the on-site inspection request shall contain at least the following information:
   a. The estimated geographical and vertical coordinates of the location of the event that triggered the request with an indication of the possible margin of error;
   b. The proposed boundaries of the area to be inspected, specified on a map and in accordance with paragraphs 2 and 3;
   c. The State Party or States Parties to be inspected or an indication that the area to be inspected or part thereof is beyond the jurisdiction or control of any State;
   d. The probable environment of the event that triggered the request;
   e. The estimated time of the event that triggered the request with indication of the possible margin of error;
   f. All data upon which the request is based;
   g. The personal details of the proposed observer, if any; and
   h. The results of a consultation and clarification process in accordance with Article IV, or an explanation, if relevant, of the reasons why such a consultation and clarification process has not been carried out.

Inspection Mandate

42. The mandate for an on-site inspection shall contain:
   a) The decision of the Executive Council on the on-site inspection request;
   b) The name of the State Party or States Parties to be inspected or an indication that the inspection area or part thereof is beyond the jurisdiction or control of any State;
   c) The location and boundaries of the inspection area specified on a map, taking into account all information on which the request was based and all other available technical information, in consultation with the requesting State Party;
   d) The planned types of activity of the inspection team in the inspection area;

e) sá komustaður sem skoðunarhópurinn hyggst nota;
f) umflutningsstaðir eða staðir fyrir bækistöðvar, eftir því sem við á;
g) nafn yfirmanns skoðunarhópsins;
h) nöfn þeirra sem mynda skoðunarhópinn;
i) nafn þess eftirlitsmanns, sem tillaga er gerð um, ef um hann er að ræða; og
j) skrá yfir tækjabúnað sem til stendur að nota á skoðunarsvæðinu.

Geri ákvörðun framkvæmdaráðsins, skv. 46. til 49. mgr. IV. gr., það að verkum að nauðsynlegt sé að breyta skoðunarumboðinu getur aðalframkvæmdastjórinn uppfært umboðið með tilliti til d-, h- og j-liða, eftir því sem við á. Aðalframkvæmdastjórinn skal tilkynna aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, án tafar um allar slíkar breytingar.

Tilkynning um skoðun.

43. Í tilkynningu aðalframkvæmdastjórans, skv. 55. mgr. IV. gr., komi fram eftirfarandi upplýsingar:
a) skoðunarumboðið;
b) hvaða dag skoðunarhópurinn er væntanlegur á komustað og áætlaður komutími hans;
c) með hvaða hætti skoðunarhópurinn muni ná til komustaðar;
d) ef það á við, fast númer diplómatískrar flugheimildar fyrir loftför sem eru ekki í áætlunarflugi; og
e) skrá yfir þann tækjabúnað sem aðalframkvæmdastjórinn biður aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, um að hafa til reiðu fyrir skoðunarhópinn til notkunar á skoðunarsvæðinu.

44. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal staðfesta viðtöku tilkynningar aðalframkvæmdastjórans eigi síðar en 12 klukkustundum eftir að því berst tilkynningin.

D. Aðgerðir áður en skoðun hefst.

Koma inn á landsvæði aðildarríkisins sem er skoðunarþoli, aðgerðir á komustað og flutningur inn á skoðunarsvæðið.

45. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli og tilkynnt hefur verið um komu skoðunarhóps, skal tryggja skjóta komu skoðunarhópsins til landsvæðis síns.

e) The point of entry to be used by the inspection team;
f) Any transit or basing points, as appropriate;
g) The name of the head of the inspection team;
h) The names of members of the inspection team;
i) The name of the proposed observer, if any; and
j) The list of equipment to be used in the inspection area.

If a decision by the Executive Council pursuant to Article IV, paragraphs 46 to 49 necessitates a modification of the inspection mandate, the Director-General may update the mandate with respect to sub-paragraphs (d), (h) and (j), as appropriate. The Director-General shall immediately notify the inspected State Party of any such modification.

Notification of Inspection

43. The notification made by the Director-General pursuant to Article IV, paragraph 55 shall include the following information:
a. The inspection mandate;
b. The date and estimated time of arrival of the inspection team at the point of entry;
c. The means of arrival at the point of entry;
d. If appropriate, the standing diplomatic clearance number for non-scheduled aircraft; and
e. A list of any equipment which the Director-General requests the inspected State Party to make available to the inspection team for use in the inspection area.

44. The inspected State Party shall acknowledge receipt of the notification by the Director-General no later than 12 hours after having received the notification.

D. PRE-INSPECTION ACTIVITIES

Entry Into the Territory of the Inspected State Party, Activities at the Point of Entry and Transfer to the Inspection Area

45. The inspected State Party that has been notified of the arrival of the inspection team shall ensure the immediate entry of the inspection team into its territory.

46. Tækniskrifstofan skal, þegar loftfar, sem eru ekki í áætlunarflugi, er notað til þess að ferðast til komustaðar, og fyrir atbeina landskrifstofunnar, sjá aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, fyrir flugáætlun vegna flugs loftfarsins frá síðasta flugvelli, áður en flogið er inn í loftrými fyrrnefnds aðildarríkis, til komustaðar eigi síðar en sex klukkustundum fyrir áætlaða brottför frá fyrrnefndum flugvelli. Flugáætlunina ber að skrá í samræmi við starfsreglur Alþjóðaflugmálastofnunarinnar sem gilda um almenningsloftför. Tækniskrifstofan skal fella fast númer diplómatískrar flugheimildar inn í athugasemdahluta flugáætlunarinnar ásamt viðeigandi táknun sem auðkennir loftfarið sem skoðunarloftfar. Sé hernaðarloftfar notað skal tækniskrifstofan biðja fyrirfram um heimild aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, til þess að fara inn í loftrými þess.
47. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal, eigi síðar en þremur klukkustundum fyrir áætlaða brottför skoðunarhópsins frá síðasta flugvelli áður en flogið er inn í loftrými aðildarríkisins sem er skoðunarþoli, tryggja að flugáætlunin, sem er skráð í samræmi við 46. mgr., sé samþykkt í því skyni að skoðunarhópurinn geti náð til komustaðar á áætluðum komutíma.
48. Yfirmaður skoðunarhópsins og fulltrúi aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, skulu, ef nauðsyn krefur, ná samkomulagi um bækistöð og flugáætlun frá komustað til bækistöðvarinnar og, beri nauðsyn til þess, til skoðunarsvæðisins.
49. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal útvega eða gera ráðstafanir, eftir því sem tækniskrifstofan telur þurfa, vegna stæðis, öryggisgæslu, þjónustu og eldsneytis fyrir loftfar skoðunarhópsins á komustað og, ef nauðsyn krefur, í bækistöð skoðunarhópsins og á skoðunarsvæðinu. Eigi skal innheimta lendingar- eða brottfarargjöld eða hliðstæð gjöld vegna fyrrnefnds loftfars. Ákvæði málsgreinar þessarar gilda einnig um loftför til könnunarflugs meðan á vettvangsskoðun stendur.
50. Með fyrirvara um 51. mgr. skal aðildarríki, sem er skoðunarþoli, hvorki reisa skorður við því að skoðunarhópurinn flytji samþykktan tækjabúnað, sem er í samræmi við skoðunarumboðið, inn á landsvæði þess né noti hann í samræmi við ákvæði samningsins og bókunar þessarar.

46. When a non-scheduled aircraft is used for travel to the point of entry, the Technical Secretariat shall provide the inspected State Party with a flight plan, through the National Authority, for the flight of the aircraft from the last airfield prior to entering the airspace of that State Party to the point of entry, no less than six hours before the scheduled departure time from that airfield. Such a plan shall be filed in accordance with the procedures of the International Civil Aviation Organization applicable to civil aircraft. The Technical Secretariat shall include in the remarks section of the flight plan the standing diplomatic clearance number and the appropriate notation identifying the aircraft as an inspection aircraft. If a military aircraft is used, the Technical Secretariat shall request prior authorization from the inspected State Party to enter its airspace.
47. No less than three hours before the scheduled departure of the inspection team from the last airfield prior to entering the airspace of the inspected State Party, the inspected State Party shall ensure that the flight plan filed in accordance with paragraph 46 is approved, so that the inspection team may arrive at the point of entry by the estimated arrival time.
48. Where necessary, the head of the inspection team and the representative of the inspected State Party shall agree on a basing point and a flight plan from the point of entry to the basing point and, if necessary, to the inspection area.
49. The inspected State Party shall provide for or arrange parking, security protection, servicing and fuel as required by the Technical Secretariat for the aircraft of the inspection team at the point of entry and, where necessary, at the basing point and at the inspection area. Such aircraft shall not be liable for landing fees, departure tax, and similar charges. This paragraph shall also apply to aircraft used for overflight during the on-site inspection.
50. Subject to paragraph 51, there shall be no restriction by the inspected State Party on the inspection team bringing approved equipment that is in conformity with the inspection mandate into the territory of that State Party, or on its use in accordance with the provisions of the Treaty and this Protocol.

51. Með fyrirvara um þann tímaramma, sem um getur í 54. mgr., á aðildarríki, sem er skoðunarþoli, rétt á að ganga úr skugga um, á komustað og í viðurvist þeirra sem mynda skoðunarhópinn, að tækjabúnaður hafi verið samþykktur og vottaður í samræmi við 38. mgr. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, getur útilokað tækjabúnað sem samræmist ekki skoðunarumboðinu eða hefur ekki verið samþykktur eða vottaður í samræmi við 38. mgr.
52. Yfirmaður skoðunarhópsins skal, strax við komu til komustaðar og með fyrirvara um tímarammann, sem um getur í 54. mgr., afhenda fulltrúa aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, skoðunarumboðið og frumáætlun um skoðun, sem skoðunarhópurinn hefur samið, þar sem tilgreint er það starf sem hann hyggst vinna. Fulltrúi aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, skal búa skoðunarhópinn undir komandi aðgerð og nota til þess kort og önnur skjöl eftir því sem við á. Í slíkri undirbúningskynningu skal meðal annars fjalla um landslagsþætti sem skipta máli, mál er varða öryggi og þagnarskyldu og ráðstafanir sem lúta að skipulagningu á aðdráttum, viðhaldi og flutningi vegna skoðunarinnar. Aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, er heimilt að benda á staði innan skoðunarsvæðisins sem að mati þess tengjast ekki tilgangi skoðunarinnar.
53. Að lokinni undirbúningskynningu fyrir skoðunina skal skoðunarhópurinn gera viðeigandi breytingar á skoðunaráætluninni þar sem tekið er tillit til athugasemda aðildarríkisins sem er skoðunarþoli. Fulltrúa aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, skal gert kleift að nálgast skoðunaráætlunina með áorðnum breytingum.
54. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal gera allt sem í þess valdi stendur til þess að veita aðstoð og tryggja að skoðunarhópurinn, samþykkti tækjabúnaðurinn, sem um getur í 50. og 51. mgr., og farangur komist heilu og höldnu frá komustað inn á skoðunarsvæðið eigi síðar en 36 klukkustundum eftir komu til komustaðar, hafi ekki verið samið um aðra tímasetningu innan tímarammans sem um getur í 57. mgr.
55. Skoðunarhópurinn á rétt á því að nota samþykktan tækjabúnað til staðarákvarðana til þess að fá staðfestingu á því að svæðið, sem skoðunarhópurinn hefur verið fluttur inn á, sé það sama og tilgreint er í skoðunarum-

51. The inspected State Party shall have the right, without prejudice to the time-frame specified in paragraph 54, to check in the presence of inspection team members at the point of entry that the equipment has been approved and certified in accordance with paragraph 38. The inspected State Party may exclude equipment that is not in conformity with the inspection mandate or that has not been approved and certified in accordance with paragraph 38.
52. Immediately upon arrival at the point of entry and without prejudice to the time-frame specified in paragraph 54, the head of the inspection team shall present to the representative of the inspected State Party the inspection mandate and an initial inspection plan prepared by the inspection team specifying the activities to be carried out by it. The inspection team shall be briefed by representatives of the inspected State Party with aid of maps and other documentation as appropriate. The briefing shall include relevant natural terrain features, safety and confidentiality issues, and logistical arrangements for the inspection. The inspected State Party may indicate locations within the inspection area that, in its view, are not related to the purpose of the inspection.
53. After the pre-inspection briefing, the inspection team shall, as appropriate, modify the initial inspection plan, taking into account any comments by the inspected State Party. The modified inspection plan shall be made available to the representative of the inspected State Party.
54. The inspected State Party shall do everything in its power to provide assistance and to ensure the safe conduct of the inspection team, the approved equipment specified in paragraphs 50 and 51 and baggage from the point of entry to the inspection area no later than 36 hours after arrival at the point of entry, if no other timing has been agreed upon within the time-frame specified in paragraph 57.
55. To confirm that the area to which the inspection team has been transported corresponds to the inspection area specified in the inspection mandate, the inspection team shall have the right to use approved

boðinu. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal aðstoða skoðunarhópinn við að vinna þetta verk.

E. Hvernig standa ber að skoðun.

Almennar reglur.

56. Skoðunarhópurinn skal gegna hlutverkum sínum í samræmi við ákvæði samningsins og bókunar þessarar.
57. Skoðunarhópurinn skal hefjast handa við skoðun á skoðunarsvæðinu eins fljótt og auðið er og alls ekki seinna en 72 klukkustundum eftir komu til komustaðar.
58. Starf skoðunarhópsins skal skipulagt með þeim hætti að hann geti gegnt skyldum sínum tímanlega og með skilvirkum hætti og að aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, verði fyrir sem minnstum hugsanlegum óþægindum og skoðunarsvæðið fyrir minnstri hugsanlegri röskun.
59. Hafi aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, borist beiðni, skv. e-lið 43. mgr. eða meðan á skoðun stendur, um að útvega tækjabúnað til afnota fyrir skoðunarhópinn á skoðunarsvæðinu skal það verða við beiðninni að því leyti sem því er unnt.

60. Meðan vettvangsskoðun stendur yfir skal skoðunarhópurinn meðal annars:
    a) eiga rétt á því að ákveða með hvaða hætti skoðunin fer fram, samkvæmt skoðunarumboðinu og að teknu tilliti til aðgerða sem aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, grípur til í samræmi við ákvæði um stýrðan aðgang;
    b) eiga rétt á því að gera breytingar á skoðunaráætluninni, eftir því sem nauðsyn krefur, í því skyni að tryggja skilvirka framkvæmd skoðunarinnar;
    c) uppfylla þá skyldu að taka mið af tilmælum og breytingartillögum aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, sem lúta að skoðunaráætluninni;
    d) eiga rétt á því að biðja um skýringar í tengslum við óljós atriði sem kunna að koma upp meðan á skoðun stendur;
    e) uppfylla þá skyldu að nota einvörðungu þá tækni, sem um getur í 69. mgr., og forðast allar þær athafnir sem eru óskyldar tilganginum með skoðuninni. Hópurinn skal draga saman og skrá þær staðreyndir, sem eiga skylt við tilgang skoðunarinnar, en hvorki leita eftir né

location-finding equipment. The inspected State Party shall assist the inspection team in this task.

E. CONDUCT OF INSPECTIONS

General Rules

56. The inspection team shall discharge its functions in accordance with the provisions for the Treaty and this Protocol.
57. The inspection team shall begin its inspection activities in the inspection area as soon as possible, but in no case later than 72 house after arrival at the point of entry.
58. The activities of the inspection team shall be so arranged as to ensure the timely and effective discharge of its functions and the least possible inconvenience to the inspected State Party and disturbance to the inspection area.

59. In cases where the inspected State Party has been requested, pursuant to paragraph 43 (e) or in the course of the inspection, to make available any equipment for use by the inspection team in the inspection area, the inspected State Party shall comply with the request to the extent it can.
60. During the on-site inspection the inspection team shall have, inter alia:
    a) The right to determine how the inspection will proceed, consistent with the inspection mandate and taking into account any steps taken by the inspected State Party consistent with the provisions on managed access;
    b) The right to modify the inspection plan, as necessary, to ensure the effective execution of the inspection;
    c) The obligation to take into account the recommendations and suggested modifications by the inspected State Party to the inspection plan;
    d) The right to request clarifications in connection with ambiguities that may arise during the inspection;
    e) The obligation to use only those techniques specified in paragraph 69 and to refrain from activities that are not relevant to the purpose of the inspection. The team shall collect and document such facts as are related to the purpose of the inspection, but shall neither seek nor

skrá upplýsingar sem eiga augljóslega ekkert skylt við hana. Öllu efni, sem er safnað og í ljós kemur síðar að er málinu óviðkomandi, skal skila aðildarríkinu sem er skoðunarþoli;

f) uppfylla þá skyldu að taka mið af og fella inn í skýrslu sína tímasetningu og skýringar á eðli atviksins, sem varð tilefni beiðninnar, sem aðildarríki, sem er skoðunarþoli, kemur fram með og eru komnar frá innlendum vöktunarnetkerfum fyrrnefnds aðildarríkis eða upprunnar annars staðar;

g) uppfylla þá skyldu að láta aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, í té afrit af upplýsingunum og gögnunum, sem er aflað á skoðunarsvæðinu, óski það þess; og

h) uppfylla þá skyldu að virða þagnarskyldu og öryggis- og heilbrigðisreglur aðildarríkisins sem er skoðunarþoli.

61. Meðan vettvangsskoðun stendur yfir skal aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, meðal annars:

a) eiga rétt á því að senda skoðunarhópnum hvenær sem er tilmæli um hugsanlegar breytingar á skoðunaráætluninni;

b) eiga rétt á því og uppfylla þá skyldu að bjóða fram fulltrúa sem skal mynda tengsl við skoðunarhópinn;

c) eiga rétt á því að láta fulltrúa sína fylgja skoðunarhópnum, meðan hann gegnir skyldum sínum, og fylgjast með öllu skoðunarstafi sem skoðunarhópurinn innir af hendi. Þessi réttur skal ekki tefja eða hindra skoðunarhópinn með öðrum hætti þegar hann gegnir hlutverki sínu;

d) eiga rétt á því að láta í té viðbótarupplýsingar og fara fram á að safnað verði og skráðar viðbótarstaðreyndir sem það telur skipta máli að því er skoðunina varðar;

e) eiga rétt á því að skoða allar ljósmyndir og niðurstöður mælinga og sýni og að halda eftir ljósmyndum eða hlutum þeirra sem sýna viðkvæma staði sem tengjast ekki markmiði skoðunarinnar. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal eiga rétt á því að fá afhend afrit í tvíriti af öllum ljósmyndum og niðurstöðum mælinga. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal eiga rétt á því að halda eftir frumgerðum ljósmynda og ljósmyndaefni af fyrstu kynslóð og að setja ljósmyndir eða hluta þeirra undir sameiginlegt innsigli á landsvæði sínu. Að-

document information that is clearly unrelated thereto. Any material collected and subsequently found not to be relevant shall be returned to the inspected State Party;

f) The obligation to take into account and include in its report date and explanations on the nature of the event that triggered the request, provided by the inspected State Party from the national monitoring networks of the inspected State Party and from other sources;

g) The obligation to provide the inspected State Party, at its request, with copies of the information and data collected in the inspection area; and

h) The obligation to respect the confidentiality and the safety and health regulations of the inspected State Party.

61. During the on-site inspection the inspected State Party shall have, inter alia:

a. The right to make recommendations at any time to the inspection team regarding possible modification of the inspection plan;

b. The right and the obligation to provide a representative to liaise with the inspection team;

c. The right to have representatives accompany the inspection team during the performance of its duties and observe all inspection activities carried out by the inspection team. This shall not delay or otherwise hinder the inspection team in the exercise of its functions;

d. The right to provide additional information and to request the collection and documentation of additional facts it believes are relevant to the inspection;

e. The right to examine all photographic and measurement products as well as samples and to retain any photographs or parts thereof showing sensitive sites not related to the purpose of the inspection. The inspected State Party shall have the right to receive duplicate copies of all photographic and measurement products. The inspected State Party shall have the right to retain photographic originals and first-generation photographic products and to put photographs or parts thereof under joint seal within its territory. The in-

ildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal eiga rétt á því að tefla fram eigin myndatökumanni til þess að taka kyrrmyndir og/eða hreyfimyndir að beiðni skoðunarhópsins. Að öðru leyti skulu þeir sem mynda skoðunarhópinn sinna þessum starfa;

f) eiga rétt á því að láta skoðunarhópnum í té gögn frá innlendum skoðunarnetkerfum og annars staðar frá og skýringar á eðli þess atviks sem varð tilefni beiðninnar; og

g) uppfylla þá skyldu að láta skoðunarhópnum í té nauðsynlegar skýringar í því skyni að varpa ljósi á óljós atriði sem koma upp meðan á skoðun stendur.

Samskipti.

62. Þeir sem mynda skoðunarhóp skulu eiga rétt á því að eiga samskipti sín á milli og við tækniskrifstofuna á öllum stundum meðan vettvangsskoðun stendur yfir. Þeim er heimilt, í þessu skyni og með samþykki aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, að nota eigin tækjabúnað, sem er samþykktur og vottaður á viðeigandi hátt, að því marki sem fyrrnefnt aðildarríki veitir þeim ekki aðgang að öðrum fjarskiptum.

Eftirlitsmaður.

63. Aðildarríki, sem er skoðunarþoli, skal mynda tengsl við tækniskrifstofuna, skv. 61. mgr. IV. gr., í því skyni að samræma komu eftirlitsmanns til komustaðar eða bækistöðvar skoðunarhópsins í tæka tíð fyrir komu skoðunarhópsins.

64. Eftirlitsmaðurinn skal eiga rétt á því, allan þann tíma sem skoðun stendur yfir, að vera í sambandi við sendiráð aðildarríkisins, sem fór fram á skoðun, sem er staðsett í aðildarríkinu sem er skoðunarþoli, eða, þegar sendiráð er ekki til staðar, við sjálft aðildarríkið sem fór fram á skoðun.

65. Eftirlitsmaðurinn skal eiga rétt á því að koma inn á skoðunarsvæðið og hafa aðgang að því og innan þess eins og aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, veitir.

66. Eftirlitsmaðurinn skal eiga rétt á því að leggja tillögur fyrir skoðunarhópinn allan þann tíma sem skoðun stendur yfir.

67. Skoðunarhópurinn skal, allan þann tíma sem skoðun stendur yfir, upplýsa eftirlitsmanninn um það hvernig staðið er að skoðuninni og um niðurstöður hennar.

spected State Party shall have the right to provide its own camera operator to take still/video photographs as requested by the inspection team. Otherwise, these functions shall be performed by members of the inspection team;

f. The right to provide the inspection team, from its national monitoring networks and from other sources, with data and explanations on the nature of the event that triggered the request; and

g. The obligation to provide the inspection team with such clarification as may be necessary to resolve any ambiguities that arise during the inspection.

Communications

62. The members of the inspection team shall have the right at all times during the on-site inspection to communicate with each other and with the Technical Secretariat. For this purpose they may use their own duly approve and certified equipment with the consent of the inspected State Party to the extent that the inspected State Party does not provide them with access to other telecommunication.

Observer

63. In accordance with Article IV, paragraph 61, the requesting State Party shall liaise with the Technical Secretariat to coordinate the arrival of the observer at the same point of entry or basing point as the inspection team within a reasonable period of the arrival of the inspection team.

64. The observer shall have the right throughout the inspection to be in communication with the embassy of the requesting State Party located in the inspected State Party or, in the case of absence of an embassy, with the requesting State Party itself.

65. The observer shall have the right to arrive at the inspection area and to have access to and within the inspection area as granted by the inspected State Party.

66. The observer shall have the right to make recommendations to the inspection team throughout the inspection.

67. Throughout the inspection, the inspection team shall keep the observer informed about the conduct of the inspection and the findings.

68. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal, allan þann tíma sem skoðun stendur yfir, sjá eftirlitsmanninum fyrir nauðsynlegum þægindum, eða gera ráðstafanir vegna þeirra, eins og þeim sem skoðunarhópurinn nýtur og er lýst í 11. mgr. Aðildarríkið, sem fer fram á skoðun, skal bera allan kostnað sem hlýst af dvöl eftirlitsmannsins á landsvæði aðildarríkisins sem er skoðunarþoli.

Skoðunarstarf og -tækni.

69. Heimilt er, í samræmi við ákvæði um stýrðan aðgang, að vinna það skoðunarstarf og beita þeirri tækni við söfnun, meðferð og greiningu sýna og við könnunarflug sem hér greinir:

a) staðarákvörðun úr lofti og á jörðu niðri til þess að sannreyna mörk skoðunarsvæðis og ákveða hnit staða innan þess í því skyni að efla skoðunarstarfið;

b) sjónræn athugun, taka hreyfi- og kyrrmynda og fjöl-rófslýsingar, þar með taldar innrauðar mælingar, á eða undir yfirborði jarðar og úr lofti, sem gera kleift að leita að afbrigðum eða gervingum;

c) mæling geislavirkni fyrir ofan, við og undir yfirborði jarðar, þar sem notast er við mælingu gammageisla og greiningu orkuleysingar úr lofti og við eða undir yfirborði jarðar, í því skyni að leita að og bera kennsl á afbrigði geislavirkni;

d) sýnataka úr umhverfi og greining á efnum í föstu formi, vökvum og lofttegundum fyrir ofan, við og undir yfirborði jarðar í því skyni að finna afbrigði;

e) hlutlausar mælingar eftirskjálfta í því skyni að staðsetja leitarsvæðið og auðvelda ákvörðun þess hvers eðlis tiltekið atvik er;

f) hermuskjálftamælingar og virkar jarðskjálftakannanir í því skyni að leita að og staðsetja afbrigði neðanjarðar, meðal annars holrúm og grjótmulningssvæði;

g) kortlagning segul- og þyngdarsviðs, ratsjármælingar með innferð í jörð og rafleiðnimælingar við yfirborð jarðar og úr lofti, eftir atvikum, í því skyni að finna afbrigði og gervinga; og

h) borun til þess að taka geislavirk sýni.

70. Skoðunarhópurinn skal eiga rétt á því að stunda hverja þá starfsemi og nýta alla þá tækni, sem er talin upp í a- til e-liðum 69. mgr., í allt að 25 daga eftir að vettvangs-

68. Throughout the inspection, the inspected State Party shall provide or arrange for the amenities necessary for the observer similar to those enjoyed by the inspection team as described in paragraph 11. All costs in connection with the stay of the observer on the territory of the inspected State Party shall be borne by the requesting State Party.

Inspection Activities and Techniques

69. The following inspection activities may be conducted and techniques used, in accordance with the provisions on managed access, on collection, handling and analysis of samples, and on overflights:

a) Position finding from the air and at the surface to confirm the boundaries of the inspection area and establish coordinates of locations therein, in support of the inspection activities;

b) Visual observation, video and still photography and multi-spectral imaging, including infrared measurements, at and below the surface, and from the air, to search for anomalies or artifacts;

c) Measurement of levels of radioactivity above, at and below the surface, using gamma radiation monitoring and energy resolution analysis from the air, and at or under the surface, to search for and identify radiation anomalies;

d) Environmental sampling and analysis of solids, liquids and gases from above, at and below the surface to detect anomalies;

e) Passive seismological monitoring for aftershocks to localize the search area and facilitate determination of the nature of an event;

f) Resonance seismometry and active seismic surveys to search for and locate underground anomalies, including cavities and rubble zones;

g) Magnetic and gravitational field mapping, ground penetrating radar and electrical conductivity measurements at the surface and from the air, as appropriate, to detect anomalies or artifacts; and

h) Drilling to obtain radioactive samples.

70. Up to 25 days after the approval of the on-site inspection in accordance with Article IV, paragraph 46, the inspection team shall have the right to conduct any of the activities and

skoðunin, sem er í samræmi við 46. mgr. IV. gr., hefur verið samþykkt. Eftir að áframhaldandi skoðun hefur verið samþykkt, í samræmi við 47. mgr. IV. gr., skal skoðunarhópurinn eiga rétt á því að stunda hverja þá starfsemi og nýta alla þá tækni sem er talin upp í a- til e-liðum 69. mgr. Skoðunarhópurinn skal aðeins hefja boranir að fengnu samþykki framkvæmdaráðsins í samræmi við 48. mgr. IV. gr. Fari skoðunarhópurinn fram á að skoðunartíminn verði framlengdur, í samræmi við 49. mgr. IV. gr., skal hann gefa til kynna, í umsókn sinni, hvaða starfsemi og tækni af þeirri, sem er talin upp í 69. mgr., hann hyggst stunda eða beita í því skyni að vera í stakk búinn til þess að ljúka erindi sínu.

Könnunarflug.

71. Skoðunarhópurinn skal eiga rétt á því að láta fljúga könnunarflug yfir könnunarsvæðið meðan vettvangsskoðun stendur yfir með það að markmiði að kynna honum almennt aðstæður á skoðunarsvæðinu, afmarka staði fyrir skoðun á jörðu niðri og finna ákjósanlegustu staðina og greiða fyrir söfnun sönnunargagna, sem eru byggðar á staðreyndum, þar sem notaður er tækjabúnaður sem um getur í 79. mgr.
72. Könnunarflugið skal fara fram eins fljótt og aðstæður leyfa. Könnunarflug yfir skoðunarsvæðinu skal standa yfir í allt að 12 klukkustundir samanlagt.
73. Heimilt er, með fyrirvara um samþykki aðildarríkisins sem er skoðunarþoli, að fljúga aukakönnunarflug þar sem tækjabúnaður, sem um getur í 79. og 80. mgr., er notaður.
74. Svæðið, sem flogið er könnunarflug yfir, skal ekki ná út fyrir skoðunarsvæðið.
75. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal eiga rétt á því að takmarka eða, í undantekningartilvikum og með réttmætum rökstuðningi, banna könnunarflug yfir viðkvæmum stöðum sem tengjast ekki markmiði skoðunarinnar. Takmarkanir geta varðað flughæð, fjölda yfir- og hringferða, það hversu lengi er sveimað yfir, það um hvaða gerð loftfars er að ræða, fjölda skoðunarmanna um borð og það hvers kyns mælingar eða athuganir eru gerðar. Telji skoðunarhópurinn að fyrrnefndar takmarkanir á eða bönn við könnunarfluginu yfir viðkvæmum stöðum kunni að standa í vegi fyrir því að hann geti lokið erindi sínu skal aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, gera það sem í þess valdi stendur til þess að bjóða fram önnur úrræði til þess að skoðun geti farið fram.

use any of the techniques listed in paragraph 69 (a) to (e). Following the approval of the continuation of the inspection in accordance with Article IV, paragraph 47, the inspection team shall have the right to conduct any of the activities and use any of the techniques listed in paragraph 69 (a) to (e). The inspection team shall only conduct drilling after the approval of the Executive Council in accordance with Article IV, paragraph 48. If the inspection team requests an extension of the inspection duration in accordance with Article IV, paragraph 49, it shall indicate in its request which of the activities and techniques listed in paragraph 69 it intends to carry out in order to be able to fulfil its mandate.

Overflights

71. The inspection team shall have the right to conduct an overflight over the inspection area during the on-site inspection for the purposes of providing the inspection team with a general orientation of the inspection area, narrowing down and optimizing the locations for ground-based inspection and facilitating the collection of factual evidence, using equipment specified in paragraph 79.
72. The overflight shall be conducted as soon as practically possible. The total duration of the overflight over the inspection area shall be no more than 12 hours.
73. Additional overflights using equipment specified in paragraphs 79 and 80 may be conducted subject to the agreement of the inspected State Party.
74. The area to be covered by overflights shall not extend beyond the inspection area.
75. The inspected State Party shall have the right to impose restrictions or, in exceptional cases and with reasonable justification, prohibitions on the overflight of sensitive sites not related to the purpose of the inspection. Restrictions may relate to the flight altitude, the number of passes and circling, the duration of hovering, the type of aircraft, the number of inspectors on board, and the type of measurements or observations. If the inspection team considers that the restrictions or prohibitions on the overflight of sensitive sites may impede the fulfilment of its mandate, the inspected State Party shall make every reasonable effort to provide alternative means of inspection.

76. Fljúga ber könnunarflug samkvæmt flugáætlun sem er skráð með tilhlýðilegum hætti og samþykkt í samræmi við lög og reglur aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, um flug. Fara ber í einu og öllu eftir reglum aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, um flugöryggi meðan á öllum flugrekstri stendur.
77. Meðan á könnunarflugi stendur skal, undir venjulegum kringumstæðum, aðeins heimila lendingu til þess að hafa stutta viðdvöl eða taka eldsneyti.
78. Fljúga ber könnunarflug í flughæð sem skoðunarhópurinn biður um og er í samræmi við þau verkefni sem vinna á, skyggni og reglur aðildarríkisins, sem er skoðunarþoli, um flug og flugöryggi og rétt þess til þess að vernda viðkvæmar upplýsingar sem tengjast ekki markmiðum skoðunarinnar. Hámarksflughæð í könnunarflugi skal vera allt að 1.500 metrar yfir jörðu.

79. Heimilt er að nota þann tækjabúnað um borð í loftfari, sem flýgur könnunarflug skv. 71. 72. mgr., sem hér segir:
    a) sjónauka;
    b) hlutlaus staðarákvörðunartæki;
    c) hreyfimyndavélar; og
    d) handmyndavélar fyrir töku kyrrmynda.
80. Þegar flogið er aukakönnunarflug skv. 73. mgr. er skoðunarmönnum um borð í loftfarinu einnig heimilt að nota færanlegan tækjabúnað, sem er auðveldur í uppsetningu, vegna:
    a) fjöl-rófsmyndlýsingar (meðal annars innrauðrar);
    b) gamma-rófsgreiningar; og
    c) kortlagningar segulsviðs.
81. Nota ber til könnunarflugs tiltölulega hægfleygt loftfar með föstum vængjum eða hverfivængjum. Útsýni úr loftfarinu niður til yfirborðs jarðar skal vera vítt og ótakmarkað.
82. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal eiga rétt á því að afhenda eigið loftfar, sem hefur áður verið búið viðeigandi tækjum í samræmi við tækniforskriftir viðeigandi rekstrarhandbókar, til afnota og bjóða fram eigin áhöfn. Að öðrum kosti skal tækniskrifstofan útvega eða leigja loftfarið.
83. Útvegi tækniskrifstofan loftfarið eða leigi það ber aðildarríkinu, sem er skoðunarþoli, réttur til þess að athuga loftfarið í því skyni að ganga úr skugga um að það sé búið samþykktum skoðunartækjum. Ljúka ber slíkri athugun innan tímarammans sem er tilgreindur í 57. mgr.

76. Overflights shall be conducted according to a flight plan duly filed and approved in accordance with aviation rules and regulations of the inspected State Party. Flight safety regulations of the inspected State Party shall be strictly observed throughout all flying operations.
77. During overflights landing should normally be authorized only for purposes of staging or refuelling.

78. Overflights shall be conducted at altitudes as requested by the inspection team consistent with the activities to be conducted, visibility conditions, as well as the aviation and the safety regulations of the inspected State Party and its right to protect sensitive information not related to the purposes of the inspection. Overflights shall be conducted up to a maximum altitude of 1,500 metres above the surface.
79. For the overflight conducted pursuant to paragraphs 71 and 72, the following equipment may be used on board the aircraft:
    a. Field glasses;
    b. Passive location-finding equipment;
    c. Video cameras; and
    d. Hand-held still cameras.
80. For any additional overflights conducted pursuant to paragraph 73, inspectors on board the aircraft may also use portable, easily installed equipment for:
    a) Multi-spectral (including infrared) imagery;
    b) Gamma spectroscopy; and
    c) Magnetic field mapping.
81. Overflights shall be conducted with a relatively slow fixed or rotary wing aircraft. The aircraft shall afford a broad, unobstructed view of the surface below.
82. The inspected State Party shall have the right to provide its own aircraft, pre-equipped as appropriate in accordance with the technical requirements of the relevant operational manual, and crew. Otherwise, the aircraft shall be provided or rented by the Technical Secretariat.
83. If the aircraft is provided or rented by the Technical Secretariat, the inspected State Party shall have the right to check the aircraft to ensure that it is equipped with approved inspection equipment. Such checking shall be completed within the time-frame specified in paragraph 57.

84. Í starfsmannahópnum um borð í loftfarinu:
   a) skal vera sá lágmarksfjöldi flugáhafnarmeðlima sem er nauðsynlegur til þess að stjórna loftfarinu örugglega;
   b) skulu vera allt að fjórir skoðunarmenn úr skoðunarhópnum;
   c) skulu vera allt að tveir fulltrúar aðildarríkisins sem er skoðunarþoli;
   d) skal vera eftirlitsmaður, ef um hann er að ræða, með fyrirvara um samþykki aðildarríkisins sem er skoðunarþoli; og
   e) túlkur ef nauðsyn krefur.
85. Skýra ber í smáatriðum frá starfsreglum um framkvæmd könnunarflugs í rekstrarhandbókinni um vettvangsskoðun.

Stýrður aðgangur.

86. Skoðunarhópurinn skal eiga rétt á því að fara inn á skoðunarsvæðið samkvæmt ákvæðum samningsins og bókunar þessarar.
87. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal veita aðgang innan skoðunarsvæðisins samkvæmt þeim tímaramma sem er tilgreindur í 57. mgr.

88. Samkvæmt 57. og 58. mgr. IV. gr. hér að framan merkja réttur og skyldur aðildarríkis sem er skoðunarþoli:

   a) rétt til þess að gera ráðstafanir til þess að vernda viðkvæm mannvirki og staði í samræmi við bókun þessa;
   b) þá skyldu, þegar aðgangur innan skoðunarsvæðis er takmarkaður, að aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, geri það sem í þess valdi stendur til þess að uppfylla kröfurnar, sem eru settar fram í skoðunarumboðinu, með öðrum hætti; þurfi að leysa úr vafamálum viðvíkjandi einum þætti skoðunarinnar eða fleiri skal slíkt ekki tefja eða trufla það að skoðunarhópurinn standi fyrir öðrum þáttum skoðunarinnar; og
   c) rétt til þess að taka endanlega ákvörðun um aðgang skoðunarhópsins, að teknu tilliti til skuldbindinga þess samkvæmt samningi þessum og ákvæðunum um stýrðan aðgang.
89. Aðildarríkið, sem er skoðunarþoli, skal, skv. b-lið 57. mgr. og a-lið 88. mgr. IV. gr. hér að framan, eiga rétt á því, hvar sem er á skoðunarsvæðinu, að gera ráðstafanir til þess að vernda viðkvæm mannvirki og staði og koma í veg fyrir að trúnaðarupplýsingar, sem tengjast ekki markmiði skoðunarinnar, verði birtar. Í slíkum ráðstöfunum felst meðal annars:

84. Personnel on board the aircraft shall consist of:
   a. The minimum number of flight crew consistent with the safe operation of the aircraft;
   b. Up to four members of the inspection team;
2. Designating Authorities shall only designate Conformity Assessment Bodies able to demonstrate that they understand, have experience relevant to, and are competent to apply the conformity assessment requirements and procedures of the legislative, regulatory and administrative provisions of the other Party for which they are designated.

3. Þegar sýna ber fram á tæknilega færni skal miða við eftirfarandi:
   - tækniþekkingu á viðkomandi vörum, vinnsluferlum eða þjónustu;
   - skilning á tæknilegum stöðlum og almennum kröfum um vernd gegn áhættu sem leitað er eftir tilnefningu vegna;
   - reynslu er lýtur að gildandi laga- og stjórnsýslufyrirmælum;
   - raunverulega getu til að stunda þá starfsemi á sviði samræmismats sem um ræðir;
   - fullnægjandi stjórn á þeirri starfsemi á sviði samræmismats sem um ræðir; og
   - hverjar þær aðstæður aðrar sem eru nauðsynlegar til þess að tryggja að sú starfsemi á sviði samræmismats sem um ræðir fari fram á fullnægjandi hátt að staðaldri.
4. Viðmiðanir, sem gilda um tæknilega færni, skulu grundvallaðar á skjölum, sem eru viðurkennd á alþjóðavettvangi, að við bættum sérstökum skjölum til skýringa sem eru samin öðru hverju eftir því sem við á.
5. Samningsaðilar skulu hvetja til þess að tilnefningar- og samræmismatsaðferðir verði samræmdar með samvinnu milli tilnefningaryfirvalda og samræmismatsstofnana sem fer fram á samræmingarfundum, með aðild að fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar og á fundum vinnuhópa. Ef faggildingarstofnanir taka þátt í tilnefningarferlinu ber að hvetja þær til þátttöku í fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar.

B. Skipulag til þess að staðfesta færni samræmismatsstofnana.

6. Tilnefningaryfirvöldum er heimilt að beita eftirfarandi aðferðum til þess að staðfesta tæknilega færni samræmismatsstofnana. Ef nauðsyn krefur mun samningsaðili benda tilnefningaryfirvaldi á hvernig sýna megi fram á færni.

a) *Faggilding*

Í faggildingu felst að litið er svo á að tæknileg færni sé fyrir hendi með tilliti til krafna hins samningsaðilans þegar:

i) faggildingarferlinu er stýrt í samræmi við viðeigandi alþjóðleg gögn (ritröðina EN 45000 eða leiðbeiningarit Alþjóðlegu staðlasamtakanna (ISO) og Alþjóðlega raftækniráðsins (IEC); og annaðhvort

3. Demonstration of technical competence shall be based on:
   - technological knowledge of the relevant products, processes or services;
   - understanding of the technical standards and the general risk protection requirements for which designation is sought;
   - the experience relevant to the applicable legislative, regulatory and administrative provisions;
   - the physical capability to perform the relevant conformity assessment activity;
   - an adequate management of the conformity assessment activities concerned; and
   - any other circumstance necessary to give assurance that the conformity assessment activity will be adequately performed on a continuous basis.
4. The technical competence criteria shall be based on internationally accepted documents supplemented by specific interpretative documents developed as appropriate from time to time.
5. The Parties shall encourage harmonisation of designation and conformity assessment procedures through co-operation between Designating Authorities and Conformity Assessment Bodies by means of co-ordination meetings, participation in mutual recognition arrangements, and working group meetings. Where accreditation bodies participate in the designation process they should be encouraged to participate in mutual recognition arrangements.

B. System to Determine Conformity Assessment Bodies' Competence

6. The Designating Authorities may apply the following processes to determine the technical competence of Conformity Assessment Bodies. If necessary, a Party will indicate to the Designating Authority the possible ways to demonstrate competence.

(a) *Accreditation*

Accreditation shall constitute a presumption of technical competence in relation to the requirements of the other Party when:

(i) the accreditation process is conducted in conformance with the relevant international documentation (EN 45000 series or ISO/IEC guides); and either

ii) faggildingarstofnunin er þátttakandi í fyrirkomulagi gagnkvæmrar viðurkenningar sem lýtur jafningjamati, sem felst í mati einstaklinga með viðurkennda sérþekkingu á sviði þeirrar vinnu sem er verið að meta, á færni faggildingarstofnana og samræmismatsstofnana sem hafa verið faggiltar með fyrrnefndu fyrirkomulagi; eða

iii) faggildingarstofnunin, sem starfar eftir umboði sem tilnefningaryfirvald veitir, tekur þátt, samkvæmt verklagi sem eftir er að semja um, í samanburðaráætlunum og gagnkvæmum skiptum á tæknilegri starfsreynslu í því skyni að tryggja áframhaldandi tiltrú á tæknilegri færni faggildingarstofnananna og samræmismatsstofnananna. Í slíkum áætlunum getur falist sameiginlegt mat, sérstakar samvinnuáætlanir eða jafningjamat.

Hafi samræmismatsstofnun aðeins fengið faggildingu til að meta hvort vara, vinnsluferli eða þjónusta sé í samræmi við tilteknar tækniforskriftir skal takmarka tilnefningu við þær tækniforskriftir.

Leiti samræmismatsstofnun eftir tilnefningu til að meta hvort tiltekin vara, vinnsluferli eða þjónusta sé í samræmi við grundvallarkröfur skal faggildingarferlið ná til þátta sem gera kleift að meta færni samræmismatsstofnunarinnar (tækniþekkingu og skilning á almennt fram bornum kröfum um vernd gegn áhættu með tilliti til vörunnar, vinnsluferlisins eða þjónustunnar eða notkunar hennar eða þess) til að meta hvort þessum grundvallarkröfum sé fullnægt.

b) *Aðrar aðferðir*

Sé ógerlegt að viðhafa viðeigandi faggildingu eða þegar um sérstakar aðstæður er að ræða skulu tilnefningaryfirvöld gera kröfum um að samræmismatsstofnanir sýni fram á færni sína með öðrum hætti, til dæmis með:

- þátttöku í sameiginlegu viðurkenningarfyrirkomulagi eða vottunarkerfi, svæðisbundnu eða á alþjóðavísu;
- með reglubundnu jafningjamati;
- hæfniprófunum; og
- samanburði milli samræmismatsstofnana.

C. Tilnefningarfyrirkomulag metið.

7. Þegar hvor samningsaðili um sig hefur skilgreint tilnefningar-fyrirkomulag, sem hann

(ii) the accreditation body participates in mutual recognition arrangements where they are subject to peer evaluation which involves evaluation by individuals with recognised expertise in the field of the work being evaluated, of the competence of accreditation bodies and Conformity Assessment Bodies accredited by them; or

(iii) the accreditation body, operating under the authority of a Designating Authority, takes part, in accordance with procedures to be agreed, in comparison programmes and exchanges of technical experience in order to ensure the continued confidence in the technical competence of the accreditation bodies and Conformity Assessment Bodies. Such programmes may include joint assessments, special cooperation programmes or peer evaluation.

When a Conformity Assessment Body is only accredited to evaluate a product, process or service for compliance with particular technical specifications, designation shall be limited to those technical specifications.

When a Conformity Assessment Body seeks designation to evaluate a particular product, process or service for compliance with essential requirements, the accreditation process shall incorporate elements which will permit assessments of the capability (technological knowledge and understanding of the generally stated risk protection requirements of the product, process or service or their use) of the Conformity Assessment Body to evaluate compliance with those essential requirements.

(b) *Other means*

When appropriate accreditation is not available or when special circumstances apply, the Designating Authorities shall require the Conformity Assessment Bodies to demonstrate their competence through other means such as:

- participation in regional/international mutual recognition arrangements or certification systems;
- regular peer evaluations;
- proficiency testing; and
- comparisons between Conformity Assessment Bodies.

C. Evalutation of the Designation System

7. Once the designation systems to evaluate the competence of Conformity Assessment

hyggst nota til þess að meta hæfi samræmismatsstofnana, getur hinn samningsaðilinn, í samráði við tilnefningaryfirvöld, kynnt sér hvort fyrrnefnt fyrirkomulag tryggi til hlítar að tilnefning samræmismatsstofnananna fullnægi kröfum hans.

D. Formleg tilnefning.

8. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð við samræmismatsstofnanir, sem heyra undir valdsvið þeirra, í því skyni að kanna vilja þeirra til þess að verða tilnefndar samkvæmt skilmálum samnings þessa. Samráð skyldi einnig haft við samræmismatsstofnanir sem starfa ekki í samræmi við viðeigandi laga- og stjórnsýslukröfur eigin samningsaðila en kynnu, engu að síður, að hafa áhuga á og getu til að starfa í samræmi við laga- og stjórnsýslukröfur hins samningsaðilans.

9. Tilnefningaryfirvöld skulu tilkynna fulltrúum samningsaðila síns í sameiginlegu nefndinni, sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum, um þær samræmismatsstofnanir sem fella á inn í eða brott úr II. þætti starfsgreinatengdu viðaukanna. Tilnefning samræmismatsstofnana, tímabundin ógilding tilnefningar eða afturköllun skal fara fram í samræmi við ákvæði samnings þessa og starfsreglur sameiginlegu nefndarinnar.

10. Tilnefningaryfirvöld skulu, er þau veita fulltrúa samningsaðila síns í sameiginlegu nefndinni, sem komið er á fót samkvæmt samningi þessum, ráðgjöf um þær samræmismatsstofnanir sem fella á inn í starfsgreinatengdu viðaukana, láta í té eftirfarandi upplýsingar um hverja samræmismatsstofnun:
    a) nafn hennar;
    b) póstfang hennar;
    c) bréfasímanúmer hennar;
    d) flokk vörutegunda, vinnsluferla, staðla eða þjónustu sem samræmismatsstofnuninni er heimilt að meta;
    e) þær samræmismatsaðferðir sem samræmismatsstofnuninni er heimilt að nota; og
    f) hvaða tilnefningaraðferð er notuð til þess að staðfesta færni.

E. Eftirlit.

11. Tilnefningaryfirvöld skulu halda uppi, eða láta halda uppi, stöðugu eftirliti með til-

Bodies have been defined by each Party, the other Party may, in consultation with the Designating Authorities, check that the systems give sufficient assurance that the designation of the Conformity Assessment Bodies satisfies its requirements.

D. Formal Designation

8. Designating Authorities shall consult the Conformity Assessment Bodies within their jurisdiction in order to determine their willingness to be designated under the terms of this Agreement. Such consultation should include those Conformity Assessment Bodies who do not operate under the respective legislative, regulatory, and administrative requirements of their own Party, but which may, nevertheless, be interested and capable of working to the legislative, regulatory, and administrative requirements of the other Party.
9. Designating Authorities shall inform their Party's representatives on the Joint Committee, established under this Agreement, of the Conformity Assessment Bodies to be included in or withdrawn from Section II of the Sectoral Annexes. Designation, suspension or withdrawal of designation of Conformity Assessment Bodies shall take place in accordance with the provisions of this Agreement and the rules of procedure of the Joint Committee.
10. When advising their Party's representative on the Joint Committee established under this Agreement, of the Conformity Assessment Bodies to be included in the Sectoral Annexes, the Designating Authority shall provide the following details in respect of each Conformity Assessment Body:
    (a) the name;
    (b) the postal address;
    (c) the facsimile (fax) number;
    (d) the range of products, processes, standards or services it is authorised to assess;
    (e) the conformity assessment procedures it is authorised to carry out; and
    (f) the designation procedure used to determine competence.

E. Monitoring

11. Designating Authorities shall maintain, or cause to maintain, ongoing surveillance over

nefndum samræmismatsstofnunum með reglulegri úttekt eða mati. Tíðni og eðli þessarar starfsemi skal vera í samræmi við bestu framkvæmd á alþjóðavísu eða samkvæmt ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar.

12. Tilnefningaryfirvöld skulu gera kröfu um að tilnefndar samræmismatsstofnanir taki þátt í hæfniprófunum eða öðrum viðeigandi samanburði, sé slíkur samanburður tæknilega framkvæmanlegur innan eðlilegra kostnaðarmarka.
13. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa nauðsynlegt samráð við önnur samsvarandi yfirvöld í því skyni að viðhalda tiltrú á samræmismatsferlum og -aðferðum. Slíkt samráð getur verið fólgið í sameiginlegri þátttöku í úttektum sem tengjast starfsemi á sviði samræmismats eða annars konar mati á tilnefndum samræmismatsstofnunum, þar sem slík þátttaka er við hæfi og tæknilega framkvæmanleg innan eðlilegra kostnaðarmarka.
14. Tilnefningaryfirvöld skulu hafa samráð, eftir því sem nauðsyn krefur, við hlutaðeigandi stjórnsýsluyfirvöld hins samningsaðilans í því skyni að tryggja að höfð sé hliðsjón af öllum stjórnsýslukröfum og þær teknar fyrir með viðhlítandi hætti.

designated Conformity Assessment Bodies by means of regular audit or assessment. The frequency and nature of such activities shall be consistent with international best practices or as agreed by the Joint Committee.

12. Designating Authorities shall require designated Conformity Assessment Bodies to participate in proficiency testing or other appropriate comparison exercises where such exercises are technically possible within reasonable cost.
13. Designating Authorities shall consult as necessary with their counterparts, to ensure the maintenance of confidence in conformity assessment processes and procedures. This consultation may include joint participation in audits related to conformity assessment activities or other assessments of designated Conformity Assessment Bodies, where such participation is appropriate and technically possible within reasonable cost.
14. Designating Authorities shall consult, as necessary, with the relevant regulatory authorities of the other Party to ensure that all regulatory requirements are identified and are satisfactorily addressed.

AUGLÝSING

um gerð sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og Ísland og Noregur gerðu með sér um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna.

Hinn 25. júlí 2000 var ráði Evrópusambandsins tilkynnt um samþykki Íslands á ákvörðun ráðsins frá 27. mars 2000 sem felur í sér breytingu á samningi sem ráð Evrópusambandsins og lýðveldið Ísland og konungsríkið Noregur gerðu með sér 18. maí 1999 um þátttöku hinna síðarnefndu í framkvæmd, beitingu og þróun Schengen-gerðanna, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 21 og 49/2000 þar sem samningurinn er birtur. Breytingin öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 25. júlí 2000.

Ákvörðunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 8. ágúst 2000.

Halldór Ásgrímsson

Sverrir Haukur Gunnlaugsson

Fylgiskjal.

ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS
frá 27. mars 2000
um fjárhagsreglugerð er gildir um fjárhagsáætlunarþáttinn í rekstri aðstoðarframkvæmdastjóra ráðsins á samningum sem gerðir eru í hans nafni, fyrir hönd tiltekinna aðildarríkja, um uppsetningu og rekstur fjarskiptagrunnvirkis fyrir Schengen-umhverfið (Sisnet).
(2000/265/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af fyrsta málslið annarrar undirgreinar í 1. mgr. 2. gr. bókunar sem fylgir með sem viðauki við sáttmálann um Evrópusambandið og stofnsáttmála Evrópubandalagsins og fellir Schengen-gerðirnar inn í ramma Evrópusambandsins (hér eftir nefnd „Schengen-bókunin").

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun 1999/870/EB ([1]) er aðstoðarframkvæmdastjóra ráðsins heimilað, í tengslum við að fella Schengen-gerðirnar undir Evrópusambandið, að koma fram sem fulltrúi tiltekinna aðildarríkja til að gera samninga um

([1]) Stjtíð. EB L 337, 30.12.1999, bls. 41.

COUNCIL DECISION
of 27 March 2000
on the establishment of a financial regulation governing the budgetary aspects of the management by the Deputy Secretary-General of the Council, of contracts concluded in his name, on behalf of certain Member States, relating to the installation and the functioning of the communication infrastructure for the Schengen environment, "Sisnet"
(2000/265/EC)

THE COUNCIL OF THE EUROPEAN UNION,

Having regard to the first sentence of the second subparagraph of Article 2 (1) of the Protocol annexed to the Treaty on European Union and to the Treaty establishing the European Community, integrating the Schengen acquis into the framework of the European Union (hereinafter "the Schengen Protocol"),

Whereas:

(1) The Deputy Secretary-General of the Council was authorised by Decision 1999/870/EC([1]) to act, in the context of the integration of the Schengen acquis within the European Union, as representative of certain Member States

([1]) OJ L 337, 30.12.1999, p. 41.

uppsetningu og rekstur fjarskiptagrunnvirkis fyrir Schengen-umhverfið (hér á eftir nefnt Sisnet) og reka slíka samninga.

2) Fjárhagsskuldbindingar, sem af þessum samningum leiðir, heyra ekki undir fjárlög Evrópusambandsins. Því gilda ekki ákvæði fjárhagsreglugerðarinnar frá 21. desember 1977 um fjárlög Evrópubandalaganna ([2]).

3) Því er brýnt að setja sérstakar reglur þar sem tilgreind er nákvæmlega málsmeðferð við gerð og framkvæmd fjárhagsáætlunar sem þarf til að greiða kostnað við gerð samninganna, við uppfyllingu skuldbindinga sem leiðir af slíkum samningum þegar þeir hafa verið gerðir, við innheimtu framlaga, sem greidd eru af viðkomandi ríkjum, og við framsetningu og endurskoðun reikninga.
4) Einnig er nauðsynlegt að setja reglur um gerð þessara samninga.
5) Ákvörðun þessi er þróun á Schengen-gerðunum í skilningi Schengen-bókunarinnar.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. KAFLI
Meginreglur.

1. gr.

Í þessari fjárhagsreglugerð merkir „fjárhagsáætlun“ gerning þar sem gerð er áætlun fyrir hvert fjárhagsár og fyrir fram veitt heimild fyrir þeim tekjum og útgjöldum sem nauðsynleg eru til að uppfylla þær skuldbindingar sem leiðir af samningunum, sem um getur í ákvörðun 1999/870/EB.

2. gr.

Í fjárhagsreglugerð þessari eru settar nákvæmar reglur um gerð samninga um Sisnet og um gerð og framkvæmd nauðsynlegrar fjárhagsáætlunar vegna slíkra samninga.

3. gr.

1. Fjárhagsáætluninni skal skipt niður í hluta með fjárhagsáætlun fyrir undirbúningsráð-

([2]) Stjtíð. EB L 356, 31.12.1977, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) No 2673/1999 (Stjtíð. EB L 326, 18.12.1999, bls. 1).

for the purposes of concluding contracts relating to the installation and the functioning of the communication infrastructure for the Schengen environment (hereinafter "Sisnet") and to manage such contracts.
(2) The financial obligations arising under those contracts are not borne by the general budget of the European Union; therefore, the provisions of the Financial Regulation of 21 December 1977 applicable to the general budget of the European Communities([2]) do not apply.
(3) It is therefore necessary to establish specific rules to define the detailed procedures for establishing and implementing the budget required to meet any expenses incurred in the course of concluding the contracts, the obligations arising under those contracts once concluded, for recovering the contributions to be paid by the States concerned and for the presentation and auditing of the accounts.
(4) It is also necessary to set out the rules applicable to the conclusion of these contracts.
(5) This Decision is a development of the Schengen acquis within the meaning of the Schengen Protocol,

HAS DECIDED AS FOLLOWS:

CHAPTER I
General principles

Article 1

For the purposes of this Financial Regulation, the "budget" is the instrument which sets out forecasts of, and authorises in advance, for each financial year, the revenue and expenditure required to meet the obligations arising under the contracts referred to in Decision 1999/870/EC.

Article 2

This Financial Regulation lays down detailed rules for the conclusion of contracts relating to Sisnet and for the establishment and implementation of the budget required in relation to such contracts.

Article 3

1. The budget shall be subdivided into titles covering the budget relating to the prepa-

([2]) OJ L 356, 31.12.1977, p. 1. Regulation as last amended by Regulation (EC) No 2673/1999 (OJ L 326, 18.12.1999, p. 1).

stafanir, sem leiðir til gerðar viðkomandi samninga, þ.m.t. alls kostnaðar sem stofnað er til við undirbúning á útboði vegna Sisnet, fjárhagsáætlun fyrir uppsetningu Sisnet og fjárhagsáætlun fyrir reksturinn. Ef nauðsyn ber til skal hverjum hluta skipt niður í kafla og greina

2. Ekki má nota fjárveitingar úr tilteknum hluta til annarra útgjaldahluta.

4. gr.

Fjárveitingar innan fjárhagsáætlunar skulu notaðar í samræmi við meginreglur um góða fjármálastjórnun, einkum þær sem varða hagsýni og kostnaðarhagkvæmni.

5. gr.

Engar tekjur skulu innheimtar eða greiðsla útgjalda innt af hendi án þess að það sé fært sem tekjur eða útgjöld undir einhverri grein fjárhagsáætlunar.

Ekki má ráðstafa neinum fjárhæðum eða veita heimild fyrir útgjöldum sem eru hærri en heimilaðar fjárveitingar, sbr. þó 17. gr.

6. gr.

1. Með fyrirvara um 17. gr. skulu allar tekjur og útgjöld skráð að fullu í fjárhagsáætlun og í reikninga án mótfærslu gagnvart hvort öðru. Heildartekjur skulu nægja fyrir heildarútgjöldum.
2. Fjárhagsárið er frá 1. janúar til 31. desember.
3. Öll framlög ríkja, sem um getur í 25. gr., sem greidd eru fyrir upphaf fjárhagsársins sem þau tilheyra, skulu bókuð í fjárhagsáætlun fyrir það fjárhagsár.
4. Útgjöld fjárhagsárs skulu færð í reikninga þess árs og miðast við útgjöld sem bókari fékk heimild fyrir eigi síðar en 31. desember og gjaldkeri greiðir fyrir 15. janúar næsta árs
5. Veittar fjárveitingar, má einungis nota til greiðslu á útgjöldum, sem stofnað er til og greidd eru á viðkomandi fjárhagsári, nema kveðið sé á um annað í 7. gr., og til greiðslu á skuldum frá næstu fjárhagsárum á undan þótt fyrir þeim hafi engin fjárveiting verið flutt áfram.

ratory steps leading to the conclusion of the contracts in question, including any costs incurred during the preparation of the call for tenders in respect of Sisnet, the installation budget and the operating budget for the Sisnet. If necessary, each title shall be subdivided into chapters and articles.

2. Appropriations opened under each title may not be assigned to other expenditure titles.

Article 4

The budget appropriations shall be used in accordance with the principles of sound financial management, and in particular those of economy and cost-effectiveness.

Article 5

No revenue shall be collected and no expenditure effected unless credited to, or charged against, an article in the budget.

Without prejudice to Article 17, no expenditure may be committed or authorised in excess of the authorised appropriations.

Article 6

1. Subject to Article 17, all revenue and expenditure shall be entered in full in the budget and in the accounts without any adjustment against each other. Total revenue shall cover total expenditure.
2. The financial year shall run from 1 January to 31 December.
3. Any budget contributions by the States referred to in Article 25 paid before the beginning of the financial year which they concern shall be credited to the budget for that financial year.
4. The expenditure of a financial year shall be entered in the accounts for that year on the basis of expenditure for which the financial controller received authorisation no later than 31 December and for which the corresponding payments were made by the accounting officer before the following 15 January.
5. The allotted appropriations may be used solely to cover expenditure properly entered into and paid under the financial year for which they were granted, save as otherwise provided in Article 7, and to cover the debts relating to preceding financial years for which no appropriation was carried forward.

7. gr.

1. Eftirfarandi reglur gilda um nýtingu fjárveitinga:
   a) meginreglan er sú að fjárveitingar, sem er óráðstafað í lok fjárhagsársins sem þær eru bókfærðar fyrir, falla úr gildi;
   b) fé, frátekið fyrir greiðslum sem enn eru útistandandi 31. desember og ráðstafað var milli 1. janúar og 31. desember, skal sjálfkrafa flytjast, þó einungis til næsta fjárhagsárs.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. má aðstoðarframkvæmdastjóri ráðsins senda vinnuhópi Schengenupplýsingakerfisins, hér á eftir nefndur „SIS-vinnuhópurinn", fyrir 31. janúar, tilhlýðilega rökstuddar beiðnir um að flytja fjárveitingar, sem ekki hefur verið ráðstafað 31. desember, yfir á næsta fjárhagsár ef fjárveitingar til viðkomandi liða fjárhagsáætlunarinnar á næsta fjárhagsári duga ekki fyrir þörfum.

   Einungis má leggja til slíkan flutning fjárveitinga af sérstökum ástæðum.
   Aðstoðarframkvæmdastjóri skal, með hliðsjón af stjórnunarkröfum, þegar hann framfylgir fjárhagsáætluninni í krafti valdheimilda sinna, freista þess að nota fyrst þær fjárveitingar sem heimilaðar voru fyrir núverandi fjárhagsár og nota ekki fjárveitingar, sem fluttar hafa verið, fyrr en hinar fyrrnefndu eru uppurnar.
   SIS-vinnuhópurinn skal taka afstöðu til beiðna um flutning eigi síðar en 1. mars.

3. Fjárveitingar sem fluttar eru frá einu fjárhagsári til þess næsta falla úr gildi ef þeim er enn óráðstafað í lok fjárhagsársins sem þær voru fluttar til.
4. Skrá yfir þær fjárveitingar, sem flytjast sjálfkrafa skv. b-lið 1. mgr., skal send SIS-vinnuhópnum til upplýsingar fyrir 1. mars.

5. Þegar fjárhagsáætlun er framfylgt skal notkun fjárveitinga, sem fluttar hafa verið, sýnd sérstaklega undir hverjum lið fjárhagsáætlunar í reikningum.

Article 7

1. The following rules shall govern the utilisation of appropriations:
   (a) appropriations still uncommitted at the end of the financial year for which they were entered shall, as a rule, lapse;
   (b) appropriations in respect of payments still outstanding at 31 December by virtue of commitments duly entered into between 1 January and 31 December shall be carried over automatically to the next financial year only.
2. Notwithstanding paragraph 1, the Deputy Secretary-General of the Council may forward to the Schengen Information System Working Group, hereafter referred to as the "SIS Working Group", before 31 January, duly substantiated requests to carry over to the next financial year appropriations not committed at 31 December, when the appropriations provided for the headings concerned in the budget for the following financial year do not cover requirements.
   The carry-over of such appropriations may be proposed only for exceptional reasons.
   In exercising his powers to implement the budget, the Deputy Secretary-General shall, depending on management requirements, endeavour to use first the appropriations authorised for the current financial year and not use the appropriations carried over until the former are exhausted.

   The SIS Working Group shall act on such requests for carrying-over by 1 March at the latest.
3. Appropriations carried over from one financial year to the following lapse if still uncommitted at the end of the financial year to which they were carried over.
4. A list of the appropriations to be carried forward automatically pursuant to paragraph 1(b) shall be forwarded to the SIS Working Group for information before 1 March.
5. For the purpose of implementing the budget, the utilisation of appropriations carried forward shall be shown separately, for each budget item, in the accounts for the current financial year.

II. KAFLI
Gerð fjárhagsáætlunar.

8. gr.

1. Fjárhagsáætlunin er samin í evrum.
2. Aðstoðarframkvæmdastjóri skal senda SIS-vinnuhópnum bráðabirgðadrög að fjárhagsáætlun fyrir 30. september ásamt meðfylgjandi greinargerð.
3. SIS-vinnuhópurinn skal skila áliti um þessi bráðabirgðadrög.
4. Aðstoðarframkvæmdastjóri skal semja drög að fjárhagsáætlun og senda þau ríkjunum, sem um getur í 25. gr., eigi síðar en 31. október.
5. Aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., koma saman í ráðinu og skulu samþykkja fjárhagsáætlunina fyrir lok ársins.
6. Framlög ríkjanna skulu koma til greiðslu þegar ákvörðun hefur verið tekin um samþykkt fjárhagsáætlunarinnar og aðstoðarframkvæmdastjóri hefur tilkynnt það á tilhlýðilegan hátt til ríkjanna, sem um getur í 25. gr.

9. gr.

1. Hafi fjárhagsáætlunin ekki verið endanlega samþykkt í upphafi fjárhagsársins:
   a) mega greiðslur í hverjum mánuði nema allt að einum tólfta af heildarfjárveitingum, sem heimilaðar voru fyrir hvern hluta fjárhagsáætlunar á næstliðnu fjárhagsári; og
   b) má krefja aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., um mánaðarleg framlög sem nema allt að einum tólfta framlaga sem greidd voru samkvæmt síðustu tilhlýðilega samþykktu fjárhagsáætlun.
2. Ákvörðun um að nota tólftu hluta útgjalda og tekna, eða alls allt að þremur tólftu hlutum fjárhæðanna sem skráðar voru í síðustu tilhlýðilega samþykktu fjárhagsáætlun, skal tekin af aðstoðarframkvæmdastjóra sem skal senda hana áfram í bréfi til ríkjanna, sem um getur í 25. gr.
3. Ákvörðun um að heimila greiðslur og krefja um framlög yfir takmarkinu sem miðast við þrjá tólftu hluta fjárhæðanna, sem færðar voru í síðustu tilhlýðilega samþykktu fjárhagsáætlun, skal tekin af aðildarríkjunum, sem um getur í 25. gr., sem koma saman í ráðinu.
4. Þegar fjárhagsáætlunin hefur verið endanlega samþykkt skal fella úr gildi allar ráðstafanir, sem gerðar eru skv. 1., 2. og 3. mgr.

CHAPTER II
Establishment of the budget

Article 8

1. The budget shall be drawn up in euro.
2. The Deputy Secretary-General shall forward the preliminary draft budget to the SIS Working Group before 30 September and attach an explanatory memorandum.
3. The SIS Working Group shall deliver its opinion on that preliminary draft.
4. The Deputy Secretary-General shall establish the draft budget and forward it by 31 October to the States referred to in Article 25.
5. The Member States referred to in Article 25, meeting within the Council, shall adopt the budget before the end of the year.
6. The decision to adopt the budget, duly notified by the Deputy Secretary-General to the States referred to in Article 25, shall mark the point at which those States' contributions fall due.

Article 9

1. If the budget has not been finally adopted at the beginning of the financial year:
   (a) payments may be made for up to one twelfth, each month, of the total appropriations authorised for each budget title for the preceding financial year; and
   (b) the contributions of the States referred to in Article 25 may be called up for up to one twelfth, each month, of the contributions paid under the last duly adopted budget.
2. Each decision to use an expenditure and revenue twelfth, up to a total of three twelfths of the amounts entered in the last duly adopted budget, shall be taken by the Deputy Secretary-General, who shall forward it by letter to the States referred to in Article 25.
3. Above the limit of three twelfths of the amounts entered in the last duly adopted budget, any decision to authorise payments and call up contributions shall be taken by the Member States referred to in Article 25, meeting within the Council.
4. Any measures taken pursuant to paragraphs 1, 2 and 3 shall be terminated immediately on final adoption of the budget.

10. gr.

1. Sérhver drög að viðbótar- eða breytingarfjárhagsáætlun skulu lögð fram, tekin til meðferðar og samþykkt með sama hætti og sömu málsmeðferð og fjárhagsáætlunin sem þau breyta.
2. Breytingarfjárhagsáætlun skal lögð fram árlega í mánuðinum eftir að reikningum er lokað, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 46. gr., til að færa megi stöðuna úr niðurstöðum fjárhagsáætlunar frá fyrra fjárhagsári sem tekjur, ef hún er jákvæð, en útgjöld ef hún er neikvæð.

11. gr.

Birta má fjárhagsáætlunina opinberlega.

III. KAFLI
Fjárhagsáætlun og bókhald.

12. gr.

Þegar fjárhagsáætlun er framfylgt skal sú meginregla höfð í heiðri að fjármálastjóri og gjaldkeri séu ekki sami maðurinn. Skyldur fjármálastjóra, gjaldkera og bókara eru innbyrðis ósamrýmanlegar.

13. gr.

1. Aðalframkvæmdastjóri á aðalskrifstofu ráðsins gegnir starfi fjármálastjóra vegna tekna og útgjalda. Fjármálastjóri skal framfylgja fjárhagsáætlun fyrir hönd aðstoðarframkvæmdastjóra og er heimilt, innan marka fjárveitinga sem úthlutað er, að framselja framkvæmdastjóra heimildir sínar.

2. Fjármálastjóri getur tekið ákvarðanir um tilfærslur milli greina innan hvers kafla. Með samþykki SIS-vinnuhópsins getur hann tekið ákvarðanir um tilfærslur milli kafla innan sama hluta. SIS-vinnuhópurinn skal gefa samþykki sitt með sama hætti og þegar hann skilar áliti á fjárhagsáætlun.

14. gr.

Bókari hjá ráðinu skal gegna starfi bókara í samræmi við reglur sem gilda um skyldur hins fyrrnefnda.

Article 10

1. Any draft supplementary or amending budgets shall be submitted, examined and adopted in the same form and using the same procedure as the budget whose estimates they are amending.
2. An amending budget shall be submitted on an annual basis, in the month following the closure of the accounts as laid down in Article 46(1), with the aim of entering the balance of the budget outturn from the previous financial year as revenue in the case of a positive balance or expenditure if the balance is negative.

Article 11

The budget may be released to the public.

CHAPTER III
Implementation of the budget and accountancy

Article 12

The budget shall be implemented in accordance with the principle that the authorising officer and the accounting officer are different individuals. The duties of authorising officer, accounting officer and financial controller shall be mutually incompatible.

Article 13

1. The task of authorising officer for revenue and expenditure shall be carried out by a Director-General at the General Secretariat of the Council. The authorising officer shall implement the budget on behalf of the Deputy Secretary-General and within the limits of the appropriations allotted he may delegate his powers to a Director.
2. The authorising officer may decide on transfers between articles within each chapter. With the agreement of the SIS Working Group, he may decide on transfers between chapters within the same title. The SIS Working Group shall give its agreement under the same conditions as for adopting its opinion on the budget.

Article 14

The task of financial controller shall be carried out by the Council's Financial Controller in accordance with the rules applicable to the latter's duties.

15. gr.

Gjaldkeri frá aðalskrifstofu A á aðalskrifstofu ráðsins skal annast móttöku tekna og greiðslu útgjalda.

16. gr.

1. Til að innheimta útistandandi fjárhæðir skv. 25. gr. eða skuldir þriðja ríkis við hlutaðeigandi ríki í tengslum við gerð samninga, uppsetningu og rekstur Sisnet, er þess krafist að fjármálastjóri gefi út fyrirmæli um innheimtu. Fyrirmælin um innheimtu skulu send gjaldkera, sem leggur þau fyrir bókara til samþykkis.

2. Markmið þessa samþykkis er að staðfesta:

   a) að tekjur séu bókaðar undir réttan lið fjárhagsáætlunar;
   b) að fyrirmæli um innheimtu séu eins og vera ber og í samræmi við viðkomandi ákvæði;
   c) að fylgiskjöl séu eins og vera ber;
   d) að upplýsingar um skuldara eða lögbært yfirvald í heimalandi hans séu réttar;
   e) að gjalddagi sé tilgreindur;
   f) að beitt hafi verið meginreglunum um góða fjármálstjórnun, sem um getur í 4. gr.;
   g) að fjárhæð og gjaldmiðill fjárhæðarinnar, sem innheimta skal, séu rétt.

3. Gjaldkeri ber ábyrgð á fyrirmælum um innheimtu, gerðum á tilhlýðilegan hátt.

17. gr.

Þrátt fyrir 5. og 6. gr.:

1. er heimilt að draga eftirfarandi frá öllum reikningum, vörureikningum og uppgjörum, en nettófjárhæð þeirra kemur að því loknu til greiðslu:
   a) sektir sem lagðar eru á aðila að samningi um tilboð sem búið er að samþykkja;
   b) fjárhæðir, sem greiddar voru vegna mistaka, sem leiðrétta má með fyrirframfrádrætti þegar sams konar uppgjör fer fram á sama hluta, kafla, grein og fjárhagsári og umframgreiðslan var innt af hendi fyrir;

   ekki skal skrá afslátt og endurgreiðslu á vörureikningum og reikningum sem sérstakar tekjur;

Article 15

The receipt of revenue and the disbursement of expenditure shall be carried out by an accounting officer from Directorate-General A at the General Secretariat of the Council.

Article 16

1. For the collection of any amount owing pursuant to Article 25, or of any debt due to the States concerned by a third party relating to the conclusion, installation and functioning of Sisnet, the issue of a recovery order by the authorising officer shall be required. Recovery orders shall be forwarded to the accounting officer, who shall submit them to the financial controller for approval.
2. The purpose of this approval shall be to establish that:
   (a) the revenue has been booked to the correct budget item;
   (b) the recovery order is in order and conforms to the relevant provisions;
   (c) the supporting documents are in order;
   (d) the debtor, or the competent authority of the debtor State, are correctly described;
   (e) the due date is indicated;
   (f) the principles of sound financial management referred to in Article 4 have been applied;
   (g) the amount and currency of the sum to be recovered are correct.
3. The accounting officer shall assume responsibility for the recovery orders duly drawn up.

Article 17

Notwithstanding Articles 5 and 6:

1. the following deductions may be made from all bills, invoices or statements, which shall then be passed for payment of the net amount:
   (a) fines imposed on a party to a contract on an accepted tender;
   (b) adjustment of amounts paid in error, which may be achieved by means of deduction beforehand when another validation of the same type is being effected under the title, chapter, article and financial year in respect of which the excess payment was made;

   discounts, refunds and rebates on invoices and bills shall not be recorded as separate revenue;

2. er heimilt að nota aftur eftirtaldar fjárhæðir undir þeirri yfirskrift sem upphaflegu útgjöldin voru bókfærð á:
   - tekjur sem fást við endurgreiðslu fjárhæða, sem greiddar voru vegna mistaka, af fjárveitingum sem færðar eru í fjárhagsáætlun.

   Nota ber fjárhæðirnar aftur fyrir lok næsta fjárhagsárs eftir árið sem tekjurnar voru innheimtar.

18. gr.

1. Fyrir hverja ráðstöfun sem vænta má að hafi í för með sér útgjöld af fjárhagsáætlun verður fjármálastjóri að hafa lagt fyrir gjaldkera tillögu um ráðstöfun fjár þar sem fram kemur tilgangurinn, fjárhæðin sem um ræðir, liður fjárhagsáætlunar sem útgjöldin bókfærast á og lánveitandi. Gjaldkeri skal leggja tillöguna fyrir bókara til samþykkis.

2. Markmið þessa samþykkis er að staðfesta:

   a) að tillaga um ráðstöfun fjár hafi verið lögð fram í samræmi við 1. mgr.;

   b) að útgjöld séu bókuð undir réttan lið fjárhagsáætlunar;
   c) að fjárveitingar séu fyrir hendi innan fjárhagsáætlunar;
   d) að beitt hafi verið meginreglunum um góða fjármálastjórnun, sem um getur í 4. gr.;
   e) að útgjöld séu formlega réttmæt og í samræmi við viðkomandi ákvæði.

19. gr.

1. Markmiðið með því að fjármálastjóri staðfesti útgjöldin er:
   a) að sannreyna kröfu lánveitanda;
   b) að skera úr um eða sannprófa tilvist gjaldföllnu fjárhæðarinnar og hversu há hún sé;
   c) að sannprófa skilyrðin fyrir því að upphæðin gjaldfalli;
   d) að sannprófa að það sem keypt er eða þjónustan sem veitt er sé sú sem beðið var um.
2. Fjármálastjóri getur látið sannprófanirnar fara fram á eigin ábyrgð.

2. the following sums may be reused under the heading to which the initial expenditure was charged:
   - revenue arising from refund of amounts paid in error against appropriations entered in the budget.

   Sums must be reused before the end of the financial year following that in which the revenue was collected.

Article 18

1. Any measure likely to involve expenditure against the budget must first be the subject of a proposal for a commitment of expenditure from the authorising officer to the accounting officer, showing the purpose, the amount involved, the budget item to which the expenditure is to be charged and the creditor. The proposal shall be submitted by the accounting officer to the financial controller for approval.
2. The purpose of this approval shall be to establish that:
   (a) the proposal for commitment has been presented in accordance with paragraph 1;
   (b) the expenditure has been charged to the correct budget item;
   (c) the appropriations are available in the budget;
   (d) the principles of sound financial management referred to in Article 4 have been applied;
   (e) the expenditure is in order and conforms to the relevant provisions.

Article 19

1. The purpose of validation of expenditure by the authorising officer shall be:
   (a) to verify the creditor's claim;
   (b) to determine or verify the existence and the amount of the sum due;

   (c) to verify the conditions under which the payment falls due;
   (d) to verify that purchases or services rendered are as ordered.

2. The authorising officer may have the verifications carried out under his responsibility.

20. gr.

1. Fjármálastjóri veitir gjaldkera heimild til að greiða útgjöld, sem hafa verið sannprófuð, með útgáfu greiðslufyrirmæla („heimildar").

2. Í heimildinni skal koma fram:
   a) fjárhagsárið þegar greiðslan er bókfærð;
   b) hluti, kafli og grein fjárhagsáætlunar;
   c) fjárhæð greiðslu, í tölustöfum og orðum, og gjaldmiðill greiðslunnar;
   d) nafn og heimilisfang lánveitanda;
   e) markmiðið með útgjöldunum;
   f) greiðslumáti;
   g) númer og dagsetning viðkomandi samþykkis fyrir ráðstöfun fjárins.
3. Greiðslufyrirmælin skulu dagsett og undirrituð af fjármálastjóra.
4. Gjaldkeri skal leggja greiðslufyrirmælin, ásamt frumriti fylgiskjalanna, fyrir bókara til samþykkis.

5. Markmið þessa samþykkis er að staðfesta:
   a) að greiðslufyrirmælin hafi verið gefin út á tilhlýðilegan hátt;
   b) að greiðslufyrirmælin séu í samræmi við ráðstöfun fjárins og að fjárhæðin sé rétt, með hliðsjón af meginreglunum um góða fjármálastjórnun, sem um getur í 4. gr.;
   c) að útgjöld séu bókuð undir réttan lið fjárhagsáætlunar;
   d) að fjárveitingar séu fyrir hendi innan viðkomandi hluta eða greinar fjárhagsáætlunar;
   e) að fylgiskjöl séu eins og vera ber; og
   f) að nafn og upplýsingar um lánveitanda séu réttar.
6. Fé skal vera fyrir hendi fyrir öllum útgjöldum, annaðhvort af framlögum ríkjanna, sem um getur í 25. gr., eða með bankaláni, ef það bregst. Ef um er að ræða vangreidd framlög skal kostnaði af bráðabirgðafjármögnunarláni skipt milli ríkjanna, sem ekki greiddu, í hlutfalli við ógreidd framlög og með tilliti til þess hversu lengi skuldir hafa verið ógreiddar.

21. gr.

Greiðslur skulu fara um bankareikning sem opnaður er í samræmi við 17. gr. ákvörðunar ráðsins 1999/323/EB ([3]) í nafni aðalframkvæmda-

([3]) Stjtíð. EB L 123, 13.5.1999, bls. 51.

Article 20

1. The authorising officer shall authorise the accounting officer, by the issue of a payment order ("authorisation"), to pay an item of expenditure which has been validated.
2. The authorisation shall state:
   (a) the financial year against which the payment shall be charged;
   (b) the budget title, chapter and article;
   (c) the amount to be paid, in figures and in words, and the currency of payment;
   (d) the name and address of the creditor;
   (e) the purpose of the expenditure;
   (f) the method of payment;
   (g) the numbers and dates of the relevant approvals of commitment.
3. The payment order shall be dated and signed by the authorising officer.
4. The accounting officer shall submit the payment order, together with the original supporting documents, to the financial controller for approval.
5. The purpose of this approval shall be to establish that:
   (a) the payment order was properly issued;
   (b) the payment order agrees with the commitment of expenditure and the amount thereof is correct, taking account of the principles of sound financial management referred to in Article 4;
   (c) the expenditure is charged to the correct item in the budget;
   (d) the appropriations are available in the budget title or article concerned;
   (e) the supporting documents are in order, and
   (f) the creditor is correctly named and described.
6. Any expenditure must be covered beforehand by contributions from the States referred to in Article 25 or, failing those, by a bank loan. The costs of a pre-financing loan in the event of non-payment of contributions shall be divided among the States in default, pro rata to their unpaid contributions and taking into account the length of arrears.

Article 21

Payments shall be effected through the bank account opened in accordance with Article 17 of Council Decision 1999/323/EC ([3]) in the name of

([3]) OJ L 123, 13.5.1999, p. 51.

stjóra ráðsins. Fyrirmæli um yfirfærslu, sem gefin er samkvæmt þessari fjárhagsreglugerð, skulu undirrituð sameiginlega af tveimur embættismönnum sem aðstoðarframkvæmdastjóri tilnefnir og skal annar þeirra vera gjaldkerinn.

22. gr.

Synji bókari um samþykkið, sem mælt er fyrir um í 16., 18. eða 20. gr., og haldi fjármálastjóri tillögu sinni til streitu skal málinu vísað til aðstoðarframkvæmdastjóra. Aðstoðarframkvæmdastjóri getur, með tilhlýðilega rökstuddri ákvörðun, hnekkt synjuninni og staðfest fyrirmæli um innheimtu, ráðstöfun fjár eða greiðslufyrirmæli, nema vafi leiki á því að nægar fjárveitingar séu fyrir hendi. Aðstoðarframkvæmdastjóri skal tilkynna Endurskoðunarréttinum um allar slíkar ákvarðanir. Framfylgja má ákvörðuninni frá og með þeim degi sem synjað var um samþykki.

23. gr.

Fari fjármálastjóri, bókari og gjaldkeri ekki að ákvæðum þessarar fjárhagsreglugerðar geta þeir þurft að sæta viðurlögum í samræmi við það sem mælt er fyrir um í starfsmannareglum embættismanna Evrópubandalaganna.

24. gr.

Færa skal tvíhliða bókhald og miða við almanaksárið. Það skal sýna allar tekjur og útgjöld fjárhags ársins.

IV. KAFLI
Framlög ríkjanna.

25. gr.

1. Tekjuliðir fjárhagsáætlunar eru fjárframlög eftirtalinna aðildarríkja: Belgíu, Danmerkur, Þýskalands, Grikklands, Spánar, Frakklands, Ítalíu, Lúxemborgar, Hollands, Austurríkis, Portúgals, Finnlands og Svíþjóðar, svo og Íslands og Noregs.
2. Mælt skal fyrir um fjárframlög þessara ríkja í fjárhagsáætluninni og þau gefin upp í evrum.

26. gr.

Ríkin, sem um getur í 25. gr., skulu afhenda

the Secretary-General of the Council. Bank transfer orders executed pursuant to this Financial Regulation shall require the joint signature of two officials nominated by the Deputy Secretary-General, of whom one shall be the accounting officer.

Article 22

Should the financial controller refuse to give the approval laid down in Articles 16, 18 or 20 and the authorising officer maintain his proposal, the matter shall be referred to the Deputy Secretary-General. Except in cases where the availability of appropriations is in doubt, the Deputy Secretary-General may, in a duly reasoned decision, overrule the refusal and confirm the recovery order, expenditure commitment or payment order. The Deputy Secretary-General shall within one month inform the Court of Auditors of any such decision. The decision shall be enforceable as from the date approval was refused.

Article 23

The liability to disciplinary action of the authorising officer, financial controller, and accounting officer in the event of failure to comply with the provisions of this Financial Regulation shall be as laid down in the Staff Regulations of Officials of the European Communities.

Article 24

The accounts shall be kept by the double-entry method on the basis of the calendar year. They shall show all revenue and expenditure for the financial year.

CHAPTER IV
States' contributions

Article 25

1. Budget revenue shall consist of financial contributions from the following Member States: Belgium, Denmark, Germany, Greece, Spain, France, Italy, Luxembourg, the Netherlands, Austria, Portugal, Finland and Sweden, as well as Iceland and Norway.
2. These States' financial contributions shall be laid down in the budget and expressed in euro.

Article 26

The States referred to in Article 25 shall

aðstoðarframkvæmdastjóra fjárframlög sín í samræmi við eftirfarandi formúlu.

Fjárhæð framlaga aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr., annars vegar, og Íslands og Noregs, hins vegar, er reiknuð út árlega á grundvelli hlutar hvers aðildarríkis og Íslands og Noregs í samanlagðri vergri landsframleiðslu allra ríkjanna, sem um getur í 25. gr., á næstliðnu ári. Fjárhæð framlaga viðkomandi aðildarríkja er reiknuð út árlega, að frádregnum framlögum Íslands og Noregs, á grundvelli hlutfalls virðisaukaskattstekna þessara aðildarríkja af heildarvirðisaukaskattstekjum Evrópubandalaganna, eins og ákveðið var við síðustu breytingu á fjárlögum sambandsins á næstliðnu fjárhagsári.

27. gr.

1. Aðstoðarframkvæmdastjóri skal senda beiðnir um framlög til hvers ríkis, sem um getur í 25. gr., í bréfi með milligöngu innlendra stjórnsýslustofnana sem honum hefur verið tilkynnt um.
2. Bréfið, sem um ræðir, skal innihalda eftirfarandi upplýsingar:
   a) ákvörðun um að samþykkja fjárhagsáætlunina, eða, ef skírskotað er til 9. gr., ákvörðun um að krefja um tólftu hluta til bráðabirgða;
   b) fjárhæðina sem hvert ríki á að greiða, reiknaða út í evrum í samræmi við kostnaðarskiptinguna sem um getur í 26. gr.;
   c) nauðsynlegar upplýsingar til greiðslu framlagsins.
3. Framlögin skulu greidd inn á bankareikninginn sem um getur í 21. gr.
4. Framlögin skulu greidd í evrum.

28. gr.

1. Þess er krafist að ríkin, sem um getur í 25. gr., greiði 25% af framlagi sínu eigi síðar en 15. febrúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október.

2. Hafi ríki vanrækt fjárhagslegar skuldbindingar sínar skal gildandi bandalagsreglum um vexti, sem eru skuldfæranlegir ef um er að ræða seinkun á greiðslum framlaga til fjárlaga sambandsins, beitt með lögjöfnun, óháð öllum kostnaði sem slíkt ríki þarf að bera í samræmi við ákvæði 6. mgr. 20. gr.

supply their financial contributions to the Deputy Secretary-General in accordance with the following formula.

The scale of contributions to be paid by the Member States referred to in Article 25, on the one hand, and by Iceland and Norway, on the other hand, shall be calculated annually on the basis of the share of each Member State concerned and of Iceland and Norway in the total gross domestic product (GDP) for the preceding year of all the States referred to in Article 25. The scale of contributions by the Member States concerned shall be calculated annually, taking into account the contributions of Iceland and Norway, on the basis of the ratio of the VAT resources paid by each of those Member States to the total VAT resources of the European Communities, as established in the last amendment of the budget of the Union during the preceding financial year.

Article 27

1. The Deputy Secretary-General shall forward requests for contributions to each State referred to in Article 25 by letter through the national administrations whose details have been notified to him.
2. The letter concerned shall contain the following information:
   (a) the decision to adopt the budget or, in the event of Article 9 being invoked, the decision to call up contributions by provisional twelfths;
   (b) the amount to be paid by each State, calculated in euro in accordance with the scale referred to in Article 26;
   (c) the details necessary for paying the contribution.
3. Contributions shall be paid into the bank account referred to in Article 21.
4. The contributions shall be payable in euro.

Article 28

1. The States referred to in Article 25 shall be required to pay 25 % of their contribution by 15 February, 1 April, 1 July and 1 October at the latest.
2. Should a State have defaulted on its financial obligations, the existing Community rules on interest chargeable in the event of late payment of contributions to the budget of the Union shall apply by analogy, without prejudice to any costs which must be borne by such State pursuant to the provisions of Article 20(6).

V. KAFLI
Gerð samninga.

29. gr.

1. Samningar um kaup eða leigu á vörum eða þjónustu skulu vera skriflegir.
2. Ef áætlað verðmæti slíkra samninga er jafnt eða meira en sett viðmiðunarmörk í tilskipun ráðsins 93/36/EBE frá 14. júní 1993 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um vörukaup ([4]) eða tilskipun ráðsins 92/50/EBE frá 18. júní 1992 um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um kaup á þjónustu ([5]) skal birta útboð í samræmi við ákvæði þessara tilskipana, þ.m.t. allar frekari breytingar sem kunna að verða samþykktar á þeim (hér á eftir nefndar „tilskipanir ráðsins um reglur um opinber innkaup“, áður en þeir eru gerðir.
3. Ef áætlað verðmæti samninga er ekki yfir settum viðmiðunarmörkum í tilskipunum ráðsins um reglur um opinber innkaup má gera þá með beinu samkomulagi. Í slíkum tilvikum eru aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., engu að síður bundin af því að gera birgjum, sem hugsanlega gætu látið í té þær vörur og þá þjónustu sem um ræðir kleift að taka þátt í samkeppni, að því marki sem unnt er og með öllum tiltækum ráðum.
4. Útboð skulu almennt birt í öllum aðildarríkjunum af aðalskrifstofu ráðsins fyrir hönd aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr.
5. Málsmeðferð við útboð og viðmiðanir við val og úthlutun skulu ákvarðast af ákvæðum tilskipana ráðsins um reglur um opinber innkaup, með viðbætum samkvæmt ákvæðum þessarar fjárhagsreglugerðar.
6. Aðalskrifstofa ráðsins skal undirbúa sérhvert útboð fyrir hönd aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr., og þar skal einkum:
   a) tilgreina málsmeðferð við gerð tilboða og kveða á um hvernig þau skuli sett fram,

([4]) OJ L 199, 9.8.1993, p. 1.
([5]) OJ L 209, 24.7.1992, p. 1. Directive as last amended by Directive 97/52/EC of the European Parliament and of the Council (OJ L 328, 28.11.1997, p. 1).

CHAPTER V
Conclusion of contracts

Article 29

1. Contracts for the purchase or hiring of goods or for the provision of services shall be in writing.
2. All such contracts for which the estimated value equals or exceeds the thresholds set out in Council Directive 93/36/EEC of 14 June 1993 coordinating procedures for the award of public supply contracts ([4]) or Council Directive 92/50/EEC of 18 June 1992 relating to the coordination of procedures for the award of public service contracts ([5]) shall be concluded after an invitation to tender has been issued in accordance with the provisions of those Directives, including any further amendments which may be agreed to them (hereinafter the "Council Directives on public procurement procedures").
3. Contracts for which the estimated value of the contract in question does not exceed the thresholds set out in the Council Directives on public procurement procedures may be made by private treaty. In such cases, the Member States referred to in Article 25 shall none the less be bound, as far as possible and by all appropriate means, to enable suppliers who are likely to be able to supply the goods and services in question to compete.
4. Invitations to tender shall, as a general rule, be published by the General Secretariat of the Council on behalf of the Member States referred to in Article 25 in all the Member States.
5. The tendering procedures and selection and award criteria shall be determined and governed by the provisions of the Council Directives on public procurement procedures, as supplemented by the provisions of this Financial Regulation.
6. Every invitation to tender shall be prepared by the General Secretariat of the Council on behalf of the Member States referred to in Article 25 and shall, in particular:
   (a) specify the procedure for submitting tenders and stipulate how they are to be

([4]) Stjtíð. EB L 199, 9.8.1993, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 209, 24.7.1992, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 97/52/EB Evrópuþingsins og ráðsins (Stjtíð. EB L 328, 28.11.1997, bls. 1).

þ.m.t. einkum krafa um að nota staðlað svareyðublað;

b) vísa til almennra skilyrða sem gilda um viðkomandi samning (birgðir eða þjónustu), þar sem við á, og til skjala sem í er að finna skilyrði sem gilda sérstaklega um þennan tiltekna samning;

c) vera ákvæði um að innsent tilboð feli í sér að viðkomandi skilyrði séu samþykkt;

d) tilgreina skilmála um eftirlit, þar sem við á, sem settir skulu fram í smáatriðum ef búast má við skoðunum á staðnum;

e) tilgreina það tímabil sem tilboð gildir og má bjóðandi í engu breyta því á þeim tíma;

f) tilgreina viðurlög við vanefndum á samningnum;

g) tilgreina þær upplýsingar sem verða að koma fram á vörureikningum (eða í viðeigandi fylgiskjölum);

h) banna öll samskipti milli aðstoðarframkvæmdastjóra og starfsfólks hans, fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr., fulltrúa ríkisstjórna Íslands og Noregs og bjóðenda um málefni sem varða þetta útboð nema í sérstökum undantekningartilvikum og með eftirfarandi skilyrðum:

áður en frestur til að gera tilboð rennur út:

(i) fyrir tilstuðlan bjóðenda:
viðbótarupplýsingar, sem þjóna þeim eina tilgangi að skýra eðli útboðsins, er heimilt að veita öllum bjóðendum;

(ii) fyrir tilstuðlan aðstoðarframkvæmdastjóra:
verði aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., Ísland eða Noregur eða aðalskrifstofa ráðsins vör við villu, ónákvæmni, að eitthvað hafi fallið brott eða misritun í texta útboðs er aðalskrifstofunni heimilt, á sama hátt og gildir um upprunalega útboðið, að tilkynna viðkomandi aðilum um það;

presented, including, in particular, any requirement as to the use of a standard reply form;

(b) make reference to the general conditions applicable to the contract concerned (supplies or services), where appropriate, and to any document containing conditions specifically applicable to the particular contract concerned;

(c) include a clause stating that the submission of a tender implies acceptance of the relevant conditions;

(d) specify the terms under which an inspection may be made, where appropriate, to be set out in detail in the case of on-the-spot inspections;

(e) specify the period during which a tender will remain valid and may not be varied in any respect;

(f) specify the penalties for failure to comply with the provisions of the contract;

(g) specify the details which must be contained in the invoices (or in the relevant supporting documents);

(h) prohibit any contact between the Deputy Secretary-General and his staff, representatives of the Governments of the Member States referred to in Article 25, representatives of the Governments of Iceland and Norway and tenderers on matters related to that invitation to tender save, by way of special exception, under the following conditions:
before the closing date for the submission of tenders:
(i) at the instance of tenderers:
additional information solely for the purpose of clarifying the nature of the invitation to tender may be communicated to all tenderers;
(ii) at the instance of the Deputy Secretary-General:
if the Member States referred to in Article 25, or Iceland and Norway, or the General Secretariat of the Council notice an error, a lack of precision, an omission or any other type of clerical defect in the text of the invitation to tender, the General Secretariat may, in a manner identical with that applicable in respect of the original invitation to tender, inform the persons concerned accordingly;

(iii) eftir að tilboð hafa verið opnuð og að tilstuðlan aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr., Íslands eða Noregs eða aðalskrifstofu ráðsins, er aðalskrifstofu heimilt að hafa samband við bjóðanda ef þörf er á einhverjum skýringum í tengslum við tilboð eða nauðsynlegt er að leiðrétta augljósar misritanir í tilboði.

30. gr.

Í öllum tilvikum sem samskipti eiga sér stað samkvæmt skilyrðunum, sem kveðið er á um í hlið 6. mgr. 29. gr., skal útbúa „athugasemd með málsskjölum" og slíkra samskipta getið í skýrslu sem svo er lögð fyrir ráðgjafarnefndina, sem um getur í 36. gr.

31. gr.

Engum ríkisborgara aðildarríkjanna, Íslands eða Noregs skal mismunað á grundvelli þjóðernis að því er varðar samninga sem aðstoðarframkvæmdastjóri gerir fyrir hönd aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr.

32. gr.

Þar sem almenn skilyrði gilda um fyrirhugaðan samning skulu þau fylgja útboði. Skjöl sem innihalda skilyrði, sem gilda sérstaklega um þennan tiltekna samning, skulu einnig fylgja.

33. gr.

Bjóðendur geta sent inn tilboð með eftirfarandi hætti:

a) með pósti:
þá verður að koma fram í útboði að litið sé svo á að tilboði sé skilað inn á þeim degi sem það er póstlagt, í samræmi við það sem fram kemur á póststimpli. Tilboð verður að senda í ábyrgðarpósti, eða;

b) tilboð eru afhent persónulega á aðalskrifstofu ráðsins annaðhvort beint eða af einhverjum umboðsmanni bjóðanda, þ.m.t. með persónulegri sendiboðaþjónustu:
þá verður að koma fram í útboðinu hvaða dag beri að skila inn tilboðum og tilgreina þá deild aðalskrifstofu ráðsins þar sem þau skulu afhent gegn undirritaðri og dagsettri kvittun.

Dagsetning skal vera hin sama í báðum tilvikum.

(iii) after the tenders have been opened and at the instance of the Member States referred to in Article 25, Iceland or Norway, or the General Secretariat of the Council, if some clarification is required in connection with a tender, or if obvious clerical errors contained in the tender must be corrected, the General Secretariat may contact the tenderer.

Article 30

In every case where contact has been made under the conditions provided for in Article 29(6)(h), a "Note for the file" shall be drawn up and such contact shall be mentioned in the report to be submitted subsequently to the Advisory Committee referred to in Article 36.

Article 31

No discrimination shall be practised between nationals of Member States and of Iceland and Norway on grounds of nationality in respect of contracts entered into by the Deputy Secretary-General on behalf of the Member States referred to in Article 25.

Article 32

Where there are general conditions applicable to the proposed contract, they shall be attached to the invitation to tender. Any document containing conditions specifically applicable to the particular contract concerned shall also be attached.

Article 33

Tenderers may submit tenders:

(a) by post:
in which case the invitation to tender must specify that the relevant date shall be that on which the tender is posted, as evidenced by the postmark. Tenders submitted by post must be registered; or

(b) by hand-delivery to the Council General Secretariat direct or by any agent of the tenderer, including private messenger services:
in which case the invitation to tender must state the date by which tenders must be submitted and specify the department within the Council General Secretariat to which they must be delivered against a signed and dated receipt.

The date must be the same in both cases.

Til að viðhalda leynd og komast hjá ýmsum vandamálum skal eftirfarandi ákvæði vera í útboði:

„Tilboðum skal skilað í innsigluðu umslagi inni í öðru innsigluðu umslagi. Á innra umslaginu skal vera, auk heitis deildarinnar, sem það er stílað á, eins og tilgreint er í útboði, orðin „Útboð – opnist ekki af skjalamóttöku". Séu notuð sjálflímandi umslög skal innsigla þau með límbandi og sendandi rita nafn sitt þvert yfir límbandið."

34. gr.

Öll tilboð skulu opnuð.

Tilboðin skulu opnuð samtímis af nefnd sem aðstoðarframkvæmdastjóri skipar í þeim tilgangi. Í henni eiga sæti þrír háttsettir embættismenn frá ólíkum skrifstofum innan aðalskrifstofu ráðsins. Tilkynna ber bókara um opnun tilboða. Bókari, eða fulltrúi hans, skal vera viðstaddur sem áheyrnarfulltrúi.

Nefndin skal taka saman skýrslu um opnun tilboða og skulu allir nefndarmenn undirrita hana.

A.m.k. einn nefndarmanna skal setja upphafsstafi sína á hverja blaðsíðu hvers tilboðs. Nefndin skal skrá niður tilboð sem borist hafa og einkum telja upp öll skjöl sem berast frá hverjum bjóðanda í tengslum við tilboð hans.

35. gr.

Öll tilboðin skulu metin af aðildarríkjunum, sem um getur í 25. gr., Íslandi og Noregi. Til þess bær embættismaður á aðalskrifstofu ráðsins, sem tilnefndur er af fjármálastjóra, eða varamaður, einnig tilnefndur af fjármálastjóra, skal leggja skýrslu, sem samþykkt hefur verið einróma af þessum ríkjum, fyrir ráðgjafarnefndina, sem um getur í 36. gr.

Í þessari skýrslu skulu einkum koma fram:

a) ástæður fyrir því ef eitthvert tilboðanna var útilokað;
b) tæknilegt og fjárhagslegt mat á hverju tilboði, þ.m.t. samanburðartafla á einingarverði;
c) ástæður fyrir valinu á þeim bjóðanda sem mælt er með.

In order to maintain secrecy and to avoid any difficulties, the invitation to tender must include a provision as follows:

"Tenders must be submitted in a sealed envelope itself enclosed within a second sealed envelope. The inner envelope shall bear, in addition to the name of the department to which it is addressed, as indicated in the invitation to tender, the words 'Call for tenders - Not to be opened by the Registry'. If self-adhesive envelopes are used they must be sealed with adhesive tape and the sender must sign across this tape."

Article 34

Every tender must be opened.

The tenders shall be opened together by a committee appointed for this purpose by the Deputy Secretary-General. It shall be composed of three high level officials from different directorates of the Council General Secretariat. The financial controller must be informed of the opening of the tenders. The financial controller or his representative shall be present as an observer.

The committee shall draw up a report of the opening of the tender, to be signed by all its members.

Each page of each tender shall be initialled by at least one member of the committee. The committee shall make a written record of the tenders received, listing, in particular, all the documents which have been received from each tenderer in connection with the tender.

Article 35

Every tender shall be assessed by the Member States referred to in Article 25, together with Iceland and Norway. A report, approved unanimously by these States, shall be presented by the competent official within the Council General Secretariat designated by the authorising officer or by an alternate, also designated by the authorising officer, to the Advisory Committee referred to in Article 36.

This report shall include in particular:

(a) a statement of the reasons for the elimination of any of the tenders;
(b) a technical and financial assessment of each tender, including a comparative table of unit prices;
(c) the grounds for the choice of tenderer recommended.

36. gr.

Samningar sem aðstoðarframkvæmdastjóri gerir fyrir hönd aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr., og viðkomandi fulltrúar fyrir hönd Íslands og Noregs, eftir að útboð hefur verið birt, skulu fyrst lagðir fyrir ráðgjafarnefnd um innkaup og samninga til álits.

Article 36

Contracts to be concluded by the Deputy Secretary-General on behalf of the Member States referred to in Article 25 and by the appropriate representatives of Iceland and Norway after an invitation to tender has been issued shall first be submitted for the opinion of an Advisory Committee on procurements and contracts.

37. gr.

Í ráðgjafarnefndinni, sem um getur í 36. gr., skal sitja einn fulltrúi frá hverju aðildarríki, sem um getur í 25. gr., auk eins fulltrúa frá Noregi og eins frá Íslandi. Aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., ásamt Íslandi og Noregi, skulu tryggja að fulltrúarnir, sem valdir eru, búi yfir viðeigandi sérfræðikunnáttu í upplýsingatækni og/eða á fjármála- og/eða lögfræðisviði. Fulltrúarnir mega ekki hafa tekið þátt í mati á málsskjölum sem lögð eru fyrir ráðgjafarnefndina. Fulltrúi bókara skal vera viðstaddur sem áheyrnarfulltrúi.

Ráðgjafarnefndin skal, með einföldum meirihluta, kjósa sér formann og varaformann meðal nefndarmanna.

Ráðgjafarnefndin skal skila áliti um það hvort málsmeðferðin, sem leiðir til vals á bjóðanda, sé eins og vera ber og um fyrirhugaða samningsskilmála almennt.

Öllum öðrum vandamálum varðandi viðfangefni þessa kafla má vísa til fyrrnefndrar ráðgjafarnefndar til álits.

Ráðgjafarnefndin skal leitast við að ná fullri samstöðu um álit sitt. Náist ekki full samstaða skal ráðgjafarnefndin samþykkja álit með einföldum meirihluta nefndarmanna. Þess er krafist að 11 sæki fund til að hann teljist lögmætur. Falli atkvæði jafnt er atkvæði formanns úrslitaatkvæði.

Aðalskrifstofa ráðsins skal veita ráðgjafarnefndinni þá skrifstofuþjónustu sem þörf er á.

Article 37

The Advisory Committee referred to in Article 36 shall include one representative from each Member State referred to in Article 25, together with one representative from each of Norway and Iceland. The Member States referred to in Article 25, together with Iceland and Norway, shall ensure that the representatives selected have adequate expertise in informatics and/or financial matters and/or legal matters. Representatives must not have participated in the assessment of the files to be submitted to the Advisory Committee. A representative of the financial controller shall be present as observer.

The Advisory Committee shall, by simple majority, elect a Chairman and a deputy Chairman from among its representatives.

The Advisory Committee shall deliver an opinion as to whether the procedure leading to the selection of tenderer is in order and, in general, on the proposed terms of the contract.

Any other problem concerning the matter forming the subject of this chapter may be referred to the said Advisory Committee for an opinion.

The Advisory Committee shall endeavour to adopt its opinions by consensus. If such consensus is not possible, the Advisory Committee shall adopt its opinions by a simple majority of its representatives. A quorum of 11 shall be required for the proceedings to be valid. In the event of a tied vote, the Chairman shall have the casting vote.

The General Secretariat of the Council shall provide secretarial assistance to the Advisory Committee as necessary.

38. gr.

Ráðgjafarnefndin setur sér starfsreglur sem eru hliðstæðar við starfsreglur ráðgjafarnefndar Evrópuráðsins um innkaup og samninga.

Article 38

The Advisory Committee shall draw up its own rules of procedure, by analogy with the rules of procedure of the Advisory Committee on Procurements and Contracts of the Council of the European Union.

39. gr.

Ráðgjafarnefndin skal, sem ráðgefandi aðili eingöngu, gefa álit sitt um:

a) allar tillögur að samningum um birgðir eða þjónustu, þ.m.t. athuganir, sem eru að verðmæti jafnháir eða hærri en viðmiðunarmörkin í tilskipunum ráðsins um reglur um opinber innkaup;
b) allar tillögur að viðbótarsamningum við samning, sem um getur í a-lið, ef verulegar breytingar eiga sér stað, einkum ef áhrif slíks viðbótarsamnings myndu leiða til þess að fjárhæð upprunalega samningsins breyttist;
c) allar tillögur að viðbótarsamningum, sem hafa þau áhrif að færa heildarupphæð samnings, sem þegar hefur verið gerður, upp fyrir viðmiðunarmörkin sem um getur í a-lið;
d) vafamál sem upp koma við gerð eða efndir samninga (t.d. afpantanir, beiðnir um að fella niður viðurlög vegna seinkunar á efndum, frávik frá sérstökum og almennum samningsskilyrðum), ef málið er nægilega alvarlegt til að réttlæta að beðið sé um álit;
e) tillögur að samningum þar sem samningsfjárhæð er lægri en viðmiðunarmörkin, sem um getur í a-lið, að beiðni eins aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr., Íslands eða Noregs eða nefndarmanns ráðgjafarnefndarinnar eða aðstoðarframkvæmdastjóra ef þeir telja að slíkir samningar feli í sér vafamál um meginreglu eða þeir séu sérstaks eðlis.

40. gr.

Málum, sem borin eru undir ráðgjafarnefndina til álits skv. b- til e-lið 39. gr., skal einnig fylgja skýrsla, samþykkt samhljóða af aðildarríkjunum sem um getur í 25. gr., sem og Íslandi og Noregi.

41. gr.

Álit ráðgjafarnefndarinnar skal undirritað af formanni hennar. Til að forðast seinkun á ferlinu vegna íhlutunar ráðgjafarnefndarinnar, geta aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., sem og Ísland og Noregur, ef þau telja það nauðsynlegt, sett sanngjarnan frest til að skila áliti. Álit skal sent

Article 39

The Advisory Committee shall be required to give its opinion, in a purely advisory capacity, on:

(a) all proposed contracts for supplies or services, including studies, for which the estimated value equals or exceeds the thresholds in the Council Directives on public procurement procedures;
(b) any proposed agreement supplementary to any contract as referred to in point (a) whenever there are significant changes, particularly when the effect of such supplementary agreement would be to alter the amount involved in the original contract;
(c) any proposed supplementary agreement the effect of which would be to raise the total amount involved in a contract already concluded above the thresholds referred to in point (a);
(d) questions arising at the time of conclusion or in the course of performance of contracts (e.g. cancellation of orders, requests for remission of penalties for delay, departures from the specifications and general conditions of contract), should the matter be sufficiently serious to justify a request for an opinion;
(e) at the request of one of the Member States referred to in Article 25 or of Iceland or Norway, or of a member of the Advisory Committee, or of the Deputy Secretary-General, proposed contracts involving an amount below the thresholds referred to in point (a), where they consider that such contracts involve questions of principle or are of a special nature.

Article 40

The files submitted to the Advisory Committee for an opinion pursuant to Article 39(b) to (e), shall also be accompanied by a report approved unanimously by the Member States referred to in Article 25, as well as Iceland and Norway.

Article 41

The opinions of the Advisory Committee shall be signed by its chairman. In order to avoid delays in the process as a result of the intervention of the Advisory Committee, the Member States referred to in Article 25, as well as Iceland and Norway, may, if they deem it necessary,

aðstoðarframkvæmdastjóra og aðildarríkjunum, sem um getur í 25. gr., sem og Íslandi og Noregi. Eftir að álit hefur verið vandlega tekið til umfjöllunar skulu aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., sem og Ísland og Noregur, taka samhljóða lokaákvörðun í málinu. Þegar ákvörðun hefur verið tekin skal samningurinn eða samningarnir, sem málið snýst um hverju sinni, gerðir af aðstoðarframkvæmdastjóra fyrir hönd aðildarríkjanna, sem um getur í 25. gr. og af viðkomandi fulltrúum Íslands og Noregs.

42. gr.

Aðalskrifstofa ráðsins skal tilkynna öllum bjóðendum um ákvörðunina sem tekin er um tilboð þeirra.

43. gr.

1. Heimilt er að gera samninga um greiðslu gegn reikningi eða vörureikningi ef áætlað verðmæti varanna eða þjónustunnar fer ekki yfir 2000 evrur.
2. Til að tryggja samningsefndir kann þess að vera krafist í tryggingarákvæði að birgjar, verktakar eða þjónustuveitendur leggi fram tryggingu fyrir fram. Slík trygging verður ekki aðeins að vera fyrir hendi allt tryggingartímabilið heldur einnig nógu lengi til að ganga megi að tryggingunni. Tryggingin skal, að jafnaði, vera greiðsla í evrum inn á bankareikning sem stofnaður er sérstaklega í þessu skyni í nafni aðalskrifstofu ráðsins. Slíka tryggingu má einungis leggja inn á óbundinn innlánsreikning eða skammtímainnlánsreikning í evrum, hjá lánastofnun sem fellur í fyrsta flokk.
3. Fjárhæð tryggingarinnar skal ákveðin samkvæmt hefðbundnum skilyrðum og skilmálum í viðskiptum.
4. Skylt verður að leggja fram slíka tryggingu ef verðmæti viðkomandi samnings er jafnt eða meira en sett viðmiðunarmörk í tilskipunum ráðsins um reglur um opinber innkaup.

5. Í stað þessarar tryggingar getur komið sameiginleg og óskipt persónuleg skuldarábyrgð þriðju aðila sem gjaldkeri samþykkir. Ábyrgðin skal að jafnaði vera í evrum og lúta sömu reglum og tryggingin, sem um getur í 2. mgr.

impose a reasonable deadline by which an opinion must be furnished. Opinions shall be communicated to the Deputy Secretary-General and to the Member States referred to in Article 25, as well as to Iceland and Norway. Following due consideration of that opinion, the Member States referred to in Article 25, as well as Iceland and Norway, shall take a final decision on the case by unanimity. Once that decision has been taken, the contract or contracts which form the subject of each case shall be concluded by the Deputy Secretary-General on behalf of the Member States referred to in Article 25 and by the appropriate representatives of Iceland and Norway.

Article 42

All the tenderers shall be informed by the General Secretariat of the Council of the decision taken with regard to their tenders.

Article 43

1. Contracts may be made against an invoice or bill of costs where the expected value of the goods or services does not exceed EUR 2000.

2. By way of guarantee of the performance of contracts, suppliers, contractors or providers of services may be required by a warranty clause to make a preliminary deposit. Such deposit must cover not only the entire period of the guarantee but also a period long enough to allow the guarantee to be invoked. The deposit must, in principle, consist of a payment in euro made to a bank account specifically opened for that purpose in the name of the General Secretariat of the Council. Such deposit may only be lodged with a first-class credit institution in a sight- or short-term deposit account denominated in euro.
3. The amount of the deposit shall be fixed according to the usual trade terms and conditions.
4. The provision of such security shall be obligatory where the value of the contract concerned equals or exceeds the thresholds set out in the Council Directives on public procurement procedures.
5. This security may be replaced by a joint and several personal guarantee given by a third party approved by the accounting officer. The guarantee shall, in principle, be denominated in euro and must comply with the same rules as the guarantee referred to in paragraph 2.

6. Ef ekki er staðið við samning eða samningsefndum seinkar skal aðstoðarframkvæmdastjóri tryggja að aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., sem og Ísland og Noregur, fái viðunandi bætur fyrir allt tjón, vexti og kostnað, er dragist frá tryggingarfénu, hvort sem það hefur verið greitt beint af birgi eða verktaka eða af þriðja aðila.

6. Where a contract has not been performed or completion has been late, the Deputy Secretary-General shall ensure that the Member States referred to in Article 25, as well as Iceland and Norway, are adequately compensated in respect of all damages, interests and costs by the deduction of the amount from the deposit, whether this has been lodged directly by the supplier or contractor or by a third party.

44. gr.

Auk hefðbundinna fylgiskjala með fyrstu greiðslufyrirmælum, sem samin eru samkvæmt samningi þar sem þess er krafist að lögð sé fram trygging, skal fylgja afrit af kvittun fyrir greiðslu tryggingarinnar, staðfest af gjaldkera, eða afrit af yfirlýsingu stofnunarinnar eða þriðja aðila sem leggur fram tryggginguna, staðfest af gjaldkera.

Article 44

The usual supporting documents accompanying the first order to pay drawn up pursuant to a contract requiring the provision of a deposit shall be supplemented by a copy, certified true by the accounting officer, of the receipt issued when the deposit was paid, or by a copy, certified true by the accounting officer, of a declaration from the establishment or third party providing the guarantee.

45. gr.

Aðstoðarframkvæmdastjóra ber að endurgreiða innistæðuna eða skila ábyrgðunum, sem um getur í 43. gr. og settar voru í þess stað, í samræmi við ákvæði gildandi samnings eða ábyrgðar, nema ekki sé staðið við samning eða samningsefndum seinki, eins og um getur í 6. mgr. 43. gr.

Article 45

Deposits shall be repaid, or the guarantees referred to in Article 43 given in place thereof released, by the Deputy Secretary-General in accordance with the provisions of the applicable contract or guarantee, except in cases of non-performance or late performance as referred to in Article 43(6).

VI. KAFLI
Framsetning og endurskoðun reikninga.

CHAPTER VI
Presenting and auditing the accounts

46. gr.

1. Aðstoðarframkvæmdastjóri skal, innan tveggja mánaða frá lokum framkvæmdartímabils fjárhagsáætlunarinnar, gera tekju- og útgjaldareikning og efnahagsreikning og senda SIS-vinnuhópnum.
2. Tekju- og útgjaldareikningurinn skal taka til allra færslna á tekjum og útgjöldum á næstliðnu fjárhagsári. Hann skal lagður fram í sama formi og með sömu sundurliðun og fjárhagsáætlunin.
3. Eftirfarandi skal fylgja reikningnum:
   a) yfirlit yfir stöðu hvers ríkis, sem um getur í 25. gr., að því er varðar greiðslur fjárframlaga, og
   b) yfirlit yfir millifærslu fjárveitingar.

Article 46

1. The Deputy Secretary-General shall, within two months from the end of the budget implementation period, draw up a revenue and expenditure account and a balance sheet and transmit them to the SIS Working Group.
2. The revenue and expenditure account shall cover all revenue and expenditure transactions relating to the preceding financial year. It shall be submitted in the same form and following the same subdivisions as the budget.
3. The following shall be attached to the account:
   (a) a statement showing the situation of each of the States referred to in Article 25 as regards payment of its financial contribution, and
   (b) an appropriation transfer statement.

4. Á efnahagsreikningi skulu koma fram eignir og skuldir skv. fjárhagsáætlun 31. desember á næstliðnu fjárhagsári.

47. gr.

1. Endurskoðunarrétturinn skal fá reikningana til endurskoðunar.
2. Aðstoðarframkvæmdastjóri skal senda Endurskoðunarréttinum tekju- og útgjaldareikninginn, svo og efnahagsreikninginn, eigi síðar en 15 dögum frá lokum tímabilsins, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 46. gr.
3. Markmiðið með endurskoðun Endurskoðunarréttarins skal vera að staðfesta að allar tekjur hafi verið mótteknar og stofnað til allra útgjalda á lögmætan og eðlilegan hátt í samræmi við samningana, sem eru reknir, fjárhagsáætlun og þessa fjárhagsreglugerð.
4. Aðstoðarframkvæmdastjóri skal greiða götu Endurskoðunarréttarins á allan þann hátt sem hann telur nauðsynlegt til að hann geti sinnt starfi sínu.

48. gr.

Tekju- og útgjaldareikningurinn, efnahagsreikningurinn og skýrsla Endurskoðunarréttarins, ásamt athugasemdum aðstoðarframkvæmdastjóra, þar sem við á, skulu lögð fyrir ríkin, sem um getur í 25. gr., eigi síðar en 1. júlí. Aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., koma saman í ráðinu og skulu leysa aðstoðarframkvæmdastjóra undan ábyrgð á því að farið sé að fjárhagsáætlun.

VII. KAFLI
Lokaákvæði.

49. gr.

Verði ákvæði Schengen-gerðanna varðandi Schengen-upplýsingakerfið tekin upp hjá öðru ríki en þeim, sem um getur í 25. gr., (hér á eftir nefnt „annað ríki"), hefur það í för með sér:

a) breytt hlutfall á framlagi ríkjanna, sem um getur í 25. gr., sem mælt er fyrir um í 26. gr.;
b) aðlögun á framlögum ríkjanna, sem um getur í 25. gr., til að ákveða megi það framlag sem öðru ríki ber að greiða til reksturs Sisnet fyrir sama fjárhagsár í heild;
c) aðlögun á framlögum ríkjanna, sem um getur í 25. gr., til að ákveða megi það hlutfall af fyrri kostnaði við uppsetningu Sisnet sem annað ríki skal greiða. Þetta

4. The balance sheet shall show the budget assets and liabilities as at 31 December of the preceding financial year.

Article 47

1. The Court of Auditors shall be asked to audit the accounts.
2. The Deputy Secretary-General shall forward the revenue and expenditure account and the balance sheet to the Court of Auditors within 15 days following the period laid down in Article 46(1).
3. The purpose of the audit by the Court of Auditors shall be to establish that all revenue has been received and all expenditure incurred in a lawful and regular manner in accordance with the contracts to be managed, the budget and this Financial Regulation.
4. The Deputy Secretary-General shall provide the Court of Auditors with every facility it may consider necessary in order to carry out its task.

Article 48

The revenue and expenditure account, balance sheet and report by the Court of Auditors, accompanied where appropriate by the Deputy Secretary-General's comments, shall be submitted by 1 July to the States referred to in Article 25. The Member States referred to in Article 25, meeting within the Council, shall give a discharge to the Deputy Secretary-General in respect of the budget's implementation.

CHAPTER VII
Final provisions

Article 49

The introduction of the provisions of the Schengen acquis concerning the Schengen information system for a State other than those referred to in Article 25 (hereinafter referred to as "other State") shall entail:

(a) readjustment of the share of contributions of the States referred to in Article 25 as laid down in Article 26;
(b) adjustment of the contributions of the States referred to in Article 25 in order to establish the contribution payable by the other State to the operation of Sisnet for the whole of the current financial year;
(c) adjustment of the contributions of the States referred to in Article 25 in order to establish the proportion of earlier Sisnet installation costs to be borne by the other

hlutfall skal reiknað út á grundvelli virðisaukaskattstekna annars ríkis af heildarvirðisaukaskattstekjum Evrópubandalaganna á fyrri fjárhagsárum þegar stofnað var til nauðsynlegs kostnaðar við uppsetningu á Sisnet . Gefin er út „inneignarnóta“ til ríkjanna, sem um getur í 25. gr., fyrir framlagi þeirra, í samræmi við þeirra hluta eins og þeir eru reiknaðir út skv. 26. gr. Hin ríkin geta valið um hvort þau láta fjárhæðina ganga upp í þeirra hluta af fjárhagsáætluninni eða krefjast endurgreiðslu.

State. This percentage shall be calculated on the basis of the ratio of the VAT resources paid by the other State to the total VAT resources of the European Communities for the earlier financial years in which the necessary Sisnet installation costs have been incurred. The percentage contribution shall be the subject of a "credit note" to the States referred to in Article 25 for an amount pro rata to their share as calculated in accordance with Article 26. The other States may choose to allocate the amount concerned towards their share of the budget or request reimbursement.

50. gr.

1. Þessi fjárhagsreglugerð gildir um samþykkt fjárhagsáætlunar að því er varðar tekjur þær og útgjöld sem nauðsynleg eru til að uppfylla skuldbindingar sem leiðir af hverri aðgerð skv. 1. gr. ákvörðunar 1999/870/EB á fjárhagsári því sem reglugerð þessi öðlast gildi.

2. Þrátt fyrir 8. gr. og með hliðsjón af fjárlögunum, sem um getur í 1. mgr., skal aðstoðarframkvæmdastjóri ráðsins senda SIS-vinnuhópnum bráðabirgðadrög að fjárhagsáætlun eins fljótt og unnt er eftir samþykkt þessarar fjárhagsreglugerðar. Eftir að SIS-vinnuhópurinn hefur skilað áliti sínu og að lokinni gerð draganna að fjárhagsáætlun skulu aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., koma saman í ráðinu og samþykkja fjárhagsáætlunina í ráðinu án tafar.

3. Þrátt fyrir 28. gr. og með hliðsjón af fjárhagsáætluninni, sem um getur í 1. mgr., ber aðildarríkjunum, sem um getur í 25. gr., að greiða framlög sín í samræmi við áætlun sem aðildarríkin, sem um getur í 25. gr., gera við samþykkt þessarar fjárhagsáætlunar.

Article 50

1. This Financial Regulation shall apply to the adoption of the budget with respect to the revenue and expenditure required to meet the obligations arising out of any action taken pursuant to Article 1 of Decision 1999/870/EC, for the financial year in which this Regulation enters into force.
2. By derogation from Article 8, for the purposes of the budget referred to in paragraph 1, the Deputy Secretary-General of the Council shall forward the preliminary draft budget to the SIS Working Group as soon as possible after the adoption of this Financial Regulation. Following the delivery of the opinion of the SIS Working Group and the establishment of the draft budget, the Member States referred to in Article 25, meeting within the Council, shall adopt the budget without delay.
3. By derogation from Article 28, for the purposes of the budget referred to in paragraph 1, the States referred to in Article 25 shall be required to pay their contribution in accordance with a schedule to be determined by the Member States referred to in Article 25 at the time of adoption of this budget.

51. gr.

1. Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er samþykkt.
2. Hún skal birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 27. mars 2000.

Fyrir hönd ráðsins,
F. Gomes
forseti

Article 51

1. This Decision shall take effect from the date of its adoption.
2. It shall be published in the Official Journal of the European Communities.

Done at Brussels, 27 March 2000.

For the Council
The President
F. Gomes

AUGLÝSING

um samning við Rússland um samstarf á sviði sjávarútvegs.

Samningur milli lýðveldisins Íslands og Rússneska sambandsríkisins um samstarf á sviði sjávarútvegs, sem gerður var í Moskvu 3. apríl 2000, öðlaðist gildi 4. september 2000. Sama dag féll úr gildi samningur milli ríkisstjórnar Sovétríkjanna og ríkisstjórnar Íslands um vísinda- og tæknisamvinnu og samráð á sviði sjávarútvegs og rannsókna á lifandi auðæfum hafsins sem gerður var 25. apríl 1977, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1977 þar sem sá samningur er birtur.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 20. september 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR
milli ríkisstjórnar lýðveldisins Íslands og ríkisstjórnar Rússneska sambandsríkisins um samstarf á sviði sjávarútvegs.

Ríkisstjórn lýðveldisins Íslands og ríkisstjórn Rússneska sambandsríkisins, hér á eftir nefndar „aðilar",

styðjast við yfirlýsinguna um grundvallarreglur í samskiptum Rússneska sambandsríkisins og lýðveldisins Íslands frá 1994,

gera sér ljós hin nánu samskipti Rússneska sambandsríkisins og lýðveldisins Íslands á sviði sjávarútvegs,

hafa hliðsjón af ákvæðum hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 1982 og ákvæða samnings um framkvæmd ákvæða hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna frá 10. desember 1982 um verndun deilistofna og víðförulla fiskstofna og stjórnun veiða úr þeim frá 1995,

taka tillit til þeirrar staðreyndar að hluti þeirra fiskveiðiauðlinda sem aðilar nýta eru sameiginlegir stofnar eða tengdir stofnar sem ganga út fyrir sérefnahagslögsögu ríkja þeirra, þar sem báðir aðilar hafa hagsmuna að gæta, og að virk verndun og skynsamleg stjórnun þessara stofna er ekki möguleg nema með samstarfi allra hlutaðeigandi aðila,

fagna núverandi samstarfi aðila á sviði vísindarannsókna, bæði á tvíhliða og marghliða grundvelli,

AGREEMENT
on Cooperation in Fisheries between the Government of the Republic of Iceland and the Government of the Russian Federation

The Government of the Republic of Iceland and the Government of the Russian Federation, hereinafter referred to as "the Parties",

guided by the Declaration on the Basic Principles of Relations between the Russian Federation and the Republic of Iceland of 1994,

noting the close relations between the Russian Federation and the Republic of Iceland in the fisheries sector,

taking into account the provisions of the 1982 United Nations Convention on the Law of the Sea and the provisions of the Agreement for the Implementation of the Provisions of the United Nations Convention on the Law of the Sea of 10 December 1982 relating to the Conservation and Management of Straddling Fish Stocks and Highly Migratory Fish Stocks of 1995,

taking into account the fact that a part of the fishery resources utilized by the Parties consists of common stocks or interrelated stocks which extend beyond their respective Exclusive Economic Zones of the States of the Parties and in which both Parties have a mutual interest, and that effective conservation and rational management of these stocks can only be achieved through cooperation between all the parties concerned,

noting their satisfaction with existing cooperation between the Parties in the field of scientific research, both on a bilateral and a multilateral basis,

vilja efla samstarf og upplýsingaskipti á sviði fiskveiðivísinda og -tækni, fiskveiðistjórnunar og -eftirlits og viðskipta með fisk, fiskafurðir og aðrar sjávarafurðir,

viðurkenna að fiskveiðar eru lífsnauðsyn á Íslandi og í strandhéruðum Rússlands,

vilja setja skilmála og skilyrði er lúta að samstarfi á sviði sjávarútvegs til hagsbóta fyrir báða aðila,

vilja efla vinsamleg samskipti Rússlands og Íslands,

og hafa orðið ásáttar um eftirfarandi:

1. gr.

Aðilar skulu starfa saman á jafnréttisgrundvelli á sviði sjávarútvegs til hagsbóta fyrir báða aðila og innleiða í því skyni með samningi þessum meginreglur og starfshætti fyrir slíkt samstarf.

2. gr.

1. Aðilar skulu starfa saman að verndun og skynsamlegri nýtingu lifandi auðlinda hafsins.
2. Aðilar skulu greiða fyrir samstarfi og upplýsingaskiptum á sviði hafrannsókna, einkum að því er varðar stofna sem halda sig og eru veiddir bæði innan sérefnahagslögsögu ríkis viðkomandi aðila og á aðliggjandi svæðum.
3. Aðilar skulu hafa samráð og skiptast á upplýsingum um fiskveiðar, stjórnun fiskveiða, eftirlit með fiskveiðum og fiskveiðitækni, þar á meðal um tækniframfarir í gerð veiðarfæra og smíði fiskiskipa, svo og um geymslu, flutning og vinnslu fiskafurða.
4. Aðilar skulu starfa saman á sviði menntunar í sjávarútvegi, meðal annars með námsstefnum, ráðstefnum og námskeiðum fyrir nema og sérfræðinga.

3. gr.

1. Aðilar skulu eiga viðræður um úthlutun veiðiheimilda til hvors aðila innan sérefnahagslögsögu ríkis hins aðilans.
2. Aðili skal veita fiskiskipum sem sigla undir fána ríkis hins aðilans aðgang til að veiða stofna innan þeirra aflaheimilda sem ákveðnar eru í viðræðum samkvæmt 1. mgr.

desiring to enhance their cooperation and exchange of information in the fields of fisheries science and technology, fisheries management and control, and trade in fish, fish products and other sea products,

recognizing the vital importance of fisheries for Iceland and for the coastal regions of Russia,

desiring to establish the terms and conditions pertaining to cooperation in fisheries of mutual interest to the Parties,

guided by the desire to strengthen the friendly relations between Russia and Iceland,

have agreed as follows:

Article 1

The Parties shall cooperate on a mutually beneficial and equal basis within the fisheries sector and for this purpose establish by this Agreement common principles and procedures for such cooperation.

Article 2

1. The Parties shall cooperate with respect to the conservation and rational utilization of the living resources of the sea.
2. The Parties shall facilitate cooperation and exchange of information in the field of marine scientific research, in particular with respect to stocks which occur and are utilized both within the Exclusive Economic Zone of the State of a Party and in adjacent areas.
3. The Parties shall consult and exchange information on fisheries, fisheries management and control, and fisheries technology, including technological aspects of improvement of fishing gear and fishing vessel construction, as well as on the storage, transport and processing of fisheries products.
4. The Parties shall cooperate in the field of fisheries education, including through seminars, conferences and training programmes for students and specialists.

Article 3

1. The Parties shall consult on the allocation of fishing possibilities for each Party within the Exclusive Economic Zone of the State of the other Party.
2. Each Party shall grant access to fishing vessels flying the flag of the State of the other Party to fish for stocks within the allocations which may be determined as a result of the consultations referred to in paragraph 1 of this Article.

3. Aðili skal tilkynna hinum aðilanum fyrirfram um málsmeðferð við athugun og útgáfu veiðileyfa og um fiskveiðireglugerðir og skilmála veiða í sérefnahagslögsögu ríkis hans.

4. gr.

Bært stjórnvald aðila skal senda bæru stjórnvaldi hins aðilans með góðum fyrirvara upplýsingar um nafn, skráningarnúmer og veiðarfæri svo og um önnur atriði er varða fiskiskip sem sækja um leyfi til fiskveiða innan sérefnahagslögsögu ríkis þess aðila. Gögn um sjálfar veiðarnar, eins og gert er ráð fyrir í löggjöf ríkis viðkomandi aðila, ber einnig að senda tímanlega.

5. gr.

1. Aðili skal gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fiskiskip er sigla undir fána ríkis hans, sem stunda fiskveiðar í sérefnahagslögsögu ríkis hins aðilans, fari að ákvæðum þessa samnings og lögum, reglum og reglugerðum um fiskveiðar í sérefnahagslögsögu ríkis þess aðila.

2. Aðila er heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir um vernd og skynsamlega nýtingu fiskstofna, í samræmi við þjóðarétt og landslög, reglur og fiskveiðireglugerðir um sérefnahagslögsögu ríkis hans, til að tryggja að fiskiskip sem sigla undir fána ríkis hins aðilans og veiða í sérefnahagslögsögu ríkis hans fari að ákvæðum þessa samnings.

6. gr.

1. Aðili skal veita samþykki fyrir því að opinberir starfsmenn hins aðilans, sem hafa til þess umboð, fari um borð í skip er sigla undir fána ríkis hans sem eru að veiðum innan sérefnahagslögsögu ríkis hins aðilans og skoði þau í samræmi við þjóðarétt og landslög, reglur og reglugerðir um sérefnahagslögsögu ríkis þess aðila. Verði menn þess áskynja að brotið hafi verið í bága við lög, reglur og fiskveiðireglugerðir sem um getur í 5. gr. þessa samnings skal aðili ekki bera fram mótmæli gegn því að opinberir starfsmenn hins aðilans grípi til viðeigandi aðgerða gegn hlutaðeigandi þegnum ríkis hans og

3. Each Party shall notify the other Party in advance of the procedure for consideration and issuance of fishing permits and of fishing regulations and terms of fishing in the Exclusive Economic Zone of its State.

Article 4

The competent authority of each Party shall communicate well in advance to the competent authority of the other Party the names, registration numbers, fishing gear and other particulars of the fishing vessels which apply for permits to fish within the Exclusive Economic Zone of the State of that other Party. The data on the fishing operations, as envisaged in the legislation of the State of each Party, shall also be communicated in a timely manner.

Article 5

1. Each Party, while fishing within the Exclusive Economic Zone of the State of the other Party, shall take appropriate measures with a view to ensuring compliance by the fishing vessels flying the flag of its State with the provisions of this Agreement and in accordance with laws, rules and regulations for fisheries in the Exclusive Economic Zone of the State of that other Party.
2. Each Party may, for the purpose of conservation and rational utilization of fish stocks and in conformity with international law and national laws, rules and fishing regulations for the Exclusive Economic Zone of its State, take such measures as may be necessary to ensure compliance with the provisions of this Agreement by fishing vessels flying the flag of the State of the other Party fishing within the Exclusive Economic Zone of its State.

Article 6

3. Ísland skal láta Úganda í té upplýsingar um menntun, fyrri starfsreynslu o.fl. sem nauðsynlegar teljast til mats á umsækjanda um þau störf sem vísað er til að framan.

4. Úganda og ÞSSÍ skulu sameiginlega ákveða að hve miklu leyti mótaðilar þess starfsliðs sem er til ráðstöfunar skulu vera lagðir til og vera í samræmi við lög og reglugerðir Úganda sem eru ekki í ósamræmi við ákvæði þessa samnings.
5. Starfslið skal í starfi sínu vera undir handleiðslu aðila, eins og lýst er nákvæmlega í starfsáætluninni, og hlíta þeim úgöndsku lögum og reglum sem eru ekki í ósamræmi við ákvæði þessa samnings.

6. Úganda skal tryggja að erlent starfslið, makar þess og einstaklingar á framfæri þess njóti fullrar lögverndar og enn fremur tryggja að starfsliðið, makar þess og einstaklingar á framfæri þeirra séu ætíð meðhöndluð á engan síðri hátt en starfslið sem ráðið er til Úganda af hálfu annarra þjóða eða alþjóðastofnana og innir af hendi svipuð störf. Ef til handtöku eða kyrrsetningar erlends starfsliðs, maka þeirra eða einstaklinga á framfæri þeirra, sem látið er í té af Íslands hálfu, kemur af einhverjum ástæðum, eða ef réttarhöld eiga að fara fram gegn slíkum einstaklingum, á strax að tilkynna það utanríkisráðuneyti Íslands, sem skal hafa rétt til að heimsækja hvern þann einstakling sem er kyrrsettur eða í haldi. Slíkur einstaklingur skal eiga rétt á að lögfræðingur, sem ráðinn er af utanríkisráðuneyti Íslands eða af einstaklingnum sjálfum, komi fram fyrir sína hönd.

7. Úganda skal leyfa starfsliði, mökum þess og einstaklingum á framfæri þess að yfirgefa landið á sama hátt og gildir um starfslið sem önnur lönd eða alþjóðastofnanir, sem sinna

The provision of the services of the abovementioned personnel (hereinafter referred to as the Personnel) is subject to the availability of suitable qualified and experienced persons at the appropriate time.

(2) Uganda shall provide Iceland with a complete job title and description for the Personnel engaged by Iceland and in other cases, as appropriate, defining the duties of the position to be held and services to be rendered as well as the essential and desirable qualifications of the candidate.

(3) Iceland shall provide Uganda with information necessary for the appraisal of the candidate for the positions referred to above, such as training and previous professional experience.

(4) Uganda and ICEIDA shall jointly decide to which extent counterparts to the Personnel made available shall be assigned and comply with the laws and regulations of Uganda, which are not inconsistent with the provisions of this Agreement.

(5) In carrying out their assignment the Personnel shall be under direction of the Parties as detailed in the Plan of Operations and comply with the laws and regulations of Uganda which are not inconsistent with the provisions of this Agreement.

(6) Uganda shall ensure that the expatriate Personnel and their spouses and dependants enjoy full protection of the law and further ensure that the Personnel and their spouses and dependants are always treated in a manner no less favorable than that enjoyed by personnel assigned to Uganda by other countries or international organizations performing similar duties. In the event of arrest or detention for any reason of expatriate Personnel made available by Iceland, or their spouses or dependants, or of criminal proceedings being instituted against such persons, the Ministry for Foreign Affairs of Iceland, is to be notified immediately and shall have the right to visit any detained or arrested person. Such person shall have the right to be represented by a lawyer assigned by the Ministry for Foreign Affairs of Iceland or by the person himself/herself.

(7) Uganda shall accord repatriation facilities to personnel and their spouses and dependants, equivalent to other Personnel assigned to Uganda by other countries or

líkum skyldum, ráða til Úganda. Kostnaður sem af þessu hlýst skal dreginn frá þeirri árlegu fjárhæð sem Ísland leggur til þróunarmála í Úganda.

8. Skyldu ástæður eða aðstæður skapast á þann hátt sem lýst er í 7. mgr. skulu hinar tvær ríkisstjórnir ráðgast hvor við aðra og starfa náið saman til að sem minnst hætta skapist á meiðslum erlends starfsliðs, maka þess og einstaklinga á framfæri þess og skemmdum á hlutum í einkaeign, efni, tækjum og ökutækjum sem notuð eru við framkvæmd verkefna samkvæmt þessum samningi.
9. Erlent starfslið, sem við viðsjárverðar kringumstæður hlítir fyrirmælum þeim sem utanríkisráðuneyti Íslands gefur út eða gerir á annan hátt þær varúðarráðstafanir sem brýnt er að gera við slíkar aðstæður og getur þar af leiðandi ekki innt skyldustörf sín af hendi, skal ekki vera sakað um vinnusvik þegar svo stendur á.

10. Úganda og Ísland skulu eiga rétt á að fara fram á heimkvaðningu sérhvers þess í starfsliðinu sem ekki er talinn skila vinnu sinni eða hagar sér á ófullnægjandi hátt. Áður en slíks réttar er neytt skulu ríkisstjórnirnar ráðgast hvor við aðra.
11. Ef svo um semst milli beggja aðila má flytja starfslið á milli staða eða flytja það til í starfi meðan á ráðningartíma stendur.

12. Ísland skal greiða alla þóknun, laun og kostnað starfsliðsins í samræmi við reglur og reglugerðir ÞSSÍ nema slíkur kostnaður sé borinn af Úganda á þann veg sem áskilið er í 13. mgr.
13. Með tilliti til starfsliðsins, og sé það viðeigandi í samræmi við starfsáætlun, skal Úganda:
    a) leggja til og bera kostnað af innlendri aðstoð vegna starfa starfsliðsins, þar með talið hentugri skrifstofu- og/eða rannsóknastofuaðstöðu með öllum venjulegum þægindum og símaþjónustu til opinberra nota; og
    b) veita starfsleyfi og leyfa fjarveru vegna sumarleyfa, veikinda, þungunar eða fæðingar í samræmi við tilsvarandi ráðningarsamninga.
14. Úganda ábyrgist að erlendu starfsliði, mökum þess og einstaklingum á framfæri þess:

international organizations performing similar duties. The costs thus incurred shall be credited to the annual amounts made available by Iceland to Uganda for development purposes.

(8) Should a situation or a condition referred to in paragraph 7 occur, the two Governments shall consult with each other and act in close collaboration to minimize any risk of injury to the expatriate Personnel, their spouses and dependants, or damage to the personal effects and materials, equipment and vehicles used for the implementation of Projects under this Agreement.

(9) Expatriate Personnel acting in accordance with instructions issued by the Ministry for Foreign Affairs of Iceland in the event of a crisis or otherwise taking such precautions as are deemed to be warranted under the circumstances, and thus being restrained from reporting for work, shall not be considered to be in dereliction of duty under relevant contract.

(10) Uganda and Iceland shall have the right to request the recall of any member of the Personnel whose work or conduct is deemed unsatisfactory. Before exercising such right both Governments shall consult with each other.

(11) If agreed upon by both parties the personnel may be transferred from one post or function to another during the period of assignment.

(12) Iceland shall cover all fees, salaries, and costs of the Personnel, in accordance with ICEIDA's rules and regulations, unless covered by Uganda as stipulated in paragraph 13.

(13) In respect of the Personnel, where applicable in accordance with a Plan of Operations, Uganda shall:
    (a) provide and bear the costs of local support for the work of the Personnel including suitable office and/or laboratory space with all the normal facilities thereto and telecommunication for official purposes; and
    (b) grant leave and absence on account of vacation, sickness, pregnancy or childbirth, in accordance with the respective employment contracts.

(14) Uganda undertakes that the expatriate Personnel and their spouses and dependants are:

a) sé veitt undanþága frá herþjónustu og öðrum herskyldum;
b) sé heimilt að stofna bankareikninga sem undanþegnir séu sérhverjum þeim gjaldeyrishömlum á gjaldeyrisreikninga sem stofnað er til í Úganda og sé leyft að versla með og flytja út slíka fjármuni sem og hvern þann ágóða af sölu húsgagna, áhalda og hluta í einkaeign sem flutt eru inn og/eða seld í samræmi við ákvæði 15. mgr.; og
c) sé veitt undanþága frá kröfum um atvinnuskráningu og atvinnuleyfi.

15. Úganda skal gera ráðstafanir til að erlent starfslið, makar þess og einstaklingar á framfæri þess séu undanþegin:
a) tekjuskatti eða hverjum þeim beinu sköttum og álögum, þar með talið framlögum til almannatrygginga í Úganda, sem tengjast launum sem þeim eru greidd af Íslands hálfu fyrir þá þjónustu sem þau veita samkvæmt ákvæðum þessa samnings;
b) þeirri skyldu að gefa úgöndskum stjórnvöldum upp þær skatta- og fjármagnsyfirlýsingar vegna launa þeirra sem að framan greinir og krafist er af ríkisborgurum Úganda eða útlendingum með dvalarleyfi í Úganda; og
c) því að greiða tolla af heimilistækjum sínum og persónulegum eigum, þar með töldu einu vélknúnu ökutæki, sem hafa tilheyrt þeim og hafa verið notuð utan Úganda í eitt ár að flutningstíma frátöldum. Tollar af ökutækjum, sem þegar hafa verið greiddir, verða ekki endurgreiddir. Vélknúin ökutæki, sem eru keypt með tollfrjálsum hætti, skal tollafgreiða eftir á samkvæmt ákvæðum þessa samnings og er óheimilt að selja þau eða ráðstafa þeim með einhverjum hætti án fyrirframsamþykkis ríkisskattstjóra Úganda.

16. Úganda skal, í neyðartilvikum, auðvelda tollafgreiðslu sérstaks varnings til lækninga og heilsumatvæla, til einkanota starfsliðs, maka þess og einstaklinga á framfæri þess. Viðkomandi heilbrigðisyfirvöld skulu veita samþykki sitt fyrir slíku.

17. Úganda skal, án ótilhlýðilegra tafa og endurgjaldslaust, gefa út vegabréfsáritanir með ótakmarkaðri heimild til komu og brottfara til handa starfsliði, mökum þess og einstaklingum á framfæri þeirra, sem og dvalarleyfi, at-

(a) exempted from national service and other military obligations;
(b) entitled to open bank accounts, exempted from any currency or foreign exchange restrictions imposed on external funds introduced into Uganda, and allowed to exchange and to export such funds as well as any proceeds of household goods and personal effects imported and/or sold in accordance with the provisions of paragraph 15; and
(c) exempted from professional registration and license requirements.

(15) Uganda shall make provision for the exemption of the expatriate Personnel and their spouses and dependants from:
(a) personal income tax or any other direct tax or charge, including contributions to national social security schemes, in respect of any emoluments paid to them by Iceland for their service in Uganda under this Agreement;
(b) the duty to submit to Uganda authorities any tax or financial declarations required from the citizens of Uganda or aliens residing in Uganda for emoluments mentioned above; and
(c) payment of duty on household and personal effects, including one motor vehicle, owned and used outside Uganda for a period of twelve months excluding the period of shipment. No duty will be refunded on motor vehicles from duty paid stock. Under the provision of this agreement a motor vehicle acquired duty free shall be subject to post clearance control and may not be sold or in any way disposed of without prior approval of the Commissioner General of the Uganda Revenue Authority.

(16) In cases of urgency, Uganda shall facilitate the entry through customs of special medical supplies and health foods for the personal use of the personnel, their spouses and dependants. The approval thereof shall be given by the appropriate health authority.

(17) Uganda shall issue without undue delay free multiple entry and exit visas for the expatriate Personnel and their spouses and dependants as well as residence permits, work permits and other necessary and/or

vinnuleyfi og/eða önnur nauðsynleg leyfi sem gilda skulu allan ráðningartímann.

18. Úganda skal liðka fyrir útgáfu úgandskra ökuskírteina til handa starfsliðinu, mökum þess og einstaklingum á framfæri þess eða leyfa notkun íslensks eða alþjóðlegs ökuskírteinis og liðka fyrir skráningu ökutækja til einkanota af hálfu starfsliðsins, maka þess og einstaklinga á framfæri þess.

19. Úganda skal ábyrgjast að framlög komi fram í áætlunum og fjárhagsáætlunum viðkomandi framkvæmdastofnana.

20. Almennri ábyrgð aðila á skipulagi, stjórnun og framkvæmd verkefna, þar með talin verk í hvaða flokki sem er, viðgerðir og viðhald bygginga, tækjabúnaður, varahlutir, varningur og efni sem völ er á samkvæmt þessum samningi, skal lýst nákvæmlega í starfsáætluninni.

21. Úganda skal:
    a) takast á hendur allar þær skuldbindingar, sem um getur í þessari grein, að því er varðar starfslið sem Ísland útvegar;
    b) takast á hendur allar þær skuldbindingar, sem um getur í þessari grein, að því er varðar ráðgjafa og verktaka sem Ísland útvegar; og
    c) veita öll nauðsynleg leyfi, innflutningsleyfi og gjaldeyrisleyfi sem kann að vera krafist í tengslum við framkvæmd verkefna.

22. Úganda skal tilkynna Íslandi án tafar ef upp koma aðstæður sem trufla eða stefna í hættu árangursríkri framkvæmd verkefnisins.

23. Úganda skal heimila fulltrúum Íslands að koma í heimsókn hvert sem er í Úganda, enda helgist tilgangur slíkra heimsókna af samningi þessum, og kanna allar skýrslur og skjöl sem máli skipta.

5. gr.
Bótaábyrgð.

1. Úganda skal:
    a) ábyrgjast sérhverjar bætur, lögsókn, málshöfðun, kröfur, skemmdir, kostnað eða útgjöld sökum dauða eða slyss á einstaklingum er tengist einhverri athöfn eða athafnaleysi af hálfu framkvæmdaaðila eða starfsliðs meðan á starfsemi samkvæmt þessum samningi stendur; og

authorizations for the entire duration of the assignment.

(18) Uganda shall facilitate the issuance of national driver's licenses to the Personnel and their spouses and dependants or allow the use of Icelandic or international driver's licenses and facilitate the registration of vehicles for the personal use of the Personnel and their spouses and dependants.

(19) Uganda shall ensure that disbursements are reflected in the plans and budgets of the relevant implementing institution;

(20) the overall responsibility of the Parties in the planning, administration and implementation of the Project, including all categories of work, repair and maintenance of buildings, equipment, spare parts, goods and materials made available under this Agreement, shall be detailed in the Plan of Operations;

(21) Uganda shall;
    (a) undertake all such obligations in regard to Personnel provided by Iceland as stated in this Article;
    (b) undertake all such obligations as stated in this Article, in regard to consultants and contractors made available by Iceland; and
    (c) grant all necessary permits, import licenses and foreign exchange permissions that may be required in connection with the implementation of the Projects.

(22) Uganda shall promptly inform Iceland of any condition which interferes or threatens to interfere with the successful implementation of the Projects.

(23) Uganda shall permit representatives of Iceland to visit any part of Uganda for purposes related to this Agreement and examine any relevant records and documents.

Article V
Liability

(1) Uganda shall:
    (a) be responsible for all liabilities, suits, actions, demands, damages, costs, or fees on account of death or injury to persons connected with any act or omission by the Executing Agencies or the Personnel in the course of the operations under this Agreement; and

b) í öllum öðrum tilvikum, nema um sé að ræða misferli eða stórfellt gáleysi, ekki gera framkvæmdaaðila og starfslið ábyrg fyrir bótakröfu, sem og bera alla áhættu og kröfur sem stafa af, verða til vegna eða tengjast að öðru leyti einhverri framkvæmd samkvæmt þessum samningi, þar með talið rit- og talmáli við skyldustörf.

Skyldi hins vegar vera sýnt fram á misferli eða stórfellt gáleysi samkvæmt þessari málsgrein fyrir úgöndskum dómstólum getur Úganda látið viðkomandi einstakling bera ábyrgð á bótakröfu.

2. Ef Úganda sættist á kröfu, sem sett er fram skv. 1. mgr., á Úganda rétt á að nýta sérhvern þann rétt til uppjöfnunar, gagnkröfu, tryggingaskaðabóta, bótakröfu, framlaga eða ábyrgðar sem Ísland, framkvæmdaaðilar eða starfslið hefur rétt á að nýta sér.

(b) in all other cases, except in cases of willful misconduct or gross negligence, indemnify the Executing Agencies and the Personnel as well as bear all risks and claims resulting from, occurring in the course of, or otherwise connected with any operation under this Agreement, including words spoken or written in the course of the performance of their duties.

Should, however, willful misconduct or gross negligence under this paragraph be established by a Ugandan Court, Uganda may hold the person concerned liable for indemnification.

(2) In the event Uganda meets any claim under paragraph 1 it is entitled to exercise and enforce any right of set-off, counterclaim, insurance, indemnity, contribution or guarantee to which Iceland, the Executing Agencies or the Personnel may become entitled.

6. gr.
Varningur.

1. Í samningi þessum merkir „varningur" vöru, efni, ökutæki, vélar og tæki sem lögð eru til af Íslandi eða framkvæmdaaðilum í verkefni samkvæmt þessum samningi eða annan varning sem afhentur er Úganda samkvæmt starfsáætluninni.

2. Ísland skal, nema um annað sé samið í starfsáætluninni:
   a) greiða allan raunverulegan kostnað svo sem innkaup, flutning og, eins og hæfa þykir, tryggingar sem tengdar eru hverri vörusendingu varningsins;
   b) hafa umsjón með afhendingu varningsins til Úganda; og
   c) sjá til þess að framkvæmdaaðilar láti tilnefnda aðila í Úganda vita um áætlaðan komutíma vörusendinga um leið og þær eru sendar af stað, og senda farmbréf, reikninga og aðrar skyldar upplýsingar til þeirra.

3. Úganda skal, nema annað sé tekið fram í starfsáætluninni:
   a) tilkynna Íslandi, ef nauðsynlegt telst, um hvaða innflutningsaðili skuli tollskoða og hvaða skýrslur skuli nota og upplýsa Ís-

Article VI
Commodities

(1) For the purpose of this Agreement, the term "Commodities" shall mean goods, materials, vehicles, machinery and equipment made available by Iceland or the Executing Agencies for Projects under this Agreement or any other Commodities delivered to Uganda under the Plan of Operations.

(2) Iceland shall, unless otherwise agreed in the Plan of Operations:
   (a) cover the actual costs such as purchase, transport and, as appropriate, insurance connected with each consignment of the Commodities:
   (b) be in charge of the delivery of the Commodities to Uganda; and
   (c) ensure that the Executing Agencies notify designated agencies in Uganda of the estimated date of arrival of the consignments immediately upon dispatch, and forward shipping documents, invoices and other related information to them.

(3) Uganda shall, unless otherwise agreed in the Plan of Operations:
   (a) notify Iceland, if necessary, of the import clearance agents to be used and of the documentation required for cus-

land um innflutnings- og tollskoðunarstarfshætti þá sem gilda í Úganda;

b) eins fljótt og auðið er gefa endurgjaldslaust út nauðsynleg innflutningsleyfi og aðrar heimildir varðandi innflutning varningsins;
c) veita varningnum undanþágu frá öllum tollum, sköttum og öðrum skyldum álögum og boðum sem tengjast komu hans til Úganda og, þar sem við á, síðari flutningi hans aftur út úr landi;
d) tryggja skjóta og örugga móttöku, geymslu, meðhöndlun, tollskoðun, afhendingu, svo og geymslu og frekari flutning á hinum innflutta varningi;

e) gera allar viðeigandi ráðstafanir og stofna til þeirra málaferla sem kunna að vera nauðsynleg vegna krafna vegna taps eða skemmda, hvort heldur er í heild eða að hluta, af hverri sendingu varningsins og tilkynna Íslandi þar um; og
f) liðka fyrir skráningu vélknúinna ökutækja sem flutt eru til Úganda.

4. Varningurinn, að meðtöldum ökutækjum sem notuð eru í verkefnunum, skal verða og halda áfram að vera eign Úganda þegar verkefnum ÞSSÍ í Úganda lýkur. Hins vegar skal varningurinn ávallt eingöngu notaður vegna viðkomandi verkefnis, framkvæmdaáætlunar eða annarrar sameiginlegar starfsemi samkvæmt þessum samningi á meðan á framkvæmd hans stendur.

toms clearance and inform Iceland of the import and customs clearance procedures applied in Uganda;
(b) promptly issue, free of charge, the necessary import licenses and other permits on importation of the Commodities;
(c) exempt the Commodities from all customs duties, taxes and other related charges and prohibitions pertaining to their entry into Uganda and, where appropriate, their subsequent re-export;
(d) ensure swift and safe reception, berthing, handling, clearing, forwarding as well as storing and onward transportation of the imported Commodities;
(e) take all appropriate measures and institute any proceedings that may be necessary with regard to claims for loss or damage whether total or partial of any consignment of Commodities and notify Iceland thereafter; and
(f) facilitate the registration of motor vehicles brought into Uganda.

(4) The Commodities, including the Projects vehicles, shall become and remain the property of Uganda at the termination of ICEIDA's Projects in Uganda. However, the Commodities shall always be at the exclusive disposal of the respective project, program or other joint activity under this Agreement during their implementation.

7. gr.
Verkefnismat.

Í því skyni að fylgjast með og meta árangur samvinnunnar, svo og til skipulagningar framtíðarsamvinnu, skulu aðilar vera hvor öðrum tiltækir til sameiginlegs skrafs og ráðagerða og skulu veita þær upplýsingar sem af sanngirni má fara fram á.

Article VII
Evaluation

For the follow-up and evaluation of the cooperation as well as for the planning of future cooperation the Parties shall be available to each other for mutual consultation and give such information as may be reasonably requested.

8. gr.
Deilur.

Sérhver deila varðandi túlkun eða framkvæmd þessa samnings skal leyst með samningaviðræðum milli aðila.

Article VIII
Disputes

Any dispute concerning the interpretation or implementation of this Agreement shall be settled by negotiation between the Parties.

9. gr.
Breytingar.

Gera má breytingar á þessum samningi með gagnkvæmu samþykki aðila í formi bréfaskipta.

Article IX
Amendment

This Agreement may be amended by mutual consent of the Parties by exchange of letters.

10. gr.
Gildistaka og uppsögn.

Samningur þessi skal öðlast gildi á undirritunardegi og gilda í fjögur ár. Að þeim tíma liðnum skal samningur þessi endurnýjast sjálfkrafa til tveggja (2) ára í senn, nema honum sé sagt upp skriflega með sex (6) mánaða fyrirvara. Hvor aðili um sig getur sagt samningi þessum upp skriflega með sex (6) mánaða fyrirvara. Samningurinn nær einnig til þeirra verkefna sem þegar eru hafin við gildistöku samningsins.

Article X
Entry into Force and Termination

This Agreement shall enter into force on the date of its signature and remain in force for four years. After the expiry of this period this Agreement shall be renewed automatically for further periods of two (2) years each, unless terminated upon six (6) months notice in writing. The Agreement can be terminated by either of the Parties by giving six (6) months written notice. The Agreement shall also cover Projects that have already been initiated at the entry into force of the Agreement.

Undirritað í Prag hinn 27. september 2000 í tvíriti á ensku.

Signed in Prague on 27 September 2000 in duplicate in the English language.

Fyrir ríkisstjórn
lýðveldisins Úganda
Gerald M. Ssendaula

For the Government of the
Republic of Uganda
Gerald M. Ssendaula

Fyrir ríkisstjórn
lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson

For the Government of the
Republic of Iceland
Halldór Ásgrímsson

Nr. 29 16. október 2000

AUGLÝSING

um breytingar á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT.

Hinn 9. október 2000 var franska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á stofnsamningi Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem samþykktar voru í Cardiff 19. maí 1999, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 7/1987 þar sem samningurinn er birtur. Með ályktun 4. maí 2000 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta breytingarnar. Tilkynnt verður um gildistöku breytinganna síðar.

Samningurinn með umræddum breytingum er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 16. október 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

STOFNSAMNINGUR
Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT

INNGANGUR

Aðildarríki samnings þessa,

leggja áherslu á mikilvægi fjarskipta um gervitungl í sambandi við þróun fjarskipta og viðskipta þjóða sinna, svo og óska þeirra um að styrkja samvinnu sína á því sviði,

líta til þess að bráðabirgðastofnun Evrópu varðandi fjarskipti um gervitungl, INTERIM EUTELSAT, var komið á fót í þeim tilgangi að reka geimskor evrópskra fjarskiptakerfa um gervitungl,

hafa í huga viðeigandi ákvæði samningsins um rannsóknir og not ríkja af geimnum, þ.á m. tunglinu og öðrum hnöttum, sem gerður var í Lundúnum, Moskvu og Washington hinn 27. janúar 1967,

vilja halda áfram uppsetningu og rekstri EUTELSAT fjarskiptagervitunglakerfis sem hluta af fjarskiptaneti um alla Evrópu til að veita öllum þátttökuríkjum fjarskiptaþjónustu, með fyrirvara um réttindi og skyldur aðildarríkja að viðeigandi samningum Evrópusambandsins og öðrum alþjóðasamningum,

viðurkenna þörf þess að hafa til athugunar og, eftir því sem nauðsynlegt reynist, að aðlaga sig tæknilegri, efnahagslegri, stjórnsýslulegri og stjórnmálalegri þróun í Evrópu og um heim allan, og sér í lagi vilja til að færa rekstur og tilheyrandi eignir EUTELSAT til hlutafélags sem stofna á innan lögsögu ríkis; slíku hlutafélagi er ætlað að starfa á heilbrigðum efnahagslegum og fjárhagslegum grundvelli með hliðsjón af viðurkenndum viðskiptareglum og samkomulaginu,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. gr.
(Skilgreiningar.)

Í samningi þessum:

a) merkir „samningurinn“ stofnsamning Evrópustofnunar fjarskipta um gervitungl, EUTELSAT, sem lagður var fram til undirritunar ríkisstjórna í París hinn 15. júlí 1982 og með seinni breytingum, þ.á m. inngang hans og viðauka;

CONVENTION
establishing the European Telecommunications Satellite Organization "EUTELSAT"

PREAMBLE

The States Parties to this Convention,

Underlining the importance of telecommunications by satellite for the development of relations between their peoples and their economies, and their desire to strengthen their co-operation in this field,

Noting that the Provisional European Telecommunications Satellite Organization "INTERIM EUTELSAT" was established for the purpose of operating space segments of European telecommunications satellite systems,

Considering the relevant provisions of the Treaty on Principles Governing the Activities of States in the Exploration and Use of Outer Space, Including the Moon and Other Celestial Bodies, done at London, Moscow and Washington on 27 January 1967,

Wishing to continue the establishment and operation of the EUTELSAT telecommunications satellite system as part of a trans-European telecommunications network for providing telecommunications services to all participating States, without prejudice to the rights and obligations of the States parties to the relevant European Union and other international agreements,

Recognizing the need to keep under review and, as necessary, to adapt to technical, economic, regulatory and political developments in Europe and globally, and, in particular, the will to transfer the operational activities and associated assets of EUTELSAT to a limited liability company to be established under a national jurisdiction, such company to operate on a sound economic and financial basis having regard to accepted commercial principles, and to the Arrangement,

Agree as follows:

ARTICLE I
(Definitions)

For the purposes of this Convention:

a) "Convention" means the Convention establishing the European Telecommunications Satellite Organization "EUTELSAT", including its Preamble and its Annexes, opened for signature by Governments at Paris on 15 July 1982 as subsequently amended;

b) merkir „bráðabirgðasamningurinn“ samning um stofnun bráðabirgðastofnunar Evrópu varðandi fjarskipti um gervitungl, INTERIM EUTELSAT, sem gerður var í París hinn 13. maí 1977 milli stofnana eða viðurkenndra einkafyrirtækja og komið í vörslu franskra stjórnvalda;

c) merkir „ECS-samningurinn“ viðbótarsamning við bráðabirgðasamninginn varðandi geimskor fjarskiptakerfisins um gervitungl fyrir fastaþjónustu (ECS) sem gerður var í París hinn 10. mars 1978;

d) merkir „aðili“ ríki sem samningurinn hefur gengið í gildi gagnvart eða sem hefur framfylgt honum til bráðabirgða;

e) merkir „aðalforstjóri EUTELSAT“ yfirmann framkvæmdastjórnar EUTELSAT;

f) merkir „framkvæmdastjóri EUTELSAT“ yfirmann skrifstofu EUTELSAT;

g) merkir „EUTELSAT SA“ fyrirtæki sem komið er á fót samkvæmt lögum eins af aðildarríkjunum; það verður í upphafi staðsett í Frakklandi;

h) merkir „geimskor“ safn fjarskiptatungla ásamt sporun, fjarmælingu, skipunum, stýringu, eftirliti og skyldri aðstöðu og búnaði til stuðnings rekstri gervitunglanna;

i) merkir „gervitunglakerfi“ einingu sem geimskor myndar með jarðstöðvunum er aðgang hafa að geimskorinni;

j) merkir „fjarskipti“ hvers kyns flutning, sendingu eða móttöku tákna, merkja, skriftar, mynda og hljóða eða upplýsinga, hverju nafni sem nefnast, eftir þráðum, radíó, ljósgeislum eða öðrum rafsegulkerfum;

k) merkir „grunnreglur“ reglur sem vísað er til í a-lið III. gr. samningsins;

l) merkir „samkomulagið“ samkomulagið milli EUTELSAT og Eutelsat SA sem hefur að markmiði að skilgreina sambandið milli EUTELSAT og Eutelsat SA og skyldur hvors aðila og einkum að setja ramma sem gerir EUTELSAT kleift að fylgjast með því og tryggja að Eutelsat SA virði grunnreglurnar.

b) "Provisional Agreement" means the Agreement on the Constitution of a Provisional European Telecommunications Satellite Organization "INTERIM EUTELSAT", done at Paris on 13 May 1977 between Administrations or Recognized Private Operating Agencies and deposited with the French Administration;

c) "ECS Agreement" means the Supplementary Agreement to the Provisional Agreement relating to the space segment of the Satellite Telecommunications System for Fixed Service (ECS), done at Paris on 10 March 1978;

d) "Party" means a State for which the Convention has entered into force or has been provisionally applied;

e) "The Director General of EUTELSAT" means the head of the executive organ of EUTELSAT;

f) "The Executive Secretary of EUTELSAT" means the head of the Secretariat of EUTELSAT;

g) "The Company Eutelsat S.A." means a corporate entity established under the laws of one of the Parties; it will initially be located in France;

h) "Space Segment" means a set of telecommunications satellites, and the tracking, telemetering, command, control, monitoring and related facilities and equipment for the operational support of those satellites;

i) "Satellite system" means the unit formed by a space segment and the earth stations having access to that space segment;

j) "Telecommunications" means any transmission, emission or reception of signs, signals, writing, images and sounds or intelligence of any nature, by wire, radio, optical or other electromagnetic systems;

k) "The Basic Principles" means the principles referred to in Article III a) of the Convention;

l) "The Arrangement" means the Arrangement between EUTELSAT and the Company Eutelsat S.A. having as its purposes to define the relationship between EUTELSAT and the Company Eutelsat S.A. and their respective obligations and in particular to provide the framework that will enable EUTELSAT to oversee and ensure the observance by the Company Eutelsat S.A. of the Basic Principles.

II. gr.
(Stofnun EUTELSAT og Eutelsat SA.)

a) Aðilarnir stofna hér með Evrópustofnun fjarskipta um gervitungl sem í samningi þessum nefnist EUTELSAT.

b) i) Eutelsat SA verður stofnað til að starfrækja gervitunglakerfið og bjóða gervitunglaþjónustu og í þeim tilgangi verða eignir EUTELSAT og rekstur fært til Eutelsat SA.

ii) Eutelsat SA skal stjórnað samkvæmt stofnsamþykktum fyrirtækisins og lögum sem gilda á skráningarstað þess.

iii) Sérhvert aðildarríki, þar sem höfuðstöðvar Eutelsat SA eru staðsettar eða þar sem eignir fyrirtækisins eru staðsettar og/eða starfræktar, skal, í samræmi við fyrirkomulag sem gengið skal frá milli aðildarríkisins og Eutelsat SA, gera þær ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að greiða fyrir stofnun og rekstri Eutelsat SA.

c) Samskiptareglur EUTELSAT og Eutelsat SA skulu skilgreindar í samkomulaginu.

d) Viðeigandi ákvæði viðauka A við samninginn koma til framkvæmda í þeim tilgangi að tryggja órofið samhengi milli starfsemi EUTELSAT og Eutelsat SA.

III. gr.
(Markmið EUTELSAT.)

a) Megintilgangur EUTELSAT er að tryggja að Eutelsat SA virði grunnreglurnar sem settar eru fram í þessari grein, þ.e.:

i) skyldur um almenna þjónustu/alþjónustu: slíkar skyldur eiga við um geimskorið og notkun þess til að bjóða þjónustu sem tengist almenna talsímanetinu; hljóð- og myndþjónusta og framtíðarþjónusta mun verða boðin í samræmi við viðeigandi innlendar reglugerðir og alþjóðasamninga, einkum ákvæði Evrópusamningsins um sjónvarp yfir landamæri, með hliðsjón af þeim ákvæðum sem eiga við um alþjónustuhugtakið og upplýsingasamfélagið;

ii) þjónustusvæði gervitunglakerfisins yfir alla Evrópu: Eutelsat SA skal með hag-

ARTICLE II
(Establishment of EUTELSAT and the Company Eutelsat S.A.)

a) The Parties hereby establish the European Telecommunications Satellite Organization, hereinafter referred to as EUTELSAT.

b) i) The Company Eutelsat S.A. will be established to operate the satellite system and to provide satellite services and for this purpose, EUTELSAT's assets and operational activities will be transferred to the Company Eutelsat S.A.

ii) The Company Eutelsat S.A. shall be governed by its constituent instruments and by the laws of the place of its incorporation.

iii) Any Party in whose territory the Company Eutelsat S.A. headquarters are settled or in which assets are located and/or operated shall, in accordance with arrangements to be made between the Party and the Company Eutelsat S.A., take such measures as may be necessary to facilitate the establishment and operation of the Company Eutelsat S.A.

c) The relationship between EUTELSAT and the Company Eutelsat S.A. shall be established in the Arrangement.

d) The relevant provisions of Annex A to the Convention shall apply for the purpose of continuity between the activities of EUTELSAT and those of the Company Eutelsat S.A.

ARTICLE III
(Purposes of EUTELSAT)

a) The primary purpose of EUTELSAT is to ensure that the Basic Principles set forth in this Article are observed by the Company Eutelsat S.A. namely:

i) public service/universal service obligations: such obligations apply to space segment and to its use to provide services connected to the public switched telephone network; audiovisual services and future services will be provided in conformity with the relevant national regulations and international agreements, in particular the provisions of the European Convention on Transfrontier Television, taking account of those applying to the universal service concept and the information society;

ii) pan-European coverage by the satellite system: the Company Eutelsat S.A. shall,

kvæmum hætti leitast við að láta gervitunglakerfi sitt ná til allrar Evrópu og þjóna þannig öllum svæðum þar sem þörf er fyrir fjarskiptaþjónustu í aðildarríkjunum;

iii) jafnræði: þjónusta skal veitt notendum á jafnræðisgrundvelli, með fyrirvara um sveigjanleika í viðskiptum og í samræmi við viðeigandi lög;

iv) heiðarleg samkeppni: Eutelsat SA skal framfylgja öllum viðeigandi lögum og reglugerðum um heiðarlega samkeppni.

b) EUTELSAT skal einnig hafa að markmiði að tryggja órofið ástand að því er varðar réttindi og skyldur samkvæmt þjóðarétti, sér í lagi radíóreglugerðinni um notkun tíðna, sem leiðir af starfrækslu EUTELSAT geimskorsins sem fært hefur verið til Eutelsat SA.

IV. gr.
(Lögaðili.)

a) EUTELSAT skal vera lögaðili.

b) EUTELSAT skal vera fyllilega bær stofnun til að stunda starfsemi sína og ná tilgangi sínum og getur:

i) gert samninga;

ii) eignast, leigt, haft og látið af hendi lausafé og fasteignir;

iii) verið aðili að málaferlum;

iv) gert samninga við ríki eða alþjóðastofnanir.

V. gr.
(Kostnaður.)

a) Gera skal samkomulag milli EUTELSAT og Eutelsat SA um greiðslu kostnaðar og útgjalda EUTELSAT í samræmi við samkomulagið.

b) Kostnaður vegna stofnunar og starfrækslu skrifstofunnar, þ.m.t. húsaleiga og kostnaður við rekstur skrifstofu, laun og aukagreiðslur til starfsliðs, kostnaður við að skipuleggja og halda þing aðila, kostnaður við viðræður milli EUTELSAT og aðilanna og annarra stofnana og kostnaður við að beita ráðstöfunum sem gerðar eru af EUTELSAT samkvæmt III. gr. til að tryggja að grunnreglurnar séu virtar af Eutelsat SA, skal borinn af Eutelsat SA í samræmi við a-lið V. gr. innan viðeigandi hámarks sem ákveðið er í samkomulaginu.

on an economic basis, seek through the pan-European coverage of its satellite system to serve all areas where there is a need for communications services in Member States;

iii) non discrimination: services shall be provided to users on an equitable basis subject to commercial flexibility and consistent with applicable laws;

iv) fair competition: the Company Eutelsat S.A. shall comply with all applicable laws and regulations relating to fair competition.

b) EUTELSAT shall also have the purpose of ensuring continuity regarding rights and obligations under international law, in particular under the Radio Regulations for the use of frequencies, deriving from the operation of the EUTELSAT space segment transferred to the Company Eutelsat S.A.

ARTICLE IV
(Legal Personality)

a) EUTELSAT shall have legal personality.

b) EUTELSAT shall enjoy the full capacity necessary for the exercise of its functions and the achievement of its purposes, and may in particular:

i) enter into contracts;

ii) acquire, lease, hold and dispose of movable and immovable property;

iii) be a party to legal proceedings;

iv) conclude agreements with States or international organizations.

ARTICLE V
(Costs)

a) Arrangements shall be concluded between EUTELSAT and the Company Eutelsat S.A. to meet costs and expenses of EUTELSAT, according to the Arrangement.

b) The costs incurred in establishing and operating the Secretariat, including but not limited to rent and associated costs of maintaining office premises, salaries and emoluments of staff, cost of organizing and holding meetings of the Assembly of Parties, the costs of consultations between EUTELSAT and the Parties and other organizations and costs of applying measures taken by EUTELSAT under Article III to ensure that the Basic Principles are observed by the Company Eutelsat S.A. shall be borne by the Company Eutelsat S.A. in accordance with paragraph a)

VI. gr.
(Skipulag EUTELSAT.)

a) Stjórnunareiningar EUTELSAT skulu vera:
   i) þing aðilanna;
   ii) skrifstofa, undir stjórn framkvæmdastjóra.

b) Hver stjórnunareining skal starfa innan þeirra valdmarka sem henni eru veitt í samningnum.

VII. gr.
(Þing aðilanna – skipan og fundir.)

a) Þing aðilanna skipa allir aðilarnir.

b) Á fundi þings aðilanna getur aðili mætt fyrir annan aðila, en enginn aðili getur verið fulltrúi fleiri en tveggja annarra aðila.

c) Boðað skal til fyrsta reglulegs fundar þings aðilanna innan eins árs frá gildistökudegi samningsins. Síðan ber að halda reglulega fundi annað hvert ár, nema þing aðilanna ákveði á reglulegum fundi að halda beri næsta fund á öðrum tíma.

d) Þing aðilanna getur einnig haldið aukafundi að beiðni eins eða fleiri aðila sem studd er af a.m.k. þriðjungi aðila eða að beiðni Eutelsat SA. Í slíkri beiðni ber að geta tilgangs fundarins.

e) Sérhver aðili greiðir eigin kostnað vegna fulltrúa sinna á fundum þings aðilanna.

VIII. gr.
(Þing aðilanna – fundarsköp.)

a) Sérhver aðili fer með eitt atkvæði á þingi aðilanna. Aðilar, sem sitja hjá við atkvæðagreiðslu, teljast ekki greiða atkvæði.

b) Ákvarðanir um efnisatriði ber að taka með samþykki a.m.k. tveggja þriðju hluta atkvæða aðilanna sem mættir eru eða eiga fulltrúa og greiða atkvæði. Aðili, sem er fulltrúi eins eða tveggja annarra aðila samkvæmt b-lið VIII. gr. samningsins, getur greitt atkvæði sérstaklega fyrir sérhvern aðila sem hann er fulltrúi fyrir.

of Article V, within the relevant ceilings set forth in the Arrangement.

ARTICLE VI
(Structure of EUTELSAT)

a) EUTELSAT shall have the following organs:
   i) the Assembly of Parties;
   ii) the Secretariat, headed by the Executive Secretary.

b) Each organ shall act within the limits of the powers that are conferred upon it by the Convention.

ARTICLE VII
(Assembly of Parties – Composition and Meetings)

a) The Assembly of Parties shall be composed of all the Parties.

b) A Party may be represented by another Party in a meeting of the Assembly of Parties, but no Party may represent more than two other Parties.

c) The first ordinary meeting of the Assembly of Parties shall be convened within one year after the date on which the Convention enters into force. Ordinary meetings shall thereafter be held every two years unless the Assembly of Parties decides at an ordinary meeting that the following meeting shall be held at a different interval.

d) The Assembly of Parties may also hold extra ordinary meetings at the request of one or more Parties supported by at least one-third of the Parties or at the request of the Company Eutelsat S.A. Such a request shall state the purpose of the meeting.

e) Each Party shall meet its own costs of representation at meetings of the Assembly of Parties.

ARTICLE VIII
(Assembly of Parties – Procedure)

a) Each Party shall have one vote in the Assembly of Parties. Parties abstaining from voting shall be considered as not voting.

b) Decisions on matters of substance shall be taken by an affirmative vote cast by at least two-thirds of the Parties present or represented and voting. A Party which represents one or two other Parties under paragraph b) of Article VII of the Convention may vote separately for each Party it represents.

c) Ákvarðanir um fundarsköp ber að taka með samþykki einfalds meiri hluta atkvæða viðstaddra aðila sem atkvæði greiða, og hafa þeir eitt atkvæði hver.

d) Fundur þings aðilanna telst ákvörðunarbær ef um er að ræða fulltrúa einfalds meiri hluta allra aðilanna, að því tilskildu að fulltrúar eigi færri en þriðjungs aðilanna séu viðstaddir.

e) Þing aðilanna samþykkir fundarsköp sín sem skulu vera í samræmi við ákvæði samningsins og einkum fela í sér ákvæði um eftirfarandi:
   i) kosningu formanns og annarra embættismanna;
   ii) fundarboðun;
   iii) fulltrúa og umboð;
   iv) reglur um atkvæðagreiðslu.

IX. gr.
(Þing aðilanna – störf.)

Þing aðila skal hafa eftirfarandi hlutverk:

a) að meta og endurskoða starfsemi Eutelsat SA sem lýtur að grunnreglunum. Eutelsat SA getur gert tilmæli í þessu sambandi sem þing aðila mun taka til umfjöllunar;

b) að tryggja að Eutelsat SA virði grunnreglurnar í samræmi við samkomulagið.

c) að taka ákvarðanir um framkomnar tillögur um breytingar á samkomulaginu, enda séu slíkar breytingar háðar gagnkvæmu samkomulagi milli aðila samkomulagsins;

d) að taka viðeigandi ákvarðanir til að tryggja órofið ástand mála að því er varðar réttindi og skyldur samkvæmt þjóðarétti, einkum samkvæmt radíóreglugerðinni um notkun tíðna sem leiðir af starfrækslu EUTELSAT geimskorsins sem fært hefur verið til Eutelsat SA;

e) að taka ákvarðanir um formlegt samband milli EUTELSAT og ríkja, hvort sem þau eru aðilar eða ekki, eða alþjóðastofnana, og þá sérstaklega að gera samning um höfuðstöðvar sem um getur í c-lið XII. gr. samningsins;

f) að taka ákvarðanir um allar tillögur um að rifta samningnum samkvæmt c-lið XIV. gr. samningsins;

c) Decisions on procedural matters shall be taken by an affirmative vote cast by a simple majority of the Parties present and voting, each having one vote.

d) A quorum for any meeting of the Assembly of Parties shall consist of representatives of a simple majority of all the Parties, provided that no less than one-third of all the Parties are present.

e) The Assembly of Parties shall adopt its rules of procedure, which shall be consistent with the provisions of the Convention and which, in particular, shall include provisions for:
   i) election of its Chairman and other officers;
   ii) convening of meetings;
   iii) representation and accreditation;
   iv) voting procedures.

ARTICLE IX
(Assembly of Parties – Functions)

The Assembly of Parties shall have the following functions:

a) to consider and to review the activities of the Company Eutelsat S.A. which relate to the Basic Principles. The Company Eutelsat S.A. may make recommendations in this connection, which will be considered by the Assembly of Parties;

b) to ensure observance by the Company Eutelsat S.A. of the Basic Principles, in accordance with the Arrangement;

c) to take decisions on proposed changes to the Arrangement, such changes being subject to mutual agreement of the parties to the Arrangement;

d) to take the appropriate decisions in order to ensure continuity regarding rights and obligations under international law, in particular, under the Radio Regulations for the use of frequencies deriving from the operation of EUTELSAT Space Segment transferred to the Company Eutelsat S.A.;

e) to take decisions on formal relations between EUTELSAT and States, whether Parties or not, or international organizations, and in particular to negotiate the Headquarters Agreement mentioned in paragraph c) of Article XII of the Convention;

f) to take decisions on any proposal to terminate the Convention pursuant to paragraph c) of Article XIV;

g) að íhuga kvartanir sem aðilar bera fram við það;
h) að taka ákvarðanir samkvæmt b-lið XIII. gr. samningsins um úrsögn aðila úr EUTELSAT;

i) að taka ákvörðun um hvers kyns tillögu um breytingu á samningnum samkvæmt XIV. gr. hans og senda Eutelsat SA sérhverja breytingartillögu sem kann að hafa áhrif á afkomu starfsemi fyrirtækisins;

j) að taka ákvörðun um hvers kyns beiðni um aðild sem fram kemur samkvæmt e-lið XVIII. gr. samningsins;
k) að taka ákvörðun, eins og kveðið er á um í X. gr. samningsins, um skipun og brottrekstur framkvæmdastjóra og, í samræmi við tillögu frá framkvæmdastjóranum, um fjölda, stöðu og skilmála fyrir ráðningu alls starfsfólks skrifstofunnar með viðeigandi tilliti til samkomulagsins;

l) að útnefna yfirmann á skrifstofunni til að gegna hlutverki staðgengils framkvæmdastjóra hvenær sem framkvæmdastjórinn er fjarstaddur eða ófær um að gegna störfum framkvæmdastjóra, eða ef staða þessi losnar;

m) að samþykkja fjárhagsáætlun til eins eða tveggja ára;
n) að samþykkja breytingar á staðsetningu Eutelsat SA í samræmi við samkomulagið.

X. gr.
(Skrifstofan.)

a) Skrifstofan skal vera undir stjórn framkvæmdastjóra sem þing aðila skipar.

b) Framkvæmdastjóri skal skipaður til fjögurra ára, nema þing aðila ákveði annað.

c) Þing aðila getur vikið framkvæmdastjóra úr starfi að gefnu tilefni áður en ráðningartíma hans lýkur.
d) Framkvæmdastjórinn skal vera lögbær fulltrúi EUTELSAT. Framkvæmdastjórinn starfar undir stjórn þings aðila og skal vera ábyrgur gagnvart því að því er varðar starfsemi skrifstofunnar.

e) Framkvæmdastjóra skal heimilt að ráða allt starfslið skrifstofunnar með fyrirvara um samþykki þingsins samkvæmt k-lið IX. gr.

g) to consider complaints submitted to it by Parties;
h) to take decisions under Article XIII of the Convention about the withdrawal of a Party from EUTELSAT;
i) to decide upon any proposal for amendment to the Convention under Article XIV of the Convention, and to submit to the Company Eutelsat S.A. any proposed amendment that is liable to affect the performance of its activities;
j) to decide upon any request for accession made in accordance with paragraph e) of Article XVIII of the Convention;
k) as required under Article X of the Convention, to decide upon the appointment and removal from office of the Executive Secretary, and, upon the recommendation of the Executive Secretary, to determine the number, status, and terms and conditions of employment of all staff of the Secretariat with due consideration to the Arrangement;
l) to designate a senior officer of the Secretariat to serve as Acting Executive Secretary whenever the Executive Secretary is absent or is unable to dis charge duties of the office of Executive Secretary, or if this office becomes vacant;
m) to adopt an annual or biennial budget;

n) to approve changes in the location of the Company Eutelsat S.A. in accordance with the Arrangement.

ARTICLE X
(The Secretariat)

a) The Secretariat shall be headed by the Executive Secretary appointed by the Assembly of Parties.
b) The term of office of the Executive Secretary shall be four years, unless otherwise decided by the Assembly of Parties.
c) The Assembly of Parties may remove the Executive Secretary for cause before the end of his term of office.
d) The Executive Secretary shall be the legal rep resentative of EUTELSAT. The Executive Secretary shall act under the direction of the Assembly of Parties and shall be directly responsible to it for the performance of all functions of the Secretariat.
e) The Executive Secretary shall have the power to appoint all Secretariat staff subject to the approval of the Assembly under Article IX k).

f) Á meðan embætti framkvæmdastjóra er laust eða þegar framkvæmdastjórinn er fjarverandi eða ófær um að gegna störfum sínum skal staðgengill framkvæmdastjóra, sem réttilega hefur verið útnefndur af þingi aðila, hafa á hendi völd framkvæmdastjóra samkvæmt samningnum.

g) Framkvæmdastjórinn og starfslið skrifstofunnar skulu forðast allar gjörðir sem ekki samræmast skyldum þeirra gagnvart EUTELSAT.

XI. gr.
(Réttindi og skuldbindingar.)

a) Aðilarnir skulu nýta réttindi sín og standa við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum á þann hátt sem er í fullu samræmi við meginreglur og ákvæði samningsins og þeim til framdráttar.
b) Allir aðilar geta mætt á og tekið þátt í öllum ráðstefnum og fundum sem þeir eiga rétt á að hafa fulltrúa á samkvæmt ákvæðum samningsins, svo og í öllum öðrum fundum sem boðaðir eru eða haldnir á vegum EUTELSAT samkvæmt ráðstöfunum sem stofnunin hefur gert varðandi fundina, án tillits til þess hvar þeir kunna að vera haldnir.
c) Áður en nokkur slík ráðstefna eða fundur er haldinn utan landsins þar sem höfuðstöðvar EUTELSAT eru staðsettar ber framkvæmdastjóranum að tryggja að ráðstafanir gagnvart gistiaðilanum um fyrirkomulag ráðstefnunnar eða fundarins feli í sér ákvæði um inngöngu og dvöl í gistilandinu fyrir fulltrúa allra aðilanna sem rétt eiga á að mæta meðan ráðstefna eða fundur stendur.

XII. gr.
(Höfuðstöðvar EUTELSAT, friðindi, undanþágur og friðhelgi.)

a) Höfuðstöðvar EUTELSAT skulu vera í Frakklandi.
b) Innan athafnasviðs þess, sem samningurinn heimilar, eiga EUTELSAT og eignir stofnunarinnar á landsvæði aðilanna að vera undanþegin tekjuskatti og beinum eignarsköttum, svo og tollum.
c) Í samræmi við bókun sem um getur í þessum lið ber sérhverjum aðila að veita EUTELSAT viðeigandi friðindi, undanþágur og friðhelgi, svo og embættismönnum stofnunarinnar og þeim flokkum starfsmanna hennar sem í bók-

f) During any vacancy in the office of the Executive Secretary or when the Executive Secretary is absent or unable to discharge his duties, the Acting Executive Secretary, duly designated by the Assembly of Parties, shall have the capacity to exercise the powers of the Executive Secretary under the Convention.
g) The Executive Secretary and the staff of the Secretariat shall refrain from any action incompatible with their responsibilities to EUTELSAT.

ARTICLE XI
(Rights and Obligations)

a) The Parties shall exercise their rights and meet their obligations under the Convention in a manner fully consistent with and in furtherance of the principles and provisions of the Convention.
b) All Parties may attend and participate in all conferences and meetings in which they are entitled to be represented under any of the provisions of the Convention, and in any other meetings called by or held under the auspices of EUTELSAT in accordance with the arrangements made by it for such meetings, regardless of where they may take place.
c) Before any such conference or meeting is held outside the country in which the Headquarters of EUTELSAT is established, the Executive Secretary shall ensure that arrangements with the host Party for each such conference or meeting include a provision for the admission to and residence in the host country during such conference or meeting of representatives of all Parties entitled to attend.

ARTICLE XII
(EUTELSAT Headquarters, Privileges, Exemptions, Immunities)

a) The Headquarters of EUTELSAT shall be in France;
b) Within the scope of activities authorized by the Convention, EUTELSAT and its property shall be exempt in the territory of all Parties from income and direct property taxation and from customs duties.
c) Each Party shall grant in accordance with the Protocol referred to in this paragraph the appropriate privileges, exemptions and immunities to EUTELSAT, to its officers, and to those categories of its employees spec-

uninni greinir, aðilum og fulltrúum þeirra, svo og þátttakendum í gerðardómsmálum. Sér í lagi ber sérhverjum aðila að veita þessum einstaklingum friðhelgi að því er varðar lögsókn vegna gerða eða skriflegra eða munnlegra ummæla við framkvæmd starfs þeirra og innan marka skyldustarfa þeirra, að svo miklu leyti og í þeim tilvikum sem gert er ráð fyrir í bókuninni sem um ræðir í þessum lið. Aðilinn, sem ræður landsvæði því þar sem höfuðstöðvar EUTELSAT eru staðsettar, skal, eins fljótt og auðið er, gera eða, eftir atvikum, gera aftur samning við EUTELSAT um höfuðstöðvarnar sem nái til friðinda, undanþága og friðhelgi. Hinum aðilunum ber einnig, eins fljótt og auðið er, að ganga frá bókun varðandi friðindi, undanþágur og friðhelgi. Í samningnum um höfuðstöðvarnar og bókuninni, sem eru óháð samningi þessum, skulu greind skilyrði uppsagnar þeirra.

XIII. gr.
(Úrsögn.)

a) Sérhver aðili getur hvenær sem er sagt sig úr EUTELSAT með skriflegri tilkynningu til vörsluríkisins sem skilgreint er í XXI. gr. Slík úrsögn skal taka gildi þremur mánuðum eftir móttöku vörsluríkisins á tilkynningunni.

b) Virðist aðili hafa látið undir höfuð leggjast að fullnægja einhverjum skuldbindingum samkvæmt samningnum getur þing aðilanna, eftir móttöku tilkynningar þess efnis eða að eigin frumkvæði og eftir að hafa athugað hvers kyns yfirlýsingar aðilans, ákveðið, ef það kemst að þeirri niðurstöðu að skuldbindingum hafi ekki verið fullnægt, að aðilinn teljist hafa sagt sig úr EUTELSAT og að samningurinn falli frá þeim degi úr gildi að því er þann aðila varðar. Boða má aukafund þings aðilanna í þessum tilgangi.

c) Aðili, sem sagt hefur sig úr EUTELSAT eða er talinn hafa gert það, missir rétt til setu á þingi aðilanna og bakar sér enga skuldbindingu eða ábyrgð eftir gildistökudag úrsagnar, utan skuldbindinga er leiðir af aðgerðum eða vanrækslu fyrir þann dag.

d) Sérhverja tilkynningu um úrsögn og allar ákvarðanir varðandi ætlaða úrsögn ber vörsluríkinu að senda öllum aðilum þegar í stað.

ified in such Protocol, to Parties and representatives of Parties, and to persons participating in arbitration proceedings. In particular, each Party shall grant to these individuals immunity from legal process in respect of acts done or words written or spoken in the exercise of their functions and within the limits of their duties to the extent and in the cases to be provided for in the Protocol referred to in this paragraph. The Party in whose territory the Headquarters of EUTELSAT is located shall, as soon as possible, negotiate, or, as the case may be, re-negotiate with EUTELSAT a Headquarters Agreement covering privileges, exemptions and immunities. The other Parties shall also, as soon as possible, conclude a Protocol covering privileges, exemptions and immunities. The Headquarters Agreement and the Protocol shall each prescribe the conditions of its termination and shall be independent of the Convention.

ARTICLE XIII
(Withdrawal)

a) Any Party may withdraw voluntarily from EUTELSAT at any time by written notice to the Depositary as defined in Article XXI. Such withdrawal shall take effect three months after the date of receipt of the notice by the Depositary.

b) If a Party appears to have failed to comply with any obligation under the Convention, the Assembly of Parties, having received notice to that effect or acting on its own initiative, and having considered any representations made by the Party, may decide, if it finds that the failure to comply has occurred, that the Party be deemed to have withdrawn from EUTELSAT and, from the date of the decision, the Convention shall cease to be in force for that Party. An extraordinary meeting of the Assembly of Parties may be convened for this purpose.

c) A Party which has withdrawn or is deemed to have withdrawn from EUTELSAT shall cease to have any right of representation in the Assembly of Parties and shall incur no obligations or responsibility after the effective date of withdrawal except for liabilities arising from acts or omissions before that date.

d) Every notification of a withdrawal and every decision effecting a deemed withdrawal shall be communicated at once to all Parties by the Depositary.

XIV. gr.
(Breytingar og endalok.)

a) Sérhver aðili getur flutt tillögur um breytingar á samningnum og ber að senda framkvæmdastjóra þær, en honum ber þegar að dreifa tillögunum til allra aðilanna. Þingi aðilanna ber að athuga breytingatillöguna eigi fyrr en sex mánuðum eftir dreifingu hennar, að teknu tilliti til hvers kyns tilmæla Eutelsat SA en álits fyrirtækisins skal leitað ef tillaga um breytingar á samningnum er líkleg til að hafa áhrif á starfsemi þess. Í einstökum tilvikum getur þing aðilanna stytt þetta tímabil með ályktun sem gera ber samkvæmt fundarsköpum um meðferð efnisatriða.

b) Ef þing aðilanna samþykkir breytinguna tekur hún gildi eitt hundrað og tuttugu dögum eftir að vörsluríkið hefur móttekið tilkynningu um samþykkt frá tvemur þriðju hlutum þeirra ríkja sem voru aðilar þegar þing aðilanna gerði samþykktina. Þegar breytingin gengur í gildi verður hún bindandi fyrir alla aðilana.

c) Aðilar geta ákveðið að leggja EUTELSAT niður með því að rifta samningnum með samþykki tveggja þriðju hluta allra aðila.

d) Riftun samningsins skal ekki hafa áhrif á áframhaldandi tilvist Eutelsat SA.

e) Nema öðruvísi verði samið við Eutelsat SA skal engin ákvörðun tekin um að binda endi á EUTELSAT samkvæmt c-lið þessarar greinar á meðan alþjóðleg réttindi og skyldur sem nefnd eru í b-lið III. gr. hafa ekki að fullu verið afnumin.

ARTICLE XIV
(Amendments and Termination)

a) Amendments to the Convention may be proposed by any Party and shall be communicated to the Executive Secretary who shall promptly circulate the proposals to all the Parties. The Assembly of Parties shall consider the proposed amendment not earlier than six months from its circulation, taking due account of any recommendation made by the Company Eutelsat S.A. whose views shall be solicited if the proposed amendment to the Convention is liable to affect the performance of its activities. This period may, in any particular case, be reduced by the Assembly of Parties by a decision taken in accordance with the procedure for a matter of substance.

b) If adopted by the Assembly of Parties, the amendment shall enter into force one hundred and twenty days after the Depositary has received notices of acceptance from two-thirds of those States which, at the time of adoption by the Assembly of Parties, were Parties. Upon its entry into force, the amendment shall become binding upon all Parties.

c) The Parties may bring EUTELSAT to an end by termination of the Convention by a two-thirds majority of all Parties.

d) The termination of the Convention shall not affect the continued existence of the Company Eutelsat S.A.

e) Unless otherwise agreed with the Company Eutelsat S.A., no decision to terminate EUTELSAT under paragraph c) of this article shall be taken as long as the international rights and obligations mentioned in paragraph b) of Article III have not been entirely extinguished.

XV. gr.
(Lausn deilumála.)

a) Öll deilumál, sem rísa milli aðilanna eða milli EUTELSAT og eins aðila eða fleiri í sambandi við túlkun eða framkvæmd samningsins, ber að setja í gerð samkvæmt viðauka B við samninginn ef þau hafa ekki verið leyst á annan hátt innan eins árs frá því aðili að deilunni tilkynnir hinum aðilanum ætlun sína að leysa deiluna á vinsamlegan hátt.

b) Öll deilumál, sem rísa í sambandi við túlkun og framkvæmd samningsins milli aðila og ríkis sem hefur hætt aðild, eða milli EUTELSAT og ríkis sem hefur hætt aðild, og rísa

ARTICLE XV
(Settlement of Disputes)

a) All disputes arising between Parties or between EUTELSAT and a Party or Parties in connection with the interpretation or application of the Convention shall be submitted to arbitration in accordance with Annex B to the Convention, if not otherwise settled within one year of the time a party to the dispute has notified the other party of its intention to settle such a dispute amicably.

b) All disputes arising in connection with the interpretation and application of the Convention between a Party and a State which has ceased to be a Party, or between

eftir að ríkið hætti aðild, ber að leggja í gerð samkvæmt ákvæðum viðauka B við samninginn ef þau hafa ekki verið leyst á annan hátt innan eins árs frá því að aðili að deilunni tilkynnir hinum aðilanum ætlun sína að leysa deiluna á vinsamlegan hátt, svo fremi að ríkið sem hætt hefur aðild fallist á það. Hætti ríki að vera aðili eftir að deila, sem það er aðili að, hefur verið lögð í gerð samkvæmt a-lið þessarar greinar ber að halda gerðinni áfram og ljúka henni.

EUTELSAT and a State which has ceased to be a Party, and which arise after the State has ceased to be a Party, shall be submitted to arbitration in accordance with the provisions of Annex B to the Convention, if not otherwise settled within one year of the time a party to the dispute has notified the other party of its intention to settle such a dispute amicably, provided that the State which has ceased to be a Party so agrees. If a State ceases to be a Party after a dispute to which it is a disputant has been submitted to arbitration under paragraph a) of this Article, the arbitration shall be continued and concluded.

XVI. gr.
(Undirritun – fyrirvarar.)

a) Hvaða ríki sem er, þar sem fjarskiptastofnun eða viðurkennt einkafyrirtæki er eða ber réttur til að verða undirritunaraðili bráðabirgðasamningsins, getur orðið aðili að samningnum með:
   i) undirritun, án fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
   ii) undirritun, með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, ásamt eftirfarandi fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða
   iii) aðild.
b) Samningurinn skal liggja frammi til undirritunar í París frá og með 15. júlí 1982 þar til hann gengur í gildi og skal síðar opinn fyrir aðild.
c) Enga fyrirvara má gera við samninginn.

ARTICLE XVI
(Signature – Reservations)

a) Any State whose telecommunications Administration or Recognized Private Operating Agency is, or has the right to become, a Signatory Party to the Provisional Agreement may become a Party to the Convention by:
   i) signature not subject to ratification, acceptance or approval, or
   ii) signature subject to ratification, acceptance or approval, followed by ratification, acceptance or approval, or
   iii) accession.
b) The Convention shall be open for signature at Paris from 15 July 1982 until it enters into force and thereafter remain open for accession.
c) No reservation may be made to the Convention.

XVII. gr.
(Gildistaka.)

a) Samningurinn gengur í gildi sextíu dögum eftir að hann hefur verið undirritaður samkvæmt i-lið a-liðar XVI. gr. hans eða fullgiltur, staðfestur eða samþykktur af tveimur þriðju hlutum þeirra ríkja sem lögsögu hafa yfir undirritunaraðilum bráðabirgðasamningsins daginn sem samningurinn er lagður fram til undirritunar, svo fremi að þessir undirritunaraðilar eða tilnefndir aðilar er undirritað hafa ECS-samninginn eigi a.m.k. tvo þriðju hluta hlutafjár samkvæmt ECS-samningnum.

b) Samningurinn gengur ekki í gildi innan átta mánaða eftir að hann er lagður fram til undirritunar. Samningurinn gengur ekki í gildi ef

ARTICLE XVII
(Entry into Force)

a) The Convention shall enter into force sixty days after the date on which it has been signed, in accordance with subparagraph i) of paragraph a) of Article XVI of the Convention, or has been ratified, accepted or approved, by two-thirds of the States which, at the date on which it is opened for signature, have jurisdiction over Signatory Parties to the Provisional Agreement provided that those Signatory Parties, or their designated Signatories to the ECS Agreement, hold at least two-thirds of the financial shares under the ECS Agreement.
b) The Convention shall not enter into force less than eight months after the date on which it is opened for signature. The Convention shall

hann hefur ekki verið undirritaður, fullgiltur, staðfestur eða samþykktur samkvæmt a-lið þessarar greinar innan þrjátíu og sex mánaða frá þeim degi er hann er lagður fram til undirritunar.

c) Að því er varðar ríki, sem leggur fram skjal sitt um fullgildingu, staðfestingu, samþykki eða aðild eftir gildistökudag samningsins, gengur hann í gildi daginn sem slíkt skjal er lagt fram.

d) Við gildistöku samningsins kemur hann til bráðabirgðaframkvæmda að því er varðar sérhvert ríki sem hefur undirritað hann með fyrirvara um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki og hefur beiðst þess við undirritun eða síðar, fyrir gildistökudag. Bráðabirgðaframkvæmd lýkur:

i) þegar ríkið leggur fram skjal um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki, eða

ii) að tveimur árum liðnum frá gildistökudegi samningsins án þess að hann hafi verið fullgiltur, staðfestur eða samþykktur af því ríki, eða

iii) þegar það ríki tilkynnir, fyrir lok tímabilsins sem um getur í ii-lið þessa liðar, um ákvörðun sína um að fullgilda, staðfesta eða samþykkja ekki samninginn.

Þegar bráðabirgðaframkvæmd lýkur samkvæmt ii- eða iii-lið þessa liðar skal farið með réttindi og skyldur aðila í samræmi við c-lið XIII. gr. samningsins.

e) Þegar samningurinn tekur gildi kemur hann í stað bráðabirgðasamningsins sem þá er lokið. Ekkert í samningnum hefur þó áhrif á réttindi eða skuldbindingu aðila sem hann hefur öðlast áður sem undirritunaraðili bráðabirgðasamningsins.

XVIII. gr.
(Aðild.)

a) Hvaða ríki sem er, þar sem fjarskiptastofnun eða viðurkennt einkafyrirtæki var eða bar réttur til að verða undirritunaraðili bráðabirgðasamningsins þegar samningurinn er lagður fram til undirritunar, getur gerst aðili að honum frá og með þeim degi er hann hættir að liggja frammi til undirritunar þar til tveimur árum eftir gildistöku hans.

b) Ákvæði c- til e-liða þessarar greinar gilda um aðildarbeiðni eftirfarandi ríkja:

not enter into force if it has not been signed, ratified, accepted or approved under paragraph a) of this Article, within thirty six months of the date on which it is opened for signature.

c) For a State whose instrument of ratification, acceptance, approval or accession is deposited after the date on which the Convention enters into force, the Convention shall enter into force on the date of such deposit.

d) Upon entry into force, the Convention will be applied provisionally for any State which has signed it subject to ratification, acceptance or approval and has so requested at the time of signature or at any later time before entry into force. Provisional application shall end:

i) upon deposit of an instrument of ratification, acceptance or approval by that State, or

ii) at the end of two years from the date on which the Convention enters into force without having been ratified, accepted or approved by that State, or

iii) upon notification by that State, before the end of the period mentioned in subparagraph ii) of this paragraph, of its decision not to ratify, accept or approve the Convention.

When provisional application ends under subparagraph ii) or iii) of this paragraph, paragraph c) of Article XIII of the Convention shall govern the rights and obligations of the Party.

e) Upon entry into force, the Convention shall replace and terminate the Provisional Agreement. However, nothing in the Convention shall affect any right or obligation of a Party acquired in its former capacity as a Signatory Party to the Provisional Agreement.

ARTICLE XVIII
(Accession)

a) Any State whose telecommunications Administration or Recognized Private Operating Agency was, or had the right to become, a Signatory Party to the Provisional Agreement at the date on which the Convention is opened for signature, may accede to the Convention from the date on which it ceases to be open for signature, until two years after its entry into force.

b) The provisions of paragraphs c) to e) of this Article shall apply to requests for accession by the following States:

i) ríkis, þar sem fjarskiptastofnun eða viðurkennt einkafyrirtæki var eða bar réttur til að verða undirritunaraðili bráðabirgðasamningsins þegar samningurinn var lagður fram til undirritunar, sem hefur ekki orðið aðili að samningnum samkvæmt i- eða ii-lið a-liðar XVI. gr. hans eða a-lið þessarar greinar;

ii) hvaða annars evrópsks ríkis sem er sem er aðili að Alþjóðafjarskiptasambandinu og óskar að gerast aðili að samningnum eftir gildistöku hans.

c) Sérhverju ríki, sem óskar að gerast aðili að samningnum við þær aðstæður sem greinir í a-lið þessarar greinar („umsóknarríki"), ber að tilkynna framkvæmdastjóranum það skriflega og láta honum í té allar upplýsingar um umsóknina.

d) Framkvæmdastjórinn skal taka við umsókn umsóknarríkis og skal leggja hana fyrir þing aðila.

e) Þing aðilanna skal taka ákvörðun um beiðni umsóknarríkisins innan sex mánaða frá þeim degi er framkvæmdastjórinn ályktar að hann hafi undir höndum allar þær upplýsingar er á þarf að halda samkvæmt c-lið þessarar greinar. Ákvörðun framkvæmdastjórans ber þegar að tilkynna þingi aðilanna. Ákvörðun þings aðilanna ber að taka með leynilegri atkvæðagreiðslu og samkvæmt þingsköpum um ákvarðanir um efnisatriði. Boða má aukafund þings aðilanna í þessum tilgangi.

f) Framkvæmdastjóra ber að tilkynna umsóknarríkinu um skilyrði fyrir aðild sem þing aðilanna hefur sett og sem komi fram í bókun er fylgi aðildarskjali sem ríkinu ber að leggja fram hjá vörsluríkinu.

XIX. gr.
(Ábyrgð.)

Enginn aðili ber einn ábyrgð á gerðum og skuldbindingum EUTELSAT, nema þá ábyrgð leiði af milliríkjasamningi sem aðilinn og ríki er krefst bóta eru aðilar að. Í því tilviki ber EUTELSAT að halda viðkomandi aðila skaðlausum að því er varðar hvers kyns slíka ábyrgð, nema

i) a State whose telecommunications Administration or Recognized Private Operating Agency was, or had the right to become, a Signatory Party to the Provisional Agreement at the date on which the Convention was opened for signature, which has not become a Party to the Convention in accordance with subparagraphs i) or ii) of paragraph a) of Article XVI of the Convention, or paragraph a) of this Article;

ii) any other European State which is a member of the International Telecommunication Union wishing to accede to the Convention after its entry into force.

c) Any State that wishes to accede to the Convention in the circumstances mentioned in paragraph a) of this Article ("the Applicant State") shall so notify the Executive Secretary in writing and shall supply the latter with all information relevant to the application.

d) The Executive Secretary shall receive the application of the Applicant State and shall submit the same to the Assembly of Parties.

e) The Assembly of Parties shall take a decision on the Applicant State's request within six months following the date on which the Executive Secretary decides that he or she is in possession of all the information required under paragraph c) of this Article. The decision of the Executive Secretary shall be promptly notified to the Assembly of Parties. The decision of the Assembly of Parties shall be taken by secret vote and in accordance with the procedure for decisions on matters of substance. An extraordinary meeting of the Assembly of Parties may be convened for this purpose.

f) The Executive Secretary shall notify the Appli cant State of the conditions for accession established by the Assembly of Parties, which shall be the subject of a protocol annexed to the instrument of accession to be deposited by the said State with the Depositary.

ARTICLE XIX
(Liability)

No Party shall be individually liable for the acts and obligations of EUTELSAT, except where such liability results from a treaty to which that Party and a State claiming compensation are parties. In that case, EUTELSAT shall indemnify the Party concerned in respect of any such liability,

síðarnefndur aðili hafi beinlínis skuldbundið sig til að taka slíka ábyrgð á sig óskipt.

XX. gr.
(Ýmis ákvæði.)

a) Opinber tungumál og starfsmál EUTELSAT skulu vera enska og franska.

b) EUTELSAT ber með tilliti til almennra skoðana þings aðilanna að hafa samvinnu um sameiginleg hagsmunamál við Sameinuðu þjóðirnar og sérstofnanir þeirra, einkum Alþjóðafjarskiptasambandið, svo og aðrar alþjóðastofnanir.

c) Í þeim tilgangi að framfylgja ályktun allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna nr. 1721 (XVI) ber EUTELSAT að senda aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og viðkomandi sérstofnunum ársskýrslu um starfsemi sína þeim til upplýsinga. Ársskýrslan skal einnig send Eutelsat SA.

XXI. gr.
(Vörsluríki.)

a) Ríkisstjórn lýðveldisins Frakklands skal vera vörsluríki samningsins og skulu henni afhent skjöl um fullgildingu, staðfestingu, samþykki og aðild, beiðnir um bráðabirgðaframkvæmd og tilkynningar um fullgildingu, staðfestingu eða samþykkt breytinga, ályktana um úrsögn úr EUTELSAT eða niðurfellingu bráðabirgðaframkvæmdar samningsins.

b) Samninginn ber að varðveita í skjalasafni vörsluríkisins. Vörsluríkinu ber að senda staðfest afrit af texta samningsins til allra ríkja sem hafa undirritað hann eða lagt fram skjöl um aðild að honum, svo og til Alþjóðafjarskiptasambandsins.

c) Vörsluríkinu ber þegar að tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað samninginn eða gerst aðilar að honum, og, ef nauðsyn krefur, Alþjóðafjarskiptasambandinu um eftirfarandi:
   i) allar undirritanir samningsins;
   ii) afhendingu allra skjala um fullgildingu, staðfestingu, samþykki og aðild;
   iii) upphaf sextíu daga tímabilsins sem um getur í a-lið XVII. gr. samningsins;
   iv) gildistöku samningsins;

unless the latter has expressly undertaken to assume exclusively such liability.

ARTICLE XX
(Miscellaneous Provisions)

a) The official and working languages of EUTELSAT shall be English and French.

b) EUTELSAT shall, having regard to the general views of the Assembly of Parties, cooperate on matters of common interest with the United Nations and its specialized agencies, in particular the International Telecommunication Union, and other international organizations.

c) To comply with Resolution 1721 (XVI) of the General Assembly of the United Nations, EUTELSAT shall send to the Secretary General of the United Nations, and to the specialized agencies concerned, for their information, an annual report on its activities. The annual report shall also be sent to the Company Eutelsat S.A.

ARTICLE XXI
(Depositary)

a) The Government of the French Republic shall be the Depositary for the Convention, with which shall be deposited instruments of ratification, acceptance, approval or accession, requests for provisional application and notifications of ratification, acceptance or approval of amendments, and of decisions to withdraw from EUTELSAT or of termination of the provisional application of the Convention.

b) The Convention shall be deposited in the archives of the Depositary. The Depositary shall send certified copies of the text of the Convention to all States that have signed it or deposited instruments of accession to it, and to the International Telecommunication Union.

c) The Depositary shall promptly inform all States which have signed or acceded to the Convention and, if necessary, the International Telecommunication Union of:
   i) all signatures of the Convention;
   ii) the deposit of all instruments of ratification, acceptance, approval or accession;
   iii) the start of the sixty-day period referred to in paragraph a) of Article XVII of the Convention;
   iv) the entry into force of the Convention;

v) allar beiðnir um bráðabirgðaframkvæmd samkvæmt d-lið XVII. gr. samningsins;

vi) skipun framkvæmdastjóra samkvæmt a-lið X. gr. samningsins;

vii) samþykkt og gildistöku allra breytinga á samningnum;

viii) allar tilkynningar um úrsagnir;

ix) allar ályktanir þings aðilanna samkvæmt b-lið XIII. gr. samningsins þess efnis að aðili sé talinn hafa sagt sig úr EUTELSAT;

x) allar aðrar tilkynningar og orðsendingar um samninginn;

d) Þegar samningurinn tekur gildi ber vörsluríkinu að senda skrifstofu Sameinuðu þjóðanna staðfest endurrit af samningnum til skrásetningar og útgáfu samkvæmt 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir, sem til þess hafa fullt umboð ríkisstjórna sinna, undirritað samning þennan.

Lagt fram til undirritunar í París 15. dag júlímánaðar 1982 í einu frumriti á ensku og frönsku, og skulu báðir textarnir jafngildir.

VIÐAUKI A

(Bráðabirgðaákvæði.)

1. Framhald starfsemi.

a) Hvers kyns samningur, sem EUTELSAT hefur gert og er í gildi þegar Eutelsat SA er stofnað, gildir áfram nema og þar til honum er breytt eða rift samkvæmt ákvæðum þess samnings. Hvers kyns ákvörðun, sem EUTELSAT hefur tekið og er í gildi þegar Eutelsat SA er stofnað, gildir áfram nema og þar til þeirri ákvörðun er breytt eða hún felld niður.

b) Fari svo þegar Eutelsat SA er stofnað að einhver stjórnunareining EUTELSAT hafi hafið en ekki lokið einhverju verki sem henni er heimilað eða skylt að framkvæma ber framkvæmdastjóranum eða framkvæmdastjóra Eutelsat SA, innan valdmarka þeirra og í samræmi við samkomulag milli EUTELSAT og Eutelsat SA, að koma í stað þeirrar stjórnunareiningar í þeim tilgangi að ljúka verkinu.

v) all requests for provisional application under paragraph d) of Article XVII of the Convention;

vi) the appointment of the Executive Secretary under paragraph a) of Article X of the Convention;

vii) the adoption and entry into force of all amendments to the Convention;

viii) all notifications of withdrawal;

ix) all decisions by the Assembly of Parties under paragraph b) of Article XIII of the Convention that a Party is deemed to have withdrawn from EUTELSAT;

x) all other notifications and communications about the Convention.

d) Upon entry into force of the Convention, the Depositary shall send to the Secretariat of the United Nations, for registration and publication in accordance with Article 102 of the Charter of the United Nations, confirmed certified copies of the Convention.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned duly authorized by their respective Governments, have signed this Convention.

Opened for signature at Paris this fifteenth day of July one thousand nine hundred and eighty-two in the English and French languages, both texts being equally authentic, in a single original.

ANNEX A

(Transitional Provisions)

1. Continuity of Activities

a) Any agreement entered into by EUTELSAT and which is in effect at the time the Company Eutelsat S.A. is established shall remain in effect, unless and until modified or terminated in accordance with the provisions of that agreement. Any decision taken by EUTELSAT and which is in effect at the time the Company Eutelsat S.A. is established shall remain in effect unless and until that decision is modified or terminated.

b) If, at the time the Company Eutelsat S.A. is established, any organ of EUTELSAT has embarked on, but not completed, any action which it is authorized or required to take, the Executive Secretary or the first Chief Executive Officer of the Company Eutelsat S.A. within their respective powers, and in accordance with arrangements made between EUTELSAT and the Company Eutelsat S.A., shall stand in the place of that organ for the purpose of completing such action.

2. Aðferð við yfirfærslu.

a) EUTELSAT skal gera yfirfærslusamning við Eutelsat SA um að yfirfæra einhverja eða allar eignir og skuldir sem tengjast starfsemi þess (eins og nánar er kveðið á um í yfirfærslusamningnum) til Eutelsat SA („yfirfærslan").

b) Yfirfærslan mun leiða til almennrar yfirfærslu á öllum réttindum, eignarrétti, hagsmunum og hagsbótum og öllum skyldum og skuldbindingum sem tengjast eignum og skuldbindingum sem þannig eru yfirfærðar og skulu þær eignir og skuldbindingar sem þannig eru yfirfærðar mynda heildstæðan og sjálfstæðan rekstrarþátt. Slík yfirfærsla skal hafa sömu áhrif og frátengd yfirfærsla starfsemi sem um getur í 382. gr. og eftirfarandi greinum í frönskum lögum nr. 66-537 frá 24. júlí 1966 um viðskiptafélög, að því undanskildu að engar af skuldbindingum og formsatriðum sem venjulega hvíla á aðilanum sem yfirfærir samkvæmt lögunum skulu eiga við um EUTELSAT.

c) Sér í lagi og án þess að hafa áhrif á framangreint skal yfirfærslan eiga sér stað almennt frá þeim degi sem tilgreindur er í yfirfærslusamningnum, án þess að krefjast tilkynningar til eða samþykkis nokkurs aðila, þ.m.t. sérhvers aðila sem slíkar skyldur og skuldbindingar eiga við. Yfirfærslan skal taka gildi á sama hátt að því er varðar hvern aðila sem EUTELSAT hefur gert samkomulag við með eðli *intuitu personae*.

3. Stjórnun.

a) Með tilliti til c-liðar 2. mgr. að framan skal allt starfslið framkvæmdastofnunar EUTELSAT eiga rétt til að flytjast til Eutelsat SA og einstaklingar, sem nýta sér þennan rétt, skulu frá og með þeim degi er þeir flytjast njóta starfskjara og skilmála sem eru, að því leyti sem samræmist frönskum lögum, að minnsta kosti jafngild þeim sem þeir nutu fyrir daginn sem þeir voru fluttir.

b) Með tilliti til einstaklinga, sem á þeim degi sem yfirfærslan á sér stað eru móttakendur greiðslna samkvæmt reglum lífeyrissjóðs EUTELSAT, skulu slíkar greiðslur áfram inntar af hendi í samræmi við öll viðeigandi ákvæði reglnanna sem voru í gildi á þeim degi þegar yfirfærslan fór fram.

2. Method of transfer

a) EUTELSAT shall enter into a transfer agreement (the "Transfer Agreement") with the Company Eutelsat S.A. to transfer any or all of its assets and liabilities relating to its activity (as more fully set out in the Transfer Agreement) to the Company Eutelsat S.A. (the "Transfer").

b) The Transfer will result in a universal transfer of all right, title, interest and benefit to, and all obligations and liabilities attaching to, the assets and liabilities so transferred and the assets and liabilities so transferred shall constitute a complete and autonomous branch of activity. Such Transfer shall have the same effects as a spin off ("scission") transfer of activity provided under Article 382 et *seq.* of the French law N°66-537 of 24 July 1966 relating to commercial companies, except that none of the obligations and formalities normally binding upon the transferor (*société apporteuse*) under such law shall be applicable to EUTELSAT.

c) In particular, and without prejudice to the foregoing, the Transfer shall take effect *erga omnes* as of the date specified in the Transfer Agreement without requiring the notification to, or the consent or approval of, any person, including any person to whom any such obligations and liabilities are owed. The Transfer shall take effect in the same manner with respect to any person with whom EUTELSAT has entered into any agreement of an *intuitu personae* nature.

3. Management

a) With respect to 2 c) above, all personnel of the Executive Organ of EUTELSAT shall have the right to be transferred to the Company Eutelsat S.A. and persons exercising this right shall as at the date of their transfer enjoy terms and conditions of employment that are, so far as consistent with French law, at least equivalent to those which they enjoyed immediately prior to the date of their transfer.

b) With respect to persons who, at the date of the Transfer, are in receipt of benefits under the Rules of the EUTELSAT Pension Scheme, such benefits shall continue to be paid in accordance with all of the relevant provisions of those Rules which were in force as at the date of Transfer.

c) Með tilliti til einstaklinga, sem á þeim degi þegar yfirfærslan fór fram hafa öðlast rétt til greiðslna samkvæmt reglum lífeyrissjóðs EUTELSAT, skal gera viðeigandi ráðstafanir til þess að varðveita réttindin.

d) Samkvæmt 1. mgr. þessa viðauka gilda ráðningarskilmálar starfsliðs, sem í gildi voru, áfram þar til Eutelsat SA hefur samið nýja ráðningarskilmála.

e) Þar til fyrsti formaður stjórnar Eutelsat SA og fyrsti framkvæmdastjóri taka við starfi ber aðalforstjóra EUTELSAT að annast störf hvors þeirra.

4. Yfirfærsla til Eutelsat SA og framkvæmdastjórans á starfsemi EUTELSAT.

a) Á stofnunardegi Eutelsat SA og skrifstofunnar ber aðalforstjóra EUTELSAT að upplýsa alla sem hlut eiga að máli.

b) Aðalforstjóra EUTELSAT ber sem lögbærum fulltrúa EUTELSAT að gera allar ráðstafanir til þess að öll réttindi og allar skuldbindingar sem EUTELSAT hefur öðlast yfirfærist á réttum tíma til Eutelsat SA.

VIÐAUKI B

(Gerðardómsmeðferð.)

1. Í þeim tilgangi að úrskurða í hvers kyns deilumálum sem um getur í XV. gr. samningsins ber að stofna gerðardóm samkvæmt eftirfarandi málsgreinum.

2. Sérhver aðili að samningnum getur gengið í lið með öðrum hvorum deiluaðila fyrir gerðardómi.

3. Gerðardómsmenn skulu vera þrír. Sérhverjum deiluaðila ber að tilnefna einn gerðardómsmann innan tveggja mánaða frá móttökudegi beiðni annars aðilans um að vísa deilunni til gerðardóms. Þegar þess er krafist í XV. gr. samningsins að deiluaðilar nái samkomulagi um að vísa deilunni til gerðardóms ber að reikna tveggja mánaða frestinn frá og með dagsetningu þessa samkomulags. Innan tveggja mánaða frá tilnefningu síðari gerðardómsmannsins ber fyrstu tveimur gerðardómsmönnum að tilnefna þriðja gerðardómsmanninn sem skal vera formaður gerðar-

c) With respect to persons who, at the date of the Transfer, have acquired rights to receive benefits under the Rules of the EUTELSAT Pension Scheme, appropriate arrangements shall be made in order to preserve those rights.

d) In accordance with paragraph 1 of this Annex, the conditions of employment of personnel in force shall continue to apply until new conditions of employment are drawn up by the Company Eutelsat S.A.

e) Until the first Chairman of the Directorate of the Company Eutelsat S.A. and the first Executive Secretary assume office, their respective functions shall be performed by the Director General of EUTELSAT.

4. Transfer to the Company Eutelsat S.A. and to the Executive Secretary of the functions of EUTELSAT

a) On the date of establishment of the Company Eutelsat S.A. and of the Secretariat, the Director General of EUTELSAT shall inform all concerned.

b) The Director General of EUTELSAT shall take all measures for a timely transfer to the Company Eutelsat S.A. and the Executive Secretary of all rights and obligations acquired by EUTELSAT, in his capacity as legal representative of EUTELSAT.

ANNEX B

(Arbitration Procedure)

1. For the purposes of adjudicating upon any dispute referred to in Article XV of the Convention, an Arbitration Tribunal shall be established in accordance with the following paragraphs.

2. Any Party to the Convention may join either party to the dispute in the arbitration.

3. The Arbitration Tribunal shall consist of three members. Each party to the dispute shall nominate one arbitrator within a period of two months reckoned from the date of receipt of the request by one party to refer the dispute to arbitration. Where Article XV of the Convention requires the agreement of the disputants to refer the dispute to arbitration, the period of two months shall be reckoned from the date of that agreement. The first two arbitrators shall, within a period of two months reckoned from the nomination of the second arbitrator, nominate the third arbitrator, who

dómsins. Hafi annar hvor gerðardómsmanna ekki verið tilnefndur innan tilskilins frests skal hann, að beiðni annars hvors aðila, tilnefndur af forseta Alþjóðadómstólsins eða, ef samkomulag næst ekki milli aðilanna, af framkvæmdastjóra Alþjóðagerðardómsins. Sömu aðferð ber að beita ef formaður gerðardómsins hefur ekki verið tilnefndur innan tilskilins frests.

4. Gerðardómurinn ákvarðar aðsetur sitt og setur sér sjálfur reglur um málsmeðferð.
5. Sérhver aðili skal bera kostnað af þeim gerðardómsmanni sem honum ber að tilnefna, svo og kostnað af fulltrúa sínum við gerðardóminn. Útgjöld vegna formanns gerðardómsins skiptist jafnt á deiluaðila.

6. Úrskurður gerðardómsins skal felldur af meiri hluta gerðardómsmanna sem mega ekki sitja hjá við atkvæðagreiðslu. Úrskurður þessi skal vera endanlegur og bindandi fyrir alla deiluaðila og verður honum ekki áfrýjað. Aðilunum ber að hlíta úrskurðinum tafarlaust. Fari svo að deilt verði um þýðingu eða umfang hans ber gerðardóminum að túlka hann að beiðni annars hvors deiluaðila.

shall be the Chairman of the Arbitration Tribunal. If one of the two arbitrators has not been nominated within the required period, he shall, at the request of either party, be nominated by the President of the International Court of Justice or, if there is no agreement between the parties, the Secretary General of the Permanent Arbitration Court. The same procedure shall apply if the Chairman of the Arbitration Tribunal has not been nominated within the required period.

4. The Arbitration Tribunal shall determine its seat and establish its own rules of procedure.
5. Each party shall bear the cost relating to the arbitrator for whose nomination it is responsible, as well as the costs of being represented before the Tribunal. The expenditure relating to the Chairman of the Arbitration Tribunal shall be shared equally by the parties to the dispute.
6. The award of the Arbitration Tribunal shall be made by a majority of its members, who may not abstain from voting. This award shall be final and binding on all parties to the dispute and no appeal shall lie against it. The parties shall comply with the award without delay. In the event of a dispute as to its meaning or scope, the Arbitration Tribunal shall interpret it at the request of any party to the dispute.

Nr. 30 29. nóvember 2000

AUGLÝSING

um bráðabirgðasamning milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu.

Hinn 18. ágúst 2000 var norska utanríkisráðuneytinu afhent fullgildingarskjal Íslands vegna bráðabirgðasamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Frelsissamtaka Palestínu (PLO) fyrir hönd Þjóðarráðs Palestínu sem gerður var í Leukerbad 30. nóvember 1998. Með ályktun 3. apríl 2000 heimilaði Alþingi ríkisstjórninni að fullgilda samninginn. Samningurinn öðlaðist gildi að því er Ísland varðar 1. nóvember 2000.

Samningurinn liggur frammi í utanríkisráðuneytinu þar sem unnt er að fá aðgang að honum.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

AUGLÝSING

um breytingar á bókunum við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Hinn 27. september 2000 var norska utanríkisráðuneytinu afhent staðfestingarskjal Íslands vegna breytinga á bókunum við samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls frá 2. maí 1992, sem samþykktar voru í Brussel 14. mars 1997, 6. mars 1998, 27. mars 1998, 17. júlí 1998, 15. júlí 1999 og 11. maí 2000, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 32/1993 þar sem samningurinn er birtur. Breytingarnar öðluðust gildi 27. september 2000 að undanskilinni breytingunni frá 6. mars 1998 sem öðlaðist gildi 17. nóvember 2000.

Breytingin frá 14. mars 1997 er birt sem fylgiskjal nr. 1 með auglýsingu þessari, breytingin frá 6. mars 1998 sem fylgiskjal nr. 2, breytingin frá 27. mars 1998 sem fylgiskjal nr. 3, breytingin frá 17. júlí 1998 sem fylgiskjal nr. 4, breytingin frá 15. júlí 1999 sem fylgiskjal nr. 5 og breytingin frá 11. maí 2000 sem fylgiskjal nr. 6.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 29. nóvember 2000.

Halldór Ásgrímsson.

Sverrir Haukur Gunnlaugsson.

Fylgiskjal 1.

SAMNINGUR
um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og honum var breytt með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er nefnist hér á eftir „samningur um eftirlitsstofnun og dómstól", einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/97 frá 14. mars 1997 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki,

þar sem í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

hafa samþykkt eftirfarandi:

AGREEMENT
amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

The Republic of Iceland, the Principality of Liecthenstein, the Kingdom of Norway,

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice as adjusted by the Protocol Adjusting the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the Surveillance and Court Agreement, and in particular Article 49 thereof,

In agreement with the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to Decision No 13/97 of 14 March 1997 of the EEA Joint Committee amending Protocol 21 to the EEA Agreement, on the implementation of competition rules applicable to undertakings,

Whereas, therefore, Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

1. gr.

Í stað III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi það sem tilgreint er í 1. viðauka við þennan samning.

2. gr.

Í stað XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi það sem tilgreint er í 2. viðauka við þennan samning.

3. gr.

Í stað 1. viðbætis við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi það sem tilgreint er í 3. viðauka við þennan samning.

4. gr.

Í stað 9. viðbætis við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi það sem tilgreint er í 4. viðauka við þennan samning.

5. gr.

Texti 10. viðbætis við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og tilvísun til 10. viðbætis í efnisyfirliti við sömu bókun falli niður.

6. gr.

1. Samningur þessi skal samþykktur af EFTA-ríkjunum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers ríkis um sig.
   Hann skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum þar um.
   Staðfestingarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Noregs til vörslu sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum þar um.
2. Samningur þessi skal taka gildi daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/97 frá 14. mars 1997 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, tekur gildi eða daginn sem EFTA-ríkin hafa afhent öll staðfestingarskjöl til vörslu, eftir því hvort gerist síðar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 14. mars 1997.

Article 1

Chapter III of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be replaced as specified in Annex 1 to this Agreement.

Article 2

Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be replaced as specified in Annex 2 to this Agreement.

Article 3

Appendix 1 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be replaced as specified in Annex 3 to this Agreement.

Article 4

Appendix 9 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be replaced as specified in Annex 4 to this Agreement.

Article 5

The text of Appendix 10 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement and reference to Appendix 10 in the table of contents to the same Protocol shall be deleted.

Article 6

1. This Agreement shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements.
   It shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
   The instruments of acceptance shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
2. This Agreement shall enter into force on the day Decision No 13/97 of 14 March 1997 of the EEA Joint Committee amending Protocol 21 to the EEA Agreement, on the implementation of competition rules applicable to undertakings, enters into force or on the day all instruments of acceptance have been deposited by the EFTA States, whichever day is the later.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, 14 March 1997.

1. VIÐAUKI
við samninginn um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi komi í stað III. kafla, um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar, í bókun 4, um störf og valdssvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni:

„III. kafli.
Framsetning, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar.

1. gr.
Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram umsóknir og tilkynningar.

1. Eftirtöldum aðilum er heimilt að leggja fram umsókn samkvæmt 2. gr. II. kafla viðvíkjandi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins eða tilkynningu samkvæmt 4. gr. II. kafla og 1. gr. XVI. kafla:
   a) öllum fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja sem eru aðilar að samningum eða samstilltum aðgerðum, og
   b) öllum samtökum fyrirtækja sem samþykkja ákvarðanir eða taka þátt í aðgerðum,

   sem kunna að falla undir 1. mgr. 53. gr.

   Leggi einungis sumir aðilarnir, sem um getur í a-lið fyrstu undirgreinar, fram umsókn eða tilkynningu skulu þeir tilkynna hinum aðilunum þar um.

2. Fyrirtæki, sem hefur yfirburðastöðu á hinum sameiginlega markaði eða verulegum hluta hans, hvort heldur er eitt sér eða ásamt öðrum fyrirtækjum, er heimilt að leggja fram umsókn samkvæmt 2. gr. II. kafla viðvíkjandi 54. gr. EES-samningsins.
3. Þegar fulltrúar einstaklinga, fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja undirrita umsóknir eða tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.
4. Ef um er að ræða sameiginlega umsókn eða tilkynningu ber að tilnefna sameiginlegan fulltrúa sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra umsækjenda eða tilkynnenda.

ANNEX 1
to the Agreement amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

   (a) delivery by hand against receipt;
   (b) registered letter with acknowledgement of receipt;
   (c) telefax with a request for acknowledgement of receipt;
   (d) telex;
   (e) electronic mail with a request for acknowledgement of receipt.
2. Subject to Article 21 (1), paragraph 1 also applies to the transmission of documents from the notifying parties, from other involved parties or from third parties to the EFTA Surveillance Authority.

3. Ef skjal er sent með fjarrita, símbréfi eða tölvupósti skal gera ráð fyrir að viðtakanda hafi borist það í hendur sama dag og það var sent.

20. gr.
Frestir settir.

1. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA setur fresti, sem kveðið er á um í 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.), skal hún taka tillit til þess undirbúningstíma sem þörf er á við gerð athugasemda og til þess hversu brýnt málið er. Hún skal einnig taka tillit til virkra daga samkvæmt skilgreiningu í 22. gr. og lögboðinna frídaga í landinu sem orðsending hennar fer til.
2. Frestina skal binda við ákveðna almanaksdaga.

21. gr.
Viðtaka skjala hjá Eftirlitsstofnun EFTA.

1. Með fyrirvara um 1. mgr. 4. gr. þessa kafla skulu tilkynningar berast Eftirlitsstofnun EFTA á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO eða hafa verið sendar með bréfi í ábyrgðarpósti á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO áður en frestur samkvæmt 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar, sem vísað er til í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), rennur út.

   Sé óskað eftir frekari upplýsingum til að fullgera ófullnægjandi tilkynningar samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. eða til viðbótar við tilkynningar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. þessa kafla skulu þær berast Eftirlitsstofnun EFTA á fyrrnefnt póstfang eða hafa verið sendar með bréfi í ábyrgðarpósti áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út. Nauðsynlegt er að skriflegar athugasemdir við orðsendingar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.) berist Eftirlitsstofnun EFTA á fyrrnefnt póstfang áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út.

2. Fresti, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein 1. mgr., skal ákvarða í samræmi við 20. gr.
3. Ef lokadagur frests er ekki virkur dagur (eins og skilgreint er í 22. gr.) eða er lögboðinn frí-

3. Where a document is sent by telex, by telefax or by electronic mail, it shall be presumed that it has been received by the addressee on the day on which it was sent.

Article 20
Setting of time limits

1. In fixing the time limits provided for pursuant to Article 4 (2), 5 (2), 12 (1) and (2), 13 (2) and 16 (1), the EFTA Surveillance Authority shall have regard to the time required for preparation of statements and to the urgency of the case. It shall also take account of working days as defined under Article 22 as well as public holidays in the country of receipt of the EFTA Surveillance Authority's communication.
2. These time limits shall be set in terms of a precise calendar date.

Article 21
Receipt of documents by the EFTA Surveillance Authority

1. Subject to the provisions of Article 4 (1) of this Chapter, notifications must be delivered to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated in Form CO or have been dispatched by registered letter to the address indicated in Form CO before the expiry of the period referred to in Article 4 (1) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No. 4064/89).
   Additional information requested to complete notifications pursuant to Article 4 (2) and (4) or to supplement notifications pursuant to Article 5 (2) of this Chapter must reach the EFTA Surveillance Authority at the aforesaid address or have been dispatched by registered letter before the expiry of the time limit fixed in each case. Written comments on EFTA Surveillance Authority communications pursuant to Articles 12 (1) and (2), 13 (2) and 16 (1) must be delivered to the EFTA Surveillance Authority or must have reached the EFTA Surveillance Authority at the aforesaid address before the expiry of the time limit fixed in each case.
2. Time limits referred to in subparagraphs two and three of paragraph 1 shall be determined in accordance with Article 20.
3. Should the last day of a time limit fall on a day which is not a working day (as defined

dagur í sendingarlandinu rennur fresturinn út í lok næsta virka dags.

22. gr.
Skilgreining á virkum dögum hjá Eftirlitsstofnun EFTA.

Til „virkra daga“ í þessum kafla teljast allir aðrir dagar en laugardagar, sunnudagar, lögboðnir frídagar og aðrir frídagar sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður og birtir í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins fyrir upphaf hvers árs.“

under Article 22), or which is a public holiday in the country of dispatch, the time limit expires on the following working day.

Article 22
Definition of EFTA Surveillance Authority working days

The expression "working days" in this Chapter means all days other than Saturdays, Sundays, public holidays and other holidays as determined by the EFTA Surveillance Authority and published in the EEA Section of, and the EEA Supplement to, the Official Journal of the European Communities before the beginning of each year."

3. VIÐAUKI
við samninginn um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi komi í stað 1. viðbætis við bókun 4:

„1. VIÐBÆTIR
við bókun 4 við samning EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

EYÐUBLÖÐ SEM UM GETUR Í 1. OG 4. MGR. 4. GR. III. KAFLA

EYÐUBLAÐ A/B

INNGANGUR

Eyðublað A/B og viðaukinn við það eru óaðskiljanlegur hluti af III. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna[1] um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Þar með er fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja gert kleift að sækja til Eftirlitsstofnunar EFTA (hér á eftir nefnd Eftirlitsstofnunin) um neikvætt vottorð vegna samninga eða samstilltra aðgerða, sem kunna að falla undir bannreglur 1. mgr. 53. gr. og 54. gr. í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“)[2], eða tilkynna um samning og sækja um að hann verði undanþeginn banninu, sem kveðið er á um í bannreglum 1. mgr. 53. gr., í krafti ákvæða 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins.

ANNEX 3
to the Agreement amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

Appendix 1 to Protocol 4 shall be replaced by the following:

"APPENDIX 1
to Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

FORM REFERRED TO IN ARTICLES 4(1) AND 4(4) OF CHAPTER III

FORM A/B

INTRODUCTION

Form A/B, as its Annex, is an integral part of Chapter III of Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States[1] on the establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice (hereinafter referred to as Prot. 4 SAC-A) on the form, content and other details of applications and notifications provided for in Chapter II of Prot. 4 SAC-A. It allows undertakings and associations of undertakings to apply to the EFTA Surveillance Authority (hereinafter referred to as the Surveillance Authority) for negative clearance for an agreement or a practice which may fall within the prohibitions of Articles 53 (1) and 54 of the Agreement on the European Economic Area (hereinafter referred to as the EEA Agreement)[2] or to notify such an agreement and apply to have it exempted from the prohibition set out in Article 53 (1) by virtue of

Til að auðvelda notkun eyðublaðs A/B er fjallað um eftirtalin atriði á næstu síðum:
- í hvaða tilvikum er nauðsynlegt að leggja fram umsókn eða tilkynningu (A-liður),
- hvaða yfirvaldi (Eftirlitsstofnun EFTA eða framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna, hér á eftir nefnd „framkvæmdastjórn EB“) ber að senda umsóknina eða tilkynninguna (B-liður),
- hvaða markmiðum umsókn eða tilkynning getur þjónað (C-liður),
- hvaða upplýsingar þurfa að koma fram í umsókn eða tilkynningu (D-, E- og F-liður),
- hverjum er heimilt að leggja fram umsókn eða tilkynningu (G-liður),
- hvernig leggja skal fram umsókn eða tilkynningu (H-liður),
- hvernig varðveita má atvinnuleyndarmál fyrirtækjanna (I-liður),
- hvernig ber að skilja tiltekin hugtök tæknilegs eðlis í vinnsluhluta eyðublaðs A/B (J-liður), og
- málsmeðferð í framhaldi af umsókn eða tilkynningu (K-liður).

A. Í hvaða tilvikum er nauðsynlegt að leggja fram umsókn eða tilkynningu?

I. Tilgangurinn með samkeppnisreglum EB-sáttmálans og EES-samningsins.

1. Tilgangurinn með samkeppnisreglum Evrópubandalagsins.

Tilgangurinn með samkeppnisreglunum er að koma í veg fyrir að samkeppnishömlur eða misnotkun yfirburðastöðu raski samkeppni á hinum sameiginlega markaði. Þær gilda um öll fyrirtæki sem beint eða óbeint stunda viðskipti á hinum sameiginlega markaði, óháð því hvar þau hafa staðfestu.

Í 1. mgr. 85. gr. EB-sáttmálans (texti 85. og 86. gr. er birtur í 1. viðauka við þetta eyðublað) er lagt bann við samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum (samkomulagi) sem hamla samkeppni og geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB[3] og í 2. mgr. 85. gr. er því lýst yfir að samningar eða ákvarðanir, sem geyma slíkar takmarkanir, hafi engin réttaráhrif (Evrópudómstóllinn hefur þó úrskurðað að ef unnt er að greina takmarkandi skilmála frá öðrum atriðum samningsins eru það einungis þeir sem hafa engin réttaráhrif); í 3. mgr. 85. gr. er þó

the provisions of Article 53 (3) of the EEA Agreement.

To facilitate the use of the Form A/B the following pages set out:
- in which situations it is necessary to make an application or a notification (Point A),
- to which authority (the EFTA Surveillance Authority or the European Commission, hereinafter referred to as the Commission) the application or notification should be made (Point B),
- for which purposes the application or notification can be used (Point C),
- what information must be given in the application or notification (Points D, E and F),
- who can make an application or notification (Point G),
- how to make an application or notification (Point H),
- how the business secrets of the undertakings can be protected (Point I),
- how certain technical terms used in the operational part of the Form A/B should be interpreted (Point J), and
- the subsequent procedure after the application or notification has been made (Point K).

A. In which situations is it necessary to make an application or a notification?

I. Purpose of the competition rules of the EC Treaty and the EEA Agreement

1. Purpose of the EC Competition Rules

The purpose of the EC competition rules is to prevent the distortion of competition in the common market by restrictive practices or the abuse of dominant positions. They apply to any enterprise trading directly or indirectly in the common market, wherever established.

Article 85 (1) of the EC Treaty (the text of Articles 85 and 86 is reproduced in Annex I to this form) prohibits restrictive agreements, decisions or concerted practices (arrangements) which may affect trade between EC Member States[3]... and Article 85 (2) declares agreements and decisions containing such restrictions void (although the Court of Justice has held that if restrictive terms of agreements are severable, only those terms are void); Article 85 (3), however, provides for exemption of arrangements with beneficial effects, if its conditions are met.

kveðið á um undanþágu fyrir samkomulag sem hefur jákvæð áhrif, að uppfylltum skilyrðum þeirrar málsgreinar. Í 86. gr. er lagt bann við misnotkun yfirburðastöðu sem getur haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB. Upprunalegu reglurnar um framkvæmd þessara greina, það er að segja ákvæðin um „neikvætt vottorð“ og undanþágur samkvæmt 3. mgr. 85. gr., voru settar í reglugerð ráðsins nr. 17 (vísun til þessarar gerðar og allra annarra gerða, sem getið er í þessari athugasemd eða sem varða tilkynningar og umsóknir á eyðublaði A/B, er skráð í II. viðauka við eyðublaðið).

2. Tilgangurinn með samkeppnisreglum EES-samningsins.

Samkeppnisreglur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið (milli Efnahagsbandalags Evrópu, hér á eftir nefnt bandalagið, Kola- og stálbandalags Evrópu, aðildarríkja EB og EFTA-ríkjanna[4]) byggjast á sömu meginreglum og samkeppnisreglur bandalagsins og miða að sama marki, þ.e. að hindra að einokunarhringir eða misnotkun yfirburðastöðu raski samkeppni á Evrópska efnahagssvæðinu. Þær gilda um öll fyrirtæki sem beint eða óbeint stunda viðskipti á Evrópska efnahagssvæðinu, óháð því hvar þau hafa staðfestu.

Í 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins (texti 53., 54. og 56. gr. EES-samningsins er birtur í 1. viðauka) er lagt bann við samningum, ákvörðunum og samstilltum aðgerðum (samkomulagi) sem hamla samkeppni og geta haft áhrif á viðskipti milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja eða milli EFTA-ríkja, og í 2. mgr. 53. gr. er því lýst yfir að samningar eða ákvarðanir, sem geyma slíkar takmarkanir, hafi engin réttaráhrif; í 3. mgr. 53. gr. er þó kveðið á um undanþágu fyrir samkomulag sem hefur jákvæð áhrif, að uppfylltum skilyrðum þeirrar málsgreinar. Í 54. gr. er lagt bann við misnotkun yfirburðastöðu sem getur haft áhrif á viðskipti milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja eða milli EFTA-ríkja. Málsmeðferðarreglur um framkvæmd þessara greina, það er að segja ákvæðin um „neikvætt vottorð“ og undanþágur samkvæmt 3. mgr. 53. gr., voru settar í II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og að því er Evrópska efnahagssvæðinu viðvíkur fylgja henni bókanir 21, 22 og 23 við EES-samninginn[5].

Article 86 prohibits the abuse of a dominant position which may affect trade between EC Member States. The original procedures for implementing these Articles, which provide for negative clearance and exemption pursuant to Article 85 (3), were laid down in Regulation No 17 (the reference to this and all other acts mentioned in this note or relevant to notifications and applications made on Form A/B are listed in Annex II to the form).

2. Purpose of the EEA competition rules

The competition rules of the EEA Agreement (concluded between the European Economic Community, hereinafter referred to as the Community, the European Steel and Coal Community, the EC Member States and the EFTA States[4]) are based on the same principles as those contained in the Community competition rules and have the same purpose, i. e. to prevent the distortion of competition in the EEA territory by cartels or the abuse of dominant position. They apply to any enterprise trading directly or indirectly in the EEA territory, wherever established.

Article 53 (1) of the EEA Agreement (the text of Articles 53, 54 and 56 of the EEA Agreement is reproduced in Annex I) prohibits restrictive agreements, decisions or concerted practices (arrangements) which may affect trade between the Community and one or more EFTA States or between EFTA States, and Article 53 (2) declares agreements or decisions containing such restrictions void; Article 53 (3), however, provides for exemption of arrangements with beneficial effects, if its conditions are met. Article 54 prohibits the abuse of a dominant position which may affect trade between the Community and one or more EFTA States or between EFTA States. The procedures for implementing these Articles, which provide for negative clearance and exemption pursuant to Article 53 (3), are laid down in Chapter II of Prot. 4 SAC-A supplemented for EEA purposes by Protocols 21, 22 and 23 to the EEA Agreement[5].

II. Gildissvið samkeppnisreglna EB-sáttmálans og EES-samningsins.

Beiting 85. og 86. gr. EB-sáttmálans og 53. og 54. gr. EES-samningsins fer eftir aðstæðum í hverju einstöku máli. Forsenda beitingar er að samkomulagið eða starfshættirnir uppfylli öll skilyrði í viðkomandi ákvæðum. Þetta verður að kanna áður en sótt er um neikvætt vottorð eða tilkynning er lögð fram.

1. Neikvætt vottorð.

Málsmeðferð vegna neikvæðs vottorðs veitir fyrirtækjum tækifæri til að komast að raun um hvort framkvæmdastjórn EB telji að samkomulag þeirra eða starfshættir séu bannaðir samkvæmt 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins eða ekki. Málsmeðferðin byggist á 2. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Neikvætt vottorð er veitt í formi ákvörðunar þar sem Eftirlitsstofnunin staðfestir að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum séu engar forsendur fyrir aðgerðum af hennar hálfu samkvæmt 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins vegna viðkomandi samkomulags eða starfshátta.

Ekki er þó ástæða til að leggja inn umsókn ef samkomulag eða starfshættir eru augljóslega ekki bannaðir samkvæmt framangreindum ákvæðum. Né heldur er Eftirlitsstofnunin skyldug til að veita neikvætt vottorð. Í 2. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól segir að fyrirtæki eða samtök fyrirtækja „...geta sótt um staðfestingu hjá Eftirlitsstofnun EFTA ...". Eftirlitsstofnunin gefur að jafnaði aðeins út neikvætt vottorð ef skera þarf úr um mikilvægan túlkunarvanda. Í öðrum tilvikum getur hún svarað umsókn með stöðluðu svarbréfi.

Eftirlitsstofnunin hefur birt allmargar auglýsingar viðvíkjandi túlkun 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Þar eru skilgreindir tilteknir flokkar samninga sem bannið nær ekki til sakir eðlis þeirra eða óverulegra áhrifa[6].

2. Undanþága.

Málsmeðferð vegna undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins gerir fyrirtækjum kleift að ganga inn í samkomulag sem í raun býður upp á efnahagslegan ávinning en væri, án undanþágu, bannað samkvæmt 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins. Kveðið er á um þessa málsmeðferð í 4., 6. og 8. gr. II. kafla bókunar 4 við

II. The scope of the competition rules of the EC Treaty and the EEA Agreement

The applicability of Articles 85 and 86 of the EC Treaty and Articles 53 and 54 of the EEA Agreement depends on the circumstances of each individual case. It presupposes that the arrangement or behaviour satisfies all the conditions set out in the relevant provisions. This question must consequently be examined before any application for negative clearance or any notification is made.

1. Negative clearance

The negative clearance procedure allows undertakings to ascertain whether the Surveillance Authority considers that their arrangement or their behaviour is or is not prohibited by Article 53 (1) or Article 54 of the EEA Agreement. This procedure is governed by Article 2 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A. The negative clearance takes the form of a decision by which the Surveillance Authority certifies that, on the basis of the facts in its possession, there are no grounds pursuant to Article 53 (1) or Article 54 of the EEA Agreement for action on its part in respect of the arrangement or behaviour.

There is, however, no point in making an application when the arrangements or the behaviour are manifestly not prohibited by the abovementioned provisions. Nor is the Surveillance Authority obliged to give negative clearance. Article 2 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A states that '... the Surveillance Authority may certify....' The Surveillance Authority normally issues negative clearance decisions where an important problem of interpretation has to be solved. In other cases it may react to the application by sending a comfort letter.

The Surveillance Authority has published several notices relating the interpretation of Article 53 (1) of the EEA Agreement. They define certain categories of agreements which, by their nature or because of their minor importance, are not caught by the prohibition[6].

2. Exemption

The procedure for exemption pursuant to Article 53 (3) of the EEA Agreement allows companies to enter into arrangements which, in fact, offer economic advantages but which, without exemption, would be prohibited by Article 53 (1) of the EEA Agreement. This procedure is governed by Articles 4, 6 and 8 of Chapter II of

samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Kveðið er á um þessa málsmeðferð í 5.-13. gr. bókunar 21 við EES-samninginn, svo og XVI. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól að því er varðar gildandi samninga er falla undir 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins þegar hann öðlast gildi. Undanþágan er í formi ákvörðunar þar sem Eftirlitsstofnunin lýsir því yfir að 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins gildi ekki um það samkomulag sem lýst er í ákvörðuninni. Samkvæmt 8. gr. ber Eftirlitsstofnuninni skylda til að tilgreina gildistíma ákvörðunarinnar; henni er heimilt að láta skilyrði og skyldur fylgja og einnig að breyta ákvörðunum eða afturkalla þær eða banna tilteknar athafnir aðila samkomulagsins við tilteknar aðstæður, einkum ef ákvörðunin var byggð á röngum upplýsingum eða aðstæður hafa breyst verulega.

Í XIV. viðauka við EES-samninginn er vísað til nokkurra reglugerða um undanþágur fyrir flokka samninga. Í nokkrum þessara reglugerða[7] er kveðið á um að sumir samningar njóti því aðeins góðs af slíkri undanþágu að Eftirlitsstofnuninni sé tilkynnt um þá í samræmi við 4. gr. II. kafla eða 1. gr. XVI. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í því augnamiði að fá undanþágu og að í tilkynningunni sé óskað eftir að beitt verði andmælameðferð.

Ákvörðun, þar sem undanþága er veitt, getur gilt með afturvirkum hætti en hún getur ekki öðlast gildi fyrir tilkynningardag (6. gr. bókunar 21 bókunar við EES-samninginn og 6. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól), með nokkrum undantekningum þó. Komist Eftirlitsstofnunin að raun um að samkomulag, sem tilkynnt hefur verið um, falli í raun undir bannið og njóti ekki undanþágu og taki hún þar af leiðandi ákvörðun um að lýsa það ógilt eru hlutaðeigandi aðilar engu að síður, frá og með þeim degi sem tilkynning er dagsett og til þess dags sem ákvörðun er dagsett, undanþegnir sektum við brotum sem lýst er í tilkynningunni (3. gr. og 5. og 6. mgr. 15. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Eftirlitsstofnunin gefur að jafnaði aðeins út ákvarðanir um undanþágu í málum sem hafa verulegt lagalegt, efnahagslegt eða pólitískt vægi. Í öðrum tilvikum getur hún lokið málsmeðferð með stöðluðu svarbréfi.

Prot. 4 SAC-A. With respect to existing agreements falling under Article 53 (1) of the EEA Agreement by virtue of its entry into force, it is governed by Articles 5 to 13 of Protocol 21 to the EEA Agreement, as well as by Chapter XVI of Prot. 4 SAC-A. The exemption takes the form of a decision by the Surveillance Authority declaring Article 53 (1) of the EEA Agreement to be inapplicable to the arrangements described in the decision. Article 8 requires the Surveillance Authority to specify the period of validity of any such decision, allows the Surveillance Authority to attach conditions and obligations and provides for decisions to be amended or revoked or specified acts by the parties to be prohibited in certain circumstances, notably if the decisions were based on incorrect information or if there is any material change in the facts.

Annex XIV to the EEA Agreement refers to a number of Regulations granting exemption to categories of agreements. Some of these Regulations[7] provide that some agreements may benefit from exemption only if they are notified to the Surveillance Authority pursuant to Article 4 of Chapter II or Article 1 of Chapter XVI Prot. 4 SAC-A with a view to obtaining exemption, and the benefit of the opposition procedure is claimed in the notification.

A decision granting exemption may have retroactive effect, but, with certain exceptions, cannot be made effective earlier than the date of notification (Article 6 of Protocol 21 to the EEA Agreement and Article 6 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A). Should the Surveillance Authority find that notified arrangements are indeed prohibited and cannot be exempted and, therefore, take a decision condemning them, the participants are nevertheless protected, between the date of the notification and the date of the decision, against fines for any infringement described in the notification (Article 3 and Article 15 (5) and (6) of Chapter II of Prot. 4 SAC-A).

Normally the Surveillance Authority issues exemption decisions in cases of particular legal, economic or political importance. In other cases it may terminate the procedure by sending a comfort letter.

B. Til hvaða yfirvalds ber að senda umsókn eða tilkynningu?

Umsóknir og tilkynningar skulu sendar lögbæru yfirvaldi í viðkomandi máli. Beiting samkeppnisreglna EB-sáttmálans fellur undir valdsvið framkvæmdastjórnar EB. Þó skarast valdsvið að því er varðar beitingu reglnanna í EES-samningnum.

Heimildir framkvæmdastjórnar EB og Eftirlitsstofnunar EFTA til að beita EES-samkeppnisreglunum eru fengnar með 56. gr. EES-samningsins. Umsóknir og tilkynningar er varða samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, skulu sendar framkvæmdastjórn EB nema áhrif þeirra á viðskipti milli aðildarríkja EB eða samkeppni innan bandalagsins séu óveruleg í skilningi auglýsingar framkvæmdastjórnar EB frá 1986 um samninga sem hafa óveruleg áhrif[8]. Enn fremur falla allir samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem hamla samkeppni og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkis og eins eða fleiri EFTA-ríkja, undir valdsvið framkvæmdastjórnar EB, að því tilskildu að meira en 67% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækja á öllu Evrópska efnahagssvæðinu séu til komin innan bandalagsins[9]. Séu hins vegar áhrif þessara samninga, ákvarðana eða samstilltu aðgerða á viðskipti milli aðildarríkja EB eða á samkeppni innan bandalagsins óveruleg ber að stíla tilkynninguna á Eftirlitsstofnun EFTA. Alla aðra samninga, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir, sem falla undir 53. gr. EES-samningsins, ber að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA (sjá póstfang hennar í III. viðauka).

Umsóknir um neikvætt vottorð vegna 54. gr. EES-samningsins ber að senda til framkvæmdastjórnar EB ef yfirburðastöðunnar gætir eingöngu í bandalaginu eða til Eftirlitsstofnunar EFTA ef yfirburðastöðunnar gætir eingöngu á öllu yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða verulegum hluta þess. Aðeins skal beita framangreindum reglum með tilliti til 53. gr. ef yfirburðastöðunnar gætir á báðum yfirráðasvæðum.

Framkvæmdastjórn EB leggur samkeppnisreglur EB-sáttmálans mati sínu til grundvallar hverju sinni. Í málum, sem falla undir EES-samninginn og framkvæmdastjórn EB fær til umfjöllunar samkvæmt 56. gr. þess samnings, beitir hún jafnframt reglum EES.

B. To which authority should application or notification be made?

The applications and notifications must be made to the authority which has competence for the matter. The Commission is responsible for the application of the competition rules of the EC Treaty. However, there is shared competence in relation to the application of the competition rules of the EEA agreement.

The competence of the Commission and of the EFTA Surveillance Authority to apply the EEA competition rules follows from Article 56 of the EEA Agreement. Applications and notifications relating to agreements, decisions or concerted practices liable to affect trade between EC Member States should be addressed to the Commission unless their effects on trade between EC Member States or on competition within the Community are not appreciable within the meaning of the Commission notice of 1986 on agreements of minor importance[8]. Furthermore, all restrictive agreements, decisions or concerted practices affecting trade between one EC Member State and one or more EFTA States fall within the competence of the Commission, provided that the undertakings concerned achieve more than 67 % of their combined EEA-wide turnover within the Community[9]. However, if the effects of such agreements, decisions or concerted practices on trade between EC Member States or on competition within the Community are not appreciable, the notification should, where necessary, be addressed to the EFTA Surveillance Authority. All other agreements, decisions and concerted practices falling under Article 53 of the EEA Agreement should be notified to the EFTA Surveillance Authority (the address of which is given in Annex III).

Applications for negative clearance regarding Article 54 of the EEA Agreement should be lodged with the Commission if the dominant position exists only in the Community, or with the Surveillance Authority, if the dominant position exists only in the whole of the territory of the EFTA States, or a substantial part of it. Only where the dominant position exists within both territories should the rules outlined above with respect to Article 53 be applied.

The Commission will apply, as a basis for appraisal, the competition rules of the EC Treaty. Where the case falls under the EEA Agreement and is attributed to the Commission pursuant to Article 56 of that Agreement, it will simultaneously apply the EEA rules.

C. Tilgangurinn með eyðublaðinu.

Á eyðublaði A/B eru skráðar þær spurningar, sem þarf að svara, og þær upplýsingar og skjöl sem skal láta í té þegar sótt er um eftirfarandi:

- neikvætt vottorð viðvíkjandi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins, samkvæmt 2. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, vegna samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða,
- undanþágu, samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, vegna samninga milli fyrirtækja, ákvarðana samtaka fyrirtækja og samstilltra aðgerða,
- að beitt verði andmælameðferð eins og kveðið er á um í tilteknum reglugerðum, sem um getur í XIV. viðauka við EES-samninginn, um flokkaundanþágur.

Eyðublaðið gerir fyrirtækjum, sem sækja um neikvætt vottorð, kleift að leggja um leið fram tilkynningu í þeim tilgangi að fá undanþágu fari svo að Eftirlitsstofnunin komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé hægt að veita neikvætt vottorð.

Umsóknir um neikvætt vottorð og tilkynningar viðvíkjandi 53. gr. EES-samningsins skal leggja fram á þann hátt sem tilgreindur er á eyðublaði A/B (sjá fyrsta málslið 1. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Eyðublaðið nýtist einnig fyrirtækjum sem óska eftir neikvæðu vottorði viðvíkjandi 54. gr. EES-samningsins, samkvæmt 2. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól. Umsækjendum um neikvætt vottorð viðvíkjandi 54. gr. er ekki skylt að nota eyðublað A/B. Þeim er þó eindregið ráðlagt að veita allar upplýsingar sem er krafist hér á eftir til þess að tryggja að allar staðreyndir málsins komi fram í umsókninni (sjá annan málslið 1. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Umsóknir eða tilkynningar á eyðublaði A/B, sem framkvæmdastjórn EB gefur út, eru jafngildar. Þó er ráðlegt að nota eyðublað Eftirlitsstofnunarinnar ef viðkomandi samningar, ákvarðanir og samstilltar aðgerðir falla eingöngu undir a-lið 1. mgr. 56. gr. EES-samningsins, þ.e. þar sem áhrifa gætir eingöngu í viðskiptum milli EFTA-ríkja, eða þar sem yfirburðastöðu í skilningi 54. gr. EES-samningsins verður aðeins vart innan yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna.

C. The Purpose of this Form

Form A/B lists the questions that must be answered and the information and documents that must be provided when applying for the following:

- a negative clearance with regard to Article 53 (1) of the EEA Agreement, pursuant to Article 2 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A, with respect to agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices,
- an exemption pursuant to Article 53 (3) of the EEA Agreement with respect to agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices,
- the benefit of the opposition procedure contained in certain Regulations referred to in Annex XIV to the EEA Agreement granting exemption by category.

This form allows undertakings applying for negative clearance to notify, at the same time, in order to obtain an exemption in the event that the Surveillance Authority reaches the conclusion that no negative clearance can be granted.

Applications for negative clearance and notifications relating to Article 53 of the EEA Agreement shall be submitted in the manner prescribed by form A/B (see Article 2 (1), first sentence of Chapter III of Prot. 4 SAC-A).

This form can also be used by undertakings that wish to apply for a negative clearance from Article 54 of the EEA Agreement, pursuant to Article 2 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A. Applicants requesting negative clearance from Article 54 are not required to use form A/B. They are nonetheless strongly recommended to give all the information requested below to ensure that their application gives a full statement of the facts (see Article 2 (1), second sentence of Chapter III of Protocol 4 SAC-A).

The applications or notifications made on the form A/B issued by the Commission are equally valid. However, if the agreements, decisions or practices concerned fall solely within Article 56 (1)(a) of the EEA Agreement, i. e. where only trade between EFTA States is affected, or, where a dominant position under Article 54 of the EEA Agreement is found to exist only within the territory of the EFTA States, it is advisable to use the form issued by the Surveillance Authority.

D. Hvaða kafla eyðublaðsins ber að fylla út?

Vinnsluhluti eyðublaðsins skiptist í fjóra kafla. Fyrirtæki sem vilja skila inn umsókn um neikvætt vottorð eða tilkynningu þurfa að fylla út I., II. og IV. kafla. Undantekning frá þeirri reglu er gerð þegar umsóknin eða tilkynningin varðar samning um stofnun sameiginlegs fyrirtækis á samstarfsgrundvelli. Í þeim tilvikum mun Eftirlitsstofnunin, að beiðni aðilanna, leitast við að upplýsa aðilana skriflega um niðurstöður frumathugunar á málinu (sem hér á eftir er nefnd flýtimeðferð) innan tveggja mánaða frá viðtöku fullnægjandi tilkynningar um samninginn. Enn fremur fá aðilar, eftir því sem við á, upplýsingar í sama bréfi um hvers konar stjórnsýslumeðferð Eftirlitsstofnunin hyggist beita og hve langan tíma megi vænta að sú meðferð taki. Óski aðilar eftir flýtimeðferð skal fylla út I., III. og IV. kafla.

Efni bréfsins, sem um getur hér að framan og er sent aðilum við flýtimeðferð, getur verið breytilegt eftir eðli viðkomandi máls.

- liggi málið ljóst fyrir getur Eftirlitsstofnunin sent staðlað svarbréf til að staðfesta að samningurinn samræmist 1. eða 3. mgr. 53. gr.,

- sé ekki unnt að senda staðlað svarbréf þar eð nauðsynlegt reynist að skera úr um málið með formlegri ákvörðun tilkynnir Eftirlitsstofnunin viðkomandi fyrirtækjum að hún hyggist taka ákvörðun þar sem undanþága verður veitt eða synjað um hana,
- hafi Eftirlitsstofnunin alvarlegar efasemdir um að samningurinn samræmist samkeppnisreglunum sendir hún aðilunum bréf þar sem hún tilkynnir þeim að málið verði kannað ítarlega og það kunni, eftir eðli málsins, að leiða til ákvörðunar um bann, undanþágu með ákveðnum skilyrðum og skyldum eða skilyrðislausrar undanþágu.

Þessi nýja flýtimeðferð byggist eingöngu á meginreglunni um sjálfsaga. Tveggja mánaða frestur frá fullfrágenginni tilkynningu, sem ætlaður er til frumathugunar á málinu, er ekki lögbundinn frestur og felur því ekki í sér lagalegar skyldur. Þó mun Eftirlitsstofnunin gera sitt ítrasta til að virða hann. Enn fremur áskilur Eftirlits-

D. Which chapters of the form should be completed?

The operational part of this form is sub-divided into four chapters. Undertakings wishing to make an application for a negative clearance or a notification must complete Chapters I, II and IV. An exception to this rule is provided for in the case where the application or notification concerns an agreement concerning the creation of a cooperative joint venture of a structural character. In these cases the Surveillance Authority will, upon the request of the parties, endEavour to inform the parties in writing within two months of receipt of the complete notification of the agreement of the results of the initial analysis of the case (hereinafter referred to as the accelerated procedure). Furthermore, the parties will, as appropriate, in the same letter be informed of the nature and probable length of the administrative procedure the Authority intends to engage. If the parties wish to benefit from the accelerated procedure Chapters I, III and IV should be completed.

The contents of the letter referred to above which is sent to the parties under the accelerated procedure may vary according to the characteristics of the case under investigation:

- in cases not posing any problems, the Surveillance Authority may send a comfort letter confirming the compatibility of the agreement with Article 53 (1) or (3),
- if a comfort letter cannot be sent because of the need to settle the case by formal decision, the Surveillance Authority will inform the undertakings concerned of its intention to adopt a decision either granting or rejecting exemption,
- if the Surveillance Authority has serious doubts as to the compatibility of the agreement with the competition rules, it will send a letter to the parties giving notice of an in-depth examination which may, depending on the case, result in a decision either prohibiting, exempting subject to conditions and obligations, or simply exempting the agreement in question.

This new accelerated procedure, is based entirely on the principle of self-discipline. The deadline of two months from the complete notification - intended for the initial examination of the case - does not constitute a statutory term and is therefore in no way legally binding. However, the Surveillance Authority will do its best to

stofnunin sér rétt til að beita slíkri flýtimeðferð vegna annars konar samstarfs milli fyrirtækja.

Sameiginlegt fyrirtæki á samstarfsgrundvelli er fyrirtæki sem leiðir til verulegra breytinga á eignarhaldi og stjórnun rekstrarfjár samningsaðilanna. Þetta getur stafað af því að sameiginlega fyrirtækið yfirtekur eða færir út starfsemi móðurfélaganna eða hefur nýja starfsemi fyrir þeirra hönd. Þess konar aðgerðir einkennast af því að við þær eru bundnar verulegar peningalegar, efnislegar og/eða óáþreifanlegar eignir, svo sem hugverkaréttindi og verkkunnátta. Því er sameiginlegum fyrirtækjum á samstarfsgrundvelli venjulega ætlað að starfa í meðallangan eða langan tíma.

Þetta hugtak nær einnig til ákveðinna sameiginlegra fyrirtækja í „takmörkuðum rekstri" sem taka að sér einn eða fleiri afmarkaða þætti í starfsemi móðurfélaganna án þess að því fylgi aðgangur að markaðinum og á þetta einkum við um rannsóknir og þróun og/eða framleiðslu. Einnig nær hugtakið til sameiginlegra fyrirtækja í „fullum rekstri" sem gera sjálfstæðum fyrirtækjum kleift að samhæfa samkeppnishætti sína, einkum innbyrðis eða milli sín og sameiginlega fyrirtækisins.

Svo að unnt sé að virða settan frest er brýnt að Eftirlitsstofnunin hafi, þegar tilkynning berst, aðgang að öllum þeim upplýsingum sem sanngjarnt er að ætla að tilkynnendur hafi tiltækar og sem eru nauðsynlegar til að hún geti metið áhrif viðkomandi aðgerðar á samkeppni. Því er gert ráð fyrir sérstökum hluta á eyðublaði A/B (III. kafli) sem aðeins er ætlaður þeim sem tilkynna um sameiginlegt fyrirtæki á samstarfsgrundvelli og óska þess að njóta flýtimeðferðar.

Þeir sem tilkynna sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli og óska þess að njóta framangreindrar flýtimeðferðar þurfa því að fylla út I., III. og IV. kafla eyðublaðsins. Í III. kafla eru margar sundurliðaðar spurningar sem Eftirlitsstofnunin þarf að fá svör við svo að hún geti metið viðkomandi markað(i) og stöðu aðilanna að sameiginlega fyrirtækinu á þessum markaði (mörkuðum).

Óski aðilarnir þess ekki að njóta flýtimeðferðar fyrir sameiginlegt samstarfsfyrirtæki sitt skulu þeir fylla út I., II. og IV. kafla þessa eyðublaðs. Í II. kafla eru spurningar á miklu takmarkaðra sviði um viðkomandi markað(i) og stöðu aðilanna gagnvart viðkomandi aðgerð á

abide by it. The Surveillance Authority reserves the right, moreover, to extend this accelerated procedure to other forms of cooperation between undertakings.

A cooperative joint venture of a structural nature is one that involves an important change in the structure and organization of the business assets of the parties to the agreement. This may occur because the joint venture takes over or extends existing activities of the parent companies or because it undertakes new activities on their behalf. Such operations are characterized by the commitment of significant financial, material and/or non-tangible assets such as intellectual property rights and know how. Structural joint ventures are therefore normally intended to operate on a medium- or long-term basis.

This concept includes certain 'partial function' joint ventures which take over one or several specific functions within the parents' business activity without access to the market, in particular research and development and/or production. It also covers those 'full function' joint ventures which give rise to coordination of the competitive behaviour of independent undertakings, in particular between the parties to the joint venture or between them and the joint venture.

In order to respect the internal deadline, it is important that the Surveillance Authority has available on notification all the relevant information reasonably available to the notifying parties that is necessary for it to assess the impact of the operation in question on competition. Form A/B therefore contains a special section (Chapter III) that must be completed only by persons notifying cooperative joint ventures of a structural character that wish to benefit from the accelerated procedure.

Persons notifying joint ventures of a structural character that wish to claim the benefit of the aforementioned accelerated procedure should therefore complete Chapters I, III and IV of this form. Chapter III contains a series of detailed questions necessary for the Surveillance Authority to assess the relevant market(s) and the position of the parties to the joint venture on that (those) market(s).

Where the parties do not wish to claim the benefit of an accelerated procedure for their joint ventures of a structural character they should complete Chapters I, II and IV of this form. Chapter II contains a far more limited range of questions on the relevant market(s) and the posi-

þeim markaði (mörkuðum) en þó nægja þær Eftirlitsstofnuninni til að hefja umfjöllun og rannsókn málsins.

E. Nauðsyn fullnægjandi upplýsinga.

Þegar Eftirlitsstofnunin veitir gildri tilkynningu viðtöku hefur það tvennt í för með sér. Í fyrsta lagi er tryggð undanþága frá sektum frá og með þeim degi sem Eftirlitsstofnunin veitir gildri tilkynningu viðtöku ef um er að ræða umsóknir um undanþágu (sjá 5. mgr. 15. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Í öðru lagi getur Eftirlitsstofnunin ekki veitt undanþágu samkvæmt 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins fyrr en henni berst gild tilkynning og veitt undanþága getur aðeins gilt frá viðtökudegi gildrar tilkynningar[10]. Enda þótt tilkynning sem slík sé ekki lagaskylda getur innlendur dómstóll, í samræmi við 2. mgr. 53. gr., ógilt samkomulag, sem fellur undir 1. mgr. 53. gr., á meðan ekki hefur verið tilkynnt um það og þar með ekki verið unnt að veita undanþágu fyrir það.[11]

Þegar fyrirtæki sækir um flokkaundanþágu með skírskotun til andmælameðferðar hefst frestur, sem Eftirlitsstofnunin hefur til að andmæla flokkaundanþágunni, frá og með þeim degi er gild tilkynning berst henni. Þetta á einnig við um tveggja mánaða frestinn sem Eftirlitsstofnunin hefur til frumathugunar á umsóknum um neikvætt vottorð og tilkynningum um sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli sem njóta flýtimeðferðar.

Umsókn eða tilkynning telst gild ef hún er fullnægjandi (sjá 1. mgr. 3. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Frá þessari meginreglu eru tvær undantekningar. Í fyrsta lagi ef upplýsingarnar eða skjölin, sem krafist er á eyðublaðinu, eru ekki tiltæk með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta, lítur Eftirlitsstofnunin á tilkynninguna sem fullnægjandi og því gilda þótt upplýsingarnar vanti, að því tilskildu að tilkynnandi tilgreini ástæður þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og áætli eftir bestu getu um þau gögn sem vantar og geti þess á hverju sú áætlun byggist. Einnig skal geta þess hvar Eftirlitsstofnunin gæti aflað þeirra upplýsinga og skjala sem vantar. Í öðru lagi krefst Eftirlitsstofnunin aðeins upplýsinga sem skipta máli og eru nauðsynlegar fyrir rannsókn

tion of the parties to the operation in question on that (those) market(s), but sufficient to enable the Surveillance Authority to commence its examination and investigation.

E. The need for complete information

The receipt of a valid notification by the Surveillance Authority has two main consequences. First, it affords immunity from fines from the date that the valid notification is received by the Surveillance Authority with respect to applications made in order to obtain exemption (see Article 15 (5) of Chapter II of Prot. 4 SAC-A). Second, until a valid notification is received, the Surveillance Authority cannot grant an exemption pursuant to Article 53 (3) of the EEA Agreement, and any exemption that is granted can be effective only from the date of receipt of a valid notification[10]. Thus, whilst there is no legal obligation to notify as such, unless and until an arrangement that falls within the scope of Article 53 (1) has not been notified and is, therefore, not capable of being exempted, it may be declared void by a national court pursuant to Article 53 (2)[11].

Where an undertaking is claiming the benefit of a group exemption by recourse to an opposition procedure, the period within which the Surveillance Authority must oppose the exemption by category only applies from the date that a valid notification is received. This is also true of the two months' period imposed on the Surveillance Authority for an initial analysis of applications for negative clearance and notifications relating to cooperative joint ventures of a structural character which benefit from the accelerated procedure.

A valid application or notification for this purpose means one that is not incomplete (see Article 3 (1) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). This is subject to two qualifications. First, if the information or documents required by this form are not reasonably available to you in part or in whole, the Surveillance Authority will accept that a notification is complete and thus valid notwithstanding the failure to provide such information, providing that you give reasons for the unavailability of the information, and provide your best estimates for missing data together with the sources for the estimates. Indications as to where any of the requested information or documents that are unavailable to you could be obtained by the Surveillance Authority must also be provided. Second, the Surveillance Authority

hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Í sumum tilvikum reynist ekki þörf á öllum upplýsingunum sem krafist er á eyðublaðinu í þessu augnamiði. Því er Eftirlitsstofnuninni heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar sem óskað er eftir á eyðublaðinu (sjá 3. mgr. 3. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Þar sem við á gerir þetta ákvæði það kleift að sníða hverja umsókn eða tilkynningu að hverju máli svo að hún innihaldi aðeins þær upplýsingar sem eru strangt til tekið nauðsynlegar við athugun Eftirlitsstofnunarinnar. Þetta kemur í veg fyrir óþarfa stjórnunarbyrði fyrir fyrirtækin, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki. Ef upplýsingar og skjöl, sem krafist er á eyðublaðinu, eru ekki látin í té af þessari ástæðu skal færa rök fyrir því í umsókninni eða tilkynningunni að upplýsingarnar séu óþarfar fyrir rannsókn af hálfu Eftirlitsstofnunarinnar á málinu.

Komist Eftirlitsstofnunin að þeirri niðurstöðu að upplýsingar í umsókn eða tilkynningu séu ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal hún láta umsækjanda eða tilkynnanda vita af því skriflega innan mánaðar frá viðtöku og tilgreina hvaða upplýsingar vanti. Í þessum tilvikum skal litið svo á að umsóknin eða tilkynningin öðlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast Eftirlitsstofnuninni. Hafi Eftirlitsstofnunin ekki látið umsækjanda eða tilkynnanda vita innan eins mánaðar að umsóknin eða tilkynningin sé ófullnægjandi í veigamiklum atriðum telst umsóknin eða tilkynningin fullnægjandi og gild (sjá 4. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Einnig er mikilvægt að fyrirtæki tilkynni Eftirlitsstofnuninni um verulegar breytingar á aðstæðum, þar á meðal breytingar sem þau verða vör við eftir að umsókn eða tilkynning hefur verið lögð fram. Því verður að greina Eftirlitsstofnuninni þegar í stað frá hvers kyns breytingum sem kunna að verða á samningi, ákvörðun eða samstilltum aðgerðum sem fjallað er um í umsókn eða tilkynningu (sjá 3. mgr. 4. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Sé vanrækt að tilkynna Eftirlitsstofnuninni um breytingar sem kunna að skipta máli getur það leitt til ógildingar á neikvæðu vottorði eða afturköllunar á ákvörðun um undanþágu[12] sem framkvæmdastjórn EB hefur tekið á grundvelli tilkynningarinnar.

only requires the submission of information relevant and necessary to its inquiry into the notified operation. In some cases not all the information required by this form will be necessary for this purpose. The Surveillance Authority may therefore dispense with the obligation to provide certain information required by this form (see Article 3 (3) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). This provision enables, where appropriate, each application or notification to be tailored to each case so that only the information strictly necessary for the Surveillance Authority's examination is provided. This avoids unnecessary administrative burdens being imposed on undertakings, in particular on small and medium-sized ones. Where the information or documents required by this form are not provided for this reason, the application or notification should indicate the reasons why the information is considered to be unnecessary to the Surveillance Authority's investigation.

Where the Surveillance Authority finds that the information contained in the application or notification is incomplete in a material respect, it will, within one month from receipt, inform the applicant or the notifying party in writing of this fact and the nature of the missing information. In such cases, the application or notification shall become effective on the date on which the complete information is received by the Surveillance Authority. If the Surveillance Authority has not informed the applicant or the notifying party within the one month period that the application or notification is incomplete in a material respect, the application or notification will be deemed to be complete and valid (see Article 4 of Chapter III of Prot. 4 SAC-A).

It is also important that undertakings inform the Surveillance Authority of important changes in the factual situation including those of which they become aware after the application or notification has been submitted. The Surveillance Authority must, therefore, be informed immediately of any changes to an agreement, decision or practice which is the subject of an application or notification (see Article 4 (3) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). Failure to inform the Surveillance Authority of such relevant changes could result in any negative clearance decision being without effect or in the withdrawal of any exemption decision[12] adopted by the Surveillance Authority on the basis of the notification.

F. Nauðsyn þess að upplýsingar séu réttar.

Ekki nægir að umsókn eða tilkynning sé fullnægjandi heldur verður einnig að ganga úr skugga um að veittar séu réttar upplýsingar (sjá 1. mgr. 3. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Samkvæmt a-lið 1. mgr. 15. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er Eftirlitsstofnuninni heimilt, með ákvörðun, að sekta fyrirtæki eða samtök fyrirtækja um allt að 5 000 ekur hafi þau vísvitandi eða af gáleysi veitt rangar eða villandi upplýsingar í umsókn um neikvætt vottorð eða í tilkynningu. Slíkar upplýsingar teljast auk þess ófullnægjandi (sjá 4. mgr. 4. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) og geta aðilar því ekki nýtt sér kosti andmælameðferðar eða flýtimeðferðar (sjá E-lið hér að framan).

G. Hverjir geta lagt fram umsókn eða tilkynningu?

Öll fyrirtæki, sem eru aðilar að samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð eins og lýst er í 53. eða 54. gr. EES-samningsins, geta lagt fram umsókn um neikvætt vottorð viðvíkjandi 53. gr. eða tilkynningu þar sem farið er fram á undanþágu. Samtök fyrirtækja geta lagt fram umsókn eða tilkynningu varðandi ákvarðanir sem teknar eru eða varðandi aðgerðir í tengslum við starfsemi samtakanna.

Að því er varðar samninga og samstilltar aðgerðir milli fyrirtækja tíðkast það að allir hlutaðeigandi aðilar leggi fram sameiginlega umsókn eða tilkynningu. Þótt Eftirlitsstofnunin mæli eindregið með þessari aðferð, því að gagnlegt er að sjónarmið allra aðila, sem eiga beinan hlut að máli, komi fram á einum og sama tíma, þá er þetta ekki skyldubundið. Hverjum aðila að samningi er heimilt að leggja fram umsókn eða tilkynningu fyrir eigin hönd en þegar svo háttar til ber tilkynnandanum að láta aðra aðila að samningnum, ákvörðuninni eða aðgerðinni vita af því (sjá 3. mgr. 1. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Honum er líka heimilt að afhenda þeim afrit af fullfrágengnu eyðublaði, ef svo ber undir, þegar búið er að má burt trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál (sjá 2. lið 1. spurningar í vinnsluhluta eyðublaðsins hér á eftir).

Þegar sameiginleg umsókn eða tilkynning er lögð fram er það einnig orðin viðtekin venja að útnefna sameiginlegan fulltrúa sem kemur fram fyrir hönd allra hlutaðeigandi fyrirtækja og sér bæði um umsóknina eða tilkynninguna og öll

F. The need for accurate information

In addition to the requirement that the application or notification be complete, it is important that you ensure that the information provided is accurate (see Article 3 (1) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). Article 15 (1) (a) of Chapter II of Prot. 4 SAC-A states that the Surveillance Authority may, by decision, impose on undertakings or associations of undertakings fines of up to ECU 5 000 where, intentionally or negligently, they supply incorrect or misleading information in an application for negative clearance or notification. Such information is, moreover, considered to be incomplete (see Article 4 (4) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A), so that the parties cannot benefit from the advantages of the opposition procedure or accelerated procedure (see above, Point E).

G. Who can lodge an application or a notification?

Any of the undertakings party to an agreement, decision or practice of the kind described in Articles 53 or 54 of the EEA Agreement may submit an application for negative clearance, in relation to Article 53, or a notification requesting an exemption. An association of undertakings may submit an application or a notification in relation to decisions taken or practices pursued into in the operation of the association.

In relation to agreements and concerted practices between undertakings it is common practice for all the parties involved to submit a joint application or notification. Although the Surveillance Authority strongly recommends this approach, because it is helpful to have the views of all the parties directly concerned at the same time, it is not obligatory. Any of the parties to an agreement may submit an application or notification in their individual capacities, but in such circumstances the notifying party should inform all the other parties to the agreement, decision or practice of that fact (see Article 1 (3) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). They may also provide them with a copy of the completed form, where relevant once confidential information and business secrets have been deleted (see below, operational part, question 1.2).

Where a joint application or notification is submitted, it has also become common practice to appoint a joint representative to act on behalf of all the undertakings involved, both in making the application or notification, and in dealing

áframhaldandi samskipti við Eftirlitsstofnunina (sjá 4. mgr. 1. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Þetta er ekki heldur skyldubundið þótt það geti verið gagnlegt og öllum fyrirtækjum, sem leggja fram sameiginlega umsókn eða tilkynningu, er heimilt að undirrita hana fyrir eigin hönd.

H. Hvernig leggja skal fram umsókn eða tilkynningu.

Umsóknir og tilkynningar má leggja fram á einu af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða Evrópubandalagsins (sjá 4. og 5. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Til að tryggja hraða málsmeðferð er þó ráðlegt, í umsóknum eða tilkynningum til Eftirlitsstofnunar EFTA, að nota vinnutungumál Eftirlitsstofnunar EFTA, sem er enska, eða eitt af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða, í umsóknum eða tilkynningum til framkvæmdastjórnar EB, eitt af opinberum tungumálum bandalagsins eða vinnutungumál Eftirlitsstofnunar EFTA. Umsækjandi eða tilkynnandi skal síðan nota þetta tungumál við meðferð málsins.

Eyðublað A/B á ekki að fylla út. Fyrirtækin eiga einfaldlega að veita þær upplýsingar sem krafist er á eyðublaðinu og styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing, eins og kveðið er á um í 19. þætti hér á eftir, og umbeðin fylgiskjöl.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál EFTA-ríkis eða bandalagsins ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins. Fylgiskjölin mega vera frumrit eða afrit af frumritum (sjá 4. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Allar upplýsingar, sem beðið er um á eyðublaðinu, skulu eiga við almanaksárið á undan umsóknar- eða tilkynningarárinu nema annað sé tekið fram. Ef þessar upplýsingar eru ekki tiltækar með góðu móti (til dæmis ef notuð eru bókhaldstímabil sem miðast ekki við almanaksárið eða ef tölur fyrra árs liggja enn ekki fyrir) skal gefa nýjustu upplýsingar sem völ er á og tilgreina ástæður þess að ekki var unnt að leggja fram tölur frá almanaksárinu á undan umsóknar- eða tilkynningarárinu.

Fjárhæðir má gefa upp í þeim gjaldmiðli sem

with any subsequent contacts with the Surveillance Authority (see Article 1 (4) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). Again, whilst this is helpful, it is not obligatory, and all the undertakings jointly submitting an application or a notification may sign it in their individual capacities.

H. How to submit an application or notification

Applications and notifications may be submitted in any of the official languages of an EFTA State or of the European Community (see Article 2 (4) and (5) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). In order to ensure rapid proceedings, it is, however, recommended to use, in case of an application or notification to the EFTA Surveillance Authority, the working language of the EFTA Surveillance Authority, which is English, or one of the official languages of an EFTA State, or, in case of an application or notification to the Commission, one of the official languages of the Community or the working language of the EFTA Surveillance Authority. This language will thereafter be the language of the proceeding for the applicant or notifying party.

Form A/B is not a form to be filled in. Undertakings should simply provide the information requested by this form, using its sections and paragraph numbers, signing a declaration as stated in Section 19 below, and annexing the required supporting documentation.

Supporting documents shall be submitted in their original language; where this is not an official language of an EFTA State or of the Community they must be translated into the language of the proceeding. The supporting documents may be originals or copies of the originals (see Article 2 (4) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A).

All information requested in this form shall, unless otherwise stated, relate to the calendar year preceding that of the application or notification. Where information is not reasonably available on this basis (for example if accounting periods are used that are not based on the calendar year, or the previous year's figures are not yet available) the most recently available information should be provided and reasons given why figures on the basis of the calendar year preceding that of the application or notification cannot be provided.

Financial data may be provided in the curren-

opinbert, endurskoðað bókhald viðkomandi fyrirtækis (fyrirtækja) er miðað við eða í ekum. Í síðara tilvikinu skal tiltaka hvaða gengi er notað við umreikning gjaldmiðilsins.

Senda skal sex afrit af hverri umsókn eða tilkynningu en aðeins þrjú afrit af öllum fylgiskjölum (sjá 2. mgr. 2. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

Umsóknina eða tilkynninguna ber að senda á póstfangið:

The EFTA Surveillance Authority
Directorate for Competition and State Aid
74, Rue de Trèves
B-1040 Brussels

eða boðsenda hana til Eftirlitsstofnunarinnar á virkum degi á almennum skrifstofutíma á sama póstfang.

I. Trúnaðarkvaðir.

Samkvæmt 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 23 við EES-samninginn, og 20. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, svo og 214. gr. EB-sáttmálans og 20. gr. reglugerðar nr. 17 er Eftirlitsstofnun EFTA, EFTA-ríkjunum, framkvæmdastjórn EB og aðildarríkjum EB óheimilt að láta öðrum í té vitneskju sem er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna. Hins vegar ber Eftirlitsstofnun EFTA, samkvæmt II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, að birta útdrátt úr umsókninni eða tilkynningunni hafi hún í hyggju að taka hagstæða ákvörðun. Við birtingu „... skal Eftirlitsstofnunin taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín“ (3.mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól; sjá einnig 2. mgr. 21. gr. varðandi birtingu ákvarðana).

Telji fyrirtæki, í þessu sambandi, að það skaði hagsmuni þess að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum fyrirtækjum í té með öðrum hætti skal það veita þessar upplýsingar í sérstökum viðauka og merkja hverja blaðsíðu greinilega „viðskiptaleyndarmál“. Því ber einnig að tilgreina ástæður þess að upplýsingar, sem eru merktar sem trúnaðar- eða leyndarmál, skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar. (Sjá 5. þátt vinnsluhluta eyðublaðsins hér á eftir þar sem óskað er eftir útdrætti sem er ekki trúnaðarmál).

J. Frekari málsmeðferð.

Umsóknin eða tilkynningin er skráð á skrán-

cy in which the official audited accounts of the undertaking(s) concerned are prepared or in Ecus. In the latter case the exchange rate used for the conversion must be stated.

Six copies of each application or notification, but only three copies of all supporting documents must be provided (see Article 2 (2) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A).

The application or notification is to be sent to:

The EFTA Surveillance Authority
Directorate for Competition and State Aid
74, Rue de Trèves
B-1040 Brussels

or be delivered by hand during Surveillance Authority working days and official working hours at the same address.

I. Confidentiality

Article 122 of the EEA Agreement, Article 9 of Protocol 23 to the EEA Agreement, and Article 20 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A, as well as Article 214 of the EC Treaty and Article 20 of Regulation No 17, require the EFTA Surveillance Authority, the EFTA States, the Commission and the EC Member States, not to disclose information of the kind covered by the obligation of professional secrecy. On the other hand, Chapter II of Prot. 4 SAC-A requires the Surveillance Authority to publish a summary of the application or notification, should it intend to take a favourable decision. In this publication, the Surveillance Authority '... shall have regard to the legitimate interest of undertakings in the protection of their business secrets' (Article 19 (3) of Chapter II of Prot. 4 SAC-A; se also Article 21 (2) in relation to the publication of decisions).

In this connection, if an undertaking believes that its interests would be harmed if any of the information it is asked to supply were to be published or otherwise divulged to other undertakings, it should put all such information in a separate annex with each page clearly marked 'Business Secrets'. It should also give reasons why any information identified as confidential or secret should not be divulged or published. (See below, Section 5 of the operational part that requests a non-confidential summary of the notification).

J. Subsequent Procedure

The application or notification is registered in

ingarstofu Eftirlitsstofnunarinnar. Hún öðlast gildi á þeim degi (sjá 1. mgr. 4. gr. III. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) er Eftirlitsstofnunin veitir henni viðtöku (annars gildir dagsetning póststimpils ef hún er send í ábyrgðarpósti). Þó gilda sérstakar reglur um ófullnægjandi umsóknir eða tilkynningar (sjá E-lið hér að framan).

Eftirlitsstofnunin staðfestir skriflega viðtöku allra umsókna og tilkynninga og tilgreinir jafnframt skráningarnúmer málsins. Þetta númer skal tilgreina í öllum síðari bréfaskriftum um tilkynninguna. Staðfesting á viðtöku felur ekki í sér úrskurð um að umsókn eða tilkynning sé gild.

Eftirlitsstofnuninni er heimilt að leita eftir frekari upplýsingum hjá aðilum eða þriðju aðilum (11.–14. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) og leggja fram tillögur um breytingar á samkomulagi sem gætu stuðlað að samþykki þess. Henni er einnig heimilt að birta stutta auglýsingu í EES-hluta og EES-viðbæti Stjórnartíðinda Evrópubandalaganna þar sem fram koma heiti hlutaðeigandi fyrirtækja, hópanna sem þau tilheyra, um hvaða atvinnuvegi er að ræða og eðli samkomulagsins, auk þess sem þriðju aðilar eru hvattir til að gefa umsagnir (sjá 5. þátt vinnsluhluta eyðublaðsins hér á eftir).

Ef lögð er fram tilkynning með það í huga að beitt verði andmælameðferð getur Eftirlitsstofnunin andmælt flokkaundanþágu varðandi tilkynntan samning. Andmæli Eftirlitsstofnunin verður farið með viðkomandi tilkynningu sem umsókn um sérstaka undanþágu nema hún dragi andmæli sín síðar til baka.

Hyggist Eftirlitsstofnunin samþykkja umsókn um neikvætt vottorð eða undanþágu að lokinni rannsókn málsins ber henni (samkvæmt 3. mgr. 19. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) að birta útdrátt og bjóða þriðju aðilum að gefa umsagnir. Í framhaldi af því eru fyrstu drög að ákvörðun lögð fram og rædd við ráðgjafarnefnd um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu sem skipuð er þar til bærum embættismönnum EFTA-ríkjanna á sviði samkeppnishamla og einokunar (10. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) og, falli málið undir b- og c-lið 1. mgr. og undir 3. mgr. 56. gr. EES-samningsins, fulltrúum framkvæmdastjórnar EB og aðildarríkja EB og skulu þeir áður hafa fengið í hendur afrit

the Registry of the Surveillance Authority. The date of receipt by the Surveillance Authority (or the date of posting if sent by registered post) is the effective date of the submission (see Article 4 (1) of Chapter III of Prot. 4 SAC-A). However, special rules apply to incomplete applications and notifications (see above under Point E).

The Surveillance Authority will acknowledge receipt of all applications and notifications in writing, indicating the case number attributed to the file. This number must be used in all future correspondence regarding the notification. The receipt of acknowledgement does not prejudge the question whether the application or notification is valid.

Further information may be sought from the parties or from third parties (Articles 11 to 14 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A) and suggestions might be made as to amendments to the arrangements that might make them acceptable. Equally, a short preliminary notice may be published in the EEA Section of and the EEA Supplement to the Official Journal of the European Communities, stating the names of the interested undertakings, the groups to which they belong, the economic sectors involved and the nature of the arrangements, and inviting third party comments (see below, operational part, Section 5).

Where a notification is made together for the purpose of the application of the opposition procedure, the Surveillance Authority may oppose the grant of the benefit of the group exemption with respect to the notified agreement. If the Surveillance Authority opposes the claim, and unless it subsequently withdraws its opposition, that notification will then be treated as an application for an individual exemption.

If, after examination, the Surveillance Authority intends to grant the application for negative clearance or exemption, it is obliged (by Article 19 (3) of Chapter II of Prot. 4 SAC-A) to publish a summary and invite comments from third parties. Subsequently, a preliminary draft decision has to be submitted to and discussed with the Advisory Committee on Restrictive Practices and Dominant Positions composed of officials of the competent authorities of the EFTA States in the matter of restrictive practices and monopolies (Article 10 of Chapter II of Prot. 4 SAC-A) and attended, where the case falls under Article 56(1)(b), (1)(c) and (3) of the EEA Agreement, by representatives of the Commission and the EC Member States which will

af viðkomandi umsókn eða tilkynningu. Þá fyrst getur Eftirlitsstofnunin samþykkt viðkomandi ákvörðun, að því tilskildu að ekkert hafi orðið til þess að hún breytti afstöðu sinni.

Oft eru mál afgreidd án þess að formleg ákvörðun hafi verið tekin um þau, til dæmis þegar ljóst er að samkomulag fellur undir flokkaundanþágu eða vegna þess að Etirlitsstofnunin telur ekki ástæðu til íhlutunar, að minnsta kosti ekki að sinni. Í þeim tilvikum eru send stöðluð svarbréf. Enda þótt staðlað svarbréf jafngildi ekki ákvörðun Eftirlitsstofnunarinnar gefur það til kynna hvernig litið er á viðkomandi mál í deildum Eftirlitsstofnunarinnar með hliðsjón af þeim upplýsingum sem þær hafa undir höndum en það þýðir að Eftirlitsstofnunin gæti, ef nauðsyn krefði, til dæmis ef því er haldið fram að samningur sé ógildur á grundvelli 2. mgr. 53. gr. EES-samningsins, tekið viðeigandi ákvörðun til að skýra réttarstöðuna.

K. Skilgreiningar sem eru notaðar í vinnsluhluta eyðublaðsins.

Samningur: Með orðinu „samningur" er átt við hvers konar samkomulag, þ.e. samninga milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir.

Ár: Allar tilvísanir til orðsins „ár" á eyðublaðinu merkja almanaksár nema annað sé tekið fram.

Fyrirtækjahópur: Að því er þetta eyðublað varðar er um hóp að ræða þegar fyrirtæki:
- á meirihluta skráðs hluta- eða rekstrarfjár annars fyrirtækis,
- ræður yfir meirihluta atkvæða í öðru fyrirtæki,
- getur skipað meira en helming löglegra fulltrúa fyrirtækisins í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða aðrar stjórnarstöður innan annars fyrirtækis eða
- hefur rétt til að hafa á hendi stjórn annars fyrirtækis.

Fyrirtæki, sem lýtur sameiginlegri stjórn margra annarra fyrirtækja (sameiginlegt fyrirtæki), telst hluti af fyrirtækjahópnum sem hvert þessara fyrirtækja tilheyrir.

Viðkomandi vörumarkaður: Til að svara 1. lið 6. spurningar og 1. lið 11. spurningar á þessu eyðublaði þarf fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem leggur fram tilkynninguna, að skilgreina viðkomandi vöru- og/eða þjónustumarkað(i) sem

already have received a copy of the application or notification. Only then, and providing nothing has happened to change the Surveillance Authority's intention, can it adopt the envisaged decision.

Files are often closed without any formal decision being taken, for example, because it is found that the arrangements are already covered by a block exemption, or because they do not call for any action by the Surveillance Authority, at least in circumstances at that time. In such cases comfort letters are sent. Although not a Surveillance Authority decision, a comfort letter indicates how the Surveillance Authority's departments view the case on the facts currently in their possession which means that the Surveillance Authority could where necessary - for example, if it were to be asserted that a contract was void under Article 53 (2) of the EEA Agreement - take an appropriate decision to clarify the legal situation.

K. Definitions used in the operational part of this form

Agreement: The word 'agreement' is used to refer to all categories of arrangements, i. e. agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices.

Year: All references to the word 'year' in this form shall be read as meaning calendar year, unless otherwise stated.

Group: A group relationship exists for the purpose of this form where one undertaking:
- owns more than half the capital or business assets of another undertaking, or
- has the power to exercise more than half the voting rights in another undertaking, or
- has the power to appoint more than half the members of the supervisory board, board of directors or bodies legally representing the undertaking, or
- has the right to manage the affairs of another undertaking.

An undertaking which is jointly controlled by several other undertakings (joint venture) forms part of the group of each of these undertakings.

Relevant product market: questions 6.1 and 11.1 of this form require the undertaking or individual submitting the notification to define the relevant product and/or service market(s) that are likely to be affected by the agreement in ques-

líklegt er að viðkomandi samningur hafi áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra annarra spurninga á eyðublaðinu. Þegar talað er um „viðkomandi vörumarkað eða -markaði“ á eyðublaðinu er átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina. Þetta hugtak getur bæði átt við markað fyrir vöru og fyrir þjónustu.

Viðkomandi svæðisbundinn markaður: Til að svara 2. lið 6. spurningar og 2. lið 11. spurningar þarf fyrirtækið eða einstaklingurinn, sem leggur fram tilkynninguna, að skilgreina viðkomandi svæðisbundinn markað eða markaði sem líklegt er að viðkomandi samningur hafi áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „viðkomandi svæðisbundinn markað eða markaði“ á eyðublaðinu er þar átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina.

Viðkomandi vörumarkaður og svæðisbundinn markaður: Með svörum sínum við 6. og 11. spurningu leggja aðilarnir fram skilgreiningu sína á viðkomandi markaði eða mörkuðum sem tilkynntur samningur eða samningar hafa áhrif á. Þessi skilgreining, eða skilgreiningar, er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði“ á eyðublaðinu er þar átt við markað eða markaði sem tilkynnendur skilgreina.

Tilkynning: Eyðublaðið má nota við gerð umsóknar um neikvætt vottorð og/eða gerð tilkynningar þar sem farið er fram á undanþágu. Orðið „tilkynning“ getur hvort heldur er merkt umsókn eða tilkynningu.

Aðilar og tilkynnandi: Orðið „aðili“ nær til allra fyrirtækja sem eru aðilar að tilkynnta samningnum. Þar sem það nægir að eitt fyrirtækjanna, sem er aðili að samningi, leggi fram tilkynningu er „tilkynnandi“ einungis notað um fyrirtækið eða fyrirtækin sem í raun leggja tilkynninguna fram.

tion. That definition(s) is then used as the basis for a number of other questions contained in this form. The definition(s) thus submitted by the notifying parties are referred to in this form as the relevant product market(s). These words can refer to a market made up either of products or of services.

Relevant geographic market: questions 6.2 and 11.2 of this form require the undertaking or individual submitting the notification to define the relevant geographic market(s) that are likely to be affected by the agreement in question. That definition(s) is then used as the basis for a number of other questions contained in this form. The definition(s) thus submitted by the notifying parties are referred to in this form as the relevant geographic market(s).

Relevant product and geographic market: by virtue of the combination of their replies to questions 6 and 11 the parties provide their definition of the relevant market(s) affected by the notified agreement(s). That (those) definition(s) is (are) then used as the basis for a number of other questions contained in this form. The definition(s) thus submitted by the notifying parties is referred to in this form as the relevant geographic and product market(s).

Notification: this form can be used to make an application for negative clearance and/or a notification requesting an exemption. The word 'notification' is used to refer to either an application or a notification.

Parties and notifying party: the word 'party' is used to refer to all the undertakings which are party to the agreement being notified. As a notification may be submitted by only one of the undertakings which are party to an agreement, 'notifying party' is used to refer only to the undertaking or undertakings actually submitting the notification.

VINNSLUHLUTI
VINSAMLEGAST SKRIFIÐ Á FYRSTU SÍÐU UMSÓKNAR EÐA TILKYNNINGAR YÐAR „UMSÓKN UM NEIKVÆTT VOTTORÐ/TILKYNNING Í SAMRÆMI VIÐ EYÐUBLAÐ A/B“.

OPERATIONAL PART
PLEASE MAKE SURE THAT THE FIRST PAGE OF YOUR APPLICATION OR NOTIFICATION CONTAINS THE WORDS "APPLICATION FOR NEGATIVE CLEARANCE/NOTIFICATION IN ACCORDANCE WITH FORM A/B".

I. kafli.
Þættir sem varða aðila, hópa þeirra og samninginn (skal svarað í öllum tilkynningum).

1. þáttur.
Upplýsingar um fyrirtæki eða einstaklinga sem leggja fram tilkynningu.

1.1. Vinsamlegast nefnið fyrir hönd hvaða fyrirtækja tilkynningin er lögð fram, tilgreinið lögheiti þeirra eða viðskiptaheiti, stytt eða það heiti sem almennt er notað, eftir því sem við á (ef það er annað en lögheitið).

1.2. Ef tilkynningin er aðeins lögð fram fyrir hönd eins eða nokkurra af fyrirtækjunum sem eru aðilar að tilkynnta samningnum staðfestið þá vinsamlegast að hin fyrirtækin hafi fengið upplýsingar um það og getið þess hvort þau hafi fengið afrit af tilkynningunni þar sem búið er að má burt trúnaðarupplýsingar og viðskiptaleyndarmál[13]. (Vinsamlegast látið fylgja með þessari tilkynningu afrit af breyttu tilkynningunni sem send var hinum fyrirtækjunum.)

1.3. Ef lögð er fram sameiginleg tilkynning, hefur sameiginlegur fulltrúi[14] verið tilnefndur[15]?
Ef svarið er já skal tilgreina atriðin sem spurt er um í liðum 1.3.1 til 1.3.3 hér á eftir.
Ef svarið er nei skal skýra frá því hvaða fulltrúar hafa umboð til að koma fram fyrir hönd hvers eða hvors aðila að samningnum og fyrir hönd hverra þeir koma fram.
1.3.1. Nafn fulltrúa.
1.3.2. Póstfang fulltrúa.
1.3.2. Síma- og bréfasímanúmer fulltrúa.

1.4. Hafi einn eða fleiri fulltrúar verið tilnefndir þarf að fylgja skriflegt umboð þeirra til að koma fram fyrir hönd fyrirtækisins eða fyrirtækjanna sem leggja fram tilkynninguna.

2. þáttur.
Upplýsingar um samningsaðila og fyrirtækjahópana sem þeir tilheyra.

2.1. Tilgreinið heiti og póstfang aðilanna að tilkynnta samningnum og í hvaða landi samningurinn er skráður.

Chapter I
Sections concerning the parties, their groups and the agreement (to be completed for all notifications)

Section 1
Identity of the undertakings or persons submitting the notification

1.1 Please list the undertakings on behalf of which the notification is being submitted and indicate their legal denomination or commercial name, shortened or commonly used as appropriate (if it differs from the legal denomination).

1.2 If the notification is being submitted on behalf of only one or some of the undertakings party to the agreement being notified, please confirm that the remaining undertakings have been informed of that fact and indicate whether they have received a copy of the notification, with relevant confidential information and business secrets deleted[13]. (In such circumstances a copy of the edited copy of the notification which has been provided to such other undertakings should be annexed to this notification.)

1.3 If a joint notification is being submitted, has a joint representative[14] been appointed[15]?
If yes, please give the details requested in 1.3.1 to 1.3.3 below.
If no, please give details of any representatives who have been authorized to act for each or either of the parties to the agreement indicating who they represent.
1.3.1 Name of representative.
1.3.2 Address of representative.
1.3.3 Telephone and fax number of representative.

1.4 In cases where one or more representatives have been appointed, an authority to act on behalf of the undertaking(s) submitting the notification must accompany the notification.

Section 2
Information on the parties to the agreement and the groups to which they belong

2.1 State the name and address of the parties to the agreement being notified, and the country of their incorporation.

2.2. Tilgreinið hvers konar starfsemi hver aðili að tilkynnta samningnum rekur.

2.3. Fyrir hvern samningsaðila um sig skal tilgreina tengilið, nafn tengiliðar, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og stöðu hans í fyrirtækinu.

2.4. Tilgreinið fyrirtækjahópana sem aðilarnir að tilkynnta samningnum tilheyra. Tilgreinið á hvaða sviðum atvinnulífsins þessir hópar starfa og veltu hvers hóps á heimsmarkaði[16].

3. þáttur.
Málsmeðferð.

3.1. Vinsamlegast greinið frá því hvort leitað hafi verið formlega til annarra samkeppnisyfirvalda vegna viðkomandi samnings. Sé svarið já skal tilgreina viðkomandi yfirvöld, einstakling eða deild og málaleitan ykkar. Að auki skal greina frá fyrri afskiptum af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA og/eða framkvæmdastjórnar EB, óformlegum samskiptum við þessar stofnanir og fyrri afskiptum landsyfirvalda eða dómstóla í EFTA-ríkjunum eða bandalaginu varðandi þessa samninga eða aðra samninga sem tengjast þeim.

3.2. Ef óskað er eftir flýtimeðferð skal tilgreina ástæður þess í stuttu máli.

3.3. Ef svo ber undir kann Eftirlitsstofnunin að ljúka málsmeðferðinni með stöðluðu svarbréfi, fremur en að taka formlega ákvörðun í málinu[17]. Sættið þið ykkur við staðlað svarbréf? Ef þið teljið það ekki við hæfi að afgreiða tilkynnta samninginn á þann hátt skal rökstyðja það.

3.4. Greinið frá því hvort til stendur að leggja fram frekari upplýsingar eða rök, sem enn eru ekki tiltæk, málinu til stuðnings og þá varðandi hvaða atriði[18].

4. þáttur.
Ítarleg lýsing á samkomulaginu.

4.1. Greinið í stuttu máli frá eðli, efni og markmiðum tilkynnta samningsins.

4.2. Skýrið nákvæmlega frá öllum ákvæðum í samningnum sem kunna að takmarka frelsi hlutaðeigandi aðila til að taka sjálfstæðar ákvarðanir í viðskiptum, til dæmis er varða:

2.2 State the nature of the business of each of the parties to the agreement being notified.

2.3 For each of the parties to the agreement, give the name of a person that can be contacted, together with his or her name, address, telephone number, fax number and position held in the undertaking.

2.4 Identify the corporate groups to which the parties to the agreement being notified belong. State the sectors in which these groups are active, and the world-wide turnover of each group.[16]

Section 3
Procedural matters

3.1 Please state whether you have made any formal submission to any other competition authorities in relation to the agreement in question. If yes, state which authorities, the individual or department in question, and the nature of the contact. In addition to this, mention any earlier proceedings or informal contacts, of which you are aware, with the the EFTA Surveillance Authority and/or the Commission and any earlier proceedings with any national authorities or courts in the territory of the EFTA States or in the Community concerning these or any related agreements.

3.2 Please summarize any reasons for any claim that the case involves an issue of exceptional urgency.

3.3 The Surveillance Authority may, if appropriate, close the file on a case by issuing a comfort letter, rather than taking a formal decision in the case[17]. Would you be satisfied with a comfort letter? If you consider that it would be inappropriate to deal with the notified agreement in this manner, please explain the reasons for this view.

3.4 State whether you intend to produce further supporting facts or arguments not yet available and, if so, on which points[18].

Section 4
Full details of the arrangements

4.1 Please summarize the nature, content and objectives pursued by the agreement being notified.

4.2 Detail any provisions contained in the agreements which may restrict the parties in their freedom to take independent commercial decisions, for example regarding:

- kaup- eða söluverð, afslátt eða aðra verslunarskilmála,
- magn vöru, sem framleiða á eða dreifa, eða umfang þjónustu sem í boði er,
- tæknilega þróun eða fjárfestingar,
- val á mörkuðum eða upprunastöðum birgða,
- kaup eða sölu til þriðja aðila,
- það hvort svipaðir skilmálar gilda um afhendingu sambærilegrar vöru eða þjónustu,
- það hvort bjóða eigi margs konar þjónustu fram, hverja í sínu lagi eða saman.

Sé óskað eftir að beitt verði andmælameðferð skal hér greina sérstaklega frá þeim takmörkunum sem eru umfram þær sem eru sjálfkrafa undanþegnar samkvæmt ákvæðum viðkomandi kafla bókunar 4.

4.3. Tilgreinið milli hvaða EFTA-ríkja og/eða aðildarríkja EB samkomulagið kann að hafa áhrif að því er varðar viðskipti. Rökstyðjið svarið við þessum lið með upplýsingum um vöruflæði þegar við á. Tilgreinið enn fremur hvort samkomulagið hefur áhrif á viðskipti milli Evrópska efnahagssvæðisins eða bandalagsins og þriðju landa og rökstyðjið það einnig.

- buying or selling prices, discounts or other trading conditions,
- the quantities of goods to be manufactured or distributed or services to be offered,
- technical development or investment,
- the choice of markets or sources of supply,
- purchases from or sales to third parties,
- whether to apply similar terms for the supply of equivalent goods or services,
- whether to offer different services separately or together.

If you are claiming the benefit of the opposition procedure, identify in this list the restrictions that exceed those automatically exempted by the relevant Chapter of Protocol 4.

4.3 State between which EFTA States and/or Member States of the Community trade may be affected by the arrangements. Please give reasons for your reply to this question, giving data on trade flows where relevant. Furthermore please state whether trade between the EEA territory or the Community and any third countries is affected, again giving reasons for your reply.

5. þáttur.

Útdráttur sem er ekki trúnaðarmál.

Skömmu eftir að Eftirlitsstofnunin fær tilkynningu í hendur getur hún birt stutta auglýsingu þar sem þriðju aðilar eru hvattir til að gera athugasemdir við umræddan samning[19]. Þar sem markmið Eftirlitsstofnunarinnar með birtingu óformlegrar bráðabirgðaauglýsingar er að fá athugasemdir þriðju aðila sem fyrst eftir viðtöku tilkynningar er slík auglýsing venjulega birt án þess að hún sé fyrst send tilkynnendum til umsagnar. Í þessum þætti er óskað eftir upplýsingum sem nota má í óformlega bráðabirgðaauglýsingu ef Eftirlitsstofnunin ákveður að birta hana. Því er mikilvægt að svör við þessum spurningum hafi ekki að geyma viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar.

1. Tilgreinið heiti aðilanna að tilkynnta samningnum og fyrirtækjahópana sem þeir tilheyra.
2. Gerið stuttan útdrátt þar sem fram kemur hvert er eðli og markmið samningsins. Útdrátturinn skal helst vera innan við 100 orð.

Section 5

Non confidential summary

Shortly following receipt of a notification, the Surveillance Authority may publish a short notice inviting third party comments on the agreement in question[19]. As the objective pursued by the Surveillance Authority in publishing an informal preliminary notice is to receive third party comments as soon as possible after the notification has been received, such a notice is usually published without first providing it to the notifying parties for their comments. This section requests the information to be used in an informal preliminary notice in the event that the Surveillance Authority decides to issue one. It is important, therefore, that your replies to these questions do not contain any business secrets or other confidential information.

1. State the names of the parties to the agreement notified and the groups of undertakings to which they belong.
2. Give a short summary of the nature and objectives of the agreement. As a guideline this summary should not exceed 100 words.

3. Tilgreinið þau framleiðslusvið sem samningurinn hefur áhrif á.

II. kafli.
Þáttur er varðar viðkomandi markað (skal svarað í öllum tilkynningum nema þeim sem varða sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli þar sem óskað er eftir flýtimeðferð).

6. þáttur.
Viðkomandi markaður.

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.

Eftirtaldir þættir eru að jafnaði taldir skipta máli við ákvörðun viðeigandi vörumarkaðar og er rétt að taka tillit til þeirra í þessari greiningu[20]:

- hversu líkar viðkomandi vörur/tegundir þjónustu eru í útliti,
- munur á endanlegri notkun vöru,
- verðmunur á tveimur vörutegundum,
- kostnaður við að skipta úr einni vörutegund yfir í aðra sem á hugsanlega í samkeppni við þá fyrri,
- hefðbundnar eða rótgrónar neytendavenjur sem eru tiltekinni vörutegund eða vöruflokki í hag miðað við aðra,
- vöruflokkun innan atvinnugreinarinnar (til dæmis samkvæmt flokkun atvinnugreinasamtaka).

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki selja vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði, eru[21] eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, aðgangshindranir eða neytendavenjur og greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækjanna eða mikill verðmunur á nærliggjandi svæðum og flutningskostnaður.

6.1. Tilgreinið vinsamlegast, með hliðsjón af framangreindu, þá skilgreiningu á viðkom-

3. Identify the product sectors affected by the agreement in question.

Chapter II
Section concerning the relevant market (to be completed for all notifications except those relating to structural joint ventures for which accelerated treatment is claimed)

Section 6
The relevant market

A relevant product market comprises all those products and/or services which are regarded as interchangeable or substitutable by the consumer, by reason of the products' characteristics, their prices and their intended use.

The following factors are normally considered to be relevant to the determination of the relevant product market and should be taken into account in this analysis[20]:

- the degree of physical similarity between the products/services in question,
- any differences in the end use to which the goods are put,
- differences in price between two products,
- the cost of switching between two potentially competing products,
- established or entrenched consumer preferences for one type or category of product over another,
- industry-wide product classifications (e. g. classifications maintained by trade associations).

The relevant geographic market comprises the area in which the undertakings concerned are involved in the supply of products or services, in which the conditions of competition are sufficiently homogeneous and which can be distinguished from neighbouring areas because, in particular, conditions of competition are appreciably different in those areas.

Factors relevant to the assessment of the relevant geographic market include[21] the nature and characteristics of the products or services concerned, the existence of entry barriers or consumer preferences, appreciable differences of the undertakings' market share or substantial price differences between neighbouring areas, and transport costs.

6.1. In the light of the above please explain the definition of the relevant product market or

andi vörumarkaði eða -mörkuðum sem þið álítið að Eftirlitsstofnunin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni.
Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum. Nefnið sérstaklega þá vöru eða þjónustu sem tilkynntur samningur hefur bein eða óbein áhrif á og tilgreinið þá flokka vara sem þið teljið staðgönguvörur í markaðsskilgreiningu ykkar.

Í eftirfarandi spurningum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi vörumarkaðs eða -markaða".

6.2. Tilgreinið vinsamlegast þá skilgreiningu á viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum sem þið álítið að Eftirlitsstofnunin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni. Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum. Nefnið einkum í hvaða löndum aðilarnir reka starfsemi á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og ef þið teljið að viðkomandi svæðisbundinn markaður sé stærri en einstök EFTA-ríki eða aðildarríki EB þar sem aðilarnir reka starfsemi sína skal það rökstutt.

Í eftirfarandi liðum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi svæðisbundins markaðs eða markaða".

markets that in your opinion should form the basis of the Surveillance Authority's analysis of the notification.
In your answer, please give reasons for assumptions or findings, and explain how the factors outlined above have been taken into account. In particular, please state the specific products or services directly or indirectly affected by the agreement being notified and identify the categories of goods viewed as substitutable in your market definition.
In the questions figuring below, this (or these) definition(s) will be referred to as 'the relevant product market(s)'.

6.2. Please explain the definition of the relevant geographic market or markets that in your opinion should form the basis of the Surveillance Authority's analysis of the notification. In your answer, please give reasons for assumptions or findings, and explain how the factors outlined above have been taken into account. In particular, please identify the countries in which the parties are active in the relevant product market(s), and in the event that you consider the relevant geographic market to be wider than the individual EFTA States or Member States of the Community on which the parties to the agreement are active, give the reasons for this.
In the questions below, this (or these) definition(s) will be referred to as 'the relevant geographic market(s)'.

7. þáttur.

Meðlimir fyrirtækjahópa sem starfa á sama markaði og samningsaðilar.

7.1. Fyrir hvern aðila að tilkynntum samningi skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps sem:

7.1.1. starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum;

7.1.2. starfa á grannmörkuðum viðkomandi vörumarkaðar eða -markaða, (þ.e. reka starfsemi í tengslum við vörur og/eða þjónustu þar sem einungis eru boðnar fram ófullkomnar staðgönguvörur og/eða staðgönguþjónusta og aðeins að hluta til í stað þeirrar vöru og/eða þjónustu sem skilgreining ykkar tekur til).

Slík fyrirtæki þarf að tilgreina jafnvel þótt þau

Section 7

Group members operating on the same markets as the parties

7.1. For each of the parties to the agreement being notified, provide a list of all undertakings belonging to the same group which are:

7.1.1. active in the relevant product market(s);

7.1.2. active in markets neighbouring the relevant product market(s) (i. e. active in products and/or services that represent imperfect and partial substitutes for those included in your definition of the relevant product market(s)).

Such undertakings must be identified even if

selji umræddа vöru eða þjónustu á öðrum landsvæðum en aðilarnir að tilkynnta samningnum starfa á. Vinsamlegast tilgreinið fyrir hvern meðlim hópsins heiti, skráningarstað, tegund framleiðsluvöru og á hvaða landsvæði hann rekur starfsemi.

they sell the product or service in question in other geographic areas than those in which the parties to the notified agreement operate. Please list the name, place of incorporation, exact product manufactured and the geographic scope of operation of each group member.

8. þáttur.

Staða aðilanna á viðkomandi vörumörkuðum þar sem áhrifa gætir.

Section 8

The position of the parties on the affected relevant product markets

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir þá fyrirtækjahópa sem aðilarnir tilheyra. Ekki nægir að veita aðeins upplýsingar um þau fyrirtæki sem samningurinn hefur bein áhrif á.

Information requested in this section must be provided for the groups of the parties as a whole. It is not sufficient to provide such information only in relation to the individual undertakings directly concerned by the agreement.

8.1. Vinsamlegast veitið upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern viðkomandi vörumarkað eða -markaði sem þið skilgreinið í svari ykkar við lið 6.1:

8.1.1. markaðshlutdeild aðilanna á *viðkomandi svæðisbundnum markaði* þrjú næstliðin ár;

8.1.2. markaðshlutdeild aðilanna, ef einhverju munar a) á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, b) á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, c) í bandalaginu og d) í hverju EFTA-ríki og aðildarríki EB þrjú næstliðin ár[22]. Sé markaðshlutdeild innan við 20% tilgreinið þá aðeins í þessum þætti á hvaða bili hlutfallið liggur: 0 til 5%, 5 til 10%, 10 til 15%, 15 til 20%.

8.1 In relation to each relevant product market(s) identified in your reply to question 6.1 please provide the following information:

8.1.1. the market shares of the parties on the *relevant geographic market* during the previous three years;

8.1.2. where different, the market shares of the parties in (a) the EEA territory as a whole, (b) the territory of the EFTA States, (c) the Community and (d) each EFTA State and EC Member State during the previous three years[22]. For this section, where market shares are less than 20 %, please state simply which of the following bands are relevant: 0 to 5 %, 5 to 10 %, 10 to 15 %, 15 to 20 %.

Í svörum við þessum spurningum má reikna markaðshlutdeild hvort heldur er á grundvelli verðgildis eða magns. Rökstyðja skal tölurnar sem gefnar eru upp. Þannig verður að tilgreina heildarverðgildi/heildarmagn markaðarins í hverju svari ásamt sölu eða veltu hvers aðila sem hlut á að máli. Enn fremur skal geta heimilda (opinberar hagtölur, spár o.s.frv.) og láta fylgja afrit, þegar þess er kostur, af skjölunum sem upplýsingarnar eru fengnar úr.

For the purpose of answering these questions, market share may be calculated either on the basis of value or volume. Justification for the figures provided must be given. Thus, for each answer, total market value/volume must be stated, together with the sales/turnover of each of the parties in question. The source or sources of the information should also be given (e.g. official statistics, estimates, etc.), and where possible, copies should be provided of documents from which information has been taken.

9. þáttur.

Staða samkeppnisaðila og viðskiptavina á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum.

Section 9

The position of competitors and customers on the relevant product market(s)

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir fyrirtækjahópana sem aðilarnir tilheyra en ekki aðeins þau fyrirtæki sem tilkynnti samningurinn hefur bein áhrif á.

Information requested in this section must be provided for the group of the parties as a whole and not in relation to the individual companies directly concerned by the agreement notified.

Veitið eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 15%.

9.1. Nefnið fimm helstu samkeppnisaðila samningsaðilanna. Nefnið fyrirtækin og áætlið eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi svæðisbundnum markaði eða mörkuðum. Gefið einnig upp póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar fyrir hvert þessara fyrirtækja.

9.2. Nefnið fimm helstu viðskiptavini hvers aðila. Gefið upp heiti fyrirtækisins, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og nafn tengiliðar.

10. þáttur.

Markaðsaðgangur og hugsanleg samkeppni á vörumörkuðum og svæðisbundnum mörkuðum.

Veitið eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 15%.

10.1. Lýsið hinum ýmsu þáttum, að því er vöruna varðar, sem hafa áhrif á aðgang að viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum í þessu tilviki (þ.e. hvaða hindranir koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem framleiða ekki sem stendur vörur fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði, takist að hasla sér völl á þessum markaði eða mörkuðum). Takið mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

- Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður kröfum um leyfisveitingu stjórnvalda eða notkun opinberra staðla af einhverju tagi? Er aðgangur að þessum mörkuðum háður takmörkunum samkvæmt lögum eða reglum?
- Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður framboði hráefna?
- Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður gildistíma samninga milli fyrirtækis og birgja þess og/eða viðskiptavina?
- Gerið grein fyrir vægi rannsókna og þróunarstarfs, einkum vægi nytjaleyfa vegna einkaleyfa, verkkunnáttu og annarra réttinda á þessum mörkuðum.

10.2. Lýsið hinum ýmsu landfræðilegu þáttum sem hafa áhrif á aðgang að viðkomandi

For the (all) relevant product and geographic market(s) in which the parties have a combined market share exceeding 15 %, the following questions must be answered.

9.1. Please identify the five main competitors of the parties. Please identify the company and give your best estimate as to their market share in the relevant geographic market(s). Please also provide address, telephone and fax number, and, where possible, the name of a contact person at each company identified.

9.2. Please identify the five main customers of each of the parties. State company name, address, telephone and fax numbers, together with the name of a contact person.

Section 10

The relevant Market entry and potential competition in product and geographic terms

For the (all) relevant product and geographic market(s) in which the parties have a combined market share exceeding 15 %, the following questions must be answered.

10.1. Describe the various factors influencing entry in product terms into the *relevant product market(s)* that exist in the present case (i.e. what barriers exist to prevent undertakings that do not presently manufacture goods within the relevant product market(s) entering this market(s)). In so doing take account of the following where appropriate:

- to what extent is entry to the markets influenced by the requirement of government authorization or standard setting in any form? Are there any legal or regulatory controls on entry to these markets?
- to what extent is entry to the markets influenced by the availability of raw materials?
- to what extent is entry to the markets influenced by the length of contracts between an undertaking and its suppliers and/or customers?
- describe the importance of research and development and in particular the importance of licensing patents, know-how and other rights in these markets.

10.2. Describe the various factors influencing entry in geographic terms into the relevant

svæðisbundnum markaði eða mörkuðum í þessu tilviki (þ.e. hvaða hindranir koma í veg fyrir að fyrirtæki, sem þegar framleiða og/eða markaðssetja vörur á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum en á svæðum utan viðkomandi svæðisbundins markaðar eða markaða, auki söluumsvif sín þannig að þau nái til viðkomandi svæðisbundins markaðar eða svæðisbundinna markaða.) Vinsamlegast rökstyðjið svörin og gerið grein fyrir því, eftir því sem við á, hvaða vægi eftirfarandi þættir hafa:

- lögbundnar viðskiptahindranir, svo sem tollar, kvótar o.s.frv.,
- staðbundnar forskriftir eða tæknikröfur,
- opinber innkaupastefna,
- aðgangur að viðunandi, staðbundnu dreifingar- og smásölukerfi,
- flutningskostnaður,
- rótgrónar neytendavenjur staðbundnum vörumerkjum eða vörum í hag,
- tungumál.

10.3. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl á síðastliðnum þremur árum á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum á sölusvæðum aðilanna? Veitið þessar upplýsingar bæði að því er varðar nýliðun á vörumarkaði og svæðisbundnum markaði. Hafi slík nýliðun átt sér stað skal tilgreina fyrirtækið eða fyrirtækin sem um er að ræða (heiti, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar) og áætla eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og svæðisbundnum markaði eða mörkuðum.

geographic market(s) that exist in the present case (i.e. what barriers exist to prevent undertakings already producing and/or marketing products within the relevant product market(s) but in areas outside the relevant geographic market(s) extending the scope of their sales into the relevant geographic market(s)?). Please give reasons for your answer, explaining, where relevant, the importance of the following factors:

- trade barriers imposed by law, such as tariffs, quotas etc.,
- local specification or technical requirements,
- procurement policies,
- the existence of adequate and available local distribution and retailing facilities,
- transport costs,
- entrenched consumer preferences for local brands or products,
- language.

10.3. Have any new undertakings entered the relevant product market(s) in geographic areas where the parties sell during the last three years? Please provide this information with respect to both new entrants in product terms and new entrants in geographic terms. If such entry has occurred, please identify the undertaking(s) concerned (name, address, telephone and fax numbers, and, where possible, contact person), and provide your best estimate of their market share in the relevant product and geographic market(s).

III. kafli.
Þáttur er varðar viðkomandi markað og gildir aðeins um sameiginleg fyrirtæki á samstarfsgrundvelli þar sem óskað er eftir flýtimeðferð.

11. þáttur.

Viðkomandi markaður.

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika sinna, verðs og áformaðrar notkunar.

Chapter III
Section concerning the relevant market only for structural joint ventures for which accelerated treatment is claimed

Section 11

The relevant market

A relevant product market comprises all those products and/or services which are regarded as interchangeable or substitutable by the consumer, by reason of the products' characteristics, their prices and their intended use.

Eftirtaldir þættir eru að jafnaði taldir skipta máli[23] við ákvörðun viðeigandi vörumarkaðar og er rétt að taka tillit til þeirra í þessari greiningu:

- hversu líkar viðkomandi vörur/tegundir þjónustu eru í útliti,
- munur á endanlegri notkun vöru,

- verðmunur á tveimur vörutegundum,
- kostnaður við að skipta úr einni vörutegund yfir í aðra sem á hugsanlega í samkeppni við þá fyrri,
- hefðbundnar eða rótgrónar neytendavenjur sem eru tiltekinni vörutegund eða vöruflokki í hag miðað við aðra,
- vöruflokkun innan atvinnugreinarinnar (til dæmis samkvæmt flokkun atvinnugreinasamtaka).

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki selja vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði, eru[24] eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, aðgangshindranir eða neytendavenjur og greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækjanna eða mikill verðmunur á nærliggjandi svæðum og flutningskostnaður.

Hluti 11.1.
Greining tilkynnenda á viðkomandi markaði.

11.1.1. Tilgreinið vinsamlegast, með hliðsjón af framangreindu, þá skilgreiningu á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum sem aðilarnir álíta að Eftirlitsstofnunin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni.
Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum.

Í eftirfarandi spurningum er vísað til þessara(r) skilgreininga(r) sem „viðkomandi vörumarkaðs eða -markaða".

11.1.2. Tilgreinið vinsamlegast þá skilgreiningu á viðkomandi svæðisbundnum markaði

The following factors are normally considered to be relevant[23] to the determination of the relevant product market and should be taken into account in this analysis:

- the degree of physical similarity between the products/services in question,
- any differences in the end use to which the goods are put,
- differences in price between two products,
- the cost of switching between two potentially competing products,

- established or entrenched consumer preferences for one type or category of product over another,
- different or similar industry-wide product classifications (e.g. classifications maintained by trade associations).

The relevant geographic market comprises the area in which the undertakings concerned are involved in the supply of products or services, in which the conditions of competition are sufficiently homogeneous and which can be distinguished from neighbouring areas because, in particular, conditions of competition are appreciably different in those areas.

Factors relevant to the assessment of the relevant geographic market include[24] the nature and characteristics of the products or services concerned, the existence of entry barriers or consumer preferences, appreciable differences of the undertakings' market share or substantial price differences between neighbouring areas, and transport costs.

Part 11.1
The notifying parties´ analysis of the relevant market

11.1.1. In the light of the above, please explain the definition of the relevant product market or markets that in the opinion of the parties should form the basis of the Surveillance Authority's analysis of the notification.
In your answer, please give reasons for assumptions or findings, and explain how the factors outlined above have been taken into account.
In the questions figuring below, this (or these) definition(s) will be referred to as 'the relevant product market(s)'.

11.1.2. Please explain the definition of the relevant geographic market or markets that

eða mörkuðum sem aðilarnir álíta að Eftirlitsstofnunin ætti að leggja til grundvallar mati sínu á tilkynningunni.
Í svarinu skulu ályktanir og niðurstöður rökstuddar og skýrt frá því að hvaða leyti mið var tekið af framangreindum þáttum.

in the opinion of the parties should form the basis of the Surveillance Authority's analysis of the notification.
In your answer, please give reasons for assumptions or findings, and explain how the factors outlined above have been taken into account.

Hluti 11.2.
Spurningar um viðkomandi vörumarkað eða -markaði og svæðisbundinn markað eða markaði.

Svör við eftirfarandi spurningum gera Eftirlitsstofnuninni kleift að sannreyna hvort skilgreiningar ykkar á vörumörkuðum og svæðisbundnum mörkuðum í hluta 11.1 séu í samræmi við framangreindar skilgreiningar.

Part 11.2
Questions on the relevant product and geographic market(s)

Answers to the following questions will enable the Surveillance Authority to verify whether the product and geographic market definitions put forward by you in Part 11.1 are compatible with definitions figuring above.

Skilgreining á vörumarkaði.

11.2.1. Skráið vörur eða þjónustu sem verða fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af tilkynnta samningnum.

11.2.2. Skráið þá flokka vara og/eða þjónustu sem tilkynnendur telja, í efnahagslegu tilliti, mjög sambærilegar staðgönguvörur þeirrar vöru sem er nefnd í svarinu við spurningu 11.2.1. Ef tilgreindar eru fleiri en ein tegund vöru eða þjónustu í svarinu við spurningu 11.2.1 skal, í svarinu við þessari spurningu, gera skrá fyrir hverja vöru eða þjónustu.

Product market definition

11.2.1. List the specific products or services directly or indirectly affected by the agreement being notified.

11.2.2. List the categories of products and/or services that are, in the opinion of the notifying parties, close economic substitutes for those identified in the reply to question 11.2.1. Where more than one product or service has been identified in the reply to question 11.2.1, a list for each product must be provided for this question.

Í skránni skal raða vörunum eftir því í hve miklum mæli þær nýtast sem staðgönguvörur, þannig að fyrst skal telja þá vöru sem nýtist best sem staðgönguvara fyrir vörur aðilanna og síðast þá vöru sem nýtist síst sem staðgönguvara[25]. Gerið grein fyrir því hvernig tekið hefur verið tillit til þátta, sem skipta máli við skilgreiningu á viðkomandi vörumarkaði, við gerð þessarar skrár og í niðurröðun á vörunum/þjónustustarfseminni.

The products identified in this list should be ordered in their degree of substitutability, first listing the most perfect substitute for the products of the parties, finishing with the least perfect substitute[25]. Please explain how the factors relevant to the definition of the relevant product market have been taken into account in drawing up this list and in placing the products/services in their correct order.

Skilgreining á svæðisbundnum markaði.

11.2.3. Teljið upp þau lönd þar sem aðilarnir reka starfsemi á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum. Ef þeir reka starfsemi í öllum löndum innan ákveðins landahóps eða verslunarsvæðis (t.d. í öllum EFTA-ríkjunum eða í öllu bandalaginu, í EES-löndunum, um allan heim) nægir að tilgreina viðkomandi svæði.

11.2.4 Útskýrið með hvað hætti aðilarnir framleiða og selja vörur og/eða þjónustu í

Geographic market definition

11.2.3. List all the countries in which the parties are active in the relevant product market(s). Where they are active in all countries within any given groups of countries or trading area (e. g. the whole territory of the EFTA States or the Community, the EEA countries, worldwide) it is sufficient to indicate the area in question.

11.2.4. Explain the manner in which the parties produce and sell the goods and/or ser-

hverju landi eða á hverju svæði fyrir sig. Er t.d. um staðbundna framleiðslu að ræða, fer sala fram um staðbundið dreifingarkerfi eða fer dreifing fram fyrir milligöngu innflytjenda eða dreifingaraðila, með eða án einkaumboðs?

11.2.5 Eru mikil viðskipti með vörurnar/þjónustustarfsemina sem vörumarkaðurinn eða -markaðirnir spanna i) milli EFTA-ríkjanna (tilgreinið þau ríki og áætlið hundraðshluta innflutnings af heildarsölu í hverju ríki þar sem aðilarnir reka starfsemi), ii) milli allra eða sumra EFTA-ríkjanna og allra eða sumra aðildarríkja EB (tilgreinið þau ríki og áætlið hundraðshluta innflutnings af heildarsölu), iii) milli aðildarríkja EB (vinsamlegast tilgreinið þau ríki og áætlið hundraðshluta innflutnings af heildarsölu í hverju aðildarríki þar sem aðilarnir reka starfsemi, og iv) milli alls Evrópska efnahagssvæðisins, eða hluta þess, og annarra landa (hér skal einnig tilgreina ríkin og áætla hundraðshluta innflutnings af heildarsölu).

11.2.6 Hvaða framleiðslufyrirtæki, sem hafa aðsetur utan EFTA-ríkjanna eða Evrópska efnahagssvæðisins, selja á Evrópska efnahagssvæðinu í löndum þar sem aðilarnir reka starfsemi á viðkomandi vörumörkuðum? Hvernig markaðssetja þessi fyrirtæki vörur sínar? Er munur á þessu milli ólíkra EFTA-ríkja og/eða aðildarríkja EB?

12. þáttur.

Meðlimir fyrirtækjahópa sem starfa á sama markaði og aðilar að tilkynnta samningnum.

12.1. Fyrir hvern aðila að tilkynntum samningi skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps sem:

12.1.1. starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum;

12.1.2. starfa á grannmörkuðum viðkomandi vörumarkaðar eða -markaða, (þ.e. reka starfsemi í tengslum við vörur og/eða þjónustu þar sem einungis eru boðnar fram ófullkomnar staðgönguvörur og/ eða staðgönguþjónusta og aðeins að hluta til í

vices in each of these various countries or areas. For example, do they manufacture locally, do they sell through local distribution facilities, or do they distribute through exclusive, or non-exclusive, importers and distributors?

11.2.5. Are there significant trade flows in the goods/services that make up the relevant product market(s) (i) between the EFTA States (please specify which and estimate the percentage of total sales made up by imports in each State in which the parties are active), (ii) between all or part of the EFTA States and all or part of the EC Member States (again, please specify and estimate the percentage of total sales made up by imports), (iii) between the EC Member States (please specify which and estimate the percentage of total sales made up by imports in each Member State in which the parties are active), and (iv) between all or part of the EEA territory and other countries? (again, please specify and estimate the percentage of total sales made up by imports.)

11.2.6. Which producer undertakings based outside the territory of the EFTA States or the EEA territory sell within the EEA territory in countries in which the parties are active in the affected products? How do these undertakings market their products? Does this differ between different EFTA States and/or EC Member States?

Section 12

Group members operating on the same markets as the parties to the notified agreement.

12.1. For each of the parties to the agreement being notified, provide a list of all undertakings belonging to the same group which are:

12.1.1. active in the relevant product market(s);

12.1.2. active in markets neighbouring the relevant product market(s) (i. e. active in products/services that represent imperfect and partial substitutes[26] for those included in your definition of the relevant product market(s);

stað þeirra vara og/eða þjónustu[26] sem skilgreining ykkar tekur til);

12.1.3. reka starfsemi á mörkum sem eru á fyrra eða seinna stigi miðað við markaðina sem teljast til viðkomandi vörumarkaðar eða vörumarkaða.

Slík fyrirtæki þarf að tilgreina jafnvel þótt þau selji umrædda vöru eða þjónustu á öðrum landsvæðum en aðilarnir að tilkynnta samningnum starfa á. Vinsamlegast tilgreinið fyrir hvern meðlim hópsins heiti, skráningarstað, tegund framleiðsluvöru og á hvaða landsvæði hann rekur starfsemi.

13. þáttur.

Staða aðilanna á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum.

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir fyrirtækjahópa sem aðilarnir tilheyra en ekki aðeins þau fyrirtæki sem tilkynnti samningurinn hefur bein áhrif á.

13.1. Vinsamlegast veitið upplýsingar um eftirfarandi fyrir hvern viðkomandi vörumarkað eða -markaði sem þið skilgreinið í svari ykkar við lið 11.1.2:

13.1.1. markaðshlutdeild aðilanna á viðkomandi svæðisbundnum markaði þrjú næstliðin ár;

13.1.2. markaðshlutdeild aðilanna, ef einhverju munar a) á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, b) á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, c) í bandalaginu og d) í hverju EFTA-ríki og aðildarríki EB þrjú næstliðin ár[27]. Sé markaðshlutdeild innan við 20% tilgreinið þá aðeins á hvaða bili hlutfallið liggur miðað við verð eða magn: 0 til 5%, 5 til 10%, 10 til 15%, 15 til 20%.

Í svörum við þessum spurningum má reikna markaðshlutdeild hvort heldur er á grundvelli verðgildis eða magns. Rökstyðja skal tölurnar sem gefnar eru upp. Þannig verður að tilgreina heildarverðgildi/heildarmagn markaðarins í hverju svari ásamt sölu eða veltu hvers aðila sem hlut á að máli. Enn fremur skal geta heimilda og láta fylgja afrit, þegar þess er kostur, af skjölunum sem upplýsingarnar eru fengnar úr.

12.1.3. active in markets upstream and/or downstream from those included in the relevant product market(s).

Such undertakings must be identified even if they sell the product or service in question in other geographic areas than those in which the parties to the notified agreement operate. Please list the name, place of incorporation, exact product manufactured and the geographic scope of operation of each group member.

Section 13

The position of the parties on the relevant product market(s)

Information requested in this section must be provided for the group of the parties as a whole and not in relation to the individual companies directly concerned by the agreement notified.

13.1. In relation to each relevant product market(s), as defined in your reply to question 11.1.2, please provide the following information:

13.1.1. the market shares of the parties on the relevant geographic market during the previous three years;

13.1.2. where different, the market shares of the parties in (a) the EEA territory as a whole, (b) the territory of the EFTA States, (c) the Community, and (d) each EFTA State and EC Member State during the previous three years[27]. For this section, where market shares are less than 20 %, please state simply which of the following bands are relevant: 0 to 5 %, 5 to 10 %, 10 to 15 %, 15 to 20 % in terms of value or volume.

For the purpose of answering these questions, market share may be calculated either on the basis of value or volume. Justification for the figures provided must be given. Thus, for each answer, total market value/volume must be stated, together with the sales/turnover of each the parties in question. The source or sources of the information should also be given, and where possible, copies should be provided of documents from which information has been taken.

13.2. Ef markaðshlutdeildin, sem spurt er um í lið 13.1, væri reiknuð á öðrum grundvelli en þeim sem aðilarnir byggja á myndi það þá breyta niðurstöðunni um meira en 5% á einhverjum markaði (þ.e. hafi aðilarnir reiknað markaðshlutdeildina út frá magni hver yrði þá útkoman ef reiknað væri út frá verðgildi)? Ef munurinn á tölunum er meiri en 5% veitið þá vinsamlegast upplýsingarnar sem óskað er eftir í lið 13.1, bæði á grundvelli verðgildis og magns.

13.3. Áætlið eftir bestu getu núverandi nýtingu á afkastagetu aðilanna og í atvinnugreininni í heild á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum og svæðisbundnum markaði eða mörkuðum.

14. þáttur.

Staða samkeppnisaðila og viðskiptavina á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum.

Upplýsingarnar, sem óskað er eftir í þessum þætti, skulu ná yfir fyrirtækjahópana sem aðilarnir tilheyra en ekki aðeins þau fyrirtæki sem tilkynnti samningurinn hefur bein áhrif á.

Veitið vinsamlegast eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 10% innan alls Evrópska efnahagssvæðisins, yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna eða bandalagsins eða í einhverju EFTA-ríki eða aðildarríki EB.

14.1. Nefnið samkeppnisaðila samningsaðilanna á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum sem hafa meira en 10% markaðshlutdeild í einhverju EFTA-ríki, aðildarríki EB, á yfirráðasvæði EFTA, Evrópska efnahagssvæðinu eða á heimsmarkaði. Nefnið fyrirtækin og áætlið eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra á þessum landsvæðum. Gefið einnig upp póstfang, síma- og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar fyrir hvert þessara fyrirtækja.

14.2. Hvað einkennir eftirspurn á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum? Eru kaupendur t.d. margir eða fáir, skiptast þeir í mismunandi flokka, eru ríkisstofnanir eða ráðuneyti stórir viðskiptavinir?

14.3. Nefnið fimm helstu viðskiptavini hvers samningsaðila fyrir hvern viðkomandi vörumarkað eða -markaði. Gefið upp heiti fyrirtækisins, póstfang, síma- og bréfasímanúmer og nafn tengiliðar.

13.2. If the market shares in question 13.1 were to be calculated on a basis other than that used by the parties, would the resultant market shares differ by more than 5 % in any market (i. e. if the parties have calculated market shares on the basis of volume, what would be the relevant figure if it was calculated on the basis of value?). If the figure were to differ by more than 5 % please provide the information requested in question 13.1 on the basis of both value and volume.

13.3. Give your best estimate of the current rate of capacity utilization of the parties and in the industry in general in the relevant product and geographic market(s).

Section 14

The position of competitors and customers on the relevant product market(s)

Information requested in this section must be provided for the group of the parties as a whole and not in relation to the individual companies directly concerned by the agreement notified.

For the (all) relevant product market(s) in which the parties have a combined market share exceeding 10 % in the EEA as a whole, the EFTA territory, the Community or in any EFTA State or EC Member State, the following questions must be answered.

14.1. Please identify the competitors of the parties on the relevant product market(s) that have a market share exceeding 10 % in any EFTA State, EC Member State, in the territory of the EFTA States, in the EEA, or world-wide. Please identify the company and give your best estimate as to their market share in these geographic areas. Please also provide the address, telephone and fax numbers, and, where possible, the name of a contact person at each company identified.

14.2. Please describe the nature of demand on the relevant product market(s). For example, are there few or many purchasers, are there different categories of purchasers, are government agencies or departments important purchasers?

14.3. Please identify the five largest customers of each of the parties for each relevant product market(s). State company name, address, telephone and fax numbers, together with the name of a contact person.

15. þáttur.
Markaðsaðgangur og hugsanleg samkeppni.

Veitið vinsamlegast eftirfarandi upplýsingar fyrir viðkomandi vörumarkað eða -markaði (alla) þar sem samanlögð markaðshlutdeild aðilanna er yfir 10% innan alls Evrópska efnahagssvæðisins, bandalagsins eða yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna eða í einhverju aðildarríkja EB eða EFTA-ríki.

15.1. Lýsið hinum ýmsu þáttum sem hafa áhrif á aðgang að viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum í þessu tilviki. Takið mið af eftirfarandi, eftir því sem við á:

- Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður kröfum um leyfisveitingu stjórnvalda eða notkun opinberra staðla af einhverju tagi? Er aðgangur að þessum mörkuðum háður takmörkunum samkvæmt lögum eða reglum?
- Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður framboði hráefna?
- Að hve miklu leyti er aðgangur að mörkuðum háður gildistíma samninga milli fyrirtækis og birgja þess og/eða viðskiptavina?
- Hvert er vægi rannsókna og þróunarstarfs, einkum vægi nytjaleyfa vegna einkaleyfa, verkkunnáttu og annarra réttinda á þessum mörkuðum?

15.2. Hefur nýjum fyrirtækjum tekist að hasla sér völl á síðastliðnum þremur árum á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum á sölusvæðum aðilanna? Hafi slík nýliðun átt sér stað skuluð þið nefna fyrirtækin sem um er að ræða (heiti, póstfang, síma og bréfasímanúmer og, ef þess er kostur, nafn tengiliðar) og áætla eftir bestu getu markaðshlutdeild þeirra í hverju aðildarríki EB og EFTA-ríki þar sem þau reka starfsemi og í bandalaginu, á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna og Evrópska efnahagssvæðinu í heild.

15.3. Áætlið eftir bestu getu þá markaðshlutdeild sem fyrirtæki þarf að lágmarki að afla sér á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum til að starfsemi þess skili hagnaði.

15.4. Eru verulegar hindranir sem koma í veg fyrir:

15.4.1. að fyrirtæki, sem starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum í einu EFTA-ríki eða aðildarríki EB,

Section 15
The relevant Market entry and potential competition

For the (all) relevant product market(s) in which the parties have a combined market share exceeding 10 % in the EEA as a whole, the territory of the EFTA States, the Community or in any EFTA State or EC Member State, the following questions must be answered.

15.1. Describe the various factors influencing entry into the relevant product market(s) that exist in the present case. In so doing take account of the following where appropriate:

- to what extent is entry to the markets influenced by the requirement of government authorization or standard setting in any form? Are there any legal or regulatory controls on entry to these markets?
- to what extent is entry to the markets influenced by the availability of raw materials?
- to what extent is entry to the markets influenced by the length of contracts between an undertaking and its suppliers and/or customers?
- what is the importance of research and development and in particular the importance of licensing patents, know-how and other rights in these markets?

15.2. Have any new undertakings entered the relevant product market(s) in geographic areas where the parties sell during the last three years? If so, please identify the undertaking(s) concerned (name, address, telephone and fax numbers, and, where possible, contact person), and provide your best estimate of their market share in each EC Member State and EFTA State that they are active and in the Community, the territory of the EFTA States and the EEA territory as a whole.

15.3. Give your best estimate of the minimum viable scale for the entry into the relevant product market(s) in terms of appropriate market share necessary to operate profitably.

15.4. Are there significant barriers to entry preventing companies active on the relevant product market(s):

15.4.1. in one EFTA State or EC Member State selling in other areas of the EEA territory;

geti selt vörur sínar á öðrum hlutum Evrópska efnahagssvæðisins?

15.4.2. að fyrirtæki, sem starfa á viðkomandi vörumarkaði eða -mörkuðum utan Evrópska efnahagssvæðisins, geti selt á öllu Evrópska efnahagssvæðinu eða hluta þess?

Vinsamlegast rökstyðjið svörin og gerið grein fyrir því, eftir því sem við á, hvaða vægi eftirfarandi þættir hafa:

- lögbundnar viðskiptahindranir, svo sem tollar, kvótar o.s.frv.,
- staðbundnar forskriftir eða tæknikröfur,
- opinber innkaupastefna,
- aðgangur að viðunandi staðbundnu dreifingar- og smásölukerfi,
- flutningskostnaður,
- rótgrónar neytendavenjur staðbundnum vörumerkjum eða vörum í hag,
- tungumál.

15.4.2. outside the EEA territory selling into all or parts of the EEA territory.

Please give reasons for your answers, explaining, where relevant, the importance of the following factors:

- trade barriers imposed by law, such as tariffs, quotas etc.,
- local specification or technical requirements,
- procurement policies,
- the existence of adequate and available local distribution and retailing facilities,
- transport costs,
- entrenched consumer preferences for local brands or products,
- language.

IV. kafli.
Lokaþættir.
Skal svarað í öllum tilkynningum.

16. þáttur.

Ástæður fyrir umsókn um neikvætt vottorð.

Ef sótt er um neikvætt vottorð:

16.1. skulu tilgreindar ástæður þess, þ.e. hvaða ákvæði eða áhrif samkomulagsins eða starfsháttanna gæti, að mati ykkar, leikið vafi á að samræmdust samkeppnisreglum Evrópska efnahagssvæðisins. Markmiðið með þessum upplýsingum er að gefa Eftirlitsstofnuninni sem gleggsta mynd af þeim efasemdum sem þið hafið um samning ykkar eða starfshætti og sem þið viljið fá úr skorið með neikvæðu vottorði.

Skýrið, undir þremur eftirfarandi liðum, frá þeim staðreyndum sem máli skipta og ástæðum þess að þið teljið að ákvæði 1. mgr. 53. gr. eða 54. gr. EES-samningsins gildi ekki, þ.e.:

16.2. hvers vegna ekki er stefnt að því með samningnum eða starfsháttunum að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni

Chapter IV
Final sections
To be completed for all notifications

Section 16

Reasons for the application for negative clearance

If you are applying for negative clearance state:

16.1. why, i.e. state which provision or effects of the agreement or behaviour might, in your view, raise questions of compatibility with the EEA rules of competition. The object of this subheading is to give the Surveillance Authority the clearest possible idea of the doubts you have about your agreement or behaviour that you wish to have resolved by a negative clearance.

Then, under the following three references, give a statement of the relevant facts and reasons as to why you consider Article 53 (1) or 54 of the EEA Agreement to be inapplicable, i.e.:

16.2. why the agreements or behaviour do not have the object or effect of preventing, restricting or distorting competition within

svo nokkru nemi á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna eða á hinum sameiginlega markaði, eða hvers vegna samningurinn eða starfshættirnir hafa ekki þessi áhrif, eða hvers vegna fyrirtæki ykkar hefur ekki yfirburðastöðu á markaðinum eða hvers vegna starfshættir þess eru ekki misnotkun á yfirburðastöðu, og/eða

16.3. hvers vegna ekki er stefnt að því með samningnum eða starfsháttunum að koma í veg fyrir, takmarka eða raska samkeppni svo nokkru nemi á Evrópska efnahagssvæðinu, eða hvers vegna samningurinn eða starfshættirnir hafa ekki þessi áhrif, eða hvers vegna fyrirtæki ykkar hefur ekki yfirburðastöðu á markaðinum eða hvers vegna starfshættir þess eru ekki misnotkun á yfirburðastöðu; og/eða

16.4. hvers vegna ólíklegt sé að samningurinn eða starfshættirnir hafi áhrif svo nokkru nemi á viðskipti milli EFTA-ríkjanna, milli aðildarríkja EB eða milli bandalagsins og eins eða fleiri EFTA-ríkja.

17. þáttur.
Ástæður fyrir umsókn um undanþágu.

Ef tilkynnt er um samning í þeim tilgangi að fá undanþágu á grundvelli 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, jafnvel þó einungis sé um varúðarráðstöfun að ræða, skal útskýra á hvaða hátt:

17.1. samkomulagið stuðli að því að bæta framleiðslu eða dreifingu og/eða efla tækni- eða efnahagsþróun. Skýrið einkum ástæður þess að þið væntið þessa árangurs af samstarfinu; hafa aðilarnir að samkomulaginu t.d. yfir að ráða samhæfðum tæknibúnaði eða dreifingarkerfum sem gefa möguleika á öflugri samvirkni (skýrið nánar frá því, ef svo er)? Tilgreinið enn fremur hvort tilkynnendur hafi gengið frá skjölum eða skýrslum við hagkvæmniathugun á aðgerðinni og hugsanlegum ávinningi af henni og hvort í slíkum skjölum eða skýrslum sé getið um áætlaðan sparnað eða bættan árangur vegna aðgerðarinnar. Leggið fram afrit af öllum slíkum skjölum eða skýrslum;

17.2. neytendur fái sanngjarna hlutdeild í hagnaði þeim sem verður af umbótum þessum eða framförum;

17.3. öll takmarkandi ákvæði samningsins eru

the territory of the EFTA States or within the common market to any appreciable extent, or why your undertaking does not have or its behaviour does not abuse a dominant position; and/or

16.3. why the agreements or behaviour do not have the object or effect of preventing, restricting or distorting competition within the EEA territory to any appreciable extent, or why your undertaking does not have or its behaviour does not abuse a dominant position; and/or

16.4. why the agreements or behaviour are not such as may affect trade between EFTA States, between EC Member States or between the Community and one or more EFTA States, to any appreciable extent.

Section 17
Reasons for the application for exemption

If you are notifying the agreement, even if only as a precaution, in order to obtain an exemption under Article 53 (3) of the EEA Agreement, explain how:

17.1. the agreement contributes to improving production or distribution, and/or promoting technical or economic progress. In particular, please explain the reasons why these benefits are expected to result from the collaboration; for example, do the parties to the agreement possess complementary technologies or distribution systems that will produce important synergies? (if so, please state which). Also please state whether any documents or studies were drawn up by the notifying parties when assessing the feasibility of the operation and the benefits likely to result therefrom, and whether any such documents or studies provided estimates of the savings or efficiencies likely to result. Please provide copies of any such documents or studies;

17.2. a proper share of the benefits arising from such improvement or progress accrues to consumers;

17.3. all restrictive provisions of the agreement

nauðsynleg til að ná þeim markmiðum sem eru sett fram í lið 17.1 (sé óskað eftir að beitt verði andmælameðferð er sérstaklega mikilvægt að greina frá og réttlæta þær takmarkanir þar sem lengra er gengið en í þeim takmörkunum sem eru sjálfkrafa undanþegnar samkvæmt ákvæðum viðkomandi reglugerðar sem um getur í XIV. viðauka við EES-samninginn). Í því sambandi skal skýra frá því hvers vegna ekki er unnt að ná þeim ávinningi af samningnum, sem tilgreindur var í svari ykkar við spurningu 17.1, eða hvers vegna ávinningurinn næst ekki jafnfljótt og vel eða ekki með jafngóðum árangri eða næst aðeins með meiri tilkostnaði eða minni væntingum um árangur i) án samningsins í heild sinni og ii) án þeirra tilteknu ákvæða hans sem um getur í svari ykkar við spurningu 4.2;

17.4. samningurinn útilokar ekki samkeppni að því er varðar verulegan hluta af vörum þeim og þjónustu sem um er að ræða.

18. þáttur.

Fylgiskjöl.

Fullfrágengin tilkynning skal lögð fram í einu frumriti. Henni skulu fylgja nýjustu útgáfur af öllum samningum sem tilkynningin lýtur að og:

a) fimm afrit af tilkynningunni sjálfri;
b) þrjú afrit af ársskýrslum og ársreikningum allra aðila að tilkynnta samningnum, ákvörðuninni eða samstilltu aðgerðinni fyrir þrjú næstliðin ár;
c) þrjú afrit af nýjustu skýrslum um markaðsrannsóknir á eigin eða annarra vegum eða áætlunarskjöl sem gera kleift að meta eða greina markað eða markaði, þar sem áhrifa gætir, með tilliti til samkeppnisstöðu, samkeppnisaðila (hugsanlegra eða raunverulegra) og markaðsaðstæðna. Í hverju skjali skal tilgreina nafn og stöðu höfundar;
d) þrjú afrit af skýrslum og niðurstöðum greininga sem gerðar hafa verið fyrir eða af einhverjum meðal starfsmanna eða stjórnanda í því skyni að meta eða greina tilkynnta samninginn.

are indispensable to the attainment of the aims set out under 17.1 (if you are claiming the benefit of the opposition procedure, it is particularly important that you should identify and justify restrictions that exceed those automatically exempted by the relevant Regulations referred to in Annex XIV to the EEA Agreement). In this respect please explain how the benefits resulting from the agreement identified in your reply to question 17.1 could not be achieved, or could not be achieved so quickly or efficiently or only at higher cost or with less certainty of success (i) without the conclusion of the agreement as a whole and (ii) without those particular clauses and provisions of the agreement identified in your reply to question 4.2;

17.4. the agreement does not eliminate competition in respect of a substantial part of the goods or services concerned.

Section 18

Supporting documentation

The completed notification must be drawn up and submitted in one original. It shall contain the last versions of all agreements which are the subject of the notification and be accompanied by the following:

(a) five copies of the notification itself;
(b) three copies of the annual reports and accounts of all the parties to the notified agreement, decision or practice for the last three years;
(c) three copies of the most recent in-house or external long-term market studies or planning documents for the purpose of assessing or analysing the affected markets with respect to competitive conditions, competitors (actual and potential), and market conditions. Each document should indicate the name and position of the author;
(d) three copies of reports and analyses which have been prepared by or for any officer(s) or director(s) for the purposes of evaluating or analysing the notified agreement.

19. þáttur.
Yfirlýsing.

Ljúka ber tilkynningunni með eftirfarandi yfirlýsingu undirritaðri af öllum umsækjendum eða tilkynnendum, eða fyrir þeirra hönd[28].

„Undirritaðir lýsa yfir því að allar upplýsingar, sem eru veittar í tilkynningu þessari, eru réttar samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem beðið er um samkvæmt eyðublaði A/B, hafa verið látin í té, svo framarlega sem þau eru í fórum fyrirtækjahópsins sem umsækjandi eða umsækjendur, tilkynnandi eða tilkynnendur tilheyra og eru tiltæk þeim síðarnefnda eða síðarnefndu, að tilgreint er ef um áætlun er að ræða og hún sett fram samkvæmt bestu vitund þeirra og vitneskju um staðreyndir málsins og að þegar álit er látið í ljós er það jafnan gert í góðri trú.

Undirritaðir hafa kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 15. gr. bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól.

Staður og dagsetning:

Undirskriftir:“

Vinsamlegast bætið við nafni (nöfnum) þess (þeirra) sem undirrita(r) umsóknina eða tilkynninguna og tilgreinið starfssvið.

Section 19
Declaration

The notification must conclude with the following declaration which is to be signed by or on behalf of all the applicants or notifying parties[28].

‘The undersigned declare that the information given in this notification is correct to the best of their knowledge and belief, that complete copies of all documents requested by form A/B have been supplied to the extent that they are in the possession of the group of undertakings to which the applicant(s) or notifying party(ies) belong(s) and are accessible to the latter, that all estimates are identified as such and are their best estimates of the underlying facts and that all the opinions expressed are sincere.

They are aware of the provisions of Article 15 (1) (a) of Chapter II of Prot. 4 SAC-A.

Place and date:

Signatures:’

Please add the name(s) of the person(s) signing the application or notification and their function(s).

VIÐAUKAR

I. VIÐAUKI
Texti 53., 54. og 56. gr. EES-samningsins og 2., 3. og 4. gr. bókunar 22 við EES-samninginn og 85. og 86. gr. EB-sáttmálans.

53. gr. EES-samningsins.

1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt hinum sameiginlega markaði: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB og hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á hinum sameiginlega markaði, einkum aðgerðir sem:

   a) ákveða kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör með beinum eða óbeinum hætti;

ANNEXES

ANNEX I
Text of Articles 53, 54 and 56 of the EEA Agreement and of Articles 2, 3 and 4 of Protocol 22 to that Agreement, and of Articles 85 and 86 of the EC Treaty

Article 53 of the EEA Agreement

1. The following shall be prohibited as incompatible with the functioning of this Agreement: all agreements between undertakings, decisions by associations of undertakings and concerted practices which may affect trade between Contracting Parties and which have as their object or effect the prevention, restriction or distortion of competition within the territory covered by this Agreement, and in particular those which:
   (a) directly or indirectly fix purchase or selling prices or any other trading conditions;

b) takmarka eða stýra framleiðslu, markaði, tækniþróun eða fjárfestingum;
c) skipta mörkuðum eða birgðalindum;
d) mismuna viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra;

e) setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samningsins, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

2. Samningar og ákvarðanir sem grein þessi bannar eru sjálfkrafa ógildir.

3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:
- samninga eða tegundir samninga milli fyrirtækja;
- ákvarðanir eða tegundir ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja;
- samstilltar aðgerðir eða tegundir samstilltra aðgerða;

sem stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilegar eða efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:
a) höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki;
b) slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um ræðir.

(b) limit or control production, markets, technical development, or investment;
(c) share markets or sources of supply;
(d) apply dissimilar conditions to equivalent transactions with other trading parties, thereby placing them at a competitive disadvantage;
(e) make the conclusion of contracts subject to acceptance by the other parties of supplementary obligations which, by their nature or according to commercial usage, have no connection with the subject of such contracts.

2. Any agreements or decisions prohibited pursuant to this Article shall be automatically void.

3. The provisions of paragraph 1 may, however, be declared inapplicable in the case of:
- any agreement or category of agreements between undertakings;
- any decision or category of decisions by associations of undertakings;
- any concerted practice or category of concerted practices;

which contributes to improving the production or distribution of goods or to promoting technical or economic progress, while allowing consumers a fair share of the resulting benefit, and which does not:
(a) impose on the undertakings concerned restrictions which are not indispensable to the attainment of these objectives;
(b) afford such undertakings the possibility of eliminating competition in respect of a substantial part of the products in question.

54. gr. EES-samningsins.

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á yfirburðastöðu innan hins sameiginlega markaðar eða verulegs hluta hans er ósamrýmanleg hinum sameiginlega markaði og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:
a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir;
b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun neytendum til tjóns;
c) öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt;

Article 54 of the EEA Agreement

Any abuse by one or more undertakings of a dominant position within the territory covered by this agreement or in a substantial part of it shall be prohibited as incompatible with the functioning of this Agreement in so far as it may affect trade between Contracting Parties.

Such abuse may, in particular, consist in:
(a) directly or indirectly imposing unfair purchase or selling prices or other unfair trading conditions;
(b) limiting production, markets or technical development to the prejudice of consumers;
(c) applying dissimilar conditions to equivalent transactions with other trading parties, thereby placing them at a competitive disadvantage;

d) sett sé það skilyrði fyrir samningsgerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

56. gr. EES-samningsins.

1. Eftirlitsstofnanirnar skulu taka ákvarðanir í einstökum málum, sem falla undir 53. gr., í samræmi við eftirfarandi ákvæði:

   a) Eftirlitsstofnun EFTA skal taka ákvarðanir í þeim málum sem einungis hafa áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkjanna;

   b) með fyrirvara um c-lið skal Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvarðanir, eins og kveðið er á um í ákvæðum 58. gr., bókun 21 og reglum um framkvæmd hennar, bókun 23 og XIV. viðauka, í málum þar sem velta viðkomandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna er 33% eða meiri en velta þeirra á svæðinu sem samningur þessi tekur til;

   c) framkvæmdastjórn EB skal taka ákvarðanir í öðrum málum, svo og í þeim málum sem falla undir b-lið og hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkja EB, og skal hún þá taka tillit til ákvæðanna í 58. gr., bókun 21, bókun 23 og XIV. viðauka.
2. Eftirlitsstofnun á því svæði þar sem yfirburðastaða er talin vera fyrir hendi skal taka ákvarðanir í einstökum málum sem falla undir 54. gr. Reglurnar sem settar eru í b- og c-lið 1. mgr. gilda því aðeins að um yfirburðastöðu á svæðum beggja eftirlitsstofnananna sé að ræða.
með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XV. viðauka (ríkisaðstoð) við EES-samninginn,

þar sem koma skal á málsmeðferð fyrir Eftirlitsstofnun EFTA sem er sem líkust þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í 6. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2496/96/KSE frá 18. desember 1996 um bandalagsreglur um ríkisaðstoð við stáliðnaðinn,

þar sem í ljósi þessa ber að breyta bókun 3 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

hafa samþykkt eftirfarandi:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 3. gr. bókunar 3 um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði ríkisaðstoðar:

„3. gr.

1. Til þess að meta hvort ríkisaðstoð, sem fellur undir þá gerð sem um getur í lið 1a í XV. viðauka við EES-samninginn, samræmist framkvæmd EES-samningsins skal kveða nánar á um reglur sem mælt er fyrir um í 1. gr. þessarar bókunar eða sem hér segir:

2. Tilkynningar um fyrirhugaða aðstoð samkvæmt ákvæðum 4. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 1. mgr., þar sem EFTA-ríki lætur í té

AGREEMENT amending Protocol 3 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

The Republic of Iceland, the Principality of the Principality of Liecthenstein, and the Kingdom of Norway,

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, as adjusted by the Protocol Adjusting the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the Surveillance and Court Agreement, and in particular Article 49 thereof,

In agreement with the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to the Decision of the EEA Joint Committee No 20/98 of 6 March 1998 amending Annex XV (State Aid) to the EEA Agreement,

Whereas, procedures should be established to be followed by the EFTA Surveillance Authority which are as close as possible to the procedures provided for in Article 6 of Commission Decision No. 2496/96/ECSC of 18 December 1996 establishing Community rules for State aid to the steel industry,

Whereas, therefore, Protocol 3 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Article 3 of Protocol 3 on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority in the field of State Aid shall be replaced by the following:

"Article 3

1. In order to assess the compatibility with the functioning of the EEA Agreement of state aid measures falling under the act referred to in point 1a of Annex XV to the EEA Agreement, the rules laid down in Article 1 of this Protocol shall be further specified, as follows:
2. The notification of plans to grant aid under Article 4 of the act referred to in paragraph 1, in which the EFTA State paying the aid is

aðstoð vegna áforma um lokun á yfirráðasvæði annars EFTA-ríkis, skulu sendar Eftirlitsstofnun EFTA af báðum EFTA-ríkjunum sameiginlega.

Tilkynningar um áætlanir um aðstoð samkvæmt þeirri gerð sem um getur í 1. mgr. þurfa að berast Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en 31. desember 2001.

3. Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um öll áform um flutning fjármuna frá ríki, héraðseða sveitarstjórnum eða öðrum aðilum til stálfyrirtækja í mynd hlutafjárkaupa, fjárframlaga, lánatrygginga, bóta eða svipaðrar fjármögnunar og skal það gert með góðum fyrirvara svo að hún geti gert athugasemdir og eigi síðar en 31. desember 2001.

   Eftirlitsstofnun EFTA ákveður hvort í flutningi fjármunanna felist einhvers konar aðstoð í skilningi 2. mgr. 1. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. mgr. og, ef svo er, hvort hún sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins samkvæmt ákvæðum 2.–5. gr. áðurnefndrar gerðar.

4. Eftirlitsstofnun EFTA skal falast eftir áliti EFTA-ríkjanna á áformum um aðstoð vegna lokunar og á öðrum mikils háttar tillögum um aðstoð sem henni er tilkynnt um áður en hún tekur afstöðu til þeirra. Hún skal tilkynna EFTA-ríkjunum um afgreiðslu hverrar tillögu um aðstoð og greina jafnframt frá gerð og umfangi aðstoðarinnar.
5. Ráðstafanirnar sem um getur í 2. eða 3. mgr. koma því aðeins til framkvæmda að Eftirlitsstofnun EFTA hafi samþykkt þær og með þeim skilyrðum sem hún setur.

   Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið viðkomandi EFTA-ríki tækifæri til að gera athugasemdir getur hún tekið ákvörðun í samræmi við ákvæði fyrstu undirgreinar 2. mgr. 1. gr. þessarar bókunar og farið fram á að EFTA-ríkið fresti hvers kyns greiðslum þar til hún hefur veitt samþykki sitt. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. þessarar bókunar skulu gilda komi til þess að EFTA-ríki hlíti ekki áðurnefndri ákvörðun.

   Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur gefið viðkomandi EFTA-ríki tækifæri til að gera athugasemdir getur hún tekið ákvörðun í samræmi við ákvæði fyrstu undirgreinar 2. mgr. 1. gr. þessarar bókunar og farið fram á

not identical to that in whose territory the closure would take place, shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority jointly by both EFTA States.

The notification of aid plans falling under the act referred to in paragraph 1, must be lodged with the EFTA Surveillance Authority at the latest by 31 December 2001.

3. The EFTA Surveillance Authority shall be informed, in sufficient time for it to submit its comments, and by 31 December 2001 at the latest, of any plans for transfers of State resources by EFTA States, regional or local authorities or other bodies to steel undertakings in the form of acquisition of shareholdings, provisions of capital, loan guaranties, indemnities or similar financing.

   The EFTA Surveillance Authority shall determine whether the financial transfers involve aid elements within the meaning of Article 1(2) of the act referred to in paragraph 1 and, if so, shall examine whether they are compatible with the functioning of the EEA Agreement under the provisions of Articles 2 to 5 of the aforementioned act.
4. The EFTA Surveillance Authority shall seek the views of the EFTA States on plans for closure aid and on other major aid proposals notified to it before adopting a position on them. It shall inform the EFTA States of the decisions it has adopted on aid proposals, specifying the form and volume of the aid.

5. The planned measures falling within paragraph 2 or 3 may be put into effect only with the approval of and subject to any conditions laid down by the EFTA Surveillance Authority.

   The EFTA Surveillance Authority may, after giving the EFTA State concerned the opportunity to submit its comments, adopt a decision under Article 1(2), subparagraph 1 of this Protocol requiring the EFTA State to suspend the disbursement of any financial means until approval is given by the EFTA Surveillance Authority. Article 1(2) of this Protocol shall continue to apply in the event of an EFTA State's failing to comply with that decision.

   The EFTA Surveillance Authority may, after giving the EFTA State concerned the opportunity to submit its comments, adopt a decision under Article 1(2), subparagraph 1 of this Protocol requiring the EFTA State to

að EFTA-ríki afturkalli til bráðabirgða hvers kyns greiðslur sem brjóta í bága við fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar og 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins. Endurgreiðslur fari fram í samræmi við gildandi málsmeðferð og ákvæði laga í viðkomandi EFTA-ríki, að viðbættum vöxtum á gengi sem notað er sem viðmiðunargengi við mat á aðstoð í héraði og reiknast frá útborgunardegi. Ákvæði 2. mgr. 1. þessarar bókunar skulu gilda komi til þess að EFTA-ríki hlíti ekki áðurnefndri ákvörðun.

6. Telji Eftirlitsstofnun EFTA að tiltekin fjárhagsleg ráðstöfun geti falið í sér ríkisaðstoð í skilningi 1. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 1. mgr., eða efist hún um að aðstoð samræmist ákvæðum þeirrar gerðar sem um getur í 1. mgr., skal hún tilkynna viðkomandi EFTA-ríki um afstöðu sína eftir að hafa gefið hlutaðeigandi aðilum og öðrum EFTA-ríkjum tækifæri til að gera athugasemdir. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, að fengnum athugasemdum og þegar viðkomandi EFTA-ríki hefur verið veitt tækifæri til andsvara, að viðkomandi ráðstöfun samrýmist ekki ákvæðum gerðarinnar sem um getur í 1. mgr., skal hún taka ákvörðun eigi síðar en þremur mánuðum eftir að henni berast þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að meta fyrirhugaða ráðstöfun. Ákvæði 2. mgr. 1. gr. þessarar bókunar skulu gilda komi til þess að EFTA-ríki hlíti ekki áðurnefndri ákvörðun.
7. Ef Eftirlitsstofnun EFTA hefur ekki málsmeðferð þá sem kveðið er á um í 6. mgr. eða gerir afstöðu sína kunna innan tveggja mánaða frá því að henni berst fullnægjandi tilkynning um fyrirhugaðar ráðstafanir, er viðkomandi EFTA-ríki heimilt að hrinda fyrirhuguðum ráðstöfunum í framkvæmd að því tilskildu að EFTA-ríkið tilkynni Eftirlitsstofnun EFTA fyrst um fyrirætlunina. Leiti Eftirlitsstofnun EFTA álits EFTA-ríkjanna samkvæmt ákvæðum 4. mgr. skal framangreindur frestur vera þrír mánuðir."

recover provisionally any financial means disbursed in breach of the first subparagraph of this paragraph and Article 61(1) of the EEA Agreement. Repayment shall be made in accordance with the procedures and provisions of domestic law of the EFTA State concerned, together with interest at the rate used as reference rate in the assessment of regional aid schemes running from the date of disbursement. Article 1(2) of this Protocol shall continue to apply in the event of an EFTA State's failing to comply with that decision.
6. If the EFTA Surveillance Authority considers that a certain financial measure may represent State aid within the meaning of Article 1 of the act referred to in paragraph 1 or doubts whether a certain aid is compatible with the provisions of the act referred to in paragraph 1, it shall inform the EFTA State concerned and give notice to the interested parties and other EFTA States to submit their comments. If, after having received the comments and after having given the EFTA State concerned the opportunity to respond, the EFTA Surveillance Authority finds that the measure in question is an aid incompatible with the provisions of the act referred to in paragraph 1, it shall take a decision not later than three months after receiving the information needed to assess the proposed measure. Article 1(2) of this Protocol shall apply in the event of an EFTA State's failing to comply with that decision.
7. If the EFTA Surveillance Authority fails to initiate the procedure provided for in paragraph 6, or otherwise to make its position known within two months of receiving full notification of a proposal, the planned measures may be put into effect provided that the EFTA State first informs the EFTA Surveillance Authority of its intention to do so. Where the EFTA Surveillance Authority seeks the views of EFTA States under paragraph 4, the abovementioned period shall be three months."

2. gr.

1. Samningur þessi skal samþykktur af EFTA-ríkjunum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers ríkis um sig og er frumtexti samningsins í einu eintaki á ensku.

Áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku

Article 2

1. This Agreement, drawn up in a single copy and authentic in the English language, shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements.
Before the end of a period of six months from

samningsins skal gengið frá gildum textum samningsins á íslensku, norsku og þýsku.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum þar um.
   Staðfestingarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Noregs til vörslu sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum þar um.
3. Samningur þessi skal taka gildi daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/98 frá 6. mars 1998 um breytingu á XV. viðauka við EES-samninginn tekur gildi eða daginn sem EFTA-ríkin hafa afhent öll staðfestingarskjöl til vörslu, eftir því hvort gerist síðar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 6. mars 1998.

its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.

2. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
   The instruments of acceptance shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
3. This Agreement shall enter into force on the day the Decision of the EEA Joint Committee No 20/98 of 6 March 1998 amending Annex XV to the EEA Agreement enters into force or on the day all instruments of acceptance have been deposited by the EFTA States, whichever day is the later.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, this 6 March 1998.

Fylgiskjal 3.

SAMNINGUR
um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og honum var breytt með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er nefnist hér á eftir samningur um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/98 frá 27. mars 1998 um breytingu á XIV. viðauka (samkeppni) við EES-samninginn og breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, og vegna þess að komið hafa í ljós villur í XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

þar sem í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

hafa samþykkt eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæðum XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er breytt sem hér segir:

A. Í 6. gr.:

a) í 1. mgr.:

- bætist eftirfarandi undirgrein við b-lið:

„Ákvörðunin, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.“;

- komi eftirfarandi í stað c-liðar:

„c) Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, með fyrirvara um 2. mgr., að samfylking, sem tilkynnt

AGREEMENT
amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

The Republic of Iceland, the Principality of Liecthtenstein, the Kingdom of Norway,

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice as adjusted by the Protocol Adjusting the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the Surveillance and Court Agreement, and in particular Article 49 thereof,

In agreement with the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to Decision of the EEA Joint Committee No 27/98 of 27 March 1998 amending Annex XIV (Competition) of the EEA Agreement and amending Protocol 21 to the EEA Agreement, on the implementation of competition rules applicable to undertakings,

Whereas certain errors in Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement have appeared,

Whereas, therefore, Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be amended as follows:

A. In Article 6:

(a) in paragraph 1:

- in point (b) the following subparagraph shall be added:

"The decision declaring the concentration compatible with the functioning of the EEA Agreement shall also cover restrictions directly related and necessary to the implementation of the concentration.";

- point (c) shall be replaced by the following:

"(c) Without prejudice to paragraph 2, where the EFTA Surveillance Authority finds that the concentration

hefur verið um, falli undir gildissvið þeirrar gerðar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og veki alvarlegar efasemdir um að hún sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, ákveður hún að hefja málsmeðferð.“;

b) bætast eftirfarandi málsgreinar við:

„2. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu, eftir að breytingar hafa verið gerðar hjá hlutaðeigandi fyrirtækjum, að samfylking, sem tilkynnt hafði verið um, veki ekki lengur alvarlegar efasemdir í skilningi c-liðar 1. mgr., getur hún ákveðið að lýsa því yfir að samfylkingin sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins samkvæmt b-lið 1. mgr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt samkvæmt b-lið 1. mgr. að binda ákvörðun sína skilyrðum og skuldbindingum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki skyldur þær sem þau hafa tekist á hendur gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og miða að því að gera samfylkinguna samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins.

3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. ef:

a) ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á, eða fengin fram með blekkingum,

eða

b) hlutaðeigandi fyrirtæki bregðast skuldbindingu sem fylgir ákvörðuninni.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. getur Eftirlitsstofnun EFTA tekið ákvörðun samkvæmt 1. mgr. og er þá ekki bundin þeim tímamörkum sem um getur í 1. mgr. 10. gr.“;

c) 2. mgr. verði 5. mgr.

B. Í 7. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 1. mgr.:

„1. Samfylking, eins og hún er skilgreind í 1. gr., skal hvorki taka gildi áður en tilkynnt hefur verið um hana né fyrr en búið er að lýsa hana samrýmanlega fram-

notified falls within the scope of the Act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89) and raises serious doubts as to its compatibility with the functioning of the EEA Agreement, it shall decide to initiate proceedings.”;

(b) the following paragraphs shall be inserted:

“2. Where the EFTA Surveillance Authority finds that, following modification by the undertakings concerned, a notified concentration no longer raises serious doubts within the meaning of paragraph 1 (c), it may decide to declare the concentration compatible with the functioning of the EEA Agreement pursuant to paragraph 1 (b).

The EFTA Surveillance Authority may attach to its decision under paragraph 1 (b) conditions and obligations intended to ensure that the undertakings concerned comply with the commitments they have entered into vis-à-vis the EFTA Surveillance Authority with a view to rendering the concentration compatible with the functioning of the EEA Agreement.

3. The EFTA Surveillance Authority may revoke the decision it has taken pursuant to paragraph 1 (a) or (b) where:

(a) the decision is based on incorrect information for which one of the undertakings is responsible or where it has been obtained by deceit,

or

(b) the undertakings concerned commit a breach of an obligation attached to the decision.

4. In the cases referred to in paragraph 3, the EFTA Surveillance Authority may take a decision under paragraph 1, without being bound by the deadlines referred to in Article 10 (1).”;

(c) paragraph 2 shall become paragraph 5.

B. In Article 7:

(a) paragraph 1 shall be replaced by the following:

“1. A concentration as defined in Article 1 shall not be put into effect either before its notification or until it has been declared compatible with the functioning

kvæmd EES-samningsins með ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr., eða á grundvelli ályktunar samkvæmt 6. mgr. 10. gr.“;

b) falli 2. mgr. niður;

c) breytist 3. mgr. sem hér segir:
í stað orðanna „1. og 2. mgr.“ í upphafi málsgreinarinnar komi „1. mgr.“ [Framhaldið á ekki við í íslenska textanum.];

d) komi eftirfarandi í stað 4. mgr.:

„4. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, samkvæmt beiðni, að veita undanþágu frá skuldbindingum þeim sem fram koma í 1. og 3. mgr. Rökstyðja ber beiðni um undanþágu. Við afgreiðslu beiðninnar skal Eftirlitsstofnun EFTA meðal annars taka mið af áhrifum frestunarinnar á eitt eða fleiri fyrirtæki, sem hlut eiga að samfylkingu, eða á þriðja málsaðila, og þeirri hættu sem samkeppninni stafar af samfylkingunni. Slíka undanþágu er heimilt að binda skilyrðum og skuldbindingum í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni. Heimilt er að sækja um og veita undanþágu hvenær sem er, jafnvel áður en tilkynnt er um samfylkingu eða eftir að viðskiptunum er lokið.“;

e) komi eftirfarandi í stað 5. mgr.:

„5. Gildi viðskipta, sem brjóta í bága við ákvæði 1. mgr., skal háð ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. eða 3. mgr. 8. gr. eða ályktun á grundvelli 6. mgr. 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa þó engin áhrif á gildi viðskipta með verðbréf, þar með talin breytanleg verðbréf, sem fara fram á verðbréfamarkaði undir eftirliti og umsjón til þess bærra yfirvalda, sem er starfræktur reglubundið og almenningur hefur aðgang að með beinum eða óbeinum hætti, nema því aðeins að kaupandi og seljandi hafi haft eða hefðu átt að hafa vitneskju um að viðskiptin brytu í bága við 1. mgr.“

of the EEA Agreement pursuant to a decision under Article 6 (1) (b) or Article 8 (2) or on the basis of a presumption according to Article 10 (6).”;

(b) paragraph 2 shall be deleted;

(c) paragraph 3 shall be amended as follows: the words “paragraphs 1 and 2” at the beginning of the paragraph shall be replaced by the words “paragraph 1”. The word “impede” at the beginning of the paragraph shall be replaced by the word “prevent”. The words “pursuant to paragraph 4” at the end of the paragraph shall be replaced by the words “under paragraph 4”.

(d) paragraph 4 shall be replaced by the following:
“4. The EFTA Surveillance Authority may, on request, grant a derogation from the obligations imposed in paragraphs 1 or 3. The request to grant a derogation must be reasoned. In deciding on the request, the EFTA Surveillance Authority shall take into account inter alia the effects of the suspension on one or more undertakings concerned by a concentration or on a third party and the threat to competition posed by the concentration. That derogation may be made subject to conditions and obligations in order to en0sure conditions of effective competition. A derogation may be applied for and granted at any time, even before notification or after the transaction.”;

(e) paragraph 5 shall be replaced by the following:
“5. The validity of any transaction carried out in contravention of paragraph 1 shall be dependent on a decision pursuant to Article 6 (1) (b) or Article 8 (2) or (3) or on a presumption pursuant to Article 10 (6).
This Article shall, however, have no effect on the validity of transactions in securities including those convertible into other securities admitted to trading on a market which is regulated and supervised by authorities recognized by public bodies, operates regularly and is accessible directly or indirectly to the public, unless the buyer and seller knew or ought to have known that the transaction was carried out in contravention of paragraph 1.”.

C. Í 8. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli að afstöðnum tilteknum breytingum, sem hlutaðeigandi fyrirtæki hafa gert, ef nauðsyn krefur, skilyrði þau sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. þeirrar gerðar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), og í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr. þeirrar gerðar, skilyrðin, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að binda ákvörðun sína skilyrðum og skuldbindingum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki skyldur þær sem þau hafa tekist á hendur gagnvart Eftirlitsstofnun EFTA og miða að því að gera samfylkinguna samrýmanlega framkvæmd EES-samningsins. Ákvörðunin, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé samrýmanleg framkvæmd EES-samningsins, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.“;

b) komi eftirfarandi í stað 3. mgr.:

„3. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að þeirri niðurstöðu að samfylking fullnægi viðmiðununum, sem eru skilgreindar í 3. mgr. 2. gr. umræddrar gerðar, eða, í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr. umræddrar gerðar, að hún fullnægi ekki viðmiðununum, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 53. gr. EES-samningsins, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin sé ósamrýmanleg framkvæmd EES-samningsins.“

D. Í 9. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Innan þriggja vikna frá viðtöku eintaks af tilkynningunni er EFTA-ríki heimilt að tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA, sem aftur skal tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum:

a) að samfylking geti skapað eða styrkt yfirburðastöðu með þeim afleiðingum

C. In Article 8:

(a) paragraph 2 shall be replaced by the following:

“2. Where the EFTA Surveillance Authority finds that, following modification by the undertakings concerned if necessary, a notified concentration fulfils the criterion laid down in Article 2 (2) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89) and, in the cases referred to in Article 2 (4) of the said act, the criteria laid down in Article 53 (3) of the EEA Agreement, it shall issue a decision declaring the concentration compatible with the functioning of the EEA Agreement.

It may attach to its decision conditions and obligations intended to ensure that the undertakings concerned comply with the commitments they have entered into vis-à-vis the EFTA Surveillance Authority with a view to rendering the concentration compatible with the functioning of the EEA Agreement. The decision declaring the concentration compatible with the functioning of the EEA Agreement shall also cover restrictions directly related and necessary to the implementation of the concentration.”;

(b) paragraph 3 shall be replaced by the following:

“3. Where the EFTA Surveillance Authority finds that a concentration fulfils the criterion defined in Article 2 (3) of the said act or, in the cases referred to in Article 2 (4) of the said act, does not fulfil the criteria laid down in Article 53 (3) of the EEA Agreement, it shall issue a decision declaring that the concentration is incompatible with the functioning of the EEA Agreement.”

D. In Article 9:

(a) paragraph 2 shall be replaced by the following:

“2. Within three weeks of the date of receipt of the copy of the notification an EFTA State may inform the EFTA Surveillance Authority, which shall inform the undertakings concerned, that:

(a) a concentration threatens to create or to strengthen a dominant position as

að virk samkeppni yrði verulega hindruð á markaði innan EFTA-ríkisins, sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar, eða

b) að samfylking hafi áhrif á samkeppni á markaði innan EFTA-ríkisins, sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar og sem telst ekki verulegur hluti yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna.“;

b) í 3. mgr.:
- komi eftirfarandi í stað b-liðar:

„b) vísa málinu í heild eða að hluta til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi EFTA-ríki í því skyni að ákvæðum samkeppnislaga þess verði beitt.“;

- bætist eftirfarandi undirgrein við:

„Þegar svo ber undir að EFTA-ríki upplýsir Eftirlitsstofnun EFTA um að samfylking hafi áhrif á samkeppni á aðgreindum markaði á yfirráðasvæði þess, sem telst ekki verulegur hluti yfirráðasvæðis EFTA-ríkjanna, skal Eftirlitsstofnun EFTA vísa málinu í heild eða þeim hluta þess, sem varðar aðgreinda markaðinn, til hlutaðeigandi EFTA-ríkis, enda telji hún að áhrifanna gæti á hinum aðgreinda markaði.“;

c) falli 10. mgr. niður.

E. Í 10. gr.:

a) bætist eftirfarandi texti við í lok 1. mgr.:

„eða, í framhaldi af tilkynningu um samfylkingu, þegar hlutaðeigandi fyrirtæki leggja fram skuldbindingar samkvæmt 2. mgr. 6. gr., sem málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr.“;

b) komi orðin „fresti þá sem settir eru í 1. og 3. mgr.“ í upphafi 4. mgr. í stað orðanna „frest þann sem settur er í 3. mgr.“;

c) [Þessi breyting á ekki við í íslenska textanum.]

F. Í 14. gr.:
[Þessi breyting á ekki við í íslenska textanum.]

G. Í 18. gr.:

a) komi orðin „4. mgr. 7. gr.“ í 1. mgr. í stað

a result of which effective competition will be significantly impeded on a market within that EFTA State, which presents all the characteristics of a distinct market, or

(b) a concentration affects competition on a market within that EFTA State, which presents all the characteristics of a distinct market and which does not constitute a substantial part of the territory of the EFTA States.”;

(b) in paragraph 3:
- point (b) shall be replaced by the following:
“(b) it shall refer the whole or part of the case to the competent authorities of the EFTA State concerned with a view to the application of that State's national competition law.”;
- the following subparagraph shall be added:
“In cases where an EFTA State informs the EFTA Surveillance Authority that a concentration affects competition in a distinct market within its territory that does not form a substantial part of the territory of the EFTA States, the EFTA Surveillance Authority shall refer the whole or part of the case relating to the distinct market concerned, if it considers that such a distinct market is affected.”;

(c) paragraph 10 shall be deleted.

E. In Article 10:

(a) in paragraph 1, the following text shall be added at the end:
“or where, after notification of a concentration, the undertakings concerned submit commitments pursuant to Article 6 (2), which are intended by the parties to form the basis for a decision pursuant to Article 6(1) (b).”;

(b) at the beginning of paragraph 4 the phrase “The period set by paragraph 3” shall be replaced by the phrase “The periods set by paragraphs 1 and 3”;

(c) at the end of paragraph 3 the words “the proceeding” shall be replaced by the word “proceedings.”

F. In Article 14:
in paragraph 4 the word “a” before the words “criminal law” shall be deleted.

G. In Article 18:

(a) in paragraph 1 the words: “Article 7 (2)

orðanna „2. og 4. mgr. 7. gr.“. Orðið „og“ bætist við á undan orðunum „14. og 15. gr.“;

b) komi eftirfarandi í stað 2. mgr.:

„2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., er heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun um að veita undanþágu frá frestun, eins og um getur í 4. mgr. 7. gr., án þess að gefa hlutaðeigandi einstaklingum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja fyrst tækifæri til að kynna sjónarmið sín, að því tilskildu að Eftirlitsstofnun EFTA gefi þeim færi á því eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur tekið ákvörðun sína.“;

c) [Þessi breyting á ekki við í íslenska textanum.]

H. Í 19. gr. bætist eftirfarandi texti við í lok 1. mgr.:
„Meðal slíkra skjala skulu vera skuldbindingar sem málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr.“

I. Í 22. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 1. og 2. mgr.:

„1. Gerðin, sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og þessi kafli skulu ein gilda um samfylkingu eins og hún er skilgreind í 3. gr. í þessari gerð, og II., VI., IX. og XI. kafli og gerðirnar sem um getur í 10. og 11. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerðir (EBE) nr. 1017/68 og (EBE) nr. 4056/86) gilda ekki, nema í tengslum við fyrirtæki um sameiginleg verkefni sem varða ekki hagsmuni EFTA en hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að samræma samkeppnishegðun fyrirtækja sem áfram halda sjálfstæði sínu.“;

b) breytist 3. mgr. sem hér segir:
„3. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að því, að framkominni beiðni frá EFTA-ríki eða sameiginlegri beiðni tveggja EFTA-ríkja eða fleiri, að samfylking, eins og hún er

and (4)" shall be replaced by the words "Article 7 (4)." The word "and" shall be inserted before the words "Articles 14 and 15.";

(b) paragraph 2 shall be replaced by the following;
"2. By way of derogation from paragraph 1, a decision to grant a derogation from suspension as referred to in Article 7 (4) may be taken provisionally, without the persons, undertakings or associations of undertakings concerned being given the opportunity to make known their views beforehand, provided that the EFTA Surveillance Authority gives them that opportunity as soon as possible after having taken its decision.";

(c) at the beginning of paragraph 4 the words "the EFTA Surveillance Authority and the competent authorities of the EFTA States" shall be replaced by the words "the EFTA Surveillance Authority or the competent authorities of the EFTA States."

H. In Article 19, the following text shall be added at the end of paragraph 1:
"Such documents shall include commitments which are intended by the parties to form the basis for a decision pursuant to Articles 6 (1) (b) or 8 (2)."

I. In Article 22:

(a) paragraphs 1 and 2 shall be replaced by the following:
"1. The act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89) and this Chapter alone shall apply to concentrations as defined in Article 3 of the said act, and Chapters II, VI, IX and XI and the acts referred to in points 10 and 11 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulations (EEC) No 1017/68 and (EEC) No 4056/86) shall not apply, except in relation to joint ventures that do not have an EFTA dimension and which have as their object or effect the coordination of the competitive behaviour of undertakings that remain independent.";

(b) paragraph 3 shall be amended as follows:
"3. If the EFTA Surveillance Authority finds, at the request of an EFTA State or at the joint request of two or more EFTA States, that a concentration as defined in

skilgreind í 3. gr. umræddrar gerðar, sem ekki varðar hagsmuni bandalagsins í skilningi 1. gr. umræddrar gerðar, skapi eða styrki yfirburðastöðu sem leiðir til þess að virk samkeppni skerðist umtalsvert á yfirráðasvæði hlutaðeigandi EFTA-ríkis eða EFTA-ríkja, sem standa sameiginlega að beiðninni, getur hún, að svo miklu leyti sem samfylkingin hefur áhrif á viðskipti milli EFTA-ríkja, samþykkt ákvarðanirnar sem kveðið er á um í annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. og í 3. og 4. mgr. sömu greinar.“;

c) komi eftirfarandi í stað 4. mgr.:

„4. Ákvæði a- og b-liðar 1. mgr. 2. gr. og 5. gr. umræddrar gerðar og 6., 8. og 10.–20. gr. þessa kafla gilda um beiðni sem lögð er fram í samræmi við ákvæði 3. mgr. Ákvæði 7. gr. þessa kafla skulu eiga við svo fremi að samfylkingin hafi ekki komið til framkvæmda á þeim degi sem Eftirlitsstofnun EFTA upplýsir málsaðila um að beiðni hafi verið lögð fram.

Frestur, sem veittur er til að hefja málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 10. gr., skal hefjast daginn eftir að beiðnin berst frá hlutaðeigandi EFTA-ríki eða EFTA-ríkjum. Leggja verður beiðnina fram innan eins mánaðar hið lengsta frá þeim degi er EFTA-ríki, eða öll EFTA-ríkin sem stóðu að sameiginlegri beiðni, fengu vitneskju um samfylkinguna eða frá því hún varð að veruleika. Fresturinn hefst á þeim degi er hið fyrra af þessu tvennu gerist.“;

d) bætist í 5. mgr. við orðin „eða -ríkjanna“ á eftir orðunum „á yfirráðasvæði EFTA-ríkisins“;

e) falli 6. mgr. niður.

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við í 10. gr. XVI. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól:

„Breytingar samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1310/97 á gerðinni sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) og XIII. kafla taka ekki til samfylkinga sem samið eða tilkynnt er um eða þar sem yfirráðum er náð í skilningi 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 fyrir 1. mars 1998 og hún gildir ekki

Article 3 of the said act that has no EFTA dimension within the meaning of Article 1 of the said act creates or strengthens a dominant position as a result of which effective competition would be significantly impeded within the territory of the EFTA State or States making the joint request, it may, in so far as that concentration affects trade between EFTA States, adopt the decisions provided for in Article 8 (2), second subparagraph, (3) and (4).“;

(c) paragraph 4 shall be replaced by the following:

“4. Articles 2 (1) (a) and (b), and 5 of the said act and Articles 6, 8 and 10 to 20 of this Chapter shall apply to a request made pursuant to paragraph 3. Article 7 of this Chapter shall apply to the extent that the concentration has not been put into effect on the date on which the EFTA Surveillance Authority informs the parties that a request has been made.

The period within which proceedings may be initiated pursuant to Article 10(1) shall begin on the day following that of the receipt of the request from the EFTA State or States concerned. The request must be made within one month at most of the date on which the concentration was made known to the EFTA State or to all EFTA States making a joint request or effected. This period shall begin on the date of the first of those events.“;

(d) in paragraph 5 the phrase “or States” shall be inserted after the phrase “within the territory of the EFTA State.“;

(e) paragraph 6 shall be deleted.

Article 2

In Article 10 of Chapter XVI of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement the following paragraph shall be added:

“The amendments introduced by Council Regulation (EC) No 1310/97 to the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89) and Chapter XIII shall not apply to any concentration which was the subject of an agreement or announcement or where control was acquired within the meaning of

undir neinum kringumstæðum um samfylkingar sem hafa verið teknar til meðferðar fyrir 1. mars 1998 hjá yfirvaldi í EFTA-ríki sem ber ábyrgð á samkeppnismálum.“

3. gr.

1. Samningur þessi skal samþykktur af EFTA-ríkjunum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers ríkis um sig og er frumtexti samningsins í einu eintaki á ensku.

   Áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins skal gengið frá gildum textum samningsins á íslensku, norsku og þýsku.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna hinum EFTA-ríkjunum þar um.
   Staðfestingarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Noregs til vörslu sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum þar um.
3. Samningur þessi skal taka gildi daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/98 frá 27. mars 1998 um breytingu á XIV. viðauka (samkeppni) við EES-samninginn og breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, tekur gildi eða daginn sem EFTA-ríkin hafa afhent öll staðfestingarskjöl til vörslu, eftir því hvort gerist síðar.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 27. mars 1998.

Article 4 (1) of the said act, before 1 March 1998 and it shall not in any circumstances apply to any concentration in respect of which proceedings were initiated before 1 March 1998 by an EFTA State's authority with responsibility for competition."

Article 3

1. This Agreement, drawn up in a single copy and authentic in the English language, shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements.
   Before the end of a period of six months from its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.
2. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway which shall notify other EFTA States.
   The instruments of acceptance shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
3. This Agreement shall enter into force on the day Decision of the EEA Joint Committee No 27/98 of 27 March 1998 of amending Annex XIV (Competition) of the EEA Agreement and amending Protocol 21 to the EEA Agreement, on the implementation of competition rules applicable to undertakings, enters into force or on the day all instruments of acceptance have been deposited by the EFTA States, whichever day is the later.

In witness whereof the undersigned plenipotentiaries, being duly authorized thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, 27 March 1998.

Fylgiskjal 4.

SAMNINGUR
um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og honum var breytt með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er nefnist hér á eftir samningur um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/98 frá 31. júlí 1998 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki,

þar sem í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

hafa samþykkt eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæðum XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er breytt eins og tilgreint er í 1. viðauka við þennan samning.

2. gr.

Ákvæðum 9. viðbætis við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er breytt eins og tilgreint er í 2. viðauka við þennan samning.

3. gr.

1. Samningur þessi skal samþykktur af EFTA-ríkjunum í samræmi við stjórnskipuleg skilyrði hvers ríkis um sig og er frumtexti samningsins í einu eintaki á ensku.

   Áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins skal gengið frá gildum textum samningsins á íslensku, norsku og þýsku.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum þar um.

AGREEMENT
amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway,

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice as adjusted by the Protocol Adjusting the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the Surveillance and Court Agreement, and in particular Article 49 thereof,

In agreement with the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to Decision No 77/98 of 31 July 1998 of the EEA Joint Committee amending Protocol 21 to the EEA Agreement, on the implementation of competition rules applicable to undertakings,

Whereas, therefore, Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be replaced as specified in Annex 1 to this Agreement.

Article 2

Appendix 9 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be replaced as specified in Annex 2 to this Agreement.

Article 3

1. This Agreement, drawn up in a single copy and authentic in the English language, shall be approved by the EFTA States in accordance with their respective constitutional requirements.

   Before the end of a period of six months from its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.

2. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.

3. Samningur þessi skal taka gildi daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/98 frá 31. júlí 1998 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, tekur gildi.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 17. júlí 1998.

3. This Agreement shall enter into force on the day Decision No 77/98 of 31 July 1998 of the EEA Joint Committee amending Protocol 21 to the EEA Agreement, on the implementation of competition rules applicable to undertakings, enters into force.

In witness whereof undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, 17 July 1998.

1. VIÐAUKI
við samning um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi komi í stað XIV. kafla, um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf að því er varðar eftirlit með samfylkingum fyrirtækja, í bókun 4 um störf og valdsvið Eftirlitsstofnunar EFTA á sviði samkeppni:

„XIV. kafli
um tilkynningar, fresti og skýrslugjöf að því er varðar eftirlit með samfylkingum fyrirtækja.

I. þáttur.
Tilkynningar.
1. gr.
Einstaklingar sem hafa rétt til að leggja fram tilkynningar.

1. Einstaklingar eða fyrirtæki, sem um getur í 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), skulu leggja fram tilkynningar.
2. Þegar fulltrúar einstaklinga eða fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.
3. Sameiginlegum fulltrúa, sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra tilkynnenda, ber að leggja fram sameiginlegar tilkynningar.

ANNEX 1
to the Agreement amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

Chapter XIV, on the notifications, time limits and hearings in the field of control of concentrations, of Protocol 4, on the functions and powers of the EFTA Surveillance Authority in the field of competition, shall be replaced by the following:

"CHAPTER XIV
on the notifications, time limits and hearings in the field of control of concentrations

Section I
Notifications
Article 1
Persons entitled to submit notifications

1. Notifications shall be submitted by the persons or undertakings referred to in Article 4(2) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89).
2. Where notifications are signed by representatives of persons or of undertakings, such representatives shall produce written proof that they are authorised to act.
3. Joint notifications should be submitted by a joint representative who is authorised to transmit and to receive documents on behalf of all notifying parties.

2. gr.

Framlagning tilkynninga.

1. Tilkynningar skal leggja fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á eyðublaði CO sem gefið er út í þessu skyni af ríkisstjórnum EFTA-ríkjanna með samhljóða samkomulagi, samanber 9. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB. Sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.
2. Senda skal Eftirlitsstofnun EFTA eitt frumrit og sex afrit af eyðublaði CO og fylgiskjölum á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO.
3. Fylgiskjölin skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum; í síðara tilvikinu skulu tilkynnendur staðfesta að um rétt og óstytt afrit sé að ræða.
4. Tilkynningar skulu vera á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða bandalagsins. Kjósi fyrirtæki að senda Eftirlitsstofnun EFTA tilkynningu á tungumáli sem er ekki eitt opinberra tungumála ríkjanna, er heyra undir stofnunina, né vinnutungumál stofnunarinnar skulu þau samtímis láta þýðingu á opinbert tungumál eða vinnutungumál stofnunarinnar fylgja öllum skjölum. Eftirlitsstofnun EFTA skal nota tungumálið, sem þýtt er á, í samskiptum sínum við fyrirtækið. Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberu tungumálunum sem áður er getið skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.

Article 2

Submission of notifications

1. Notifications shall be submitted in the manner prescribed by form CO issued for this purpose by the Governments of the EFTA States, by common accord, as shown in Appendix 9, or by the EC Commission. Joint notifications shall be submitted on a single form.
2. One original and 6 copies of the form CO and the supporting documents shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated in form CO.
3. The supporting documents shall be either originals or copies of the originals; in the latter case the notifying parties shall confirm that they are true and complete.
4. Notifications shall be in an official language of an EFTA State or of the Community. If undertakings choose to notify the EFTA Surveillance Authority in a language which is not one of the official languages of the States falling within the competence of that Authority, or a working language of that Authority, they shall simultaneously supplement all documentation with a translation into an official language or a working language of that Authority. The language which is chosen for the translation shall determine the language in which the undertakings may be addressed by the EFTA Surveillance Authority. Supporting documents shall be submitted in their original language. Where the original language is not one of the official languages as referred to above, a translation into the language of the proceedings shall be attached.

3. gr.

Upplýsingar og skjöl sem láta skal í té.

1. Í tilkynningum skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði CO. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublaði CO, telji hún að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun málsins.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda tilkynnendum eða fulltrúum þeirra skriflega og án

Article 3

Information and documents to be provided

1. Notifications shall contain the information, including documents, requested by form CO. The information must be correct and complete.
2. The EFTA Surveillance Authority may dispense with the obligation to provide any particular information, including documents, requested by form CO where the EFTA Surveillance Authority considers that such information is not necessary for the examination of the case.
3. The EFTA Surveillance Authority shall without delay acknowledge in writing to the noti-

tafar staðfestingu á því að stofnuninni hafi borist tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr.

4. gr.

Gildistökudagur tilkynninga.

1. Litið skal svo á að tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast Eftirlitsstofnun EFTA, samanber þó 2., 3. og 4. mgr.

2. Ef upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem fylgja tilkynningu, eru ófullnægjandi í veigamiklum atriðum skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna það tilkynnendum eða fulltrúum þeirra skriflega og án tafar og setja hæfilegan frest til að bæta við upplýsingum. Í þessum tilvikum skal litið svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem fullnægjandi upplýsingar berast Eftirlitsstofnun EFTA.

3. Verði veigamiklar breytingar á upplýsingum sem koma fram í tilkynningu og sé tilkynnendum kunnugt um þær, eða megi ætla að þeim sé kunnugt um þær, ber þeim að tilkynna þær Eftirlitsstofnun EFTA án tafar. Þegar svo hagar til, og geti þessar veigamiklu breytingar haft veruleg áhrif á mat á samfylkingu, er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að líta svo á að tilkynningin öðlist gildi daginn sem upplýsingar um þessar veigamiklu breytingar berast Eftirlitsstofnun EFTA; Eftirlitsstofnun EFTA skal láta tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita af því skriflega og án tafar.

4. Farið verður með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.
5. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA gefur út yfirlýsingu um að henni hafi borist tilkynning samkvæmt 3. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), skal hún tilgreina hvaða dag tilkynningin barst. Frestist gildistaka tilkynningar frá auglýstri dagsetningu hennar, samanber 2., 3. og 4. mgr., skal Eftirlitsstofnun EFTA gefa út nýja yfirlýsingu þar sem síðari dagsetningin er tilgreind.

fying parties or their representatives receipt of the notification and of any reply to a letter sent by the Authority pursuant to Article 4(2) and (4).

Article 4

Effective date of notification

1. Subject to paragraphs 2, 3 and 4, notifications shall become effective on the date on which they are received by the EFTA Surveillance Authority.
2. Where the information, including documents, contained in the notification is incomplete in a material respect, the EFTA Surveillance Authority shall inform the notifying parties or their representatives in writing without delay and shall set an appropriate time-limit for the completion of the information. In such cases, the notification shall become effective on the date on which the complete information is received by the EFTA Surveillance Authority.
3. Material changes in the facts contained in the notification which the notifying parties know or ought to have known must be communicated to the EFTA Surveillance Authority without delay. In such cases, when these material changes could have a significant effect on the appraisal of the concentration, the notification may be considered by the EFTA Surveillance Authority as becoming effective on the date on which the information on the material changes is received by the EFTA Surveillance Authority; the EFTA Surveillance Authority shall inform the notifying parties or their representatives of this in writing and without delay.
4. Incorrect or misleading information shall be considered to be incomplete information.
5. When the EFTA Surveillance Authority publishes the fact of the notification pursuant to Article 4(3) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89), it shall specify the date upon which the notification has been received. Where, further to the application of paragraphs 2, 3 and 4, the effective date of notification is later than the date specified in this publication, the EFTA Surveillance Authority shall issue a further publication in which it will state the later date.

5. gr.

Breyting tilkynninga.

1. Komist Eftirlitsstofnun EFTA að raun um að aðgerð, sem tilkynnt hefur verið um, felur ekki í sér samfylkingu í skilningi 3. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89) skal hún láta tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita af því skriflega. Ef um slíkt er að ræða skal Eftirlitsstofnun EFTA, að beiðni tilkynnenda, ef við á og með fyrirvara um 2. mgr. þessarar greinar, fara með tilkynninguna sem umsókn í skilningi 2. gr., eða tilkynningu í skilningi 4. gr. II. kafla, sem umsókn í skilningi 12. gr. eða tilkynningu í skilningi 14. gr. VI. kafla, sem umsókn í skilningi 12. gr. IX. kafla eða umsókn í skilningi 2. mgr. 3. gr. eða 5. gr. XII. kafla.

2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, í þeim tilvikum sem um getur í öðrum málslið 1. mgr., að krefjast þess að bætt verði við upplýsingar í tilkynningu innan hæfilegs frests sem hún setur, sé þess þörf til að meta aðgerð á grundvelli kaflanna sem um getur í þeim málslið. Litið skal svo á að viðkomandi umsókn eða tilkynning fullnægi kröfum, sem fram koma í þessum köflum, frá gildistökudegi upprunalegrar tilkynningar, ef Eftirlitsstofnun EFTA berast viðbótarupplýsingarnar innan tiltekins frests.

Article 5

Conversion of notifications

1. Where the EFTA Surveillance Authority finds that the operation notified does not constitute a concentration within the meaning of Article 3 of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89), it shall inform the notifying parties or their representatives in writing. In such a case, the EFTA Surveillance Authority shall, if requested by the notifying parties, as appropriate and subject to paragraph 2 of this Article, treat the notification as an application within the meaning of Article 2 or a notification within the meaning of Article 4 of Chapter II, as an application within the meaning of Article 12 or a notification within the meaning of Article 14 of Chapter VI, as an application within the meaning of Article 12 of Chapter IX or as an application within the meaning of Article 3(2) or of Article 5 of Chapter XII.
2. In cases referred to in paragraph 1, second sentence, the EFTA Surveillance Authority may require that the information given in the notification be supplemented within an appropriate time-limit fixed by it in so far as this is necessary for assessing the operation on the basis of the Chapters referred to in that sentence. The application or notification shall be deemed to fulfil the requirements of such Chapters from the date of the original notification where the additional information is received by the EFTA Surveillance Authority within the time-limit fixed.

II. þáttur.
Frestir.

6. gr.

Upphaf frests.

1. Fresturinn, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. XIII. kafla, hefst í upphafi næsta virka dags eftir að EFTA-ríkinu barst afrit af tilkynningunni.

2. Fresturinn, sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr. XIII. kafla, hefst í upphafi næsta virka dags eftir gildistökudag tilkynningar í skilningi 4. gr. þessa kafla.

3. Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. XIII. kafla, hefst í upphafi næsta virka dags eftir að Eftirlitsstofnun EFTA vísaði málinu áfram.

Section II
Time-Limits

Article 6

Beginning of periods

1. The period referred to in Article 9(2) of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day following the date of the receipt of the copy of the notification by the EFTA State.
2. The period referred to in Article 9(4)(b) of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day following the effective date of the notification, within the meaning of Article 4 of this Chapter.
3. The period referred to in Article 9(6) of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day following the date of the EFTA Surveillance Authority's referral.

4. Frestirnir, sem um getur í 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla, hefjast við upphaf næsta virka dags eftir gildistökudag tilkynningar í skilningi 4. gr. þessa kafla.

5. Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla, hefst við upphaf næsta virka dags eftir að málsmeðferð var hafin.

6. Fresturinn, sem um getur í öðrum málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. 22. gr. XIII. kafla, hefst við upphaf næsta virka dags eftir að sá fyrsti þessara atburða átti sér stað.

7. gr.

Frestur útrunninn.

1. Fresturinn, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í þriðju viku eftir að fresturinn hófst sem er sami vikudagur og upphafsdagur frestsins.

2. Fresturinn, sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í þriðja mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

3. Fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í fjórða mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

4. Fresturinn, sem um getur í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í næsta mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

5. Fresturinn, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í sjöttu viku eftir að fresturinn hófst sem er sami vikudagur og upphafsdagur frestsins.

4. The periods referred to in Article 10(1) of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day following the effective date of the notification, within the meaning of Article 4 of this Chapter.
5. The period referred to in Article 10(3) of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day following the day on which proceedings were initiated.
6. The period referred to in Article 22(4), second subparagraph, second sentence, of Chapter XIII shall start at the beginning of the working day following the date of the first of the events referred to.

Article 7

End of periods

1. The period referred to in Article 9(2) of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the third week following that in which the period began is the same day of the week as the day from which the period runs.
2. The period referred to in Article 9(4)(b) of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the third month following that in which the period began falls on the same date as the day from which the period runs. Where such a day does not occur in that month, the period shall end with the expiry of the last day of that month.
3. The period referred to in Article 9(6) of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the fourth month following that in which the period began falls on the same date as the day from which the period runs. Where such a day does not occur in that month, the period shall end with the expiry of the last day of that month.
4. The period referred to in Article 10(1), first subparagraph, of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the month following that in which the period began falls on the same date as the day from which the period runs. Where such a day does not occur in that month, the period shall end with the expiry of the last day of that month.
5. The period referred to in Article 10(1), second subparagraph, of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the sixth week following that in which the period began is the same day of the week as the day from which the period runs.

6. Fresturinn, sem um getur í 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í fjórða mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

7. Fresturinn, sem um getur í öðrum málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. 22. gr. XIII. kafla, rennur út við lok þess dags í næsta mánuði eftir að fresturinn hófst sem er sami mánaðardagur og upphafsdagur frestsins. Ef sá mánaðardagur er ekki í þeim mánuði rennur fresturinn út við lok síðasta dags þess mánaðar.

8. Sé lokadagur frestsins ekki virkur dagur rennur fresturinn út við lok næsta virka dags.

8. gr.

Framlenging vegna frídaga.

Komi í ljós, eftir að búið er að ákvarða frest í samræmi við 7. gr., að lögboðnir frídagar eða aðrir frídagar Eftirlitsstofnunar EFTA, sem um getur í 23. gr., falla innan fresta þeirra sem um getur í 9., 10. og 22. gr. XIII. kafla skal framlengja frestina um jafnmarga virka daga.

9. gr.

Frestur rofinn.

1. Rjúfa skal frestina sem um getur í 1. og 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla verði Eftirlitsstofnun EFTA að gefa út ákvörðun samkvæmt 5. mgr. 11. gr. eða 3. mgr. 13. gr. sama kafla, vegna þess:
   a) að upplýsingar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur óskað eftir samkvæmt 1. mgr. 11. gr. XIII. kafla frá einum tilkynnanda eða öðrum hlutaðeigandi aðila samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla, eru ekki veittar, eða ekki veittar svo fullnægjandi sé, innan þess frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur;

   b) að upplýsingar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur óskað eftir samkvæmt 1. mgr. 11. gr. XIII. kafla frá þriðja aðila samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla, eru ekki veittar, eða ekki veittar svo fullnægjandi sé, innan þess frests

6. The period referred to in Article 10(3) of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the fourth month following that in which the period began falls on the same date as the day from which the period runs. Where such a day does not occur in that month, the period shall end with the expiry of the last day of that month.
7. The period referred to in Article 22(4), second subparagraph, second sentence, of Chapter XIII shall end with the expiry of the day which in the month following that in which the period began falls on the same date as the day from which the period runs. Where such a day does not occur in that month, the period shall end with the expiry of the last day of that month.
8. Where the last day of the period is not a working day, the period shall end with the expiry of the following working day.

Article 8

Recovery of holidays

Once the end of the period has been determined in accordance with Article 7, if public holidays or other holidays of the EFTA Surveillance Authority referred to in Article 23 fall within the periods referred to in Articles 9, 10 and 22 of Chapter XIII, a corresponding number of working days shall be added to those periods.

Article 9

Suspension of time limit

1. The periods referred to in Article 10(1) and (3) of Chapter XIII shall be suspended where the EFTA Surveillance Authority, pursuant to Article 11(5) and Article 13(3) of that Chapter, has to take a decision because:
   (a) information which the EFTA Surveillance Authority has requested pursuant to Article 11(1) of Chapter XIII from one of the notifying parties or another involved party, as defined in Article 11 of this Chapter, is not provided or not provided in full within the time limit fixed by the EFTA Surveillance Authority;
   (b) information which the EFTA Surveillance Authority has requested pursuant to Article 11(1) of Chapter XIII from a third party, as defined in Article 11 of this Chapter, is not provided or not provided in full within the time limit

sem Eftirlitsstofnun EFTA setur vegna aðstæðna sem einn tilkynnenda eða annar hlutaðeigandi aðili samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla ber ábyrgð á;

c) að einn tilkynnenda eða annar hlutaðeigandi aðili samkvæmt skilgreiningu í 11. gr. þessa kafla hefur neitað að gangast undir rannsókn á grundvelli 1. mgr. 13. gr. XIII. kafla sem Eftirlitsstofnun EFTA telur nauðsyn á eða að aðstoða við framkvæmd slíkrar rannsóknar í samræmi við fyrrnefnt ákvæði;

d) að tilkynnendur hafa ekki tilkynnt Eftirlitsstofnun EFTA um veigamiklar breytingar sem orðið hafa á þeim upplýsingum sem fram koma í viðkomandi tilkynningu.

2. Rjúfa skal frestina sem um getur í 1. og 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla:

a) í tilvikum sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., frá þeim tíma er frestur, sem tiltekinn er í beiðni um upplýsingar, er útrunninn þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist var með ákvörðun, berast;

b) í tilvikum sem um getur í c-lið 1. mgr., frá þeim tíma er tilraun til að gera rannsókn mistókst þar til rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið;

c) í tilvikum sem um getur í d-lið 1. mgr., frá þeim tíma er breytingar á þeim upplýsingum, sem þar er getið, eiga sér stað þar til fullnægjandi og réttar upplýsingar, sem krafist er með ákvörðun, berast eða rannsókninni, sem fyrirskipuð var með ákvörðun, er lokið.

3. Frestur er rofinn daginn eftir að atburðurinn, sem er tilefni rofsins, á sér stað. Rof á fresti stendur til loka þess dags þegar tilefni þess er ekki lengur fyrir hendi. Ef sá dagur er ekki virkur dagur skal rofi á fresti ljúka við lok næsta virka dags.

fixed by the EFTA Surveillance Authority owing to circumstances for which one of the notifying parties or another involved party, as defined in Article 11 of this Chapter, is responsible;

(c) one of the notifying parties or another involved party, as defined in Article 11 of this Chapter, has refused to submit to an investigation deemed necessary by the EFTA Surveillance Authority on the basis of Article 13(1) of Chapter XIII or to co-operate in the carrying out of such an investigation in accordance with that provision;

(d) the notifying parties have failed to inform the EFTA Surveillance Authority of material changes in the facts contained in the notification.

2. The periods referred to in Article 10(1) and (3) of Chapter XIII shall be suspended:

(a) in the cases referred to in paragraph 1(a) and (b), for the period between the end of the time limit fixed in the request for information and the receipt of the complete and correct information required by decision;

(b) in the cases referred to in paragraph 1(c), for the period between the unsuccessful attempt to carry out the investigation and the completion of the investigation ordered by decision;

(c) in the cases referred to in paragraph 1(d), for the period between the occurrence of the change in the facts referred to therein and the receipt of the complete and correct information requested by decision or the completion of the investigation ordered by decision.

3. The suspension of the time limit shall begin on the day following that on which the event causing the suspension occurred. It shall end with the expiry of the day on which the reason for suspension is removed. Where such a day is not a working day, the suspension of the time-limit shall end with the expiry of the following working day.

10. gr.

Að virða frest.

1. Litið er svo á að frestir, sem um getur í 4. og 5. mgr. 9. gr. og 1. og 3. mgr. 10. gr. XIII. kafla, hafi verið virtir ef Eftirlitsstofnun EFTA tekur viðeigandi ákvörðun áður en frestur rennur út.
2. Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í 2. mgr. 9. gr. XIII. kafla, hafi verið virtur ef EFTA-ríki sendir Eftirlitsstofnun EFTA skriflega tilkynningu áður en fresturinn rennur út.
3. Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. XIII. kafla, hafi verið virtur ef lögbæra yfirvaldið í viðkomandi EFTA-ríki birtir skýrslu eða kunngerir niðurstöður athugunar á samfylkingunni áður en fresturinn rennur út.
4. Litið er svo á að fresturinn, sem um getur í öðrum málslið annarrar undirgreinar 4. mgr. 22. gr. XIII. kafla, hafi verið virtur ef Eftirlitsstofnun EFTA berst beiðni EFTA-ríkis eða -ríkja áður en fresturinn rennur út.

Article 10

Compliance with the time-limits

1. The time limits referred to in Article 9(4) and (5), and Article 10(1) and (3) of Chapter XIII shall be met where the EFTA Surveillance Authority has taken the relevant decision before the end of the period.
2. The time limit referred to in Article 9(2) of Chapter XIII shall be met where an EFTA State informs the EFTA Surveillance Authority before the end of the period in writing.
3. The time limit referred to in Article 9(6) of Chapter XIII shall be met where the competent authority of the EFTA State concerned publishes any report or announces the findings of the examination of the concentration before the end of the period.
4. The time limit referred to in Article 22(4), second subparagraph, second sentence, of Chapter XIII shall be met where the request made by the EFTA State or the EFTA States is received by the EFTA Surveillance Authority before the end of the period.

III. þáttur.
Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila.

11. gr.

Aðilar sem eiga þess kost að gefa skýrslu.

Að því er varðar réttinn til að gefa skýrslu samkvæmt 18. gr. XIII. kafla eru eftirtaldir aðilar aðgreindir:

a) tilkynnendur, þ.e. einstaklingar eða fyrirtæki sem leggja fram tilkynningu í samræmi við 2. mgr. 4. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89);
b) aðrir hlutaðeigandi aðilar, þ.e. aðilar að áformum um samfylkingu, aðrir en tilkynnendur, svo sem seljendur og fyrirtækið sem verður til við samfylkinguna;
c) þriðju aðilar, þ.e. einstaklingar eða lögpersónur sem geta sýnt fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta, þar á meðal viðskiptavinir, birgjar og samkeppnisaðilar, og einkum þeir sem sitja í stjórn eða framkvæmdastjórn viðkomandi fyrirtækja eða viðurkenndir fulltrúar starfsmanna þessara fyrirtækja;
d) aðilar sem Eftirlitsstofnun EFTA hyggst taka ákvörðun um í samræmi við 14. eða 15. gr. XIII. kafla.

Section III
Hearing of the Parties and of Third Parties

Article 11

Parties to be heard

For the purposes of the rights to be heard pursuant to Article 18 of Chapter XIII, the following parties are distinguished:

(a) notifying parties, that is, persons or undertakings submitting a notification pursuant to Article 4(2) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89);
(b) other involved parties, that is, parties to the concentration plan other than the notifying parties, such as the seller and the undertaking which is the target of the concentration;
(c) third parties, that is, natural or legal persons showing a sufficient interest, including customers, suppliers and competitors, and especially members of the administration or management organs of the undertakings concerned or recognised workers' representatives of those undertakings;
(d) parties regarding whom the EFTA Surveillance Authority intends to take a decision pursuant to Article 14 or 15 of Chapter XIII.

12. gr.

Ákvarðanir um frestun samfylkinga.

1. Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. XIII. kafla sem hefur neikvæðar afleiðingar fyrir einn eða fleiri málsaðila skal hún, samkvæmt 1. mgr. 18. gr. sama kafla, láta tilkynnendur og aðra hlutaðeigandi aðila vita skriflega um andmæli sín og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA tekið bráðabirgðaákvörðun samkvæmt 2. mgr. 18. gr. XIII. kafla, sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar, án þess að veita tilkynnendum og öðrum hlutaðeigandi aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum skal hún senda þeim texta bráðabirgðaákvörðunarinnar án tafar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

   Þegar tilkynnendur og aðrir hlutaðeigandi aðilar hafa skýrt frá sjónarmiðum sínum skal Eftirlitsstofnun EFTA taka lokaákvörðun og ógilda, breyta eða staðfesta bráðabirgðaákvörðunina. Hafi þeir ekki skýrt frá sjónarmiðum sínum innan tiltekins frests skal bráðabirgðaákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA gilda sem lokaákvörðun þegar fresturinn er útrunninn.

3. Tilkynnendur og aðrir hlutaðeigandi aðilar skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega eða munnlega innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að staðfesta munnlegar yfirlýsingar sínar skriflega.

Article 12

Decisions on the suspension of concentrations

1. Where the EFTA Surveillance Authority intends to take a decision pursuant to Article 7(2) of Chapter XIII which adversely affects one or more of the parties, it shall, pursuant to Article 18(1) of that Chapter, inform the notifying parties and other involved parties in writing of its objections and shall fix a time limit within which they may make known their views.
2. Where the EFTA Surveillance Authority, pursuant to Article 18(2) of Chapter XIII, has taken a decision referred to in paragraph 1 of this Article provisionally without having given the notifying parties and other involved parties the opportunity to make known their views, it shall without delay send them the text of the provisional decision and shall fix a time limit within which they may make known their views.
   Once the notifying parties and other involved parties have made known their views, the EFTA Surveillance Authority shall take a final decision annulling, amending or confirming the provisional decision. Where they have not made known their views within the time limit fixed, the EFTA Surveillance Authority's provisional decision shall become final with the expiry of that period.
3. The notifying parties and other involved parties shall make known their views in writing or orally within the time limit fixed. They may confirm their oral statements in writing.

13. gr.

Ákvarðanir um efnisatriði málsins.

1. Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. eða 3., 4. eða 5. mgr. 8. gr. XIII. kafla, skal hún veita hlutaðeigandi aðilum færi á að gefa skýrslu samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. sama kafla áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal beina andmælum sínum skriflega til tilkynnenda.

   Um leið og Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli sín skal hún setja frest sem tilkynnendur geta nýtt sér til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við hana.

Article 13

Decisions on the substance of the case

1. Where the EFTA Surveillance Authority intends to take a decision pursuant to Article 8(2), second subparagraph, or Article 8(3), (4) or (5) of Chapter XIII, it shall, before consulting the Advisory Committee on Concentrations, hear the parties pursuant to Article 18(1) and (3) of that Chapter.
2. The EFTA Surveillance Authority shall address its objections in writing to the notifying parties.
   The EFTA Surveillance Authority shall, when giving notice of objections, set a time limit within which the notifying parties may inform the EFTA Surveillance Authority of their views in writing.

Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig tilkynna öðrum hlutaðeigandi aðilum skriflega um andmæli sín.
Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig setja frest sem aðrir hlutaðeigandi aðilar geta nýtt sér til að koma sjónarmiðum sínum skriflega á framfæri við hana.

3. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA hefur sent tilkynnendum andmæli sín skal hún veita þeim aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, til að gera þeim kleift að nýta sér rétt sinn til að taka til varna.
Eftirlitsstofnun EFTA skal einnig veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem hún hefur tilkynnt um andmæli sín, aðgang að málsskjölunum, að beiðni þeirra, að því marki sem þeim er þörf á við gerð athugasemda.

4. Aðilar, sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur beint andmælum sínum til eða sem hefur verið tilkynnt um slík andmæli, skulu skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum varðandi andmælin innan tiltekins frests. Þeim er heimilt að setja fram öll atriði, sem málið varða, í skriflegum athugasemdum sínum og láta fylgja með öll skjöl sem máli skipta til að færa sönnur á þær upplýsingar sem lagðar eru fram. Þeim er einnig heimilt að leggja til að Eftirlitsstofnun EFTA taki skýrslur af einstaklingum sem geta staðfest fyrrnefndar upplýsingar. Þeir skulu senda Eftirlitsstofnun EFTA eitt frumrit og sex afrit af svari sínu á póstfang það sem tilgreint er á eyðublaði CO.
5. Hyggist Eftirlitsstofnun EFTA taka ákvörðun samkvæmt 14. eða 15. gr. XIII. kafla skal hún veita málsaðilum, sem hún hyggst taka ákvörðun um, færi á að gefa skýrslu samkvæmt 1. og 3. mgr. 18. gr. sama kafla áður en hún hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samfylkingu fyrirtækja. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í fyrstu og annarri undirgrein 2. mgr., fyrstu undirgrein 3. mgr. og í 4. mgr., gildir að breyttu breytanda.

The EFTA Surveillance Authority shall inform other involved parties in writing of these objections.
The EFTA Surveillance Authority shall also set a time limit within which those other involved parties may inform the EFTA Surveillance Authority of their views in writing.

3. After having addressed its objections to the notifying parties, the EFTA Surveillance Authority shall, upon request, give them access to the file for the purpose of enabling them to exercise their rights of defence.
The EFTA Surveillance Authority shall, upon request, also give the other involved parties who have been informed of the objections access to the file in so far as this is necessary for the purposes of preparing their observations.
4. The parties to whom the EFTA Surveillance Authority's objections have been addressed or who have been informed of those objections shall, within the time limit fixed, make known in writing their views on the objections. In their written comments, they may set out all matters relevant to the case and may attach any relevant documents in proof of the facts set out. They may also propose that the EFTA Surveillance Authority hear persons who may corroborate those facts. They shall submit one original and 6 copies of their response to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated in form CO.
5. Where the EFTA Surveillance Authority intends to take a decision pursuant to Article 14 or 15 of Chapter XIII, it shall, before consulting the Advisory Committee on Concentrations, hear pursuant to Article 18(1) and (3) of that Chapter the parties regarding whom the EFTA Surveillance Authority intends to take such a decision. The procedure provided for in paragraph 2, first and second subparagraphs, paragraph 3, first subparagraph, and paragraph 4 is applicable, mutatis mutandis.

14. gr.
Munnleg skýrslugjöf.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita tilkynnendum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að leggja fram rök sín munnlega við formlega skýrslugjöf, sýni þessir aðilar fram á að þeir eigi nægi-

Article 14
Oral hearings

1. The EFTA Surveillance Authority shall afford the notifying parties who have so requested in their written comments the opportunity to put forward their arguments orally in a formal hearing if such parties

legra hagsmuna að gæta. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita öðrum hlutaðeigandi aðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum við formlega skýrslugjöf, sýni þeir fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal veita málsaðilum, sem hún hyggst beita sektum eða févíti, færi á að leggja fram rök sín munnlega við formlega skýrslugjöf, hafi þeir óskað eftir því í skriflegum athugasemdum sínum. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita slíkum aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.
4. Eftirlitsstofnun EFTA skal bjóða þeim sem gefa eiga skýrslu að mæta þann dag sem hún ákveður.
5. Eftirlitsstofnun EFTA skal bjóða lögbærum yfirvöldum í EFTA-ríkjunum að taka þátt í skýrslugjöfinni.

15. gr.
Framkvæmd formlegrar, munnlegrar skýrslugjafar.

1. Skýrslugjöf skal stjórnað af einstaklingum sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir í því skyni.
2. Þeim sem er boðið að mæta skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.
3. Þeim sem gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu er heimilt að njóta aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem viðurkenndir eru af þeim sem stjórna skýrslugjöfinni.
4. Skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hefur verið boðið að mæta. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

show a sufficient interest. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.

2. The EFTA Surveillance Authority shall afford other involved parties who have so requested in their written comments the opportunity to express their views orally in a formal hearing if they show a sufficient interest. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.
3. The EFTA Surveillance Authority shall afford parties on whom it proposes to impose a fine or periodic penalty payment who have so requested in their written comments the opportunity to put forward their arguments orally in a formal hearing. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.
4. The EFTA Surveillance Authority shall invite the persons to be heard to attend on such date as it shall appoint.
5. The EFTA Surveillance Authority shall invite the competent authorities of the EFTA States, to take part in the hearing.

Article 15
Conduct of formal oral hearings

1. Hearings shall be conducted by persons appointed by the EFTA Surveillance Authority for that purpose.
2. Persons invited to attend shall either appear in person or be represented by legal representatives or by representatives authorised by their constitution as appropriate. Undertakings and associations of undertakings may be represented by a duly authorised agent appointed from among their permanent staff.
3. Persons heard by the EFTA Surveillance Authority may be assisted by their legal adviser or other qualified persons admitted by the persons appointed to conduct the hearing.
4. Hearings shall not be public. Each person shall be heard separately or in the presence of other persons invited to attend. In the latter case, regard shall be had to the legitimate interest of the undertakings in the protection of their business secrets and other confidential information.

5. Skrá skal greinargerð allra sem gefa skýrslu.

16. gr.
Skýrslugjöf þriðju aðila.

1. Sæki þriðju aðilar skriflega um fá að gefa skýrslu samkvæmt öðrum málslið 4. mgr. 18. gr. XIII. kafla skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og setja þeim frest til að skýra frá sjónarmiðum sínum.

2. Þeir þriðju aðilar, sem um getur í 1. mgr., skulu skýra frá sjónarmiðum sínum skriflega innan tiltekins frests. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir því sem við á, að veita málsaðilum, sem þess hafa óskað í skriflegum athugasemdum sínum, færi á að taka þátt í formlegri skýrslugjöf. Henni er einnig heimilt í öðrum tilvikum að veita sömu aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er á sama hátt heimilt að veita öðrum þriðju aðilum færi á að skýra frá sjónarmiðum sínum.

17. gr.
Trúnaðarupplýsingar.

1. Ekki skal láta í té eða veita aðgang að upplýsingum, þar á meðal skjölum, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál einstaklinga eða fyrirtækja, þar með talið tilkynnenda, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila, og á þetta einnig við um aðrar trúnaðarupplýsingar sem Eftirlitsstofnun EFTA telur ekki nauðsynlegt vegna málsmeðferðar að komi fram, eða þegar um innanhússskjöl yfirvalda er að ræða.

2. Málsaðili sem skýrir frá sjónarmiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessa þáttar skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur.

IV. þáttur.
Skuldbindingar um að samrýma samfylkingu fyrirtækja kröfum hins sameiginlega markaðar.

18. gr.
Frestir fyrir skuldbindingar.

1. Skuldbindingar, sem viðkomandi fyrirtæki

5. The statements made by each person heard shall be recorded.

Article 16
Hearing of third parties

1. If third parties apply in writing to be heard pursuant to Article 18(4), second sentence, of Chapter XIII, the EFTA Surveillance Authority shall inform them in writing of the nature and subject matter of the procedure and shall fix a time limit within which they may make known their views.
2. The third parties referred to in paragraph 1 shall make known their views in writing within the time limit fixed. The EFTA Surveillance Authority may, where appropriate, afford the parties who have so requested in their written comments the opportunity to participate in a formal hearing. It may also in other cases afford such parties the opportunity of expressing their views orally.

3. The EFTA Surveillance Authority may likewise afford to any other third parties the opportunity of expressing their views.

Article 17
Confidential information

1. Information, including documents, shall not be communicated or made accessible in so far as it contains business secrets of any person or undertaking, including the notifying parties, other involved parties or of third parties, or other confidential information the disclosure of which is not considered necessary by the EFTA Surveillance Authority for the purpose of the procedure, or where internal documents of the authorities are concerned.
2. Any party which makes known its views under the provisions of this Section shall clearly identify any material which it considers to be confidential, giving reasons, and provide a separate non-confidential version within the time limit fixed by the EFTA Surveillance Authority.

Section IV
Commitments rendering the Concentration Compatible

Article 18
Time limits for commitments

1. Commitments proposed to the EFTA

hafa gert tillögu um við Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 2. mgr. 6. gr. XIII. kafla og málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt b-lið 1. mgr. 6. gr. sama kafla, skulu lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en þremur vikum eftir móttöku tilkynningarinnar.

2. Skuldbindingar, sem viðkomandi fyrirtæki hafa gert tillögu um við Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 2. mgr. 8. gr. XIII. kafla og málsaðilar hyggjast leggja til grundvallar ákvörðun samkvæmt sömu grein, skulu lagðar fyrir Eftirlitsstofnun EFTA eigi síðar en þremur mánuðum eftir að málsmeðferð var hafin. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að framlengja þennan frest í undantekningartilvikum.

3. Ákvæði 6. til 9. gr. skulu gilda, að breyttu breytanda, um 1. og 2. mgr. þessarar greinar.

19. gr.

Málsmeðferð vegna skuldbindinga.

1. Senda skal Eftirlitsstofnun EFTA eitt frumrit og sex afrit af skuldbindingum, sem viðkomandi fyrirtæki hafa gert tillögu um við Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. XIII. kafla, á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO.

2. Málsaðili, sem gerir tillögu um skuldbindingar við Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt 2. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. 8. gr. XIII. kafla, skal tilgreina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum, þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur.

V. þáttur.
Ýmis ákvæði.

20. gr.

Sending skjala.

1. Heimilt er að senda skjöl og kvaðningu frá Eftirlitsstofnun EFTA til viðtakenda á einhvern eftirfarandi máta:

   a) með boðsendingu gegn kvittun;
   b) með ábyrgðarbréfi með kvittun fyrir móttöku;
   c) með símbréfi ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku;
   d) með fjarrita;

Surveillance Authority by the undertakings concerned pursuant to Article 6(2) of Chapter XIII which are intended by the parties to form the basis for a decision pursuant to Article 6(1)(b) of that Chapter shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority within not more than three weeks from the date of receipt of the notification.

2. Commitments proposed to the EFTA Surveillance Authority by the undertakings concerned pursuant to Article 8(2) of Chapter XIII which are intended by the parties to form the basis for a decision pursuant to that Article shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority within not more than three months from the date on which proceedings were initiated. The EFTA Surveillance Authority may in exceptional circumstances extend this period.

3. Articles 6 to 9 shall apply mutatis mutandis to paragraphs 1 and 2 of this Article.

Article 19

Procedure for commitments

1. One original and 6 copies of commitments proposed to the EFTA Surveillance Authority by the undertakings concerned pursuant to Article 6(2) or Article 8(2) of Chapter XIII shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated in form CO.

2. Any party proposing commitments to the EFTA Surveillance Authority pursuant to Articles 6(2) or Article 8(2) of Chapter XIII shall clearly identify any material which it considers to be confidential, giving reasons, and provide a separate non-confidential version within the time limit fixed by the EFTA Surveillance Authority.

Section V
Miscellaneous Provisions

Article 20

Transmission of documents

1. Transmission of documents and invitations from the EFTA Surveillance Authority to the addressees may be effected in any of the following ways:

   (a) delivery by hand against receipt;
   (b) registered letter with acknowledgement of receipt;
   (c) fax with a request for acknowledgement of receipt;
   (d) telex;

e) með tölvupósti ásamt beiðni um kvittun fyrir móttöku.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessum kafla gildir 1. mgr. einnig um sendingu tilkynnenda, annarra hlutaðeigandi aðila eða þriðju aðila á skjölum til Eftirlitsstofnunar EFTA.

3. Ef skjal er sent með fjarrita, símbréfi eða tölvupósti skal gera ráð fyrir að viðtakanda hafi borist það í hendur sama dag og það var sent.

21. gr.
Frestir settir.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA setur fresti, sem kveðið er á um í 4. gr. (2. mgr.), 5. gr. (2. mgr.), 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.) þessa kafla, skal hún taka tillit til þess undirbúningstíma sem þörf er á við gerð athugasemda og til þess hversu brýnt málið er. Hún skal einnig taka tillit til virkra daga og lögboðinna frídaga í landinu sem orðsending hennar fer til.

Frestina skal binda við ákveðna almanaksdaga.

22. gr.
Viðtaka skjala hjá Eftirlitsstofnun EFTA.

1. Í samræmi við ákvæði 1. mgr. 4. gr. þessa kafla skulu tilkynningar berast Eftirlitsstofnun EFTA á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO eða hafa verið sendar með bréfi í ábyrgðarpósti á póstfangið sem tilgreint er á eyðublaði CO áður en frestur samkvæmt 1. mgr. 4. gr. gerðarinnar, sem vísað er til í 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn (reglugerð (EBE) nr. 4064/89), rennur út.

   Sé óskað eftir frekari upplýsingum til að fullgera ófullnægjandi tilkynningar samkvæmt 2. og 4. mgr. 4. gr. eða til viðbótar við tilkynningar samkvæmt 2. mgr. 5. gr. þessa kafla skulu þær berast Eftirlitsstofnun EFTA á fyrrnefnt póstfang eða hafa verið sendar með bréfi í ábyrgðarpósti áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út.
   Nauðsynlegt er að skriflegar athugasemdir við orðsendingar Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt 12. gr. (1. og 2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.) og 16. gr. (1. mgr.) þessa kafla berist Eftirlitsstofnun EFTA á fyrrnefnt póstfang áður en sá frestur, sem er tiltekinn hverju sinni, rennur út.

(e) electronic mail with a request for acknowledgement of receipt.

2. Unless otherwise provided in this Chapter, paragraph 1 also applies to the transmission of documents from the notifying parties, from other involved parties or from third parties to the EFTA Surveillance Authority.

3. Where a document is sent by telex, by fax or by electronic mail, it shall be presumed that it has been received by the addressee on the day on which it was sent.

Article 21
Setting of time limits

In fixing the time limits provided for pursuant to Article 4(2), Article 5(2), Article 12(1) and (2), Article 13(2) and Article 16(1) of this Chapter, the EFTA Surveillance Authority shall have regard to the time required for preparation of statements and to the urgency of the case. It shall also take account of working days as well as public holidays in the country of receipt of the EFTA Surveillance Authority's communication.

These time limits shall be set in terms of a precise calendar date.

Article 22
Receipt of documents by the EFTA Surveillance Authority

1. In accordance with the provisions of Article 4(1) of this Chapter, notifications must be delivered to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated in form CO or have been dispatched by registered letter to the address indicated in form CO before the expiry of the period referred to in Article 4(1) of the act referred to in point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement (Regulation (EEC) No 4064/89).
   Additional information requested to complete notifications pursuant to Article 4(2) and (4) or to supplement notifications pursuant to Article 5(2) of this Chapter must reach the EFTA Surveillance Authority at the aforesaid address or have been dispatched by registered letter before the expiry of the time limit fixed in each case.
   Written comments on EFTA Surveillance Authority communications pursuant to Article 12(1) and (2), Article 13(2) and Article 16(1) of this Chapter must have reached the EFTA Surveillance Authority at the aforesaid address before the expiry of the time limit fixed in each case.

2. Fresti, sem um getur í annarri og þriðju undirgrein 1. mgr., skal ákvarða í samræmi við 21. gr. þessa kafla.
3. Ef lokadagur frests er ekki virkur dagur eða er lögboðinn frídagur í sendingarlandinu rennur fresturinn út í lok næsta virka dags.

23. gr.

Skilgreining á virkum dögum.

Til „virkra daga“ í þessum kafla teljast allir aðrir dagar en laugardagar, sunnudagar, lögboðnir frídagar og aðrir frídagar sem Eftirlitsstofnun EFTA ákveður og birtir í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins fyrir upphaf hvers árs.“

2. Time limits referred to in subparagraphs two and three of paragraph 1 shall be determined in accordance with Article 21 of this Chapter.
3. Should the last day of a time limit fall on a day which is not a working day or which is a public holiday in the country of dispatch, the time limit shall expire on the following working day.

Article 23

Definition of working days

The expression 'working days' in this Chapter means all days other than Saturdays, Sundays, public holidays and other holidays as determined by the EFTA Surveillance Authority and published in the EEA Section of, and the EEA Supplement to, the Official Journal of the European Communities before the beginning of each year."

2. VIÐAUKI
við samninginn um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Í stað 9. viðbætis við bókun 4 komi eftirfarandi:

„9. VIÐBÆTIR
við bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

EYÐUBLAÐ SEM UM GETUR Í 1. MGR. 2. GR. XIV. KAFLA
(CO)

INNGANGUR

A. Markmiðið með þessu eyðublaði.

Á þessu eyðublaði eru tilgreindar þær upplýsingar sem fyrirtæki eða fyrirtækjum er skylt að veita þegar þau tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um samfylkingu fyrirtækja sem varðar hagsmuni EFTA[1]. Skilgreiningu á „samfylkingu fyrirtækja“ er að finna í 3. gr. og orðalaginu „sem varðar hagsmuni EFTA“ í 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 eins og getið er um og aðlagað vegna Evrópska efnahagssvæðisins í 1. lið XIV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið[2].

ANNEX 2
to the Agreement amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

Appendix 9 to Protocol 4 shall be replaced by the following:

"APPENDIX 9
to Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

FORM REFERRED TO IN ARTICLE 2(1) OF CHAPTER XIV
(CO)

INTRODUCTION

A. The purpose of this form

This form specifies the information that must be provided by an undertaking or undertakings when notifying the EFTA Surveillance Authority of a concentration with an EFTA dimension[1]. A 'concentration' is defined in Article 3 and 'EFTA dimension' by Article 1 of Regulation (EEC) No 4064/89 as referred to and adapted for EEA purposes in point 1 of Annex XIV to the Agreement on the European Economic Area[2].

Athygli yðar er sérstaklega vakin á:
- 57. gr. EES-samningsins;
- reglugerð (EBE) nr. 4064/89 (1. – 5. gr. hafa verið felldar inn í EES-samninginn með 1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn og 6. – 25. gr. þessarar reglugerðar hafa verið felldar inn í EES-samninginn með 1. lið 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn og með XIII. kafla bókunar 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls[3, 4];
- reglugerð (EB) nr. 447/98 (sem hefur verið felld inn í EES-samninginn með 2. lið 1. mgr. 3. gr. bókunar 21 við EES-samninginn og XIV. kafla við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól);[5]
- bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól;
- bókunum 21, 22 og 24 við EES-samninginn; og
- 1. gr. bókunar um breytingu á EES-samningnum og samþykktri fundargerð með henni.

Reynslan í bandalaginu hefur sýnt að það er nytsamlegt bæði fyrir tilkynnendur og framkvæmdastjórn EB að halda fundi áður en tilkynning er lögð fram til að ákvarða nákvæmlega hvaða upplýsingar verða að koma fram í tilkynningunni, enda er árangur fundanna í flestum tilvikum sá að verulega dregur úr því magni upplýsinga sem krafist er. Tilkynnendur eru því hvattir til að hafa samráð við Eftirlitsstofnun EFTA um hugsanlega undanþágu frá því að veita tilteknar upplýsingar (sjá nánar um þetta í g-lið B-hluta).

B. Nauðsyn þess að tilkynning sé rétt og fullnægjandi.

Allar upplýsingar, sem krafist er á þessu eyðublaði, skulu vera réttar og fullnægjandi. Upplýsingarnar ber að láta í té í réttum hluta þessa eyðublaðs.

Viðauka við þetta eyðublað skal aðeins nota til að bæta við upplýsingarnar sem veittar eru á eyðublaðinu sjálfu.

Einkum er vakin athygli á eftirfarandi:

a) Í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (1. mgr. 10. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) og 2. og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (2. og 4. mgr. 4. gr. XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) hefjast frestir sam-

Your attention is particularly drawn to:
- Article 57 of the EEA Agreement;
- Regulation (EEC) No 4064/89 (Articles 1 to 5 being incorporated into the EEA by point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement and Articles 6 to 25 of this Regulation being incorporated into the EEA by point 1 of Article 3(1) of Protocol 21 to the EEA Agreement and by Chapter XIII of Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice[3, 4];
- Regulation (EC) No 447/98 (being incorporated into the EEA by point 2 of Article 3(1) of Protocol 21 to the EEA Agreement and Chapter XIV to the Surveillance and Court Agreement);[5]
- Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement;
- Protocols 21, 22 and 24 to the EEA Agreement; and
- Article 1 of, and the Agreed Minutes, to the Protocol adjusting the EEA Agreement.

Experience in the Community has shown that prenotification meetings are extremely valuable to both the notifying parties and the Commission in determining the precise amount of information required in a notification and, in the large majority of cases, will result in a significant reduction of the information required. Accordingly, notifying parties are encouraged to consult the EFTA Surveillance Authority regarding the possibility of dispensing with the obligation to provide certain information (see Section B(g) on the possibility of dispensation).

B. The need for a correct and complete notification

All information required by this form must be correct and complete. The information required must be supplied in the appropriate section of this form.

Annexes to this form shall only be used to supplement the information supplied in the form itself.

In particular you should note that:

(a) In accordance with Article 10(1) of Regulation (EEC) No 4064/89 (Article 10(1) of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement) and Article 4(2) and (4) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 4(2) and (4) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court

kvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89 (XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól), sem tengjast tilkynningum, ekki fyrr en Eftirlitsstofnun EFTA hafa borist allar upplýsingar sem fylgja skulu tilkynningunni. Tilgangurinn með þessari kröfu er að tryggja að Eftirlitsstofnun EFTA geti metið tilkynnta samfylkingu fyrirtækja innan þeirra ströngu tímamarka sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 4064/89 (XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

b) Þegar tilkynnendur undirbúa tilkynningu sína skulu þeir aðgæta vandlega hvort nöfn og númer tengiliða, einkum bréfasímanúmer, sem send eru Eftirlitsstofnun EFTA, séu nákvæm, viðeigandi og uppfærð.

c) Farið verður með rangar eða villandi upplýsingar í tilkynningu sem ófullnægjandi upplýsingar (4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (4. mgr. 4. gr. XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól)).

d) Ef tilkynning er ófullnægjandi lætur Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar. Tilkynningin öðlast ekki gildi fyrr en daginn sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur veitt fullnægjandi og nákvæmum upplýsingum viðtöku (1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (1. mgr. 10. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól), 2. og 4. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (2. og 4. mgr. 4. gr. XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól)).

e) Í b-lið 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (b-liður 1. mgr. 14. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) er kveðið á um að ef veittar eru rangar eða villandi upplýsingar, af ásetningi eða gáleysi, er heimilt að sekta tilkynnanda eða tilkynnendur um allt að 50 000 ekur. Auk þess er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt, samkvæmt a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (a-lið 3. mgr. 6. gr. og a-lið 5. mgr. 8. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól), að afturkalla ákvörðun sína um að tilkynnt samfylking samrýmist kröfum hins sameiginlega markaðar ef ákvörðunin

Agreement), the time limits of Regulation (EEC) No 4064/89 (Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement) linked to the notification will not begin to run until all the information that has to be supplied with the notification has been received by the EFTA Surveillance Authority. This requirement is to ensure that the EFTA Surveillance Authority is able to assess the notified concentration within the strict time-limits provided by Regulation (EEC) No 4064/89 (Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement).

(b) The notifying parties should check carefully, in the course of preparing their notification, that contact names and numbers, and inparticular fax numbers, provided to the EFTA Surveillance Authority are accurate, relevant and up-to-date.

(c) Incorrect or misleading information in the notification will be considered to be incomplete information (Article 4(4) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 4(4) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement)).

(d) If a notification is incomplete, the EFTA Surveillance Authority will inform the notifying parties or their representatives of this in writing and without delay. The notification will only become effective on the date on which the complete and accurate information is received by the EFTA Surveillance Authority (Article 10(1) of Regulation (EEC) No 4064/89 (Article 10(1) of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement), Article 4(2) and (4) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 4(2) and (4) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement)).

(e) Article 14(1)(b) of Regulation (EEC) No 4064/89 (Article 14(1)(b) of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement) provides that incorrect or misleading information, where supplied intentionally or negligently, can make the notifying party or parties liable to fines of up to ECU 50 000. In addition, pursuant to Article 6(3)(a) and Article 8(5)(a) of Regulation (EEC) No 4064/89 (Article 6(3)(a) and Article 8(5)(a) of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement) the EFTA Surveillance Authority may also revoke its decision on the compatibility of a notified concentration where it is based on

byggist á röngum upplýsingum sem einhver tilkynnenda ber ábyrgð á.

f) Yður er heimilt að fara þess á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún líti svo á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, vanti ef þessar upplýsingar eru yður ekki tiltækar með góðu móti, hvort heldur er í heild eða að hluta (til dæmis vegna þess að við tilraun til yfirtöku á fyrirtæki standi viðkomandi fyrirtæki í vegi fyrir yfirtökunni og getur þá reynst erfitt að útvega umbeðnar upplýsingar um fyrirtækið). Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að þér tilgreinið ástæður þess að upplýsingarnar voru ekki tiltækar og reynið eftir bestu getu að meta gögnin sem vantar og getið þess á hverju þér byggið þetta mat. Ef unnt er skal einnig geta þess hvar Eftirlitsstofnun EFTA gæti aflað þeirra upplýsinga sem yður voru ekki tiltækar.

g) Yður er heimilt að fara þess á leit við Eftirlitsstofnun EFTA að hún líti svo á að tilkynningin sé fullnægjandi þótt upplýsingar, sem krafist er á eyðublaðinu, í fullri eða styttri gerð, vanti ef þér teljið að þessar upplýsingar kunni að vera óþarfar fyrir rannsókn málsins af hálfu Eftirlitsstofnunar EFTA.

Eftirlitsstofnun EFTA mun fjalla um slíka beiðni, að því tilskildu að þér færið rök fyrir því að upplýsingarnar skipti ekki máli og séu óþarfar fyrir rannsókn hennar á hinni tilkynntu aðgerð. Yður er heimilt að skýra frá þessu í samskiptum yðar við Eftirlitsstofnun EFTA áður en að tilkynningu kemur og/eða í tilkynningunni og óska eftir því við Eftirlitsstofnun EFTA að hún veiti undanþágu frá því að veita þessar upplýsingar, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (2. mgr. 3. gr. XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól).

C. Tilkynning af styttri gerð.

a) Ef um er að ræða sameiginlegt fyrirtæki sem rekur enga starfsemi eða aðeins lágmarksstarfsemi innan Evrópska efnahagssvæðisins, og ekki er séð fram á teljandi starfsemi á þess vegum, hefur Eftirlitsstofnun EFTA í hyggju að heimila tilkynningu af styttri gerð. Það getur átt við þegar tvö eða fleiri fyrirtæki ná sameiginlegum yfirráðum yfir fyrirtæki og:

incorrect information for which one of the undertakings is responsible.

(f) You may request that the EFTA Surveillance Authority accept that the notification is complete notwithstanding the failure to provide information required by this form, if such information is not reasonably available to you in part or in whole (for example, because of the unavailability of information on a target company during a contested bid).

The EFTA Surveillance Authority will consider such a request, provided that you give reasons for the unavailability of that information, and provide your best estimates for missing data together with the sources for the estimates. Where possible, indications as to where any of the requested information that is unavailable to you could be obtained by the EFTA Surveillance Authority should also be provided.

(g) You may request that the EFTA Surveillance Authority accept that the notification is complete notwithstanding the failure to provide information required by this form, if you consider that any particular information requested by this form, in the full or short form version, may not be necessary for the EFTA Surveillance Authority's examination of the case.

The EFTA Surveillance Authority will consider such a request, provided that you give reasons why that information is not relevant and necessary to its inquiry into the notified operation. You may explain this during your pre-notification contacts with the EFTA Surveillance Authority and/or in your notification and ask the EFTA Surveillance Authority to dispense with the obligation to provide that information, pursuant to Article 3(2) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 3(2) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement).

C. Notification in short form

(a) In cases where a joint venture has no, or de minimis, actual or foreseen activities within the EEA territory, the EFTA Surveillance Authority intends to allow notification of the operation by means of short form. Such cases occur where joint control is acquired by two or more undertakings, and where:

i) þegar velta[6] sameiginlega fyrirtækisins og/eða yfirfærðrar starfsemi[7] er minni en 100 milljónir ekna á Evrópska efnahagssvæðinu; og

ii) samanlagt verðgildi eigna[8], sem eru færðar til sameiginlega fyrirtækisins, er lægra en 100 milljónir ekna innan Evrópska efnahagssvæðisins[9].

b) Ef þér teljið að þessi skilyrði hafi verið uppfyllt getið þér skýrt frá því í tilkynningunni og óskað eftir að Eftirlitsstofnun EFTA veiti undanþágu frá kröfum um tilkynningu í fullri lengd, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (2. mgr. 3. gr. XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól) og leyfi tilkynningu af styttri gerð.

c) Tilkynning af styttri gerð gerir tilkynnendum kleift að takmarka upplýsingarnar við eftirfarandi:

- 1. þátt,
- 2. þátt, nema spurningar í a-, b- og d-lið liðar 2.1 og í liðum 2.3.4 og 2.3.5,
- 3. þátt, aðeins spurningar í lið 3.1 og a-lið liðar 3.2,
- 5. þátt, aðeins spurningar í liðum 5.1 og 5.3,
- 6. þátt,
- 10. þátt,
- 11. þátt (valkvætt fyrir aðila), og
- 12. þátt,
- fimm helstu sjálfstæðu viðskiptavinina, fimm helstu sjálfstæðu birgjana og fimm helstu keppinautana á þeim mörkuðum þar sem sameiginlega fyrirtækið verður með starfsemi. Gefa skal upp nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og viðkomandi tengilið þessara viðskiptavina, birgja og keppinauta.

d) Auk þess skal, að því er varðar markaði þar sem áhrifa sameiginlega fyrirtækisins gætir, eins og skilgreint er í 6. þætti hér á eftir, tilgreina fyrir Evrópska efnahagssvæðið, yfirráðasvæði EFTA-ríkja, bandalagið í heild, hvert aðildarríki EB og EFTA-ríki og fyrir viðkomandi svæðisbundinn markað, ef tilkynnendur telja að hann sé ekki sá sami, umfang sölunnar (magn og verðmæti) og markaðshlutdeild árið áður en samfylkingin var stofnuð.

(i) the turnover [6] of the joint venture and/or the turnover of the contributed activities[7], is less than ECU 100 million in the EEA territory; and

(ii) the total value of assets [8] transferred to the joint venture is less than ECU 100 million in the EEA territory [9].

(b) If you consider that the operation to be notified meets these qualifications, you may explain this in your notification and ask the EFTA Surveillance Authority to dispense with the obligation to provide the full-form notification, pursuant to Article 3(2) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 3(2) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement), and to allow you to notify by means of short form.

(c) Short-form notification allows the notifying parties to limit the information provided in the notification to the following sections and questions:

- Section 1,
- Section 2, except questions 2.1 (a, b and d), 2.3.4, and 2.3.5,
- Section 3, only questions 3.1 and 3.2 (a),
- Section 5, only questions 5.1 and 5.3,
- Section 6,
- Section 10,
- Section 11 (optional for the convenience of the parties), and
- Section 12,
- the five largest independent customers, the five largest independent suppliers, and the five largest competitors in the markets in which the joint venture will be active. Provide the name, address, telephone number, fax number and appropriate contact person of each such customer, supplier and competitor.

(d) In addition, with respect to the affected markets of the joint venture as defined in Section 6, indicate for the EEA territory, for the territory of the EFTA States, for the Community as a whole, for EC Member State and EFTA State, and where different, in the opinion of the notifying parties, for the relevant geographic market, the sales in value and volume, as well as the market shares, for the year preceding the operation.

e) Eftirlitsstofnun EFTA getur krafist tilkynningar í fullri lengd eða, þar sem við á, hlutatilkynningar samkvæmt CO-eyðublaðinu:
   - ef tilkynnt aðgerð uppfyllir ekki kröfur um tilkynningar af styttri gerð, eða
   - ef hún telur það nauðsynlegt vegna rannsóknar á hugsanlegum samkeppniserfiðleikum.

   Í þessum tilvikum má líta svo á að tilkynningin sé að verulegu leyti ófullnægjandi samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (2. mgr. 4. gr. XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Eftirlitsstofnun EFTA lætur tilkynnendur eða fulltrúa þeirra vita um það skriflega og án tafar og setur hæfilegan frest til að leggja fram tilkynningu í fullri lengd eða, þar sem við á, hlutatilkynningu. Tilkynningin öðlast fyrst gildi daginn sem allar umbeðnar upplýsingar hafa borist Eftirlitsstofnun EFTA.

D. Hver á að leggja fram tilkynningu?

Sé um samfylkingu að ræða í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 4064/89 (1. liður XIV. viðauka við EES-samninginn) eða öflun sameiginlegra yfirráða í fyrirtæki í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 4064/89 (1. liður XIV. viðauka við EES-samninginn) skulu samfylkingaraðilar eða þeir sem ná sameiginlegum yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningunni.

Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökunni ganga frá tilkynningunni.

Sé um yfirtökuboð í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningunni.

Allir sem leggja fram tilkynningu bera ábyrgð á því að upplýsingar í henni séu réttar.

E. Hvernig ber að standa að tilkynningu?

Tilkynningu ber að leggja fram á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða vinnutungumáli Eftirlitsstofnunar EFTA, sem er enska. Þetta tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir alla tilkynnendur. Ef tilkynning er samin í samræmi við 12. gr. bókunar 24 við EES-samninginn á opinberu tungumáli Evrópubandalagsins, sem er ekki opinbert tungumál EFTA-ríkis eða vinnutungumál Eftirlitsstofnunar EFTA, skal tilkynningunni og öllum fylgiskjölum fylgja

(e) The EFTA Surveillance Authority may require full, or where appropriate partial, notification under the form CO where:
   - the notified operation does not meet the short-form thresholds, or
   - this appears to be necessary for an adequate investigation with respect to possible competition problems.

   In such cases, the notification may be considered incomplete in a material respect pursuant to Article 4(2) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 4(2) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement). The EFTA Surveillance Authority will inform the notifying parties or their representatives of this in writing and without delay and will fix a deadline for the submission of a full or, where appropriate, partial notification. The notification will only become effective on the date on which all information required is received.

D. Who must notify

In the case of a merger within the meaning of Article 3(1)(a) of Regulation (EEC) No 4064/89 (point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement) or the acquisition of joint control in an undertaking within the meaning of Article 3(1)(b) of Regulation (EEC) No 4064/89 (point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement), the notification shall be completed jointly by the parties to the merger or by those acquiring joint control as the case may be.

In case of the acquisition of a controlling interest in one undertaking by another, the acquirer must complete the notification.

In the case of a public bid to acquire an undertaking, the bidder must complete the notification.

Each party completing the notification is responsible for the accuracy of the information which it provides.

E. How to notify

The notification must be completed in an official language of an EFTA State or in the working language of the EFTA Surveillance Authority, which is English. This language shall thereafter be the language of the proceedings for all notifying parties. Where notifications are made in accordance with Article 12 of Protocol 24 to the EEA Agreement in an official language of the European Community which is not one of the official languages of the EFTA States or the

þýðing á opinberu tungumáli EFTA-ríkis eða vinnutungumáli Eftirlitsstofnunar EFTA.

Þegar veittar eru upplýsingar sem krafist er á þessu eyðublaði skal styðjast við uppröðun þátta og númeraröð málsgreina á eyðublaðinu, enn fremur skal fylgja undirrituð yfirlýsing eins og kveðið er á um í 12. þætti og fylgiskjöl.

Fylgiskjöl skulu vera á frummálinu; sé það ekki opinbert tungumál eða vinnutungumál, eins og um getur hér að framan, ber að þýða þau á tungumálið sem er notað við meðferð málsins (sbr. 4. mgr. 2. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (2. mgr. 4. kafla XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól)).

Heimilt er að leggja fram frumrit eða afrit fylgiskjala. Í síðara tilvikinu ber tilkynnanda að staðfesta að þau séu rétt og óstytt.

Senda skal eitt frumrit og sex afrit af eyðublaði CO og öllum fylgiskjölum.

Tilkynningin skal berast Eftirlitsstofnun EFTA á virkum degi samkvæmt skilgreiningu í 23. gr. reglugerðar (EB) nr. 447/98 (23. gr. XIV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól). Ef unnt á að vera að skrá tilkynningu samdægurs verður hún að berast fyrir kl. 17:00 mánudaga til fimmtudaga eða fyrir kl. 16:00 föstudaga á eftirfarandi póstfang:

EFTA Surveillance Authority,
Competition and State Aid Directorate,
74, rue de Trèves,
B-1040 Brussels.

F. Trúnaður.

Í 122. gr. EES-samningsins, 9. gr. bókunar 24 við EES-samninginn, 2. mgr. 17. gr. XIII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól, svo og í 214. gr. EB-sáttmálans og 2. mgr. 17. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 er Eftirlitsstofnun EFTA, EFTA-ríkjunum, framkvæmdastjórn EB og aðildarríkjum EB, embættismönnum þeirra og öðrum opinberum starfsmönnum óheimilt að láta öðrum í té vitneskju sem þeir hafa öðlast við beitingu reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 eða ákvæða hennar, sem voru felld inn í EES-samninginn, og er þess eðlis að hún fellur undir þagnarskyldu embættismanna.

working language of the EFTA Surveillance Authority, the notification and all the supporting documents shall simultaneously be supplemented with a translation into an official language of the EFTA States or the working language of the EFTA Surveillance Authority.

The information requested by this form is to be set out using the sections and paragraph numbers of the form, signing a declaration as provided in Section 12, and annexing supporting documentation.

Supporting documents are to be submitted in their original language; where this is not an official language or a working language as referred to above they must be translated into the language of the proceeding (Article 2(4) of Regulation (EC) No 447/98 (Article 2(4) of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement)).

Supporting documents may be originals or copies of the originals. In the latter case, the notifying party must confirm that they are true and complete.

One original and 6 copies of the form CO and all supporting documents must be provided.

The notification must be delivered to the EFTA Surveillance Authority on working days as defined by Article 23 of Regulation (EC) No 447/98 (Article 23 of Chapter XIV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement)). In order to enable it to be registered on the same day, it must be delivered before 17.00 on Mondays to Thursdays and before 16.00 on Fridays, at the following address:

EFTA Surveillance Authority
Competition and State Aid Directorate
74, Rue de Trèves
B-1040 Brussels

F. Confidentiality

It follows from Article 122 of the EEA Agreement, Article 9 of Protocol 24 to the EEA Agreement, Article 17(2) of Chapter XIII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement as well as Article 214 of the EC Treaty and Article 17(2) of Regulation (EEC) No 4064/89 that the EFTA Surveillance Authority, the EFTA States, the European Commission and the EC Member States, their officials and other servants are not to disclose information they have acquired through the application of Regulation (EEC) No 4064/89 or its provisions as incorporated into the EEA of the kind covered

Sama grundvallarregla skal eiga við um trúnað milli tilkynnenda.

Ef þér hafið ástæðu til að ætla að það skaði hagsmuni yðar að umbeðnar upplýsingar verði birtar eða látnar öðrum málsaðilum í té með öðrum hætti, skuluð þér senda þessar upplýsingar sérstaklega og merkja hverja blaðsíðu greinilega „Viðskiptaleyndarmál". Einnig ber yður að tilgreina ástæður þess að upplýsingarnar skuli ekki látnar öðrum í té eða birtar.

Sé um samruna eða sameiginlega yfirtöku að ræða eða gangi fleiri en einn málsaðili frá tilkynningunni er heimilt að senda viðskiptaleyndarmál sérstaklega í lokuðu umslagi og geta þeirra í tilkynningunni sem viðauka. Tilkynningin telst ekki fullnægjandi fyrr en allir slíkir viðaukar hafa borist.

G. Skilgreiningar og leiðbeiningar við útfyllingu þessa eyðublaðs.

Tilkynnandi eða tilkynnendur: Ef aðeins eitt þeirra fyrirtækja, sem taka þátt í aðgerðinni, leggur fram tilkynningu er hugtakið tilkynnandi (tilkynnendur) einungis notað um það fyrirtæki sem í raun leggur tilkynninguna fram.

Samfylkingaraðili (eða -aðilar): Hér er bæði átt við aðila sem yfirtaka fyrirtæki og aðila sem eru yfirteknir eða þá aðila sem eiga hlut að samruna fyrirtækja, þar með talin öll fyrirtæki sem sóst er eftir ráðandi eignarhlut í eða yfirtökuboð berast í.

Hugtökin „tilkynnandi (tilkynnendur)" og „samfylkingaraðili (-aðilar)" taka til allra fyrirtækja sem tilheyra sömu fyrirtækjahópum og þessir tilkynnendur/aðilar, nema annað sé tekið fram.

Markaður þar sem áhrifa gætir: Í 6. þætti eyðublaðsins er óskað eftir að tilkynnandi skilgreini viðkomandi vörumarkaði og tilgreini enn fremur hverjir þessara viðkomandi markaða eru líklegir til að verða fyrir áhrifum frá tilkynntum aðgerðum. Þessi skilgreining á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er grundvöllur margra spurninga á eyðublaðinu sem þarf að svara. Þegar talað er um „markaði þar sem áhrifa gætir" á eyðublaðinu er þar átt við markaði sem tilkynnendur skilgreina. Þetta hugtak getur átt við viðkomandi markaði fyrir vörur eða þjónustu.

Ár: allar tilvísanir til orðsins „ár" á eyðublaðinu merkja almanaksár, nema annað sé tekið fram. Allar upplýsingar, sem krafist er á eyðu-

by the obligation of professional secrecy. The same principle must also apply to protect confidentiality between notifying parties.

If you believe that your interests would be harmed if any of the information you are asked to supply were to be published or otherwise divulged to other parties, submit this information separately with each page clearly marked 'Business Secrets'. You should also give reasons why this information should not be divulged or published.

In the case of mergers or joint acquisitions, or in other cases where the notification is completed by more than one of the parties, business secrets may be submitted under separate cover, and referred to in the notification as an annex. All such annexes must be included in the submission in order for a notification to be considered complete.

G. Definitions and instructions for purposes of this form

Notifying party or parties: in cases where a notification is submitted by only one of the undertakings party to an operation, 'notifying parties' is used to refer only to the undertaking actually submitting the notification.

Party (parties) to the concentration: these terms relate to both the acquiring and acquired parties, or to the merging parties, including all undertakings in which a controlling interest is being acquired or which is the subject of a public bid.

Except where otherwise specified, the terms 'notifying party (parties)' and 'party (parties) to the concentration' include all the undertakings which belong to the same groups as those 'parties'.

Affected markets: Section 6 of this form requires the notifying parties to define the relevant product markets, and further to identify which of those relevant markets are likely to be affected by the notified operation. This definition of affected market is used as the basis for requiring information for a number of other questions contained in this form. The definitions thus submitted by the notifying parties are referred to in this form as the affected market(s). This term can refer to a relevant market made up either of products or of services.

Year: all references to the word 'year' in this form should be read as meaning calendar year, unless otherwise stated. All information request-

blaðinu, skulu eiga við árið á undan tilkynningarárinu, nema annað sé tekið fram.

Fjárhæðirnar, sem óskað er upplýsinga um í liðum 2.3 – 2.5, skulu gefnar upp í ekum, umreiknuðum á meðalgengi viðkomandi ára eða tímabila.

Allar tilvísanir á þessu eyðublaði vísa til viðeigandi greina og málsgreina reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89, sem felldar voru inn í EES-samninginn[10], nema annað sé tekið fram.

1. ÞÁTTUR

Grunnupplýsingar.

1.1. *Upplýsingar um tilkynnanda (eða tilkynnendur).*
Taka skal fram:
1.1.1. heiti og póstfang fyrirtækis;
1.1.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er;
1.1.3. tengilið (nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og/eða fjarritanúmer ásamt stöðu).

1.2. *Upplýsingar um aðra samfylkingaraðila[11].*
Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig (nema tilkynnanda eða tilkynnendur) skal taka eftirfarandi fram:
1.2.1. heiti og póstfang fyrirtækis;
1.2.2. hvers eðlis starfsemi fyrirtækisins er;
1.2.3. tengilið (nafn, póstfang, símanúmer, bréfasímanúmer og/eða fjarritanúmer, ásamt stöðu).

1.3. *Þjónustupóstfang.*
Gefið upp póstfang (í Brussel, ef um það er að ræða) sem unnt er að beina öllum tilkynningum og skjölum til.

1.4. *Tilnefning fulltrúa.*
Ef fulltrúar fyrirtækja undirrita tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.
Ef um er að ræða sameiginlega tilkynningu, hefur sameiginlegur fulltrúi verið tilnefndur?
Ef svarið er já skal veita þær upplýsingar sem krafist er í liðum 1.4.1 til 1.4.4.
Ef svarið er nei skal veita upplýsingar um þá fulltrúa sem hafa umboð til að koma fram fyrir hönd hvers samfylkingaraðila og tiltaka umbjóðendur þeirra:

ed in this form must, unless otherwise specified, relate to the year preceding that of the notification.

The financial data requested in Sections 2.3 to 2.5 must be provided in ecus at the average conversion rates prevailing for the years or other periods in question.

All references contained in this form are to the relevant Articles and paragraphs of Council Regulation (EEC) No 4064/89 as incorporated into the EEA[10], unless otherwise stated.

SECTION 1

Background information

1.1. *Information on notifying party (or parties)*
Give details of:
1.1.1. name and address of undertaking;
1.1.2. nature of the undertaking's business;
1.1.3. name, address, telephone number, fax number and/or telex of, and position held by, the appropriate contact person.

1.2. *Information on other parties[11] to the concentration*
For each party to the concentration (except the notifying party or parties) give details of:
1.2.1. name and address of undertaking;
1.2.2. nature of undertaking's business;
1.2.3. name, address, telephone number, fax number and/or telex of, and position held by the appropriate contact person.

1.3 *Address for service*
Give an address (in Brussels if available) to which all communications may be made and documents delivered.

1.4. *Appointment of representatives*
Where notifications are signed by representatives of undertakings, such representatives must produce written proof that they are authorised to act.
If a joint notification is being submitted, has a joint representative been appointed?
If yes, please give the details requested in Sections 1.4.1 to 1.4.4.
If no, please give details of information of any representatives who have been authorised to act for each of the parties to the concentration, indicating whom they represent:

1.4.1. nafn fulltrúans;
1.4.2. póstfang fulltrúans;
1.4.3. nafn tengiliðar (og póstfang, ef það er annað en í lið 1.4.2);
1.4.4. símanúmer, bréfasímanúmer og/eða fjarritanúmer.

2. ÞÁTTUR

Upplýsingar um samfylkinguna.

2.1. *Lýsið í stuttu máli eðli samfylkingarinnar sem tilkynnt er um. Takið í þessu sambandi fram:*

a) hvort áformuð samfylking er alger samruni að lögum, yfirtaka eða sameiginleg yfirtaka fyrirtækis, sameiginlegt fyrirtæki í fullum rekstri í skilningi 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (1. liður XIV. viðauka við EES-samninginn) eða samningur eða felur með öðrum hætti í sér bein eða óbein yfirráð í skilningi 3. mgr. 3. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (1. liður XIV. viðauka við EES-samninginn);

b) hvort aðilar ganga til samfylkingarinnar skiptir eða óskiptir;

c) í stuttu máli, hvernig efnahags- og fjárhagslegri uppbyggingu samfylkingarinnar er háttað;

d) hvort opinbert tilboð eins aðila í verðbréf annars aðila nýtur stuðnings stjórnar og framkvæmdastjórnar þess síðarnefnda eða annarra stofnana sem koma fram fyrir hönd hans;

e) fyrirhugaða væntanlega dagsetningu mikilvægra áfanga sem eiga að leiða til endanlegrar samfylkingar;

f) hvers konar eignarhaldi og yfirráðum megi búast við eftir samfylkingu;

g) hvort einhver aðilanna hefur fengið fjárhagsaðstoð eða aðra aðstoð, hvaðan hún kemur (þar á meðal frá opinberum yfirvöldum) og eðli og umfang aðstoðarinnar.

2.2. *Tilgreina skal til hvaða atvinnuvega samfylkingin nær.*

2.3. *Fyrir hvert hlutaðeigandi fyrirtæki[12] um sig ber að veita upplýsingar um eftirfarandi[13] fyrir síðasta reikningsár:*
2.3.1. veltu á heimsmarkaði;
2.3.2. veltu innan bandalagsins;
2.3.3. veltu innan EFTA;

1.4.1. name of representative;
1.4.2. address of representative;
1.4.3. name of person to be contacted (and address, if different from 1.4.2);
1.4.4. telephone number, fax number and /or telex.

SECTION 2

Details of the concentration

2.1. *Describe the nature of the concentration being notified. In doing so state:*

(a) whether the proposed concentration is a full legal merger, an acquisition of sole or joint control, a full-function joint venture within the meaning of Article 3(2) of Regulation (EEC) No 4064/89 (point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement) or a contract or other means of conferring direct or indirect control within the meaning of Article 3(3) of Regulation (EEC) No 4064/89 (point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement);

(b) whether the whole or parts of parties are subject to concentration;

(c) a brief explanation of the economic and financial structure of the concentration;

(d) whether any public offer for the securities of one party by another party has the support of the former's supervisory boards of management or other bodies legally representing that party;

(e) the proposed or expected date of any major events designed to bring about the completion of the concentration;

(f) the proposed structure of ownership and control after the completion of the concentration;

(g) any financial or other support received from whatever source (including public authorities) by any of the parties and the nature and amount of this support.

2.2. *List the economic sectors involved in the concentration.*

2.3 *For each of the undertakings concerned by the concentration[12] provide the following data[13] for the last financial year:*
2.3.1. World wide turnover;
2.3.2. Community-wide turnover;
2.3.3. EFTA-wide turnover;

2.3.4. veltu í hverju aðildarríki EB;
2.3.5. veltu í hverju EFTA-ríki;
2.3.6. í hvaða aðildarríki EB veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan bandalagsins, sé um það að ræða[14];
2.3.7. í hvaða EFTA-ríki veltan er meiri en tveir þriðju hlutar af veltu innan EFTA, sé um það að ræða.

2.4. *Að því er varðar 3. mgr. 1. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 (1. lið XIV. viðauka við EES-samninginn), ef aðgerðin nær ekki þeim mörkum, sem sett eru í 2. mgr. 1. gr., ber að veita eftirfarandi upplýsingar fyrir næstliðið reikningsár:*
2.4.1. í hvaða EFTA-ríki samanlögð velta allra hlutaðeigandi fyrirtækja er yfir 100 milljónum ekna, sé um það að ræða;
2.4.2. í hvaða EFTA-ríki samanlögð velta að minnsta kosti tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, er yfir 25 milljónir ekna, sé um það að ræða.

2.5. *Veita ber eftirfarandi upplýsingar fyrir síðasta reikningsár:*[15]
2.5.1. er samanlögð velta hlutaðeigandi fyrirtækja á yfirráðasvæði EFTA-ríkja 25% eða meira af heildarveltu þeirra innan Evrópska efnahagssvæðisins?
2.5.2. hafa að minnsta kosti tvö hlutaðeigandi fyrirtæki, hvert um sig, meiri veltu en 250 milljónir ekna á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna?

3. ÞÁTTUR
Eignarhald og yfirráð[16].

Fyrir hvern samfylkingaraðila um sig skal tilgreina öll fyrirtæki innan sama fyrirtækjahóps.

Taka skal eftirfarandi fram:

3.1. hvaða fyrirtæki eða einstaklingar ráða yfir samfylkingaraðilum með beinum eða óbeinum hætti;

3.2. hvaða fyrirtæki stunda viðskipti á markaði þar sem áhrifa gætir[17] og eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum:
a) samfylkingaraðila;
b) annars fyrirtækis sem tilgreint er í lið 3.1.

Fyrir hvert fyrirtæki um sig skal tilgreina hvers eðlis og með hvaða hætti yfirráðin eru.

2.3.4. turnover in each Member State;
2.3.5. turnover in each EFTA State;
2.3.6. the EC Member State, if any, in which more than two thirds of Community-wide turnover is achieved[14];
2.3.7. the EFTA State, if any, in which more than two thirds of EFTA-wide turnover is achieved.

2.4. *For the purposes of Article 1(3) of Regulation (EEC) No 4064/89 (point 1 of Annex XIV to the EEA Agreement), if the operation does not meet the thresholds set out in Article 1(2), provide the following data for the last financial year:*
2.4.1. the EFTA States, if any, in which the combined aggregate turnover of all the undertakings concerned is more than ECU 100 million;
2.4.2. the EFTA States, if any, in which the aggregate turnover of each of at least two of the undertakings concerned is more than ECU 25 million.

2.5. *Provide the following information with respect to the last financial year:*[15]
2.5.1. does the combined turnover of the undertakings concerned in the territory of the EFTA States equal 25 % or more of their total turnover in the EEA territory?
2.5.2. does each of at least two undertakings concerned have a turnover exceeding ECU 250 million in the territory of the EFTA States?

SECTION 3
Ownership and control[16]

For each of the parties to the concentration provide a list of all undertakings belonging to the same group.

This list must include:

3.1. all undertakings or persons controlling these parties, directly or indirectly;

3.2. all undertakings active on any affected market[17] that are controlled, directly or indirectly:
(a) by these parties;
(b) by any other undertaking identified in 3.1.

For each entry listed above, the nature and means of control should be specified.

Heimilt er að skýra upplýsingarnar í þessum þætti á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til að sýna hvernig eignarhaldi og yfirráðum er háttað í fyrirtækjunum.

The information sought in this section may be illustrated by the use of organisation charts or diagrams to show the structure of ownership and control of the undertakings.

4. ÞÁTTUR
Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur.

Fyrir samfylkingaraðilana og fyrir hvert fyrirtæki eða einstakling sem um getur í svörum við spurningum í 3. þætti, skal:

4.1. tilgreina öll önnur fyrirtæki með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir (sjá í 6. þætti skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir) þar sem fyrirtækin eða einstaklingar í fyrirtækjahópnum ráða ein eða í sameiningu yfir a.m.k. 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa;
í hverju tilviki skal tilgreina hundraðshlutann sem um er að ræða og eiganda hans;

4.2. tilgreina, fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem sitja í framkvæmdastjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn eða stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir og (þar sem við á), fyrir hvert fyrirtæki um sig, þá sem eiga sæti í stjórn og eiga einnig sæti í framkvæmdastjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir;

í hverju tilviki skal tilgreina heiti hins fyrirtækisins og stöðu viðkomandi innan þess;

4.3. veita nákvæmar upplýsingar um yfirtöku ofangreindra fyrirtækjahópa (3. þáttur) á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir eins og þeir eru skilgreindir í 6. þætti.
Heimilt er að skýra þessar upplýsingar á myndrænan hátt með skipuritum eða skýringarmyndum til skilningsauka.

SECTION 4
Personal and financial links and previous acquisitions

With respect to the parties to the concentration and each undertaking or person identified in response to Section 3, provide:

4.1. a list of all other undertakings which are active on affected markets (affected markets are defined in Section 6) in which the undertakings, or persons, of the group hold individually or collectively 10 % or more of the voting rights, issued share capital or other securities;

in each case identify the holder and state the percentage held;

4.2. a list for each undertaking of the members of their boards of management who are also members of the boards of management or of the supervisory boards of any other undertaking which is active on affected markets; and (where applicable) for each undertaking a list of the members of their supervisory boards who are also members of the boards of management of any other undertaking which is active on affected markets;
in each case identify the name of the other undertaking and the positions held;

4.3. details of acquisitions made during the last three years by the groups identified above (Section 3) of undertakings active in affected markets as defined in Section 6.

Information provided here may be illustrated by the use of organisation charts or diagrams to give a better understanding.

5. ÞÁTTUR
Fylgiskjöl.

Tilkynnendur skulu láta eftirfarandi fylgja:

5.1. afrit af endanlegri eða nýjustu útgáfu allra skjala viðvíkjandi samfylkingunni, hvort sem samfylkingin hefur orðið til með samkomulagi milli hlutaðeigandi aðila, öflun ráðandi hlutar eða yfirtökuboði;

SECTION 5
Supporting documentation

Notifying parties must provide the following:

5.1. copies of the final or most recent versions of all documents bringing about the concentration, whether by agreement between the parties to the concentration, acquisition of a controlling interest or a public bid;

5.2. afrit skriflegs tilboðs ef um yfirtökuboð er að ræða; liggi það ekki fyrir við tilkynningu ber að senda það eins fljótt og auðið er og eigi síðar en við póstlagningu þess til hluthafa;

5.3. afrit af síðustu ársskýrslu og ársreikningi allra samfylkingaraðila;

5.4. þegar tilgreindur er að minnsta kosti einn markaður þar sem áhrifa gætir: afrit af greiningum, skýrslum, rannsóknum og könnunum sem hafa verið lagðar fram eða gerðar fyrir aðila sem eiga sæti í framkvæmdastjórn, stjórn eða á hluthafafundum, í því skyni að meta eða greina samfylkinguna með tilliti til samkeppnisstöðu, samkeppnisaðila (raunverulegra og hugsanlegra) og markaðsaðstæðna.

5.2. in a public bid, a copy of the offer document; if it is unavailable at the time of notification, it should be submitted as soon as possible and not later than when it is posted to shareholders;

5.3. copies of the most recent annual reports and accounts of all the parties to the concentration;

5.4. where at least one affected market is identified: copies of analyses, reports, studies and surveys submitted to or prepared for any member(s) of the board of directors, the supervisory board, or the shareholders' meeting, for the purpose of assessing or analysing the concentration with respect to competitive conditions, competitors (actual and potential), and market conditions.

6. ÞÁTTUR
Skilgreiningar á mörkuðum.

Viðkomandi vörumarkaðir og svæðisbundnir markaðir eru lagðir til grundvallar við mat á markaðsstyrk þeirrar nýju einingar sem verður til við samfylkinguna.[18]

Tilkynnanda eða tilkynnendum ber að veita umbeðnar upplýsingar með hliðsjón af eftirfarandi skilgreiningum:

I. *Viðkomandi vörumarkaðir.*

Með viðkomandi vörumarkaði er átt við markað fyrir allar vörur og/eða þjónustu sem neytendur líta á sem staðgönguvörur eða staðgönguþjónustu vegna eiginleika þeirra, verðs og áformaðrar notkunar. Viðkomandi vörumarkaður getur í sumum tilvikum verið samsettur úr margs konar vörum eða þjónustu sem hafa í meginatriðum sömu eðlis- eða tæknieiginleika og geta komið hver í stað annarrar.

Meðal þátta, sem skipta máli við mat á viðkomandi vörumarkaði, eru greining á því hvers vegna viðkomandi vara eða þjónusta tilheyrir þessum markaði og hvers vegna önnur vara eða þjónusta tilheyrir honum ekki samkvæmt framangreindri skilgreiningu og með hliðsjón af, meðal annars, hvort varan eða þjónustan nýtist sem staðgönguvara eða staðgönguþjónusta, hliðstæðum vörum, samkeppnisstöðu, verði, verðsveiflum vegna eftirspurnar, eða öðrum þáttum sem máli skipta við skilgreiningu á vörumarkaðinum.

II. *Viðkomandi svæðisbundnir markaðir.*

Til svæðisbundins markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin

SECTION 6
Market definitions

The relevant product and geographic markets determine the scope within which the market power of the new entity resulting from the concentration must be assessed[18].

The notifying party or parties must provide the data requested having regard to the following definitions:

I. *Relevant product markets*

A relevant product market comprises all those products and/or services which are regarded as interchangeable or substitutable by the consumer, by reason of the products' characteristics, their prices and their intended use. A relevant product market may in some cases be composed of a number of individual products and/or services which present largely identical physical or technical characteristics and are interchangeable.

Factors relevant to the assessment of the relevant product market include the analysis of why the products or services in these markets are included and why others are excluded by using the above definition, and having regard to, for example, substitutability, conditions of competition, prices, cross-price elasticity of demand or other factors relevant for the definition of the product markets.

II. *Relevant geographic markets*

The relevant geographic market comprises the area in which the undertakings concerned are

framboð eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum.

Meðal þátta sem skipta máli við mat á viðkomandi svæðisbundnum markaði eru eðli og einkenni viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegar aðgangshindranir eða neytendavenjur, greinilegur munur á markaðshlutdeild fyrirtækja á þessu svæði og samliggjandi svæðum eða verulegur verðmunur.

III. *Markaðir þar sem áhrifa gætir.*

Þegar svarað er spurningum á þessu eyðublaði skulu viðkomandi vörumarkaðir innan Evrópska efnahagssvæðisins, í bandalaginu, á yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna, í hverju aðildarríki EB eða í hverju EFTA-ríki teljast markaðir þar sem áhrifa gætir:

a) ef tveir eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á sama vörumarkaði og samfylking þeirra myndi leiða til 15% sameiginlegs markaðshlutar eða meira. Þetta nefnast lárétt tengsl;

b) ef einn eða fleiri samfylkingaraðilar stunda viðskipti á vörumarkaði sem er á fyrra eða síðara stigi miðað við vörumarkað þar sem annar samfylkingaraðili stundar viðskipti, og markaðshlutdeild hvers þeirra eða samanlögð markaðshlutdeild þeirra nemur 25% eða meira án tillits til þess hvort samband birgis og viðskiptavinar ríkir milli samfylkingaraðila eða ekki. Þetta nefnast lóðrétt tengsl.

Á grundvelli framangreindra upplýsinga og viðmiðunarmarka fyrir markaðshlutdeild skal veita eftirfarandi upplýsingar:

6.1. Tilgreinið hvern markað þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar
   a) innan Evrópska efnahagssvæðisins, bandalagsins eða EFTA,
   b) í hverju aðildarríki EB eða EFTA-ríki.

IV. *Markaðir sem eru skyldir mörkuðum þar sem áhrifa gætir í skilningi III. þáttar.*

6.2. Lýsið viðkomandi vörumörkuðum og svæðisbundnum mörkuðum þar sem áhrifa

involved in the supply and demand of relevant products or services, in which the conditions of competition are sufficiently homogeneous and which can be distinguished from neighbouring geographic areas because, in particular, conditions of competition are appreciably different in those areas.

Factors relevant to the assessment of the relevant geographic market include the nature and characteristics of the products or services concerned, the existence of entry barriers, consumer preferences, appreciable differences in the undertakings' market shares between neighbouring geographic areas or substantial price differences.

III. *Affected markets*

For purposes of information required in this form, affected markets consist of relevant product markets where, in the EEA territory, in the Community, in the territory of the EFTA States, in any EC Member State or in any EFTA State:

(a) two or more of the parties to the concentration are engaged in business activities in the same product market and where the concentration will lead to a combined market share of 15 % or more. These are horizontal relationships;

(b) one or more of the parties to the concentration are engaged in business activities in a product market, which is upstream or downstream of a product market in which any other party to the concentration is engaged, and any of their individual or combined market shares is 25 % or more, regardless of whether there is or is not any existing supplier/customer relationship between the parties to the concentration. These are vertical relationships.

On the basis of the above definitions and market share thresholds, provide the following information:

6.1. Identify each affected market within the meaning of Section III, at:
   (a) the EEA, Community or EFTA level;
   (b) the individual EC Member States or EFTA States level.

IV. *Markets related to affected markets within the meaning of Section III*

6.2. Describe the relevant product and geographic markets concerned by the notified

14 Sjá leiðbeiningar III um útreikning á veltu í einu EFTA-ríki borið saman við veltu innan EFTA. Sama meginreglan gildir um útreikning á veltu innan bandalagsins fyrir aðildarríki EB.

15 Liður 2.5 viðvíkur aðeins tilkynningu til framkvæmdastjórnar EB.

16 Sjá 3., 4. og 5. mgr. 3. gr. og 4. mgr. 5. gr.

17 Sjá 6. þátt um skilgreiningu á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

18 Sjá auglýsingu Eftirlitsstofnunar EFTA um skilgreiningu á viðkomandi mörkuðum með tilliti til samkeppnislaga á Evrópska efnahagssvæðinu.

19 Veita skal upplýsingarnar, sem krafist er í liðum 7.1 og 7.2 hér á eftir, með tilliti til allra yfirráðasvæða samkvæmt a-, b-, c-, d-, og e-lið, samanber þó 2. mgr. 3. gr.

20 Reikna ber verðmæti og umfang markaðar með því að draga útflutning frá framleiðslunni á hlutaðeigandi svæðisbundnum markaði og bæta innflutningi við.

21 Það er að segja birgjar sem eru ekki dótturfyrirtæki, umboðsaðilar eða fyrirtæki sem eru hluti af fyrirtækjahóp viðkomandi málsaðila. Auk þessara fimm sjálfstæðu birgja geta tilkynnendur tilgreint birgja innan fyrirtækjahópsins telji þeir það nauðsynlegt til að fá fram rétt mat. Það sama gildir í lið 8.5 í tengslum við viðskiptavini.

22 Framlag til rannsókna og þróunar er skilgreint sem kostnaður við rannsóknir og þróun, sem hlutfall af veltu.

23 Sjá skilgreiningu á markaði í 6. þætti.

24 Þegar þetta eyðublað er notað fyrir tilkynningu til framkvæmdastjórnar EB lesist 53. gr. EES-samningsins sem 85. gr. EB-samningsins.

25 Stjtíð. EB nr. L 377, 31. 12. 1994, bls. 28.

26 Formálsorð gerða, sem vísað er til, eru ekki aðlöguð að því er varðar EES-samninginn. Þau skipta máli að því marki sem nauðsynlegt er fyrir rétta túlkun og beitingu, innan ramma EES-samningsins, á ákvæðum þessara gerða. (sbr. 1. lið bókunar 1 við EES-samninginn).

27 Stjtíð. EB nr. L 180, 9. 7. 1997, bls. 1. Á eftir að hljóta samþykki Eftirlitsstofnunar EFTA.

28 Þegar eyðublað þetta er notað fyrir tilkynningu til framkvæmdastjórnar EB lesist „yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna" sem „bandalagið", „EFTA-ríki" lesist sem „aðildarríki" og „íbúi EFTA-ríkis" lesist sem „íbúi innan bandalagsins".

29 Þegar eyðublað þetta er notað fyrir tilkynningu til framkvæmdastjórnar EB lesist „yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna" sem „bandalagið", „EFTA-ríki" lesist sem „aðildarríki" og „íbúi EFTA-ríkis" lesist sem „íbúi innan bandalagsins".

30 Þegar eyðublað þetta er notað fyrir tilkynningu til framkvæmdastjórnar EB lesist „yfirráðasvæði EFTA-ríkjanna" sem „bandalagið", „EFTA-ríki" lesist sem „aðildarríki" og „íbúi EFTA-ríkis" lesist sem „íbúi innan bandalagsins".

horities. Turnover of the acquiring party or parties to the concentration should include the aggregated turnover of all undertakings within the meaning of Article 5(4). Turnover of the acquired party or parties should include the turnover relating to the parts subject to the transaction within the meaning of Article 5(2). Special provisions are contained in Articles 5(3), (4) and (5) for credit, insurance, other financial institutions and joint undertakings.

14 See Guidance Note III for the calculation of turnover in one EFTA State with respect to EFTA-wide turnover. The same principle applies to the calculation of Community-wide turnover for EC Member States.

15 Point 2.5 is relevant for notification to the European Commission only.

16 See Article 3(3), (4) and (5) and Article 5(4).

17 See Section 6 for the definition of affected markets.

18 See the EFTA Surveillance Authority notice on the definition of the relevant market for the purposes of competition law within the EEA.

19 Without prejudice to Article 3(2), the information required under 7.1 and 7.2 below must be provided with regard to all the territories under (a), (b), (c), (d) and (e).

20 The value and volume of a market should reflect output less exports plus imports for the geographic areas under consideration.

21 That is suppliers which are not subsidiaries, agents or undertakings forming part of the group of the party in question. In addition to those five independent suppliers the notifying parties can, if they consider it necessary for a proper assessment of the case, identify the intra-group suppliers. The same will apply in 8.5 in relation with customers.

22 Research and development intensity is defined as research development expenditure as a proportion of turnover.

23 For market definitions refer to Section 6.

24 In cases where this form is used for notification to the European Commission, Article 53 of the EEA Agreement shall be read as Article 85 of the EC Treaty.

25 OJ No L 377, 31.12.1994, p. 28.

26 The preambles of the acts referred to are not adapted for the purposes of the EEA Agreement. They are relevant to the extent necessary for the proper interpretation and application, within the framework of the EEA Agreement, of the provisions contained in such acts. (cfr. point 1 of Protocol 1 to the EEA Agreement).

27 OJ L 180, 9.7.1997, p. 1. To be adopted by the EFTA Surveillance Authority.

28 In cases where this form is used for notification to the European Commission, the term "territory of the EFTA States" shall read "the Community", the term "EFTA State" shall read "Member State" and the term "EFTA residents" shall read "Community residents".

29 In cases where this form is used for notification to the European Commission, the term "territory of the EFTA States" shall read "the Community", the term "EFTA State" shall read "Member State" and the term "EFTA residents" shall read "Community residents".

30 In cases where this form is used for notification to the European Commission, the term "territory of the EFTA States" shall read "the Community", the term "EFTA State" shall read "Member State" and the term "EFTA residents" shall read "Community residents".

Fylgiskjal 5.

SAMNINGUR
um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Lýðveldið Ísland, furstadæmið Liechtenstein, konungsríkið Noregur,

með hliðsjón af samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, eins og honum var breytt með bókun um breytingu á samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, er nefnist hér á eftir samningur um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum 49. gr.,

í samráði við Eftirlitsstofnun EFTA,

með hliðsjón af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 60/99 frá 30. apríl 1999 um breytingu á bókun 21 við EES-samninginn, um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki, og vegna þess að nauðsynlegt er að breyta efnisyfirliti við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól í kjölfar þessara breytinga og fyrri breytinga við bókunina,

þar sem í ljósi þessa ber að breyta bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól,

þar sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2842/98 frá 22. desember 1998 um skýrslugjöf málsaðila við tiltekna málsmeðferð samkvæmt 85. og 86. gr. EB-sáttmálans kemur í stað gerða sem eftirtaldir kaflar í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól samsvara:

- IV. kafli um skýrslugjöf sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 19. gr. II. kafla,
- VIII. kafli um skýrslugjöf sem kveðið er á um í 1. mgr. 26. gr. VI. kafla,
- II. þáttur X. kafla um skyldur varðandi orðsendingar, framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur og umsóknir ásamt skýrslugjöf sem kveðið er á um í IX. kafla, og
- II. þáttur XII. kafla um framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur og umsóknir, svo og skýrslugjöf sem kveðið er á um í IX. kafla um málsmeðferð varðandi beitingu samkeppnireglna er varða fyrirtæki í flutningum í lofti,

AGREEMENT
amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

The Republic of Iceland, the Principality of Liechtenstein, the Kingdom of Norway,

Having regard to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice as adjusted by the Protocol Adjusting the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice, hereinafter referred to as the Surveillance and Court Agreement, and in particular Article 49 thereof,

In agreement with the EFTA Surveillance Authority,

Having regard to Decision No 60/99 of 30 April 1999 of the EEA Joint Committee amending Protocol 21 to the EEA Agreement on the implementation of competition rules applicable to undertakings, and whereas amendments to the Table of Contents to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement are necessary following the present and previous amendments to that Protocol,

Whereas, therefore, Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement should be amended,

Whereas Commission Regulation (EC) No 2842/98 of 22 December 1998 on the hearing of parties in certain proceedings under Articles 85 and 86 of the EC Treaty replaces the acts to which the following Chapters in Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement correspond:

- Chapter IV on hearings provided for in Article 19(1) and (2) of Chapter II,
- Chapter VIII on the hearings provided for in Article 26(1) of Chapter VI,
- Section II of Chapter X on the obligation of communication, the form, content and other details of complaints and of applications and the hearings provided for in Chapter IX, and
- Section II of Chapter XII on the form, content and other details of complaints and of applications, and the hearings provided for in Chapter XI laying down the procedure for the application of the rules of competition to undertakings in the air transport sector,

þar sem þau ákvæði, sem samsvara reglugerð (EB) nr. 2842/98, skulu samþykkt sem nýr IV. kafli við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og texti VIII. kafla og II. þáttar X. og XII. kafla í þeirri bókun skal felldur út þar sem nýr IV. kafli tekur gildi í þeirra stað,

þar sem reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98 frá 22. desember 1998 um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar, sem kveðið er á um í reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 1017/68, (EBE) nr. 4056/86 og (EBE) nr. 3975/87 um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga, kemur í stað gerða sem eftirtaldir kaflar í bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól samsvara:

- VII. kafli um framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur samkvæmt 10. gr., umsóknir samkvæmt 12. gr. og tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 14. gr. VI. kafla,

- I. þáttur X. kafla um skyldur varðandi orðsendingar, framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur og umsóknir ásamt skýrslugjöf sem kveðið er á um í IX. kafla, og
- I. þáttur XII. kafla um framsetningu, efni og önnur atriði er varða kærur og umsóknir, svo og skýrslugjöf sem kveðið er á um í IX. kafla um málsmeðferð varðandi beitingu samkeppnireglna er varða fyrirtæki í flutningum í lofti,

þar sem þau ákvæði sem samsvara reglugerð (EB) nr. 2843/98 skulu samþykkt sem nýr XII. kafli bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól og skal texti þess þáttar, sem eftir stendur í XII. kafla, og texti VII. kafla og I. þáttar í X. kafla í þeirri bókun falla niður þar sem nýr XII. kafli tekur gildi í þeirra stað,

þar sem eyðublað TR, sem fylgir með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98, kemur í stað eyðublaða sem eftirtaldir viðbætar við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól samsvara:
- 3. viðbætir (eyðublað I),
- 4. viðbætir (eyðublað II),
- 6. viðbætir (eyðublað MAR) og
- 8. viðbætir (eyðublað AER),

þar sem eyðublað, sem samsvarar eyðublaði TR, skal samþykkt sem nýr 3. viðbætir og eru 4., 6. og 8. viðbætir felldir niður þar sem 3. viðbætir kemur í þeirra stað,

þar sem eyðublað TR(B), sem fylgir með

Whereas provisions corresponding to Regulation (EC) No 2842/98 are to be adopted as a new Chapter IV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement and the texts of Chapter VIII and Sections II of Chapters X and XII of that Protocol are to be deleted, as the new Chapter IV will apply in their place,

Whereas Commission Regulation (EC) No 2843/98 of 22 December 1998 on the form, content and other details of applications and notifications provided for in Council Regulations (EEC) No 1017/68, (EEC) No 4056/86 and (EEC) No 3975/87 applying the rules on competition to the transport sector replaces the acts to which the following Chapters in Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement correspond:
- Chapter VII on the form, content and other details of complaints pursuant to Article 10, applications pursuant to Article 12 and notifications pursuant to Article 14(1) of Chapter VI,
- Section I of Chapter X on the obligation of communication, the form, content and other details of complaints and of applications, and the hearings provided for in Chapter IX, and
- Section I of Chapter XII on the form, content and other details of complaints and of applications, and the hearings provided for in Chapter XI laying down the procedure for the application of the rules of competition to undertakings in the air transport sector,

Whereas the provisions corresponding to Regulation (EC) No 2843/98 is to be adopted as a new Chapter XII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement, replacing the remaining Section of Chapter XII, and the texts of Chapter VII and Section I of Chapter X of that Protocol are to be deleted, as the new Chapter XII will apply in their place,

Whereas form TR, which is annexed to Commission Regulation (EC) No 2843/98, replaces the forms to which the following Appendices to the Surveillance and Court Agreement correspond:
- Appendix 3 (form I),
- Appendix 4 (form II),
- Appendix 6 (form MAR) and
- Appendix 8 (form AER),

Whereas a form corresponding to form TR is to be adopted as a new Appendix 3 and Appendices 4, 6 and 8 are to be deleted, as Appendix 3 will apply in their place,

Whereas form TR(B), which is annexed to

reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2843/98, kemur í stað eyðublaðsins sem 5. viðbætir við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól samsvarar,

hafa samþykkt eftirfarandi:

1. gr.

Ákvæðum IV. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er breytt eins og tilgreint er í 1. viðauka við þennan samning.

2. gr.

Ákvæðum XII. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er breytt eins og tilgreint er í 2. viðauka við þennan samning.

3. gr.

Texti VII., VIII. og X. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

4. gr.

Ákvæðum 3. viðbætis við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól er breytt eins og tilgreint er í 3. viðauka við þennan samning.

5. gr.

Ákvæðum 5. viðbætis við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól skal breytt eins og tilgreint er í 4. viðauka við þennan samning.

6. gr.

Texti 2., 4., 6. og 8. viðbætis við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól falli niður.

7. gr.

1. Í 2. mgr. 2. gr. I. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi „II. og III. kafla“ í stað „II.-IV. kafla“.

2. Í 1. mgr. 4. gr. II. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi „III. VI., IX., XI., XII. og XV. kafla“ í stað „III., VI., VII., IX., X., XI., XII. og XV. kafla“.
3. Í 2. mgr. 27. gr. VI. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi „2. mgr. 11. gr. IV. kafla“ í stað „2. mgr. 8. gr. VIII. kafla“.
4. Í 2. mgr. 24. gr. IX. kafla bókunar 4 við

Commission Regulation (EC) No 2843/98, replaces the form to which Appendix 5 to the Surveillance and Court Agreement correspond,

HAVE AGREED AS FOLLOWS:

Article 1

Chapter IV of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be amended as specified in Annex 1 to this Agreement.

Article 2

Chapter XII of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be amended as specified in Annex 2 to this Agreement.

Article 3

The texts of Chapters VII, VIII and X of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be deleted.

Article 4

Appendix 3 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be amended as specified in Annex 3 to this Agreement.

Article 5

Appendix 5 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be amended as specified in Annex 4 to this Agreement.

Article 6

The texts of Appendices 2, 4, 6 and 8 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be deleted.

Article 7

1. In Article 2(2) of Chapter I of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement "Chapters II to IV" shall be replaced by "Chapters II and III".
2. In Article 4(1) of Chapter II of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement "Chapters III, VI, VII, IX, X, XI, XII and XV" shall be replaced by "Chapters III, VI, IX, XI, XII and XV".
3. In Article 27(2) of Chapter VI of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement "Article 8(2) of Chapter VIII" shall be replaced by "Article 11(2) of Chapter IV"
4. In Article 24(2) of Chapter IX of Protocol 4

samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi „2. mgr. 11. gr. IV. kafla“ í stað „2. mgr. 12. gr. X. kafla“.

5. Í 2. mgr. 17. gr. XI. kafla bókunar 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi „2. mgr. 11. gr. IV. kafla“ í stað „2. mgr. 11. gr. XII. kafla“.

8. gr.

Texta efnisyfirlits bókunar 4 við samninginn við eftirlitsstofnun og dómstól skal breytt eins og tilgreint er í 5. viðauka við þennan samning.

9. gr.

Í 1. viðbæti við bókun 4 við samninginn um eftirlitsstofnun og dómstól komi „1. viðbætir - Eyðublað sem um getur í 1. mgr. 2. gr. III. kafla“ í stað inngangsorðanna „1. viðbætir - Eyðublað sem um getur í 1. og 4. mgr. 4. gr. III. kafla“.

10. gr.

1. Frumtexti samnings þessa er í einu eintaki á ensku.
   Áður en sex mánuðir eru liðnir frá gildistöku samningsins skal gengið frá gildum textum samningsins á íslensku, norsku og þýsku.

2. Samningur þessi skal afhentur til vörslu hjá ríkisstjórn Noregs sem skal tilkynna öllum hinum EFTA-ríkjunum þar um.
3. Þessi samningur öðlast gildi 16. júlí 1999.

Þessu til staðfestingar hafa undirritaðir fulltrúar, sem hafa til þess fullt umboð, undirritað samning þennan.

Gjört í Brussel 15. júlí 1999.

to the Surveillance and Court Agreement "Article 12(2) of Chapter X" shall be replaced by "Article 11(2) of Chapter IV".

5. In Article 17(2) of Chapter XI of Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement "Article 11(2) of Chapter XII" shall be replaced by "Article 11(2) of Chapter IV".

Article 8

The text of the Table of Contents to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement shall be amended as specified in Annex 5 to this Agreement.

Article 9

In Appendix 1 to Protocol 4 to the Surveillance and Court Agreement, the introductory words "Appendix 1, on form referred to in Articles 4(1) and 4(4) of Chapter III" shall be replaced by the words "Appendix 1, on form referred to in Article 2(1) of Chapter III".

Article 10

1. This Agreement is drawn up in a single copy and authentic in the English language.
   Before the end of a period of six months from its entry into force, this Agreement shall be drawn up and authenticated in German, Icelandic and Norwegian.
2. This Agreement shall be deposited with the Government of Norway which shall notify all other EFTA States.
3. This Agreement shall enter into force on 16 July 1999.

IN WITNESS WHEREOF the undersigned plenipotentiaries, being duly authorised thereto, have signed this Agreement.

Done at Brussels, 15 July 1999.

1. VIÐAUKI
við samninginn um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi komi í stað IV. kafla um skýrslugjöf sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 19. gr. II. kafla:

„IV. kafli
um skýrslugjöf málsaðila samkvæmt 53. og 54. gr. EES-samningsins.

I. þáttur.
Gildissvið.

1. gr.

Þessi kafli gildir um skýrslugjöf málsaðila samkvæmt 1. og 2. mgr. 19. gr. II. kafla, 1. og 2. mgr. 26. gr. VI. kafla, 1. og 2. mgr. 23. gr. IX. kafla og 1. og 2. mgr. 16. gr. XI. kafla.

II. þáttur.
Skýrslugjöf málsaðila sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur beint andmælum til.

2. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal hlýða á málflutning þeirra málsaðila sem hún hefur beint andmælum til áður en hún hefur samráð við viðeigandi ráðgjafarnefnd samkvæmt 3. mgr. 10. gr. II. kafla, 3. mgr. 16. gr. VI. kafla, 3. mgr. 15. gr. IX. kafla eða 3. mgr. 8. gr. XI. kafla.

2. Eftirlitsstofnun EFTA skal í ákvörðunum sínum einungis fjalla um andmæli sem málsaðilar hafa fengið færi á að tjá sig um.

3. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal tilkynna málsaðilum skriflega um andmæli sem borin eru fram gegn þeim. Hverjum og einum málsaðila, eða fulltrúa sem þeir hafa tilnefnt á tilhlýðilegan hátt, skal tilkynnt um andmælin.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að koma tilkynningum á framfæri við málsaðila með því að birta tilkynningu í *EES-hluta og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna* ef slíkt virðist rétt með hliðsjón af málsatvikum, einkum þegar koma skal tilkynningu á framfæri við fleiri en eitt fyrirtæki en

ANNEX 1
to the Agreement amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

Chapter IV on hearings provided for in Article 19(1) and (2) of Chapter II, shall be replaced by the following:

"CHAPTER IV
the hearing of parties in certain proceedings under Articles 53 and 54 of the EEA Agreement

Section I
Scope

Article 1

This Chapter shall apply to the hearing of parties under Article 19(1) and (2) of Chapter II, Article 26(1) and (2) of Chapter VI, Article 23(1) and (2) of Chapter IX and Article 16(1) and (2) of Chapter XI.

Section II
Hearing of parties to which the EFTA Surveillance Authority has addressed objections

Article 2

1. The EFTA Surveillance Authority shall hear the parties to which it has addressed objections before consulting the appropriate Advisory Committee under Article 10(3) of Chapter II, Article 16(3) of Chapter VI, Article 15(3) of Chapter IX or Article 8(3) of Chapter XI.
2. The EFTA Surveillance Authority shall in its decisions deal only with objections in respect of which the parties have been afforded the opportunity of making their views known.

Article 3

1. The EFTA Surveillance Authority shall inform the parties in writing of the objections raised against them. The objections shall be notified to each of them or to a duly appointed agent.
2. The EFTA Surveillance Authority may inform the parties by giving notice in the *EEA Section of and the EEA Supplement to the Official Journal of the European Communities*, if from the circumstances of the case this appears appropriate, in particular where notice is to be given to a number

enginn sameiginlegur fulltrúi hefur verið tilnefndur. Í tilkynningunni skal tekið tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.

3. Einungis er heimilt að úrskurða um sekt eða févíti á hendur málsaðila ef tilkynnt hefur verið um andmælin með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. mgr.
4. Þegar Eftirlitsstofnun EFTA tilkynnir um andmæli skal hún setja frest sem málsaðilar hafa til að skýra henni skriflega frá sjónarmiðum sínum.
5. Eftirlitsstofnun EFTA skal setja frest sem málsaðilar hafa til að tilgreina þau atriði andmælanna sem þeir telja að innihaldi viðskiptaleyndarmál eða aðrar trúnaðarupplýsingar. Hafi þeir ekki gert það áður en fresturinn rennur út er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að líta svo á að andmælin innihaldi ekki slíkar upplýsingar.

4. gr.

1. Málsaðilar, sem óska eftir að skýra frá sjónarmiðum sínum viðvíkjandi andmælum sem borin eru fram gegn þeim, skulu gera það skriflega og innan þess frests sem um getur í 4. mgr. 3. gr. Eftirlitsstofnun EFTA er ekki skuldbundin til að taka tillit til skriflegra athugasemda sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.
2. Málsaðilum er heimilt að skýra frá öllum atriðum er máli skipta fyrir málsvörnina í skriflegum athugasemdum sínum. Þeim er heimilt að láta fylgja með öll skjöl, sem máli skipta, til að færa sönnur á þau atriði og einnig að leggja til að Eftirlitsstofnun EFTA hlýði á málflutning einstaklinga sem kunna að staðfesta fyrrnefnd atriði.

5. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA skal gefa málsaðilum, sem borin hafa verið fram andmæli gegn, færi á að rökstyðja mál sitt við munnlega skýrslugjöf leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum.

III. þáttur.
Skýrslugjöf umsækjenda og kærenda.

6. gr.

Telji Eftirlitsstofnun EFTA, þegar henni hefur borist umsókn samkvæmt 2. mgr. 3. gr. II. kafla eða kæra samkvæmt 10. gr. VI. kafla, 10. gr. IX. kafla eða 1. mgr. 3. gr. XI. kafla, að ekki sé nægi-

of undertakings but no joint agent has been appointed. The notice shall have regard to the legitimate interests of the undertakings in the protection of their business secrets and other confidential information.

3. A fine or a periodic penalty payment may be imposed on a party only if the objections have been notified in the manner provided for in paragraph 1.
4. The EFTA Surveillance Authority shall, when giving notice of objections, set a date by which the parties may inform it in writing of their views.
5. The EFTA Surveillance Authority shall set a date by which the parties may indicate any parts of the objections which in their view contain business secrets or other confidential material. If they do not do so by that date, the EFTA Surveillance Authority may assume that the objections do not contain such information.

Article 4

1. Parties which wish to make known their views on the objections raised against them shall do so in writing and by the date referred to in Article 3(4). The EFTA Surveillance Authority shall not be obliged to take into account written comments received after that date.

2. The parties may in their written comments set out all matters relevant to their defence. They may attach any relevant documents as proof of the facts set out and may also propose that the EFTA Surveillance Authority hear persons who may corroborate those facts.

Article 5

The EFTA Surveillance Authority shall afford to parties against which objections have been raised the opportunity to develop their arguments at an oral hearing, if they so request in their written comments.

Section III
Hearing of applicants and complainants

Article 6

Where the EFTA Surveillance Authority, having received an application made under Article 3(2) of Chapter II or a complaint made under Article 10 of Chapter VI, Article 10 of Chapter

leg ástæða til að verða við umsókninni eða taka kæruna til meðferðar á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum skal hún skýra umsækjanda eða kæranda frá ástæðum þess og veita þeim tiltekinn frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

7. gr.

Beri Eftirlitsstofnun EFTA fram andmæli við erindi varðandi umsókn eða kæru, eins og um getur í 6. gr., sem henni hefur borist, skal hún afhenda umsækjanda eða kæranda afrit af sérútgáfu á andmælunum þar sem trúnaðarmálum er sleppt og setja frest sem umsækjandi eða kærandi hefur til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.

8. gr.

Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir því sem við á, að gefa umsækjendum og kærendum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum.

IV. þáttur.
Skýrslugjöf annarra þriðju aðila.

9. gr.

1. Sæki aðrir aðilar en um getur í II. og III. þætti um að fá að gefa skýrslu og sýni þeir fram á að þeir hafi nægilegra hagsmuna að gæta skal Eftirlitsstofnun EFTA tilkynna þeim skriflega um eðli og inntak málsmeðferðarinnar og veita þeim frest til að skýra skriflega frá sjónarmiðum sínum.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt, eftir því sem við á, að hvetja aðilana, sem um getur í 1. mgr., til að móta rök sín frekar við munnlega skýrslugjöf aðilanna sem andmæli voru borin fram gegn, leggi þeir fram ósk þess efnis í skriflegum athugasemdum sínum.
3. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að gefa öðrum þriðju aðilum færi á að skýra munnlega frá sjónarmiðum sínum.

V. þáttur.
Almenn ákvæði.

10. gr.

Skýrslugjöf skal stjórnað af skýrslugjafarfulltrúa sem Eftirlitsstofnun EFTA tilnefnir.

IX or Article 3(1) of Chapter XI, considers that on the basis of the information in its possession there are insufficient grounds for granting the application or acting on the complaint, it shall inform the applicant or complainant of its reasons and set a date by which the applicant or complainant may make known its views in writing.

Article 7

Where the EFTA Surveillance Authority raises objections relating to an issue in respect of which it has received an application on a complaint as referred to in Article 6, it shall provide an applicant or complainant with a copy of the non-confidential version of the objections and set a date by which the applicant or complainant may make known its views in writing.

Article 8

The EFTA Surveillance Authority may, where appropriate, afford to applicants and complainants the opportunity of orally expressing their views, if they so request in their written comments.

Section IV
Hearing of other third parties

Article 9

1. If parties other than those referred to in Sections II and III apply to be heard and show a sufficient interest, the EFTA Surveillance Authority shall inform them in writing of the nature and subject matter of the procedure and shall set a date by which they may make known their views in writing.
2. The EFTA Surveillance Authority may, where appropriate, invite parties referred to in paragraph 1 to develop their arguments at the oral hearing of the parties against which objections have been raised, if they so request in their written comments.
3. The EFTA Surveillance Authority may afford to any other third parties the opportunity of orally expressing their views.

Section V
General Provisions

Article 10

Hearings shall be conducted by persons appointed by the EFTA Surveillance Authority for that purpose.

11. gr.

1. Eftirlitsstofnun EFTA skal kveðja þá einstaklinga sem eiga að gefa skýrslu til munnlegrar skýrslugjafar á þeim degi sem hún ákveður.
2. Eftirlitsstofnun EFTA skal bjóða lögbærum yfirvöldum EFTA-ríkjanna að taka þátt í munnlegu skýrslugjöfinni.

12. gr.

1. Einstaklingar, sem kvaddir eru til, skulu annaðhvort gefa skýrslu sjálfir eða kjósa sér löglærða fulltrúa til að koma fram fyrir sína hönd eða fulltrúa sem stjórnarskrá lands þeirra heimilar, eftir því sem við á. Fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja er heimilt að veita föstum starfsmanni sínum umboð til að koma fram fyrir sína hönd.
2. Einstaklingum, sem gefa Eftirlitsstofnun EFTA skýrslu, er heimilt að njóta aðstoðar lögfræðinga eða annarra hæfra aðila sem skýrslugjafarfulltrúi samþykkir.
3. Munnleg skýrslugjöf skal ekki vera opinber. Einstaklingar skulu gefa skýrslu hver fyrir sig eða í viðurvist annarra sem hafa verið kvaddir til. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín og aðrar trúnaðarupplýsingar.
4. Yfirlýsingar hvers einstaklings skulu hljóðritaðar á hljóðband. Hljóðritunin skal tiltæk þessum sömu einstaklingum, leggi þeir fram ósk þess efnis, í afriti þar sem öllum viðskiptaleyndarmálum og öðrum trúnaðarupplýsingum er sleppt.

13. gr.

1. Ekki skal láta í té eða veita aðgang að upplýsingum, þar á meðal skjölum, þar sem fram koma viðskiptaleyndarmál aðilanna sem Eftirlitsstofnun EFTA hefur beint andmælum til, umsækjenda og kærenda og annarra þriðju aðila og á þetta einnig við um aðrar trúnaðarupplýsingar eða þegar um innanhússskjöl yfirvalda er að ræða. Eftirlitsstofnun EFTA skal gera viðeigandi ráðstafanir til að veita aðgang að málsskjölum, með tilhlýðilegu tilliti til þess að varðveita verður viðskiptaleyndarmál, innanhússskjöl Eftirlitsstofnunar EFTA og aðrar trúnaðarupplýsingar.
2. Aðili, sem skýrir frá sjónarmiðum sínum samkvæmt ákvæðum þessa kafla, skal til-

Article 11

1. The EFTA Surveillance Authority shall invite the persons to be heard to attend the oral hearing on such date as it shall appoint.
2. The EFTA Surveillance Authority shall invite the competent authorities of the EFTA States to take part in the oral hearing.

Article 12

1. Persons invited to attend shall either appear in person or be represented by legal representatives or by representatives authorised by their constitution as appropriate. Undertakings and associations of undertakings may be represented by a duly authorised agent appointed from among their permanent staff.
2. Persons heard by the EFTA Surveillance Authority may be assisted by their legal advisers or other qualified persons admitted by the persons appointed to conduct the hearing.
3. Oral hearings shall not be public. Each person shall be heard separately or in the presence of other persons invited to attend. In the latter case, regard shall be had to the legitimate interest of the undertakings in the protection of their business secrets and other confidential information.
4. The statements made by each person heard shall be recorded on tape. The recording shall be made available to such persons on request, by means of a copy from which business secrets and other confidential information shall be deleted.

Article 13

1. Information, including documents, shall not be communicated or made accessible in so far as it contains business secrets of any party, including the parties to which the EFTA Surveillance Authority has addressed objections, applicants and complainants and other third parties, or other confidential information or where internal documents of the authorities are concerned. The EFTA Surveillance Authority shall make appropriate arrangements for allowing access to the file, taking due account of the need to protect business secrets, internal EFTA Surveillance Authority documents and other confidential information.
2. Any party which makes known its views under the provisions of this Chapter shall

greina á skýran hátt og rökstyðja hvaða gögn hann telur trúnaðarmál og afhenda sérútgáfu af gögnum þar sem trúnaðarmálum er sleppt, innan frests sem Eftirlitsstofnun EFTA setur. Hafi hann ekki gert það áður en fresturinn rennur út er Eftirlitsstofnun EFTA heimilt að líta svo á að athugasemdir hans innihaldi ekki slíkar upplýsingar.

14. gr.

Þegar Eftirlitsstofnun EFTA setur fresti sem kveðið er á um í 4. mgr. 3. gr., 6. og 7. gr. og 1. mgr. 9. gr. skal hún bæði taka tillit til nauðsynlegs undirbúningstíma fyrir athugasemdir og til þess hversu brýnt málið er. Fresturinn skal eigi vera skemmri en tvær vikur; heimilt er að framlengja hann.

2. VIÐAUKI
við samninginn um breytingu á bókun 4 við samninginn milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

Eftirfarandi komi í stað XII. kafla um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og skýrslugjöf sem kveðið er á um í XI. kafla sem setur reglur um beitingu samkeppnisreglna gagnvart fyrirtækjum á sviði flutninga í lofti:

„XII. KAFLI
um framsetningu, efni og önnur atriði er varða umsóknir og tilkynningar sem kveðið er á um í VI., IX. og XI. kafla um beitingu samkeppnisreglna á sviði flutninga.

1. gr.

Aðilar sem hafa rétt til að leggja fram umsóknir og tilkynningar.

1. Öllum fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja, sem eru aðilar að samningum eða samstilltum aðgerðum, eða samtökum fyrirtækja, sem samþykkja ákvarðanir, er heimilt að leggja fram umsóknir eða tilkynningar hjá Eftirlitsstofnun EFTA samkvæmt einhverjum eftirfarandi ákvæða:
   a) 12. gr. eða 1. mgr. 14. gr. VI. kafla;
   b) 12. gr. IX. kafla;
   c) 2. mgr. 3. gr. og 5. gr. XI. kafla.
2. Leggi einungis sumir aðilarnir, sem um getur í fyrstu málsgrein, fram umsókn eða tilkynningu skulu þeir tilkynna hinum aðilunum þar um.

clearly identify any material which it considers to be confidential, giving reasons, and provide a separate non-confidential version by the date set by the EFTA Surveillance Authority. If it does not do so by the set date, the EFTA Surveillance Authority may assume that the submission does not contain such material.

Article 14

In setting the dates provided for in Articles 3(4), 6, 7 and 9(1), the EFTA Surveillance Authority shall have regard both to the time required for preparation of the submission and to the urgency of the case. The time allowed in each case shall be at least two weeks; it may be extended."

ANNEX 2
to the Agreement amending Protocol 4 to the Agreement between the EFTA States on the Establishment of a Surveillance Authority and a Court of Justice

Chapter XII on the form, content and other details of complaints and of applications, and the hearings provided for in Chapter XI laying down the procedure for the application of the rules on competition to undertakings in the air transport sector, shall be replaced by the following:

"CHAPTER XII
on the form, content and other details of applications and notifications provided for in Chapter VI, Chapter IX and Chapter XI applying the rules on competition to the transport sector

Article 1

Entitled persons

1. Any undertaking and any association of undertakings being a party to agreements or to concerted practices, or any association of undertakings adopting decisions, shall be permitted to submit applications or notifications to the EFTA Surveillance Authority under any of the following provisions:
   (a) Article 12 or Article 14(1) of Chapter VI;
   (b) Article 12 of Chapter IX;
   (c) Articles 3(2) and 5 of Chapter XI.
2. Where the application or notification is submitted by some, but not all, of the parties referred to in paragraph 1, they shall give notice to the other parties.

3. Þegar fulltrúar einstaklinga, fyrirtækja eða samtaka fyrirtækja undirrita umsóknir eða tilkynningar skulu þeir framvísa skriflegri staðfestingu þess efnis að þeir hafi umboð til þess.
4. Ef um er að ræða sameiginlega umsókn eða tilkynningu ber að tilnefna sameiginlegan fulltrúa sem hefur umboð til að senda og taka við skjölum fyrir hönd allra umsækjenda eða tilkynnenda.

2. gr.

Framlagning umsókna og tilkynninga.

1. Umsóknir samkvæmt 2. mgr. 3. gr. XI. kafla viðvíkjandi 1. mgr. 53. gr. EES-samningsins og umsóknir samkvæmt 12. gr. VI. kafla, 12. gr. IX. kafla og 5. gr. XI. kafla skulu lagðar fram á þann hátt sem mælt er fyrir um á eyðublaði TR sem gefið er út í þessu skyni af ríkisstjórnum EFTA-ríkjanna með samhljóða samkomulagi, sbr. 3. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB.
   Einnig er heimilt að nota eyðublað TR fyrir umsóknir samkvæmt 2. mgr. 3. gr. XI. kafla viðvíkjandi 54. gr. EES-samningsins.
   Tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 14. gr. VI. kafla skulu lagðar fram á eyðublaði TR(B) sem gefið er út í þessu skyni af ríkisstjórnum EFTA-ríkjanna með samhljóða samkomulagi, sbr. 4. viðbæti, eða framkvæmdastjórn EB.
2. Sameiginlegar umsóknir og sameiginlegar tilkynningar skulu vera á einu eyðublaði.
3. Senda skal eitt frumrit og sex afrit af hverri umsókn og tilkynningu og þrjú afrit af fylgiskjölum til Eftirlitsstofnunar EFTA á póstfangið sem tilgreint er á eyðublöðunum.
4. Fylgiskjöl skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit af frumritum. Í síðara tilvikinu skal umsækjandi eða tilkynnandi votta að um rétt og óstytt afrit af frumritum sé að ræða.
5. Umsóknir og tilkynningar skulu vera á einu af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða Evrópusambandsins. Sama tungumál skal síðan nota við meðferð málsins og gildir það fyrir umsækjanda og tilkynnanda. Skjöl skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberu tungumálunum skal þýðing á tungumálið, sem notað er við meðferð málsins, fylgja.
6. Falli umsókn, sem er lögð fram samkvæmt 12. gr. VI. kafla, 12. gr. IX. kafla eða 2. mgr.

3. Where the application or notification is signed by representatives of persons, undertakings or associations of undertakings, such representatives shall produce written proof that they are authorised to act.
4. Where a joint application or notification is made, a joint representative shall be appointed who is authorised to transmit and receive documents on behalf of all the applicants or notifying parties.

Article 2

Submission of applications and notifications

1. Applications under Article 3(2) of Chapter XI relating to Article 53(1) of the EEA Agreement and applications under Article 12 of Chapter VI, Article 12 of Chapter IX and Article 5 of Chapter XI shall be submitted in the manner prescribed by Form TR issued for this purpose by the Governments of the EFTA States, by common accord, as shown in Appendix 3, or by the Commission.
   Form TR may also be used for applications under Article 3(2) of Chapter XI relating to Article 54 of the EEA Agreement.
   Notifications under Article 14(1) of Chapter VI shall be submitted on Form TR(B) issued for this purpose by the Governments of the EFTA States, by common accord, as shown in Appendix 4, or by the Commission.
2. Joint applications and joint notifications shall be submitted on a single form.
3. One original and six copies of each application and notification, and three copies of the supporting documents, shall be submitted to the EFTA Surveillance Authority at the address indicated on the Forms.
4. The supporting documents shall be either originals or copies of the originals; in the latter case the applicant or notifying party shall certify that they are true and complete copies of the originals.
5. Applications and notifications shall be in one of the official languages of an EFTA State or of the European Union. This language shall also be the language of the proceeding for the applicant or notifying party. Documents shall be submitted in their original language. Where the original language is not one of the official languages, a translation into the language of the proceeding shall be attached.
6. Where an application which purports to be submitted under Article 12 of Chapter VI,

3. gr. og 5. gr. XI. kafla, ekki undir kaflann eða kaflana sem hún skírskotar til skal Eftirlitsstofnun EFTA tafarlaust tilkynna umsækjanda að hún hyggist fjalla um umsóknina á grundvelli ákvæða annars kafla, eins eða fleiri, sem kunna að gilda um málið. Gildistökudagur umsóknar skal þó vera samkvæmt 4. gr. Eftirlitsstofnun EFTA greinir umsækjanda frá forsendum sínum og gefur honum frest til að leggja fram skriflegar athugasemdir áður en hún leggur mat á umsóknina á grundvelli annars kafla, eins eða fleiri. Eftirlitsstofnun EFTA skal ekki veita skemmri frest en tvær vikur og má framlengja hann.

3. gr.

Efni umsókna og tilkynninga.

1. Í umsóknum og tilkynningum skulu vera þær upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublöðunum. Upplýsingarnar skulu vera réttar og fullnægjandi.
2. Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að undanþiggja aðila þeirri kvöð að láta í té tilteknar upplýsingar, þar á meðal skjöl, sem óskað er eftir á eyðublöðunum, telji hún að slíkar upplýsingar séu ekki nauðsynlegar fyrir athugun málsins.
3. Eftirlitsstofnun EFTA skal senda umsækjendum og tilkynnendum skriflega og án tafar staðfestingu á því að henni hafi borist umsóknin eða tilkynningin og svör við bréfum sem hún hefur sent samkvæmt 2. mgr. 4. gr.

4. gr.

Gildistökudagur umsókna og tilkynninga.

1. Litið skal svo á að umsóknir og tilkynningar öðlist gildi daginn sem þær berast Eftirlitsstofnun EFTA, samanber þó 2. til 5. mgr. Sé umsókn eða tilkynning hins vegar send í ábyrgðarpósti skal dagsetning gildistöku vera sú sama og á póststimpli póstafgreiðslustöðvar.
2. Telji Eftirlitsstofnun EFTA að upplýsingar í umsókn eða tilkynningu eða meðfylgjandi skjöl séu ófullnægjandi í veigamiklum

Article 12 of Chapter IX or Articles 3(2) and 5 of Chapter XI is found to fall outside the scope of the Chapter or Chapters under which it has been submitted, the EFTA Surveillance Authority shall without delay inform the applicant that it intends to examine the application under the provisions of such other Chapter or Chapters as is or are applicable to the case; however, the date of submission of the application shall be the date resulting from Article 4. The EFTA Surveillance Authority shall inform the applicant of its reasons and fix a period for the applicant to submit any comments in writing before it conducts its appraisal pursuant to that other Chapter or those other Chapters. The period fixed by the EFTA Surveillance Authority shall be not less than two weeks; it may be extended.

Article 3

Content of applications and notifications

1. Applications and notifications shall contain the information, including the documents, required by the Forms. The information shall be correct and complete.
2. The EFTA Surveillance Authority may dispense with the obligation to provide any particular information, including documents, required by the Forms where the EFTA Surveillance Authority considers that such information is not necessary for the examination of the case.
3. The EFTA Surveillance Authority shall, without delay, acknowledge in writing to the applicant or notifying party receipt of the application or notification, and of any reply to a letter sent by the EFTA Surveillance Authority pursuant to Article 4(2).

Article 4

Effective date of submission of applications and notifications

1. Without prejudice to paragraphs 2 to 5, applications and notifications shall become effective on the date on which they are received by the EFTA Surveillance Authority. Where, however, the application or notification is sent by registered post, it shall become effective on the date shown on the postmark of the place of posting.
2. Where the EFTA Surveillance Authority finds that the information, including documents, contained in the application or notifi-

atriðum skal hún tilkynna það umsækjanda eða tilkynnanda skriflega og án tafar og setja hæfilegan frest til að bæta við tilskildum upplýsingum. Í þessum tilvikum skal litið svo á að umsóknin eða tilkynningin öðlist gildi þann dag sem fullnægjandi upplýsingar berast Eftirlitsstofnun EFTA.

3. Verði veigamiklar breytingar á upplýsingum sem koma fram í umsókn eða tilkynningu og sé umsækjanda eða tilkynnanda kunnugt um þær eða ætti að vera kunnugt um þær skulu þeir tilkynna þær Eftirlitsstofnun EFTA að eigin frumkvæði og tafarlaust.
4. Farið er með rangar eða villandi upplýsingar sem ófullnægjandi upplýsingar.
5. Hafi Eftirlitsstofnun EFTA ekki sent umsækjanda eða tilkynnanda upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., að liðnum einum mánuði frá því að umsóknin eða tilkynningin barst henni telst umsóknin eða tilkynningin hafa öðlast gildi þann dag sem hún barst Eftirlitsstofnun EFTA.

cation is incomplete in any material respect, it shall, without delay, inform the applicant or notifying party in writing of this fact and shall fix an appropriate time limit for the supply of full information. In such cases, the application or notification shall become effective on the date on which the complete information is received by the EFTA Surveillance Authority.
3. Material changes in the facts contained in the application or notification which the applicant or notifying party knows or ought to know shall be communicated to the EFTA Surveillance Authority voluntarily and without delay.
4. Incorrect or misleading information shall be considered to be incomplete information.
5. Where, at the expiry of a period of one month following the date on which the application or notification has been received, the EFTA Surveillance Authority has not provided the applicant or notifying party with the information referred to in paragraph 2, the application or notification shall be deemed to have become effective on the date of its receipt by the EFTA Surveillance Authority.

5. gr.

Tilkynningar um gerðardómsúrskurði og tilmæli sáttasemjara.

1. Úrskurði gerðardóma og tilmæli, sem sáttasemjarar leggja fram og aðilar samþykkja, skal tilkynna til Eftirlitsstofnun EFTA ef um er að ræða lausn deilu um aðgerðir á sviði samsiglingakerfa sem um getur í 4. gr. og í 2. og 3. lið 5. gr. IX. kafla.

2. Tilkynningarskyldan hvílir á öllum aðilum að deilunni sem leyst var með úrskurðinum eða tilmælunum.
3. Tilkynningar skal senda þegar í stað í ábyrgðarpósti gegn kvittun fyrir viðtöku eða boðsenda gegn kvittun. Þær skulu vera á einu af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða Evrópusambandsins.

4. Fylgiskjöl skulu vera annaðhvort frumrit eða afrit. Votta skal að um rétt afrit af frumriti sé að ræða. Þau skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum EFTA-ríkis eða Evrópusambandsins skal fylgja þýðing á eitt af opinberu tungumálunum.

Article 5

Notifications of awards given at arbitration and recommendations

1. Awards at arbitration and recommendations by conciliators accepted by the parties shall be notified to the EFTA Surveillance Authority when they concern the settlement of disputes relating to the practices of conferences referred to in Article 4 and points 2 and 3 of Article 5 of Chapter IX.
2. The obligation of notification applies to any party to the dispute resolved by the award or recommendation.
3. Notifications shall be submitted forthwith by registered letter with an acknowledgement of receipt or shall be delivered by hand against receipt. They shall be written in one of the official languages of an EFTA State or of the European Union.
4. Supporting documents shall be either originals or copies. Copies shall be certified as true copies of the original. They shall be submitted in their original language. Where the original language is not one of the official languages of an EFTA State or of the European Union, a translation in one of the official languages shall be attached.

